Hæstaréttardómar 1975

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Miklar lekblæðingar á bls. 290-291, 294, og 302-303.
Meiriháttar gallar á bls. 490, 521, 816, 895, 899, og 960.
Minniháttar gallar á bls. 10, 741, 783, 859, og 912.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1975

Efnisskrá til bráðabirgða

Bls.

Ábyrgð, Vegagerð ríkisins 933
Ábyrgðarskírteini 687
Áfengislög 45, 49, 519, 948
Áfrýjun 921
Akstur, of hraður 952
Barn 212, 955
Barnalífeyrir 955
Barnsfaðernismál 435
Bifreiðar:
a) Refsimál 45, 49, 519, 594, 948, 952
b) Einkamál 374, 474, 542, 687, 713, 842, 933, 1071, 1105
c) Veðréttur 989
Blóðrannsókn:
a) Bifreiðarstjórn 45, 49, 519, 594, 948
b) Barnsfaðernismál 435
Búskipti 823, 959
Byggingarkostnaður 311, 777
Byggingarsamvinnufélög 777
Dómarar 774
Dómkvaðning 771, 944
Dómsvald skiptaréttar 929
Eignarréttur 132
Eignaskiptasamningur 283
Eignaspjöll 337
Endurgreiðsla 404
Endurheimta 814
Farmflutningar 385, 1011
Fasteign 6, 83, 263, 396, 482, 611, 823, 850, 973
Fasteignakaup 83, 263, 482, 611, 683, 823, 973
Fasteignasala, þóknun 396
Fasteignaskattur 6, 683
Fégjald 753
Félagsdómsmál 127
Félagsréttindi 445

Bls.
Fjárnám 303, 307, 464, 629, 632, 634, 636, 638, 1101
Fjárskipti hjóna 72, 283
Forkaupsréttur að jörð 973
Framfærslueyrir 955
Frávísun 30, 87, 127, 221, 402, 528, 728, 839, 907, 914, 1077
Fylgibréf 385
Fyrning 119
Gallar 263, 469, 482, 687, 850
Geðheilbrigðisrannsókn 556, 674
Gjaldskrá, orkulög 814
Gjaldþrot 464
Gjaldþrotaskipti 907, 914
Greiðsludráttur 611
Gæsluvarðhald 1, 2, 28, 415, 556, 669, 671, 674, 700, 727, 905
Hafning máls 395, 672, 699
Hagnaður, skipting 675
Hald á bifreið 474
Handtaka 873
Heimvísun 10, 804, 1101
Hjón 73, 283, 959
Hjónaskilnaður 283
Húftrygging 933
Hundahald, bann við 601
Innsetningargerð 212, 423
Kaupgjaldsmál 96, 104, 145, 195
Kaup og sala .. 83, 242, 263, 374, 482, 611, 687, 823, 973, 1020, 1032
Kaupsamningur 83, 263, 374, 482, 611, 687
Kjarasamningar 96, 104, 145
Kvörtun 469
Kærumál:
1) Dómarar 774
2) Dómkvaðning 771, 944
3) Dómsvald skiptaréttar 929
4) Félagsdómsmál 127
5) Frávísun 30, 87, 127, 221, 402, 528, 728, 839, 1077
6) Geðheilbrigðisrannsókn 674
7) Gæsluvarðhald 1, 2, 28, 415, 669, 671, 674, 700, 727, 905
8) Hafning máls 672
9) Landskipti 944
10) Lögmannafélag Íslands, úrskurður 573
11) Lögmannsþóknun 573
12) Málskostnaður 672
13) Matsmenn, dómkvaðning 944
14) Ómerking 944
15) Réttarneitun 771
16) Réttarverkun dóms 1077

Bls.
17) Sératkvæði ... 30
18) Víxill ... 528
19) Þingbækur ... 663
20) Þinghöld ... 774
Landamerki, landamerkjamál ... 55, 804
Landskipti ... 944
Lausafjárkaup ... 374, 687, 1020, 1032
Leit ... 873
Líkamsmeiðingar ... 222
Læknaráð ... 364, 592
Lögbann ... 522, 578
Löghald ... 494
Lögmannafélag Íslands, úrskurður ... 573
Lögmannsþóknun ... 573
Lögtak ... 6, 459, 683, 895, 955
Málskostnaður ... 672
Matsmenn, dómkvaðning ... 944
Mjólkurflutningar ... 404
Nytjastuldur ... 45
Ógildingarkrafa ... 283, 532
Ómaksbætur ... 4, 5, 81, 82, 699
Ómerking ... 10, 804, 944, 1101
Raforkugjald ... 814
Raforkusala ... 423, 814
Reikningsskil ... 777
Réttarfarssekt ... 989
Réttarneitun ... 771
Réttarverkun dóms ... 1077
Riftun ... 611
Sakarkostnaður ... 519
Samningsgerð, samningar ... 532, 1032
Samvinnufélög ... 445
Sératkvæði 6, 10, 30, 164, 251, 263, 459, 522, 594, 683, 713, 895, 921, 993, 1002
Séreign ... 959
Sjómannalög ... 788
Sjónvarpsefni, flutningur ... 578
Sjóveðréttur ... 96, 104
Skaðabótamál 164, 263, 374, 385, 482, 494, 542, 556, 640, 687, 702, 793, 842, 850, 873, 933, 1011, 1020, 1051, 1071, 1105
Skattar, skattamál ... 6, 683, 993, 1002
Skiptamál ... 418
Skiptaréttur, dómsvald ... 929
Skjalafals ... 426
Skuldamál ... 158, 242, 251, 311, 500, 761
Skuldaröð ... 418

Bls.
Stjórnsýsla ... 601
Tap, skipting ... 675
Tékkamisferli ... 426
Tilboð ... 675
Umboð ... 532
Umferðarlög ... 45, 49, 519, 594, 948, 952, 1071, 1105
Uppboð ... 73, 112
Útivistardómar ... 4, 5, 81, 82, 394, 555, 556, 697, 698
Vátrygging ... 713, 1071
Veðréttur, bifreið ... 989
Vegagerð ríkisins, ábyrgð ... 933
Vegir ... 542, 933
Veiðiréttur ... 55
Verktakar ... 675
Vextir ... 83, 500
Vinnusamningar ... 761
Vinnuslys ... 494, 640, 1051, 1071
Vítur ... 895
Víxilmál, víxlar ... 119, 161, 365, 528, 620, 625, 989
Vörugjald ... 895
Vöruskipti ... 469
Þingbækur ... 663
Þinghald ... 774
Þjófnaður ... 337, 477
Þóknun, fasteignasala ... 396
Þrotamaður, áfrýjun ... 921
Ærumeiðingar ... 753

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LVI. árgangur **1975**

Mánudaginn 6. janúar 1975.

Nr. 222/1974. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurd Evje Markússyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 15. desember 1974, sem barst Hæstarétti 27. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Samkvæmt 1., 3. og 5. tölulið 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. desember 1974.

Ár 1974, sunnudaginn 15. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að í gær voru hjónin Ingibjörg Guðrún Magnúsdóttir Welding og Sigurd Evje Markússon, bæði heimilislaus og atvinnulaus, handtekin vegna þjófnaðar á veski, sem í var ca kr. 30.000 auk ýmissa skilríkja.

Mestallt fé hefur komist til skila.

Fyrr á þessu ári voru þau hjón dæmd í sakadómi Reykjavíkur í óskilorðsbundið fangelsi, Ingibjörg í 10 mánuði, en Sigurd í 5 mánuði. Dómum þessum hafa þau áfrýjað til Hæstaréttar Íslands.

Loks er þess að geta, að dómara er kunnugt um, að fjölmörg þjófnaðarbrot hafa verið kærð til rannsóknarlögreglunnar á undanförnum mánuðum, og hafa kærðu játað aðild sína að þeim.

Með hliðsjón af framansögðu og tilvísun til 1. og 5. tl. 67. gr. laga 74/1974 ber að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ákvörðun þessari ekki til fyrirstöðu.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 60 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurd Evje Markússon, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 60 dögum.

Mánudaginn 6. janúar 1975.

Nr. 223/1974. **Ákæruvaldið**
gegn
Ingibjörgu Guðrúnu Magnúsdóttur Welding.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 15. desember 1974, sem barst Hæstarétti 27. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Samkvæmt 1., 3. og 5. tölulið 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. desember 1974.

Ár 1974, sunnudaginn 15. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að í gær voru hjónin Ingibjörg Guðrún Magnúsdóttir Welding og Sigurd Evje Markússon, bæði heimilislaus og atvinnulaus, handtekin vegna þjófnaðar á veski, sem í var ca kr. 30.000 auk ýmissa skilríkja.

Mestallt fé hefur komist til skila.

Fyrr á þessu ári voru þau hjón dæmd í sakadómi Reykjavíkur í óskilorðsbundið fangelsi, Ingibjörg í 10 mánuði, en Sigurd í 5 mánuði. Dómum þessum hafa þau áfrýjað til Hæstaréttar Íslands.

Loks er þess að geta, að dómara er kunnugt um, að fjölmörg þjófnaðarbrot hafa verið kærð til rannsóknarlögreglunnar á undanförnum mánuðum, og hafa kærðu játað aðild sína að þeim.

Með hliðsjón af framansögðu og tilvísun til 1. og 5. tl. 67. gr. laga 74/1974 ber að úrskurða kærðu í gæsluvarðhald, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ákvörðun þessari ekki til fyrirstöðu.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 60 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærða, Ingibjörg Guðrún Magnúsdóttir Welding, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 60 dögum.

Miðvikudaginn 8. janúar 1975.

Nr. 152/1974. **Björn Reynir Alfreðsson og Ingibjörg Jósefsdóttir**
gegn
Dvalni Hrafnkelssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Björn Reynir Alfreðsson og Ingibjörg Jósefsdóttir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 400 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 8. janúar 1975.

Nr. 210/1974. **Kyndill h/f, Keflavík, og Jósafat Arngrímsson**
gegn
Ólafi Ólafssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Kyndill h/f, Keflavík, og Jósafat Arngrímsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 400 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þeir stefnda, Ólafi Ólafssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, kr. 3.000 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. janúar 1975.

Nr. 211/1974. **Kyndill h/f, Keflavík, og Jósafat Arngrímsson**
gegn
Kristjáni Steinari Kristjánssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Kyndill h/f, Keflavík, og Jósafat Arngrímsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 400 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þeir stefnda, Kristjáni Steinari Krstjánssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, kr. 3.000 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. janúar 1975.

Nr. 53/1974. **Frímúrararegla á Íslandi**
(Gunnar J. Möller hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
og gagnsök
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson, og Magnús Þ. Torfason og prófessor Arnljótur Björnsson.

Fasteignaskattur. Lögtak. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 13. mars 1974. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framkvæmd lögtaks. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. mars 1974. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar, þó þannig, að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 8/1972 felur í sér undantekningar frá þeirri meginreglu 3. gr. laganna, að leggja skuli skatt til sveitarfélaga á allar fasteignir. Ber að skýra það þröngt. Er eðlilegast að líta svo á, að hér sé átt við félagsheimili samkvæmt lögum nr. 107/1970. Getur húseign aðaláfrýjanda því ekki talist félagsheimili samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara og prófessors Arnljóts Björnssonar.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 8/1972 eru undanþegin fasteignaskatti samkvæmt 3. gr. laganna m. a. „félagsheimili og samkomuhús, sem ekki eru rekin í ágóðaskyni . . . " Aðaláfrýjandi hefur lýst yfir því, að húseign hans við Skúlagötu 53-55 í Reykjavík sé eingöngu notuð til funda- og samkomuhalds fyrir Frímúrararegluna og sem félagsheimili hennar. Aðeins í örfá skipti hafi húsið verið notað til annars, og þá án endurgjalds. Er þessu ekki andmælt af gagnáfrýjanda.

Framangreint undanþáguákvæði 1. mgr. 5. gr. er fortakslaust, og verður ekki ráðið af orðum þess sjálfs eða greinargerð, er fylgdi frumvarpi til laga nr. 8/1972, að því hafi verið ætlað að taka til þeirra félagsheimila einna, sem greind eru í 1. gr. laga nr. 107/1970.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang lögtaks. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað um framgang lögtaks.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 8. febrúar 1974.

Gerðarbeiðandi máls þessa, Gjaldheimtan í Reykjavík, hefur gert þær réttarkröfur, að fram fari lögtak í eignum gerðarþola, Frímúrararegluar Íslands, til tryggingar ógreiddum fasteignaskatti af eigninni Skúlagötu 53-55 fyrir árið 1973, að fjárhæð kr. 343.080 ásamt 1½% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 171.540 frá 15. mars 1973 til 15. maí 1973 og af kr. 343.080 frá 15. maí 1973 til greiðsludags auk kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi uppboð. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Af gerðarþola hálfu er framgangi umbeðinnar lögtaksgerðar mótmælt. Málskostnaðar er krafist úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var lagt undir úrskurð að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór hinn 21. janúar þessa árs.

Það kemur fram í málinu, rskj. 11 og 12, að fasteignaskattur, lagður á fasteign gerðarþola fyrir árið 1972, var felldur niður. Þá liggur fyrir í máli þessu sem rskj. 15 bréf borgarstjóra til gerðarþola, dagsett 14. febrúar 1973, en þar er því lýst yfir, að Reykjavíkurborg muni framvegis leggja fasteignaskatt á eignina. Greinargerð fyrir þessari ákvörðun kemur fram í erindi svonefndrar sparnaðarnefndar Reykjavíkurborgar til borgarráðs, dags. 9. janúar 1973, rskj. 13.

Var síðan lagður fasteignaskattur á eignina Skúlagötu 53-55, og fékk Gjaldheimtan þennan skatt til innheimtu þann 28. febrúar 1973, sbr. ljósrit af gjaldheimtuspjaldi á rskj. 2. Gjalddagar voru dagana 15. mars og 15. maí 1973, og skyldu kr. 171.540 greiðast í hvort skipti. Er krafa gerðarbeiðanda um dráttarvexti í máli þessu í samræmi við þessa gjalddaga.

Með bréfi sínu, dags. 21. ágúst 1973, rskj. 6, kærði gerðarþoli þessa álagningu til yfirfasteignamatsnefndar, og kvað nefndin upp úrskurð sinn þann 29. október s. á. Var úrskurðað, að gerðarþola væri skylt að svara fasteignaskatti af eigninni.

Byggist úrskurður þessi á því, að til samkomuhúsa í skilningi 5. gr. laga 8/1972 og reglugerðar 320/1972 teljist aðeins þau húsakynni, sem standi almenningi opin til þess að njóta þar fræðslu, lista og skemmtunar á annan veg. En notkun fasteignarinnar Skúlagötu 53-55 fullnægi ekki nefndu skilyrði. Og til félagsheimila í skilningi nefndra ákvæða verði aðeins talin þau samkomuhús, sem reist hafi verið og viðurkenningu hlotið með þeim hætti, sem getur í lögum 107/1970, 2. gr., 2. mgr. En fasteign þessi og notkun hennar fullnægi ekki þessu skilyrði.

Málflutningur gerðarbeiðanda vísar að mestu leyti til þeirra sjónarmiða, sem fram koma í þessum úrskurði, og er lögð á það megináhersla, að húseignin Skúlagata 53-55 sé ekki samkomuhús í þess orðs eiginlegri merkingu. Til þess þyrfti það að vera opið almenningi, en það sé aðeins opið meðlimum Frímúrarareglunnar og fari því fjarri, að hver og einn geti fengið inngöngu í þann félagsskap, t. d. geti konur ekki orðið reglumeðlimir. Um félagsheimili sé til hugtaksskilgreining í 1. gr. laga nr. 107/1970 og þar sé sama að segja: Húsakynnin verði að vera almenningi opin til þess að mega nefnast félagsheimili, og þar með geti þau ei notið

undanþágu frá fasteignaskatti samkvæmt 5. gr. laga 8/1972. Af gerðarþola hálfu er skattálagning þessi talin í alla staði ólögmæt. Á það er bent, að 5. gr. laga nr. 8/1972 nefni tvær undantekningar, sem hvor um sig nái yfir fasteignina Skúlagötu 53-55, þ. e. „félagsheimili" og „samkomuhús", sem sé ekki rekið í ágóðaskyni. Sú viðbót, að almenningur skuli eiga aðgang að þess konar húsakynnum, hafi aldrei átt við, og síst eins og nú sé háttað lögum. Það sé óheimilt að leggja aðra merkingu í hin tilvitnuðu orð en lagatextinn segi beint til. Er vísað til forsögu nefndrar lagagreinar. Í lögum nr. 66/1921 hafi undanþága frá fasteignaskatti aðeins náð til bygginga í opinberri eign eða forsjá, en undanþágum hafi jafnt og þétt fjölgað í hér að lútandi lögum og séu nú mjög víðtækar. Er sérstaklega á það bent, að undanþegin séu nú orlofsheimili launþegasamtaka, en þar verði ekki talið, að um sé að ræða byggingar reknar til almenningsnota. Þá nefni 5. gr. einnig barnaheimili, og væri það útilokuð lögskýring að leggja á þau fasteignaskatt, þó að börn ákveðins hóps manna hefðu þar ein aðgang. Það verði þannig a. m. k. ekki lengur staðhæft, að allar fasteignir, sem samkvæmt 5. gr. laga þessara njóta undanþágu, skuli að fullu standa almenningi opnar, en þær verði að vera reistar og reknar án ábatasjónarmiða. Það sé alveg ljóst, að rekstur fasteignarinnar Skúlagötu 53-55 geri hana að „samkomuhúsi" og ekki sé stefnt að ágóða með þeim rekstri og sé með þessu fullnægt skilyrðum til undanþágu samkvæmt 5. gr. nefndra laga. Jafnframt þessu sé fasteign þessi félagsheimili Frímúrarareglunnar, eignin sé miðstöð og grundvöllur allrar aðalstarfsemi hennar og alger forsenda fyrir sjálfstæðri tilveru hennar. Er því um leið haldið fram, að lög um félagsheimili snerti ekki þá deilu, sem hér fari fram í fógetamálinu, því þessi lög fjalla um framlög hins opinbera til félagsheimila, og sé ekkert hægt að ályktа frá ákvæðum um skilyrði fyrir þeim framlögum til hins, að á eignir þessar skuli eða skuli ekki leggja fasteignaskatt.

Það er lögð áhersla á það í málflutningi gerðarþola, að enginn eigi að vísu heimtingu á inngöngu í regluna og hún reki ekki áróður til að afla meðlima, en menn geti orðið meðlimir án tillits til stjórnmálaskoðana og þjóðernis, enda sé bræðralag manna eitt af grundvallaratriðum reglunnar svo og önnur sjónarmið, sem stuðli að mannrækt, bæði þjóðfélagslega og siðferðilega skoðað.

Að því er varðar „félagsheimili og samkomuhús, sem ekki eru rekin í ágóðaskyni", sbr. 5. gr. laga nr. 8/1972, verður að telja þessi húsakynni verði að standa almenningi opin til þess að mega

njóta undanþágu frá fasteignaskatti. Þessu er ekki svo varið um fasteignina nr. 53-55 við Skúlagötu. Þykir fasteignaskattur hafa verið réttilega lagður á þessa fasteign, en álagningin hefur ekki sætt tölulegum aðfinnslum. Verður hin umbeðna lögtaksgerð látin ná framgangi, svo sem hennar er krafist af gerðarbeiðanda hálfu.

Málskostnaður fellur niður í fógetamáli þessu.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Lögtak fer fram til tryggingar kr. 343.080 með 1½% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 171.540 frá 15. mars 1973 til 15. maí s. á. og af kr. 343.080 frá þeim degi til greiðsludags og að auki til tryggingar kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 14. janúar 1975.

Nr. 18/1972. **Eisenhandel Kremer**
(Kristinn Gunnarsson hrl.)
gegn
Verslanasambandinu h/f
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson og prófessor Arnljótur Björnsson.

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 4. febrúar 1972. Krefst hann þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 115.369 með 7% ársvöxtum frá 15. maí 1968 til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 65.457 með

7% ársvöxtum frá 15. maí 1968 til greiðsludags. Í hvoru tveggja tilviki krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna. Ingólfur Jónsson hefur komið fyrir dóm og skýrt frá atvikum að því, að áfrýjandi féllst á að veita stefnda greiðslufrest á skuld þeirri, sem stefndi stóð í við áfrýjanda og greind er í héraðsdómi. Það skilyrði hafi verið fyrir greiðslufrestinum, að skuldin yrði gengistryggð, og það hafi stjórn stefnda verið fullljóst. Enn hefur Johan Kremer, aðalforstjóri áfrýjanda, komið fyrir dóm. Skýrir hann svo frá, að sér hafi verið ljóst, að dregið hefði til gjaldþrots stefnda, ef áfrýjandi hefði gengið að honum vegna kröfu sinnar. Þá skýrir hann frá aðdraganda þess, að greiðslufrestur var veittur, og þeim skilmála, að skuldin yrði gengistryggð. Hann kveður tilætlun hafa verið, að skuldabréfið yrði selt eins fljótt og auðið yrði. Reynt hafi verið að selja það þegar í stað, en það hafi eigi tekist fyrr en haustið 1970. Þá kveðst forstjórinn telja, að „andvirði skuldabréfsins" hafi verið yfirfært. Í sama þinghaldi, 3. maí 1974, var lagt fram ljósrit „nótu" frá Útvegsbanka Íslands, útibúinu í Vestmannaeyjum, frá 26. október 1970, þess efnis, að bankinn hafi þann dag keypt skuldabréf að fjárhæð kr. 1.400.000, en samkvæmt reikningnum er skuldabréf þetta talið gefið út af Iðnaðarmálastofnun Íslands 10. júlí 1967. Eru aðiljar á einu máli um, að hér sé um að ræða skuldabréf það, upprunalega að fjárhæð kr. 2.000.000, er stefndi skyldi fá frá Iðnaðarmálastofnun og nota skyldi til greiðslu á skuld stefnda við áfrýjanda. Höfðu þrjár afborganir af skuldabréfinu verið greiddar, þegar bréfið var selt hinn 26. október 1970, og er það í samræmi við efni þess.

Dómsskýrslur þær, sem nú hafa verið raktar, og önnur gögn, sem aflað hefur verið eftir uppsögu héraðsdóms, áttu að réttu lagi að liggja fyrir héraðsdómi, og hafði sá dómur óskað eftir frekari gögnum við meðferð málsins. Í máli þessu

skortir skilagrein fyrir skiptum aðilja, eftir að skuldabréf 10. júlí 1967 var gefið út, svo og gögn um það, hvort og hvenær yfirfærslur á greiðslum samkvæmt skuldabréfi þessu hafi farið fram. Með vísan til þessa ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm frá og með þinghaldi 15. nóvember 1971 að telja og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Samkvæmt þessum úrslitum máls ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 40.000 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með þinghaldi 15. nóvember 1971 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Áfrýjandi, Eisenhandel Kremer, greiði stefnda, Verslanasambandinu h/f, kr. 40.000 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 5. janúar 1972.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 18. febrúar 1969. Það var þingfest 21. febrúar 1969 og dómtekið 10. desember sl. Stefnandi málsins er Kristinn Gunnarsson hæstaréttarlögmaður f. h. Eisenhandel Kremer, 22 Elmshorn, Vormstegen 21, Vestur-Þýskalandi, en stefndi er Verslanasambandið h/f, Skipholti 37, Reykjavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt til að greiða honum kr. 352.500 með 7% ársvöxtum frá 15. maí 1968 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins.

Sættir hafa verið reyndar í málinu án árangurs.

Málavextir virðast vera þeir, að stefndi og stefnandi hafi átt viðskipti um alllangan tíma. Á árunum 1966 og 1967 hafi verið svo komið, að stefndi skuldaði stefnanda verulegar fjárhæðir. Í júlí 1967 hafi Johan Kremer, einn af forstjórum stefnanda, komið

til landsins til þess að ganga frá viðskiptum málsaðiljanna. Um það leyti hafi stefndi samið um sölu á hluta húseignar sinnar til ríkisins, og greiddi ríkissjóður upp í kaupverð húseignarinnar með skuldabréfum til 10 ára. Varð að samkomulagi með málsaðiljum, að stefnandi tæki upp í skuld stefnda við stefnanda skuldabréf að fjárhæð kr. 2.000.000. Skuldabréf þetta, en ljósrit af því er á dskj. nr. 3, hafi ekki verið tilbúið, áður en Johan Kremer hélt aftur til Þýskalands. Í sambandi við þetta samkomulag málsaðiljanna var stefnanda afhent yfirlýsing, en ljósrit af þeirri yfirlýsingu er á dskj. nr. 4. Ágreiningur málsaðiljanna snýst aðallega um það, hvernig skilja beri efni dskj. 4 og hver hafi verið meiningin með gerð þess.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að samkomulag hafi orðið með málsaðiljum, að stefndi fengi að greiða vöruskuld sína með 10 ára ríkistryggðu skuldabréfi, enda tæki stefndi á sig ábyrgð á gengisbreytingum stefnanda í óhag, þ. e. gengisfellingu íslensku krónunnar. Skuldin hafi numið 185.317.31 vestur-þýskum mörkum, þegar gengið hafi verið frá skuldaskilum aðilja hinn 7. júlí 1967. Hafi stefndi gefið út yfirlýsingu þann dag um, að hann tæki ábyrgð á greiðslunni á þýskum mörkum. Þrátt fyrir yfirlýsingu þessa, sem beinlínis hafi verið gefin í því skyni að tryggja stefnanda fyrir væntanlegri gengisfellingu íslensku krónunnar, enda enginn annar tilgangur hugsanlegur, því varla hafi þurft að fá ábyrgð stefnda auk ríkisábyrgðar fyrir skuldabréfinu, hafi stefndi ekki fengist til að greiða þann gengismun, sem orðinn sé frá útgáfu skuldabréfsins.

Stefnukrafan sé gengismunur sá, sem orðið hafi frá útgáfu skuldabréfsins á dskj. nr. 3 og yfirlýsingarinnar á dskj. nr. 4 til stefnudags á fyrstu greiðslu afborgana og vaxta af skuldabréfinu á dskj. nr. 3. Afborgunin, sem greidd hafi verið af skuldabréfinu sem fyrsta greiðsla, hafi numið kr. 200.000 og vextir þann tíma kr. 152.500, samtals kr. 352.500. Samkvæmt dskj. nr. 6 sé gengisfall íslensku krónunnar frá þessum tíma til stefnudags 103.66%, en þennan mismun beri stefnda að greiða, bæði samkvæmt yfirlýsingunni á dskj. nr. 4 og munnlegum loforðum.

Stefnandi hafi tekið skuldabréfið á dskj. nr. 3 sem greiðslu upp í skuld stefnda við hann, sem þá hafi numið 185.317.31 vestur-þýskum mörkum eða réttum 2 milljónum íslenskra króna. Stefndi hafi tekið á sig alla áhættu af væntanlegu gengisfalli krónunnar, því hann hafi fengið 10 ára greiðslufrest á skuld sinni, sem hafi verið komin í vanskil og hann hafi engin tök haft á að greiða.

Stefnandi hefði aldrei veitt slíkan greiðslufrest, nema fyrst að fá tryggingu fyrir greiðslu á yfirvofandi gengisfellingu krónunnar. Hafi heldur ekki staðið á stefnda að gefa yfirlýsingu hér að lútandi á dskj. nr. 4.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi tekið við hinu ríkistryggða skuldabréfi sem greiðslu á því gengi, sem gilti á afhendingardegi bréfsins. Stefndi segir, að stefnandi hafi vitandi vits sjálfur tekið á sig hugsanlega gengisáhættu, er hann hafi veitt skuldabréfinu móttöku.

Af hálfu stefnda er þessi fullyrðing rökstudd með eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er bent á uppgjör stefnanda á dskj. nr. 8, en það er dags. 24. júlí 1967. Þar komi fram, að andvirði skuldabréfsins, íslenskar kr. 2.000.000, reiknist á þýsk mörk 185.317.31. Stefnandi kvitti fyrir innborgun 25 þús. mörkum og fái niðurstöðu pr. 19. júlí 1967 skuld stefnda við stefnanda þýsk mörk 6.864.47. Í niðurlagi þessa uppgjörs óski hann eftir greiðslu á fyrrgreindum þýskum mörkum 6.864.47 svo fljótt sem unt væri. Stefndi hafi fljótt orðið við þessari kröfu og greitt fjárhæð þessa og í svarbréfi frá stefnanda, sem lagt er fram á dskj. nr. 10, viðurkenni stefnandi móttöku fjárhæðarinnar. Í bréfi þessu sé beinum orðum sagt, að krafa stefnanda sé niður fallin, eða orðrétt: „Durch Erhalt dieser Zahlung ist Ihr Konto gem unserer Aufstellung vom 24.7. 1967 ausgeglichen, sodass Forderungen unsererseits nicht mehr bestehen." Síðastnefnd yfirlýsing stefnanda sé líka í fullu samræmi við orðalagið á dskj. nr. 4, en það er yfirlýsing Verslanasambandsins h/f um að ábyrgjast fullnaðargreiðslu í þýskum mörkum á tveggja milljón króna bréfinu miðað við gengi marksins á undirskriftardegi, þ. e. DM 100.00=1.079.23.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stefnandi hafi engin not fyrir ábyrgð stefnanda, þar sem fyrir liggi ábyrgð íslenska ríkisins á skuldinni. Hér sé um misskilning að ræða hjá lögmanni stefnanda. Íslenska ríkið hafi enga ábyrgð tekið á greiðslu í þýskum mörkum, enda hljóði bréfið á íslenskar krónur. Það viti allir, að mjög strangar reglur gildi um yfirfærslu fjár í erlenda mynt. Skuldabréf það, sem hér um ræði, hafi stefndi eignast með því að selja ríkisfyrirtæki hluta af eignum sínum, þ. e. hæð í Skipholti 37, og hafi fengið eignina greidda að nokkru leyti í ríkistryggðum skuldabréfum. Þegar stefnandi veitti bréfinu móttöku, hafi honum verið vel kunnugt sem kaupsýslumanni, sem í mörg ár hafði verslað við Ísland, að gjaldeyrisyfirvöld gátu verið treg til að veita yfirfærslu, enda útilokað að fá yfirfærslur á afborgunum og

vöxtum af skuldabréfi, nema gjaldeyrisyfirvöldum væri sýnt fram á, að hin yfirfærða fjárhæð væri greiðsla á vörum eða varningi, sem sendur hefði verið til landsins og greiðast ætti á þennan hátt. Stefnandi hafi þurft að tryggja sér yfirfærslu á afborgunum og vöxtum af bréfinu, en það hafi enginn getað tryggt nema stefndi, sem gat staðfest, að bréfið væri greiðsla á innfluttum vörum og ætti því raunverulega að yfirfærast.

Þegar samið hafi verið við stefnanda um skuldir stefnda, hafi það verið á hvers manns vitorði, að stefndi var mjög illa staður fjárhagslega, og það svo, að jafnvel hafi verið búist við gjaldþroti. Þetta hafi verið á hvers manns vitorði, ekki síst stefnanda sjálfs, sem hafi átt mikið í húfi og hafi því sent einn af aðalforstjórum sínum beinlínis til að semja um skuldauppgjör við fyrirtækið. Það megi því vera hverjum manni augljóst, að eins og sakir stóðu, hafi hann talið það stórhapp að fá skuldina greidda í peningum og ríkistryggðu skuldabréfi, jafnvel þótt hugsanleg gengisbreyting í framtíðinni kynni að valda honum tjóni. Á hinn bóginn sé það augljóst, að stefndi, sem þekkti hinar sífelldu gengisfellingar, var sér þess vel meðvitandi, að slíkt gæti hent aftur. Auðvitað hafi stefndi orðið að ábyrgjast yfirfærslur á umræddum tveim milljónum, en hafi tryggt sig með því að miða við gengið, sem þá hafi verið (þýsk mörk 100.00=1.079.23).

Í yfirlýsingunni á dskj. nr. 4 sé ekkert minnst á vexti. Vextirnir af bréfinu til síðasta gjalddaga 15. maí 1977 nemi kr. 958.500. Það, að ekkert sé minnst á vexti, sem þó áttu eftir að greiðast í 10 ár, sýni, að ekki sé um gengistryggingu að ræða. Augljóslega hafi stefnandi eða trúnaðarmenn hans talið sig geta selt bréfið hér á landi og yfirfært fjárhæðina strax.

Vegna máls þessa hafa eftirtaldir menn komið fyrir dóm til yfirfærslu: Arnold Bjarnason, Sigurður Helgason hæstaréttarlögmaður, Friðrik Þórðarson verslunarmaður, Sigurður Óli Ólason verslunarmaður, Ragnar Jónsson skrifstofustjóri, Gísli Gíslason stórkaupmaður og Kristinn Gunnarsson hæstaréttarlögmaður.

Eftir því, sem fram er komið undir rekstri málsins, virðast málsaðiljar vera nokkuð sammála um viðskipti málsaðilja þar til 7. júlí 1967, en þann dag var haldinn fundur með fyrirsvarsmönnum stefnda og forstjóra stefnanda. Á þessum fundi var yfirlýsingin á dskj. nr. 4 skrifuð.

Á dskj. nr. 13 er sagt, að fundurinn 7. júlí 1967 hafi verið haldinn í skrifstofu stefnda, Skipholti 37, þar hafi mætt af hálfu Eisenhandel Kremer Johan Kremer, forstjóri þess fyrirtækis, ásamt

trúnaðarmönnum sínum, þeim Ingólfi Jónssyni ráðherra og Gísla Gíslasyni forstjóra. Af hálfu stefnda hafi mætt þar Sigurður Óli Ólason stjórnarformaður, Ragnar Jónsson meðstjórnandi, Friðrik Þórðarson, meðstjórnandi og settur framkvæmdastjóri, og Arnold Bjarnason skrifstofustjóri. Á þessum fundi hafi Johan Kremer samþykkt fyrir hönd stefnanda að taka ríkistryggð skuldabréf að nafnverði 2 milljónir króna upp í skuld stefnda við stefnanda. Það hafi jafnframt komið fram á þessum fundi, að Johan Kremer hafði áhyggjur út af, að andvirði bréfanna fengist ekki yfirfært til Þýskalands. Það hafi fallið í hlut skrifstofustjóra stefnda að útskýra fyrir Johan Kremer, að ótti hans í þessa átt væri ástæðulaus, og jafnframt það að útskýra, á hvern hátt hægt væri að tryggja yfirfærslu úr íslenskum krónum í þýsk mörk. Hinar ströngu reglur bankanna varðandi sölu á erlendum gjaldeyri geri ekki ráð fyrir, að hægt sé að yfirfæra svo stórar upphæðir, án þess að gerð sé viðhlítandi grein fyrir, fyrir hvað greiðslan sé. Í þessu tilfelli hafi vörukaup legið til grundvallar. Enda hafi það komið strax í ljós, þegar ríkissjóður ætlaði að greiða fyrstu afborgun af skuldabréfi þessu til stefnanda, að gjaldeyrisnefnd bankanna hafi neitað um yfirfærslu, þangað til skrifstofustjóri stefnda hefði gengið á fund gjaldeyriseftirlitsins og lagt fram skjöl til skýringa á því, hvernig skuld þessi hafði myndast. Meðal annars vegna þess að skuldabréfin voru ekki tilbúin, þau hafi verið gefin út þrem dögum seinna, hinn 10. júlí 1967, og svo hins, að Johan Kremer hafði áhyggjur af því, að ekki fengist að yfirfæra andvirði bréfanna yfir í þýsk mörk, þótti rétt, að stjórn stefnda gæfi út skriflega yfirlýsingu þess efnis, að stjórnin ábyrgðist fyrir hönd stefnda, að andvirði bréfanna fengist yfirfært í þýsk mörk.

Þá er Arnold Bjarnason, núverandi framkvæmdastjóri stefnanda, kom fyrir dóm hinn 26. nóvember 1969, staðfesti hann sem rétt það, sem greint er á dskj. nr. 13. Arnold sagði, að á fundinum 7. júlí 1967 hafi einungis verið talað um heildarfjárhæð skuldabréfsins, eða tvær milljónir króna, en hvorki verið minnst á afborganir né vexti og muni það hafa stafað af því, að reiknað hafi verið með, að bréfið yrði selt mjög fljótlega. Ástæðan fyrir því, að yfirlýsingin á dskj. nr. 4 var gerð, sagði Arnold, að hafi verið sú, að skuldabréfið var ekki tilbúið fyrr en 10. júlí, en Johan Kremer hafi verið á mjög hraðri ferð og hafi hann fengið yfirlýsinguna, þar sem bréfin voru ekki tilbúin. Arnold sagði, að yfirlýsingin á dskj. nr. 4 hafi verið samin á þessum fundi. Á þessum fundi hafi

umræður farið fram á ensku og þýsku og muni efni dskj. nr. 4 nafa verið þýtt fyrir Johan Kremer, en hann sé fær enskumaður og á fundinum hafi verið Gísli Gíslason, sem sé góður þýskumaður.

Friðrik Þórðarson, stjórnarmaður í hinu stefnda hlutafélagi, kom fyrir dóm 17. desember sl. Hann staðfesti sem rétt efni dskj. nr. 13. Friðrik sagði, að þeir, sem undirrituðu bréfið á dskj. nr. 4, hafi samið það. Þeir hafi verið þrír á skrifstofu stefnda, þá er plaggið var skrifað. Ekki sagðist Friðrik muna, hvort Johan Kremer eða aðrir hafi verið viðstaddir, en sagði, að Johan Kremer hafi svo fengið plagg þetta, en plaggið hafi verið útbúið vegna þess, að skuldabréfin voru ekki tilbúin, en Johan Kremer hafi verið á hraðri ferð. Skuldabréfin hafi aldrei borist stefnda í hendur, heldur muni Ingólfur Jónsson, trúnaðarmaður stefnanda, hafa fengið bréfið. Trúnaðarmenn stefnanda hafi verið ánægðir með yfirlýsinguna á dskj. nr. 4 og talið hana fullgilda. Johan Kremer muni ekki skilja íslensku, en trúnaðarmenn hans hafi kynnt honum efni yfirlýsingarinnar og ekki hafi verið óskað eftir því, að yfirlýsingin væri höfð á þýsku. Friðrik sagðist hafa lítið verið á fundinum 7. júlí 1967, en hann skilji ekki þýsku, en umræður hafi aðallega farið fram á því máli. Þess vegna geti Friðrik lítið um það sagt, um hvað hafi verið talað.

Hinn 17. desember 1969 kom Sigurður Óli Ólafsson, stjórnarformaður hins stefnda hlutafélags, fyrir dóm. Hann lýsti tildrögum þess, að dskj. nr. 4 var skrifað, að á fundi með þeim, sem undirskrifuðu dómsskjalið, og Johan Kremer þá hafi verið búið að ákveða, að stefnandi tæki sem greiðslu upp í skuldir stefnda við stefnanda tveggja milljón króna ríkistryggt skuldabréf, sem stefndi skyldi fá við sölu á hluta húseignar sinnar til Iðnaðarmálastofnunar ríkisins. Skuldabréfið hafi ekki verið tilbúið, en Johan Kremer hafi verið á hraðri ferð. Sigurður sagði, að sig minnti, að hann hafi ætlað af landi brott daginn eftir og hafi hann viljað hafa eitthvað í höndunum, er hann kæmi til Þýskalands, og þess vegna hafi yfirlýsingin á dskj. nr. 4 verið gerð. Skyldu skuldir stefnda kvittast með innágreiðslu, sem næmi svo mörgum mörkum, sem tvær milljónir íslenskra króna gera miðað við gengið DM 100=1079.23. Á fund þennan hafi komið þeir Ingólfur Jónsson ráðherra og Gísli Gíslason. Hafi þeir komið með Johan Kremer. Sigurður hélt, að umræður hafi helst farið fram á ensku, en vel megi vera, að þær hafi farið fram á þýsku líka. Ekki gat Sigurður fullyrt, frá hverjum hafi komið tilmæli um það, að Johan

Kremer tæki við tveggja milljón króna bréfinu sem greiðslu. En hélt jafnvel, að uppástunga um það hafi komið frá Gísla Gíslasyni eða Ingólfi Jónssyni ráðherra, en allavega hafi það legið fyrir á fundinum 7. júlí 1967, að Johan Kremer vildi taka bréfið sem greiðslu.

Hinn 17. desember 1969 kom Ragnar Jónsson fyrir dóm vegna máls þessa. Ragnar er hluthafi í hinu stefnda hlutafélagi og hefur verið í stjórn félagsins, en er ekki í stjórn þess lengur. Ragnar sagði, að ástæður fyrir því, að yfirlýsingin á dskj. nr. 4 var gerð, hafi verið sú, að skuldabréfið hafi ekki verið tilbúið, en skyldi verða það fljótlega. Ekki sagðist Ragnar muna, hvort Johan Kremer hafi verið viðstaddur, þá er yfirlýsingin á dskj. nr. 4 var gerð. Ragnar hélt, að Johan Kremer hafi komið hingað til lands tvisvar á árinu 1967, snemma vors og svo aftur um sumarið. Í fyrra skiptið, sem Johan Kremer hafi komið, hafi Sigurður Helgason verið framkvæmdastjóri stefnda. Í þessum innheimtuferðum Johans Kremers þá hafi það orðið að samkomulagi, að stefnandi tæki sem greiðslu upp í skuldina tveggja milljón króna ríkistryggt skuldabréf, sem stefndi hafi átt að fá vegna sölu á hluta af húseign sinni til Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Ekki sagðist Ragnar vita, frá hverjum sú hugmynd hafi verið komin, að stefnandi tæki skuldabréf þetta upp í skuldina, en hélt jafnvel, að Gísli Gíslason hafi stungið upp á því. Þó sagðist Ragnar ekkert geta fullyrt um þetta, uppástungan geti alveg eins hafa komið frá Arnold Bjarnasyni eða Friðriki Þórðarsyni. Ragnar sagðist hafa skilið yfirlýsinguna á dskj. nr. 4 og afhendingu skuldabréfsins þannig, að stefnandi tæki bréfið sem greiðslu, skuldin kvittaðist út og stefnda kæmi afborganir ekkert við frekar. Þannig kvaðst Ragnar hafa skilið þessa afgreiðslu. Þegar þessar síðustu setningar voru lesnar fyrir Ragnar, þá kvaðst hann ekki hafa meint þetta svona, heldur hafi hann tekið yfirlýsinguna á dskj. nr. 4 þannig, að stjórn Verslanasambandsins tæki á sig ábyrgð á greiðslu skuldabréfsins gagnvart stefnanda, og kvaðst Ragnar þá meina, að stefnandi mundi fá sín 185.317.31 þýsk mörk án tillits til gengis íslensku krónunnar. Í þessu sambandi hafi ekkert verið minnst á gengi ellegar gengistryggingu og hafi Ragnari ekki komið í hug gengisfelling á þessum tíma. En Ragnar hafi talið Johan Kremer gera stefnda mikinn greiða með því að taka við skuldabréfinu, en ekki ganga að fyrirtækinu, og hafi hann því viljað ábyrgjast, að stefnandi færi skaðlaus út úr þessum viðskiptum. Ragnar var spurður um það, hvort ekki sé óeðlilegt af innflutningsfyrirtæki ellegar stjórnendum

þess að hafa ekki í huga hugsanlegar gengisfellingar varðandi samninga til langs tíma við erlenda aðilja, þá sagði Ragnar, að það geti vel verið, en hann hafi ekkert hugleitt gengisfellingar í þessu sambandi og kann engar skýringar á því, að á dskj. nr. 4 er minnst á DM 100=1.070.23.

Á dskj. nr. 15 er vitnaskýrsla Gísla Gíslasonar undirrituð af honum sjálfum og árituð af Ingólfi Jónssyni um, að skýrslan sé rétt, að því er Ingólf Jónsson varðar. Á dskj. nr. 16 er þýsk þýðing af dskj. nr. 15, og er hún árituð af Johan H. Kremer og Hermanni Koch á þá leið: „Es wird hiermit bestätigt, dass dieser Bericht von Herrn Gísli Gíslason, in jeder Hinsicht richtig ist." Þeir Johan H. Kremer og Hermann Koch hafa ekki komið fyrir dóm vegna máls þessa. Hinn 17. desember 1969 skoraði lögmaður stefnda á lögmann stefnanda að leiða sem vitni þá Ingólf Jónsson og Gísla Gíslason. Hinn 28. janúar 1970 féll lögmaður stefnda frá þessari áskorun sinni. Hinn 11. mars 1970 skoraði dómurinn á lögmann stefnanda að leiða þá Gísla Gíslason og Ingólf Jónsson ráðherra sem vitni, og var málinu ítrekað frestað í því skyni, að Ingólfur Jónsson ráðherra kæmi fyrir dóm, en hinn 26. febrúar 1971 var bókað eftir lögmanni stefnanda, að Ingólfur Jónsson ráðherra hafi ekki getað mætt til yfirheyrslu og muni ráðherrann ekki vilja mæta til yfirheyrslu.

Hinn 21. október 1971 kom Gísli Gíslason fyrir dóm til yfirheyrslu og staðfesti hann sem rétt efni dskj. nr. 15, en þar segir svo frá fundinum 7. júlí 1967: „Næsta dag var síðan haldinn fundur í skrifstofu Verslanasambandsins í Skipholti 37. Mun það hafa verið fyrstu dagana í júlí 1967. Voru þar mættir Johan Kremer, Hermann Koch, Ingólfur Jónsson, Friðrik Þórðarson, Arnold Bjarnason og e. t. v. einhverjir fleiri úr stjórn fyrirtækisins ásamt mér undirrituðum.

Á þessum fundi náðist samkomulag við Johan Kremer f. h. Eisenhandel Kremer um, að hann tæki samtals 2ja milljón kr. ríkistryggt skuldabréf uppí greiðslu á skuldinni, eins og hún var þá. Bréf þessi skyldu vera til 10 ára. Skilyrði fyrir þessu var það, að Verslanasambandið h.f. gæfi út gengisyfirlýsingu, sem væri í gildi, þar til bréfin væru að fullu greidd. Á þessum fundi var gefin út gengisyfirlýsing, dagsett 7. júlí 1967, og skyldi hún gilda sem gengistrygging, uns skuldin væri að fullu greidd, hvort heldur það væri 10 ár eða skemmri tími. Gengisyfirlýsing þessi var síðan afgreidd af meirihluta stjórnar Verslanasambandsins h.f. þennan dag og afhent Johan Kremer. Þar sem skuldabréfin voru

ekki tilbúin, bað Johan Kremer stjórn félagsins um að afhenda bréfin Ingólfi Jónssyni ráðherra til varðveislu. Johan Kremer lofaðist til, þegar bréfin væru komin í hendur Ingólfs Jónssonar, að senda Verslanasambandinu fullnaðarkvittun fyrir skuldinni við Eisenhandel Kremer, þar sem hann var þegar búinn að móttaka gengisyfirlýsinguna. Johan Kremer fór fram á það, ef mögulegt væri, að fá þetta fyrr yfirfært í vestur-þýskum mörkum, ef mögulegt væri, en gerði það þó ekki að skilyrði, þar sem hann var tryggður í gegnum gengisyfirlýsinguna."

Fyrir dómi sagðist Gísli Gíslason hafa verið viðstaddur, þegar yfirlýsingin á dskj. nr. 4 var skrifuð, og meiningin með dskj. nr. 4 hafi verið að gengistryggja 2ja milljón króna skuldabréfið ásamt vöxtum. Ekki gat Gísli svarað því, hvers vegna er ekki minnst á vexti á dskj. nr. 4, þar sem meiningin hafi verið að gengistryggja skuldina, en sagði, að það mundi vera klaufaskapur.

Ekki sé Ingólfur Jónsson í neinu sambandi við stefnanda eða Johan Kremer að öðru leyti en því, að Ingólfur þekki Johan Kremer sem íslenskan ræðismann í Slésvík Holstein, og sama sé um Gísla að segja, hann sé í engu sambandi við stefnanda, en þekki Johan Kremer, en Gísli sagðist vera formaður stjórnar Hafskips h/f og það fyrirtæki hafi átt viðskipti við stefnanda. Hvorki sagðist Gísli vera trúnaðarmaður né umboðsmaður stefnanda hér á landi, og hélt Gísli, að stefnandi hafi enga slíka hér á landi. Lögmaður stefnanda annist þetta mál fyrir þá og muni hann einnig hafa annast yfirfærslu á skuldabréfinu, en Gísli hélt, að skuldabréfið væri í vörslu Ingólfs Jónssonar eða einhvers banka til innheimtu, en ríkisstjórn Íslands hafi á fundi veitt langlánaleyfi fyrir skuld þessari, en langlánanefnd hafi ekki veitt leyfið. Gísla var bent á það, sem segir á dskj. nr. 10, að samkvæmt reikningsyfirliti stefnanda sé viðskiptareikningur stefnda sléttur og engar kröfur liggi fyrir frá hendi stefnanda, og sagði Gísli, að þetta sé eðlilegt, þar sem stefnandi hafi verið búinn að fá 2ja milljón króna skuldabréfið ásamt gengistryggingu og hafi það þess vegna talið reikningana slétta. Stefnandi hafi ekki tekið skuldabréfið sem endanlega greiðslu, heldur bara skuldabréfið og gengistrygginguna. Gísli fullyrðir, að stefnandi hafi ekki tekið skuldabréfið sem greiðslu og sjálfur ætlað að annast sölu þess. Gísli sagði, að á fundinum 7. júlí 1967 hafi verið talað um gengi og gengistryggingu og eina meiningin með dskj. nr. 4 hafi verið að gengistryggja skuldina. Þá var vakin athygli Gísla á því, sem greinir á bls. 5 í yfirheyrslu 17. desember 1969, en þar er bókað eftir Ragnari

Jónssyni, að á fundinum hafi ekkert verið minnst á gengi eða gengistryggingu, og fullyrðir Ragnar, að Johan Kremer hafi viljað fá gengistryggingu og það hafi verið eina meiningin með dskj. nr. 4, enda hafi Þórði Ólafssyni lögfræðingi eða Sigurði Helgasyni lögfræðingi verið falið að semja og skrifa dskj. nr. 4.

Þegar litið er á dskj. nr. 4, þá er þar hvergi minnst á vexti, en samkvæmt dskj. nr. 12 nema vaxtagreiðslur af 2ja milljón króna skuldabréfinu í 10 ár kr. 958.500.

Á dskj. nr. 13 segir svo m. a. í sambandi við samninga um sölu á hluta af húsnæði stefnda til ríkissjóðs:

„Um líkt leyti gengu þeir Friðrik Þórðarson, settur framkvæmdastjóri, og Arnold Bjarnason, skrifstofustjóri, á fund iðnaðarmálaráðherra, óskuðu þeir eftir að hraðað væri kaupum Iðnaðarmálastofnunarinnar á þriðju hæð hússins og lýstu jafnframt áhyggjum sínum yfir þeirri ákvörðun iðnaðarmálaráðherra að greiða meginhluta söluandvirðisins með tíu ára skuldabréfum. Iðnaðarmálaráðherra benti þá þeim Friðrik og Arnold á, að ástæðulaust væri fyrir þá að hafa áhyggjur út af þessu atriði, þar sem hann myndi sjá um, að Útvegsbankinn og Iðnaðarbankinn myndu kaupa hluta af þessum bréfum, en Ingólfur Jónsson, landbúnaðarmálaráðherra, myndi sjá um, að Búnaðarbankinn keypti það, sem eftir væri, eða 2 milljónir króna."

Dskj. nr. 14 er afrit af bréfi, dags. 6. apríl 1967, frá stefnda til iðnaðarmálaráðherra, Jóhanns Hafsteins, en þar segir svo:

„Í sambandi við umræður, er farið hafa í milli vor og yðar, varðandi kaup Iðnaðarmálastofnunar Íslands á III. hæð húseignar vorrar, Skipholti 37, hér í borg, viljum vér leyfa oss að vekja athygli á eftirfarandi:

Með tilvísun til uppkasts ráðuneytisins að afsali fyrir eign þessari, 3ja tölulið, er gert ráð fyrir, að þér greiðið uppí kaupverð eignarinnar kr. 4.000.000.00 með 9% skuldabréfum til 10 ára.

Vér getum að sjálfsögðu fallist á að taka slík bréf sem greiðslu, en þó aðeins með því, að vér getum notað þau affallalaus sem greiðslu á skuldum, sérstaklega í Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, en með því að vér höfum rökstuddan grun um, að þessar lánsstofnanir séu ófáanlegar til að gera oss þannig peninga úr nefndum bréfum, er oss nauðsynlegt að fá formlega staðfestingu á vinsamlegum ummælum yðar um, að lánsstofnanir þessar, eða peningastofnanir, kaupi skuldabréfin, því með því eina móti getum vér leyst aðkallandi rekstrarfjárþörf vora, en vegna hennar höfum vér neyðst til að selja hluta af þessari húseign.

Umræður um kaup þessi, sem virðast vera ákveðin af hálfu beggja aðila, en hefur dregist lengur að ganga frá en vonir upphaflega stóðu til, hafa sett oss í fjárhagslegan vanda. Er oss því nauðsynlegt að fá skriflega staðfestingu yðar, herra iðnaðarmálaráðherra, á framanrituðu, sem nú virðist vera hið eina, er úrlausnar bíður."

Þá er Arnold Bjarnason kom fyrir dóm vegna máls þessa, bar hann, að eftir að samið hafi verið um sölu á húsnæði stefnda til Iðnaðarmálastofnunarinnar og komið hafði í ljós, að húsnæðið yrði greitt með 10 ára skuldabréfum, þá hafi vitnið og aðrir fyrirsvarsmenn stefnda rætt við iðnaðarmálaráðherra, þar sem stefndi var kominn í mikil greiðsluvandræði, að það mundi ekki leysa þann greiðsluvanda fyrirtækisins að fá 10 ára skuldabréf, en því hafi ráðherrann svarað, að ríkissjóður mundi sjá til þess, að bréfin yrðu keypt í bönkunum, og hafi þess vegna fjárhæðinni verið skipt í nokkur skuldabréf að hæfilegri fjárhæð og bréfið, sem mál þetta er af risið, að fjárhæð kr. 2.000.000, hafi átt að selja í Búnaðarbankanum.

Bankarnir, sem um ræðir, hafi verið Útvegsbankinn, Búnaðarbankinn og Iðnaðarbankinn og hafi fjárhæðum bréfanna verið hagað í samræmi við fyrirhugaða sölu og hafi það verið lögmaður stefnanda, sem annaðist samningu skuldabréfanna.

Arnold bar, að hann teldi öruggt, að það hafi komið fram á fundinum 7. júlí 1967, að Ingólfur Jónsson ráðherra ætlaði að sjá um sölu á nefndu bréfi. Eftir þennan fund, þegar verið var að ganga frá skuldabréfunum, þá hafi Arnold verið á skrifstofu samgöngumálaráðherra Ingólfs Jónssonar og þá hafi ráðherrann sagt við fulltrúa sinn, sem nú sé lögmaður stefnanda, að hann, þ. e. ráðherrann, ætti að fá tveggja milljón króna bréfið, en þetta bréf hafi verið eina bréfið, sem var að fjárhæð tvær milljónir króna. Arnold kvaðst telja, að bréfið hafi verið afhent ráðherranum, a. m. k. hafi það aldrei komið í hendur fyrirsvarsmanna stefnda.

Hinn 26. nóvember 1969 kom Sigurður Helgason hæstaréttarlögmaður, fyrrverandi framkvæmdastjóri stefnda, fyrir dóm vegna máls þessa. Sigurður sagði fyrir dómi, að hann vissi lítið um þetta mál, en kvaðst þó halda, að við þessar viðræður við hina erlendu fulltrúa þá hafi komið fram, að Gísli Gíslason hafi í greiðaskyni ætlað að beita sér fyrir því, að bréfin frá Iðnaðarmálastofnuninni fengjust seld í bönkum. Sigurður sagðist halda, að Gísli Gíslason hafi ætlað að gera þetta í greiðaskyni við báða aðilja eða til þess að leysa málið. Sigurður sagðist halda, að við

söluna á bréfunum hafi Gísli Gíslason ætlað að njóta aðstoðar Ingólfs Jónssonar ráðherra, en tók fram, að þetta séu hlutir, sem hann viti ekki með neinni vissu.

Þá er Friðrik Þórðarson kom fyrir dóm, bar hann, að alltaf hafi verið meiningin að tveggja milljón króna skuldabréfið yrði selt og mundi Ingólfur Jónsson ráðherra hafa milligöngu um þá sölu og muni það hafa verið ástæðan fyrir því, að ekki hafi verið minnst á afborganir og vexti á dskj. nr. 4. Friðrik sagðist persónulega hafa átt viðtal við iðnaðarmálaráðherra um sölu á bréfum þessum og þar á meðal, að Ingólfur Jónsson ráðherra mundi annast sölu á tveggja milljón króna bréfinu. Ekki gat Friðrik fullyrt, að hann hafi sjálfur talað við Ingólf Jónsson ráðherra um, að hann annaðist sölu á bréfinu, en sagði, að það hafi legið í loftinu. Í því sambandi tók Friðrik fram, að þegar gengið var frá sölu húsnæðis Verslanasambandsins niður í stjórnarráði, þá hafi Friðrik skrifað hjá sér athugasemdir og þ. á m., að Ingólfur Jónsson tæki við tveggja milljóna bréfinu, og það hafi Ingólfur Jónsson raunverulega gert. Bréfið hafi aldrei komið í hendur Verslanasambandsins.

Sigurður Óli Ólason bar fyrir dómi, að þeir stjórnarmenn Verslanasambandsins hafi reiknað með því, að tveggja milljón króna bréfið yrði selt affallalaust í banka, en kvaðst ekki geta sagt, að um loforð hafi verið að ræða. Hafi hann reiknað með þessu og a. m. k. hafi einhver bréf vegna sölu þessarar gengið affallalaust upp í greiðslu á skuldum Verslanasambandsins við Útvegsbankann.

Ragnar Jónsson bar fyrir dómi, að hann vissi ekki til þess, að það hafi verið skilyrði í samningunum við Kremer, að skuldabréfið yrði selt, en sagði, að einhvern tíma hafi Sigurður Óli Ólason og Friðrik Þórðarson sagt sér, að hægt mundi vera að selja bréfið. Ekki gat Ragnar sagt, hvenær þessar samræður áttu sér stað, en hélt, að það hafi verið eftir 7. júlí 1967. Ekki mundi Ragnar heldur, hvar þeir sögðu honum þetta, en það geti hafa verið á stjórnarfundi. Ragnar tók fram í þessu sambandi, að Friðrik Þórðarson hafi verið starfsmaður Verslanasambandsins h/f og Sigurður Óli Ólason hafi skrifstofu í sama húsi og Verslanasambandið h/f var í, enda sé hann stjórnarformaður félagsins og muni þeir tveir vera miklu kunnugri þessum málum en Ragnar. Ragnar og hinir tveir stjórnarmenn hafi ekki fylgst svo nákvæmlega með málum félagsins, þar sem þeir mættu bara á stjórnarfundum, sem hafi verið nokkrum sinnum á ári.

Gísli Gíslason bar fyrir dómi, að ekki hafi komið til tals á fundinum, að Ingólfur Jónsson ráðherra ætlaði að sjá um sölu á skuldabréfinu. Aldrei hafi Gísli sjálfur ætlað að sjá til þess, að bréfið yrði selt. Þá er stefndi seldi hluta af húsi sínu ríkinu, þá hafi hluti af húsnæðinu verið keyptur fyrir skóla og hluti fyrir Iðnaðarmálastofnun ríkisins og hafi hluti af bréfunum verið seldur í bönkum, að Gísli hélt, en þetta bréf hafi verið lagt til hliðar og hafi verið notað til að greiða skuldir við stefnanda og hafi bréfið verið afhent Ingólfi Jónssyni.

Af því, sem hér hefur verið rakið, og þegar litið er á dskj. nr. 14, þá virðist líklegt, að talað hafi verið um, að skuldabréf það, sem mál þetta er af risið, yrði selt í banka. Samkvæmt framburði þeirra Arnolds Bjarnasonar, Friðriks Þórðarsonar, Sigurðar Óla Ólasonar þá hefur Ingólfur Jónsson ætlað að sjá um þá sölu. En ef það hefur verið ætlunin að selja bréfið fljótlega í banka, þá er þar ef til vill fengin skýring á því, að ekki er minnst á vexti á dskj. nr. 4.

Það virðist ljóst, að skuldabréfið hafi aldrei komið í hendur stefnda, heldur hafi það verið afhent Ingólfi Jónssyni. Var þó skuldabréfið hluti af greiðslu til stefnda fyrir húsnæði, sem stefndi seldi ríkissjóði.

Í skjölum málsins og yfirheyrslum er aftur og aftur minnst á Ingólf Jónsson, þáverandi ráðherra, sem trúnaðarmann stefnanda og þann, sem hafi ætlað að sjá um sölu skuldabréfsins. Eins og áður er rakið, var málinu frestað ítrekað í því skyni að fá Ingólf Jónsson fyrir dóm til yfirheyrslu, en hann neitaði að mæta.

Samkvæmt gögnum málsins verður að líta svo á, að stefnandi hafi tekið við umræddu skuldabréfi sem greiðslu á viðskiptaskuld stefnda við stefnanda. Á dskj. nr. 8 er bréf frá stefnanda til stefnda, dags. 24. júlí 1967. Samkvæmt þessu bréfi eru skuldir stefnda við stefnanda 1. júlí 1967 DM 209.594.28, hinn 7. júlí 1967 lækkar skuldin um DM 185.317.31, en við þá inngreiðslu stendur „bonds received value: isl. kr. 2.000.000.00", þá er skuld stefnda við stefnanda DM 24.276.97, hinn 12. júlí 1967 hækkar skuldin um DM 7.587.50, við þann lið stendur „interest charged for loan as per voucher No. 24", hinn 19. júlí 1967 lækkar skuldin aftur um DM 25.000.00, en við þann lið stendur „your Payment by cheque". Eru þá eftirstöðvar skuldar stefnda við stefnanda DM 6.864.47. Í bréfi þessu er óskað eftir því af hálfu stefnanda, að stefndi greiði DM 6.864.47, eins fljótt og hægt er.

Að þessu leyti er málavaxtalýsing í stefnu og greinargerð á

dskj. nr. 2 röng, en þar segir, að skuldin hafi numið DM 185.317.31 hinn 7. júlí 1967, þegar gengið hafi verið frá skuldaskilum aðilja.

Á dskj. nr. 10, sem er bréf frá stefnanda til stefnda, dags. 18. október 1967, stendur svo í íslenskri þýðingu:

„Heiðruðu herrar.

Við staðfestum með þakklæti móttöku tékka að upphæð DM 6.864.47, sem herra Gísli Gíslason hefur framselt okkur. Við móttöku þessarar borgunar er viðskiptareikningur yðar, samkvæmt reikningsyfirliti okkar frá 24. júlí 1967, sléttur, svo engar kröfur liggja fyrir frá okkar hendi.

Við munum enga vexti reikna á tímabilinu frá 24. júlí 1967 til móttöku tékkans.

Um leið og við óskum yður viðskiptalega og persónulega alls hins besta, sendum við yður vinsamlegar kveðjur."

Þegar litið er á dskj. nr. 8 og dskj. nr. 10, þá verður ekki annað séð en að stefnandi hafi tekið skuldabréfið sem greiðslu og kvittað sem inngreiðslu frá stefnda fjárhæð skuldabréfsins, kr. 2.000.000, umreiknaða í vestur-þýsk mörk á þáverandi gengi, eða 185.317.31. Af hálfu stefnanda er því reyndar haldið fram, að hann hafi tekið skuldabréfið og gengistryggingu á dskj. nr. 4 sem greiðslu, en ekki eingöngu skuldabréfið. En dskj. nr. 4 sé gengistrygging.

Eftir því, sem fram hefur komið um fundinn 7. júlí 1967, þá hafa að öllum líkindum verið á fundinum að minnsta kosti þeir Johan Kremer og með honum þeir Ingólfur Jónsson og Gísli Gíslason og af hálfu stefnda þeir Sigurður Óli Ólason, Ragnar Jónsson, Friðrik Þórðarson og Arnold Bjarnason. Þeir fjórir síðasttöldu hafa allir borið fyrir dómi, að ástæðan fyrir því, að dskj. nr. 4 var samið, hafi verið, að skuldabréfið var ekki tilbúið. En dskj. nr. 4 er dagsett 7. júlí 1967 og dskj. nr. 3 dagsett 10. júlí 1967.

Gísli Gíslason hefur borið, að ætlunin með dskj. nr. 4 hafi verið að gengistryggja skuldabréfið. Yfirlýsingin á dskj. nr. 4 sé gengisyfirlýsing, og skyldi hún gilda sem gengistrygging, uns skuldin væri að fullu greidd, hvort heldur það væri 10 ár eða skemmri tími. Ekki gat Gísli svarað því, hvers vegna er ekki minnst á vexti, en sagði, að það mundi vera klaufaskapur. Á fundinum hafi verið talað um gengi og gengistryggingu og eina meiningin með dskj. nr. 4 hafi verið að gengistryggja skuldina.

Ragnar Jónsson bar fyrir dómi, að ekkert hafi verið minnst á gengi ellegar gengistryggingu.

Lögmenn beggja aðilja hafa haldið því fram, að fyrirsvarsmenn umbjóðenda þeirra hvors um sig séu snjallir og reyndir kaupsýslumenn. Það gerir það ef til vill ólíklegt, að það sé klaufaskapur, að ekki er minnst á vexti.

Af hálfu stefnda hefur því og verið haldið fram, að stefnandi hafi þurft að tryggja sér yfirfærslu á afborgunum og vöxtum, en það hafi enginn getað tryggt nema stefndi, sem gat staðfest, að bréfið væri greiðsla á innfluttum vörum, og ætti því raunverulega að yfirfærast. En gjaldeyrisyfirvöld geti verið treg til að veita yfirfærslur, enda útilokað að fá yfirfærslur á afborgunum og vöxtum af skuldabréfi, nema gjaldeyrisyfirvöldum væri sýnt fram á, að hin yfirfærða fjárhæð væri greiðsla á vörum eða varningi, sem sendur hefði verið til landsins og greiðast ætti á þennan hátt.

Efni yfirlýsingarinnar á dskj. nr. 4 er svohljóðandi:

„Undirrituð stjórn Verslanasambandsins h.f., Reykjavík, lýsir því hér með yfir, að hún ábyrgist firmanu Eisenhandel Kremer, Elmshorn í Vestur-Þýskalandi, fulla greiðslu í þýskum mörkum á andvirði ríkistryggðra skuldabréfa, að nafnverði kr. 2.000.000.00 — tvær milljónir króna — miðað við gengi vestur-þýska marksins, eins og það er í dag, (DM 100=1.079.23) eða vestur-þýskra marka 185.317.31, og gildir þessi skuldbinding vor, þar til andvirði bréfanna er að fullu greitt og yfirfært til nefnds firma eða samkvæmt tilvísun þess."

Eins og sjá má, er orðalag þessarar yfirlýsingar óljóst, en þegar litið er til þess, að hvergi er minnst á vexti í yfirlýsingunni, en samkvæmt dskj. nr. 12 þá nema vextir af skuldabréfinu í 10 ár kr. 958.500, þykja líkur benda til þess, að við samningu yfirlýsingarinnar hafi ekki verið höfð í huga langtíma viðskipti.

Þegar til alls þess er litið, sem rakið hefur verið um væntanlega sölu á skuldabréfum þeim, sem stefndi fékk við sölu á hluta húseignar sinnar til ríkissjóðs, þess, sem rakið hefur verið um fundinn 7. júlí 1967, þess, að ekki er minnnst á vexti á dskj. nr. 4 og orðalags yfirlýsingarinnar og þá sérstaklega „miðað við gengi vestur-þýska marksins eins og það er í dag (DM 100=1.079.23)", þá þykir ólíklegt, að yfirlýsingin á dskj. nr. 4 hafi átt að vera gengistrygging.

Þegar svo er litið á dskj. nr. 8 og 10, þá þykir verða að telja, að stefnandi hafi með viðtöku á skuldabréfinu og kvittun á viðskiptareikningi stefnda tekið skuldabréfið sem greiðslu á DM 185.317.31, þannig að það, hvað varð um skuldabréfið, eftir að

það var afhent Ingólfi Jónssyni f. h. stefnanda, sé á ábyrgð stefnanda. Hér er og á það að líta, að lögmaður stefnanda upplýsti 26. nóvember 1969, að umboðsmenn stefnanda hér á landi hafi sótt um langlánaleyfi 2 sinnum og hafi fengið það.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir, formaður dómsins, ásamt meðdómandanum Jóhanni Ólafssyni kaupmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Verslanasambandið h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kristins Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns f. h. Eisenhandel Kremer, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
meðdómandans Gauks Jörundssonar:

Samkvæmt gögnum málsins verður að líta svo á, að stefnandi hafi tekið við umræddu skuldabréfi sem greiðslu á viðskiptaskuld stefnda við stefnanda. Kemur þá til athugunar, hvers efnis verði að telja fyrrgreinda yfirlýsingu frá 7. júlí 1967. Orðalag hennar er óljóst, og þeir, sem að henni stóðu, eru ósammála um, hverju hlutverki henni hafi verið ætlað að gegna. Yfirlýsingin var samin af þremur stjórnarmönnum stefnda, en hún síðan þýdd munnlega fyrir forsvarsmanni stefnanda. Að sjálfsögðu verður ekki fullyrt, hvernig tekist hafi til um þýðinguna, en miðað við orðalag yfirlýsingarinnar, eins og hún liggur fyrir í málinu, verður að telja, að það hafi verið til þess fallið að vekja þá hugmynd hjá fyrirsvarsmönnum stefnanda, að stefndi ábyrgðist stefnanda greiðslu skuldabréfsins í þýskum mörkum, reiknuðum eftir gengi því, sem gildandi var við undirritun yfirlýsingarinnar. Á það einkum við þann hluta yfirlýsingarinnar, sem tilgreinir heildarfjárhæðina í þýskum mörkum, „eða vestur-þýskra marka 185.317.31." Verður heldur ekki talið, að orðalagið bendi beinlínis til þess, að stefndi væri gagngert að undanþiggja sig áhættu af gengisbreytingum. Verður eftir öllum málavöxtum að meta vafa um efni yfirlýsingarinnar að þessu leyti stefnda í óhag. Miðað við þessa niðurstöðu þykir eðlilegast að skýra yfirlýsinguna svo, að hún taki einnig til vaxta af skuldabréfinu.

Þar sem ekki er ágreiningur um tölulega útreikninga á stefnu-

kröfunum, ber samkvæmt framanrituðu að taka þær til greina með vöxtum, eins og krafist hefur verið. Hins vegar þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Samkvæmt þessu er dómsorð sératkvæðisins svohljóðandi:

Dómsorð:

Stefndi, Verslanasambandið h/f, greiði stefnanda, Kristni Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Eisenhandel Kremer, kr. 352.500 með 7% ársvöxtum frá 15. maí 1968 til greiðsludags innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 20. janúar 1975.

Nr. 6/1975. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurði Inga Tómassyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Þórir Oddsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 16. janúar 1975, er barst Hæstarétti 17. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið til Hæstaréttar hinum kærða úrskurði og krafist þess, að hann verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 16. janúar 1975.

Ár 1975, fimmtudaginn 16. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi:

Málsatvik.

Við rannsókn máls varðandi ólöglegan innflutning áfengis komu fram upplýsingar þess efnis, að umtalsvert magn áfengis hefði verið sett í sjóinn frá m/s Laxfossi á árinu 1973. Gunnar H. Gunnarsson stýrimaður var sagður eiga þátt í atferli þessu.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík viðurkenndi hannn að hafa í félagi við sex menn aðra, sem hann nafngreindi, sett í sjóinn 20-30 kassa af 96% spíritus á milli Garðskaga og Reykjavíkur á árinu 1973 í ágúst. Áfengi þetta glataðist að hans sögn. Sömuleiðis kannaðist hann við að hafa í mars 1973 sett í sjóinn miðja vegu milli Garðskaga og bauju nr. 6 6 kassa af vodka 75% ásamt tveimur öðrum aðiljum.

Áfengi þetta glataðist einnig að hans sögn.

Einn þeirra aðilja, sem hann nafngreindi, er Sigurður Ingi Tómasson vélstjóri, Kárastíg 12, Reykjavík.

Hann neitar að vita nokkuð um mál þetta.

Ekki hefur náðst til þeirra, sem nafngreindir hafa verið, en 3-4 þeirra eru hér í bænum, og er verið að reyna að ná til þeirra.

Með hliðsjón af framansögðu og tilvísun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 74/1974 þykir ekki verða hjá því komist að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, þar sem ætla má, að hann kynni að torvelda rannsókn málsins með óskertu frelsi, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ákvörðun þessari ekki til fyrirstöðu, þar sem brot það, sem kærði er grunaður um, gæti varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt IX. kafla laga 59/1969, ef sannaðist.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 3 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurður Ingi Tómasson, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 3 dögum.

Þriðjudaginn 21. janúar 1975.

Nr. 111/1974. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Hreppsnefndum Ásahrepps og Djúpárhrepps vegna hreppannna og eigendum og ábúendum jarða í þeim hreppum
(Páll S. Pálsson hrl.)
Hreppsnefndum Holtahrepps og Landmannahrepps vegna hreppanna, eigendum og ábúendum jarða í þeim hreppum og eigendum jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
Hreppsnefnd Skaftártunguhrepps vegna hreppsins og eigendum og ábúendum jarða í þeim hreppi
(Skúli J. Pálmason hrl.)
Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu vegna sýslunnar og hreppsnefnd Saurbæjarhrepps vegna hreppsins
(Friðrik Magnússon hrl.)
og
Hreppsnefndum Bárðdælahrepps og Ljósavatnshrepps vegna hreppanna og eigendum og ábúendum jarða í þeim hreppum
(Jón Finnsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með

kæru 7. maí 1974, sem Hæstarétti barst 4. júní 1974. Krefst hann þess, að frávísunardómur aukadómþings Rangárvallasýslu, uppkveðinn 24. apríl 1974, verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdóm að dæma um efni málsins. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi allra varnaraðilja nema hreppsnefnda Bárðdælahrepps og Ljósavatnshrepps vegna hreppanna og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppum.

Varnaraðiljar Ásahreppur, Djúpárhreppur, Holtahreppur, Landmannahreppur og eigendur jarða Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi hafa krafist þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur, þó þannig, að dæmd gjafvarnarlaun til talsmanna þeirra verði hækkuð. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Varnaraðiljar Eyjafjarðarsýsla og Saurbæjarhreppur krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Varnaraðiljar Bárðdælahreppur og Ljósavatnshreppur svo og eigendur og ábúendur jarða í þeim hreppum krefjast þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur. Verði frávísunardómur staðfestur eða meðferð málsins ómerkt frá upphafi, krefjast þeir þess, að ákveðin verði hæfileg málsvarnarlaun til talsmanna þeirra í héraði og fyrir flutning kærumáls þessa fyrir Hæstarétti.

Varnaraðiljar Skaftártunguhreppur og eigendur og ábúendur jarða í þeim hreppi hafa einungis uppi þær kröfur fyrir Hæstarétti, að dæmd gjafvarnarlaun verði staðfest.

Kærumál þetta hefur verið munnlega flutt samkvæmt 2. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1973.

I.

Mál þetta hefur verið rekið fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu. Það hefur verið dæmt með samdómendum.

II.

Könnun á málatilbúnaði leiðir eftirfarandi í ljós:

1. Sóknaraðili fór þess á leit við sýslumann Rangárvallasýslu með bréfi, dags. 19. ágúst 1971, að hann gæfi út „opin-

bera eignardómsstefnu" samkvæmt 220. gr. laga nr. 85/1936. Er bréf þetta í heild tekið upp í hinn kærða dóm. Bréfinu fylgdi endurrit af mótmælum, sem uppi voru höfð af hálfu sóknaraðilja á stofnfundi Veiðifélags Þórisvatns hinn 8. ágúst 1971. Þá fylgdi enn fremur stefna sú, sem tekin er upp í hinn kærða dóm. Gaf sýslumaður Rangárvallasýslu hana út hinn 26. ágúst 1971, og er hún birt með þeim hætti, er greinir í hinum kærða dómi.

Með bréfi, dags. 10. október 1973, óskaði sóknaraðili þess, að formaður dómsins, er fór með málið í héraði, gæfi út framhaldsstefnu. Varð dómsformaður við þeim tilmælum og gaf út opinbera framhaldsstefnu hinn 26. október s. á. Var stefnan birt í Lögbirtingablaði 2. nóvember 1973. Er meginefni hennar tekið upp í héraðsdóm.

Bréf sóknaraðilja til sýslumanns Rangárvallasýslu, er fyrr greinir, fól eigi í sér næga greinargerð um heimild að lögum til útgáfu eignardómsstefnu. Að svo förnu mátti héraðsdómari eigi gefa hana út, sbr. 220. gr., 217. og 218. gr. laga nr. 85/1936.

2. Svo sem rakið er í héraðsdómi, krefst sóknaraðili í frumstefnu 26. ágúst 1971 viðurkenningar á „eignarrétti ríkisins að Þórisvatni og Holtamannaafrétti og almenningum, til forna nefnt Þjórsártungur". Hann kveðst þó viðurkenna „rétt byggðamanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem hefð og venjur eru fyrir, svo langt sem þau koma til greina og með tilheyrandi skyldum og kvöðum", en telja sig „eiganda („grunn"-eiganda) til lands, vatna og vatnsbotna, með öllum verðmætum (jarðefnum) í jörðu og á, þar á meðal vatnsréttinda allra á hinu umstefnda svæði". Er síðar í stefnunni lýst með talningu kennileita mörkum svæðis þess, sem krafist er eignardóms fyrir. Í greinargerð sóknaraðilja í héraði eru kröfur þessar ítrekaðar og krafist dóms um eignarrétt hans að landsvæði þessu „að undanskildum hefð- og lögbundnum réttindum afréttarhafa". Ekki eru þau réttindi, sem sóknaraðili telur takmarka eignarrétt sinn, nánar skilgreind í greinargerðinni. Í framhaldsstefnu sóknaraðilja 26. október 1973 er mörkum landsvæðis þess, sem krafa er gerð

til, lýst með talningu kennileita og þau mörkuð á landabréf. Krefst sóknaraðili þar viðurkenningar á eignarrétti sínum að landsvæði því, sem á landabréfið er markað, ásamt „vötnum og vatnsbotnum, með öllum verðmætum og jarðefnum, í jörðu og á, svo og vatnsréttindum, en að viðurkenndum rétti bænda (lögbýla) til venjulegra og hefðbundinna afréttarnota svo langt sem þau koma til greina, ásamt með tilheyrandi skyldum og kvöðum". Kröfur þessar eru ítrekaðar í greinargerð framhaldssakar.

Það er grundvallarregla íslensks réttar, að sá, sem krefst réttinda sér til handa í dómsmáli, verði að gera skýra grein fyrir þeim. Í máli þessu hefur sóknaraðili ekki greint skýrlega, hver séu fasteignaréttindi þau, sem hann telur sig eiga, en skorta formlegar heimildir um. Meðal annars brestur alveg skilgreiningu á, hver afnotaréttindi, kvaðir og önnur óbein eignarréttindi hann viðurkenni, að aðrir aðiljar eigi á landsvæði því, er hann telur eign sína.

3. Svo sem sakarefni er markað í máli þessu, bendir margt til þess, að landsvæði þau, er málssóknin varðar, teljist til fleiri en eins lögsagnarumdæmis. Er þá athugunarefni, hvort varnarþing sé rétt, eins og á stendur, sbr. 216. og 220. gr. laga nr. 85/1936. Sakarefni er eigi afmarkað landfræðilega með þeim hætti, að gerlegt sé að fjalla um þessa hlið málsins.

Eins og lýst hefur verið hér að framan, er málssókn þessi haldin slíkum megingöllum, að vísa ber málinu frá héraðsdómi. Samkvæmt þessu verður staðfest niðurstaða hins kærða dóms um frávísun málsins, ákvörðun málskostnaðar og gjafvarnarkostnaðar.

Kærumálskostnaður falli niður.

Staðfesta ber athugasemdir héraðsdóms um meðferð málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

I.

Ég vísa til atkvæðis meiri hluta dómenda um kröfugerð málsaðilja fyrir Hæstarétti.

II.

Sóknaraðili gerði eigi glögga grein fyrir því í beiðni til sýslumanns Rangárvallasýslu 19. ágúst 1971 um útgáfu eignardómsstefnu, með hverri heimild hann teldi sig kominn að þeim landsvæðum, sem hann beiddist eignardóms fyrir. Tilgreining fasteignar þeirrar, er eignardómsbeiðnin tók til, var með öllu óljós og sú ein, að um væri að ræða afréttir og hálendissvæði í og upp af embættisumdæmi héraðsdómarans. Verður ekki séð, að héraðsdómari hafi krafið sóknaraðilja nánari skýrslna um framangreind atriði, áður en hann gaf út eignardómsstefnu, svo sem rétt hefði verið. Samkvæmt þessu fullnægði sóknaraðili eigi skilyrðum þeim, sem sett eru í 220. gr., sbr. 217. gr. laga nr. 85/1936 fyrir því, að orðið yrði við beiðni hans um útgáfu eignardómsstefnu.

Ljóst er af málsreifun sóknaraðilja fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, að hann reisir kröfur sínar um eignardóm fyrir landsvæðum þeim, sem um getur í eignardómsstefnu 26. ágúst 1971 og framhaldsstefnu 26. október 1973, á því, að landsvæði þessi séu almenningur og hafi engir tekið á þeim heimildir til fullkominna eignarráða. Hluti þeirra sé að vísu afréttur, Holtamannaafréttur, en af því leiði það eitt, að afréttarhafar megi nota afréttinn „til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem hefð og venjur eru fyrir, svo langt sem þau koma til greina og með tilheyrandi skyldum og kvöðum". Hins vegar sé sóknaraðili fortakslaust eigandi allra landsvæðanna samkvæmt þeirri réttarreglu, að ríkið eigi öll lönd, sem aðrir hafi ekki stofnað til eignarréttar yfir sér til handa.

Samkvæmt 220. gr. laga nr. 85/1936 getur maður beiðst útgáfu eignardómsstefnu, ef hann sannar eða gerir sennilegt,

„að hann hafi öðlast réttindi yfir fasteign . . . með samningi eða hefð, en hann skortir skilríki fyrir rétti sínum". Að framan hefur verið lýst þeim lagagrundvelli, sem sóknaraðili reisir eignardómskröfu sína á. Hann hefur hvorki haft umrædd landsvæði í eignarhaldi, sem leitt gæti til hefðar, né reisir hann eignartilkall sitt á öðrum réttaratvikum, sem 220. gr. tekur til berum orðum eða fyrir lögjöfnun. Þegar af þeim ástæðum, sem nú hafa verið greindar, er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um, að staðfesta beri úrlausn héraðsdóms um, að málinu skuli vísað frá dómi.

Þar sem ég fellst einnig á atkvæði meiri hluta dómenda, að því er varðar málskostnað, gjafvarnarlaun og athugasemdir héraðsdóms um málsmeðferð í héraði, er ég samþykkur dómsorðinu.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 24. apríl 1974.

Mál þetta var dómtekið 22. f. m.

Tildrög málshöfðunar þessarar eru þau, að hinn 19. ágúst 1971 ritaði lögmaður stefnanda sýslumanninum í Rangárvallasýslu svofellt bréf:

„Í framhaldi af samtölum við yður, herra sýslumaður, sbr. og meðf. mótmælagerð á stofnfundi svokallaðs „Veiðifélags Þórisvatns" 8. þ. m. leyfi ég mér hérmeð f. h. Fjármálaráðuneytisins að fara þess á leit, að þér gefið út með heimild í 220. gr. einkamálalaga opinbera eignardómsstefnu til þess að fá ákveðna með dómi eignarréttarstöðu afrétta og hálendissvæðanna í og upp af embættisumdæmi yðar, þ. á m. Þórisvatnssvæðisins. Augljóst er, að venjuleg dómsmeðferð verður ekki viðhöfð, m. a. af því, að hvergi er á vísan að róa um varnaraðild(ir). Ég vænti þess því, að þér gefið út opinbera eignardómsstefnu, og hefi ég í því skyni látið fylgja uppkast að slíkri stefnu, sem ég fer fram á, að þér undirritið eftir að hafa ákveðið fyrirtökudag. Um fyrirtökustað og varnarþing færi eftir því, sem við höfum talað um, og varla getur annars staðar verið en á skrifstofu embættis yðar."

Hinn 26. ágúst 1971 gaf sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu út opinbera stefnu með svofelldum kröfum:

„Fjármálaráðherra Halldór E. Sigurðsson hefir fyrir hönd ríkissjóðs farið þess á leit samkvæmt 220. grein laga nr. 85 1936, að út verði gefin eignardómsstefna til viðurkenningar á eignar-

rétti ríkisins að Þórisvatni og Holtamannaafrétti, og almenningum, til forna nefnt Þjórsártungur, en bein formleg eignarheimild að landsvæðum þessum liggur ekki fyrir. Er mikils um vert, og öllum hlutaðeigendum nauðsynlegt, að fá skorið úr um réttarstöðu þessara landsvæða, enda líklegt, að dómur í málinu yrði til mikilsverðrar leiðbeiningar um eignarréttarstöðu gagnvart öðrum afréttum í landinu, enda þótt því sé að vísu haldið fram, að um Holtamannaafrétt gæti nokkurrar sérstöðu. Ríkisvaldið viðurkennir rétt byggðamanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem hefð og venjur eru fyrir, svo langt sem þau koma til greina og með tilheyrandi skyldum og kvöðum. Hins vegar telur það sig fortakslaust eiganda („grunn"-eiganda) til lands, vatna og vatnsbotna, með öllum verðmætum (jarðefnum) í jörðu og á, og þar á meðal vatnsréttinda allra á hinu umstefnda svæði. Landsvæði þau, sem málssókn þessi tekur til, afmarkast af Þjórsá að vestan, Sprengisandi eftir vatnaskilum að norðan, Tungnaá að sunnan, en að austan eftir Blautukvísl frá Tungnaá í Blautukvíslarbotna, þaðan sjónhending í Þóristind, þaðan í Þveröldu norðaustan Þórisvatns og síðan austur í Svartakamb, þar sem hann er hæstur og þvert í Tungnaá. Þaðan upp eftir Tungnaá og allt upp til jökla, síðan til Vonarskarðs, Tungnafellsjökuls og loks norður á Sprengisand, eins og fyrr var sagt. Eru mörk þessi að svo stöddu ákveðin sumpart eftir svokölluðum landamerkjaskrám afréttarins og sumpart dómssátt frá 7. ágúst 1951, en jafnframt áskilinn réttur til breytinga á kröfugerðinni síðar, hvað merkin snertir. Ennfremur er áskilinn réttur til þess að fá ákveðin með dómi, mati eða samkomulagi, mörk milli afréttar og almenninga á hinum umstefndu landsvæðum, ef ástæður þykja til.

Eins og málavöxtum er háttað, þykir eðlilegast að reka mál þetta fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu og þingfesta það á skrifstofu sýslunnar á Hvolsvelli."

Birtist stefna þessi í 51. tbl. 64. árgangs Lögbirtingablaðsins, sem út kom hinn 8. september 1971. Við þingfestingu málsins hinn 26. nóvember 1971 var sótt þing af hálfu Ásahrepps og Djúpárhrepps í Rangárvallasýslu og einnig af hálfu einstakra jarðeigenda og ábúenda í hreppum þessum. Í greinargerð, sem fram hefur komið sameiginlega af hálfu þessara aðilja, eru þessar dómkröfur gerðar:

1. Að hrundið verði öllum kröfum stefnanda.
2. Að viðurkenndur verði að óskiptu eignarréttur nefndra hreppsfélaga, en til vara allra téðra jarðeigenda hvers um

sig og sameiginlega, að landsvæðum þeim, er um getur í stefnu, með öllum gögnum og gæðum, í jörðu og á.

3. Að stefnanda verði gert að greiða þessum aðiljum málskostnað að skaðlausu.

Við þingfestingu málsins var einnig sótt þing af hálfu samtaka sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi vegna „hins forna Sunnlendingafjórðungs" og þessum aðilja áskilinn réttur til kröfugerðar í málinu. Af hálfu þessa aðilja hefur eigi komið fram greinargerð eða kröfur.

Við þingfestingu málsins var einnig sótt þing af hálfu Holtahrepps og Landmannahrepps og eigenda og ábúenda jarða í þessum hreppum svo og af hálfu eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi. Í greinargerð, sem fram hefur komið sameiginlega af hálfu þessara aðilja, eru þær dómkröfur gerðar, að kröfum stefnanda verði hrundið og viðurkenndur verði með dómi í málinu sameignarréttur þessara aðilja með Ásahreppi og Djúpárhreppi að landsvæðum þeim, sem eignardómsstefnan fjallar um, „þ. e. svonefndum Holtamannaafrétti og Þjórsártungum" samkvæmt mati óvilhallra manna. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Við þingfestingu málsins var að lokum sótt þing af hálfu Skaftártunguhrepps í Vestur-Skaftafellssýslu og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi. Í greinargerð, sem fram hefur komið af hálfu þessara aðilja sameiginlega, eru þær dómkröfur gerðar, að kröfum stefnanda verði hrundið, að því er varðar þann hluta þess landsvæðis, sem eignardómsstefnan tekur til, sem er austan afréttarmarka Skaftártunguhrepps, en jafnframt muni vera mörk milli Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslu, en þau séu úr mynni Námskvíslar, þar sem hún fellur í Tungnaá, beina stefnu í Þveröldu fyrir norðan Þórisvatn, en að norðan verði mörkin að svo stöddu talin bein lína úr Þveröldu um Svartakamb í Tungnaá. Jafnframt er þess krafist, að viðurkenndur verði eignarréttur þessara aðilja að framangreindu landsvæði með öllum verðmætum gögnum og gæðum í jörðu og á, þar með töldum vatnsréttindum. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Er næst var háð þing í málinu hinn 6. maí 1972 var nú með samþykki fyrri aðilja einnig sótt þing af hálfu Bárðdælahrepps og Ljósavatnshrepps í Suður-Þingeyjarsýslu og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppum. Í greinargerð, sem fram hefur komið sameiginlega af hálfu þessara aðilja, eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda, að því er snertir land-

svæði þau á Sprengisandi og umhverfis Sprengisand, sem frá fornu fari hafa verið smöluð frá þessum hreppum, nánar tiltekið „norðan línu, sem dregin er úr Klakk eftir Háöldukvísl til Bergvatnskvíslar, frá ármótum Bergvatnskvíslar og Fjórðungskvíslar um vatnaskil sunnan Fjórðungskvíslar og síðan suðaustur í Vatnajökli á Bárðarbungu, þar sem hún er hæst.“ Jafnframt er þess krafist, að viðurkenndur verði eignarréttur þessara aðilja að nefndum landsvæðum með öllum verðmætum, gögnum og gæðum í jörðu og þar á meðal vatnsréttindum. Þá er þess og krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða þessum aðiljum málskostnað í málinu að mati dómsins. Það kemur fram í greinargerð þessara aðilja, að ekki sé gerð frávísunarkrafa, þó að tvímælis kunni að orka, að málið sé höfðað á réttu varnarþingi, að því er þessa aðilja varðar.

Með bréfi, dags. hinn 10. október 1973, fór lögmaður stefnanda þess á leit við formann dómsins, að gefin yrði út framhaldsstefna í málinu, er hafði að geyma svohljóðandi kröfugerð: „ . . . . Að fjármálaráðherra, Halldór E. Sigurðsson, hefir farið þess á leit fyrir hönd ríkissjóðs, að út verði gefin — samkv. heimild í 220. gr. laga nr. 85/1936 — framhaldsstefna í eignardómsmáli því, er höfðað var með opinberri stefnu, dags. 26. ágúst 1971, til viðurkenningar á eignarrétti ríkisins að Þórisvatni og Holtamannaafrétti og hálendissvæðunum þar upp af, til forna nefnt Þjórsártungur. Hafa Landmælingar ríkisins nú markað á eftirfarandi uppdrátt landsvæði þau, sem um er að ræða, og er hann birtur hér í formi framhaldsstefnu til glöggvunar og skýringar á dómkröfum málsins: . . . .

Samkvæmt þessu eru kröfur stefnanda þær, að ríkið verði talið grunneigandi að landsvæðum þeim, sem málssókn þessi tekur til og afmörkuð eru á uppdrætti þessum, nánar tiltekið: Af Þjórsá að vestan, síðan upp eftir Háöldukvísl að fjallinu Klakki, þaðan eftir vatnaskilum, svo sem þau eru mörkuð á kortinu, til Fjórðungsöldu, síðan yfir Tungnafellsjökul og Vonarskarð til Bárðarbungu, þaðan eftir hinum afmörkuðu vatnaskilum suður til Háubungu í Vatnajökli, þaðan beina stefnu í Jökulfitjar, þá niður eftir Tungnaá þar til á móts við Svartakamb, þar sem hann er hæstur, þaðan beina línu í Þveröldu norðaustan Þórisvatns, þaðan beina línu í Þóristind, og í Blautukvíslarbotna, og eftir Blautukvísl niður í Tungnaá, en þaðan ráði Tungnaá, þar til hún fellur í Þjórsá . . . . “

Auk þess var í framhaldsstefnunni uppdráttur, þar sem dregin voru mörk svæðis þess, sem kröfugerð stefnanda beindist að.

Hinn 26. október 1973 gaf formaður dómsins út framhaldsstefnu þessa.

Var framhaldssök málsins þingfest 12. janúar 1974.

Í greinargerð stefnanda í framhaldssök var nú aðild Skaftártunguhrepps mótmælt sem ólöglegri og þess krafist, að kröfum þessa aðilja verði vísað frá dómi og hann dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað. Þá var þess og krafist, að Landmannahreppur viki úr málinu, en málskostnaður falli niður, að því er hann varðar. Það kemur fram í greinargerð stefnanda í framhaldssök, að hann hafi hugsað sér að gera varakröfu varðandi „aðgreiningu (staðfræðilega) á afnotabundnum almenningum (þ. e. afréttarsvæðum) og hins vegar hinum frjálsu almenningum (gróðurlausum hálendissvæðum)", en þar sem áreið hafi ekki farið fram, verði slík kröfugerð að bíða.

Við þingfestingu framhaldssakar var sótt þing af hálfu sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu og hreppsnefndar Saurbæjarhrepps. Í greinargerð af hálfu þessara aðilja kemur fram, að þeir telji hluta landsvæðis þess, sem krafa stefnanda beinist að, vera innan marka landsvæðis þess, sem þessir aðiljar telji tilheyra Eyjafjarðarsýslu og Saurbæjarhreppi og afmarkað hefur verið á uppdrætti á dskj. nr. 81, sem þeir hafa lagt fram, en suðurmörk þessi séu „frá Miklafelli í Hofsjökul, norðan Háöldukvíslar, yfir Sprengisand syðst, í bug á Fjórðungskvísl og síðan um Fjórðungskvísl austur í Jökuldal, sunnan Tungnafells." Er þess krafist, að kröfum stefnanda, er beinast að landsvæði þessu, verði hrundið, en jafnframt verði viðurkenndur eignarréttur þeirra að landsvæði þessu með öllum gögnum og gæðum, sem landareigninni fylgja í jörðu og á. Þá er og mótmælt kröfum Bárðdælahrepps og Ljósavatnshrepps og annarra aðilja málsins að landsvæðinu norðan greindrar línu. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda og annarra gagnaðilja.

Í greinargerð í framhaldssök af hálfu Ásahrepps og Djúpárhrepps og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppum eru þessar dómkröfur gerðar:

1. Fyrir hönd Ása- og Djúpárhrepps, að málinu verði vísað frá dómi.
2. Ef málið verður látið ganga til efnisdóms, þá eru dómkröfur þær f. h. hreppsnefnda Ása- og Djúpárhrepps vegna hrepp-

anna sjálfra svo og eigenda og ábúenda jarða í hreppum þessum, að kröfum stefnanda verði hrundið.

3. Þá er þess og krafist, að stefnanda verði gert að greiða málsvarnarlaun til Ása- og Djúpárhreppa, eins og mál þetta væri ekki gjafvarnarmál, og gildir sú krafa, hvort sem málinu lyktar með frávísunar- eða efnisdómi.

Er frávísunarkrafan byggð á því, að stefnandi hafi ekki sannað eða gert sennilegt, að hann hafi öðlast þau réttindi yfir fasteign þeirri, sem eignardómskrafan beinist að, og að hann hafi ekki sent dómaranum skriflega beiðni um útgáfu eignardómsstefnu, svo sem ákvæði 217. gr. og 220. gr. laga nr. 85/1936 mæli fyrir um. Hafi dómarinn því ekki tekið afstöðu til þess á grundvelli slíkra gagna, hvort stefna skyldi gefin út. Þá er því og haldið fram, að form eignardómsmála verði ekki notað til að fá skorið úr því, hvort ríki geti átt landsréttindi, sem það hefur eigi áður gert tilkall til, hvort sem það taki þau til sín með sjálftöku og neyði vörsluhafa til málshöfðunar eða hafi sjálft frumkvæðið um málshöfðun. Þá er frávísunarkrafan og studd þeim rökum, að lögmaður stefnanda hafi notað greinargerð í framhaldssök til skriflegs málflutnings, sem sé andstætt ákvæði 2. mgr. 109. gr. laga nr. 85/1936, enda hafi eigi verið ákveðinn skriflegur málflutningur í málinu.

Í greinargerð í framhaldssök af hálfu Holtahrepps og Landhrepps, eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppum og jarðanna Næfurholts og Hóla eru þær dómkröfur gerðar, að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til að greiða þessum aðiljum málskostnað, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, þar á meðal málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra. Er frávísunarkrafan byggð á því, að eigi hafi verið lagalegur grundvöllur til að höfða mál þetta sem eignardómsmál samkvæmt 217. og 220. gr. laga nr. 85/1936. Jafnframt var því haldið fram, að málatilbúnaður af hálfu stefnanda fæli í sér skriflegan málflutning.

Í greinargerð í framhaldssök af hálfu Skaftártunguhrepps og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi eru þær dómkröfur gerðar, að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til að greiða þessum aðiljum málskostnað, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs talsmanns þeirra. Er frávísunarkrafan byggð á sömu sjónarmiðum og framangreindra varnaraðilja.

Í greinargerð í framhaldssök af hálfu Bárðdælahrepps og Ljósavatnshrepps og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppum eru þær dómkröfur gerðar, að málinu verði vísað frá dómi og þess-

um aðiljum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs talsmanns þeirra.

Í greinargerð í framhaldssök af hálfu sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu og hreppsnefndar Saurbæjarhrepps er þess krafist að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til að greiða þessum aðiljum málskostnað, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Frávísunarkröfur framangreindra aðilja í Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu eru byggðar á sömu rökum og frávísunarkröfur annarra varnaraðilja, en auk þess kemur fram af hálfu hvors þeirra, að landsvæði það, sem krafa stefnanda beinist að, sé að nokkru innan Eyjafjarðarsýslu og að nokkru innan Suður-Þingeyjarsýslu og sé því varnarþing málsins, að því er þessa hluta landsvæðisins varðar, í Eyjafjarðarsýslu eða Suður-Þingeyjarsýslu, væntanlega eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, sbr. lög nr. 41/1919, 1. gr., og lög nr. 29/1965, 1. gr.

Hinn 18. mars sl. ritaði lögmaður stefnanda dóminum bréf og tjáði honum, að sóknaraðili hefði ákveðið að færa kröfulínu sína í málinu frá vatnaskilum norðan Sprengisands og suður að línu þeirri, sem Bárðdælahreppur og Ljósavatnshreppur miðuðu kröfugerð sína við, en kröfugerð sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu og Saurbæjarhrepps nái hvergi suður fyrir þessa línu og séu þessir aðiljar því sjálfkrafa úr málinu.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfur varnaraðilja hinn 22. f. m.

Í þinghaldi þessu lýsti lögmaður Bárðdælahrepps og Ljósavatnshrepps og eigenda og ábúenda jarða í þessum hreppum því yfir, að af hálfu þessara aðilja sé fallið frá frávísunarkröfu þeirra í málinu, en jafnframt var því lýst yfir, að þeir geti ekki fallist á, að málið verði hafið, nema tryggt sé, að ekki verði með dómi í málinu fjallað um landsvæði norðan þeirra marka, sem þeir telji til réttar yfir. Af hálfu þessara aðilja var haldið fast við þegar gerða málskostnaðarkröfu.

Af hálfu annara varnaraðilja var haldið fast við framkomnar frávísunarkröfur og málskostnaðarkröfur. Af hálfu sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu og Saurbæjarhrepps var því lýst yfir, að fallið sé frá mótmælum gegn varnarþingi málsins.

Í þinghaldi þessu var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að fallið sé frá kröfubreytingu þeirri, sem fram komi í bréfi lögmanns stefnanda hinn 18. mars sl., og falli kröfur stefnanda því í sömu skorður og í framhaldsstefnu. Jafnframt var því lýst yfir, að fall-

ið sé frá frávísunarkröfum hans, að því er varðar Landmannahrepp og Skaftártunguhrepp.

Af hálfu stefnanda var þess krafist í þessum þætti málsins, að frávísunarkröfum varnaraðilja verði hrundið og varnaraðiljar dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað fyrir þennan þátt málsins, sem ákveðinn verði við endanlegan efnisdóm í málinu. Krafa stefnanda í þessum þætti málsins er byggð á því, að með bréfi, dags. hinn 19. ágúst 1971, hafi þess formlega verið farið á leit við sýslumanninn í Rangárvallasýslu, að eignardómsstefna yrði gefin út. Það hafi svo verið gert að undangenginni ítarlegri athugun. Er því jafnframt haldið fram, að önnur málsmeðferð en eignardómsmeðferð hafi ekki komið til greina, eins og málavöxtum sé háttað, og hafi ekki verið hallað rétti nokkurs aðilja, þvert á móti hafi allir haft greiða og óhindraða aðstöðu til að gæta réttar síns og hafa uppi kröfur, eins og raun hafi á orðið. Þá er frávísunarkröfunum mótmælt á þeim grundvelli, að þær komi allt of seint fram, en samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 skuli frávísunarkröfur koma fram strax og skuli þær teknar til sérstaks málflutnings strax.

Stefnandi telur sig frá alda öðli „grunneiganda" réttar þess, sem hann krefst viðurkenningar á í máli þessu.

Stefnanda var ljóst, er mál þetta var höfðað, að aðrir aðiljar teldu til réttar á landsvæði því, sem kröfugerð hans beinist að, svo sem fram kemur í frumstefnu, en nánar segir svo um þetta í greinargerð: „Fyrir liggur, að hrepparnir í lágsveitum Rangárþings telja til réttar á Holtamannaafrétti, einkum Ása- og Djúpárhreppar. Hins vegar er ekki kunnugt, hvort Holta- og Landmannahreppar láta mæta í málinu, en þeir eru aðiljar að Landmannaafrétti, en lítil sneið af Þórisvatni telst liggja í þeim afrétti. Loks hafa Þingeyingar haft við orð, að þeir „ættu" Sprengisand og Nýjadal."

Eins og mál þetta liggur fyrir, er ágreiningsefni aðilja utan marka þeirra, sem ákvæði 220. gr. laga nr. 85/1936 setur til höfðunar eignardómsmála. Á stefnandi ekki lögmæta kröfu til að reka mál þetta sem eignardómsmál samkvæmt 220. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að vísa málinu í heild frá dómi. Það er athugavert, að í greinargerðum stefnanda í aðalsök og framhaldssök felst skriflegur málflutningur. Hefur kröfugerð af hálfu stefnanda ekki verið stöðug. Þá er það og athugavert, að eigi hefur komið fram, hverjir eru eigendur og ábúendur jarða í Ása- og Djúpár-

hreppum, Skaftártunguhreppi og Ljósavatns- og Bárðdælahreppum, sem kröfur eru hafðar uppi fyrir í málinu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Hinn 28. ágúst 1972 veitti dómsmálaráðherra hreppsnefndum Ásahrepps og Djúpárhrepps f. h. hreppanna gjafvörn í málinu, og var Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður jafnframt skipaður til að flytja málið fyrir gjafvarnarhafa.

Hinn 22. nóvember 1972 veitti dómsmálaráðherra hreppsnefndum Holtahrepps og Landmannahrepps f. h. hreppanna gjafvörn í málinu, og var Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður jafnframt skipaður til að flytja málið fyrir gjafvarnarhafa.

Hinn 21. nóvember 1972 veitti dómsmálaráðherra Bárðdælahreppi og Ljósavatnshreppi gjafvörn í málinu. Hinn 6. september 1973 var Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður skipaður til að flytja málið fyrir gjafvarnarhafa.

Hinn 22. nóvember 1972 veitti dómsmálaráðherra hreppsnefnd Skaftártunguhrepps gjafvarnarleyfi í málinu, og hinn 8. ágúst 1973 var Skúli Pálmason hæstaréttarlögmaður skipaður til að flytja málið fyrir gjafvarnarhafa.

Hinn 22. mars 1974 veitti dómsmálaráðherra sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og hreppsnefnd Saurbæjarhrepps gjafvörn í málinu, og var Friðrik Magnússon hæstaréttarlögmaður jafnframt skipaður til að flytja málið fyrir gjafvarnarhafa.

Gjafvarnarkostnaður hreppsnefnda Ása- og Djúpárhrepps f. h. hreppanna greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðst kr. 275.000.

Gjafvarnarkostnaður hreppsnefnda Holtahrepps og Landmannahrepps f. h. hreppanna greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.000.

Gjafvarnarkostnaður hreppsnefndar Skaftártunguhrepps f. h. hreppsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Skúla Pálmasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 125.000.

Gjafvarnarkostnaður Bárðdælahrepps og Ljósavatnshrepps greiðist úr ríkissjóði, kr. 237.920, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.000.

Gjafvarnarkostnaður sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu og hrepps-

nefndar Saurbæjarhrepps, kr. 280.102.80, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Friðriks Magnússonar, kr. 200.000.

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 7. júlí 1972, vék hinn reglulegi dómari sæti í málinu. Hinn 13. júlí 1972 skipaði dómsmálaráðherra Bjarna K. Bjarnason borgardómara til að fara með mál þetta og dæma. Með úrskurði, uppkveðnum hinn 9. ágúst 1972, vék Bjarni K. Bjarnason sæti í málinu. Hinn 16. ágúst 1972 skipaði dómsmálaráðherra Guðmund Jónsson borgardómara til að fara með mál þetta og dæma. Hefur hann kveðið upp dóm þennan ásamt samdómendunum Steingrími Gauti Kristjánssyni héraðsdómara og Þórhalli Vilmundarsyni prófessor.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Gjafvarnarkostnaður hreppsnefnda Ásahrepps og Djúpárhrepps f. h. hreppanna greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 275.000.

Gjafvarnarkostnaður hreppsnefnda Holtahrepps og Landmannahrepps f. h. hreppanna greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.000.

Gjafvarnarkostnaður hreppsnefndar Skaftártunguhrepps f. h. hreppsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Skúla Pálmasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 125.000.

Gjafvarnarkostnaður Bárðdælahrepps og Ljósavatnshrepps, kr. 237.920, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.000.

Gjafvarnarkostnaður sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu og hreppsnefndar Saurbæjarhrepps, kr. 280.102.80, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Friðriks Magnússonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.000.

Þriðjudaginn 21. janúar 1975.

Nr. 139/1974. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Gunnari Jónssyni
(Sigurður Helgason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Nytjastuldur.

Dómur Hæstaréttar.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara, að ákærði sé sannur að sök um það atferli, sem ákæra í málinu lýtur að, og er háttsemi hans réttilega færð til refsiákvæða, svo sem ákæruskjal er úr garði gert. Í Hæstarétti eru lögð fram gögn um það, að ákærði hafi hlotið ökuskírteini hinn 16. október 1973, og var það endurnýjað 4. október 1974. Refsing ákærða þykir með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 15 daga varðhald, en vegna ungs aldurs ákærða þykir rétt að ákveða, að fullnustu refsingar skuli fresta og hún falla niður að 2 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið. Rétt þykir að svipta ákærða ökuleyfi 1 ár frá 12. mars 1974 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 20.000.

Það athugast, að héraðsdómari hefur eigi prófað ákærða sjálfstætt um sakarefni, heldur einskorðað prófið við að lesa fyrir honum skýrslu rannsóknarlögreglu. Eru þeir rannsóknarhættir andstæðir 77. gr. laga nr. 73/1973, nú laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Jónsson, sæti varðhaldi 15 daga, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður haldið. Hann er sviptur ökuleyfi 1 ár frá 12. mars 1974 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000, og málflutningslaun verjanda síns, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 6. júní 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var sama dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru saksóknara ríkisins, dagsettri 20. maí 1974, á hendur Gunnari Jónssyni nema, Hlégarði 8, Kópavogi, fæddum 25. ágúst 1956 í Reykjavík, fyrir að taka í heimildarleysi aðfaranótt sunnudagsins 7. október 1973 bifreiðina R 31739 á bifreiðastæði við Tjarnarbúð í Reykjavík og aka henni undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda eftir Suðurgötu, Kirkjugarðsstíg, Garðastræti og Tryggvagöu og þaðan upp á Vesturgötu, þar sem lögreglumenn höfðu afskipti af honum við hús nr. 22.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1960.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur og hefur ekki sætt kærum og refsingum áður, svo kunnugt sé.

Málsatvik eru þessi:

Sunnudaginn 7. október 1973, klukkan 0150, kom Ragnheiður Ingólfsdóttir, Safamýri 13, Reykjavík, á lögreglustöðina við Tryggvagötu og tilkynnti, að stolið hefði verið frá henni bifreið-

inni R 31739 frá Tjarnarbúð á tímabilinu frá klukkan 2230 til klukkan 0145.

Er lögreglumenn voru á varðgöngu í Kirkjustræti, klukkan 0235, veittu þeir athygli nefndri bifreið, þar sem henni var ekið fram hjá þeim vestur Kirkjustræti.

Stöðvuðu þeir þegar næstu bifreið og báðu ökumann hennar að aka þeim á eftir bifreiðinni R 31739, og gerði hann það fúslega. Í Garðastræti náðu þeir bifreiðinni og veittu henni eftirför að Vesturgötu 22, en þar náðu þeir að stöðva akstur hennar og höfðu tal af ökumanni hennar. Veittu þeir þá athygli, að áfengisþef lagði frá vitum hans. Báðu þeir hann þá um að stíga út úr bifreiðinni, sem hann og gerði. Er þeir ætluðu að ræða við hann meira, gerði hann sig líklegan til að hlaupast á brott, og urðu þeir að færa hann í handjárn. Var ökumaðurinn og bifreiðin síðan færð á lögreglustöðina. Aðspurður af varðstjóra reyndist ökumaðurinn vera ákærði í máli þessu. Viðurkenndi hann að hafa stolið bifreiðinni R 31739 við Tjarnarbúð fyrr um kvöldið og að hafa ekið henni nokkuð um miðborgina. Hann viðurkenndi einnig að hafa drukkið áfengi fyrir aksturinn og að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ein hurð bifreiðarinnar mun hafa verið ólæst, en til gangsetningar bifreiðarinnar kvaðst ákærði hafa notað naglaþjöl.

Næsta dag skýrði ákærði svo frá hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík:

„Ég var að drekka í gærkvöldi, og byrjaði ég um kl. 21.00, og var ég þá á gangi í Kópavoginum. Síðan fór ég til Reykjavíkur, og var ég að þvælast um borgina, og var ég með vodka í flösku. Svo var það, að ég kom að bifreiðastæði við Tjarnarbúð, að mér datt í hug að taka bifreið traustataki, og þegar ég kom að bifreiðinni R 31739, var hún ólæst, og settist ég undir stýri.

Ég notaði naglaþjöl til þess að gangsetja bifreiðina, og síðan ók ég Suðurgötuna, Kirkjugarðsstíg, Garðastræti og að bifreiðastæði við Tryggvagötu. Þar lagði ég bifreiðinni og fór að ganga um miðborgina, en eftir skamma stund fór ég aftur að bifreiðinni og ók af stað.

Það var svo skömmu síðar, að lögreglan stöðvaði mig á Vesturgötunni, og var farið með mig á lögreglustöðina, þaðan sem ég nú kom.

Ég fann til áhrifa áfengis við aksturinn, en ég tel, að ég hafi ekki verið mjög drukkinn. Ég hef ekki ökuleyfi og hef ekki öðlast það.

Ég veit ekki, hvað kom mér til að taka þessa bifreið, annað en eitthvað fikt. Ég held, að ég hafi ekki valdið skemmdum á bifreiðinni né öðru í þessum akstri."

Hinn 1. mars sl. kom ákærði fyrir dóm, og var framburður hans þar í samræmi við lögregluskýrslur. Hann gerði þó þá athugasemd, að hann stöðvaði af sjálfsdáðum, þ. e. a. s. að lögreglan hafi ekki stöðvað hann. Þegar hann stöðvaði, ók lögreglan fram fyrir bifreið hans og stöðvaði þar.

Hinn 12. mars kom ákærði aftur fyrir dóm vegna rannsóknar á meintri tilraun hans til töku og aksturs bifreiðarinnar R 25649 hinn 13. janúar sl. Þar sem ekki er ákært fyrir þessa hegðun í ákæruskjali, þykir ekki þörf á að rekja málavexti varðandi þessa tilraun ákærða. Hins vegar var ákærði í þessu þinghaldi sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, en ökuskírteini ákærða var gefið út 16. október 1973.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, og með gasgreiningu á súlu reyndist vera 0.73‰ magn alkóhóls í blóðinu.

Niðurstaða.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn í málinu, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til refsiákvæða. Með tilliti til aldurs ákærða svo og að hann hefur eigi áður sætt refsingu, svo kunnugt sé, og með hliðsjón af málavöxtum öllum þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 15.000 kr. sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá uppkvaðningu (sic) dóms þessa.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum í 5 mánuði frá 12. mars 1974 að telja, en þá var ákærði sviptur ökuréttindum sínum til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar. Skaðabótakröfur voru ekki hafðar uppi í máli þessu.

Sigurberg Guðjónsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Jónsson, greiði kr. 15.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði skal frá 12. mars 1974 að telja sviptur ökuleyfi í 5 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. janúar 1975.

Nr. 166/1974. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurði Kolbeini Eggertssyni
(Agnar Gústafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sakarefni er réttilega lýst í héraðsdómi. Ber að staðfesta úrlausn dómsins um sök ákærða og færslu á háttsemi hans til refsiákvæða svo og um ákvörðun refsingar og sviptingar ökuleyfis, enda hefur dómssátt sú, er ákærði gekkst undir hinn 6. desember 1968, ítrekunaráhrif vegna ölvunaraksturs þess, sem ákærði er dæmdur sekur um í máli þessu. Um ákvörðun refsingar vísast til 77. gr. almennra hegningarlaga. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 30.000, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns, kr. 30.000.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Kolbeinn Eggertsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknar-

laun í ríkissjóð, kr. 30.000, og málflutningslaun verjanda síns, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Bolungarvíkur 16. apríl 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. f. m. er höfðað af saksóknara ríkisins með ákæruskjali, dagsettu 30. október 1973, á hendur Sigurði Kolbeini Eggertssyni húsasmið, Hafnargötu 41 í Bolungarvík, fæddum 20. febrúar 1949 í Reykjavík, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 4. febrúar 1973 undir áhrifum áfengis bifreiðinni X 2820 um götur á Bolungarvík, enn fremur fyrir að aka föstudaginn 5. október 1973 bifreiðinni Í 1116, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, heiman að frá sér áleiðis til Ísafjarðar, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans í námunda við Hnífsdal.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er mál og höfðað af saksóknara ríkisins með ákæruskjali, dagsettu 17. desember 1973, á hendur Sigurði Kolbeini Eggertssyni húsasmið, Hafnargötu 41, Bolungarvík, fæddum 20. febrúar 1949 í Reykjavík, fyrir að aka fimmtudaginn 25. október og föstudaginn 26. október 1973, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, bifreiðinni Í 1116 um götur Bolungarvíkur.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Mál þessi voru sameinuð og hafa verið rekin sem eitt mál.

Málavextir eru þessir:

I. 1.

Aðfaranótt sunnudagsins 4. febrúar 1973, klukkan 0230, mættu lögreglumenn í Bolungarvík bifreiðinni X 2820, þar sem henni var ekið upp Skólastíg, og þekktu lögreglumennirnir, Einar Þor-

steinsson, Valdemar Guðmundsson og Pétur Runólfsson, ökumanninn sem ákærða í máli þessu, en hann var þá til dvalar á býlinu Meiri-Hlíð rétt innan við Bolungarvíkurkauptún. Þar sem lögreglumennina grunaði ákærða um að vera undir áhrifum áfengis, gáfu þeir honum merki um að stoppa, en hann sinnti því ekki, og ók því lögreglan á eftir honum fram í Meiri-Hlíð. Er þangað kom, hljóp ákærði úr bifreiðinni ásamt konu sinni, sem verið hafði í bifreiðinni með honum, og fóru þau inn í húsið. Lögreglumennirnir komu rétt á eftir og gengu í húsið eftir að hafa knúið dyra. Sat þá ákærði í eldhúsinu, og var síðan farið með hann til héraðslæknisins til blóðtöku. Varð að beita valdi til að taka blóð úr ákærða.

Virtist lögreglumönnunum ákærði vera áberandi ölvaður.

Sama dag viðurkenndi ákærði fyrir lögreglunni í Bolungarvík að hafa ekið bifreiðinni X 2820 frá félagsheimilinu í Bolungarvík og fram í Meiri-Hlíð í greint sinn og hafi lögreglan komið ca 1 mínútu á eftir sér inn í húsið.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar á blóðsýni merktu Bolv. nr. 1/73 reyndist magn alkóhóls í blóði vera 1.68‰.

Þann 6. febrúar 1973 kom fyrir dóm Knútur Björnsson læknir og kvað þau mistök hafa orðið hjá sér, að hann hafi notað brennsluspíritus til að strjúka af handlegg ákærða fyrir blóðtökuna í greint sinn, en venjulega sé til þess notað sublimat.

Sama dag komu lögreglumennirnir Einar Þorsteinsson og Valdemar Guðmundsson fyrir dóm og staðfestu lögregluskýrslu á dskj. nr. 1 um töku ákærða.

Ákærði kom fyrir dóm 15. mars 1973. Neitaði hann því þá að hafa verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar X 2820 í greint sinn, og spurningu um það, hvort hann hefði tekið eftir því, er lögreglan gaf honum stöðvunarmerki, óskaði ákærði ekki að svara.

Í sama þinghaldi var lagt fram nr. 5 bréf frá Rannsóknastofu í lyfjafræði, þar sem svarað er fyrirspurn um áhrif þess á niðurstöðu alkóhólrannsóknar, er brennsluspíritus hefur verið notaður til sótthreinsunar fyrir sýnistöku, og sagt, að prófessor Davíð Davíðsson muni hafa gert einhverjar athuganir þar að lútandi og muni hann hafa komist að þeirri niðurstöðu, að áhrif brennsluspíritus á niðurstöðu alkóhólákvarðana væru hverfandi.

Ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða 3. október 1973, en dráttur málsins til þess tíma stafar m. a. af mannaskiptum í embætti lögreglustjóra í Bolungarvík.

Þann 11. mars 1974 kom aftur fyrir dóm Einar Þorsteinsson lögreglumaður. Kvaðst vitnið muna nákvæmlega eftir því tilviki, er ákærði var tekinn. Hafi ákærði verið mjög drukkinn, enda hegðun hans öll í samræmi við það. Það hafi verið greinilegur áfengisþefur af honum og öll framkoma hans slík, að vitnið kvaðst ekki hafa verið í vafa um, að ákærði hafi verið mjög mikið ölvaður. Er vitnið kvaðst fyrst hafa orðið vart við ákærða í greint sinn, þá hafi hann átt erfitt með að sveigja bifreiðinni X 2820 frá vitninu á götu.

Staðfesti vitnið síðan fyrri framburð sinn og vann eið að framburði sínum.

Sama dag kom aftur fyrir dóm Valdemar Guðmundsson lögreglumaður. Kvaðst vitnið muna nokkuð vel eftir því, er ákærði var tekinn grunaður um að aka bifreið sinni ölvaður í greint sinn. Kvað vitnið ákærða hafa verið mjög áberandi ölvaðan, er þeir þrír komu í eldhúsið heima hjá ákærða til að sækja hann. Kvaðst vitnið hafa fundið greinilegan áfengisþef af ákærða, en vitnið hafi þurft að halda honum og sitja við hlið hans í lögreglubifreiðinni. Vitnið kvað allt háttalag ákærða hafa bent til mikillar ölvunar.

Staðfesti vitnið síðan fyrri framburð sinn og bætti við, að töluverður tími hafi liðið, þar til læknirinn tók blóð úr ákærða, en á meðan hafi þeir beðið með hann í bílnum utan við hús læknisins.

Vann vitnið síðan eið að framburði sínum.

Þann 18. mars 1974 kom fyrir dóm Pétur Runólfsson sjómaður, sem starfaði sem lögreglumaður í greint sinn. Kvað vitnið ákærða hafa verið greinilega undir áhrifum áfengis, er þeir tóku hann í eldhúsinu heima hjá sér. Þá kvað vitnið, að litlu hefði munað, að ákærði æki á Einar Þorsteinsson, er Einar ætlaði að stöðva akstur ákærða, skömmu eftir að hann hóf aksturinn frá félagsheimilinu. Vitnið kvað ákærða hafa reikað í spori og fundist hafi greinileg áfengislykt af honum, og kvaðst vitnið telja, að hann hafi verið mikið drukkinn, er þeir tóku hann. Vitnið kvað þá hafa veitt ákærða eftirför alveg heim til hans og stigið út úr bifreiðinni, er ákærði og kona hans gengu inn í húsið. Vitnið kvað þá hafa reynt að stöðva akstur ákærða með hljóðmerkjum, sem hann hafi ekki sinnt, en aðeins aukið hraðann.

Vitnið vann síðan eið að framburði sínum.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, játningu ákærða um akstur, niðurstöðu alkóhólrannsóknar, framburði vitna og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærði hafi ekki getað stjórnað bifreiðinni X 2820 örugglega, er hann ók henni aðfaranótt sunnu-

dagsins 4. febrúar 1973 frá félagsheimilinu í Bolungarvík og heim til sín í Meiri-Hlíð.

Telja verður, að læknirinn hafi með mistökum sínum við töku blóðsýnisins rýrt svo gildi alkóhólniðurstöðunnar, að hún verði ekki lögð til grundvallar alkóhólmagninu í blóði ákærða.

Telst því brot ákærða varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Er ákærði því sýknaður af því ákæruatriði, sbr. dskj. nr. 1, að hátterni hans varði við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

I. 2.

Að morgni föstudagsins 5. október 1973 var akstur bifreiðarinnar Í 1116 stöðvaður af lögreglunni í námunda við Hnífsdal. Ökumaður reyndist vera ákærði í máli þessu, sem sviptur var ökuréttindum til bráðabirgða frá 3. október 1973. Var hann færður fyrir sakadóm Bolungarvíkur, þar sem hann viðurkenndi að hafa ekið bifreið sinni frá heimili sínu um morguninn og áleiðis til Ísafjarðar, er lögreglan stöðvaði frekari akstur, eins og áður greinir.

Þykir því sannað, að ákærði hafi í greint sinn ekið sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

Telst hátterni ákærða varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eins og réttilega er tilgreint í ákæruskjali á dskj. nr. 1.

II.

Þann 26. október 1973 kom fyrir sakadóm Bolungarvíkur ákærði í máli þessu. Viðurkenndi hann að hafa ekið bifreið sinni, Í 1116, tvívegis að vinnustað sínum frá heimili sínu og tvisvar að verslun Jóns Fr. Einarssonar þann dag. Þá kvaðst hann hafa ekið daginn áður á vinnustað sinn eina ferð. Kvaðst hann hafa ekið bifreið sinni sem áður greinir, þar sem bifreiðarstjóri sinn hafi forfallast. Kvaðst hann taka þá áhættu að aka bifreið sinni, þegar nauðsyn krefði, þrátt fyrir ökuleyfissviptingu til bráðabirgða, sem fram fór 3. október sl.

Þykir því sannað, að ákærði hafi í greint sinn ekið, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, og því gerst sekur um brot það, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali, dskj. nr. 6, og er þar réttilega heimfært til refsiákvæða.

Niðurstaða.

Ákærði, Sigurður Kolbeinn Eggertsson, fæddur 20. febrúar 1949 í Reykjavík, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1964 20/10 í Bolungarvík: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1965 28/9 í Kópavogi: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1966 19/11 í Kópavogi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1966 12/12 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 49. gr. umferðarlaga.

1967 25/9 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 48. gr. umferðarlaga.

1967 11/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1968 26/7 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1968 6/12 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 24. gr. áfengislaga og 25., 37. og 45. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 8 mánuði frá 18. nóvember 1968.

1968 í Kópavogi: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 18. nóvember 1968.

1969 23/4 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 48. gr. umferðarlaga.

Hæfilegt þykir með hliðsjón af 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, að ákærði sæti varðhaldi í 30 daga.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá 3. október 1973, er ákærði var bráðabirgðasviptur.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Kolbeinn Eggertsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 3. október 1973 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-

arlaun skipaðs verjanda síns, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. janúar 1975.

Nr. 65/1971. **Oddvitar Reykholtsdalshrepps og Hálsahrepps f. h. hreppanna**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Kalman Stefánssyni og Ólafi Kristóferssyni og gagnsök
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Landamerki. Veiðiréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Ólafur Kristófersson keypt eignarhluta föður síns, Kristófers Ólafssonar, í jörðinni Kalmanstungu og tekið við aðild málsins af honum.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 7. maí 1971. Krefjast þeir þess, að þeim verði dæmdur allur réttur til silungsveiði í ám og vötnum á þeim hluta Arnarvatnsheiðar, sem Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, seldi Þorsteini Magnússyni, Húsafelli, Gísla Eggertssyni, Stóra-Kroppi, og Magnúsi Jónssyni, Vilmundarstöðum, með afsali 17. maí 1880, með þeirri undanþágu, að erfingjar Stefáns, sem kunna að búa í Kalmanstungu, eigi þar silungsveiðiítak fyrir heimili sín og að landamerki Kalmanstungu og nefnds hluta Arnarvatnsheiðar verði viðurkennd þannig: Norðlingafljót að

Reyká, þaðan Reyká að Reykjavatni og úr Reykárósi við Reykjavatn, yfir Reykjavatn um austurenda Eiríksjökuls í sömu stefnu í austurmarkalínu Kalmanstungu við jökulrönd Langjökuls. Þá krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar óskipt úr hendi gagnáfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 1. júní 1971. Krefjast þeir þess, að viðurkenndur verði eignarréttur núverandi Kalmanstungueigenda að allri silungsveiði í vötnum, ám og lækjum á þeim hluta Arnarvatnsheiðar, sem Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, seldi 17. maí 1880, og að landamerki heimalands Kalmanstungu og nefnds hluta Arnarvatnsheiðar á því svæði, sem ósamkomulag er um, verði ákvörðuð þannig: Norðlingafljót að Reyká, þá Reyká að Reykjavatni og úr Reykárósi við Reykjavatn sjónhending í norðurenda Langjökuls. Jafnframt krefjast þeir málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti m. a. uppdrættir af hinu umdeilda landsvæði.

I.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, seldi Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, bændunum Gísla Eggertssyni á Stóra-Kroppi, Magnúsi Jónssyni á Vilmundarstöðum og Þorsteini Magnússyni á Húsafelli landsvæði á Arnarvatnsheiði með afsali 17. maí 1880. Merki hins selda lands eru tilgreind þessi: „Að neðanverðu ræður Svínalækur í Þorgeirstjörn og þaðan beint í Arnarstein, svo að vestan og norðan eftir gömlum Kalmanstungumáldögum, að austan sem jöklar ráða, að sunnan ræður Reykjavatn og Reyká og þaðan Norðlingafljót að Svínalæk".

Með afsali 18. apríl 1884 seldu framangreindir kaupendur Hálsahreppi og Reykholtsdalshreppi fyrrgreint landsvæði Hálsahreppi að einum þriðja, en Reykholtsdalshreppi að tveim þriðju. Er merkjum landsins lýst þar á nákvæmlega sama hátt og í fyrra afsalinu.

Hinn 26. janúar 1886 var gert landamerkjabréf fyrir hið selda land eins og skylt var samkvæmt 3. gr. landamerkja-

laga nr. 5/1882. Er það m. a. undirritað af Stefáni Ólafssyni, eiganda Kalmanstungu, og hreppsnefndarmönnum Reykholtsdals- og Hálsahreppa. Í bréfinu var merkjum lýst og þau rakin réttsælis umhverfis landið frá Svínalæk um Arnarstein og svo að vestan og norðan. Síðan segir: „ . . . úr Liklafelli í Langajökulsenda, síðan ræður jökull ofan á móts við Reykjavatn, þá úr jökli yfir Reykjavatn í Reykárós". Loks er lýst óumdeildum merkjum frá Reykárósi að Svínalæk. Landamerkjabréf þetta var lesið á manntalsþingi á Sámsstöðum í Hvítársíðu 20. maí 1889.

Meðal gagna máls þessa er „Útdráttur úr landamerkjaskrá jarðarinnar Kalmanstungu (landamerkjabók Mýrasýslu No. 156.)." Er landamerkjaskrá þessi talin undirrituð í Kalmanstungu 24. apríl 1897 af Ólafi Stefánssyni, eiganda Kalmanstungu, Einari Magnússyni, oddvita Reykholtsdalshrepps, og Kristleifi Þorsteinssyni fyrir hönd Hálsahrepps. Í útdrætti þessum er landamerkjum Kalmanstungu og heiðarlandsins lýst svo: „ . . . frá Arnarsteini sjónhending í Þorgeirstjörn og frá henni eftir Svínalæk til Norðlingafljóts. Síðan ræður það fljót til Reykár, þá ræður hún til Reykjavatns og þaðan sjónhending í Jökulenda".

Hinn 19. mars 1963 komu Björn Jónsson, oddviti Reykholtsdalshrepps, Magnús Kolbeinsson, oddviti Hálsahrepps, og Kristófer Ólafsson og Kalman Stefánsson í Kalmanstungu á fund. Í fundargerð þessa fundar segir m. a.: „Rætt var um landamerki milli heimalands í Kalmanstungu og afréttar Borgfirðinga og rétt Kalmanstungubænda til silungsveiða í vötnum afréttarlandsins. Tvö sjónarmið komu fram. Kalmanstungubændur, Kristófer og Kalman, telja merkin frá norðurenda Langajökuls sjónhending í Reykárós (vatnsósinn). Björn og Magnús telja hinsvegar að Langijökull ráði merkjum vestur á móts við Reykjavatn."

Telja verður, að merkjalýsingin í landamerkjabréfinu frá 26. janúar 1886 samrýmist merkjalýsingu afsalsins frá 1880, en sé gleggri, að því er varðar þau merki hins selda lands, sem um er deilt í máli þessu. Verður landamerkjabréfið því lagt til grundvallar í málinu. Orðalag útdráttarins úr landa-

merkjaskrá Kalmanstungu frá 1897 um merki er aftur á móti frábrugðið landamerkjabréfinu frá 1886. Ólíklegt er þó, að umboðsmenn hreppanna hafi með þeirri landamerkjaskrá ætlað að breyta hinum fyrri merkjum, enda voru þeir ekki til þess bærir. Í landamerkjalýsingunni 1886 eru austurmerkin talin frá Langjökulsenda „ofan á móts við Reykjavatn". Verður að skilja þetta svo, að þar sé átt við vesturjaðar Langjökuls. Það álit oddvita Hálsa- og Reykholtsdalshreppa á fundinum 19. mars 1963, að Langjökull ráði merkjum „vestur á móts við Reykjavatn", er í samræmi við þetta. Staður sá á vesturjaðri Langjökuls, sem landamerkjalýsingin telur „á móts við Reykjavatn", verður ekki ákveðinn með vissu, en hann getur samkvæmt orðum landamerkjabréfsins frá 1886 ekki verið norðar en svo, að lína frá honum sjónhending í Reykárós liggi yfir Reykjavatn. Merkjalína sú, sem ákveðin var af héraðsdómi, er skoðað hafði staðhætti á vettvangi, fer eigi í bága við merkjalýsinguna í landamerkjabréfinu frá 1886. Málsaðiljar hafa ekki fært fram haldbær rök, er hnekki þessari úrlausn héraðsdóms, og ber því að staðfesta hana.

II.

Í áðurgreindu afsali frá 17. maí 1880 segir, að landið sé selt með „öllum landsnytjum til lands og vatns . . . utan það að seljandi áskilur sér að hafa silungsveiði og eggjatöku fyrir sig og sína erfingja . . . ". Í afsalinu til hreppanna 18. apríl 1884 segir, „að þar sem seljandinn Stefán Ólafsson í nefndu afsalsbréfi" (þ. e. afsalinu frá 1880) „hefur áskilið sér af okkur að hafa eggjatöku og silungsveiði í hinu afsalaða landi fyrir sig og sína erfingja, þá er eignin einnig nú af okkar hendi afsöluð . . . með þessu sama skilyrði, að því er Stefán Ólafsson og hans erfingja snertir . . . ". Í landamerkjabréfinu 26. janúar 1886 segir, að samkvæmt afsalsbréfi 18. apríl 1884 hafi Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, „eggjatekju og silungsveiði í heiðarlandi þessu fyrir sig og erfingja sína". Í útdrætti landamerkjaskrárinnar frá 24. apríl 1897 segir: „Afkomendur Stefáns sál. Ólafssonar, er búa í Kalmanstungu eiga eggver, álftatekju og silungsveiði í afréttarlandi Reyk-

dælinga". Í héraðsdómi er skýrt frá banni Stefáns Ólafssonar á manntalsþingum í Hálsahreppi og Reykholtsdalshreppi 1898 gegn silungsveiði, eggjatekju og álftatekju í hinu selda landi og mótmælum bænda á þingunum við banninu.

Eins og áður hefur verið rakið, afsalaði Stefán Ólafsson í Kalmanstungu framangreindu heiðarlandi til viðsemjenda sinna með öllum landsnytjum, að því frátöldu að hann áskildi sér „að hafa silungsveiði og eggjatöku fyrir sig og sína erfingja . . . ". Er ágreiningur málsaðilja um það, að hverju marki silungsveiði í ám, lækjum og vötnum á hinu selda landi hafi verið undanskilin sölunni með þessu ákvæði afsalsbréfsins.

Þegar þess er gætt, að það er forn og ný réttarregla, að landeigandi eigi fiskveiði í vötnum á landi sínu, sbr. landbrigðaþátt Grágásar um veiði, 208. kap. Konungsbókar og 438. kap. Staðarhólsbókar, og 56. kap. landleigubálks Jónsbókar, en nú 2. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, þá var rík ástæða til þess, að Stefán Ólafsson kvæði afdráttarlaust að orði, ef ætlun hans var sú, að enginn réttur til silungsveiði í vötnum á hinu selda landi fylgdi með við sölu þess. Ákvæði í afsalinu um silungsveiðiréttinn eru hins vegar ekki skýr, og verður ekki örugglega af þeim ráðið, að til þessa hafi verið ætlast. Þá þykir sýnt af mótmælum hreppsbænda á manntalsþingum í Hálsa- og Reykholtsdalshreppum 1898, að bændurnir hafa a. m. k. ekki þá litið svo á, að allur silungsveiðiréttur hafi verið tekinn undan við landssöluna 1880. Enn er það, að í málinu hafa verið lögð fram vottorð margra manna úr Hálsa- og Reykholtsdalshreppum um, að þeir hafi stundað silungsveiði í vötnum á heiðarlandinu án sérstaks leyfis eigenda Kalmanstungu. Hefur þessu ekki verið hnekkt. Þá hafa gagnáfrýjendur ekki sýnt fram á, að þeir hafi eignast allan silungsveiðiréttinn fyrir hefð. Þegar alls þessa er gætt, þykja gagnáfrýjendur ekki hafa sannað, að þeir eigi einir silungsveiðirétt á hinu selda heiðarlandi.

Er þá athugunarefni, hversu víðtækur var sá réttur til silungsveiði, sem Stefán Ólafsson undanskildi við sölu landsins 1880. Ekki þykir bera að skilja ákvæði afsalsins um sil-

ungsveiði svo, að um hafi verið að tefla veiðirétt, sem einungis væri bundinn við lífstíð Stefáns og erfingja hans, eins og aðaláfrýjendur halda fram. Er eðlilegast að líta svo á, að ætlunin hafi verið að tryggja, að Stefán sem eigandi Kalmanstungu héldi eftir nokkrum silungsveiðirétti á hinu selda landi fyrir jörðina. Verður ekki á það fallist, að sá veiðiréttur hafi verið takmarkaður við heimilisþarfir eingöngu. Samkvæmt þessu og þar sem ekki er skýrt kveðið á um annað í afsalinu, verður að líta svo á, að við söluna hafi veiðiréttur-inn orðið sameign Stefáns Ólafssonar og kaupunauta hans, þannig að þeir hafi allir haft jafnan rétt til að nýta veiðina, sbr. 56. kap. landsleigubálks Jónsbókar, en nú 1. tl. 4. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Varð engin breyting á þessu, er aðaláfrýjendur eignuðust hið selda land frá viðsemjendum Stefáns Ólafssonar. Gagnáfrýjendur eru nú eigendur Kalmanstungu.

Samkvæmt þessu ber að fallast á úrlausn héraðsdóms um, að gagnáfrýjendur eigi að 1/4 hluta á móti aðaláfrýjendum silungsveiði í ám og vötnum á landi því, sem Stefán Ólafsson afsalaði 17. maí 1880.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað svo og gjafsóknar- og gjafvarnarlaun.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um landamerki eru staðfest.

Gagnáfrýjendur, Kalman Stefánsson og Ólafur Kristófersson, eigendur Kalmanstungu, eiga að 1/4 hluta rétt til silungsveiði í ám og vötnum á landsvæði því, er Stefán Ólafsson seldi 17. maí 1880.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað svo og gjafsóknar- og gjafvarnarlaun eiga að vera óröskuð.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur merkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 11. febrúar 1971.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 16. f. m. Málið var þingfest hinn 26. júní 1967, en með bréfi,

dags. hinn 28. mars s. á., hafði Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður f. h. oddvita Reykholtsdals- og Hálsahreppa tilkynnt sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að risinn væri ágreiningur milli hreppsnefnda hreppanna annars vegar og eigenda Kalmanstungu I og II, Kristófers Ólafssonar og Kalmans Stefánssonar, hins vegar um landamerki milli heimalands Kalmanstungu og afréttarlands Borgfirðinga, er eigandi Kalmanstungu seldi nefndum hreppum með afsölum, dags. 17. maí 1880 og 6. júlí 1901, og enn fremur um veiðirétt nefndra hreppa í vötnum á afrétti. Á síðara stigi máls þessa var því lýst yfir af hálfu aðilja, að ekki sé ágreiningur um veiðirétt eða landamerki landsvæðis þess, er eigandi Kalmanstungu seldi með greindu afsali frá 6. júlí 1901.

Verður nú rakin forsaga ágreinings aðiljanna.

Með lögfestu, dags. 28. maí 1879, sem þinglesin var hinn 14. júní 1879, lögfesti Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, jörð sína. Er meginmál gerningsins svohljóðandi: „Jeg undirskrifaður lögfesti hjer með eignarjörð mína Kalmanstungu í Hvítársíðu innan Mýrasýslu, sem eptir Konunglegrar hátignar allra náðulegasta kaupbrjefi af 15. febrúar 1791 er að dýrleika 27 H 40 al. Lögfesti jeg tjeðrar jarðar töður og engjar, hús og haga, skóga, vötn, silungsveiði, eggver, fjaðratekju og álptadráp, grastekjur og allar landsnitjar þær, er nefndri jörðu fylgja til eftirskrifaðra örnefna.

Hafursgil ræður úr jökli og framm í Hvítá, en Hvítá ræður ofan til Gunnlaugshöfða, þá vesturkvísl til háfahrauns, þá uppeptir Hrauni til Víðgelmis, þá frá Víðgelmi sjónhending í skriðugilið, fyrir neðan Kleppaskóg, úr gilinu sjónhending í Hamarstjörn, þá úr hamrinum er stendur fyrir utan tjörnina beint í Axlartjörn, þá ræður gilið úr Axlartjörn og frammí dalsá, þá ræður dalsá sjónhending í Þorvaldsstaðavötn, þá beint í Arnarstein þá í Svínalæk þá í Úlfsvatnsárós, þá ræður Úlfsvatnsá að gnúpdælagötu, þá gnúpdælagötur norður í lækinn, sem fellur úr Leirutjörn hinni nyrðri svo austur eptir hryggjum í vörðuna fyrir norðan Torfavatn, þá úr vörðunni sjónhending fyrir norðan Hlíðarvatn í vesturhæð og svo austur eptir heiði í jökulsenda, þá ráða jöklar fyrir sunnan Valljökul í Hafursgil.

Elstu skilríki fyrir landamerkjum jarðarinnar er kaupbréf Halls Svarthöfðasonar og Jóns Gíslasonar af dato 1398 og svo margar lögfestur óuppátalaðar, þær seinustu upplesnar á Sámsstaðaþingi árin 1773, 1793 og 1810 og sú seinasta upplesin á Norð-

tunguþingi 1834. Þessi eru ítök í jörðina, Fljótstunga á skógarhögg uppfrá háhrauni til hrísgötu, gegnt Hrafnabjörgum og hrís-högg í Klappaskógi annað hvort til sels eða stekkjar, þó eigi lengur en Kalmanstungu mönnum endist til sels, líka á Fljótstunga sambeit á Fljótstunguheiði, fram að læk þeim er fellur úr Þorgeirstjörn framm í Fljót. Fyrirbíð ég hverjum manni að yrkja í eða vinna eður nota sjer upp á nokkurn máta nefndrar jarðar landeign eður hlunnindi, án míns leyfis undir viðliggjandi sektir."

Með afsalsgerningi, dags. hinn 17. maí 1880, seldi Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, bændunum Þorsteini Magnússyni á Húsafelli, Gísla Eggertssyni á Stóra-Kroppi og Magnúsi Jónssyni á Vilmundarstöðum hluta af landi jarðar sinnar. Er afsalsgerningur þessi svohljóðandi: „ „Jeg Stephan Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu Gjöri hjérmeð heyrum kunnugt, að jeg hjermeð sel og afhendi eins og jeg hjer með sel og afhendi frá mjer og mínum erfingjum án innlausnar réttar bændonum Þorsteini Magnússyni á Húsafelli, Gísla Eggertssyni á Stórakroppi, Magnúsi Jónssyni á Vilmundarstöðum eign mína Kalmanstunguland liggjandi í Hvítársíðuhreppi og Mýrasýslu innan þessara takmarka.

Að neðanverðu ræður Svínalækur í Þorgeirstjörn og þaðan beint í Arnarstein svo að vestan og norðan eptir gömlum Kalmanstungumáldögum, að austan sem jöklar ráða, að sunnan ræður Reykjavatn og Reyká og þaðan Norðlingafljót að Svínalæk með öllum landsnytjum til lands og vatns og yfirhöfuð öllum þeim réttindum sem filgt hefur og filgja ber með rjettu eptir gömlum eignarskjölum fyrir áður greindu landi og ekkert undanskilið utan það að seljandi áskilur sjer að hafa silungsveiði og eggjatöku fyrir sig og sína erfingja fyrir umsamið kaupverð 3000 skrifa þrjú þúsund krónur hvar af helmingur greiðist á næstkomandi lestum og hinn helmingurinn á haustlestum ásamt lagarentu 4 af H frá næstu fardögum.

Kaupendur haldi kaupi sínu til laga og noti kaup sitt frá næstu fardögum en seljandi svarar lagariftingu."

Skjal þetta var lesið á manntalsþingi og ritað í afsals- og veðmálabækur Mýrasýslu með þeirri athugasemd m. a., að seljandi hefði ekki þinglesna eignarheimild nema fyrir 2/3 hlutum jarðarinnar.

Með afsalsgerningi, dags. hinn 18. apríl 1884, seldu þeir Magnús Jónsson, bóndi á Vilmundarstöðum, Þorsteinn Magnússon, bóndi á Húsafelli, og Gísli Eggertsson, bóndi á Stóra-Kroppi, Reykholtsdals- og Hálsahreppum þann hluta Kalmanstungulands, sem þeir

höfðu keypt með afsalsgerningnum frá 17. maí 1880. Er afsalsgerningur bændanna til hreppsfélaganna svohljóðandi:

„Við undirskrifaðir, jeg Magnús Jónsson, bóndi á Vilmundarstöðum, jeg Þorsteinn Magnússon, bóndi á Húsafelli, og jeg Gísli Eggertsson, bóndi á Stórakroppi, gjörum hjer með kunnugt:

Að við höfum selt og afsalað eins og við hjer með seljum og afsölum Reykholtsdalshreppssveitarfjelagi og Hálsahreppssveitarfjelagi í Borgarfjarðarsýslu, hinu fyrrnefnda sveitarfjelagi 2/3 (tvo þriðju) hluti og hinu síðarnefnda sveitarfjelagi 1/3 (einn þriðja) hluta af eign okkar úr Kalmanstungulandi í Hvítársíðuhreppi og Mýrasýslu, sem við höfum keypt af Stefáni bónda Ólafssyni í Kalmanstungu með afs.brjefi dags. 17. Maí 1880 og þinglesnu á varnarþingi hinnar seldu fasteignar 28. Maí s. á. Liggur öll þessi eign, sem við höfum keypt með nefndu afsalsbrjefi, og sem við nú aptur seljum alla ofannefndum 2 sveitarfjelögum innan þeirra marka, er hjer segir: Að neðanverðu ræður Svínalækur í Þorgeirstjörn og þaðan beint í Arnarstein, svo að vestan og norðan eptir gömlum Kalmanstungumáldögum, að austan sem jöklar ráða, að sunnan ræður Reykjavatn og Reyká og þaðan Norðlingafljót að Svínalæk. Er öll þessi eign hjer með afsöluð ofangreindum tveim sveitarfjelögum í því hlutfalli, sem áður er greint, að afsöluðum öllum innlausnarrjetti frá okkur og erfingja okkar hálfu og með öllum sama rjetti í sjerhverju tilliti, sem við erum orðnir eigendur eignarinnar eptir ofangreindu afsalsbrjefi 17. Maí 1880. Skal það sjerstaklega tekið fram, að þar sem seljandinn Stefán Ólafsson í nefndu afsalsbrjefi hefir áskilið sjer af okkur að hafa eggjatöku og silungsveiði í hinu afsalaða landi fyrir sig og sína erfingja, þá er eignin einnig nú af okkar hendi afsöluð ofannefndum tveim sveitarfjelögum með þessu sama skilyrði, að því er Stefán Ólafsson og hans erfingja snertir, en að öðru leyti er ekkert undan skilið af því, er eigninni fylgt hefir að fornu og henni samkvæmt áðurnefndu afsalsbrjefi á að fylgja.

Söluverð fyrir ofannefnda eign er kr. 3.000 (þrjú þúsund krónur) og hefir sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu á fundi 26. Apr. 1881 fyrir hönd ofangreindra sveitarfjelaga samþykkt þessi kaup, þannig að Reykholtsdalshreppur greiði 2/3 og Hálsahreppur 1/3 af kaupverðinu.

Með því kaupverðið er oss greitt út í hönd þá lýsum við hjer með yfir því, að hin ofanumrædda afsalaða landeign, skuli hjer eptir vera fullkomin, frjáls og óátalin eign Reykholtsdalshrepps að 2/3 hlutum og Hálsahrepps að 1/3 hluta og skuli hreppsfjelög-

in sem kaupendur halda þessu kaupi sínu til laga á eigin kostnað, en vjer sem seljendur berum ábyrgð á því, að salan sje lögmæt.

Til staðfestu afsalsbrjefi þessu höfum vjer ritað undir það eiginhandar nöfn vor og sett fyrir innsigli okkar í viðurvist undirskrifaðra vitundarvotta."

Skjal þetta var lesið á manntalsþingi hinn 16. maí 1884 og skráð í afsals- og veðmálabækur Mýrasýslu með sömu athugasemd og hin fyrri afsalsgerningur, þ. e. að Stefán Ólafsson í Kalmanstungu hefði ekki þinglesna heimild nema fyrir 2/3 hlutum jarðarinnar.

Hinn 26. janúar 1886 var gerð svofelld lýsing merkjalandsvæðis þess, sem Reykholtsdals- og Hálsahreppar höfðu eignast með síðastgreindu afsali:

„Samkvæmt landamerkjalögum 17. marts 1884 skrifast hjer upp af undirrituðum hreppsnefndum í Reykholtsdals- og Hálsahreppum landamerki fyrir heiðarlandinu Arnarvatnsheiði er samkvæmt afsalsbrjefi 18. apríl 1884 er sameign Reykholtsdals og Hálsahreppssveitarfjelaga, hins fyrrnefnda sveitarfjelags að 2/3 og hins síðarnefnda sveitarfjelags að 1/3. Landeignin liggur innan þessara marka:

Að neðan ræður Svínalækur, sem fellur úr Þorgeirstjörn norður eptir sjónhending í Arnarstein, úr Arnarsteini beint í Úlfsvatnsárlón, þá ræður Úlfsvatnsá upp að Gnúpdælagötu, þá ræður Gnúpdælagata vestanvert við Úlfsvatn norður í austurhorn Urðhæðarvatns. Þaðan beint í landamerkjastein á Hraungörðum við Gnúpdælagötu (steinninn merktur LM) úr steininum norðanvert við Hávaðavatn sjónhending austur heiði norðanvert við Hlíðarvatn um norðurenda Gunnarssonavatns upp í Svörtuhæð (vesturhæð) (í stein merktan LM), úr Svörtuhæð í svokallaðan Rjettavatnstanga við Rjettavatn, og tilheyrir tangi þessi samkvæmt samning þeim, er gjörður var um landamerkin hinn 24.-25. júní fyrra árs jafnt hvorutveggja hlutaðeigendum sunnan og norðanmönnum, úr nefndum Rjettavatnstanga sjónhending fyrir norðan Álptavötn og Fljótadrög upp í Liklafell (Krák á sandi) úr Liklafelli í Langjökulsenda, síðan ræður jökull ofan á móts við Reykjavatn, þá úr jökli yfir Reykjavatn í Reykárós, þá ræður Reyká í Norðlingafljót síðan ræður Norðlingafljót þar til áðurnefndur Svínalækur fellur í það.

Hlunnindi og ítök þau er aðrir eiga í landeigninni eru þessi:

1. Samkvæmt áður áminnstu afsalsbrjefi 18. apríl 1884 hefir

Stefán Ólafsson bóndi á Kalmanstungu eggjatekju og silungsveiði í heiðarlandi þessu fyrir sig og erfingja sína.

2. Gilsbakkakirkja á samkvæmt máldaga gömlum hálfa veiði í Úlfsvatni. Að landamerkjalýsing þessi sé samkvæmt gömlum máldaga fyrir Kalmanstungu landeign og oftnefndu afsalsbrjefi 18. apríl 1884 með tilliti til fyrrnefnds samnings 24.-25. júní f. á.

Vitna .....“

Af hálfu Hálsahrepps undirrituðu landamerkjalýsinguna hreppsnefndarmennirnir Þorsteinn Árnason, Jón Magnússon og Þorsteinn Magnússon oddviti og af hálfu Reykholtsdalshrepps Einar Magnússon oddviti og hreppsnefndarmennirnir Bjarni Þorsteinsson og Þórður Sigurðsson. Aðrir þeir, sem undirrituðu landamerkjalýsinguna, voru Stefán Ólafsson, eigandi Kalmanstungu, Magnús Jónsson, eigandi Þorvaldsstaða, Hjörtur Líndal, eigandi Efra-Núps, Sigurður Benediktsson, eigandi Aðalbóls, Kristján Jónsson og Páll Jónsson, umráðendur Víðidalstungueignar, Sigurður Jónsson, eigandi Haukagilsheiðar, Magnús Andrésson Gilsbakkastaðahaldari og Jón Pálsson, umráðamaður Fljótstungu. Landamerkjalýsingin var lesin á manntalsþingi að Sámsstöðum á Hvítársíðu hinn 20. júní 1889. Á manntalsþingi, sem háð var fyrir Hálsahrepp hinn 7. júní 1898, var skráð svofelld bókun í þingbókina:

„9. Eptir ósk Ólafs bónda Stefánssonar í Kalmanstungu, sem var viðstaddur á þinginu, var lýst yfir banni hans gegn allri silungsveiði, eggjatekju og álptatekju í landi því, er selt var undan Kalmanstungu 17. maí 1880 og Hálsa- og Reykholtsdalshreppar hafa síðan eignast til upprekstrar, nema hans leyfi komi til. Allir hreppsbændur, er voru á þinginu, mótmæltu því, að Ólafur í Kalmanstungu hefði neina heimild til slíks banns, með því að áminnst afsalsbréf heimilaði ekki erfingjum seljanda *alla* veiði og eggjatekju í landinu, heldur veitti þeim jafnrétti í því tilliti við bændur í upprekstrarfélaginu, og sérstaklega mótmæltu þeir því, að Kalmanstungumaðurinn hefði neinn rétt til álptatekju í landinu . . . “

Á manntalsþingi, sem háð var fyrir Reykholtsdalshrepp hinn 8. júní 1898, var skráð svofelld bókun í þingbókina:

„13. Eptir beiðni Ólafs bónda Stefánssonar í Kalmanstungu var lýst yfir banni hans gegn allri silungsveiði, eggjatekju og álptatekju í landi því, er selt var undan Kalmanstungu 17. maí 1880, og Reykholtsdals- og Hálsahreppar hafa síðan eignast til upp-

rekstrar, og var þessu banni mótmælt alveg á sama hátt og gjört var á manntalsþingi í Hálsahreppi í gær."

Með kaupsamningi, dags. hinn 6. júlí 1901, seldi Sefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, Reykholtsdals- og Hálsahreppum land úr landi Kalmanstungu. Um mörk landsvæðisins og nánari kjör segir svo í kaupsamningnum:

„1° Jeg Óalfur Stefánsson sel Reykholtsdals og Hálsahreppssveitarfjelögum allt Kalmanstunguland norðan Norðlingafljóts með merkjum samkvæmt landamerkjabrjefi fyrir Kalmanstungu, dags. 27. apríl 1897 með öllum nytjum til lands og vatns og yfirhöfuð öllum þeim rjettindum, sem fylgt hafa og fylgja ber með rjetti, eptir gömlum eignarskjölum fyrir áðurgreindu landi og ekkert undanskilið utan það

Að:

Seljandi áskilur Kalmanstungubóndanum *allan* veiðirjett í landinu og slæjur fyrir Kalmanstungubóndann, eins og hann *vill* nota fyrir *sjálfan sig,* þó án þess að verja landið og einnig óátalda sumarbeit fyrir afrjettarfjenað sinn. Ennfremur umbúnað um hey ef þörf gjörist.

2. Kaupverðið er 1200 tólf hundruð krónur, er greiðist í peningum fyrir 15. dag næstk. októbermánaðar.

3. Á landinu liggja engar skuldir eða höpt, sem kaupi þessu sjeu til fyrirstöðu.

4. Kostnað þann, sem leiðir af kaupgjörningi þessum, skulu kaupendur greiða, en seljandi svarar til lagariptingar.

5. Frumrit gjörnings þessa skal fengið kaupendum, en seljanda staðfest eptirrit af honum."

Hinn 19. mars 1963 komu saman í Kalmanstungu fyrirsvarsmenn sóknaraðilja, þeir Björn Jónsson, bóndi í Deildartungu, og Magnús Kolbeinsson, bóndi í Stóra-Ási, og varnaraðiljarnir, Kristófer Ólafsson og Kalman Stefánsson, og ræddu um landamerki „milli heimalands í Kalmanstungu og afréttar Borgfirðinga og rétt Kalmanstungubænda til silungsveiða í vötnum afréttarlandsins." Tvö sjónarmið komu fram. Annars vegar sjónarmið þeirra Kristófers og Kalmans að telja merkin frá norðurenda Langjökuls sjónhending í Reykárós (vatnsósinn), en hins vegar töldu Björn og Magnús, að Langjökull ætti að ráða merkjum vestur á móts við Reykjavatn. Varð samkomulag um að leita álits lögfræðinga á túlkun á landamerkjabréfi og rétti Kalmanstungubænda og landeigenda til silungsveiði í vötnum afréttarins. Ekki tókst að samræma sjónarmið aðilja um landamerkin eða rétt að-

ilja til veiði á vötnum afréttarlandsins, og höfðuðu sóknaraðiljar síðan mál þetta.

Af hálfu sóknaraðilja eru þær dómkröfur gerðar í málinu, að þeim verði dæmdur veiðiréttur í þeim hluta Arnarvatnsheiðar, sem Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, seldi Þorsteini Magnússyni o. fl. 17. maí 1880, með þeirri undanþágu, að erfingjar Stefáns, sem kunna að búa í Kalmanstungu, eigi þar veiðiítak fyrir heimili sín, og að landamerki Kalmanstungu og nefnds hluta af Arnarvatnsheiði verði viðurkennd þannig:

Norðlingafljót að Reyká, þaðan Reyká að Reykjavatni og úr Reykárósi við Reykjavatn yfir Reykjavatn í austurenda Eiríksjökuls. Jafnframt er þess krafist, að varnaraðiljar verði dæmdir til að greiða sóknaraðiljum málskostnað að mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Með bréfi, dags. hinn 17. desember 1969, veitti dómsmálaráðherra sóknaraðiljum gjafsókn í málinu.

Dómkröfur varnaraðilja eru þessar.

A. Að viðurkenndur verði með dómi fullur og óskoraður eignarréttur núverandi Kalmanstungueigenda á veiðirétti í vötnum, ám og lækjum á þeim hluta Arnarvatnsheiðar, sem Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, seldi 17. maí 1880 og

B. Að landamerki Kalmanstungu og nefnds hluta Arnarvatnsheiðar verði viðurkennd þannig: Norðlingafljót að Reyká, þaðan Reyká að Reykjavatni og úr Reykárósi við Reykjavatn, sjónhending í norðurenda Langjökuls. Til vara er þess krafist, að viðurkennt verði með dómi í máli þessu, að varnaraðiljar eigi helming veiði á móti sóknaraðiljum samkvæmt þinglesinni viðurkenningu frá 7. júní 1898.

Þá krefjast varnaraðiljar og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Með bréfi, dags. hinn 17. desember 1969, veitti dómsmálaráðherra varnaraðiljum gjafvörn í málinu.

Kröfur sóknaraðilja eru byggðar á því, að með afsali Stefáns Ólafssonar til þeirra Þorsteins Magnússonar, Gísla Eggertssonar og Magnúsar Jónssonar frá 17. maí 1880 hafi öllum landsnytjum verið afsalað á því landsvæði, sem gerningurinn tók til, þar á meðal veiðirétti í ám og vötnum, en seljandi hafi aðeins áskilið sér silungsveiði fyrir sig og erfingja sína. Þar sem Stefán Ólafsson sé látinn og erfingjar hans búi ekki í Kalmanstungu, sé réttur þessi niður fallinn samkvæmt efni sjálfs afsalsins og því eigi sóknaraðiljar einir rétt til veiði í ám og vötnum á greindu land-

svæði. Þá er því haldið fram af hálfu sóknaraðilja, að ef svo verði litið á, að með landamerkjaskránni fyrir Kalmanstungu frá 24. apríl 1897 hafi verið gerð breyting, þannig að í stað erfingja Stefáns Ólafssonar kæmu niðjar hans, þá hafi slík breyting verið óheimil þeim fyrirsvarsmönnum sóknaraðilja, sem undirrituðu landamerkjaskrána.

Af hálfu sóknaraðilja er því mótmælt, að Kalmanstungumenn hafi einir stundað veiði í ám og vötnum á landsvæði því, sem afsalið frá 17. maí 1880 tekur til. Er því jafnframt mótmælt í því sambandi, að Kalmanstungumenn hafi unnið eignarhefð á veiiirétti í ám og vötnum á landsvæðinu. Að því er varðar hin umdeildu landamerki, þá er því haldið fram af hálfu sóknaraðilja, að ljóst sé, að draga eigi merkjalínuna úr Reykárósi suður yfir vatnið í endann á skriðjökli þeim, sem gengur norðaustur úr Eiríksjökli, enda geti ekki verið sjónhending frá ósnum í annan jökulenda og því komi ekki til álita að draga línuna í norðurenda Langjökuls. Er því haldið fram í þessu sambandi, að sóknaraðiljar hafi allan tímann notað sem sína eign landsvæðið austan Reykjavatns og greinds skriðjökuls Eiríksjökuls og hafi þeir séð um smölun á landsvæðinu og séð um og kostað grenjaleit. Er því haldið fram af hálfu sóknaraðilja, að ef svo verði litið á, að í landamerkjalýsingunni frá 1886 sé átt við norðurenda Langjökuls, þá hafi sú ráðstöfun verið óheimil þeim, sem að henni stóðu af hálfu sóknaraðilja, þar sem um afsal lands hafi verið að ræða án heimildar.

Af hálfu varnaraðilja er því mótmælt, að með afsalinu frá 17. maí 1880 hafi Stefán Ólafsson selt allan veiðirétt á landsvæði því, sem afsalað var, og aðeins áskilið sér veiðiítak fyrir sig og erfingja sína. Er því haldið fram, að með orðalagi afsalsins hafi Stefán verið að undanskilja alla silungsveiði og eggjatöku á hinu selda landi, enda hafi á þeim tíma verið fullkomlega heimilað að skilja veiðirétt frá landareign, eins og Stefán hafi gert. Er þetta sjónarmið stutt þeim rökum, að ástæða til kaupa þessara hafi verið sú, að Hálsasveit og Reykholtsdal hafi skort beitiland á afrétti, því afréttarlönd hreppa þessara liggi á öræfum kringum Ok, sem séu gróðurlítil. Með kaupum þessum hafi hrepparnir því verið að sælast eftir hinum miklu gróðurlöndum á Arnarvatnsheiði og hafi það verið á hvers manns vitorði, að það hafi verið beitarrétturinn einn, sem hrepparnir hafi lagt áherslu á að eignast. Á hinn bóginn hafi Kalmanstunga um aldaraðir haft mikil hlunn-

indi af veiði á heiðarvötnum og því hafi verið full ástæða fyrir eigandann að halda veiðiréttinum utan við söluna, en beitarlönd hafi hann átt næg eftir sem áður. Er því haldið fram af hálfu varnaraðilja, að ef þessi sjónarmið séu höfð í huga, þá sé miklu eðlilegra að skýra afsalið þannig, að Stefán Ólafsson hafi við söluna undanskilið alla veiði í vötnum á landsvæðinu. Er því haldið fram í því sambandi, að allt fram til síðustu ára hafi enginn maður úr Reykholtsdal eða Hálsasveit stundað veiðar á landsvæði þessu, nema með sérstöku leyfi frá Kalmanstungu. Á hinn bóginn hafi Kalmanstunga hagnýtt veiði í öllum vötnum á svæðinu ómótmælt alla tíð frá 1880. Þó hafi Húsafellsmenn eitthvað veitt á þessu svæði, en það byggist á sérstökum viðskiptasamningi um jafnréttisveiði í Sesseljuvík og veiðivötnum Kalmanstungu. Þá er á það bent af hálfu varnaraðilja, að á manntalsþingum 7. og 8. júní 1898 hafi þáverandi eigandi Kalmanstungu, Ólafur Stefánsson, lýst yfir banni gegn allri silungsveiði í vötnum á greindu svæði og hafi allir þeir hreppsbændur, sem á þinginu voru, viðurkennt jafnrétti Kalmanstungu á móti hreppunum. Fari svo, að eigi verði fallist á sjónarmið þessi, og talið verði, að Stefán Ólafsson hafi afsalað veiðiréttinum, þá er því haldið fram af hálfu varnaraðilja, að eigendur Kalmanstungu hafi öðlast eignarrétt á veiðiréttinum í greindum vötnum fyrir hefð, enda hafi Kalmanstungubændur einir stundað veiði í vötnum á svæðinu og enginn úr Reykholtsdal eða Hálsasveit hafi stundað veiðar þar, nema með leyfi Kalmanstungubænda. Því verði sóknaraðiljar að beita ákvæðum lax- og silungsveiðilaga, ef þeir kjósi að leysa veiðiréttinn til sín. Að því er varðar þann hluta ágreiningsefnisins, sem tekur til landamerkja, þá er því haldið fram, að samkvæmt landamerkjaskrá þeirri, sem dags. er 26. janúar 1886, en þinglesin 1889 og undirrituð hafi verið af oddvitum Reykholtsdals- og Hálsahreppa, eiganda Kalmanstungu og eigendum jarða, sem áttu lönd eða réttindi að hinu afsalaða landi, sé ljóst, að Langjökulsendi sé á mörkum. Einnig komi fram af landamerkjaskrá Kalmanstungu frá 24. apríl 1897, að ekki geti verið um annan jökulenda að ræða en Langjökulsenda, því sé augljóst, að heimalandi Kalmanstungu tilheyri allt land sunnan og austan Norlingafljóts og Reykár og sunnan línu, sem er dregin úr Reykárósi í Langjökulsenda. Er því mótmælt, að það eigi sér nokkra stoð í heimildum, að landamerki liggi um Eiríksjökul. Er því mótmælt, að sóknaraðiljar hafi eignast nokkurn hluta landsins fyrir sunnan merkjalínu samkvæmt dómkröfu varnaraðilja fyrir hefð.

Í málinu hefur verið sótt þing af hálfu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til réttargæslu.

Af hálfu réttargæsluaðilja kemur fram, að eins og dómkröfum aðilja sé háttað, sé ekki talin ástæða til að hafa uppi ákveðnar kröfur af hans hálfu. Hins vegar kemur fram af hálfu réttargæsluaðilja, að hann telji sér skylt að gæta hagsmuna íslenska ríkisins, að því er varðar eignarrétt að jöklum og hálendisauðnum landsins svo og almenningum vatna og vatnsbotna, hvort heldur utan eða innan einstakra landareigna, og yfirleitt að öllum þeim land- og vatnasvæðum, sem ekki eru háð ótvíræðum eignarrétti einstaklinga.

Þrátt fyrir athugasemd þá á afsali Stefáns Ólafssonar frá 17. maí 1880, að hann sé þinglesinn eigandi að 2/3 hlutum jarðarinnar Kalmanstungu, sem einnig kemur fram á afsalinu til sóknaraðilja, þá þykir fram komið af yngri heimildarskjölum varðandi jörðina, sem fram hafa komið í málinu, að Stefán hafi raunverulega verið eigandi allrar jarðarinnar.

Ágreiningur málsaðilja, að því er tekur til marka landsvæðis þess, sem selt var með afsalinu frá 17. maí 1880, tekur til þess, hvort draga skuli þann hluta merkjalínunnar úr Reykárósi í norðurenda Langjökuls eða í enda skriðjökuls þess, er gengur norðaustur úr Eiríksjökli.

Samkvæmt afsalinu frá 17. maí 1880 er sá hluti merkjalýsingarinnar, sem hér er deilt um, mjög óljós, enda virðist eyða í henni. Má ætla, að með merkjalýsingunni frá 1886 hafi átt að gera merkin gleggri, enda var þar um lagaskyldu að ræða samkvæmt lögum frá 17. mars 1882. Hvorug heimildin er þó það ótvíræð, að merkin verði dregin á þessum kafla, svo að óyggjandi sé. Af ákvæði afsalsins virðast suðurmörk hins selda landsvæðis miðuð við Reyká og Reykjavatn. Virðist ljóst, að mörk hins selda landsvæðis eru þar tengd merkjalýsingum í lögfestunni frá 1879, en ekki er Eiríksjökull eða skriðjöklar hans hluti þeirrar merkjalýsingar. Af merkjalýsingunum frá 1886 kemur fram, að mörk hins selda landsvæðis liggi milli Langjökuls og Reykáróss yfir Reykjavatn. Það er eigi ástæða til að telja, að þeir, sem að þessari merkjalýsingu stóðu af hálfu Reykholtsdals- og Hálsahreppa, hafi farið út fyrir stöðuumboð sitt. Dóminum þykir ekki grundvöllur til að taka til greina kröfu annars hvors aðilja um ákvörðun landamerkja á hinum umdeilda kafla. Þykir dóminum eftir öllum atvikum og með tilliti til staðhátta rétt að ákvarða þennan hluta

landamerkjanna sem beina línu úr vesturrönd Langjökuls um merkjapunkt A í eldvörpum þeim, sem eru vestan Langjökuls samkvæmt uppdrættinum á dskj. nr. 12 um punkt II samkvæmt uppdrættinum á dskj. nr. 78, uns hún sker strönd Reykjavatns í merkjapunkti B samkvæmt sama uppdrætti, en síðan ráði norðausturströnd Reykjavatns merkjum að Reykárósi. Af hálfu sóknaraðilja hafa ekki verið færðar að því sönnur, að þeir hafi unnið eignarhefð á landi sunnan merkjalínu þessarar. Í þessu sambandi er á það að líta, að ekki kemur fram, að eigendur Kalmanstungu hafi talið Langjökul sjálfan (jökulhettuna) sína eign, enda verður eigi séð, að þeir hafi átt neina hagsmuni við það tengda. Það þykir verða að skýra efni afsalsins frá 17. maí 1880 svo, að með því hafi Stefán Ólafsson selt viðsemjendum sínum veiðirétt í ám og vötnum á landsvæðinu, en Stefán hafi jafnframt áskilið jörðinni Kalmanstungu rétt til veiði í ám og vötnum á landsvæðinu að jöfnu á móti hverjum viðsemjenda sinna, þ. e. að 1/4 hluta. Er eigi fram komið, að þessi réttur jarðarinnar sé niður fallinn. Verður því að líta svo á, að jörðin Kalmanstunga eigi veiðirétt í ám og vötnum á landsvæði því, sem selt var með afsalinu frá 17. maí 1880 að 1/4 hluta með sóknaraðiljum. Hins vegar er ekki fram komið, að jörðin Kalmanstunga hafi fyrir hefð öðlast óskiptan veiðirétt á landsvæðinu.

Ekki er komið fram af hálfu aðilja, að sérstök sjónarmið gildi um veiðirétt í Reykjavatni, ef sóknaraðiljar verði taldir eiga land að því.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málskostnaður sóknaraðilja ákveðst kr. 181.382.83 og greiðist úr ríkissjóði, og ber skipuðum talsmanni sóknaraðilja, Sveinbirni Jónssyni hæstaréttarlögmanni, af þeirri fjárhæð kr. 130.000 í málssóknarlaun.

Málskostnaður varnaraðilja ákveðst kr. 154.986.23 og greiðist úr ríkissjóði, og ber skipuðum talsmanni varnaraðilja, Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni, af þeirri fjárhæð kr. 130.000 í málsvarnarlaun.

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 12. júlí 1968, vék hinn reglulegi dómari sæti í máli þessu. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 16. ágúst 1968, var Guðmundur Jónsson borgardómari skipaður til að fara með mál þetta í stað hins reglulega dómara. Hefur hann kveðið upp dóm þennan ásamt samdómendunum Guðmundi Sverrissyni og Magnúsi Óskarssyni.

Dómsorð:

Sá hluti landamerkja lands þess, er Stefán Ólafsson, bóndi í Kalmanstungu, seldi bændunum Þorsteini Magnússyni, Gísla Eggertssyni og Magnúsi Jónssyni með afsali því frá 17. maí 1880, er í málinu greinir, en nú er eign sóknaraðilja, Reykholtsdals- og Hálsahreppa, og um er deilt í máli þessu, skal ákveðinn þannig: Bein lína úr vesturrönd Langjökuls yfir merkjapunkt A samkvæmt uppdrættinum á dskj. nr. 12, um mælipunktinn II samkvæmt uppdrættinum á dskj. nr. 78, uns hún sker bakka Reykjavatns í merkjapunkti B samkvæmt sama uppdrætti, síðan ræður norðausturströnd Reykjavatns til norðurs að Reykárósi, en þaðan ræður Reyká að Norðlingafljóti.

Jörðin Kalmanstunga á rétt til veiði í ám og vötnum á landsvæði því, sem Stefán Ólafsson seldi með afsali því frá 17. maí 1880, er í málinu greinir, að 1/4 á móti sóknaraðiljum.

Málskostnaður fellur niður.

Málskostnaður sóknaraðilja, Reykholtsdals- og Hálsahreppa, kr. 181.382.83, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni sóknaraðilja, Sveinbirni Jónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 130.000 í málssóknarlaun.

Málskostnaður varnaraðilja, Kristófers Ólafssonar og Kalmans Stefánssonar, kr. 154.986.23, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni þeirra, Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 130.000 í málsvarnarlaun.

Föstudaginn 31. janúar 1975.

Nr. 101/1973. **Dagfinnur Stefánsson**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
Sigurði M. Helgasyni skiptaráðanda og Soffíu Haraldsdóttur
(Magnús Thorlacius hrl.)
og Soffía Haraldsdóttir
gegn
Dagfinni Stefánssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Hjón. Fjárskipti. Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Einar Ingimundarson, uppboðshaldari í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 28. apríl 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. apríl s. á. Því máli var vísað frá Hæstarétti með dómi 13. júní 1973. Með heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 áfrýjaði aðaláfrýjandi málinu að nýju með stefnu 22. júní 1973, birtri 27. september 1973. Krefst hann þess, að uppboðshaldarinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu gefi út uppboðsafsal sér til handa fyrir byggingarlóðinni nr. 26 við Haukanes í Garðahreppi „gegn greiðslu á hluta" gagnáfrýjanda „í uppboðsverðinu, þegar frá heildarverðinu hafa verið dregnar þær tvær fjárhæðir, kr. 163.000 og kr. 33.256, sem aðaláfrýjandi greiddi vegna eignarinnar, eftir að fjárfélagi hjónanna var slitið". Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, Soffía Haraldsdóttir, áfrýjaði máli þessu upphaflega 2. maí 1972 og hefur nú gagnáfrýjað því að nýju með stefnu 4. október 1973. Krefst hún þess aðallega, „að

uppboðskaupum aðaláfrýjanda á byggingarlóð að Haukanesi 26 í Garðahreppi verði riftað án endurgreiðslu innborgaðs fjár og lagt fyrir uppboðshaldara að láta fara fram uppboð af nýju." Til vara krefst hún staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað af hálfu hins stefnda skiptaráðanda. Kröfur hans eru þær sömu og gagnáfrýjanda.

Lóð sú, sem í málinu greinir, var seld á opinberu uppboði samkvæmt ákvörðun hins stefnda skiptaráðanda, sem fjallar um búskipti aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda, en þau fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng 28. febrúar 1968 og lögskilnað 7. ágúst 1970. Uppboðið var haldið af uppboðshaldaranum í Gullbringu- og Kjósarsýslu með hliðsjón af 23. gr. laga nr. 57/1949.

Fallast ber á þá úrlausn uppboðshaldara, að dráttur sá af hendi aðaláfrýjanda, er varð á greiðslu uppboðsandvirðis, varði eigi riftun uppboðskaupa.

Eigi eru haldkvæm rök fyrir þeirri kröfu aðaláfrýjanda, að hann fái uppboðsafsal gegn greiðslu á helmingi þess verðs, er hann bauð í hina seldu eign, þegar frá uppboðsverðinu hafa verið dregnar kr. 196.856, er hann telur sig hafa greitt vegna eignarinnar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Framangreindri riftunarkröfu gagnáfrýjanda, Soffíu Haraldsdóttur, og stefnda, Sigurðar M. Helgasonar skiptaráðanda, er synjað.

Krafa aðaláfrýjanda, Dagfinns Stefánssonar, um uppboðsafsal fyrir lóðinni nr. 26 við Haukanes í Garðahreppi gegn greiðslu á helmingi uppboðsverðs, þegar frá því hafa verið dregnar kr. 196.856, er ekki tekin til greina.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 4. janúar 1972.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar þann 16. desember sl. að loknum munnlegum málflutningi, hefur umboðsmaður sækjanda, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, krafist þess *aðallega*, að uppboðskaupum verjanda á byggingarlóð að Haukanesi 26, Garðahreppi, verði riftað án endurgreiðslu innborgaðs fjár, en *til vara*, að niður verði felldir frádráttarliðirnir í frumvarpi að úthlutunargerð á uppboðsandvirði áðurnefndrar byggingarlóðar, samtals kr. 196.856. Kröfur umboðsmanns verjanda, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, eru þær, að öllum kröfum sóknaraðilja verði hrundið og að umbjóðanda hans, Dagfinni Stefánssyni, verði lögð út byggingarlóðin nr. 26 við Haukanes, Garðahreppi, gegn greiðslu þeirri, sem hann hefur þegar innt af hendi til uppboðsréttarins, að áskildum rétti verjanda til að krefjas helmings af kosnaði við uppboð eignarinnar af hluta sækjanda úr félagsbúi málsaðilja. Báðir krefjast málsaðiljar málskostnaðar úr hendi hvor annars að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, sem nú verður lýst:

Með bréfi ódagsettu, en mótteknu hjá embættinu 11. maí 1971, beiddist Sigurður Helgason borgarfógeti þess, að auglýst yrði uppboð til sameignarslita vegna skipta á félagsbúi Dagfinns Stefánssonar og fyrrverandi konu hans, Soffíu Haraldsdóttur, á byggingarlóðinni nr. 26 við Haukanes í Garðahreppi, eign nefnds félagsbús. Auglýsing þessa efnis birtist síðan í 31., 35. og 37. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1971, og var þar fram tekið, að uppboð á nefndri byggingarlóð færi fram á henni sjálfri fimmtudaginn 15. júlí 1971, klukkan 2.00 e. h., til sameignarslita samkvæmt beiðni skiptaréttar Reykjavíkur, og einnig, að lóð þessi væri þinglýst eign varnaraðilja, Dagfinns Stefánssonar.

Til áréttingar auglýsingu þessari birtist síðan í dagblaðinu Vísi þann 12. júlí 1971 efnislega samhljóða auglýsing.

Sala á eigninni fór svo fram, eins og ákveðið hafði verið, þann 15. júlí sl., og varð hæstbjóðandi á uppboðinu Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður f. h. varnaraðilja í máli þessu, Dagfinns Stefánssonar. Var boð hans kr. 550.000. Næsthæstbjóðandi var Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður f. h. sóknaraðilja, Soffíu Haraldsdóttur. Á uppboðinu tók umboðsmaður verjanda fram og óskaði bókað, að hann (verjandi) hefði að hálfu greitt gatnagerð-

argjald af lóðinni og krefðist hann þess, að það yrði greitt af uppboðsandvirði eignarinnar. Síðar við rekstur máls þessa lagði umboðsmaður varnaraðilja fram skilríki (kvittanir) fyrir því, að hann (varnaraðili) hefði þann 1. mars 1968 greitt hitaveitugjald til Hitaveitu Arnarness, kr. 33.256, og þann 29. september 1970 hefði hann greitt til sveitarsjóðs Garðahrepps vegna Haukaness 26 kr. 163.600, eða samtals kr. 196.856. Ekki komu fram við uppboðið mótmæli frá sóknaraðilja eða umboðsmanni hennar gegn þessari kröfu umboðsmanns varnaraðilja.

Þann 16. júlí sl. greiddi umboðsmaður varnaraðilja til embættis uppboðshaldarans í Gullbringu- og Kjósarsýslu kr. 100.000 upp í uppboðsandvirði hinnar seldu eignar. Leið svo fram til 27. október sl., að ekki voru gerð frekari skil á uppboðsandvirðinu af hálfu uppboðskaupanda eða umboðsmanni hans, en þann dag sendi uppboðshaldari þeim Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni sem umboðsmanni hæstbjóðanda í eignina, Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni sem umboðsmanni næsthæstbjóðanda og Sigurði M. Helgasyni, borgarfógeta í Reykjavík, sem uppboðsbeiðanda símskeyti þar sem segir, að krafist hafi verið tafarlauss uppgjörs á uppboðsandvirði hinnar seldu eignar, sem hér ræðir um, og hafi hann (uppboðshaldari) því ákveðið, að hafi ekki hæstbjóðandi gert upp uppboðið að fullu fyrir 6. nóvember sl. yrði tekið næsthæsta boð í eignina eða uppboð haldið að nýju á henni vegna vangreiðslu á uppboðsandvirðinu. Daginn eftir, þ. e. 28. október sl., komu fyrir uppboðshaldara Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður og með honum verjandi í máli þessu, Dagfinnur Stefánsson, og lögðu fram sem tryggingu fyrir eftirstöðvum þess hluta uppboðsandvirðis hinnar seldu eignar, sem þeir töldu uppboðskaupanda eiga að standa skil á, svo og áætluðum uppboðskostnaði ávísun á Verslunarbanka Íslands að fjárhæð kr. 185.000. Héldu þeir því fram sem fyrr við þetta tækifæri, að sá hluti fasteignagjalda, sem verjandi hafði greitt af hinni seldu eign, skyldi við uppgjör koma til frádráttar af uppboðsandvirðinu óskiptu, áður en því yrði skipt milli sameigenda hinnar seldu eignar, þ. e. aðilja þessa máls.

Þann 8. nóvember sl. var mál þetta tekið fyrir í uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarsýslu að viðstöddum Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni, umboðsmanni sækjanda, Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni, umboðsmanni verjanda, og Sigurði M. Helgasyni, borgarfógeta í Reykjavík, uppboðsbeiðanda.

Við fyrirtöku þessa lagði uppboðshaldari fram uppkast að út-

hlutunargerð á andvirði hinnar seldu eignar, þar sem gert var ráð fyrir, að fasteignagjöld þau, sem verjandi hafði greitt af hinni seldu eign, sbr. það, sem hér að framan segir, yrðu dregin frá uppboðsandvirðinu óskiptu og að hlutur hvors sameiganda hinnar seldu eignar, þ. e. aðilja þessa máls, yrði því kr. 550.000 ÷ 196.856 = 353.144 : 2 = 176.572. Þessu uppkasti að úthlutunargerð mótmælti umboðsmaður sóknaraðilja og óskaði að leggja fram greinargerð í málinu til rökstuðnings mótmælum sínum. Hafa síðan umboðsmenn málsaðilja beggja lagt fram greinargerðir sínar og munnlegur flutningur málsins farið fram, svo sem áður segir.

Aðalkröfu sína um, að uppboðskaupum varnaraðilja verði riftað án endurgreiðslu innborgaðs fjár, styður umboðsmaður sóknaraðilja með því, að varnaraðili hafi látið undir höfuð leggjast að greiða allt uppboðsandvirðið og gert þau skil, sem hann hafi gert, seint og illa. Telur hann (umboðsmaður sóknaraðilja), að af þessu réttlætist riftun uppboðskaupanna.

Varakröfu sína, þ. e. að niður verði felldir frádráttarliðirnir í frumvarpi að úthlutunargerð, samtals kr. 196.856, styður umboðsmaður sóknaraðilja þeim rökum, að þrátt fyrir það að uppboð það, sem hér ræðir um, hafi farið fram á uppboðsþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu af þeirri ástæðu einni, að það sé samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1949, 23. gr., þá sé það fjarstæða, að uppboðshaldarinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu eigi fyrir þær sakir að grípa fram fyrir hendur skiptaréttar Reykjavíkur, þar sem skipti á félagsbúi málsaðilja fara nú fram. Sé því ekki um það að ræða, að verið sé að gæta hagsmuna þeirra, sem veðbönd eiga í þeirri eign, sem seld hefur verið á uppboði, heldur telji varnaraðili sig hafa lagt út fé fyrir búið og eiga kröfu á endurgreiðslu. Segir umboðsmaður sóknaraðilja, að hún hafi einnig lagt út fé fyrir búið og eigi því kröfu á endurgreiðslu, en það heyri undir skiptarétt Reykjavíkur, hvernig eignir og skuldir búsins skiptast með aðiljum þessa máls. Sé það í hans verkahring, en ekki uppboðshaldara í öðru lögsagnarumdæmi.

Kröfu sína um útlagningu á hinni seldu eign til varnaraðilja rökstyður umboðsmaður hans með því, að fasteign sú, sem hér ræðir um, sé hjúskapareign varnaraðilja, sem hann eigi rétt á að fá sér lagða út gegn greiðslu á sannvirði hennar til fullnægju á rétti sóknaraðilja. Um þetta segir umboðsmaður varnaraðilja raunar hafa verið reynt að semja, en það hafi ekki tekist og hafi því ekki verið annars kostur en að sannreyna verðmæti eignar-

innar með uppboði. Telur umboðsmaður verjanda, að umbjóðandi hans hafi ekki einu sinni þurft að bjóða sjálfur í eignina, heldur hafi hann getað krafist á henni útlagningar samkvæmt hæsta boði. Þá hefur umboðsmaður verjanda bent á í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins, að það sé meginregla í íslenskum rétti, að ekki aðeins skuli uppboð á fasteignum fara fram í þinghá, þar sem þær eru, sbr. 23. og 12. gr. laga nr. 57/1949, heldur og einnig að öll mál út af réttindum yfir fasteign skuli rekin í þinghá, þar sem fasteignin liggur, sbr. 78. gr. laga nr. 85/1936. Af þessum sökum telur hann, að uppboðshaldara beri að skera úr ágreiningi í máli þessu. Þá bendir umboðsmaður varnaraðilja einnig á, að á hinni seldu eign hafi hvílt samningsbundnar kvaðir um greiðslu gatnagerðargjalds og greiðslur vegna þátttöku í Hitaveitu Arnarness. Hafi þess verið getið við uppboð á eigninni, að verjandi hafi greitt upp í gjöld þessi, eftir að aðiljar þessa máls slitu hjúskap sínum, og hafi þess þá verið krafist, að þessar fjárhæðir yrðu endurgreiddar af uppboðsandvirðinu óskiptu. Hvorki skiptaráðandinn í Reykjavík né umboðsmaður sóknaraðilja, sem báðir hafi verið viðstaddir, er uppboðið fór fram, hafi mótmælt þessu og hafi uppboðið farið þannig fram. Telur umboðsmaður varnaraðilja hann eiga ótvíræðan skuldajafnaðarrétt við uppboðsandvirðið, bæði vegna helmingseignar sinnar í andvirði eignarinnar sem og þeirra kvaðagreiðslna, sem hann hafi leyst til sín, eftir að hjúskap aðilja lauk. En jafnframt eigi hann kröfu til greiðslu á helmingi þess kostnaðar, sem leitt hefur af uppboðinu, í búshluta sóknaraðilja. Þá hefur umboðsmaður verjanda enn fremur bent á, að bú málsaðilja sé undir opinberum skiptum eftir kröfu sækjanda og sé hann (þ. e. sækjandi) því ekki að hans áliti aðili þessa máls, heldur skiptaráðandinn í Reykjavík vegna búsins.

Þess skal getið, að við munnlegan flutning máls þessa lagði umboðsmaður sóknaraðilja, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, fram málflutningsumboð, þar sem segir, að áðurnefndur lögmaður hafi umboð til að flytja mál það, er búið (Soffía Haraldsdóttir) á nú í gegn Dagfinni Stefánssyni fyrir uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarsýslu, búinu að kostnaðarlausu. Umboð þetta er undirritað af Sigurði M. Helgasyni borgarfógeta, sem fer með skiptamál málsaðilja fyrir skiptarétti Reykjavíkur. Af hálfu skiptaréttar Reykjavíkur hafa hins vegar engar kröfur verið gerðar við rekstur máls þess, sem hér er til úrskurðar.

Aðalkrafa sóknaraðilja í máli þessu er, svo sem áður getur, að

uppboðskaupum varnaraðilja á lóðinni nr. 26 við Haukanes í Garðahreppi verði vegna dráttar á greiðslu uppboðsandvirðis riftað án endurgreiðslu innborgaðs fjár.

Rétt er það að vísu, að allmikill og verulegur dráttur hefur orðið á því, að uppboðskaupandi, varnaraðili í máli þessu, stæði uppboðshaldara skil á uppboðsandvirðinu samkvæmt boði sínu.

Þess ber þó að gæta, að varnaraðili greiddi þegar, eftir að uppboðshaldari hafði sett honum ákveðinn lokafrest til greiðslu þess, þann hluta uppboðsandvirðisins, sem hann (varnaraðili) taldi sig að eigin mati eiga að greiða, en mál það, sem hér er til úrskurðar, er hins vegar sprottið af ágreiningi málsaðilja um greiðslu hins hluta uppboðsfjárhæðarinnar. Þykja því samkvæmt framansögðu og eftir atvikum ekki nægileg efni til riftunar á uppboðskaupum varnaraðilja, og er því aðalkrafa sóknaraðilja ekki tekin til greina.

Varakrafa sóknaraðilja er, að niður verði felldir frádráttarliðirnir í frumvarpi að úthlutunargerð á uppboðsandvirði hinnar seldu eignar, svo sem lýst er hér að framan, samtals að fjárhæð kr. 196.856.

Vegna þessarar kröfu er þetta tekið fram:

Svo sem hér að framan er getið, fór uppboð á byggingarlóðinni nr. 26 við Haukanes, Garðahreppi, fram samkvæmt beiðni skiptaráðandans í Reykjavík, en hann hefur með höndum skipti á félagsbúi aðilja máls þessa, Dagfinns Stefánssonar og Soffíu Haraldsdóttur.

Virðist því vera ljóst, að eign þessi hafi verið hluti af heildareignum félagsbús áðurnefndra hjóna og hafi beiðni skiptaráðandans í Reykjavík um uppboðssölu á þessum eignarhluta búsins byggst á því aðeins, að honum yrði komið í verð, þar eð málsaðiljar hafi ekki verið ásáttir um, í hvors hlut eign þessi skyldi koma við skiptin. Af framansögðu virðist leiða, hvað sem öðru líður, að andvirði nefndrar eignar, eins og það reyndist verða samkvæmt hæsta boði á uppboði því, sem fram fór á eigninni þann 15. júlí 1971, skuli allt og óskipt renna í nefnt félagsbú, sem er í vörslu skiptaráðandans í Reykjavík. Beri því uppboðshaldaranum í Gullbringu- og Kjósarsýslu að innheimta uppboðsandvirði hinnar seldu eignar samkvæmt hæsta boði í hana á áðurnefndu uppboði og greiða andvirðið síðan uppboðsbeiðanda, skiptaráðandanum í Reykjavík.

Umboðsmaður varnaraðilja hefur frá upphafi máls þessa krafist þess, að greiðslur þær, sem hann (varnaraðili) hefur innt af

hendi vegna hinnar seldu eignar (fasteignagjöld), eftir að fjárfélagi hjóna þeirra, sem eru aðiljar þessa máls, var slitið, skuli dragast frá uppboðsandvirði hinnar seldu eignar óskiptu svo og beri sóknaraðilja að greiða helming uppboðskostnaðar. Telja verður, að kröfum öllum á hendur búi því, sem hér ræðir um, án tillits til þess, af hvaða skiptum þær eru sprottnar eða af hvaða eignarhlutum búsins þær kunna að stafa, beri að beina til þess aðilja, sem hefur með höndum skipti heildareigna búsins milli aðilja þessa máls, þ. e. skiptaréttar Reykjavíkur, og verði ekki gegn mótmælum sóknaraðilja tekin afstaða til neinna sérkrafna viðkomandi búinu fyrir öðrum rétti, t. d. uppboðsrétti, sem engin önnur afskipti hefur haft af skiptum viðkomandi bús en þau að annast sölu á eignarhlutum þess eftir beiðni skiptaráðanda, sem með búið fer í heild.

Samkvæmt framansögðu verður því niðurstaða þessa réttar sú, að tekin er til greina varakrafa umboðsmanns sóknaraðilja um, að niður skuli felldir frádráttarliðir í frumvarpi að úthlutunargerð á uppboðsandvirði hinnar seldu eignar, samtals að fjárhæð kr. 196.856, og skuli fjárhæðin öll samkvæmt hæsta boði í eignina, kr. 550.000, afhent skiptaráðandanum í Reykjavík, er hún hefur að fullu verið greidd uppboðshaldaranum í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Uppboðskostnað allan ber uppboðskaupanda eftir almennum reglum og samkvæmt uppboðsskilmálum að greiða.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Aðalkrafa sóknaraðilja, Soffíu Haraldsdóttur, um riftun uppboðskaupa varnaraðilja, Dagfinns Stefánssonar, á byggingarlóðinni nr. 26 við Haukanes, Garðahreppi, á uppboði 15. júlí 1971 án endurgreiðslu innborgaðs fjár er ekki tekin til greina, enda greiði uppboðskaupandi, varnaraðili í máli þessu, þegar að fullu uppboðsandvirði hinnar seldu eignar, kr. 550.000, til uppboðshaldarans í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Tekin er hins vegar til greina varakrafa sóknaraðilja um, að niður verði felldir frádráttarliðir í framlögðu frumvarpi að úthlutun á uppboðsandvirði hinnar seldu eignar, samtals að fjárhæð kr. 196.856.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 3. febrúar 1975.

Nr. 38/1974. **Reynir Örn Leósson og Hulda Garðarsdóttir**
gegn
Þorvaldi Þórarinssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Reynir Örn Leósson og Hulda Garðarsdóttir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 400 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þau stefnda, Þorvaldi Þórarinssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, kr. 8.000 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. febrúar 1975.

Nr. 84/1974. **Sigurgeir V. Sigurgeirsson**
gegn
Vegagerð ríkisins og Almennum Tryggingum h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurgeir V. Sigurgeirsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. febrúar 1975.

Nr. 100/1974. **Þórður Johnsen**
gegn
Sindra-Stáli.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þórður Johnsen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. febrúar 1975.

Nr. 124/1974. **Hvesta h/f**
gegn
Skiftaráðandanum í Reykjavík.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hvesta h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, skiftaráðandanum í Reykjavík, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, kr. 4.000 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. febrúar 1975.

Nr. 97/1973. **Guðmundur Þengilsson**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Bjarna Höskuldssyni
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Kaupsamningur. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júní 1973. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að ársvextir ákveðast 7% frá 10. maí 1972 til 16. maí 1973, 9% frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 12% frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að ársvextir ákveðast 7% af hinni dæmdu fjárhæð frá 10. maí 1972 til 16. maí 1973, 9% frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 12% frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Guðmundur Þengilsson, greiði stefnda, Bjarna Höskuldssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþing Reykjavíkur 26. apríl 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 3. apríl sl., hefur Bjarni Höskuldsson, Hringbraut 24, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 23. maí 1972, gegn Guðmundi Þengilssyni, Sogavegi 74, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 8.700 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 10. maí 1972 til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og jafnframt að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins.

Málið var þingfest 25. maí 1972. Lögmaður stefnda fékk fresti til þess að skila greinargerð til 29. júní 1972. Þá var málinu frestað um óákveðinn tíma. Dómarinn, sem dæmir málið, fékk það til meðferðar í janúar sl.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu, en án árangurs.

Málavextir virðast vera þeir, að stefndi hafi selt stefnanda íbúð á 1. hæð, merkt F á teikningu, í húsinu nr. 78 við Vesturberg í Reykjavík samkvæmt kaupsamningi, dags. 22. nóvember 1971. Lögmenn aðilja eru sammála um, að afsal fyrir eigninni hafi verið gefið út 10. maí 1972. Þá er gengið skyldi frá afsali, reis ágreiningur með málsaðiljum um það, hvernig túlka bæri ákvæði í kaupsamningi um vexti af væntanlegu húsnæðismálastjórnarláni, og greiddi stefnandi umkrafða vexti með fyrirvara.

Stefnandi höfðaði síðan mál þetta til endurgreiðslu á vöxtum, sem hann telur ofgreidda.

Af hálfu stefnanda eru kröfur rökstuddar með því, að stefnandi hafi keypt íbúðina m. a. með þeim kjörum, að stefndi skyldi bíða eftir láni húsnæðismálastjórnar. Hafi verið skýrt tekið fram í kaupsamningnum á dskj. nr. 3, að vextir skyldu reiknast frá ákveðnum upphafsdegi samkvæmt fyrri hluta láni frá 1. mars 1972, sem stefnandi hafi gert, sbr. dskj. nr. 4, og samkvæmt síðari hluta láni frá 1. september 1972.

Í kaupsamningnum séu bein ákvæði um vaxtagreiðslur af framangreindum lánum, en þau séu þannig: „Gert er ráð fyrir, að fyrri hluti húsnæðismálastjórnarláns fáist í febrúar 1972 og síðari hluti sex mánuðum síðar. Verði dráttur á lánveitingum þessum, ber kaupanda að greiða vísilvexti af fyrri hluta lánsins frá 1. mars 1972, en síðari hluta frá 1. sept. 1972 til greiðsludags."

Þegar ganga skyldi frá afsali fyrir eigninni þann 10. maí sl.,

hafi stefndi gert kröfu til þess, að greiddir yrðu 9½% ársvextir af láni því, sem húsnæðismálastjórn veitir, þ. e. síðari hluta, að fjárhæð kr. 300.000 frá 10. maí 1972 til 1. september 1972. Hafi stefnandi greitt vexti þessa með fyrirvara um að endurheimta vexti fyrir framangreint tímabil í þeim tilgangi að fá útgefið afsal fyrir eigninni. Stefnufjárhæðin sé því 9½% ársvextir af kr. 300.000 frá 10. maí 1972 til 1. september 1972, kr. 8.700, auk vaxta og kostnaðar.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að kaupsamningurinn á dskj. nr. 3 sé grundvöllur túlkunar samnings málsaðilja. Í kaupsamningnum sé sérákvæði varðandi vexti af húsnæðismálastjórnarláni. Þetta ákvæði verði að skilja þannig, að vextir af síðari hluta lánsins skyldu einungis greiðast frá 1. september 1972. Sé sá skilningur í samræmi við almenna málvenju og það, sem hafi verið ætlun samningsaðilja við samningsgerðina.

Af hálfu stefnanda er einnig á það bent, að í sambandi við fyrri hluta húsnæðismálastjórnarlánsins hafi kaupsamningurinn verið túlkaður í samræmi við skilning stefnanda, sbr. dskj. nr. 4.

Stefndi sé vanur fasteignasölu, en stefnandi óvanur slíkum viðskiptum. Lögfræðingur stefnda hafi mikla reynslu í að gera samninga um fasteignakaup, en hann hafi gert samning þann, sem mál þetta er af risið.

Stefndi rökstyður sýknukröfur sínar með vísan til eftirfarandi ákvæða í kaupsamningi á dskj. nr. 3:

1. „Íbúðin sjálf selst tilbúin undir tréverk og málningu."
2. „Seljandi greiðir öll gjöld, er greiða ber, á meðan húsið er í byggingu, að afhendingardegi sjálfrar íbúðarinnar, er miðast við þann dag, er íbúðin sjálf afhendist múrhúðuð."
3. „Venjulegir víxilvextir greiðast af eftirstöðvum, sem eftir kunna að verða við afhendingu íbúðarinnar sjálfrar í umsömdu ástandi og einnig ef kaupanda er veittur frestur á greiðslum samkv. samningi. Þegar íbúðin er tilbúin múrhúðuð, skal fara fram afsal og lokauppgjör, og frá þeim tíma, þ. e. frá afhendingu íbúðarinnar, skal kaupandi greiða hita og rafmagnskostnað og önnur gjöld. Eftirstöðvar kaupverðsins skulu tryggðar með víxlum og tryggingarbréfum með veði í eignarhlutanum og beri víxlarnir vexti frá afhendingardegi íbúðarinnar til kaupanda samkv. framansögðu."

Samkvæmt þessu ákvæði eigi kaupandi að greiða vexti af öllu því, sem hann skuldi við afhendingu. Enda sé sanngjarnt að kaupandi greiði vexti af andvirði íbúðar, eftir að kaupandi taki við

íbúðinni. Verslunarvenja sé, að vextir séu greiddir eftir afhendingu. Það verði að taka það sérstaklega fram, ef ekki eigi að greiða vexti eftir afhendingu.

Svo sem sjá megi af þessum tilgreindu ákvæðum, komi glöggt í ljós, að samkvæmt kaupsamningnum á dskj. 3 hafi verið ætlun aðilja máls þessa, að stefnandi tæki við íbúð sinni, strax og hún væri sjálf tilbúin, í umsömdu ástandi og að hann tæki frá þeim tíma við afsali hennar og hirti arð hennar og að „venjulegir víxilvextir greiddust af eftirstöðvunum, sem eftir kynnu að vera við afhendingu íbúðarinnar sjálfrar í umsömdu ásigkomulagi," og einnig, að eftirstöðvar kaupverðsins skyldu „tryggðar með víxlum og tryggingarbréfum með veði í eignarhlutanum og beri víxlarnir vexti frá afhendingardegi íbúðarinnar til kaupanda samkv. framansögðu".

Ágreiningur málsaðilja er eingöngu um það, hvernig beri að túlka ákvæði kaupsamningsins á dskj. nr. 3 varðandi vexti af húsnæðismálastjórnarlánum. Ekki er ágreiningur um fjárhæð.

Við munnlegan málflutning upplýsti lögmaður stefnda, að hann hafi samið dskj. nr. 3, en svona samningar hafi verið gerðir vegna sölu á 50 íbúðum, sú síðasta þeirra hafi verið seld í nóvember 1972.

Í kaupsamningnum á dskj. nr. 3 er svohljóðandi ákvæði:

„Venjulegir víxilvextir greiðast af eftirstöðvum, sem eftir kunna að verða við afhendingu íbúðarinnar sjálfrar í umsömdu ásigkomulagi, og einnig ef kaupanda er veittur frestur á greiðslum skv. samningi. Þegar íbúðin er tilbúin múrhúðuð, skal fara fram afsal og lokauppgjör, og frá þeim tíma, þ. e. frá afhendingu íbúðarinnar, skal kaupandi greiða hita- og rafmagnskostnað og önnur gjöld. Eftirstöðvar kaupverðsins skulu tryggðar með víxlum og tryggingarbréfum með veði í eignarhlutanum og beri víxlarnir vexti frá afhendingardegi íbúðarinnar til kaupanda samkv. framansögðu."

Enn fremur er svohljóðandi ákvæði:

„Gert er ráð fyrir, að fyrri hluti Húsnæðismálastjórnarláns fáist í febrúar 1972 og síðari hluti sex mánuðum síðar. Verði dráttur á lánveitingum þessum, ber kaupanda að greiða vísilvexti af fyrri hluta lánsins frá 1. mars 1972, en síðari hluta frá 1. september 1972 til greiðsludags."

Við túlkun kaupsamningsins þykir verða að gera ráð fyrir því, að ákvæðinu um vexti af húsnæðismálastjórnarláninu væri ætlað að hafa einhverja þýðingu, og þykir verða að skilja ákvæði þetta

þannig, að af síðari hluta húsnæðismálastjórnarláns skuli greiðast vextir frá 1. september 1972 og fyrr ekki. Skilningur þessi byggist á orðalagi ákvæðisins og almennri málvenju. Dskj. nr. 4 styður enn fremur þessa túlkun ákvæðisins.

Niðurstaða málsins verður því sú, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti.

Hæfilegt þykir, að stefndi greiði stefnanda kr. 4.500 í málskostnað.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist nokkuð vegna páskaleyfis og mikilla anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Þengilsson, greiði stefnanda, Bjarna Höskuldssyni, kr. 8.700 með 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 10. maí 1972 til greiðsludags og kr. 4.500 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. febrúar 1975.

Nr. 9/1975. **Ragna Aðalsteinsdóttir og Sigríður Aðalsteinsdóttir**
gegn
Ólafi Helgasyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 20. janúar 1975, sem barst Hæstarétti 21. s. m., hafa sóknaraðiljar samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar frávísunardómi, uppkveðnum í „héraðsdómi Ögurhrepps" 3. janúar 1975. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi

felldur og að lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma um efni málsins. Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur í ódagsettri greinargerð krafist þess, að hinn kærði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til, „en þó með þeirri breytingu, að hinn tildæmdi málskostnaður í héraði verði stórlega hækkaður . . . ". Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Þegar af þeim ástæðum, sem í héraðsdómi greinir, ber að staðfesta hann. Rétt er að sóknaraðiljar greiði varnaraðilja kr. 8.000 í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Ragna Aðalsteinsdóttir og Sigríður Aðalsteinsdóttir, greiði varnaraðilja, Ólafi Helgasyni, kr. 8.000 í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 3. janúar 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 16. f. m., hafa þær Ragna og Sigríður Aðalsteinsdætur, Laugabóli, Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, höfðað fyrir héraðsdóminum með stefnu, birtri 2. október 1970, á hendur Ólafi Helgasyni, Njörvasundi 36, Reykjavík, til þess „með dómi gagnvart honum að fá viðurkenndan innlausnarrétt á veiðirétti á vatnasvæði fyrir hálfum Efstadal, Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu."

Þá hafa stefnendur stefnt til réttargæslu landbúnaðarráðherra f. h. landbúnaðarráðuneytisins. Á hendur réttargæslustefnda eru eigi gerðar kröfur í þessu máli, og hann hefur heldur engar kröfur gert, enda ekki látið mæta í þessu máli.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að stefndi verði algerlega sýknaður, og loks til þrautvara, að sýknað verði að svo stöddu. Verði innlausn tildæmd, taki hún í engu tilfelli til veiðiréttar í Efstadalsvatni. Jafnframt krefst stefndi málskostnaðar eftir mati dómsins úr hendi stefnenda in solidum, hvernig sem málinu reiðir af, en verði það dæmt að efni til, krefst stefndi þess til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Með kaupsamningi, dags. 5. janúar 1942, selur stefndi, Ólafur Helgason, föður stefnenda, Aðalsteini Jónassyni, Laugabóli í Ögurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, hálfa jörðina Efstadal í Laugardal, Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, „að undanteknum veiðirétti árinnar, sem hann gerir ekki kröfu til þess að hann fylgi með í kaupunum."

Stefnendur eru dætur Aðalsteins Jónassonar. Við lát hans erfðu þær þann jarðarhluta, sem hér um ræðir, og eru sameigendur að eigninni ásamt stefnda, Ólafi Helgasyni.

Með bréfi, dags. 8. febrúar 1966, fóru stefnendur þess á leit við landbúnaðarráðherra, að hann samþykkti innlausn á veiðirétti að hálfum Efstadal í Ögurhreppi, þar sem veiðiréttur hafði verið undanskilinn í sölunni til föður þeirra þann 5. janúar 1942. Í bréfi þessu segir m. a. svo:

„Umræddur veiðiréttur er í Laugardalsá. Teljum við undanskot hans í afsalinu ólöglegt, sbr. gildandi lagaákvæði um þetta efni, sbr. og hliðstæð lagaákvæði, er í gildi voru, er afsalið var gert." Það er rangt í bréfi þessu að tala um afsal, þar sem hér er um kaupsamning að ræða.

Hinn 13. júní 1967 svarar landbúnaðarráðherra málaleitan stefnenda jákvætt með svofelldum orðum:

„Samkvæmt umsókn yðar í bréfi, dags. 8. febrúar sl., og að fengnum meðmælum Veiðimálanefndar vill ráðuneytið með skírskotun til 3. gr. laga nr. 53, 5. júní 1957 um lax og silungsveiði, heimila yður og systur yðar Sigríði sem eigendum að hálfri jörðinni Efstadal í Ögurhreppi að innleysa til yðar veiðirétt í Laugardalsá, sem svarar til eignarhluta yðar í jörðinni".

Hinn 12. desember 1967 ritar lögmaður stefnenda sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu bréf, þar sem hann beiðist þess, að sýslumaður útnefni eða dómkveðji óvilhalla menn til að meta veiðirétt þann, sem hér um ræðir, þannig að eigendur Efstadals geti leyst hann til sín og fengið að því loknu réttindi sín skráð í veðmálabækur.

Hinn 6. febrúar 1968 útnefnir sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu þrjá menn „til þess að meta veiðirétt hálfs Efstadals í Ögurhreppi í Laugardalsá og vötnum í Laugardal".

Mat hinna dómkvöddu manna er dagsett 2. mars 1968. Að loknum inngangsorðum segir svo í matinu:

„Að vandlega athuguðu máli höfum við orðið sammála um að meta umræddan veiðirétt á kr. 7.000.00 — sjö þúsund krónur — ".

Eigi gafst matsþola, Ólafi Helgasyni, kostur á að gæta hagsmuna sinna við mat þetta. En hinn 16. mars 1968 ritar lögmaður stefnenda stefnda bréf, þar sem hann kynnir honum niðurstöðu mats þessa. Í niðurlagi bréfsins óskar lögmaðurinn þess, að Ólafur Helgason láti sig vita, hvort hann samþykki matið eða ekki og „þá hve hátt þér teljið það eiga að vera og hvern hátt þér óskið að hafa á þessu."

Með bréfi, dags. 18. júní 1968, svarar lögmaður Ólafs Helgasonar framangreindu bréfi. Í því er tekið fram, að Ólafur Helgason samþykki alls ekki innlausn þar greindra veiðiréttinda nema samkvæmt dómi. Enn fremur er framangreindu mati mótmælt, en til vara er fjárhæð þess mótmælt sem of lágri.

Ekki óskaði Ólafur Helgason eftir yfirmati.

Næst gerist það í málinu, að með stefnu, útgefinni 26. júní 1968, höfða stefnendur mál gegn Ólafi Helgasyni fyrir aukadómþingi Ísafjarðarsýslu. Þetta er aukadómþingsmálið nr. 9/1968. Dómur í þessu máli var uppkveðinn hinn 20. nóvember 1968 í aukadómþingi Ísafjarðarsýslu. Með þeim dómi er stefnendum veittur réttur til innlausnar samkvæmt 3. gr. laga nr. 53/1957 á veiðirétti í Laugardalsá í Ögurhreppi, sem svarar til jarðarhluta þeirra, gegn greiðslu til stefnda, Ólafs Helgasonar, á kr. 7.000.

Stefndi, Ólafur Helgason, vildi ekki una héraðsdóminum, og með áfrýjunarstefnu, dags. 4. febrúar 1969, skaut hann málinu til Hæstaréttar og krafðist þess, að undirréttardóminum yrði hrundið og allar kröfur hans í héraði yrðu teknar til greina.

Í mars 1969 gagnáfrýjuðu stefnendur.

Hinn 16. mars 1970 gekk dómur í máli þessu í Hæstarétti. Samkvæmt honum var hinn áfrýjaði dómur ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Í forsendum hæstaréttardómsins segir m. a. svo:

„Mál þetta var í héraði rekið fyrir aukadómþingi Ísafjarðarsýslu á Ísafirði, að því er virðist með samþykki aðilja. Samkvæmt ákvæðum 78. gr., sbr. 72. gr. laga nr. 85/1936 skyldi mál þetta rekið fyrir héraðsdómi í Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, og máttu aðiljar eigi semja um, að það skyldi rekið í annarri þinghá. Þegar af þessari ástæðu ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Það athugast, að mál þetta er mjög vanreifað. Gögn skortir um, að málsaðiljar séu þinglesnir eigendur jarðarinnar Efstadals. Ekkert er fram komið um veiði í vötnum þeim, sem um er fjallað í

málinu, og á hvern hátt henni er ráðstafað. Eigi verður séð, að atvinnumálaráðuneytið hafi leitað álits aðaláfrýjanda, áður en gagnáfrýjendum var veitt leyfi til að leysa til sín veiðiréttinn. Þá kemur eigi fram, að hinir dómkvöddu matsmenn hafi gefið aðiljum kost á að gæta réttar síns, áður en þeir framkvæmdu mat sitt, og ekki kemur fram í matsgerðinni, hvaða gögn lágu fyrir matsmönnum og hvaða sjónarmið þeir lögðu til grundvallar við matsgerð."

Eftir þennan hæstaréttardóm höfða stefnendur nýtt mál á hendur stefnda fyrir héraðsdómi Ögurhrepps, og er það mál það, sem hér er til úrlausnar.

Með bréfi, dags. 23. október 1970, til sýslumanns Ísafjarðarsýslu óskar lögmaður stefnenda eftir því, að dómkvaddir verði menn til þess að meta til innlausnar veiðirétt fyrir hálfu Efstadalslandi, eign stefnenda, og verði aðiljum eða lögmönnum þeirra þá gert aðvart um matið og það rökstutt nægilega.

Hinn 3. nóvember 1970 dómkvaddi sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu sömu menn til að framkvæma matið og þá, sem gerðu matið, dags. 2. mars 1968.

Með bréfi, dags. 22. mars 1971, til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu mótmælir lögmaður stefnda þessari dómkvaðningu sem algerri fjarstæðu, þar sem sömu menn séu dómkvaddir til þess að meta réttindi þessi og áður höfðu metið þau, en einmitt fyrra mat þeirra hafi sætt aðfinnslum í Hæstarétti á sínum tíma. Jafnframt getur lögmaðurinn þess í téðu bréfi, að hann hafi ekki fyrr en fyrir tveimur dögum fengið umrædda dómkvaðningu í hendur, en hún virðist hafa farið fram 3. nóvember 1970, án þess að sér væri á nokkurn hátt gert aðvart.

Á aukadómþingi Ísafjarðarsýslu, sem haldið var 13. september 1971, er dómkvaðning matsmannanna frá 3. nóvember 1970 felld úr gildi og dómkvaddir tveir nýir menn, þeir Jóhann Eiríksson fiskmatsmaður og Þorleifur Pálsson bankaritari, báðir á Ísafirði, til þess að framkvæma hið umbeðna mat. Í dómkvaðningunni segir m. a. svo:

„Ber þeim að skila skriflegri matsgerð og framkvæma matið eftir bestu vitund og þekkingu, svo þeir geti unnið eið að gerðinni, ef krafist verður. Ennfremur ber matsmönnum undir sama skilorði að gera grein fyrir, hvort veiði sé í vatnasvæði því, sem hér um ræðir. Matsmenn skulu ljúka matinu svo fljótt sem auðið er og gefa aðilum kost á að vera viðstaddir, þegar matið fer fram."

Með símskeyti, dags. 14. september 1971, til lögmanns stefnda,

Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, tilkynnir sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu lögmanninum um dómkvaðningu þessa og jafnframt, að matið fari fram 17. september n. k. í Efstadal.

Hinn 17. september 1971 heldur sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu aukadómþing Ísafjarðarsýslu, Ögurhreppsþinghá, að Laugabóli. Var þá tekið fyrir mál þetta, og lagði dómarinn fram nr. 13 dómkvaðningu og nr. 14 framangreint símskeyti. Af hálfu stefnenda var mættur lögmaður þeirra, en „af hálfu stefnda f. h. Sigurðar Ólasonar hrl. er mættur Jónas Magnússon, kaupmaður, Sólgötu 1, Ísafirði." Enn fremur er þess getið í bókun, að matsmenn séu mættir samkvæmt dómkvaðningu og hafi dómarinn ásamt matsmönnum farið á vettvang og skoðað aðstæður allar.

Mat hinna dómkvöddu manna er dags. 27. janúar 1972. Það hljóðar svo að loknum inngangsorðum:

„Eftir að hafa skoðað vatnasvæði það, sem hér um ræðir, þann 17. september 1971 og að vandlega athuguðu máli, urðum við sammála um að meta veiðiréttinn á kr. 15.000.00 — fimmtán þúsund — ."

Hinn 8. febrúar 1972 ritar lögmaður stefnda lögmanni stefnenda bréf og sendir sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu eftirrit þess. Í þessu bréfi segir m. a. svo:

„Mér hefir í dag borist í hendur svokölluð „matsgerð" um veiðirétt fyrir hálfum Efstadal í Ögurhreppi, dags. 27. f. m. Vil ég ekki láta hjá líða að setja þegar í stað fram eindregin mótmæli gegn plaggi þessu sem algerðri markleysu, þar sem matsmenn hafa alls ekki farið eftir fyrirmælum dómkvaðningarinnar og auk þess engan veginn gætt réttra sjónarmiða við sjálfa matsgerðina. Þeir hafa hvorki gefið mér (né umbj. m.) kost á að vera viðstaddir matið, né heldur hafa þeir gert neina „grein fyrir, hvort veiði sé í vatnasvæði því, sem hér um ræðir", enda þótt þeir þykist að vísu hafa „skoðað" það. Þá er sýnilegt, að þeir hafa ekki gætt réttra sjónarmiða við matið, þar sem matsfjárhæðin fyrir veiðina nú og um alla framtíð nær ekki helmingi þess, sem kemur í hlut umbj. míns við *árlega* arðskráruthlutun Veiðifélagsins.

Jafnframt því sem matsgerðinni er þannig mótmælt sem fjarstæðu, lögleysu og markleysu þá er henni *ex tuto* einnig mótmælt sem óstaðfestri og loks áskilinn réttur til að krefjast yfirmats innan 8 vikna frá deginum í dag að telja".

Hinn 7. mars 1974 vék sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, Þorvarður K. Þorsteinsson, sæti í máli þessu ex officio á þeim for-

sendum, að hann hafi á sínum tíma sem fulltrúi í landbúnaðarráðuneytinu undirritað f. h. landbúnaðarráðherra leyfi til innlausnar veiðiréttar í Laugardalsá. Þar sem komið gæti til mála, að hann yrði kallaður sem vitni síðar í málinu, beri honum samkvæmt 37. gr., sbr. 36. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði að víkja sæti í málinu ex officio.

Hinn 15. maí 1974 var Garðar Gíslason, aðalfulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, skipaður setudómari í Ísafjarðarsýslu til að fara með og dæma mál þetta. Vegna sérstakra embættisanna Garðars Gíslasonar féllst ráðuneytið á að leysa hann frá setudómarastörfum í máli þessu, og hinn 8. nóvember 1974 skipaði það Magnús Thoroddsen, borgardómara í Reykjavík, setudómara í málinu í stað Garðars.

Hinn 16. f. m. fór fram munnlegur flutningur um frávísunarkröfu af hálfu stefnda.

Stefndi rökstyður frávísunarkröfu sína með því, að mál þetta sé ranglega höfðað, þar sem það hefði átt að sæta meðferð áreiðar- og vettvangsdómsmála, sbr. 3. kafla laga nr. 41 frá 1919. Hér sé um að ræða ágreining, að því er varðar „afnot vatns", sbr. 16. gr. laganna. Samkvæmt ábendingu í dómi Hæstaréttar frá 18. mars 1970 eigi dómurinn að rannsaka eða fá upplýst „um veiði í vötnum þeim, sem um er fjallað í málinu." Til slíks þurfi áreið og vettvangsgöngu. Þá sé einnig óvissa um það í sóknarskjölum, til hvaða veiðisvæða innlausnarkrafan taki, hvort hún taki einungis til Laugardalsár eða einnig til Efstadalsvatns. Ekki hafi nein matsgerð farið fram samkvæmt 84. gr., 1. mgr., veiðilaga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Þetta verði áreiðar- og vettvangsdómur að kanna sjálfstætt. Auk þess er því haldið fram af hálfu stefnda, að óvissa sé um landamerki.

Slík mál verði að reka fyrir landamerkjadómi. Því næst verði að gera lögleg landskipti milli jarðarhelminga, áður en fitjað sé upp á innlausn, sbr. orðið landareign í 1. mgr. 3. gr. lax- og silungsveiðilaganna.

Lögmaður stefnenda hefur í einu og öllu andmælt þessum staðhæfingum lögmanns stefnda við munnlegan flutning um frávísunarkröfuna.

Dómurinn getur ekki fallist á þessar röksemdir stefnda fyrir frávísun, sem nú hafa verið greindar.

Dómurinn getur ekki fallist á það með stefnda, að nauðsynlegt sé að höfða mál út af innlausn veiðiréttinda fyrir áreiðar- og vettvangsdómi samkvæmt 3. kafla laga nr. 41 frá 1919. Dómur Hæsta-

réttar frá 18. mars 1970 bendir eigi til þess, og dómur Hæstaréttar frá 3. maí 1940, þar sem deilt var um innlausn veiðiréttinda, gerir heldur eigi slíka kröfu. Ekki getur rétturinn heldur fallist á það, að nauðsynlegt sé, að landskipti fari fram á landi Efstadals, áður en unnt sé að dæma um réttindi þau, sem mál þetta snýst um. Hugsanlegur ágreiningur um landamerki jarðarinnar er því heldur eigi til fyrirstöðu, að dæmt sé um ágreining um innlausn á veiðirétti milli eigenda jarðarinnar Efstadals. Þessum frávísunarástæðum stefnda er því öllum hrundið.

Þá heldur stefndi því fram, að dómkröfur stefnenda séu ódómhæfar, þar sem þær krefjist, „að fá viðurkenndan innlausnarrétt", án þess að ákveðin krafa sé gerð um innlausn og án þess að nein ákveðin fjárhæð sé nefnd eða boðin sem andvirði hins innleysta veiðiréttar. Engin gild matsgerð hafi heldur farið fram, hvorki til ákvörðunar veiðisvæða þeirra, sem um er að ræða, né heldur til ákvörðunar innlausnarfjárhæðar. Dómkröfur stefnenda séu þess vegna svo óljósar og óákveðnar, að eigi verði dómur á þær lagður, eins og þær liggi fyrir. Í rauninni feli þær eigi annað í sér en lagatúlkunarspurningu, en samkvæmt 67. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 segir, að „dómstólar verða ekki krafðir álits um lögfræðileg efni, nema að því leyti sem nauðsynlegt er til úrlausnar ákveðinni kröfu í dómsmáli." Slík „ákveðin" krafa liggi ekki fyrir samkvæmt ofansögðu. Þá bendir stefndi á það, að engar löglegar matsgerðir liggi fyrir í málinu varðandi fjárhæð þess veiðiréttar, sem beiðst er innlausnar á. Þær matsgerðir, sem fyrir liggi í málinu, séu haldnar þeim annmörkum, að ekkert sé á þeim byggjandi, enda geri stefnendur það eigi í málatilbúnaði sínum. Að vísu sé heimilt samkvæmt 71. gr. laga um meðferð einkamála í héraði að skipta sakarefni máls. En þrátt fyrir það sé það samt sem áður ófrávíkjanlegt skilyrði, að sjálf dómkrafan sé það ákveðin, að ekkert fari milli mála. Þá bendir stefndi á, að þar sem ekki sé boðin fram greiðslan fyrir innlausn veiðiréttarins, þá verði síðar að höfða nýtt mál til þess að fá greitt endurgjald fyrir réttindi þessi, ef innlausn verði heimiluð, þar sem matsgerðir séu ekki aðfararhæfar.

Stefndi hefur vissulega mikið fyrir sér í því, að eðlilegast sé varðandi mál út af innlausn á veiðiréttindum, að í því liggi ljóst fyrir, hvert endurgjald sé fram boðið og hvernig það sé fundið, þannig að gera megi út um hvort tveggja í einu dómsmáli. Hins vegar verður rétturinn að telja, þegar hafður er í huga dómur Hæstaréttar frá 3. maí 1940 í málinu nr. 15/1940: Jósep Björnsson

gegn kirkjumálaráðherra f. h. kirkjujarðasjóðs og gagnsök, að stefnendum hafi verið heimilt að haga kröfugerð á þann veg sem þær hafa gert í þessu máli, enda þótt það geti haft í för með sér annað dómsmál út af endurgjaldi fyrir veiðiréttindin, verði innlausn viðurkennd. Af þessum sökum verður málinu eigi vísað frá dómi á þessum grundvelli.

Þá heldur stefndi því fram, að mál þetta sé allt meira og minna vanreifað. Ekki sé getið um neinar fjárhæðir, er innlausnin miðist við, ekkert upplýst um sjálf veiðisvæðin eða takmörk þeirra, jafnvel ekki heldur um örugg landamerki jarðarinnar. Ekki sé heldur upplýst um, hvernig áformað sé að ráðstafa hinum innleysta veiðirétti, ef til kemur. Þá hafi ekki verið leitað umsagnar stefnda, áður en ráðherra veitti innlausnarleyfið, enda umsóknin aldrei verið borin undir hann. Engin gögn hafi verið lögð fram um það, hvernig ráðuneyið og veiðimálastofnunin hafi tjáð sig um það. Að endingu heldur stefndi því fram sem frávísunarástæðu, að leyfi landbúnaðarráðuneytisins frá 13. júní 1967 sé ekki lengur í gildi, og þar sem stefnendur hafi eigi útvegað sér nýtt ráðuneytisleyfi fyrir innlausn veiðiréttindanna, sé það enn ein ástæðan til frávísunar málsins.

Ekki getur rétturinn fallist á það með stefnda, að vísa beri málinu frá vegna þess, að stefnendum hafi borið að fá nýtt ráðuneytisleyfi til innlausnar á veiðiréttindum, enda hafa þeir þegar leyfi til innlausnar frá landbúnaðarráðuneytinu, dags. 13. júní 1967. Það leyfi hefur eigi verið dæmt ógilt. Að því er varðar þá fullyrðingu stefnda, að mál þetta sé vanreifað, þá verður heldur eigi á það fallist, að vísa beri málinu frá af þeim sökum, ef eigi kæmi annað til, það sem nú skal frá greint:

Í máli þessu hafa verið lagðar fram margar greinargerðir úr fyrri málum aðiljanna. Aktur aukadómþingsmálsins nr. 9/1968 hefur verið lagður fram svo og hæstaréttarágripið. Af þessu leiðir, að ýmis skjöl í málinu hafa að minnsta kosti verið tvívegis lögð fram í dóminum. Þá er einnig á það að líta, að lögð hafa verið fram í dóminum skjöl, sem ekki snerta kjarna þess máls, sem hér er til úrlausnar. Því er það, að mál þetta, sem í eðli sínu er einfalt, er orðið ein slík réttarfarsleg flækja, að telja verður málatilbúnað af hálfu stefnenda brýnt brot á ákvæðum og anda einkamálalaganna, nr. 85 23. júní 1936, um skýran málflutning og glöggan, og þar sem eigi verður talið, að unnt sé að koma málinu í löglegt horf úr því sem komið er, þá verður ekki hjá því komist að vísa því frá dómi, (sbr. túlkun Hæstaréttar Íslands, t. d. í þess-

um dómum: Hrd. XVI bindi, bls. 444, og XXXVI bindi, bls. 336).

Einnig er á það að líta, að kröfugerð stefnenda í stefnu er eigi í samræmi við innlausnarleyfi ráðuneytisins frá 13. júní 1967.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnendur in solidum til að greiða stefnda málskostnað, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði. Málskostnaður þessi ákveðst kr. 15.000.

Magnús Thoroddsen, setudómari í Ísafjarðarsýslu, kvað upp dóm þennan. Nokkur dráttur hefur orðið á dómsuppsögu. Stafar hann af jólaleyfum.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnendur, Ragna og Sigríður Aðalsteinsdætur, greiði in solidum stefnda, Ólafi Helgasyni, kr. 15.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. febrúar 1975.

Nr. 47/1973. **Benedikt V. Gunnarsson**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Ingjaldi Guðmundssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningar. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1973. Upphaflega áfrýjaði hann málinu 29. janúar 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. s. m., en héraðsdómur var kveðinn upp 14. september 1972. Útivistardómur

gekk í því máli 2. mars 1973. Er málinu nú áfrýjað samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst áfrýjandi sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Um lögskipti aðilja gildir kjarasamningur um kaup og kjör háseta, matsveina og vélstjóra á Vestfjörðum, sem gerður var í maímánuði 1970 milli Alþýðusambands Vestfjarða og útvegsmanna á Vestfjörðum. Er eingöngu ágreiningur um skilning á þeim ákvæðum þessa kjarasamnings, sem nú verða rakin:

Í 1. gr. kjarasamningsins eru ákvæði um skiptakjör, þegar veitt er með línu. Fá skipverjar í sinn hlut ákveðinn hundraðshluta af brúttóafla, en hluturinn er mismunandi mikill eftir stærð bátanna. Samkvæmt d lið greinarinnar fá skipverjar á bátum, sem eru 50 rúmlestir og þar yfir, í sinn hlut 31% af brúttóafla miðað við 11 menn, en bátur sá, sem málið fjallar um, er 64 rúmlestir brúttó. Í 5. mgr. II. tl. er ákvæði um, að vanti skipverja í róður, skuli hlutur hans skiptast milli þeirra manna, sem þann róður fóru. Þá er í 11. gr. samningsins ákvæði um kauptryggingu skipverja, svohljóðandi: „Útgerðarmaður skal tryggja hlut hvers skipverja með kauptryggingu fyrir hvern mánuð (30 daga) af ráðningartímanum", en síðar í greininni er greint frá fjárhæð þessarar kauptryggingar, sem er misjafnlega há eftir stöðu skipverja.

Ljóst er, að samkvæmt greindu ákvæði 5. mgr. II. tl. 1. gr. fá skipverjar sérstaka þóknun fyrir aukið álag, sem leiðir af því, að færri mönnum er ætlað að skila sömu eða svipuðum afköstum. Hins vegar er kauptryggingarákvæðum 11. gr. ætlað að tryggja skipverjum ákveðin lágmarkslaun, sem þeim eru goldin án tillits til stærðar báts eða tölu skipverja og án nokkurrar viðmiðunar við afköst eða sérstakt álag. Þetta ákvæði er sjálfstætt og í engum tengslum við 1. gr. Ef ætlunin var að skipta kauptryggingu á sama hátt og skipt var aflahlut, hefði orðið að setja skýlaust ákvæði um það, eins og

gert er í samsvarandi kjarasamningi Alþýðusambands Vestfjarða og útvegsmanna á Vestfjörðum, sem tók gildi 1. janúar 1972, en þar segir: „Vanti skipverja í róður, skal hlutur hans og kaup eða kauptrygging skiptast milli þeirra manna, sem þann róður fara".

Að svo vöxnu máli ber að sýkna áfrýjanda af kröfu stefnda um þá kauptryggingu, sem deilt er um í málinu. Hins vegar verður að skýra ákvæði greindrar 5. mgr. II. tl. 1. gr. kjarasamningsins á þann veg, að stefndi eigi rétt til 1/4 hlutar af andvirði þess aflahlutar, sem fallið hefði í skaut 2. vélstjóra og matsveini, en lögmenn aðilja eru sammála um, að það nemi samtals kr. 9.611.70. Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 9.612 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1971 til 16. maí 1973, 9% frá þeim degi til 15. júlí 1974, 12% frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.

Samkvæmt 2. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 á stefndi sjóveðrétt í m/b Ásgeiri Torfasyni, ÍS 96, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Það athugast, að eðlilegast var að reka mál um sakarefnið fyrir Félagsdómi.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Benedikt V. Gunnarsson, greiði stefnda, Ingjaldi Guðmundssyni, kr. 9.612 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1971 til 16. maí 1973, 9% frá þeim degi til 15. júlí 1974, 12% frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað, kr. 25.000.

Stefndi á sjóveðrétt í m/b Ásgeiri Torfasyni, ÍS 96, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Ísafjarðarsýslu 14. september 1972.

Ár 1972, fimmtudaginn 14. september, var kveðinn upp dómur í máli þessu, sem höfðað var fyrir sjó- og verslunardómi með

stefnu, útgefinni 31. ágúst 1971 af Ingjaldi Guðmundssyni, Eyrarvegi 10, Flateyri, gegn Benedikt V. Gunnarssyni skipstjóra, Grundarstíg 4, Flateyri, og var málið dómtekið 24. ágúst sl. Gerði stefnandi þær dómkröfur á stefnunni, að stefnda yrði dæmt að greiða honum kr. 44.637.50 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 1. janúar 1971 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Loks krafðist stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Ásgeiri Torfasyni, ÍS 96, fyrir tildæmdum fjárhæðum. Kröfum sínum breytti stefnandi í greinargerð vegna mislesturs á uppgjöri stefnda, þannig að krafist er nú kr. 19.264.70, en að öðru leyti eru kröfurnar óbreyttar.

Málavextir eru, eftir því sem fram hefur komið í málinu, að stefnandi var ráðinn háseti á skip stefnda, m/b Ásgeir Torfason, ÍS 96, á haustvertíð 1970, eða tímabilið 9. nóvember til 19. desember, þ. e. a. s. 41 dag.

Á skipinu voru þá aðeins fjórir menn í stað sex, eða tveim færri en samningar gera ráð fyrir. Þeir menn, sem vantaði á skipið, voru matsveinn og 2. vélstjóri.

Stefndi gerði svo upp við stefnanda með kauptryggingu eins og sex menn hefðu verið á bátnum, en aflahlutur á tímabilinu náði því ekki að samsvara kauptryggingu. Þegar stefnandi tók við uppgjörinu, segir stefndi, að stefnandi hafi spurt sig, hvort uppgjörið ætti að vera svona. Jafnframt sagði stefndi, að stefnandi hefði persónulega ekki haft uppi frekari mótmæli við sig eftir það, en hann hefði hins vegar fengið bréf, dags. 9. janúar 1971, frá Verkalýðsfélaginu Skildi á Flateyri, þar sem óskað er eftir leiðréttingu á uppgjörinu. Sú leiðrétting, sem stefnandi óskaði eftir, var sú, að hann fengi 1/4 hluta þeirrar kauptryggingar, kaups og orlofs, sem í hlut matsveins og 2. vélstjóra hefði komið á umræddu tímabili, en fjárhæðin fyrir mánaðartíma er sundurliðuð á dskj. nr. 5, sem er frá Alþýðusambandi Vestfjarða. Nemur hún kr. 56.384, sem deilt er með 4 = 4.096.

Í greinargerð stefnanda er þetta talið nema kr. 469.87 á dag, sem reyndist vera réttur úreikningur, þ. e. ekki er unnt að reikna með broti úr eyri. Er því krafa stefnanda í greinargerð kr. 469.87 x 41 dagur = 19.264.70 og samkvæmt framansögðu tölulega rétt útreiknað. Að gengið sé út frá réttum tölum á dskj. nr. 5, kemur fram í sameiginlegri tilkynningu um launagreiðslur sjómanna frá Alþýðusambandi Vestfjarða og Útvegsmannafélagi Vestfjarða, sbr. dskj. nr. 4.

Stefndi féllst eigi á að greiða stefnanda viðbótarfjárhæð þá, sem hann fór fram á, og leiddi það til þess, að mál þetta var höfðað.

Kröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að mati dómsins. Stefndi hefur ekki mótmælt, að um réttan dagafjölda sé að ræða eða tölulegan útreikning. Gefa þessi atriði því ekki tilefni til sérstakrar umsagnar. Sama máli gegnir um það, að það er ekki ágreiningsefni milli aðilja, að 6 menn eigi að vera á landróðrarbátum, sem stunda veiðar með línu og eru 50 rúmlestir og þar yfir, sbr. í þessu tilliti 1. gr., d lið, samninga á dómsskj. nr. 3.

Úrslit málsins velta á því, hvort skipta skuli kauptryggingu og öðrum launum þeirra, sem á skipi eru ekki, en ættu að vera það til þess að fullur mannfjöldi væri, milli þeirra hinna færri manna, sem á skipi eru, eða hvort slík skipting skuli aðeins gerð, þegar um aflahlut er að ræða.

Stefnandi færir eftirfarandi rök fyrir því í greinargerð, að nefnd skipting á kauptryggingu skuli gerð: „Meginástæða þess, að aflahlutur sá, sem til skipta kemur, skiptist í færri staði eftir því sem færri eru á bát, er að sjálfsögðu aukið álag á hvern einstakan skipverja. Það leiði af sjálfu sér, að fjórir menn, sem vinna störf sex manna á skipi, verða að leggja meira að sér en ella, jafnt þótt aflahlutur nái ekki kauptryggingu. Það væri því mjög óeðlileg niðurstaða, að sjómaðurinn fengi engin laun fyrir sitt aukna erfiði, en útgerðarmaðurinn hagnaðist á því, að færri væru á skipinu en samningar standa til."

Fleiri atriðum styður stefnandi skilning sinn. Nefna skal yfirlýsinguna á dskj. nr. 5 frá Alþýðusambandi Vestfjarða og áður er vikið að, en í henni segir m. a.: „Eftir uppgjöri til skipverja er vangoldið af hálfu útgerðarmanns laun matsveins og II. vélstjóra, sem samkv. samningum skal skipta milli þeirra skipverja, sem á sjó fara, eða í þessu tilfelli milli fjögurra manna."

Þá bendir stefnandi á framburð Péturs Sigurðssonar í þinghaldi haldi 22. október 1971, en hann hefur verið forseti ASV frá því í september 1970 og verið í stjórn sambandsins frá árinu 1962 og samninganefnd 1964 annað slagið (sic). Segir vitnið meðal annars í framburði sínum: „ . . . fóru fram viðræður milli sjómanna og útgerðarmanna, og var ágreiningsefnið, sem fram kemur í bréfinu og málið stendur út af, tekið til umræðu á síðasta samningsfundi. Á þeim fundi voru tveir útgerðarmenn, sem voru í

samninganefnd, þeir Jóakim Pálsson, Hnífsdal, og Guðfinnur Einarsson, Bolungarvík, sammála um túlkun samninganefndar ASV um skiptingu kauptryggingar og aðra kaupliði. Í stuttu máli var túlkun ASV sú, að allar tekjur, sem maður hefði haft, ef hann hefði mætt til róðurs, skyldu skiptast jafnt milli skipverja, sem þann róður fara, enda vinni þeir hans verk. Enn fremur teljum við, að skipstjóranum sé í sjálfsvald sett, með hvað langa línu hann rær með undir því hámarki, sem samningar segja til um, og á það ekki að hafa áhrif á kaup skipshafnar viðkomandi báts. Aðrir en framangreindir tveir útgerðarmenn tjáðu sig ekki um málið frá þessari hlið."

Einnig vísar stefnandi til framburðar Guðmundar Guðmundssonar útgerðarmanns í nefndu þinghaldi, en þá sagði hann meðal annars: „Aðspurður segir vitnið, að það viti til þess, að þar sem fimm menn hafi verið á sjó í stað sex manna, hafi þessir fimm fengið 1/5 hluta hver af kauptryggingu eða hlut, sem 6. manni hefði borið, hefði hann róið". Loks bendir stefnandi á dskj. nr. 8, sem er reikningur frá m/b Ásgeiri Torfasyni, ÍS 96, en samkvæmt reikningnum er um kauptryggingu að ræða í því tilviki, en við er bætt 1/5 af sjötta manns hlut. Stefndi mótmælti skilningi stefnanda í greinargerð sinni á dskj. nr. 9 með eftirfarandi hætti: „Eins og fram kemur í gögnum stefnanda, snýst mál þetta um það, hvort skipta eigi upp kauptryggingu milli skipverja á bátnum miðað við fulla leyfilega tölu skipverja, þegar færri eru á skipi en samningar gera ráð fyrir. Telur stefnandi, að um þetta gildi sömu reglur og þegar um hlut er að ræða.

Hér er um grundvallar misskilning stefnanda að ræða á eðli kauptryggingar, enda kemur þetta greinilega fram í 11. gr. þess kjarasamnings, sem í gildi var haustið 1970. Þar segir: „Útgerðarmaður skal tryggja hlut hvers skipverja með kauptryggingu fyrir hvern mánuð (30 daga) af ráðningartímanum sem hér segir . . . "

Kauptryggingu er ætlað, eins og í 11. gr. segir, að tryggja ákveðin lágmarkslaun. Með færri mönnum á skipi en samningar segja til um er fullvíst, að árangur verði ekki sá sami og þegar um fulla tölu skipverja er að ræða. Þetta á sérstaklega við um það, þegar um mjög fáa menn er að ræða, eins og var í því tilfelli, sem mál þetta fjallar um. Í samningum eru bein ákvæði um það, á hvern hátt fara skuli, þegar um hlut er að ræða, þegar skipverja vantar, þ. e. að þeim hlut skuli skipt milli þeirra, sem í þann róður fara.

Engin sambærileg ákvæði eru um það, þegar aðeins er um kaup-

tryggingu að ræða, og er fráleitt að álíta, að sama gildi um þetta."

Þá bendir stefndi á bréfaskipti milli Landssambands íslenskra útvegsmanna, dskj. nr. 10, og svarbréf Sjómannafélags Reykjavíkur, dskj. nr. 11, en í svarbréfinu segir m. a.: „Við erum sammála yður um þann skilning, að umrædd kauptrygging gildi fyrir hvern tilgreindan skipverja, óháð fjölda skipverja." Einnig segir stefndi í vörn sinni, að ummæli (Guðmundar Guðmundssonar aths. dómsins) svo og uppgjör og framburður, sem stefnandi styður mál sitt með, hnígi allt í þá átt, að hér sé um eitt formið á yfirborgunum að ræða, enda hvergi að finna í gildandi samningum skyldu í þessa átt.

Þá tekur stefndi fram í vörninni, að hann vilji að lokum leggja sérstaka áherslu á:

„að engin ákvæði í kjarasamningum segja til um, að skipta skuli upp kauptryggingu á sama hátt og skipt er aflahlut, þegar skipverja vantar í róður,

að kröfum sjómannafélaganna um bein ákvæði í samninga í þessa átt hefur ávallt verið neitað,

að engin rök hafa komið fram um það, að um aukna vinnu hafi verið að ræða hjá stefnanda eða skipverjum á m/b Ásgeiri Torfasyni, þar sem róið var með styttri línu heldur en gert er ráð fyrir, miðað við fulla tölu skipverja.

að ekki er hægt að tala um neina fasta venju í þessum tilvikum, framlögð uppgjör sýna að skipt er upp aflahlut, þegar um hann er að ræða, enda enginn ágreiningur um það. Þegar skipt hefur verið upp kauptryggingu á færri menn, hefur verið gert um það sérstakt samkomulag. Slíkt samkomulag var hins vegar ekki gert á milli aðilja þessa máls, og því gilda um það hinir almennu kjarasamningar, sem í gildi voru."

Framburðum stefnanda og Eggerts Jóns Jónssonar skipstjóra, sem réð stefnanda á bátinn, ber ekki saman, og engin vitni eru fram komin í málinu, er borið geta vitni um það, hvað þeim fór á milli. Er því ekki unnt að nota þá framburði sem grundvöll að niðurstöðu dóms í málinu.

Þegar vegin eru og metin rök þau, sem rakin hafa verið hér að framan, verður þetta ljóst:

1. Mun meira vinnuálag verður á hverjum manni, þegar fjórir menn vinna verk sex manna. Gildir þetta bæði um vinnu þá, er að sjómennsku einni lýtur, svo sem vaktir verða lengri, meiri vinna er að halda öllu í góðu horfi á skipinu og gæta öryggis um

siglingu þess. Einnig verður meiri vinna í þeim atriðum, er að fiskveiðum lýtur.

2. Það verður ekki fallist á það, að fullvíst sé, að árangur verði ekki sá sami með færri mönnum á skipi, og er þá væntanlega átt við það, að hann verði minni heldur en þegar um fulla tölu skipverja er að ræða. Ljóst er, að aflamagnið fer ekki eftir því, hve margir menn eru um borð í skipinu, heldur eftir fiskgengd, því hve fiskurinn gefur sig til og öðrum slíkum atriðum.

3. Framburður Péturs Sigurðssonar forseta ASV um viðræður sjómanna og útgerðarmanna veitir mjög sterkar líkur fyrir skilningi stefnanda á því, að skipta beri kauptryggingunni eins og hann heldur fram og að slík sé skoðun útgerðarmanna, a. m. k. hér á norðanverðum Vestfjörðum.

4. Stefndi hefur eigi leitt nein vitni, hvorki úr hópi sjómanna né útgerðarmanna, sem hreki þau atriði, er í 3. lið hér að framan getur. Hallann af þessu verður stefndi að bera.

Það verður því samhljóða niðurstaða dómsins, að almenn lög og sanngirnisrök, studd gögnum málsins, leiði til þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 19.264.70 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 1. janúar 1971 til greiðsludags og kr. 19.990 í málskostnað. Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Ásgeiri Torfasyni, ÍS 96, fyrir tildæmdum kröfum.

Dóm þennan kvað upp Björgvin Bjarnason sýslumaður ásamt meðdómsmönnunum Einari Jóhannssyni hafnsögumanni og Símoni Helgasyni skipaeftirlitsmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Benedikt V. Gunnarsson, greiði stefnanda, Ingjaldi Guðmundssyni, kr. 19.264.70 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 1. janúar 1971 til greiðsludags og kr. 19.990 í málskostnað. Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Ásgeiri Torfasyni, ÍS 96, fyrir tildæmdum kröfum. Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 7. febrúar 1975.

Nr. 48/1973. **Benedikt V. Gunnarsson**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Gunnari Guðmundssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningar. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1973. Upphaflega áfrýjaði hann málinu 29. janúar 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. s. m., en héraðsdómur var kveðinn upp 15. september 1972. Útivistardómur gekk í því máli 2. mars 1973. Er málinu nú áfrýjað samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst áfrýjandi sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Um lögskipti aðilja gildir kjarasamningur um kaup og kjör háseta, matsveina og vélstjóra á Vestfjörðum, sem gerður var í maímánuði 1970 milli Alþýðusambands Vestfjarða og útvegsmanna á Vestfjörðum. Er eingöngu ágreiningur um skilning á þeim ákvæðum þessa kjarasamnings, sem nú verða rakin:

Í 1. gr. kjarasamningsins eru ákvæði um skiptakjör, þegar veitt er með línu. Fá skipverjar í sinn hlut ákveðinn hundraðshluta af brúttóafla, en hluturinn er mismunandi mikill eftir stærð bátanna. Samkvæmt d lið greinarinnar fá skipverjar á bátum, sem eru 50 rúmlestir og þar yfir, í sinn hlut 31% af brúttóafla miðað við 11 menn, en bátur sá, sem málið fjallar um, er 64 rúmlestir brúttó. Í 5. mgr. II. tl. er ákvæði um, að vanti skipverja í róður, skuli hlutur hans skiptast

milli þeirra manna, sem þann róður fóru. Þá er í 11. gr. samningsins ákvæði um kauptryggingu skipverja, svohljóðandi: „Útgerðarmaður skal tryggja hlut hvers skipverja með kauptryggingu fyrir hvern mánuð (30 daga) af ráðningartímanum", en síðar í greininni er greint frá fjárhæð þessarar kauptryggingar, sem er misjafnlega há eftir stöðu skipverja.

Ljóst er, að samkvæmt greindu ákvæði 5. mgr. II. tl. 1. gr. fá skipverjar sérstaka þóknun fyrir aukið álag, sem leiðir af því, að færri mönnum er ætlað að skila sömu eða svipuðum afköstum. Hins vegar er kauptryggingarákvæðum 11. gr. ætlað að tryggja skipverjum ákveðin lágmarkslaun, sem þeim eru goldin án tillits til stærðar báts eða tölu skipverja og án nokkurrar viðmiðunar við afköst eða sérstakt álag. Þetta ákvæði er sjálfstætt og í engum tengslum við 1. gr. Ef ætlunin var að skipta kauptryggingu á sama hátt og skipt var aflahlut, hefði orðið að setja skýlaust ákvæði um það, eins og gert er í samsvarandi kjarasamningi Alþýðusambands Vestfjarða og útvegsmanna á Vestfjörðum, sem tók gildi 1. janúar 1972, en þar segir: „Vanti skipverja í róður, skal hlutur hans og kaup eða kauptrygging skiptast milli þeirra manna, sem þann róður fara".

Að svo vöxnu máli ber að sýkna áfrýjanda af kröfu stefnda um þá kauptryggingu, sem deilt er um í málinu. Hins vegar verður að skýra ákvæði greindrar 5. mgr. II. tl. 1. gr. kjarasamningsins á þann veg, að stefndi eigi rétt til 1/4 hlutar af andvirði þess aflahlutar, sem fallið hefði í skaut 2. vélstjóra og matsveini, en lögmenn aðilja eru sammála um, að það nemi samtals kr. 25.361.70. Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 25.362 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1971 til 16. maí 1973, 9% frá þeim degi til 15. júlí 1974, 12% frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.

Samkvæmt 2. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 á stefndi sjóveðrétt í m/b Ásgeiri Torfasyni, ÍS 96, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Það athugast, að eðlilegast var að reka mál um sakarefnið fyrir Félagsdómi.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Benedikt V. Gunnarsson, greiði stefnda, Gunnari Guðmundssyni, kr. 25.362 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1971 til 16. maí 1973, 9% frá þeim degi til 15. júlí 1974, 12% frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað, kr. 30.000.

Stefndi á sjóveðrétt í m/b Ásgeiri Torfasyni, ÍS 96, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Ísafjarðarsýslu 15. september 1972.

Ár 1972, föstudaginn 15. september, var kveðinn upp dómur í máli þessu, sem höfðað var fyrir sjó- og verslunardómi með stefnu, útgefinni 31. ágúst 1971 af Gunnari Guðmundssyni skipstjóra, Vallargötu 7, Flateyri, gegn Benedikt V. Gunnarssyni skipstjóra, Grundarstíg 4, Flateyri, og var málið dómtekið 14. september sl. Gerði stefnandi þær dómkröfur, að stefnda yrði dæmt að greiða honum kr. 44.637.50 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 1. janúar 1971 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Loks krafðist hann viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Ásgeiri Torfasyni, ÍS 96, fyrir tildæmdum fjárhæðum. Kröfum sínum breytti stefnandi í greinargerð vegna mislesturs í uppgjöri stefnda, þannig að stefnandi krafðist kr. 19.264.70, en að öðru leyti eru kröfurnar óbreyttar.

Ennþá breytti stefnandi með samþykki lögmanns stefnda kröfugerð sinni í sókn þannig, að hann krafðist þess, að stefnda yrði dæmt að greiða stefnanda kr. 47.699.50 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 1. janúar 1971 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning. Lögmennirnir urðu nú sammála um það, að stefnandi hefði verið 96 úthaldsdaga starfandi vélstjóri á skipi stefnda, m/b Ásgeiri Torfasyni, ÍS 96, á tímabilinu 15. september til 19. desember 1970 (að vísu segir í vörn stefnda 5. 9.–19. 12., en hér hlýtur að vera um misritun að ræða).

Málavextir verða því eftir því, sem nú hefur komið fram í málinu, að stefnandi var ráðinn háseti (sic) á skip stefnda, m/b Ásgeir Torfason, ÍS 96, á haustvertíð 1970, eða tímabilið 15. september til 19. desember, þ. e. a. s. 96 daga. Á skipinu voru aðeins fjórir menn í stað sex, eða tveim færri en samningar gera ráð fyrir. Þeir menn, sem vantaði á skipið, voru matsveinn og 2. vélstjóri. Stefnandi kom fyrir dóm hinn 22. október 1971 og skýrði meðal annars þannig frá: „Ég fékk gert upp fyrir haustvertíðina 31/12 1970, og gerði ég engar athugasemdir þá, þar sem ég ekki vissi, hvernig uppgjörið ætti að vera. Rétt eftir áramótin benti formaður Verkalýðsfélagsins Skjaldar, Hendrik Tausen, mér á það, að uppgjörið væri ekki rétt, og fól ég því félaginu að fá það leiðrétt fyrir mína hönd. Þar sem ég hafði ekki kynnt mér framangreinda samninga (samninga um kaup og kjör háseta, matsveina og vélstjóra á Vestfjörðum milli ASV og útvegsmanna á Vestfjörðum, aths. dómsins), mótmælti ég aldrei uppgjörinu persónulega við stefnda."

Sú leiðrétting, sem stefnandi óskaði eftir, var sú, að hann fengi 1/4 hluta þeirrar kauptryggingar, kaups- og orlofs, sem í hlut matsveins og 2. vélstjóra hefði komið á umræddu tímabili, en fjárhæðin fyrir mánaðartíma er sundurliðuð á dskj. nr. 5, sem er frá Alþýðusambandi Vestfjarða. Nemur hún kr. 56.384, sem deilt er með 4 = kr. 14.096. Í greinargerð stefnanda er þetta talið nema kr. 469.87 á dag, sem reyndist vera réttur útreikningur, þ. e. ekki er unnt að reikna með broti úr eyri. Er því krafa stefnanda í sókninni ekki rétt reiknuð kr. 47.699.50, en á að vera kr. 469.87 x 96 dagar = kr. 45.107.52. Að gengið sé út frá réttum tölum á dskj. nr. 5, kemur fram í sameiginlegri tilkynningu um launagreiðslur sjómanna frá Alþýðusambandi Vestfjarða og Útvegsmannafélags Vestfjarða, sbr. dskj. nr. 4. Stefndi féllst eigi á að greiða stefnanda viðbótarfjárhæð þá, sem hann fór fram á, og leiddi það til þess, að mál þetta var höfðað.

Kröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að mati dómsins. Stefndi hefur ekki mótmælt, að um réttan dagafjölda sé að ræða eða tölulegan útreikning. Gefa þessi atriði því ekki tilefni til sérstakrar umsagnar. Sama máli gegnir um það, að það er ekki ágreiningsefni milli aðilja, að 6 menn eigi að vera á landróðrarbátum, sem stunda veiðar með línu og eru 50 rúmlestir og þar yfir, sbr. í þessu tilliti 1. gr., d lið, samninga á dskj. nr. 3.

Úrslit málsins velta á því, hvort skipta skuli kauptryggingu og öðrum launum þeirra, sem á skipi eru ekki, en ættu að vera það, til þess að fullur mannskapur væri, milli þeirra hinna færri manna, sem á skipinu eru, eða hvort slík skipting skuli aðeins gerð, þegar um aflahlut er að ræða.

Lögmenn aðilja fóru þess á leit við dóminn, að endurrit af yfirheyrslum í sjó- og verslunardómsmálinu nr. 6/1971 yrði lagt fram sem dskj. nr. 32, en málið er hliðstætt þessu máli, og varð dómurinn við þeirri ósk.

Stefnandi færir eftirfarandi rök fyrir því í greinargerð, að nefnd skipting á kauptryggingu skuli gerð: „Meginástæða þess, að aflahlutur sá, sem til skipta kemur, skiptist í færri staði eftir því sem færri eru á bát, er að sjálfsögðu aukið álag á hvern einstakan skipverja. Það leiðir af sjálfu sér, að fjórir menn, sem vinna störf sex manna á skipi, verða að leggja meira að sér en ella, jafnt þótt aflahlutur nái ekki kauptryggingu. Það væri því mjög óeðlileg niðurstaða, að sjómaðurinn fengi engin laun fyrir sitt aukna erfiði, en útgerðarmaðurinn hagnaðist á því, að færri væru á bátnum en samningar standa til."

Fleiri ariðum styður stefnandi skilning sinn. Nefna skal yfirlýsingu á dskj. nr. 5 frá Alþýðusambandi Vestfjarða og áður er vikið að, en í henni segir meðal annars: „Eftir uppgjöri til skipverja er vangoldið af hálfu útgerðarmanns laun matsveins og 2. vélstjóra, sem samkv. samningum skal skipta milli þeirra skipverja, sem á sjó fara, eða í þessu tilfelli milli fjögurra manna."

Þá bendir stefnandi á framburð Péturs Sigurðssonar í þinghaldi 22. október 1971, en hann hefur verið forseti ASV frá því í september 1970 og verið í stjórn sambandsins samfleytt frá árinu 1962 og samninganefnd 1964 annað slagið (sic). Segir vitnið m. a. í framburði sínum: „ . . . fóru fram viðræður milli sjómanna og útgerðarmanna, og var ágreiningsefnið, sem fram kemur í bréfum og málið okkar stendur út af, tekið til umræðu á síðasta samningafundinum. Á þeim fundi voru tveir útgerðarmenn, sem voru í samninganefnd, þeir Jóakim Pálsson, Hnífsdal, og Guðfinnur Einarsson, Bolungarvík, sammála um túlkun ASV um skiptingu kauptryggingu og aðra kaupliði. Í stuttu máli var túlkun ASV sú, að allar tekjur, sem maður hefði haft, ef hann hefði mætt til róðurs, skyldu skiptast jafnt milli skipverja, sem þann róður fara, enda vinni þeir hans verk. Enn fremur teljum við, að skipstjóranum sé í sjálfsvald sett, með hvað langa línu hann rær með undir því hámarki, sem samningar segja til um, og á það ekki að hafa

áhrif á kaup skipshafnar viðkomandi báts. Aðrir en framangreindir tveir útgerðarmenn tjáðu sig ekki um málið frá þeirri hlið."

Einnig vísar stefnandi til framburðar Guðmundar Guðmundssonar útgerðarmanns í nefndu þinghaldi, en þá sagði hann m. a.: „Aðspurður segir vitnið, að það viti til þess, að þar sem fimm menn hafi verið á sjó í stað sex manna, hafi þessir fimm fengið 1/5 hlut hver af kauptryggingu eða hlut sem sjötta manni hefði borið, hefði hann róið." Loks bendir stefnandi á dskj. nr. 8, sem er reikningur frá m/b Ásgeiri Torfasyni, en samkvæmt reikningnum er um kauptryggingu í því tilviki að ræða, en við er bætt 1/5 hlut af sjötta manns hlut. Stefndi mótmælir skilningi stefnanda í greinargerð sinni á dskj. nr. 9 með eftirfarandi hætti: „Eins og fram kemur í gögnum stefnanda, snýst mál þetta um það, hvort skipta eigi upp kauptryggingu milli skipverja á bátnum miðað við fulla leyfilega tölu skipverja, þegar færri eru á skipi en samningar gera ráð fyrir. Telur stefnandi, að um þetta gildi sömu reglur og þegar um hlut er að ræða.

Hér er um grundvallar misskilning hjá stefnda að ræða á eðli kauptryggingar, enda kemur þetta greinilega fram í 11. gr. þess kjarasamnings, sem í gildi var haustið 1970. Þar segir: „Útgerðarmaður skal tryggja hlut hvers skipverja með kauptryggingu fyrir hvern mánuð (30 daga) og ráðningartímann sem hér segir . . ."

Kauptryggingu er ætlað, eins og í 11. gr. segir, að tryggja ákveðin lágmarkslaun. Með færri mönnum á skipi en samningar segja til um, er fullvíst, að árangur verður ekki sá sami og þegar um fulla tölu skipverja er að ræða. Þetta á sérstaklega við um það, þegar um mjög fáa menn er að ræða, eins og var í því tilfelli, sem mál þetta fjallar um. Í samningunum eru bein ákvæði um það, á hvern hátt fara skuli, þegar um hlut er að ræða, þegar skipverja vantar, þ. e. að þeim hlut skuli skipt milli þeirra, sem í þann róður fara. Engin sambærileg ákvæði eru um það, þegar aðeins er um kauptryggingu að ræða, og er fráleitt að álíta, að sama gildi um þetta."

Þá bendir stefndi á bréfaskipti milli Landssambands íslenskra útvegsmanna, dskj. nr. 10, og svarbréf Sjómannafélags Reykjavíkur, dskj. nr. 11, og er í svarbréfi segir, m. a.: „Við erum sammála yður um þann skilning, að umrædd kauptrygging gildi fyrir hvern tilgreindan skipverja."

Einnig segir stefndi í vörn sinni, að ummæli Guðmundar Guðmundssonar (aths. dómsins) svo og uppgjör og framburðir, sem

stefnandi styður mál sitt með, hnígur allt í þá átt, að hér sé um eitt formið á yfirborgun að ræða, enda hvergi að finna í gildandi samningum skyldu í þessa átt.

Þá tekur stefndi fram í vörninni, að hann vilji að lokum leggja sérstaka áherslu á:

„að engin ákvæði í kjarasamningum segja til um, að skipta skuli kauptryggingu á sama hátt og skipt er aflahlut, þegar skipverja vantar í róður,

að kröfum sjómannafélaganna um bein ákvæði í samningum í þessa átt hefur ávallt verið neitað,

að engin rök hafa komið fram um það, að um aukna vinnu hafi verið að ræða hjá stefnanda eða skipverjum öðrum á m/b Ásgeiri Torfasyni, þar sem róið var með styttri línu heldur en gert er ráð fyrir, miðað við fulla tölu skipverja,

að ekki er hægt að tala um neina fasta venju í þessum tilvikum, framlögð uppgjör sýna, að skipt er upp aflahlut, þegar um hann er að ræða, enda enginn ágreiningur um það. Þegar skipt hefur verið upp kauptryggingu á færri menn, hefur verið gert um það sérstakt samkomulag. Slíkt samkomulag var hins vegar ekki gert á milli aðilja þessa máls, og því gilda um það hinir almennu kjarasamningar, sem í gildi voru."

Framburðum stefnanda og Eggerts Jóns Jónssonar skipstjóra, sem réð stefnanda á bátinn, ber ekki saman, og engin vitni eru þar fram komin í málinu, er borið geta um það, hvað þeim fór á milli. Er því ekki unnt að nota þá framburði sem grundvöll að niðurstöðu dóms í málinu.

Þegar vegin eru og metin rök þau, sem rakin hafa verið hér að framan, verður þetta ljóst:

1. Mun meira vinnuálag verður á hverjum manni, þegar fjórir menn vinna verk sex manna. Gildi þetta bæði um vinnu þá, er að sjómennsku einni lýtur, svo sem vaktir verða lengri, meiri vinna er að halda öllu í góðu horfi á skipinu og gæta öryggis um siglingu þess. Einnig verður vinnan meiri í þeim atriðum, er að fiskveiðum lýtur.

2. Það verður ekki fallist á það, að fullvíst sé, að árangur verði ekki sá sami með færri mönnum á skipi, og er þá væntanlega átt við það, að hann verði minni heldur en þegar um fulla tölu skipverja er að ræða.

Ljóst er, að aflamagnið fer ekki eftir því, hve margir menn eru um borð í skipinu, heldur eftir fiskgengd, því hve fiskurinn gefur sig til og öðrum slíkum atriðum.

3. Framburður Péturs Sigurðssonar, forseta ASV, um viðræður sjómanna og útgerðarmanna veitir mjög sterkar líkur fyrir skilningi stefnanda á því, að skipta beri kauptryggingu, eins og hann heldur fram, og að slík sé skoðun útgerðarmanna, a. m. k. hér á norðanverðum Vestfjörðum.

4. Stefndi hefur eigi leitt nein vitni, hvorki úr hópi sjómanna né útgerðarmanna, sem hreki þau atriði, er í 3. lið hér að framan getur. Hallann af þessu verður stefndi að bera. Það verður því samhljóða niðurstaða dómsins, að almenn laga- og samningarök leiði til þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 45.167.50 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 1. janúar 1971 til greiðsludags og kr. 29.000 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Ásgeiri Torfasyni, ÍS 96, fyrir tildæmdum kröfum.

Dóm þennan kvað upp Björgvin Bjarnason sýslumaður ásamt meðdómsmönnunum Einari Jóhannssyni hafnsögumanni og Símoni Helgasyni skipaeftirlitsmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Benedikt V. Gunnarsson, greiði stefnanda, Gunnari Guðmundssyni, kr. 45.107.50 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 1. janúar 1971 til greiðsludags og kr. 29.000 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Ásgeiri Torfasyni, ÍS 96, fyrir tildæmdum kröfum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 7. febrúar 1975.

Nr. 65/1973. **María Helgadóttir**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Samvinnubanka Íslands h/f og gagnsök
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Uppboð. Úrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 25. apríl 1973. Krefst hún þess aðallega, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað um framgang uppboðs. Til vara krefst hún þess, að uppboð verði aðeins heimilað til lúkningar á kr. 180.000. Í báðum tilvikum krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. júní 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar með þeirri breytingu, að dráttarvextir verði dæmdir 1% á mánuði frá 1. september 1970 til 16. maí 1973, 1.5% á mánuði frá þeim degi til 5. júlí 1974 og 2% á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, fór gagnáfrýjandi þess á leit með bréfi 29. apríl 1971, að fasteignin nr. 33 við Bergstaðastræti (steinhúsið) yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld samkvæmt veðskuldabréfi, útgefnu 1. júlí 1969 af aðaláfrýjanda og tryggðu með 2. veðrétti í nefndri eign. Uppboðsbeiðninni fylgdi ljósrit veðskuldabréfs þessa. Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, var málið tekið fyrir í uppboðsrétti Reykjavíkur 7. september 1971. Þá lagði uppboðshaldari fram greinda sölubeiðni ásamt ljósriti af veðskuldabréfi. Enn fremur lagði hann fram uppboðsskil-

mála og veðbókarvottorð. Síðan er bókað í þingbók: „Í réttinum er mættur af hálfu uppboðsbeiðanda enginn og eigandi eignarinnar er ekki mættur. Frestur er veittur til 21. 9. kl. 10.“ Á uppboðsþingi 21. september 1971 var ekki sótt þing af hendi uppboðsbeiðanda, en þá var sótt þing af hendi uppboðsþola og málinu frestað til 26. október s. á. Málið var síðan tekið fyrir í uppboðsrétti 26. október og 2. desember 1971. Hvorugur málsaðilja sótti þing, en málinu var samt frestað. Þegar málið kom fyrir í uppboðsrétti 17. janúar 1972, var sótt þing af hendi uppboðsbeiðanda, en uppboðsþoli sótti ekki þing. Var þá ákveðin sala „á eigninni sjálfri 15. 2. kl. 14.30 að undangenginni augl. í dagbl.“ Næst var málið tekið fyrir 18. maí 1972. Var þá sótt þing af hendi beggja aðilja, og af hendi uppboðsþola komu fram mótmæli gegn því, að uppboð færi fram, þar sem uppboðsheimild væri áfátt.

Eigi var sótt þing af hendi gagnáfrýjanda (uppboðsbeiðanda), þegar málið var tekið fyrir í fyrsta sinni, en forföllum var ekki lýst. Samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 118. og 223. gr. laga nr. 85/1936 varð málatilbúnaður gagnáfrýjanda af þessum sökum ónýtur, og bar uppboðshaldara að fella málið niður. Með vísan til þessa verður að fella úr gildi hinn áfrýjaða úrskurð og synja um framgang uppboðsins.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað um framgang uppboðs þess, er í málinu greinir.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppoðsréttar Reykjavíkur 29. mars 1973.

Þess er krafist af hálfu Samvinnubanka Íslands h/f *aðallega*, að húseignin nr. 33 við Bergstaðastræti, þ. e. steinhús, ásamt geymsluskúr og 1/2 eignarlóð, verði seld á nauðungaruppboði til lúkningar kr. 345.000 veðskuld, en *til vara* til lúkningar kr.

180.000 og í báðum tilfellum ásamt 10% ársvöxtum frá 1. júlí 1969 til september 1970, en 1% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, enn fremur til lúkningar kostnaði við uppboðið, þ. á m. innheimtulaunum samkvæmt taxta LMFÍ, en að frádregnum kr. 30.000. Þá krefst hann málskostnaðar vegna uppboðsréttarmálsins.

Varnaraðili, María Helgadóttir, Njálsgötu 49, hefur mótmælt því, að uppboð fari fram til lúkningar hærri kröfu en kr. 180.000 og að frádregnum kr. 30.000. Er málskostnaðar krafist úr hendi sóknaraðilja.

Málið var lagt undir úrskurð að loknum munnlegum málflutningi þann 16. þ. m.

Samkvæmt veðbókarvottorði á rskj. 20 í máli þessu er varnaraðili, María Helgadóttir, eigandi að steinhúsinu á Bergstaðastræti 33, enn fremur að geymsluskúr, sama stað, og 1/2 eignarlóð.

Sóknaraðili uppboðsréttarmáls þessa hefur lagt fram sem rskj. 5 í málinu veðskuldabréf, undirskrifað af Maríu Helgadóttur, dagsett 1. júlí 1969. Bréfið hljóðar um skuld við Samvinnubanka Íslands h/f, kr. 345 þúsund. Skuldin skal greidd með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 6 árum frá útgáfudegi ásamt hámarksvöxtum, þá 9.5%, og er gjalddagi afborgana og vaxta 1. september ár hvert, sá fyrsti er 1. september 1970. Veðsett er fasteignin Bergstaðastræti 33, steinhúsið, og er um að ræða 2. veðrétt og uppfærslurétt næst á eftir skuldum á 1. veðrétti, og er getið um samhliða 2. veðrétt, kr. 250.000.

Vanefndaaðildir skuldareigenda eru þær, sem tíðkanlegar eru í veðbréfum, þ. á m. er heimilt að láta selja hina veðsettu eign án undangengins dóms eða fjárnáms samkvæmt 15. gr. lögtakslaga eða án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar samkvæmt 39. gr. laga nr. 95/1947, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887 og lög 57/1949.

Bréfi þessu var þinglýst 11. júlí 1969, og er þess getið af þinglýsingardómara, að veðsali sé þinglesinn eigandi steinhúss, 1/2 lóðar og geymsluskúrs.

Uppboðsbeiðni er dagsett 29. apríl 1971. Var uppboðsþola tilkynnt um hana með tíðkanlegum hætti þann 14. júní s. á., auglýsing var send til birtingar 28. sama mánaðar og birtist í 40., 42. og 44. blaði Lögbirtingablaðs 1971. Uppboð var tekið fyrir þann 7. september 1971 og var síðan nokkrum sinnum frestað, en sala var ákveðin 15. febrúar 1972 og frestað nokkrum sinnum. Þann 18. maí 1972 var ákveðið, að um fram kominn ágreining yrði rekið sérstakt uppboðsréttarmál, og er það mál hér til úrskurðar.

Í máli þessu liggur fyrir kaupsamningur, gerður 16. nóvember 1967, um hluta hússins nr. 49 við Njálsgötu milli Þórlaugar Hansdóttur sem kaupanda og Arnar Þór hæstaréttarlögmanns vegna Samvinnubanka Íslands sem seljanda. Ljósrit af samningi þessum er lagt fram í máli þessu sem rskj. 7. Kaupandi skyldi greiða verð eignarhlutans með veðskuldabréfum, þ. á m. skyldi hún afhenda seljanda veðskuldabréf, kr. 180.000, sem út yrði gefið af Maríu Helgadóttur, Bergstaðastræti 33, og veitti 2. veðrétt í allri fasteigninni Bergstaðastræti 33. Gjalddagar skyldu vera þann 1. september ár hvert, í 1. skipti 1. september 1968, og bera hæstu fasteignalánsvexti, en þeir voru 9½%, er samningur var gerður. Vextir áttu að falla á frá 1. júlí 1967.

Þetta veðskuldabréf var svo gefið út af Maríu Helgadóttur þann 20. mars 1968 og var í samræmi við ákvæði kaupsamningsins. Þess skal getið, að það er komið fram í málinu, að Kári Borgfjörð Helgason, Freyjugötu, bróðir nefndrar Maríu, hefur annast samningagerð fyrir hana svo og fyrir Þórlaugu Hansdóttur, en hann er tengdasonur hennar.

Einnig er fram komið, að af veðskuld þessari hefur ekkert verið greitt nema kr. 30.000 samtals, og munu þær greiðslur hafa farið fram 15. júní 1971 og 22. júlí s. á.

Þá er komið fram í málinu, að María Helgadóttir hefur sjálf keypt hluta af húseigninni Njálsgötu 49, sbr. kaupsamninga, rskj. 13 og 14 og veðskuldabréf, rskj. 11 og 12 í máli þessu.

Örn Þór hæstaréttarlögmaður hefur sem vitni í máli þessu skýrt svo frá, að um áramót 1967-1968 hafi Kári B. Helgason tjáð sér, að ekki væru peningar til til þess að greiða vegna skuldbindinga um kaup á hlutum af Njálsgötu 49, og hafi því frestast útgáfa veðskuldabréfa þar til í mars 1968, en Kári hafi sagt, að þá hlyti að vera hægt að greiða þessa peninga. Svo hafi þó ekki reynst og því frestast fram í júlí 1969, að gengið yrði frá sölu eignarhlutanna, en þá hafi útborgun verið leyst af hendi. En vaxtaskuld hafi verið til orðin, er hér var komið, svo og aðrar skuldir, t. d. vegna þess að seljandi hafi greitt opinber gjöld af eigninni. Kaupendur hafi ekki haft handbæra peninga til að borga hækkun þessa og hafi Kári verið látinn vita, að þessum kostnaðarauka mætti bæta við hinar umsömdu veðskuldir, þ. e. við veðskuldabréf það, er umsamið var, að hvíla skyldi á Bergstaðastræti 33, en eignarhlutarnir í Njálsgötu 49 væru fullveðsettir fyrir. Þetta hafi Kári samþykkt. Kveðst Örn nú hafa breytt þeim veðbréfum, sem tilbúin voru, sett nýja gjalddaga og hækkað, eins og um var talað, veð-

skuldabréfið í Bergstaðastræti 33 úr 180.000 kr. í kr. 345.000. Er þau María og Kári komu síðan á hans fund, kveðst Örn hafa útlistað þessar gerðir sínar fyrir Maríu, sem hafi þá undirritað bréfin öll, þ. á m. veðskuldabréf það, er nú er uppboðsgrundvöllur í máli þessu.

Örn Þór segir, að bréf þessi hafi síðan verið í sínum fórum, uns deilur hófust með aðiljum máls þessa. Þá hafi hann afhent endurskoðanda, Eyjólfi Guðmundssyni, ljósrit það, er liggur fyrir í máli þessu sem rskj. 8, þ. e. upphaflega gerð veðbréfsins í Bergstaðastræti 33. Enn fremur hafi hann fengið Eyjólfi yfirlit yfir stöðu skulda á eignarhluta Þórlaugar Hansdóttur, rskj. 9 í málinu, og eigi 1. liður við veðskuldina í Bergstaðastræti 33, en hinir liðirnir að öðrum veðskuldum í Njálsgötu 49. Komið hafi í ljós við nánari athugun, að kr. 345.000 var réttari tala en þær 331.378, sem tilgreindar eru sem skuld á þessu yfirliti.

María Helgadóttir, uppboðsþoli í máli þessu, hefur gefið aðiljaskýrslu, sem lögð er fram í málinu sem rskj. 19. Hún kveðst hafa komið á skrifstofu Arnar Þór hæstaréttarlögmanns í júlí 1969 og borgað kr. 230.000 vegna íbúðarkaupa og jafnframt undirritað nýtt veðbréf, að beiðni Arnar, með veði í Bergstaðastræti 33, þar eð eldra bréf, undirritað af henni 20. mars 1968, hafi verið óstimplað. Kveðst hún hafa treyst því, er hún skrifaði undir þetta nýja bréf, að þar væri um að ræða sömu veðskuldafjárhæð og í því fyrra, og kveðst hún aldrei hafa samþykkt né gefið út veðbréf að fjárhæð 345.000.

Kári B. Helgason hefur mætt sem vitni í málinu, og ber hann, að það sé rangt hjá Erni Þór, að hann hafi lýst því yfir við Örn um áramót 1967-1968, að ekki væru peningar fyrir hendi. En sannleikurinn sé sá, að Örn hafi ekki verið reiðubúinn til að ganga frá bréfunum, vegna þess að staðið hafi á að aflétta veðskuldum, er á eigninni hvíldu. María hafi skrifað undir veðskuldabréfið óútfyllt, það er fram er nú lagt sem rskj. 5.

Þessari staðhæfingu systkinanna mótmælir Örn Þór sem rangri, og segir hann, að engin ástæða hafi verið til að hafa nein brögð í frammi, þar eð Kári hafi lagt á það mikið kapp, að samningar tækjust. Þessa staðhæfingu Arnar styður Jónas Gústavsson héraðsdómslögmaður, þáverandi fulltrúi hans, en Jónas hefur gefið vottorð í málinu, fram lagt á rskj. 18. Hann segir, að Örn hafi komið með veðskuldabréfið á rskj. 5 inn til sín, í næsta herbergi, þá þegar undirritað af Maríu Helgadóttur, og kveðst Jónas hafa ritað nafn sitt á það sem vottur. Hann telur sig muna að hafa vél-

ritað útfyllingar á skuldabréfsformið, og einnig telur hann sig þekkja rskj. 8, sem hann hafi haft til að vélrita eftir. Kveðst hann því fullviss þess, að María hafi verið búin að undirrita skuldabréfið að fullu frágengið, eins og það nú er fram lagt.

Skýrslum Arnar Þór og Jónasar Gústavssonar er mótmælt af varnaraðilja sem röngum og vilhöllum.

Sóknaraðili máls þessa telur veðskuldabréfið á rskj. 5 fullgilda uppboðsheimild í hverri grein. Vanskil séu svo mikil, að óumdeilt ætti að vera, að ganga megi að hinni veðsettu eign samkvæmt almennum reglum og neyta heimilda bréfsins um nauðungaruppboð án undanfarandi réttargerða. Hann vísar til bréfs síns 2. febrúar 1971 til varnaraðilja, Maríu Helgadóttur, en endurrit bréfs þessa er lagt fram sem rskj. 2 í máli þessu. Innheimtutilraunir sínar hafi engan árangur borið annan en þann, að varnaraðili hafi borgað kr. 30.000 upp í skuldina, og þá hafi enginn fyrirvari verið gerður af varnaraðilja hálfu um galla á veðbréfinu. Varnaraðili hafi ekkert borgað eftir þetta. Sóknaraðili vísar um málavexti til skýrslu Arnar Þór. Því er mótmælt sem röngu, að varnaraðili hafi undirritað óútfyllt veðbréfsform, og sé ekki á því byggjandi, sem um þetta hafi fram komið af hálfu hennar og bróður hennar, Kára B. Helgasonar, en því hafi ekki verið mótmælt, að veðskuldabréfið beri undirskrift varnaraðilja. Sóknaraðili vísar til þess, að fram sé komið af varnaraðilja hálfu, að hún viðurkenni fyllilega að skulda kr. 180.000 að frádregnum kr. 30.000, sem samkvæmt framansögðu hafa verið greiddar, og er þess krafist til vara, að uppboð fari fram til lúkningar þeirri fjárhæð.

Af varnaraðilja hálfu er minnt á það, að veðbréf það, er hún skyldi samkvæmt kaupsamningi Þórlaugar Hansdóttur gefa út, hafi verið afhent þann 20. mars 1968. Bréfið hafi síðan legið óþinglesið hjá Erni Þór þar til 1. júlí 1969 og þannig á það fallin stimpilsekt. Þannig sé það svo, að Örn hafi beðið um, að nýtt skuldabréf yrði gefið út, og varnaraðili orðið við því og skrifað undir veðskuldabréf, án þess að upphæðar væri getið í bréfinu og upphæðin kr. 345.000 hafi verið sett þar algerlega án sinnar vitundar eða leyfis. Ljóst sé, að sóknaraðili hafi sönnunarbyrði þess, að löglega hafi verið að gerð þessa bréfs staðið, einkum eigi þetta við, þá er notuð séu prentuð skuldabréfaform. Stór hluti þessarar fjárhæðar séu vextir, sem hefðu ekki fallið, ef ekki hefði orðið dráttur á því, að gengið yrði frá þessum málum. Þannig hafi sóknaraðili reynt að koma því svo fyrir, að varnaraðili veðtryggði

honum skuldir Þórlaugar Hansdóttur í eign sinni langt fram yfir það, sem um hafi verið samið, en það sé ekki vefengt í málinu, að varnaraðilja beri að svara til kr. 180.000 að frádregnum kr. 30.000.

Varnaraðili hefur ekki mótmælt því, að hún hafi undirritað veðskuldabréfið á rskj. 5, en hún segist aðeins hafa undirritað hinn prentaða texta, sem sé: skuldabréfaformið óútfyllt. Hún hefur ekki fært sönnur á þessa staðhæfingu. Með því að veðskuldabréf þetta fullnægir að öðru leyti skilyrðum til þess að vera uppboðsheimild án dóms, sáttar og aðfarar, og vanskil varnaraðilja eru mjög veruleg, verður hin umbeðna uppboðsgerð látin ná framgangi samkvæmt aðalkröfu uppboðsbeiðanda. Þá ber að úrskurða varnaraðilja til þess að borga sóknaraðilja málskostnað, sem þykir hæfilega tiltekinn kr. 20.000.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Hin veðsetta eign, steinhús, geymsluskúr og hálf eignarlóð að Bergstaðastræti 33, verður samkvæmt kröfu og á ábyrgð sóknaraðilja, Samvinnubanka Íslands h/f, seld á nauðungaruppboði til lúkningar kr. 345.000 með 10% ársvöxtum frá 1. júlí 1969 til 1 september 1970, en 1% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og til lúkningar kostnaði við uppboðið, þ. á m. innheimtulaunum samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, en að frádregnum kr. 30.000.

María Helgadóttir, Njálsgötu 49, greiði Samvinnubanka Íslands h/f kr. 20.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. febrúar 1975.

Nr. 119/1973. **Prjónastofan Iðunn h/f**
(Jóhannes L. L. Helgason hrl.)
gegn
Framkvæmdastofnun ríkisins f. h.
Framkvæmdasjóðs Íslands
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Logi Einarsson og prófessorarnir Arnljótur Björnsson og Gaukur Jörundsson.

Víxilmál. Fyrning víxilréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. ágúst 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. júlí s. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Þegar víxill sá, sem í málinu greinir, var gefinn út, sagði í meginmáli hans, að gjalddagi væri við sýningu. Ágreiningslaust er, að áritun fjögurra stjórnarmanna Icelandic Arts & Crafts Inc., útgefanda víxilsins, þess efnis, að frestur til sýningar víxilsins til greiðslu væri 5 ár, var skráð á víxilinn, löngu eftir að áfrýjandi ritaði á hann samþykki sitt sem greiðandi. Er ósannað, að sú breyting á víxlinum hafi verið gerð með samþykki hans. Áfrýjandi varð því aðeins skuldbundinn af víxilsamþykki sínu í samræmi við upphaflegan texta víxilsins, sbr. 69. gr. víxillaga nr. 93/1933.

Stefndi glataði að vísu ekki víxilrétti á hendur áfrýjanda, þótt hann sýndi honum ekki víxilinn til greiðslu innan þess eins árs frests frá útgáfudegi, 9. nóvember 1964, sem greinir í 1. mgr. 34. gr. víxillaga, sbr. niðurlagsákvæði 1. mgr. 53. gr. laganna. Hins vegar verður að reikna fyrningarfrest á víxil-

skuldbindingu áfrýjanda samkvæmt 1. mgr. 70. gr. víxillaga frá lokadegi framangreinds sýningarfrests. Af þessu leiðir, að kröfur stefnda á hendur áfrýjanda samkvæmt víxlinum voru fyrndar samkvæmt síðastnefndu lagaákvæði, þá er mál þetta var höfðað. Af þessum ástæðum ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Samkvæmt þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 90.000 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Prjónastofan Iðunn h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Framkvæmdastofnunar ríkisins f. h. Framkvæmdasjóðs Íslands.

Stefndi greiði áfrýjanda kr. 90.000 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. desember 1972.

Mál þetta hefur Framkvæmdastofnun ríkisins höfðað vegna Framkvæmdasjóðs Íslands með stefnu, birtri 24. október 1972, á hendur Prjónastofunni Iðunni h/f, Nýjugrund, Seltjarnarnesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum víxil að fjárhæð $ 2.322.34 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 10. nóvember 1969 til greiðsludags, kr. 180 í afsagnarkostnað, auk alls málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og honum auk þess tildæmdur málskostnaður samkvæmt taxta LMFÍ.

Sátt var reynd, en án árangurs.

Víxillinn, sem er grundvöllur stefnukröfunnar, er útgefinn í Reykjavík þann 9. nóvember 1964 af fyrirtækinu Icelandic Arts & Crafts (Kristján Friðriksson) og samþykktur til greiðslu við sýningu af Þorsteini Guðbrandssyni fyrir hönd Prjónastofunnar Iðunnar h/f. Víxillinn er að upphæð $ 2.322.34. Greiðslustaður hans er Landsbanki Íslands, Reykjavík.

Aðiljar eru sammála um það, að þann 11. október 1967 hafi

svofelld athugasemd verið rituð á víxilinn: „Sýningarfrestur er 5 ár. F. h. stjórnar Ice.-Arts & Crafts Inc. Á. S., Kr. Fr., H. G. K., H. B." Aðiljar eru sammála um, að þetta séu upphafsstafir fjögurra af fimm stjórnarmönnum Icelandic Arts & Crafts, þeirra Ásbjarnar Sigurjónssonar, Kristjáns Friðrikssonar, Hjalta G. Kristjánssonar og Hilmars Berndsens.

Víxillinn er framseldur eyðuframsali af útgefanda. Hann var afsagður sökum greiðslufalls þann 10. nóvember 1969.

Fram hefur verið lagt bréf Framkvæmdasjóðs Íslands, dags. 3. október 1967, til stjórnar Icelandic Arts & Crafts Inc. Segir í bréfi þessu:

„Eins og kunnugt er, ábyrgist Framkvæmdasjóður Íslands lán það, er félag yðar hefir hjá Manufacturers Hanover Trust Co., New York.

Til tryggingar ábyrgð Framkvæmdasjóðs eru ábyrgðarvíxlar útgefnir af hluthöfum í félaginu.

Með því að Framkvæmdasjóður hefur nú þegar þurft að greiða af framangreindu láni og ekki er útlit fyrir, að félagið sjálft geti á næstunni greitt hinar mánaðarlegu afborganir og vexti af láninu, mun Framkvæmdasjóður nú þurfa af hefja innheimtu framangreindra ábyrgðarvíxla."

Þessu bréfi svarar Ásbjörn Sigurjónsson, stjórnarformaður Icelandic Arts & Crafts Inc., með bréfi, dags. sama dag. Segir í því bréfi:

„Við þökkum bréf yðar, dagsett í dag, og var það rætt á stjórnarfundi, sem var einnig haldinn í dag.

Stjórnin var einróma samþykk því að óska þess, að þér tækjuð til athugunar að jafna niður greiðslum á 40 mánuði, til þess að þessi viðbótarútgjöld hluthafa mættu koma jafnar niður á komandi tímabil.

Einnig var óskað eftir því, að fyrst um sinn yrðu aðeins innheimtir víxlar til júníloka 1968, eða þar til aðalfundur hefði verið haldinn í maí 1968.

Með þessum ráðstöfunum teljum við, að rekstursgrundvöllur sé tryggður fyrir næstu 8 mánuði að minnsta kosti, að öllu óbreyttu.

Væntum við þess, að þér sjáið yður fært að verða við óskum okkar.

Þess skal að lokum getið, að hluthafafundur hefur verið boðaður n. k. fimmtudag kl. 16.00 í Domus Medica."

Fram hefur verið lagt ljósrit úr fundargerðarbók Icelandic Arts

& Crafts Inc. Kemur þar fram, að hinn 11. október 1967 var haldinn stjórnarfundur í félaginu. Mættir voru Hilmar Berndsen, Guðmundur Guðmundsson, Ásbjörn Sigurjónsson, Kristján Friðriksson og Hjalti Geir Kristjánsson og auk þeirra Benedikt Antonsson frá Framkvæmdasjóði. Í fundargerðinni segir síðan:

„Benedikt Antonsson las bréf, sem farið hafa milli stjórnar Icecraft og stjórnar Framkvæmdasjóðs.

Benedikt greindi frá, að stjórn Framkvæmdasjóðs gæti ekki orðið við beiðni stjórnarinnar um að breyta ábyrgðarvíxlunum í dagsetta víxla og innheimt þá á löngum tíma, nema því aðeins að ábyrgðarvíxlarnir yrðu framlengdir með löglegum hætti.

Benedikt greindi einnig frá, að Framkvæmdasjóður hefði ritað bréf til Harvey Sooker um, að Framkvæmdasjóður mundi greiða afborganir og vexti af láninu hjá Manufacturers Hanover Trust Co.

Framkvæmdasjóður fór fram á, að stjórnin skrifaði á ábyrgðarvíxlana ákvörðun um framlengdan sýningarfrest til að firra hluthafana því, að víxlarnir yrðu innheimtir strax.

Síðan ritaði stjórnin á alla ábyrgðarvíxlana."

Undir fundargerðina rita allir stjórnarmenn nema Guðmundur Guðmundsson.

Fimmtudaginn 12. október 1967 var haldinn hluthafafundur í Icelandic Arts & Crafts Inc. Samkvæmt framlögðu ljósriti úr fundargerðarbók kom fram í ræðum tveggja stjórnarmanna á fundinum, að nauðsynlegt mundi verða að innheimta þá ábyrgðarvíxla, sem hluthafar gáfu og samþykktu við stofnun félagsins, til þess að tryggja áframhaldandi afborganir af því láni, sem upphaflega var tekið. Enn fremur segir í fundargerðinni:

„Formaður kom fram með þá tillögu, að hlutafélagið fari fram á það við Framkvæmdasjóð, að breytt verði ábyrgðarvíxlum þeim, sem hjá sjóðnum eru til tryggingar afborgunum af láninu, þannig að þeir greiðist með jöfnum afborgunum á þremur árum, eftir því sem þörf krefur. Var tillagan samþykkt samhljóða."

Þá hafa verið lögð fram í málinu endurrit úr bæjarþingsbók Reykjavíkur í málinu nr. 2786/1972: Seðlabanki Íslands gegn Últíma h/f. Endurrrit þessi eru frá 1. júní 1972 og 8. júní 1972. Mál þetta var risið af sams konar víxlum og þeim, er hér liggur fyrir. Í þinghöldum þessum komu fyrir dóm stjórnarmenn Icelandic Arts & Crafts, þeir Kristján Friðriksson, Hjalti Geir Kristjánsson og Ásbjörn Sigurjónsson. Voru þeir sammála um það, að þeir hefðu ritað athugasemdina um sýningarfrestinn á alla þá

víxla, sem hluthafar höfðu sett Framkvæmdasjóði til tryggingar ábyrgð sjóðsins. Jafnframt að þetta hefði verið gert að beiðni sjóðsins. Þeir mundu ekki eftir því, að rætt hefði verið um gildi slíkrar athugasemdar, þá er þeir rituðu undir hana. Þá kom það fram hjá Ásbirni Sigurjónssyni, að um annað hefði ekki verið að ræða en rita undir athugasemdina, annars hefði búðinni í New York verið lokað. Stjórnarmenn þessir höfðu allir samþykkt fyrir hönd fyrirtækja sinna sams konar víxla og þann, er liggur frammi í þessu máli, og var einum þeirra, Kristjáni Friðrikssyni, stefnt f. h. fyrirtækisins Últíma h/f í málinu til uppfyllingar sams konar víxilskuldbindingu.

Þann 12. júní 1972 gekk dómur í máli því, er hér hefur verið gert að umtalsefni. Var niðurstaða hans sú, að stefndi Últíma h/f skyldi greiða stefnanda Seðlabanka Íslands f. h. Framkvæmdasjóðs Íslands andvirði þeirra víxla, er Últíma h/f hafði sett Framkvæmdasjóði til tryggingar ábyrgð sjóðsins vegna Icelandic Arts & Crafts.

Upplýst er, að margir hluthafa Icelandic Arts & Crafts hafa í samræmi við dóm þennan samið við Framkvæmdasjóð um greiðslur tryggingarskuldbindinga sinna. Stefnda mun einnig hafa staðið það til boða, en ekki viljað þiggja þá kosti, og hefur því sjóðurinn höfðað mál þetta.

Njáll Þorsteinsson, framkvæmdastjóri stefnda, hefur komið fyrir dóminn. Þegar fundargerð hluthafafundar Icelandic Arts & Crafts frá 12. október 1967 hafði verið lesin fyrir honum, minntist hann þess ekki að hafa sótt þennan fund. Hann kvaðst hafa frétt það á skotspónum, að víxillinn hefði verið áritaður um 5 ára sýningarfrest. Hann kvaðst ekki hafa vitað, að hag félagsins væri svo komið í október 1967, að reynt gæti á innheimtu tryggingarvíxla, en hugsunin hafi verið sú, að félagið gæti greitt lánið af rekstri sínum. Hann sagði, að fyrirtæki hans hefði aldrei verið sýnt eða tilkynnt áritunin um 5 ára sýningarfrestinn eða þeir beðnir að samþykkja þá áritun.

Hann kvaðst hafa sótt a. m. k. tvo hluthafafundi. Hafi annar þeirra verið boðaður skriflega, en hinn munnlega.

Þorsteinn Guðbrandsson, forstjóri stefnda, hefur komið fyrir dóm. Hann kannaðist við að hafa samþykkt víxilinn. Hann sagði, að áritunin um 5 ára sýningarfrest hefði þá ekki verið á honum. Hann kvaðst hafa sótt tvo hluthafafundi hjá Icelandic Arts & Crafts. Á þeim fyrri hafi verið rætt um aukningu hlutafjár og um það þá rætt, að aðrar skuldbindingar féllu niður. Á síðari fund-

inum hafi verið rætt um víxlana. Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður hafi þar látið í ljósi efasemdir um, að víxlarnir væru gildir að íslenskum lögum. Þetta hafi verið um líkt leyti og félagið hætti störfum. Hann kvað það vel geta verið, að þeir hefðu fengið fundarboð á fleiri fundi, en þeir hefðu ekki sótt þá. Hann kvaðst ekki fyrr en í þinghaldi þessu hafa heyrt minnst á 5 ára sýningarfrestinn.

Í þinghaldi þessu skoraði lögmaður stefnda á lögmann stefnanda að upplýsa eftirfarandi þrjú atriði:

1. Hvenær og hvernig hinn umstefndi víxill var sýndur til greiðslu?
2. Á hvaða gengi það lán var greitt, sem hinn umstefndi víxill átti að tryggja að hluta?
3. Á hvaða kjörum var samið við þá samþykkjendur ábyrgðarvíxla, sem ekki kusu að láta mál sín ganga til dóms, og hvort umbjóðandi hans megi vænta sambærilegra kjara, ef dómur gengur stefnanda í vil?

Lögmaður stefnanda upplýsti, að Landsbanki Íslands hefði séð um sýningu víxilsins. Hann kvaðst reikna með, að bankinn hefði annast það með venjulegum hætti og sem lög geri ráð fyrir. Lögmaðurinn kvaðst ekki sjá ástæðu til þess að upplýsa spurningar 2 og 3, þar sem hér væri um hreint víxilmál að ræða.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að mál þetta sé höfðað sem víxilmál samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936. Hér sé um formlega löglegan víxil að ræða og hafi sýningarfrestur hans verið gerður 5 ár með áritun á víxilinn í samræmi við 34. gr. laga nr. 93/1933. Áritunin sé gerð, eftir að Framkvæmdasjóður hafi tilkynnt, að hann gæti ekki haldið áfram greiðslum á erlendu láni, sem víxill þessi meðal fleiri víxla var til tryggingar fyrir, án þess að ábyrgðin væri endurnýjuð. Allir stjórnarmenn útgefanda hafi ritað á víxilinn utan einn. Þá var af hálfu stefnanda sérstaklega vitnað til dóms þess, sem hér að framan er gerður að umtalsefni, í málinu Seðlabanki Íslands vegna Framkvæmdasjóðs gegn Últíma h/f. Málavextir í því máli hafi verið nákvæmlega þeir sömu og í þessu máli. Dómsniðurstaða hafi orðið sú, að víxlarnir væru taldir í fullu gildi. Í forsendum dómsins segi m. a., að samkvæmt 70. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 1. mgr. 34. gr. og gagnályktun frá 1. mgr. 53. gr. sömu laga, hafi víxilskuldbinding stefnda verið enn í gildi, þá er stjórn útgefanda víxlanna áritaði þá um 5 ára sýningarfrest. Samkvæmt 34. gr., 1. mgr., laga nr. 93/1933 geti útgefandi lengt sýningarfrest víxils. Þess sé hvergi getið, að það

þurfi að gera við útgáfu. Fram hafi komið í framlögðum fundargerðum útgefanda, að lenging sýningarfrestsins væri gerð til þess að komist yrði hjá að ganga strax að hluthöfunum, þar á meðal stefnda, og væri þannig stefnda til hagsbóta. Upplýst var, að Framkvæmdastofnun ríkisins hefur nú tekið við fyrirsvari Framkvæmdasjóðs.

Af hálfu stefnda er því einnig haldið fram, að hér sé um víxilmál að ræða. Víxillinn hafi verið samþykktur til greiðslu af stefnda. Hann hafi ekki verið sýndur til greiðslu á sýningarfrestinum, en sýningarfrestur sé 1 ár samkvæmt 34. gr. laga nr. 93/1933. Stefnandi hafi ekki fyrr en nú gert frekari reka að innheimtu þessari. Víxilskylda stefnda sé fallin niður fyrir vangeymslu.

Það haggi ekki þessari niðurstöðu, þótt útgefandi hafi áritað víxlana um 5 ára sýningarfrest, því það hafi ekki verið gert fyrr en í október 1967 og án alls atbeina samþykkjanda. Fráleitt sé, að 34. gr., 1. mgr., laga nr. 93/1933 verði skýrð á þann veg, að útgefendur geti hvenær sem er eftir útgáfu víxils breytt sýningarfresti hans. Ef svo væri, gæti útgefandi sýningarvíxils komið í veg fyrir, að fyrningarreglur nái til víxilsins, og haldið honum í ævarandi gildi án nokkurs atbeina eða raunar vitneskju samþykkjanda. Að vísu virðist þetta vera efnisleg niðurstaða bæjarþings Reykjavíkur í málinu: Seðlabanki Íslands f. h. Framkvæmdasjóðs gegn Últíma h/f, en stefndi kveðst ekki geta fallist á hana, enda sé hún í algeru ósamræmi við fyrningarreglur almennt. Hér eigi 69. gr. laga nr. 93/1933 við, þar eð breytingar hafi verið gerðar á texta víxilsins, eftir að stefndi ritaði á hann, en samkvæmt tilvitnaðri lagagrein skuli fara um skyldu stefnda eftir upphaflegum texta víxilsins.

Þá er því haldið fram, að málsatvik í margtilvitnuðum dómi séu ekki nákvæmlega þau sömu, þar sem í því máli hafi hagað svo til, að stjórnarmaður stefnda Últíma h/f hafi jafnframt verið framkvæmdastjóri útgefanda víxilsins, Icelandic Arts & Crafts. Niðurstaða dómsins sé að vísu ekki reist á þeim tengslum. Þá var því mótmælt, að það væru gildar forsendur, sem ættu erindi inn í dóm í víxilmálin, að lenging sýningarfrestsins hefði verið gerð, til þess að komist yrði hjá því að ganga að hluthöfum og þannig gerð þeim til hagsbóta. Á það var einnig bent, að þessi ívilnun hafi verið gerð að stefnda algerlega fornspurðum.

Þá var enn á því byggt, að víxilskuldbinding stefnda væri í raun ábyrgðarskuldbinding vegna skulda útgefanda víxlanna. Af

því leiði, að stefndi hafi átt jafnháa endurkröfu á útgefanda og þeirri fjárhæð nam, sem hann hefði þurft að greiða. Það sé almenn regla um ábyrgðarskuldbindingar, að greiðslufrestur, sem skuldareigandi kunni að veita skuldara án samþykkis ábyrgðarmanns, leiði til þess, að ábyrgðarmaðurinn losni við skuldbindingu sína og því leiði efnisrök ekki heldur til greiðsluskyldu stefnda, burt séð frá reglum víxilréttar.

Álit dómsins.

XVII. kafli laga 85/1936 þykir eiga við um meðferð máls þessa hér fyrir dóminum, þar sem hér er um að ræða víxil í réttu formi.

Samkvæmt 70. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 1. mgr. 34. gr. og gagnályktun frá 1. mgr. 53. gr. sömu laga, var víxilskuldbinding stefnda enn í gildi, þá er stjórn útgefanda víxlanna áritaði þá um 5 ára sýningarfrest. Samkvæmt 34. gr., 1. mgr., laga nr. 93/1933 getur útgefandi lengt sýningarfrest víxils. Þess er hvergi getið, að það þurfi að gera við útgáfu. Í víxlinum var ekki kveðið á um sérstakan sýningarfrest. Þykir því 10. gr. laga nr. 93/1933, en ekki 69. gr. nefndra laga, eiga við, þegar gildi áritunarinnar um 5 ára sýningarfrestinn er metið. Fram er komið, að Framkvæmdabanki Íslands tókst á hendur ábyrgð á bandarísku láni Icelandic Arts & Crafts, og til tryggingar á ábyrgðinni fékk Framkvæmdabankinn afhenta sýningarvíxla, samþykkta af hinum ýmsu hluthöfum félagsins og útgefna af félaginu sjálfu, og er hér um að ræða einn af þeim víxlum. Jafnframt er fram komið, að framlenging sýningarfrestsins var gerð, til þess að komist yrði hjá því, að Framkvæmdasjóður yrði að ganga að hluthöfunum og gera tryggingarvíxlana gildandi. Þá er hluthafar samþykktu víxlana, máttu þeir búast við því, að þeim yrði haldið í gildi, meðan Framkvæmdasjóður stæði í ábyrgð á hinu bandaríska láni. Verður þannig ekki talið, að víxillinn hafi verið öðru vísi fylltur út en þeir máttu búast við. Að þessu athuguðu þykja tilvitnuð lagaákvæði verða skilin svo, að víxilskuldbinding stefnda að framlengdum sýningarfrestinum falli ekki niður, fyrr en að 8 árum liðnum frá útgáfudegi, og hafi þannig verið í fullu gildi, þá er stefnandi stefndi máli þessu hér til dóms þann 24. október 1972. Af þessu öllu leiðir, að taka ber kröfu stefnanda til greina. Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 30.000 í málskostnað.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Prjónastofan Iðunn h/f, greiði stefnanda, Fram-

kvæmdastofnun ríkisins f. h. Framkvæmdasjóðs Íslands, $ 2.322.34 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 10. nóvember 1969 til greiðsludags, kr. 180 í afsagnarkostnað og kr. 30.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. febrúar 1975.

Nr. 14/1975. **Félag íslenska prentiðnaðarins**
gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h.
Hins íslenska prentarafélags.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Félagsdómsmál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 23. desember 1974, sem barst Hæstarétti 5. febrúar 1975, hefur sóknaraðili samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938 kært til Hæstaréttar frávísunardóm Félagsdóms, uppkveðinn 20. desember 1974, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt fyrir Félagsdóm að kveða upp efnisdóm í málinu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst 8.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Félag íslenska prentiðnaðarins, greiði varnaraðilja, Alþýðusambandi Íslands f. h. Hins íslenska prentarafélags, 8.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur Félagsdóms 20. desember 1974.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. hinn 28. október 1974, af Félagi íslenska prentiðnaðarins gegn Alþýðusambandi Íslands fyrir hönd Hins íslenska prentarafélags, „til þess að fá það dæmt til þess að þola, að meðlimir þess fái ekki greitt orlof, hvorki úttekna orlofsdaga né greitt orlofsfé fyrir tímann frá 27. mars til 9. maí 1974, eða 43 daga, sem verkfall prentara stóð." Er þess og krafist, að varnaraðilja verði gert að greiða sóknaraðilja málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu varnaraðilja eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að málinu verði vísað frá Félagsdómi og til samningsbundins gerðardóms aðiljanna, en til vara, að varnaraðili verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðilja. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, hver sem úrslit málsins verða.

Frávísunarkrafa varnaraðilja er tekin til meðferðar sérstaklega samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, og fór fram munnlegur málflutningur um hana 13. þ. m. Af hálfu varnaraðilja var þess þá krafist, að málinu yrði vísað frá Félagsdómi og sóknaraðilja gert að greiða varnaraðilja málskostnað að mati dómsins. Af hálfu sóknaraðilja var þess krafist, að frávísunarkröfu varnaraðilja yrði hrundið og varnaraðilja gert að greiða sóknaraðilja málskostnað að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Frá 27. mars til 9. maí á síðastliðnu vori stóð yfir verkfall Hins íslenska prentarafélags. Leystist verkfallið, er nýr kjarasamningur var gerður milli félagsins og sóknaraðilja hinn 9. maí sl. Var um það samið, að kjarasamningur þessara aðilja frá 15. desember 1971 skyldi framlengdur með nánar tilgreindum breytingum. Ein af breytingum þeim, sem gerðar voru, var á ákvæðum fyrri samnings um orlof. Eru ákvæði hins nýja samnings um þetta efni svohljóðandi:

„Grein 6.1. *Sumarleyfi.* Starfsfólk skal fá 25 virka daga í sum-

arleyfi með fullu kaupi og orlofsfé 8⅓% af yfirvinnukaupi, enda hafi það unnið í sömu prentsmiðju í eitt ár samfleytt.

Starfsfólk, sem unnið hefur 12 ár í iðninni, á rétt á 28 virkra daga sumarleyfi og 9⅓% orlofsfé af yfirvinnukaupi.

Á tímabilinu 1. júní til 30. september skal veita í einu lagi a. m. k. 21 orlofsdag í samráði við prentsmiðjustjóra og á þann hátt, að sem minnst truflun verði á rekstri prentsmiðjunnar. Verði ekki fullt samkomulag um skiptinguna, skal hlutkesti ráða, hverjir fari á hverjum tíma. Starfsfólk, sem unnið hefur skemur en eitt ár í prentsmiðjunni, skal fá sumarleyfi með fullu kaupi að tiltölu við þann tíma, sem það hefur unnið.

Orlofsárið reiknast frá 1. maí til 30. apríl. Laun fyrir orlofsdaga skulu greidd næsta virkan dag, áður en orlof hefst. Þá skal einnig greitt orlofsfé af aukavinnu síðasta orlofsárs. Hækkun orlofsfjár úr 8⅓% í 9⅓% af yfirvinnukaupi þeirra, sem unnið hafa 12 ár í iðninni, gildir frá 1. maí 1974."

Í fyrri samningi hafði lengd sumarleyfis verið 24 og 27 dagar. Var ákvæði um orlofsárið eins í báðum samningunum. Hinn 14. maí sl. sendi stjórn sóknaraðilja umburðarbréf til félaga sinna, þar sem gerð var grein fyrir því, hvernig reikna skyldi sumarleyfi árin 1974 og 1975. Kom þar fram, að verkfall Hins íslenska prentarafélags hefði staðið í 43 daga, og samkvæmt því yrði stytting orlofs hjá yngri starfsmönnum þrír orlofsdagar, en hjá starfsmönnum með meira en tólf ára starfsreynslu yrði styttingin þrír og hálfur dagur. Einnig kom fram, að þar sem verkfallið hefði fallið á tvö orlofstímabil, yrði að skipta orlofsstyttingunni milli tveggja ára og kæmi því einn dagur af henni „á orlofsárið 1974-1975, þ. e. vegna sumarleyfis næsta ár." Var og tekið fram, að samkvæmt því væri orlof starfsmanna, sem starfað hefðu í iðninni tólf ár eða skemur, 22 virkir dagar í orlof 1974, en þeirra, sem starfað hefðu lengur, 24.5 orlofsdagar.

Á fundi stjórnar og trúnaðarmannaráðs Hins íslenska prentarafélags hinn 27. júní sl. var samþykkt að skora á félagsmenn að taka fullt sumarleyfi samkvæmt samningi aðiljanna frá 9. maí sl., þ. e. 25 daga og 28 daga eftir starfsaldri, og væri litið á það sem brot á samningi aðiljanna, ef þetta orlof yrði skert. Það kemur fram, að á fundi stjórnar sóknaraðilja hinn 5. júlí sl. hafi verið fjallað um tvö atriði, sem fram höfðu komið í samtölum fyrirsvarsmanna aðilja, annars vegar að starfsmenn fengju uppbót á orlofsárið, sem lauk 30. apríl sl., er næmi einum orlofsdegi, og hins vegar að viðurkennt yrði orlof í verkfallstíma sem um orlofs-

skyldan vinnutíma væri að ræða, og fyrst um sinn skyldi sex vikna verkfallstími vera innan þeirra tímamarka. Í bréfi, sem stjórn sóknaraðilja ritaði Hinu íslenska prentarafélagi hinn 6. júlí sl., var þessum tilmælum hafnað og skýrt frá því, að stjórnin hefði samþykkt að vísa málinu til Félagsdóms. Með bréfi, sem sóknaraðili ritaði Hinu íslenska prentarafélagi hinn 27. júlí sl., var m. a. óskað eftir umsögn um það, hvort félagið teldi ágreiningsefnið réttilega lagt fyrir Félagsdóm eða hvort ágreiningurinn félli undir verksvið gerðardóms samkvæmt 10.1. gr. kjarasamnings aðiljanna. Í svarbréfi Hins íslenska prentarafélags, dags. hinn 26. ágúst sl., kom fram sú afstaða, að ágreiningsefnið bæri undir úrskurð gerðardóms samkvæmt hinu tilgreinda samningsákvæði, en þar sem Grafíska sveinafélagið hefði ákveðið að leggja í gerð sams konar ágreining milli þess og sóknaraðilja, þá væri óþarft að reka tvö gerðardómsmál um sams konar ágreining og því styddi félagið málstað Grafíska sveinafélagsins fyrir gerðardóminum.

Frávísunarkrafa varnaraðilja er byggð á því, að samkvæmt ákvæði gr. 10.1. í kjarasamningi aðiljanna skuli leggja sérhvern ágreining út af honum eða einhverjum atriðum í honum í gerð fimm manna, en ákvæði þetta hafi um langan tíma verið í kjarasamningum aðiljanna. Ákvæði þetta sé fortakslaust og þótt ekki hafi verið í gildi kjarasamningur, meðan á verkfallinu stóð, þá hafi ekki átt að taka neitt orlof á verkfallstímanum. Hinn nýi samningur taki því til þessa tilviks, enda hafi verið unnið eftir honum, frá því verkfallinu lauk og sé enn. Þá er því og haldið fram, að ákvæði orlofslaga standi ekki í vegi fyrir því, að ágreiningsefnið verði lagt undir samningsbundinn gerðardóm, enda beri gerðardómi að fara eftir landslögum í úrskurði sínum.

Krafa sóknaraðilja um það, að frávísunarkröfunni verði hrundið, er einkum byggð á því, að ágreiningsefnið falli að verulegu leyti utan kjarasamnings aðiljanna og falli því ekki undir gerðardómsákvæðið. Er því haldið fram, að ágreiningurinn sé raunverulega um framkvæmd orlofslaga, þar sem hann snúist um það, hvernig reikna eigi orlofsdaga, þ. e. hvort menn eigi að fá orlof fyrir verkfallsdaga. Slíkur ágreiningur falli undir dómstóla, en ekki gerðardóm. Ágreiningsefnið sé kjaraágreiningur svo nátengt kjarasamningi aðiljanna, að heimilt sé að leggja það fyrir Félagsdóm, enda taki ákvæði 16. gr. orlofslaga ekki til máls eins og þessa.

Gerðardómsákvæði gr. 10.1. kjarasamnings aðiljanna frá 15. desember 1971 er svohljóðandi:

„Gerðardómur. Rísi ágreiningur út af samningi þessum eða út af einhverjum atriðum í honum, skal leggja sérhvern slíkan ágreining í gerð fimm manna, og er gerðardómur skipaður þannig: Hið íslenska prentarafélag velur tvo menn og Félag íslenska prentiðnaðarins aðra tvo, síðan kjósa þessir fjórir gerðarmenn hinn fimmta, oddamanninn, en komi þeir sér ekki saman um oddamanninn, tilnefnir borgardómari hann. Dómur sá, er gerðarmenn kveða upp, sker úr ágreiningnum til fullnustu."

Hliðstætt ákvæði hefur verið í kjarasamningum aðilja málsins um langan tíma, og það var óbreytt upp tekið í kjarasamninginn frá 9. maí 1974.

Deiluefni aðiljanna í máli þessu fjallar um það, hvernig skuli ákveða orlofsdaga og orlofsfé á gildistíma samningsins. Slíkur ágreiningur skal lagður í gerð fimm manna samkvæmt gr. 10.1. í kjarasamningi aðiljanna. Að svo vöxnu máli ber að vísa máli þessu frá Félagsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 18. febrúar 1975.

Nr. 70/1973. **Sverrir Ragnars**
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)
gegn
Bæjarstjóranum á Akureyri f. h. bæjarsjóðs
(Friðrik Magnússon hrl.)
og Kaupfélagi Eyfirðinga til réttargæslu
(Gunnar Sólnes hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Arnljótur Björnsson.

Eignarréttur að landspildu.

Dómur Hæstaréttar.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1973. Hann krefst þess aðallega, að viðurkenndur verði eignarréttur hans að lóðarspildu að stærð 1389.6 m², þar sem áður var Sjávargata á Akureyri innan greindra marka: Að austan frystihús Kaupfélags Eyfirðinga, að sunnan Gránufélagsgata, að vestan austurmörk lóðar Kjötiðnaðarstöðvar Kaupfélags Eyfirðinga og að norðan lína „hornrétt á norðurmörk" lóðar frystihúss Kaupfélags Eyfirðinga. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 625.000 með 7% ársvöxtum frá 26. október 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda. Til vara krefst hann þess, að fjárhæð varakröfu áfrýjanda verði lækkuð og málskostnaður þá látinn falla niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur stefnt Kaupfélagi Eyfirðinga fyrir Hæsta rétt til að gæta réttar síns í málinu, en engar kröfur gert á hendur félaginu. Réttargæslustefndi hefur fyrir Hæstarétti tekið undir og stutt dómkröfur stefnda, en ekki haft uppi sjálfstæða kröfugerð að öðru leyti en því, að hann krefst þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um málskostnað honum til handa, og enn fremur, að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að samkvæmt sumum málsgögnum virðist lóðarspilda sú, sem um er deilt í málinu, vera nokkru stærri en tilgreint er í kröfugerð áfrýjanda.

Við það þykir mega miða af þeim ástæðum, sem raktar eru í héraðsdómi, að sá hluti Sjávargötu, sem mál þetta fjallar um, hafi verið lagður af stefnda, sennilega á árunum 1914 og 1915, og hafi það verið gert í samræmi við samþykkt byggingarnefndar Akureyrarkaupstaðar um gatnagerð á Oddeyri, er gerð var 8. febrúar 1904 með heimild í 2. mgr. 4. tl. opins bréfs 6. janúar 1857. Eigandi þess lands, sem gatan lá um, Hinar sameinuðu íslensku verslanir, var því skyldur til samkvæmt A lið 5. tl. áðurnefnds opins bréfs að láta af hendi við stefnda það land, sem til götulagningarinnar þurfti, en gegn bótum úr hans hendi.

Það er ágreiningslaust, að stefndi galt ekki fé fyrir land, sem fór undir Sjávargötu. Er þá álitaefni, hvort götustæðið sé nú eign áfrýjanda, sem leiðir rétt sinn frá Hinum sameinuðu íslensku verslunum.

Ekki verður séð, að neinar bótakröfur hafi verið gerðar á hendur stefnda fyrir töku landsins undir Sjávargötu, ef frá er talin sú bótakrafa, sem er greint frá í héraðsdómi, að J. V. Havsteen gerði sem leigutaki lóðarspildu, sem gatan virðist hafa verið lögð um, en frá þeirri kröfugerð var þó fallið, er Akureyrarkaupstaður mótmælti henni. Þegar þessa er gætt og jafnframt haft í huga, að lagning götunnar virðist hafa verið sérstakt hagsmunamál þeim, er áttu eða nýttu lóðir á Oddeyrartanga, svo sem ráða má af endurteknum áskorunum til bæjarstjórnar um götulagninguna, og enn fremur af staðháttum á Oddeyrartanga, þá þykir stefndi hins

vegar hafa haft gilda ástæðu til að ætla, að Hinar sameinuðu íslensku verslanir sættu sig í verki við töku götustæðisins, án þess að sérstakt endurgjald kæmi fyrir það úr hans hendi. Þá er enn fremur á það að líta, að ekki verður séð, að áfrýjandi eða forverar hans hafi nokkru sinni hreyft því við stefnda, að þeir teldu sér hið umþrætta götustæði, fyrr en með bréfi áfrýjanda 8. júlí 1968. Í því bréfi kemur þó alls ekki fram það álit áfrýjanda sjálfs, að Hinar sameinuðu íslensku verslanir hafi frá öndverðu haldið eignarrétti sínum að götustæði Sjávargötu, heldur reisir hann í bréfinu tilkall sitt til götustæðisins eingöngu á því, að hann hafi hinn 12. maí 1965 endurgjaldslaust lagt til land undir Grímseyjargötu, er koma eigi í stað Sjávargötu, og þess vegna eigi götustæði Sjávargötu, sem á sínum tíma hafi einnig verið lagt til endurgjaldslaust, að falla til hans aftur. Á þá skoðun áfrýjanda verður hins vegar ekki fallist, þar sem ljóst er af bréfi hans til stefnda 12. maí 1965 og samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar 18. s. m., að götustæði Grímseyjargötu frá Strandgötu og norður úr hafi áfrýjandi látið af hendi samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá er bæjarstjórn féllst á umsókn hans um, að leigulóð Olíufélagsins h/f á Oddeyrartanga yrði breytt í byggingarlóð.

Samkvæmt framansögðu þykir mega miða við það, að stefndi hafi orðið eigandi hinnar umdeildu landspildu, þá er Sjávargata var lögð, og þar sem áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að stefndi hafi berum orðum eða í verki afsalað sér síðar rétti til hins umdeilda lands, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 100.000 og réttargæslustefnda kr. 35.000 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sverrir Ragnars, greiði stefnda, bæjarstjóranum á Akureyri f. h. bæjarsjóðs, kr. 100.000 og réttargæslustefnda, Kaupfélagi Eyfirðinga, kr. 35.000 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 1. mars 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. febrúar sl., hefur Sverrir Ragnars sparisjóðsstjóri, Þingvallastræti 27, Akureyri, höfðað hér fyrir bæjarþingi með stefnu, útgefinni 26. október 1972, á hendur bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs Akureyrar og gegn stjórn Kaupfélags Eyfirðinga, Akureyri, til réttargæslu í málinu.

Krefst stefnandi þess aðallega, að viðurkenndur verði eignarréttur hans á lóð að stærð 1389.6 m^2 milli frystihúss KEA og kjötiðnaðarstöðvar KEA á Oddeyrartanga, þar sem áður lá um Sjávargata.

Í greinargerð hefur stefnandi uppi þá varakröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1.031.250 í skaðabætur auk 7% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags. Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi varakröfu sína í kr. 625.000 ásamt vöxtum, eins og að framan greinir.

Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt framlögðum reikningi.

Stefndi krefst algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum reikningi.

Til vara krefst hann lækkunar varakröfu stefnanda og að málskostnaður verði felldur niður.

Á hendur réttargæslustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu og ekki heldur af hans hendi utan það, að hann krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda að fjárhæð kr. 104.250.

Málsatvik eru þessi:

Með kaupbréfi, dagsettu 26. september 1863, eignaðist Þorsteinn Daníelsson, Skipalóni, fasteignina Oddeyri, sem nú er á Akureyri, en mun upphaflega hafa verið hluti jarðarinnar Stóra-Eyrarlands. Eign þessa seldi Þorsteinn aftur stjórnarnefnd Gránufélagsins, þeim Tryggva Gunnarssyni alþingismanni og Einari Ásmundssyni varaþingmanni, með afsali gerðu að Skipalóni 3. desember 1871. Eignin komst síðan í eigu Hinna sameinuðu íslensku verslana h/f (De forenede Islandsforretninger) hinn 20. september 1912, sem aftur seldu hana hinn 18. september 1926 með kaupsamningi til Ragnars Ólafssonar ræðismanns, Akureyri, en afsal er dagsett 29. maí 1928. Hinn 31. janúar 1927 seldi Ragnar Ólafsson bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar eignina, en skildi m. a. undan Tangann austast á eyrinni með fjöruréttindum fram af, er takmarkast af línu, dreginni vestan við húsið nr. 53 við

Gránufélagsgötu (Litlu-Reykjavík) beint til suðurs í C. Hoefnerslóð á Oddeyrartanga og til norðurs í Tóvélalækinn fyrir sunnan steinolíuhús seljanda, séð vestanvert við það, síðan beint til austurs í sjó út. Þessa lóð eignaðist Sverrir Ragnars, stefnandi máls þessa, hinn 12. desember 1935, en áður, eða 13. desember 1926, hafði faðir hans, Ragnar Ólafsson, selt Kaupfélagi Eyfirðinga frystihús, sem Hinar sameinuðu íslensku verslanir h/f áttu áður austan greindra lóðamarka ásamt lóð, sem nánar er lýst í afsali. Vestan þessarar lóðar hefur hluti Sjávargötu legið til skamms tíma, en með samningi, dagsettum 16. janúar 1969, leigði bæjarstjórn Akureyrar Kaupfélagi Eyfirðinga lóð að stærð 1389.6 m^2 af götustæðinu.

Hefur Kaupfélag Eyfirðinga reist þar stórgripasláturhús, að stærð 317.62 m^2, með leyfi byggingaryfirvalda bæjarins og girt lóðina af til einkanota sinna. Lóð þessi er nánar tiltekið þar, sem áður var Sjávargata frá Gránufélagsgötu í suðri að norðurhlið vöruskemmu, hornrétt, en skemma þessi er milli sláturhúss KEA og lóðar Esso. Austan lóðarinnar er frystihúslóð sú, sem áður er getið, eignarlóð KEA, en vestan lóðarinnar er lóð, sem stefnandi seldi Útgerðarfélagi KEA h/f með afsali, dags. 24. júní 1937, og mun sú lóð nú einnig vera eignarlóð Kaupfélags Eyfirðinga.

Með bréfi, dags. 8. júlí 1968, mótmælti stefnandi því við bæjarstjórn Akureyrar, að hún ráðstafaði landi þessu, og lýsti ábyrgð á hendur bæjarsjóði vegna þeirrar kröfu, sem hann taldi sig eiga til ofangreindrar landspildu.

Telur stefnandi land þetta vera skýlausa eign sína. Hvorki hann né heimildarmenn hans hafi afsalað sér landi þessu. Þótt Sjávargata hafi á þessu landi legið, geti það ekki skapað eignarrétt til handa bæjarsjóði Akureyrar, heldur umferðarrétt þeim til handa, sem lóðir eiga eða leigja við nefnda götu. Nú, þegar umferð um götuna hafi verið lögð niður, falli sá réttur sjálfkrafa niður.

Með samningi við Olíufélag Íslands h/f hafi stefnandi leigt félaginu land norðan þessa svæðis, þar sem áður lá um Sjávargata á 49.65 m kafla. Með bréfi til bæjarstjórnar Akureyrar, dags. 12. maí 1965, hafi stefnandi sótt um, að lóð þessari yrði breytt í byggingarlóð í samræmi við ákvæði skipulagslaga og heitið því um leið að láta land endurgjaldslaust af hendi við bæjarsjóð Akureyrar, lóðarspildu vestan nefndrar leigulóðar Olíufélags Íslands h/f, undir Grímseyjargötu samkvæmt breyttu skipulagi. Hinn 13. s. m. hafi bæjarstjórn samþykkt erindið gegn því skilyrði, að

stefnandi léti af hendi endurgjaldslaust land undir Grímseyjargötu frá Strandgötu og norður úr. Með samþykkt þessari hafi bæjarstjórn viðurkennt eignarrétt hans á þeim hluta leigulóðar Olíufélags Íslands h/f, sem áður lá um Sjávargata.

Þá hafi stefnandi með afsali, dagsettu 16. janúar 1964, selt hafnarsjóði Akureyrar 13.100 m² lóðir auk fjörulóðar austast á Oddeyrartanga. Innan þeirrar lóðar sé leigulóð Kristjáns Nóa Kristjánssonar, upphaflega milli hans og stefnanda frá 3. febrúar 1945, en skert til vesturáttar hinn 22. febrúar 1952 vegna lagningar Sjávargötu. Af þessu sjáist, að bæjaryfirvöld hafi leyst til sín götustæði Sjávargötu á þessu svæði og þar með viðurkennt eignarrétt stefnanda.

Þá hafi Kaupfélag Eyfirðinga eignast 3956.4 m² lóð hinn 1. júlí 1960 frá Guðmundi Jörundssyni. Samkvæmt uppdrætti liggur lóð þessi yfir Sjávargötu sunnan hins umþrætta svæðis og sé svo einnig skýrt tekið fram í afsalinu. Afsalinu sé þinglýst og hafi því ekki verið mótmælt af hálfu Akureyrarbæjar.

Af framansögðu sé ljóst, að eignarréttur einstaklinga að götustæði Sjávargötu hafi verið virtur bæði norðan og sunnan hins umþrætta svæðis. Öll sömu eðlisrök hnígi að eignarréttindum að hinu umþrætta svæði og framangreindum svæðum.

Með hliðsjón af framangreindum rökum sé óskiljanlegt, að bæjarstjórn Akureyrar skuli með samningi, dags. 16. janúar 1969, hafa leigt Kaupfélagi Eyfirðinga hið umþrætta land þrátt fyrir mótmæli stefnanda.

Þá hefur stefnandi mótmælt því, að hið umþrætta land hafi verið tekið eignarnámi. Ekkert endanlegt skipulag hafi legið fyrir, er gatan var gerð, og því geti ekki verið til að dreifa eignarnámi samkvæmt þágildandi skipulagslögum. Þá hafi stefndi ekki hlutast til um, að tjón lóðareigenda af eignarnámi yrði metið eins og honum hafi borið skylda til, ef um eignarnám var að ræða. Eignarnámið, ef framkvæmt hafi verið, sé því af þessum ástæðum ólöglegt.

Þá heldur stefnandi því fram, að umferð um götustæði Sjávargötu hafi hafist af sjálfu sér án tilstuðlan skipulagsyfirvalda. Upphaflega hafi myndast ökuslóði norður sjávarkamb, sem þarna var, sem síðar hafi verið lagfærður. Um eiginlega gatnagerð hafi ekki verið að ræða á Sjávargötu norðan Gránufélagsgötu.

Mannvirkjagerð í sambandi við lagningu götunnar hafi aðeins farið fram á þeim hluta Sjávargötu, sem liggur sunnan Gránu-

félagsgötu og ennþá er almenn umferðargata, og til þeirrar gatnagerðar hafi fé það runnið, er bæjarsjóður lagði til gatnagerðarinnar.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að hann sé eigandi hins umþrætta lands.

Er lögsagnarumdæmi Akureyrar var stækkað með lögum nr. 34/1895, hafi m. a. Oddeyrin verið lögð undir lögsagnarumdæmi Akureyrar. Af því hafi leitt, að lög og reglur, er á Akureyri giltu, hafi þá einnig tekið gildi á Oddeyri. Í 2. gr. nefndra laga hafi verið ákveðið, að verslunarlóð bæjarins skyldi aðeins ná yfir hina fornu kaupstaðarlóð, þ. e. Akureyri og Oddeyri, og það nánar greint í lögunum. Meðal lagaákvæða þeirra, er tóku gildi á Oddeyri með lögum 34/1895, hafi verið opið bréf frá 6. janúar 1857, sem gilti um skipulag og byggingar á Akureyri, samkvæmt 2. mgr. 4. gr. þess hafi byggingarnefnd Akureyrar borið með samþykki amtmanns að ákveða, „hvar auð svæði megi vera, og hvar leggja skuli strætin".

Byggingarnefnd hafi síðan á fundi sínum 8. febrúar 1904 ákveðið legu gatna o. fl. á Oddeyrinni í samræmi við greinda lagaheimild, þ. á m. Sjávargötu. Þessi ákvörðun byggingarnefndar hafi síðan með samþykki amtmanns tekið gildi sem skipulag. Á sama ári hafi verið gerður uppdráttur í samræmi við ákvörðun þessa fundar byggingarnefndar, er sýni legu m. a. Sjávargötu og heiti. Eftir þessu skipulagi hafi síðan verið farið um byggingu mannvirkja og gatna á Oddeyri, allt þar til nýtt skipulag tók gildi í samræmi við lög nr. 55/1921. Með tilskipun nr. 12/1904, frá 23. ágúst, hafi störf þau, sem amtmanni voru ætluð samkvæmt opnu bréfi 6. janúar 1857, verið lögð undir bæjarstjórn Akureyrar. Þar með hafi skipulag allt og byggingarmálefni verið sett undir bæjarstjórn, en hún síðan falið veganefnd ákvarðanir í málum, er vörðuðu m. a. götulagningu, en síðan átt sjálf síðasta orð í þeim efnum.

Telja verði, að allar skipulagsaðgerðir, er á Oddeyri voru framkvæmdar, hafi verið með vilja eða jafnvel fyrir beiðni þeirra aðilja, er þar höfðu hafið atvinnurekstur, og vitnar stefndi í því sambandi til bréfa nokkurra aðilja til bæjarstjórnar frá 26. júlí 1913, sem síðar verður vikið að.

Sjávargata hafi verið byggð á árunum 1914-1915, en sennilega hafi eitthvað verið byrjað á henni fyrr.

Hinn 7. apríl 1913 hafi Pétur Pétursson, framkvæmdastjóri

Hinna sameinuðu íslensku verslana, sem þá voru orðnar eigendur Oddeyrarinnar, farið fram á við bæjarstjórn, að girðingar við Gránufélagsgötu yrðu lagfærðar. Af bréfi þessu megi ráða, að endurgjaldslaust hafi verið látið af hendi frá Gránufélaginu land undir þá götu, þ. e. Gránufélagsgötu. Í lok bréfsins segi: „Ég vænti greiðra svara og fljótra aðgerða í þessu máli, einkum þegar þess er gætt, að Gránufélagið hefur ekki krafist endurgjalds fyrir land undir veg þennan, en hefur auk þess lagt til vegarins brú, sem var að minnsta kosti 100 kr. virði, þótt léleg væri".

Hér sé um að ræða sama félag og átti mest allt eða allt land á neðri hluta Oddeyrar á þeim tíma, þegar neðri hluti Gránufélagsgötu og Sjávargata voru byggðar eða a. m. k. löngu voru hafnar umræður um byggingu Sjávargötu og hún færð inn á uppdrátt, þegar Gránufélagið fór með eignarráð að neðri hluta Oddeyrar. Hefði verið til þess ætlast, að bæjarsjóður greiddi fyrir landið, hefði félagið hlotið að gera til þess kröfu, en svo hafi ekki verið og hafi þó eitthvað verið um það, að greitt væri fyrir land undir götur og gangstéttir. Hinar sameinuðu íslensku verslanir hafi eignast Oddeyrina með afsali, dags. 20. september 1912, en ekki verði séð, að komið hafi fram krafa um endurgjald frá því félagi. Stefnandi leiði rétt sinn frá framangreindum eigendum, en faðir hans hafi eignast Oddeyri með afsali 29. maí 1928.

Af öllu framansögðu megi vera ljóst, að aldrei hafi verið ætlast til neins endurgjalds fyrir land undir götur þarna, enda augljóst, hvert hagræði lóðareigendur höfðu af götulagningu, sem haft hafi áhrif til hækkunar lóðaverðs og aukinnar eftirspurnar eftir lóðum og atvinnuaðstöðu þar.

Þá hafi bæjarsjóður kostað til vegarlagningarinnar og göturnar verið almennar umferðarleiðir athugasemdalaust um áraraðir. Hljóti því bæjarsjóður að hafa eignast landið, a. m. k. fyrir fullnaða eignarhefð. Enn fremur megi beinlínis lesa út úr opnu bréfi frá 6. janúar 1857, að lóðareigendum sé skylt að láta af hendi endurgjaldslaust lönd undir götu.

Þá mótmælir stefndi því, að nokkur viðurkenning á eignarrétti stefnanda yfir hinu umþrætta landsvæði felist í ráðstöfun hans eða annarra á landi undir Sjávargötu norðan og sunnan hins umþrætta svæðis. Heimild bæjaryfirvalda til handa stefnanda um að breyta lóð Olíufélags Íslands í byggingarlóð og í því sambandi skilyrði um, að stefnandi legði til land endurgjaldslaust undir Grímseyjargötu, hafi byggst á 30. gr., 1. mgr., núgildandi skipu-

lagslaga nr. 19/1964. Þetta ákvæði núgildandi skipulagslaga standi ekki í neinu samhengi við stofnun eignarréttar yfir hinni umdeildu landspildu úr Sjávargötu.

Þó að fram hafi komið, að KEA hafi fengið afsal fyrir eignum Guðmundar Jörundssonar, þar sem tekið sé fram, að með í kaupunum fylgi sá hluti eignarlóðarinnar, sem sé undir Sjávargötu, og þessu hafi ekki verið mótmælt af bæjarsjóði, þurfi það ekki að tákna annað en það, að bæjarsjóði var allsókunnugt um þetta ákvæði í afsalsbréfinu, þar til málarekstur stefnanda máls þessa hófst. Þá sé ekkert fram komið, sem sanni eignarrétt Guðmundar Jörundssonar að götuspildunni, því að hann leiði rétt sinn frá Jakob Kvaran, sbr. afsal dags. 2. maí 1950, en þar sé lóðin talin 3300 fermetrar og ekkert getið um lóðarhluta í götunni, en Guðmundur hafi hins vegar afsalað 3956.4 m². Séu því allar líkur á, að hér sé um vanheimild Guðmundar að ræða.

Þá mótmælir stefndi þeirri staðhæfingu stefnanda, að Sjávargata norðan Gránufélagsgötu hafi aldrei verið aðalumferðarleið. Bendir hann á, að í fundargerð byggingarnefndar 1. október 1917 segi: „Hinum sameinuðu íslensku verslunum leyft að byggja færanlega smiðju á lóð *austan Sjávargötu og norðan Gránufélagsgötu*". Þá bendir hann á bókun byggingarnefndar frá 3. júní 1918, þar sem leyfð er bygging frystihúss þess, er KEA eignaðist síðar og stendur austan hins umþrætta svæðis. Er í leyfinu tekið fram, að byggingarnefndin hafi ákveðið húsastæðið, sérstaklega framhlið þess, sem „standi í hina ákveðnu húsalínu".

Telur stefndi tilvitnanir þessar nægja til að sýna fram á, að gatan hafi verið gerð og út frá henni mælt fyrir húsum þegar á þessum tíma. Að lokum heldur stefndi því fram, að yrði litið svo á, að um eignarnám samkvæmt opnu bréfi 6. janúar 1857 hefði verið að ræða á landspildunni, sem mál þetta er risið út af, hefði þáverandi landeigandi eignast bótakröfu á hendur bæjarsjóði. Þar sem hins vegar ekkert liggi fyrir um, að þá hafi verið reynt að gera bótaréttindin gildandi, hljóti bótakrafan fyrir löngu að vera fallin niður fyrir fyrningu, sbr. 4. gr. laga nr. 14/1905.

Allt fram til síðustu ára hafi ríkt fullkomið tómlæti um réttindi yfir götunni og hefði stefnandi álitið sig eiganda götunnar, hefði hann ekki síst í sölu sinni á landspildu til Hafnarsjóðs Akureyrar átt að taka sérstaklega fram, að þar í fylgdi götustæði Sjávargötu, en ekkert komi hins vegar fram um, að svo sé, og ekkert sé getið um sérstakt endurgjald fyrir götustæði.

Málflutningur réttargæslustefnda er mjög á sama veg og

stefnda, en til viðbótar hefur hann lagt áherslu á, að ekki sé hægt að skerða umferðarrétt hans um hið umdeilda svæði, sem hann telur sig hafa keypt ásamt eignarlóðunum báðum megin götunnar, hvort sem stefnanda verði dæmdur eignarréttur að landinu eða ekki.

Aðiljar hafa lagt fram þau gögn, sem þeir vitna til og að framan er getið.

Samkvæmt gögnum málsins er upphaf Sjávargötu það, að á fundi hinn 8. febrúar 1904 ákvað byggingarnefnd Akureyrar stærð og legu nokkurra gatna á Oddeyrinni. Í b lið samþykktarinnar segir: „Frá Ósbrú skal liggja 20 álna breið gata norður sandinn, Sjávargata". Á sama fundi skoraði byggingarnefndin á bæjarstjórnina að láta mæla upp Oddeyrina og gera kort af henni á líkan hátt og þegar hafði verið gert af hinum hlutum bæjarins.

Í samræmi við framangreinda ályktun var hið sama ár gerður uppdráttur af Oddeyrinni og fyrirhugaðar götur teiknaðar þar inn á. Uppdráttur þessi liggur frammi í málinu, og samkvæmt honum er lega Sjávargötu ákveðin frá suðri til norðurs frá Ósbrú í suðri og til sjávar í norðri. Liggur gatan að mestu á austurbakka svonefnds Norðmannsóss, sem á þeim tíma klauf Oddeyrina að mestu frá suðri til norðurs. Þó liggur gatan að nokkru leyti út í Norðmannsós, einkum á því svæði, sem nú er umþrætt í máli þessu.

Nokkuð virðist hafa dregist að leggja Sjávargötu, og hinn 26. júlí 1913 rituðu nokkrir lóðareigendur bæjarstjórn Akureyrar bréf, þar sem þeir fóru fram á, að mælt yrði út fyrir götunni, og í tilefni af bréfum þessum samþykkti veganefnd á fundi sínum hinn 1. september s. á. að leggja til við bæjarstjórn, að hin fyrirhugaða Sjávargata yrði byggð vorið eftir.

Í fundargerð veganefndar 19. febrúar 1914 segir m. a. í 2. lið: „Rætt um vegi og endurbætur á vegum á komandi vori. Telur nefndin sjálfsagt að þetta verði gjört:

a. Sjávargata á Oddeyri byggð

b. ....."

Í tilefni af bótakröfu J. V. Havsteens vegna fyrirhugaðrar lagningar Sjávargötu yfir lóð hans, samþykkti veganefnd eftirfarandi á fundi sínum þann 16. maí 1914: „Með því að etatsráð J. V. Havsteen hefur lóð þessa á leigu frá „De forenede Islands forretninger" og að í leigusamningnum er áskilinn 10 álna breiður vegur út og suður í gegnum lóðina, sjálfsagt með tilliti til lagningar Sjávargötu, þá leggur nefndin til að bæjarstjórn neiti að

greiða Havsteen nefndar skaðabætur". Í sömu fundargerð segir enn fremur: „Nefndin hefur hugsað sér veg þennan 6 álna breiðan og að verja til hans á þessu ári allt að 1000 kr. ef vegaféð hrekkur til. Annars er vegurinn stunginn út þannig, að hann verði sem ódýrastur, en þó innan takmarka Sjávargötu, sem áætluð er samkvæmt korti bæjarins ca 18 álna breið."

Í fundargerð veganefndar 17. maí 1914 kemur fram, að nefndin semur við Jóh. H. Havsteen um að færa til grjót á lóð hans, honum að kostnaðarlausu, vegna vegarlagningarinnar gegn því, að faðir hans, áðurnefndur J. V. Havsteen, falli frá áðurgerðri skaðabótakröfu.

Í fundargerð veganefndar 24. apríl 1915 segir m. a. í 1. lið: „Rætt um vegagjörðir og endurbætur vega í bænum á komandi vori. Nefndin leggur til að þetta verði unnið:

a. Sjávargata fullgjörð, og var áætlað að það mundi kosta um kr. 350.

b. ....."

Af því, sem að framan er rakið, er ljóst, að stefndi hefur ákveðið legu Sjávargötu þegar árið 1904 og síðan kostað og framkvæmt lagningu hennar á árunum 1914 og 1915, a. m. k. að mestu leyti. Aðiljar eru ekki á eitt sáttir um, hve langt til norðurs götulagning þessi hefur náð. Ekki er um það deilt, að Sjávargata hafi frá suðri náð að Gránufélagsgötu eða suðurmörkum þess svæðis, er hér er um deilt, en eins og áður segir, heldur stefnandi því fram, að eiginleg gatnagerð hafi ekki farið fram norðan Gránufélagsgötu.

Hefur stefnandi skýrt svo frá fyrir dómi, að engin mannvirki í sambandi við götulagningu hafi verið norðan Gránufélagsgötu, þegar hann eignaðist lóðirnar, sbr. kaupsamning dags. 12. desember 1935. Einungis hafi verið um að ræða götuslóða. Hann kvaðst þó ekki fortaka, að eitthvað hafi verið borið ofan í áður. Jarðvegur götunnar hafi verið malarkambur. Þá kvað stefnandi sér ekki kunnugt um, að nein götulagning hefði farið þarna fram síðar. Kvað stefnandi umferð um Sjávargötu hafa legið að suðurmörkum þeirrar lóðar, þar sem nú er K. Jónsson & Co. h/f.

Með kaupsamningi, dags. 28. janúar 1927, seldi Ragnar Ólafsson Kaupfélagi Eyfirðinga frystihús á Oddeyrartanga ásamt lóð undir og umhverfis húsið. Er lóðamörkum svo lýst í kaupsamningi: „Að sunnan bein lína frá Sjávargötu og austur í sjó fram, 13,6 mtr., sunnan við suðvesturhorn frystihússins en 14,6 mtr.

sunnan við suðausturhorn þess. Að vestan ræður Sjávargata, að norðan bein lína frá Sjávargötu austur í sjó fram 85 mtr. norðan við téð suðurmörk og parallelt með þeim, að austan ræður sjórinn".

Með samningi, dags. 28. nóvember 1928, var gerður nýr samningur milli aðilja um lóðamörkin og þeim þar svo lýst: „Að sunnan bein lína frá Sjávargötu og austur í sjó fram 11,55 metra sunnan við suðvesturhorn frystihússins, mælt í stefnu með vesturstafni frystihússins en 14 mtr. sunnan við suðausturhorn þess mælt í stefnu með austurstafni frystihússins, að vestan ræður Sjávargata, að norðan bein lína frá Sjávargötu og austur í sjó fram 85 metrum norðan við téð suðurmörk og parallelt með þeim, að austan ræður sjórinn."

Hér er um að ræða hið sama frystihús og veitt var leyfi til byggingar á hinn 3. júní 1918 og getið er um í rökstuðningi stefnda, en í bókun byggingarnefndar segir: „Leyfir byggingarnefndin að byggja húsið á tilgreindum stað samkvæmt framlögðum uppdrætti, og hefir nefndin ákveðið hússtæðið, sérstaklega framhlið þess, sem standi í hinni ákveðnu húsalínu".

Við athugun á uppdrættinum frá 1904 sést, að útilokað er, að bygging húss þessa hafi getað farið fram, áður en gatan var lögð á þessu svæði, þar sem þarna er um að ræða hluta Norðmannsóss, sem hefur þurft að fylla upp til að fært væri um götuna að hinni fyrirhuguðu byggingu, og reyndar hefur einnig þurft að fylla upp hússtæðið sjálft. Þarna er einmitt um að ræða þann hluta götunnar, sem hér er um deilt. Verður því að ætla, að gatan hafi a. m. k. náð norður fyrir þrætusvæðið á þessum tíma. Raunar verður að telja líklegt, að gatan hafi þegar náð að lóð þeirri, þar sem nú er K. Jónsson & Co. h/f, sbr. framburð stefnanda, en ekki verður það talið sannað af gögnum málsins. En með kaupsamningi, dags. 8. júní 1942, seldi stefnandi Dráttarbraut Akureyrar lóð þá, er liggur norðan við áðurnefnda frystihúslóð og allt norður að lóð K. Jónssonar & Co. h/f. Í kaupsamningnum er vesturmörkum hinnar seldu lóðar lýst svo, að þau takmarkist af Sjávargötu.

Eins og áður segir, sést á uppdrættinum frá 1904, að talsverða uppfyllingu hefur þurft í götuna á því svæði, sem hér er um deilt. Sá hluti götunnar, er sunnan Gránufélagsgötu liggur, hefur aftur á móti verið gerður á þurru landi. Verður því að álykta, að fé það, sem varið var til gatnagerðarinnar á árunum 1914 og 1915,

hafi einkum farið til vegargerðarinnar á hinu umþrætta svæði. Sú fullyrðing stefnanda, að engin mannvirkjagerð hafi farið fram við gerð götunnar þar, fær því ekki staðist.

Það er álit dómsins, að líta beri á samþykkt byggingarnefndar frá 8. febrúar 1904 og uppdrátt þann, sem gerður var sama ár, sem löglegt skipulag fyrir Oddeyri, enda í fullu samræmi við ákvæði opins bréfs frá 6. janúar 1857, sem þá gilti um skipulagsmál á Akureyri og var einnig í gildi, þegar götulagningin fór fram á hinu umþrætta svæði.

Samkvæmt lagaheimild þessari var byggingarnefnd heimilt að taka eignarnámi lönd undir götur gegn greiðslu bóta.

Hvorki er fram komið, að eignarnám hafi farið fram á landinu undir Sjávargötu né að eigendum landsins hafi verið fyrir það greitt. Verður því að ætla, að landeigendur hafi að minnsta kosti sætt sig við töku götustæðisins án þess að fá fyrir það greiðslu. Með hliðsjón af því, að um var að ræða eignarnámsheimild til handa byggingarnefnd, verður að ætla, að gengið hafi verið út frá eignarrétti að landinu til handa bænum, er landið var undir götuna tekið, þar sem ekkert er fram komið um, að öðruvísi hafi verið um samið við landeigendur, þ. e. um umferðarrétt yfir götustæðið.

Eins og að framan er rakið, annaðist bæjarsjóður Akureyrar gatnagerðina og kostaði hana að öllu leyti. Þá er og ekki annað fram komið en að sá hluti Sjávargötu, sem hér er um deilt, hafi alla tíð, frá því er gatan var byggð, verið almenn umferðargata fyrir almenning og verið við haldið og endurbætt af stefnda, allt þar til umferð var þar niður lögð, að því er virðist á árunum 1965-1968.

Af öllu framangreindu athuguðu er ljóst, að stefnandi hafði fyrir löngu eignast hið umþrætta land fyrir fullnaða eignarhefð, sbr. lög nr. 46/1905, er landið var leigt Kaupfélagi Eyfirðinga með samningi, dags. 16. janúar 1969, og getur ráðstöfun annarra aðilja á öðrum hlutum götustæðisins ekki haggað því.

Ber því samkvæmt framansögðu að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 90.000.

Réttargæslustefndi hefur frá upphafi málsins haldið uppi réttargæslu í málinu og bæði lagt fram greinargerð og flutt málið munnlega. Ber því einnig að dæma stefnanda til að greiða honum málskostnað, sem eftir atvikum telst hæfilega ákveðinn kr. 45.000.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs Akureyrar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sverris Ragnars, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 90.000 og réttargæslustefnda, Kaupfélagi Eyfirðinga, kr. 45.000 í málskostnað, hvort tveggja innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. febrúar 1975.

Nr. 136/1972. **Dánarbú Vigfúsar Jóns Einarssonar**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Bræðrunum Ormsson h/f
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Vigfús Jón Einarsson lést hinn 23. nóvember 1973, og hefur dánarbú hans tekið við aðild máls þessa samkvæmt 2. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. september s. á. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 47.780.94 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 1. ágúst 1969 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál þar, en hann fékk gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 25. apríl 1973.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hann og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti, þar með talin laun talsmanns hans, kr. 30.000, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, dánarbú Vigfúsar Jóns Einarssonar, greiði stefnda, Bræðrunum Ormsson h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 30.000.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti, þar með talin laun talsmanns hans, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. desember 1971.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. þ. m., er höfðað með stefnu, birtri 5. september 1970.

Stefnandi málsins er Vigfús Einarsson rafvirki, Stórholti 23 hér í borg.

Stefndi er Bræðurnir Ormsson h/f hér í borg.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 47.780.94 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 1. ágúst 1969 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

II.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi verið við vinnu hjá stefnda frá því um miðjan október 1968 og fram til júlíloka 1969. Hann hafi orðið óvinnufær vegna veikinda 17. maí — 14. júní 1969 og 23. júní — 10. júlí sama ár. Samkvæmt 12. gr.

samnings nokkurra verkalýðsfélaga við Vinnuveitendasambandið um vinnu við Búrfellsvirkjun frá 24. febrúar 1967 hafi atvinnurekanda borið að greiða iðnaðarmönnum sjúkdómskostnað, læknishjálp og full laun í allt að fjórum vikum í hverju sjúkdómstilfelli, sem orsakast við vinnu, þ. e. þegar menn veikjast á vinnustað. Þegar veikindi hans hófust, hafi hann verið staddur á vinnustað og hafði unnið við afleit vinnuskilyrði, kulda og dragsúg. Stefnandi kveðst ekki hafa fengið greitt eins og honum bar samkvæmt þessu ákvæði. Þá krefst hann þess, að stefndi greiði sjúkrakostnað og fæðispeninga og auk þess ógreitt orlof.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1.	Vangoldin laun vegna veikinda 17. maí — 14. júní 1969 að viðbættu orlofsfé	kr. 16.305.73
2.	Vangoldin laun að viðbættu orlofsfé vegna veikinda 23. júní — 10. júlí 1969	— 17.125.35
3.	Sjúkrakostnaður	— 933.00
4.	Fæðispeningar	— 9.000.00
5.	7% orlof af kr. 18.250.00	— 1.277.50
6.	Vangoldið kaup	— 3.079.36
		Samtals kr. 47.780.94

III.

Verða nú einstakir kröfuliðir stefnanda teknir til athugunar.

Um 1. Krafa um vangoldin laun vegna veikinda 17. maí — 14. júní 1969.

Stefnandi kveðst hinn 17. maí 1969, er hann var við vinnu sína við Búrfellsvirkjun, hafa fengið aðkenningu að slagi.

Telur stefnandi, að vinnuskilyrði hafi verið slæm, þegar hann veiktist. Hann segir, að verkfall hafi verið í síðari hluta aprílmánaðar 1969 og hafi það tekið til rafvirkja við Búrfellsvirkjun. Fyrir verkfallið hafi stöðvarhúsið, þar sem stefnandi vann, yfirleitt verið hitað upp. Eftir verkfallið, sem stefnanda minnir, að hafi lokið 29. apríl, hafi ekki verið um kyndingu á vinnustaðnum að ræða. Hafi þetta haft í för með sér, að dragsúgur hafi verið á vinnustaðnum. Þeir rafvirkjarnir hafi m. a. unnið að tengingu stjórnskápa og vegna þrengsla við verkið hafi þeir oft ekki getað klætt sig eins og skyldi.

Í málinu liggur frammi vottorð Magnúsar Skúlasonar, cand. med. á Borgarspítalanum, dags. 28. maí 1969. Þar segir svo: „Vigfús Jón Einarsson hefur legið á lyflækningadeild Borgarspítalans

síðan 17/5 sl. Hann útskrifast í dag, 28/5 1969, en er ráðlagt að hvílast í tvær vikur til viðbótar."

Í málinu liggur frammi vottorð, dags. 27. júlí 1969, svohljóðandi:

„Það er rétt, sem greinir í skýrslu lækna á Borgarspítalanum, að Vigfús Einarsson vann að tengingu stjórnskápa við afleit vinnuskilyrði, kulda og dragsúg, þegar hann veiktist að Búrfelli hinn 17. maí 1969. Honum var ekið rakleiðis frá Búrfelli að Borgarsjúkrahúsinu.

Trúnaðarmaður: Sveinn Björnsson
Jóhannes Bjarni Jónsson Guðmundur Sigurbergsson."

Vottorðsgjafinn Guðmundur Sigurbergsson vélvirki hefur hér fyrir dómi 6. október 1971 lýst vottorð þetta rétt, en vitnið kveðst hafa verið sarfsmaður hjá stefnda sumarið 1969 og hafa unnið m. a. við Búrfellsvirkjun. Vitnið ók stefnanda frá Búrfellsvirkjun og á Borgarsjúkrahúsið í Reykjavík, daginn sem stefnandi veiktist, eins og frá greinir í vottorðinu. Vitnið segir, að stefnandi hafi unnið í stöðvarhúsinu, sem hafi verið opið í annan endann. Segir vitnið, að sums staðar hafi verið þrengsli við að komast að þeim verkefnum, sem stefnandi þurfti að leysa af hendi við tengingu stjórnskápa.

Eftir að stefnandi veiktist 17. maí, var hann frá vinnu til 14. júní. Hann heldur því fram, að stefnda sé skylt að greiða honum full laun á þessu veikindatímabili, þ. e. í 4 vikur. Skírskotar hann í því sambandi í fyrsta lagi til 12. gr., sbr. 33. gr. svokallaðs Búrfellssamnings og í öðru lagi til 1. gr., 4. gr. og 7. gr. laga nr. 16/1958 og í þriðja lagi til 13. gr. samnings milli Félags löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík, skammstafað FLRR, og Félags íslenskra rafvirkja, skammstafað FÍR, en stefnandi er félagsmaður í síðastgreindu félagi.

Búrfellssamningurinn, sem undirritaður var 24. febrúar 1967, er milli Verkamannasambands Íslands, Málmiðnaðar- og skipasmíðasambands Íslands, Sambands byggingamanna og fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Árnessýslu vegna Verkalýðsfélagsins Þórs, Selfossi, Járniðnaðarmannafélags Árnessýslu og Félags byggingariðnaðarmanna í Árnessýslu og Félags íslenskra rafvirkja annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Fosskrafts s/f hins vegar.

Nefnt ákvæði Búrfellssamningsins er svohljóðandi:

„12. gr. Um greiðslu launa í slysa- og veikindatilfellum.

Slasist verkamaður vegna vinnu eða flutnings til og frá vinnu-

stað, skal hann halda óskertu kaupi eigi skemur en 7 virka daga. Verði ágreiningur um bótaskyldu vinnuveitenda, skal fara eftir því, hvort slysatrygging ríkisins telur skylt að greiða bætur vegna slyssins.

Vinnuveitandi kostar flutning hins slasaða til heimilis eða sjúkrahúss, ef læknir telur slíkt nauðsynlegt.

Hafi verkamaður unnið samtals í 3 mánuði (450 klst.) eða lengur hjá sama atvinnurekanda, skal hann fá greidda 3 daga í veikindaforföllum. Hafi hann unnið í 4 mánuði (600 klst.) eða lengur, skal hann fá greidda 6 daga, rafvirkjar þó 8 daga. Í þessu sambandi skal vera fylgt sömu reglum um greiðslur og lög nr. 16/1958 mæla fyrir um.

Í veikinda- og slysatilfellum skal verkafólk, sem réttar nýtur skv. lögum nr. 16/1958, eiga auk ákvæða laganna rétt á allt að 14 daga kaupi.

Í þessu sambandi skal fylgt sömu reglum um greiðslur og framangreind lög kveða á um.

Greiða skal þeim iðnaðarmönnum, er lokið hafa sveinsprófi og samningur þessi tekur til, í slysa- og sjúkdómstilfellum, sem orsakast við vinnuna eða af henni, þar með talin slys á ferð að og frá vinnustað og hvers konar atvinnusjúkdómar, laun, sjúkdómskostnað og læknishjálp í allt að 4 vikur í hverju tilfelli, enda gangi dagpeningar slysatrygginga ríkisins til atvinnurekanda.

Um frekari greiðslur vegna slysa og eða veikindaforfalla fer eftir lögum nr. 16/1958.

Við vinnu, sem að dómi Öryggiseftirlits ríkisins er sérstaklega áhættusöm, skal atvinnurekanda skylt að slysatryggja rafvirkja fyrir upphæð, sem sé að minnsta kosti 100% hærri en hin lögboðna slysatrygging."

Stefnandi heldur því fram, að skilja beri orðalagið „sem orsakast við vinnuna eða af henni" í 6. mgr. ofangreindrar 12. gr. á þann veg, að þar sé átt við það, þegar menn veikist á vinnustað. Stefnandi kveðst hafa verið staddur á vinnustað, þegar veikindi hans hófust, og kveðst hafa unnið við afleit vinnuskilyrði, kulda og dragsúg. Samkvæmt orðalagi 6. mgr. 12. gr. gildi því 4 vikna greiðsluskylda í tveimur tilvikum fyrst og fremst. Ljóst sé, að greiðsluskyldan gildi ekki aðeins, þegar beinlínis megi ætla eða færðar séu sönnur á, að vinnan hafi valdið veikindunum, heldur einnig í þeim tilvikum, þegar menn veikist á vinnustaðnum. Til samanburðar megi benda á, að veikindi, sem stafi af slysum á vinnustað eða á leið að eða frá vinnustað, veiti rétt til launa í 4

vikur, hver sem orsök slyssins sé. Hefur stefnandi bent á, að nefnt ákvæði Búrfellssamningsins sé sett vegna sérstakra vinnuaðstæðna og verði að skýrast með hliðsjón af því. Að því er fjárhæðir varðar, vitnar stefnandi til 4. gr. laga nr. 16/1958.

Jafnhliða því að styðja kröfur sínar við Búrfellssamning vísar stefnandi á 4. gr. laga nr. 16/1958, sem veiti með vissum skilyrðum rétt til 14 daga kaups í veikindatilfellum, og til viðbótar vísar hann til samnings FÍR og FLRR, en samkvæmt ákvæði, sem fyrst hafi komið í samninga haustið 1965, eigi rafvirkjar, sem uppfylli skilyrði laga nr. 16/1958, rétt á 14 daga veikindagreiðslu og auk þess rétt til 14 daga veikindagreiðslu, sem sömu lög veita. Stefnandi lítur svo á, að hann hafi fyllt upp skilyrði laganna um 1800 unnar vinnustundir hjá stefnda á seinustu 12 mánuðum, þegar fyrst komi til álita að greiða honum laun samkvæmt þessum ákvæðum. Hann telur engu máli skipta, þótt hann hafi ekki verið búinn að starfa hjá stefnda í 12 mánuði, þar sem ákvæðinu um 12 mánuði sé augljóslega ætlað að fyrirbyggja, að menn njóti réttar laganna, ef þeir hafi unnið 1800 stundir hjá sama vinnuveitanda á lengri tíma en 12 mánuðum, ella hefði ákvæðið verið orðað svo: Unnið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár eða lengur, þar af í minnst 1800 stundir seinasta árið o. s. frv. Í ákvæðinu sé hins vegar ekki svo einfaldlega tekið til orða, heldur lögð á það megináhersla, að unnar 1800 klukkustundir skuli teljast eitt ár, ef þær séu unnar á minna en einu ári.

Að lokum rökstyður stefnandi þennan kröfulið sinn með því, að samkvæmt 13. gr. samnings FLRR og FÍR sé uppsagnarfrestur af beggja hálfu, meistara og rafvirkja, einn mánuður, en öll ákvæði nefnds samnings eigi að koma stefnanda að góðu samkvæmt 33. gr. Búrfellssamningsins. Með því að hann þannig eigi rétt á mánaðar uppsagnarfresti, svo sem gert sé ráð fyrir í 1. gr. laga nr. 16/1958, eigi hann rétt á 28 daga veikindakaupi samkvæmt 4. gr. sömu laga svo sem 7. gr. sömu laga heimili.

Stefndi heldur því fram, að 4. gr. laga nr. 16/1958, sbr. 1. gr. sömu laga, hafi alla tíð verið túlkuð á þann veg, að fyrsta skilyrði til þess að njóta réttar samkvæmt þeim sé, að vinnusambandið hafi varað í minnst 12 mánuði. Ákvæðið um 1800 klukkustundir sé hins vegar sett til þess að tryggja þeim starfsmönnum, sem ekki hafi tryggða fulla vinnu, rétt hjá þeim vinnuveitanda, sem þeir hafa aðallega unnið hjá, er vinna nær ofangreindu marki. Hefur stefndi sérstaklega vitnað í þessu sambandi til athugasemda þeirra, sem fram komu með lagafrumvarpi að lögum þess-

um á sínum tíma. Í athugasemdum frumvarpsins um 1. gr. segi m. a.: „Í fyrstu málsgrein er launþega, sem fær laun sín greidd í tíma- eða vikukaupi, veittur réttur til 1 mánaðar uppsagnarfrests frá störfum, ef hann hefur unnið hjá sama atvinnurekanda í 1 ár eða lengur.“ Stefndi heldur því fram, að víðar í athugasemdunum komi glöggt fram, að miðað sé við 12 mánaða tímabil. Í öðru lagi telur stefndi, að stefnandi hafi ekki unnið samtals 1800 vinnustundir, svo sem 1. gr. laga nr. 16/1958 geri ráð fyrir. Þá vísar stefndi til 10. gr. samnings FLRR og FÍR, en þar segi: „Í slysa- og sjúkdómstilfellum, sem orsakast af vinnunni, greiði viðkomandi meistari rafvirkja kaup samkvæmt 1. mgr. 1. gr. samnings þessa, allt að 4 vikum, svo og sjúkdómskostnað og læknishjálp.“ Þetta ákvæði hafi jafnan verið skilið þannig í þessum samningi, að þar væri einungis um að ræða slys við vinnuna eða atvinnusjúkdóma, svo sem eitrun margs konar. Þá hefur stefndi lagt fram í málinu svohljóðandi vottorð:

„Samkvæmt beiðni Einars Árnasonar hdl., vottast eftirfarandi: Ákvæði 7.1. í núgildandi kaup- og kjarasamningi milli Félags járniðnaðarmanna og Meistarafélags járniðnaðarmanna svohljóðandi:

„Í slysa- og sjúkdómstilfellum, sem orsakast við vinnuna, eða af henni, svo sem vegna hvers konar málmeitrunar, augnveiki, (sem orsakast af rafsuðugeislum) eða annarra atvinnusjúkdóma, þá greiði viðkomandi verkstæði kaup samkvæmt 1.1. og einnig sjúkdómskostnað og læknishjálp í allt að 4 vikum í hverju tilfelli, enda gangi dagpeningar Slysatryggingar ríkisins til atvinnurekanda. Vinnuveitendur geta krafist læknisvottorðs trúnaðarlæknis verkstæðisins í slysa- og sjúkdómstilfellum, þegar vinnuveitanda ber að greiða kostnaðinn.“

Svo og tilsvarandi ákvæði eldri samninga sömu aðilja hafa ágreiningslaust verið túlkuð á eftirfarandi hátt af oss:

Ákvæði þetta hefur jafnan verið skýrt á þann veg, að það taki aðeins til slysa og atvinnusjúkdóma, eða sjúkdóma, sem rekja má beinlínis til vinnunnar, sbr. orðalag hins tilvitnaða ákvæðis, en ekki til tilfallandi veikinda, svo sem inflúensu, kransæðastíflu, eða þ. u. l.

Reykjavík, 8. desember 1971.
Félag járniðnaðarmanna,
Guðjón Jónsson.

Meistarafélag járniðnaðarmanna,
Garðastræti 41,
Guðjón Tómasson."

Stefndi mótmælir því alfarið, að stefnandi geti byggt rétt á 13. gr. samnings FLRR og FÍR, þar sem veikindadagar séu óháðir uppsagnarfresti, nema að því er sérákvæði 1. gr. laga nr. 16/1958 taki til.

Rétturinn lítur svo á, að skýra verði 6. mgr. 12. gr. Búrfellssamningsins á þann veg, að þar sé átt við slys, sem orsakast við vinnuna, eða sjúkdóma, sem verða af vinnunni, þ. e. atvinnusjúkdóma, eða sjúkdóma, sem rekja má beinlínis til vinnunnar. Verður að telja, að 3. mgr. nefndrar 12. gr. styðji þessa skýringu á ákvæðinu, enda hefur stefnandi ekki sannað gegn mótmælum stefnda, að það hafi verið ætlan samningsaðilja, að margnefnt ákvæði skyldi veita starfsmönnum við Búrfellsvirkjun víðtækari rétt. Stefnandi hefur ekki sannað, að veikindi hans hafi orsakast við vinnuna, svo sem þetta ákvæði 6. mgr. 12. gr. Búrfellssamningsins hefur verið skýrt hér að framan. Getur hann því ekki byggt neinn rétt á þessu ákvæði samningsins.

Þá verður að fallast á það með stefnda, að stefnandi hafi ekki uppfyllt skilyrði 1. gr. laga nr. 16/1958, þar sem stefnandi hafði ekki unnið fulla 12 mánuði hjá stefnda, þegar hann veiktist, sbr. orðalag 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. og athugasemdir, sem fylgdu frumvarpi til laganna, þegar það var lagt fram á Alþingi.

Eigi verður á það fallist með stefnanda, að eins mánaðar uppsagnarfrestur, sem hann átti rétt á samkvæmt 13. gr. samnings FLRR og FÍR, veiti honum sjálfstæðan rétt til launa í veikindatilfellum samkvæmt 4. gr. laga nr. 16/1958, sbr. 1. og 7. gr. laganna, enda gefur orðalag nefndra lagagreina ekki ástæðu til að skýra þau svo rúmt eins og stefnandi gerir kröfu til. Verður því að fallast á það með stefnda, að uppsagnardagar samkvæmt 13. gr. áðurgreinds samnings séu óháðir áðurgreindum ákvæðum laga nr. 16/1958.

Með því að stefndi þykir hafa sannað, að hann hafi þegar greitt stefnanda veikindakaup á umræddu veikindatímabili samkvæmt 3. mgr. 12. gr. Búrfellssamningsins, svo sem stefnda bar, verður krafa stefnanda samkvæmt þessum kröfulið ekki tekin til greina, og ber því að sýkna stefnda að því leyti.

Um 2. Krafa um vangoldin laun vegna veikinda 23. júní — 10. júlí 1969.

Stefnandi skýrir svo frá, að hinn 23. júní 1969 hafi hann fengið

heiftuga eyrnabólgu. Hann hafi þá verið staddur á vinnustað við vinnu sína við Búrfellsvirkjun.

Í málinu liggur frammi svohljóðandi vottorð:

„Vigfús Einarsson vann við raflagnir í dieselstöðvarhúsi við Búrfell, er hann veiktist 21. júní 1969. Meðan hann var hitaveikur annaðist hjúkrunarkona um hann og gaf „fúkka-lyf" að ráði læknis Laugaráshéraðs, er hún hafði símasamband við.

Að ráði héraðslæknis fór hann síðan til meðferðar hjá eyrnasérfræðingi í Reykjavík, er hann var orðinn hitalaus.

Trúnaðarm.: Jóhannes Bjarni Jónsson

Samþykkir seinna vottorði: Eiríkur G. Gíslason, Sveinn Björnsson."

Stefnandi hefur lagt fram í málinu vottorð Sigurðar Þorgrímssonar læknis, þar sem tilgreint er, að stefnandi hafi verið óvinnufær „vegna sjúkdóms" 23. júní — 27. júní 1969. Einnig liggur frammi vottorð Guðmundar Eyjólfssonar læknis, þar sem því er lýst, að stefnandi hafi verið óvinnufær 28. júní — 10. júlí 1969 vegna eyrnabólgu.

Stefnandi styður kröfu sína um vangreitt kaup á þessu veikindatímabili sömu rökum og lýst hefur verið í kaflanum hér á undan.

Stefndi hefur, að því er veikindi þessi varðar, haft uppi sömu málsástæður og raktar voru í áðurnefndum kafla.

Með skírskotun til þess, sem rakið hefur verið í kaflanum hér að framan, ber að taka sýknukröfu stefnda, að því er þennan lið varðar, einnig til greina.

Um 3. Sjúkrakostnaður.

Stefnandi hefur ekki sundurliðað kröfu sína samkvæmt þessum lið, en hér virðist vera um að ræða lyfjakostnað og greiðslur til lækna.

Stefndi hefur ekki mótmælt fjárhæð kröfuliðs þessa, en telur, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann eigi rétt á að fá þennan kostnað greiddan nema í þeim tilfellum, sem 6. mgr. 12. gr. Búrfellssamningsins eigi við, en svo sé ekki í þessu tilfelli.

Svo sem fyrr er rakið í kaflanum um kröfulið 1, á stefnandi rétt á launum samkvæmt ofangreindum veikindum samkvæmt 3. mgr. 12. gr. Búrfellssamningsins. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnandi ekki sannað, að í slíkum tilfellum eigi hann rétt á endurgreiðslu á útlögðum kostnaði fyrir lyf eða lækniskostnað. Ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda samkvæmt þessum kröfulið.

Um 4. Fæðispeningar.

Stefnandi heldur því fram, að stefnda sé skylt að greiða honum fæðispeninga, á meðan hann var veikur. Fæðisdaga reiknar stefnandi þannig, að hann telur saman þá daga, sem hann var veikur, en dregur frá þá daga, sem hann var á sjúkrahúsi. Heldur stefnandi því fram, að samkvæmt þeim útreikningi eigi hann rétt á fæðispeningum í 30 daga. Þegar rafvirkjar við Búrfellsvirkjun voru í verkfalli og þurftu að kaupa fæði, hafi þeim verið reiknað það á kr. 300 á dag. Telur stefnandi, að stefnda beri að greiða honum kr. 9.000 (30x300) í fæðispeninga samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 16/1958, sem mælir svo fyrir, að starfsmenn skuli eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau séu greidd, en hann hafi haft frítt fæði samkvæmt 15. gr. Búrfellssamningsins.

Stefndi mótmælir kröfulið þessum með öllu. Heldur stefndi því fram, að stefnandi eigi ekki einu sinni rétt til að fá greidda fæðispeninga fyrir þá 16 daga, sem hann hafi átt rétt á veikindapeningum fyrir í áðurgreindum tveim veikindatilfellum.

Í 3. málslið 3. mgr. 12. gr. Búrfellssamningsins segir, að um greiðslur í veikindaforföllum, sem nefnd málsgrein tekur til, skuli fylgt sömu reglum og lög nr. 16/1958 mæla fyrir um. Skýra verður þetta ákvæði á þann veg, að stefnandi skuli „eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd", eins og orðað er í 4. gr. laganna. Óumdeilt er, að hluti af starfskjörum stefnanda var fólginn í fríu fæði. Samkvæmt því þykir stefnandi eiga rétt á greiðslu fæðispeninga fyrir 8 daga í hvoru veikindatilfelli, eða samtals 16 daga. Fjárhæð fæðispeninganna hefur ekki verið mótmælt sérstaklega. Verður hún því lögð til grundvallar. Verður krafa stefnanda, að því er fæðispeninga varðar, tekin til greina með kr. 4.800 (16 x 300), en með vísan til þeirra raka, sem greinir í kaflanum um kröfulið 1, þykir stefnandi ekki eiga rétt á frekari fæðisdagagreiðslum.

Um 5. Orlof, 7% af kr. 18.250.

Að því er varðar þennan kröfulið, vísar stefnandi til 5. gr. Búrfellssamningsins, sem fjallar um flutninga verkafólks, en aðiljar málsins eru á einu máli um það, að 5. gr. taki einnig til rafvirkja. Greinin er svohljóðandi:

„Starfsfólk það, sem vinnur að virkjunarframkvæmdum hjá Búrfelli, sér sér sjálft fyrir flutningi að og frá vinnustað og ferðast í eigin tíma. Á þetta bæði við um helgarflutninga og við upphaf og enda ráðningartímabils.

Til þess að mæta þessum ferðakostnaði úr óbyggðum, skal vinnuveitandi greiða hverjum starfsmanni kr. 630 á vinnuviku, eða hlutfallslega, sé um hluta úr viku að ræða."

Stefnandi kveðst hafa fengið greiddan kostnað samkvæmt ákvæði ofangreindrar greinar, samtals kr. 18.250. Gerir hann kröfu til þess, að stefndi greiði honum 7% orlofsfé af nefndri fjárhæð, eða kr. 1.277.50. Vísar stefnandi til 7. gr. orlofslaga, en þar segir: „Nú er kaup greitt með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum að öllu leyti eða einhverju, og greiðist þá orlofsfé af verðmæti þess, sem miðast við mat skattanefndar á hlunnindum þessum til tekna við síðustu ákvörðun tekjuskatts."

Stefndi krefst sýknu af þessum kröfulið með þeim rökum, að hér sé í raun réttri endurgreiðsla stefnda á útlögðum ferðakostnaði, sem orlof eigi ekki að greiða af samkvæmt 6. gr. orlofslaga, en í 1. mgr. nefndrar greinar segir: „Eigi skal reikna orlofsfé af greiðslum, sem ætlaðar eru til borgunar á sérstökum kostnaði vegna starfsins, t. d. ferðakostnaði og ekki teljast skattskyldar."

Stefnandi heldur því fram, að 6. gr. orlofslaganna eigi hér ekki við, enda hafi honum verið gert að greiða skatta af fjárhæð þessari.

Í G lið 16. gr. reglugerðar um tekjuskatt segir: „Ef vinnuveitandi endurgreiðir starfsmanni ferðakostnað á þann hátt að greiða honum ákveðna fjárhæð fyrir hvern dag, teljast slíkir dagpeningar til skattskyldra tekna starfsmannsins, en til frádráttar skal leyfður beinn kostnaður vegna ferðarinnar, . . . " Eigi er í ljós leitt, að stefnandi hafi haft fram að færa reikninga yfir beinan kostnað vegna ferðanna. Eins og málið liggur fyrir, verður því lagt til grundvallar, að öll fjárhæðin kr. 18.250, sem ekki hefur verið mótmælt tölulega, teljist öll til skattskyldra tekna stefnanda. Samkvæmt þessu er stefnda því skylt að greiða stefnanda orlofsfé sem svarar 7% af fjárhæðinni, eins og stefnandi hefur krafist. Verður þessi kröfuliður því tekinn til greina að fullu.

Um 6. Vangoldið kaup.

Kröfu sína samkvæmt þessum liðum sundurliðar stefnandi þannig:

„Í 1. viku 1969 vantar:				
	Dv. 14	klst.	91/60	1.282.40
	Ev. 2¼	—	133/70	301.00
Í 4. viku vantar				
	Nv. 2	klst.	165/30	330.60

Í 25. viku (17. júní) vantar
Dv. 9 klst. 107/10 963.90

2.877.90
7% orlof 201.46

Kr. 3.079.36“

Stefnandi heldur því fram, að honum hafi ekki verið greidd laun fyrir 1. janúar 1969, svo sem hann hafi átt rétt á samkvæmt 14. gr. Búrfellssamnings. Þá hafi hann ekki fengið greidd vinnulaun fram að hádegi 2. janúar sama ár. Er krafa hans fyrir þessa vinnu tilgreind í fyrstu tveim fjárhæðunum hér að ofan. Þá heldur stefnandi því fram, að stefndi skuldi honum 2 tíma í eftirvinnu, sem hann hafi unnið í 4. viku sama ár, kr. 330.60. Að lokum telur stefnandi, að hann eigi inni hjá stefnda greiðslu fyrir 17. júní sama ár, kr. 903.90.

Stefndi mótmælir þessum kröfulið í heild sem röngum. Hann bendir á, að stefnandi hafi fengið fulla greiðslu fyrir nýársdag 1969, sbr. dskj. nr. 11. Þá hafi stefnandi ekki byrjað vinnu eftir nefnd áramót fyrr en eftir hádegi 2. janúar. Vitnar stefndi í því sambandi til vottorðs Jóhannesar Bjarna Jónssonar, sem síðar verður rakið. Stefndi bendir á, að sú venja hafi verið hjá fyrirtækinu á vinnstöðum, að starfsmenn hafi skilað verkstjóra sínum útfylltum vinnuseðli með sundurliðun á, að hverju hafi verið unnið. Verkstjóri hafi útfyllt dagskýrslur um vinnutíma starfsmanna. Hafi verkstjóri ekki viðurkennt vinnutíma starfsmanns á vinnuseðli, komi þeir ekki fram á dagskýrslu. Ef ágreiningur reis, hafi slík ágreiningsefni verið leyst á vinnustaðnum og með atbeina trúnaðarmanns, ef þurfa þótti. Mótmælir stefndi því fjárhæðinni kr. 330.60 sem ósannaðri og auk þess hafi stefnandi ekki borið fram kvörtun um þessa vinnutíma fyrr en í júní 1970. Sú kvörtun verði að teljast allt of seint fram komin. Að lokum bendir stefndi á, að hann hafi þegar greitt stefnanda kaup fyrir 17. júní 1969, en án skyldu, sbr. dskj. nr. 15 og nr. 12.

Í málinu liggur frammi vottorð Ólafs Júníussonar og Eiríks Garðars Gíslasonar, dagsett 8. desember 1971, svohljóðandi:

„Við undirritaðir, sem unnum hjá Bræðrunum Ormsson h.f. veturinn 1968-1969 við Búrfellsvirkjun vottum eftirfarandi:

Samkomulag var um það, að ekki skyldi unnið í dagvinnu milli jóla og nýárs 1968, en helgidagar skyldu engu að síður greiddir.

Vinna hófst samkvæmt samkomulagi þessu eftir hádegi hinn 2. jan. 1969.

Áætlunarbílar, sem fluttu verkamenn austur, fóru frá Reykjavík um kl. 9.00 þann 2. jan. 1969, en við fórum í bíl Eiríks G. Gíslasonar um svipað leyti og hófum vinnu á umsömdum tíma."

Þá liggur einnig frammi vottorð Jóhannesar Bjarna Jónssonar, dagsett 11. nóvember 1971, svohljóðandi:

„Ég undirritaður, Jóhannes Bjarni Jónsson rafv., Bergstaðastræti 66, sem var trúnaðarmaður FÍR hjá Bræðrunum Ormsson h/f, við Búrfell á árinu 1969, votta eftirfarandi:

Samkomulag var um það við alla vinnuhópa á staðnum að fella niður vinnu milli jóla og nýárs 1968 án launa, en hins vegar voru greidd laun fyrir helgidagana samkvæmt samningum og venjum.

Vinna hófst aftur eftir hádegi 2. jan.

Laugardagurinn fyrir jól var unninn sem virkur dagur gegn fríi á Þorláksmessu.

Ágreiningsefni á vinnustaðnum voru yfirleitt leyst þar án erfiðleika."

Telja verður, að stefndi hafi sannað, að hann hafi þegar greitt stefnanda kaup fyrir 1. janúar og 17. júní 1969. Stefnandi hefur ekki sannað, að til þess hafi verið ætlast, að hann skyldi vinna fyrir hádegi 2. janúar 1969, eða hann hafi boðið fram vinnu sína á þeim tíma. Verður stefnanda því ekki dæmd greiðsla fyrir þann hluta 2. janúar 1969. Fallast verður á það með stefnda, að kvörtun stefnanda um 2 næturvinnutíma í 4. viku 1969 hafi komið allt of seint fram. Þykir því, eins og á stendur, að taka beri sýknukröfu stefnda, að því er vinnulaun fyrir þessa tvo tíma varðar, þegar af þeirri ástæðu til greina. Svo sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

IV.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið í kafla III hér að framan, verður stefnda dæmt að greiða stefnanda kr. 6.077.50 (4.800.00 + 1.277.50) og ber stefnda að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, sem rétt þykir að reikna 8% ársvexti frá 1. ágúst 1969 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 4.500.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bræðurnir Ormsson h/f, greiði stefnanda, Vigfúsi Einarssyni, kr. 6.077.50 með 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1969 til greiðsludags og kr. 4.500 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. febrúar 1975.

Nr. 87/1973. **Síldarvinnslan h/f**
(Ólafur Ragnarsson hrl.)
gegn
Sv. B. Rude og gagnsök
(Hörður Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. maí 1973. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. ágúst 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram ýmis ný gögn.

Af hálfu aðaláfrýjanda var ekki sótt þing í máli þessu í héraði. Hann hefur ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973, og koma því málsástæður hans eigi til greina fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt því og þar sem fjárhæðir kröfu gagnáfrýjanda hafa ekki sætt andmælum, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 75.000.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Síldarvinnslan h/f, greiði gagnáfrýjanda, Sv. B. Rude, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 75.000, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. mars 1973.

Mál þetta, sem upphaflega var tekið til dóms í reglulegu bæjarþingi 19. október 1972, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 25. september 1972, af Sv. B. Rude trésmíðameistara, Nymarksvej 57, Nyborg í Danmörku, gegn Síldarvinnslunni h/f, Neskaupstað, til greiðslu á eftirstöðvum skulda vegna úttektar á efni til starfsmannahúss stefnda á Neskaupstað og á vinnu við uppsetningu þess húss, danskar kr. 10.895.58 + danskar kr. 4.212.50 + danskar kr. 21.163.60, alls þannig danskar kr. 36.271.68 með 9% ársvöxtum frá 31. janúar 1969 til greiðsludags, og málskostnaði að skaðlausu eftir mati bæjarþingsins.

Stefndi sótti ekki þing við þingfestingu málsins, og var það dómtekið að kröfu stefnanda. Dómarinn kvað upp frávísunardóm 1. nóvember 1972, þar sem málið ætti undir sjó- og verslunardóm. Stefnandi kærði dóminn til Hæstaréttar 15. nóvember, og með dómi Hæstaréttar 13. desember 1972 var hinn kærði dómur felldur úr gildi, og var málinu vísað heim til dómsálagningar að nýju. Dómarinn kvaddi til sérfróða meðdómsmenn, og var málið enduruppteki̇ð 12. febrúar sl. með vísan til 120. gr. laga nr. 85/1936 og frestað til vitnaleiðslu. Vitnaleiðslan fór fram 2. mars sl., og var málið dómtekið á ný að henni lokinni.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera eftirstöðvar skuldar vegna úttektar á efni til starfsmannahúss stefnda á Neskaupstað og á vinnu við uppsetningu þess húss. Umrædd viðskipti hafi átt sér stað framhaldandi á tímabilinu frá 15. júní 1966 til 31. janúar 1969. Hafi þau hafist með því, að Rögnvaldur Johnsen arkitekt hafi gert 15. júní 1966 kaupsamning f. h. stefnda um kaup hans á tilbúnu byggingarefni af stefnanda til umrædds starfsmannahúss stefnda. Viðskiptunum hafi lokið með uppgjöri

stefnanda, dags. 31. janúar 1969. Hafi það verið í þrem liðum, í fyrsta lagi eftirstöðvar skuldar frá 25. júní 1968, danskar kr. 10.895.58, upphaflega danskar kr. 20.621.36, en að frádregnum greiðslum stefnda upp í þá skuld, danskar kr. 646.50 þann 12. ágúst 1968 og danskar kr. 10.000 þann 28. nóvember 1968, en með áföllnum 9% ársvöxtum. Hafi þeir vextir verið áskildir og reiknaðir og ekki að því fundið af stefnda. Í öðru lagi efnisúttekt, afskipun frá Nyborg í október 1968, danskar kr. 4.212.50. Í þriðja lagi vinnulaun sveina stefnanda, flutningur á verkfærum þeirra, ferðakostnaður þeirra frá Danmörku og heim aftur, danskar kr. 21.163.60. 20. ágúst 1969 hafi borist bréf frá stefnda, kvartanir vegna galla og tilmæli um, að eftirstöðvarnar yrðu felldar niður. Bréfi þessu hafi stefnandi svarað 24. ágúst 1971. Hafi stefnandi talið kvartanirnar mörgum árum of seint fram komnar, mótmælin auk þess ekki á rökum reist og ítrekað kröfur sínar um greiðslu eftirstöðvanna. Kröfubréfi lögmanns stefnanda 7. apríl sl. hafi stefndi ekki sinnt.

Stefnandi hefur lagt fram á dskj. nr. 2-19 greinargerð og ýmis skjöl varðandi þessa kröfu.

Vitnið Rögnvaldur Johnsen hefur komið fyrir dóminn. Vitnið skýrði frá því, að það hefði farið til Danmerkur árið 1966 til þess að sjá um kaup á verbúðarhúsi fyrir stefnda og hafi ætlunin verið að fá hús mjög fljótt, þar sem mikið hafi legið á að fá hús fyrir vertíðarfólk. Vitnið hafi talið, að gerð hússins hentaði fyrir stefnda, og hafi vitnið skrifað undir kaupsamninginn á dskj. nr. 5 með fullu umboði stefnda. Vitnið hafi ekki verið beðið af stefnda hálfu að fylgjast með byggingu hússins og hafi það ekki séð það. Vitnið hefur borið, að við gerð kaupsamningsins hafi verið mjög um það rætt, að húsið þyrfti að standast íslenska veðráttu og þyrfti þannig að vera vel þétt fyrir veðri og vindum, en ekki hafi verið tekið fram í kaupsamningnum, hvers efnis þéttingin ætti að vera. Efni hússins hafi í stórum dráttum verið þetta: Uppistaða timbur, utanhússklæðning og þakklæðning asbest, og hafi stærð hússins verið 10 m á breidd og 50 metrar á lengd.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Stefnukröfur eru vandlega sundurliðaðar og skýrt tilgreindar í skjölum málsins. Dómurinn hefur farið yfir bréf stefnda frá 20. ágúst 1969, sem getið er um í stefnu og lagt hefur verið fram á dskj. nr. 18. Eins og málið liggur hér fyrir dóminum, er ekki

ástæða til að ætla, að gallar þeir, sem á dskj. nr. 18 eru sagðir vera á húsinu, séu á ábyrgð stefnanda, og ekki er heldur ástæða til að ætla, að starfsmaður stefnanda hafi pantað meira af þakplötum en nauðsyn bar til. Rétt þykir því að taka kröfur stefnanda til greina, og verður honum dæmd stefnufjárhæðin að fullu að öðru leyti en því, að vextir eru hæfilega ákveðnir 7% ársvextir.

Málskostnaður ákveðst kr. 50.000.

Dóm þennan kváðu upp Garðar Gíslason fulltrúi, Indriði Níelsson byggingameistari og Jóhann J. Ólafsson forstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Síldarvinnslan h/f, greiði stefnanda, Sv. B. Rude, danskar kr. 36.271.68 með 7% ársvöxtum frá 31. janúar 1969 til greiðsludags og kr. 50.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. febrúar 1975.

Nr. 6/1974. **Þórarinn Jónasson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Pétri Axel Jónssyni
og gagnsök
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 10. janúar 1974. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara sýknu að svo stöddu. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 16. janúar 1974. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.

Varnir þær, sem haldið er uppi af hálfu aðaláfrýjanda, komast ekki að í víxilmáli þessu. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 35.000.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Þórarinn Jónasson, greiði gagnáfrýjanda, Pétri Axel Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 35.000, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. desember 1973

Mál þetta, sem dómtekið var þann 6. desember sl., hefur Pétur Axel Jónsson lögfræðingur, Háaleitisbraut 17, Reykjavík, höfðað með stefnu, birtri 9. mars 1973, á hendur Þórarni Jónassyni, Skaftahlíð 8, Reykjavík.

Kröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 180.000 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 10. júlí 1972 til greiðsludags, kr. 180 í afsagnarkostnað auk málskostnaðar að mati dómsins.

Sótt hefur verið þing af hálfu stefnda og þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður og honum dæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara krefst hann þess að verða sýknaður að svo stöddu og dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Sátt hefur verið reynd, en án árangurs.

Undirstaða málssóknar stefnanda er víxill, útgefinn 10. apríl 1972 af stefnanda og ábakinn eyðuframsali af honum, en samþykktur af stefnda, Þórarni Jónassyni, til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, þann 10. júlí 1972. Upphæð víxilsins nemur kr. 180.000. Víxillinn var afsagður sökum greiðslufalls þann 12. júlí 1972. Hann ber með sér tvo stimpla Landsbankans, annar er um greiðslu þann 21. september 1972 og hinn, að víxillinn hafi verið innleystur af útgefanda.

Stefndi byggir kröfur sínar í málinu á því, að stefnandi hafi tekið að sér að annast fyrir hann skipti á dánarbúi móður hans og í því sambandi tekið við umtalsverðum fjárhæðum, sem voru eign stefnda. Stefndi hafi um þetta leyti fest kaup á íbúð að Skaftahlíð 8 með tilheyrandi skuldbindingum um greiðslur og útborgun. Hann hafi m. a. átt að greiða kr. 180.000 í apríl 1972. Stefnandi hafi þá ekki getað staðið honum skil á þessu fé, en hafi haft samband við bankastjóra í Landsbankanum og falast eftir víxilláni, sem svaraði þessari fjárhæð. Hann hafi sagt bankastjóranum, að víxillinn væri til þess að brúa bil fyrir stefnda, sem ætti mikið fé í vændum vegna búskiptanna. Stefndi fór síðan í bankann og fékk víxilinn hjá bankastjóra og tók við peningunum úr bankanum. Hann heldur því fram, að stefnandi hafi átt að standa bankanum skil vegna víxilsins og hafi hann þegar tekið sér greiðslu fyrir víxilinn af því fé, sem hann hafði í vörslu sinni fyrir hann. Stefndi hefur með bréfi, dags. 4. október 1972, farið fram á beiðni um opinbera rannsókn vegna víxilmáls þessa, og stendur sú rannsókn enn yfir. Stefndi hefur krafist þess í greinargerð, að málið yrði ekki dómtekið, fyrr en að lokinni þessari rannsókn.

Í þinghaldi þann 6. desember óskaði stefndi eftir fresti til frekari gagnaöflunar og skoraði á stefnanda málsins að koma fyrir dóm og ítrekaði kröfugerð í greinargerð um, að „svunta" víxilsins væri lögð fram. Lögmaður stefnanda kvaðst þá neita öllum frekari fresti og frekari gagnaöflun með tilvísun til þess, að hér sé um víxilmál að ræða. Lögmaður stefnda taldi þá ekki ástæðu til þess að krefjast úrskurðar um frest, þar sem hann væri þess fullviss, hvernig slíkur úrskurður félli. Lögmenn lýstu síðan gagnaöflun lokið, og fór fram munnlegur flutningur málsins.

Hér er um víxilmál að ræða, og án samþykkis stefnanda verða ekki aðrar varnir hafðar uppi um efni máls en um getur í 208. gr. laga nr. 85/1936, a), b) og c) liðum. Víxill sá, sem fram er lagður, er í löglegu formi, og samkvæmt stimplum bankans á víxlinum, en stimpla þessa verður að taka í einu lagi, þá hefur stefnandi leyst til sín víxilinn og er þannig löglegur handhafi hans. Sú vörn stefnda, að víxillinn sé greiddur, kemst ekki að í víxilmáli, sbr. ofangreind ákvæði. Þar sem varnir stefnda komast ekki að í málinu, frestar kæra hans til sakadóms ekki meðferð málsins. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að frekari gögn upplýsi málið sem víxilmál.

Af öllu ofanrituðu leiðir, að taka ber kröfu stefnanda til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir stefndi eiga að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega metinn kr. 35.000.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Þórarinn Jónasson, greiði stefnanda, Pétri Axel Jónssyni, kr. 180.000 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 10. júlí 1972 til greiðsludags, kr. 180 í afsagnarkostnað og kr. 35.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. febrúar 1975.

Nr. 37/1973. **Stjórn ríkisspítalanna**
Heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs
(Gylfi Thorlacius hdl.)
gegn
K og M sjálfum og vegna ólögráða
sonar þeirra, S
(Hjörtur Torfason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 23. febrúar 1973. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefndu. Hann krefst hvorki málskostnaðar í héraði né fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál. Stefndu, sem höfðu gjafsókn í hér-

aði, fengu gjafvörn hér fyrir dómi með bréfi dómsmálaráðuneytisins 13. mars 1973.

I.

Með úrskurði 30. apríl 1974 ákvað Hæstiréttur að leggja mál þetta fyrir Læknaráð. Var þess óskað, að Læknaráð léti í té álit á grundvelli læknisfræðilegra gagna málsins um það, hvort vanheilindi drengsins, S, svo sem þeim væri lýst í sakargögnum, yrðu rakin til þess, að móðir hans sýktist af rauðum hundum á meðgöngutíma barnsins. Í tillögu réttarmáladeildar Læknaráðs 10. október 1974, sem staðfest var sem ályktun ráðsins 13. nóvember 1974, segir svo: „Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, virðist ljóst, að drengurinn hafi smitast af rauðum hundum á fósturskeiði. Yfirgnæfandi líkur eru til þess, að vanheilindi drengsins séu afleiðing þeirrar smitunar."

Með vísan til þessarar ályktunar Læknaráðs og læknisfræðilegra gagna máls að öðru leyti verður að leggja til grundvallar dómi í málinu, að vanheilindi drengsins S verði rakin til þess, að móðir hans veiktist af rauðum hundum, er hún gekk með barnið.

II.

Gögn máls leiða í ljós, að stefnda K sótti hinn 29. janúar 1964 um leyfi til þess að fóstri hennar yrði eytt samkvæmt heimild í lögum nr. 16/1938. Unnusti hennar og núverandi eiginmaður, stefndi M, ritaði samþykki sitt á umsóknina sama dag. Heimilislæknir K, Kjartan Magnússon, sem er viðurkenndur sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, rannsakaði hana sama dag. Í vottorði hans, sem dagsett er 30. janúar 1964 og skráð er á umsóknareyðublaðið, segir, að K hafi veikst „þ. 21/1 '64 með typiskum rubeola einkennum. Útbrot frá 21/1-24/1". Þá er fram tekið, að ástæða til umsóknarinnar sé „Rubeola in graviditate". Stefndu hafa haldið því fram hér fyrir dómi, að umsóknin muni hafa borist skrifstofu landlæknis 30. janúar 1964. Þykir verða að leggja þær

staðhæfingar til grundvallar, enda var þess ekki gætt á skrifstofu landlæknis að skrá viðtökudag umsóknar, eins og þó er gert ráð fyrir á hinu prentaða eyðublaði, sem umsóknin er rituð á.

Á umsóknina er skráð þessi athugasemd: „Læknisvottorð ófullnægjandi 7/2 '64". Þá er þar skráð, að Kjartan Magnússon læknir hafi upplýst, í viðtali, að hann hafi sjálfur séð umsækjandann, „er hann var sjúkur af rubeola". Athugasemd þessi er ódagsett, en undirrituð af Snorra P. Snorrasyni lækni, sem var ritari nefndar þeirrar, er að framan getur. Enn hafa nefndarmenn ritað á umsóknina nöfn sín því til staðfestu, að þeir séu því samþykkir fyrir sitt leyti, að fóstureyðing verði leyfð. Áritun þessi er ódagsett, og engin gögn hafa komið fram um það, hvenær hún var gerð eða hvenær nefndin skýrði landlækni frá niðurstöðu sinni. Öll gögn skortir um starfshætti nefndar þessarar við úrlausn um umsóknir um fóstureyðingu, og enginn nefndarmanna hefur komið fyrir dóm í málinu.

Að svo vöxnu gaf landlæknir út leyfi samkvæmt 3. gr. laga nr. 16/1938 til að eyða fóstri K. Í leyfinu er það skilyrði sett, að aðgerðin verði „framkvæmd á fæðingardeild Landspítalans af læknum deildarinnar". Í lok leyfis segir svo: „Tilefni aðgerðarinnar: Rubeola in graviditate". Leyfið sendi landlæknir til Kjartans Magnússonar læknis með bréfi, dagsettu sama dag, „til fyrirgreiðslu", eins og segir í því. Eigi verður ráðið af gögnum máls, hvort bréf hafi verið sent frá landlækni til fæðingardeildar Landspítalans um leyfi þetta, en frá því var skýrt í málflutningi, að slíkt væri tíðkanlegt.

Í bréfi lögmanns stefndu til stjórnarnefndar ríkisspítalanna frá 29. október 1970 segir, að lögð hafi verið fram beiðni um rúm fyrir K á fæðingardeildinni „samstundis" og leyfi landlæknis barst. Hér fyrir dómi var því lýst yfir af hendi K, að hún hefði sótt um legurúm á fæðingardeildinni samtímis og hún afhenti landlækni umsókn sína um fóstureyðingu. Eigi er fram komið í málinu, að nokkuð sé um það bókað á skrifstofu ríkisspítalanna, hvenær umsókn þessi hafi borist þangað.

III.

Svo sem lýst er í héraðsdómi, var K lögð inn á fæðingardeild Landspítalans 21. febrúar 1964. Lá hún þar til 26. s. m. Yfirlæknir deildarinnar neitaði að framkvæma fóstureyðingu á K. Segir hann aðalástæðuna hafa verið þá, „hve hún var langt gengin með“ og hve hættuleg aðgerð væri, þegar svo stæði á. Kveðst hann eigi hafa viljað taka á sig „ábyrgð þessarar aðgerðar . . . “.

Í héraðsdómi er lýst þeirri sýknuástæðu áfrýjanda, að stefnda K hafi horfið frá ákvörðun sinni um fóstureyðingu, þegar hún hafði verið nokkurn tíma á fæðingardeild, en í sjúkraskrá fæðingardeildar Landspítalans er skráð 26. febrúar 1964 af deildarlækni: „Hik er á sjúklingi varðandi aðgerð og er í samráði við hana hætt við hana“. Gegn staðhæfingum K og með hliðsjón af afstöðu hennar til fóstureyðingar næstu daga er eigi unnt að leggja til grundvallar, að hik á henni hafi leitt til þess, að hætt var við aðgerð, enda benda skýrslur yfirlæknis um ástæðuna fyrir því, að hann neitaði að framkvæma aðgerðina, til hins sama. Sýknukrafa áfrýjanda, sem reist er á þessari málsástæðu, er því eigi tæk.

Svo sem greinir í héraðsdómi, reyndi K og heimilislæknir hennar að fá nokkra nafngreinda lækna til að framkvæma fóstureyðingu á grundvelli vilyrðis, sem þau telja sig hafa haft frá landlækni fyrir því, að hann mundi samþykkja, að aðgerð væri framkvæmd á öðru viðurkenndu sjúkrahúsi en fæðingardeild Landspítalans og af öðrum færum læknum en læknum þeirrar deildar.

Þessar tilraunir báru þó ekki árangur.

K ól fullburða barn 26. ágúst 1964. Barnið hlaut nafnið S. Er vanheilindum hans lýst í héraðsdómi.

IV.

Það er meginregla íslensks réttar, að fóstur má eigi deyða. Er ólögmæt fóstureyðing refsiverð, að því er varðar háttsemi móður og þess manns, sem að henni veitir, samkvæmt 216. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. og 11. gr. laga nr. 38/1935 og 9. gr. laga nr. 16/1938.

Með ákvæðum laga nr. 38/1935 og laga nr. 16/1938 eru veittar heimildir til að eyða fóstri, þegar tilteknar, ríkar ástæður eru fyrir hendi. Eru þær heimildir einskorðaðar við, að læknir framkvæmi fóstureyðingu og fullnægt sé ýmsum nánari skilyrðum, sem lögin setja. Þau ákvæði laga þessara, sem einkum hafa þýðingu við úrlausn þessa máls, eru 5. gr., 2. mgr., 3. tl. a, sbr. 2. tl. a, laga nr. 16/1938. Má samkvæmt þeim ákvæðum framkvæma fóstureyðingu, ef gild rök liggja til þess, að viðkomandi beri í sér að kynfylgju það, sem mikil líkindi séu til, að komi fram á afkvæmi hans sem alvarlegur vanskapnaður, hættulegur sjúkdómur, andlegur eða líkamlegur, fávitaháttur eða hneigð til glæpa, eða að afkvæmi hans sé talið „í tilsvarandi hættu af öðrum ástæðum, enda verði þá ekki úr bætt á annan hátt". Samkvæmt 6. gr. laganna þarf leyfi landlæknis til fóstureyðingar, og skal hann hafa um það samráð við 3 manna nefnd, sem skipuð er samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laganna. Landlæknir ákveður og, hvar aðgerð skuli framkvæmd og af hvaða lækni, ef ekki er unnt að framkvæma hana á opinberu sjúkrahúsi. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. er læknum því aðeins heimilt að framkvæma aðgerð, er landlæknir hefur leyft samkvæmt framansögðu, að ekki sé „fyrirsjáanlegt, að heilsu viðkomanda sé búið tjón af framkvæmd aðgerðarinnar".

Með bréfi landlæknis 17. nóvember 1972 er leitt í ljós, að á árinu 1963 voru veitt 23 leyfi til fóstureyðingar vegna „rubeola in graviditate" og árið 1964 61 leyfi. Gögn eru eigi í málinu frá fyrri tímum um þetta efni, og eigi er í ljós leitt, hvort og í hverjum mæli umsóknum um fóstureyðingu, þegar svo stendur á, hafi verið hafnað. Það er viðurkennt í málinu, að þegar á árinu 1964 hafi sú skoðun verið búin að ná fótfestu, að ef þunguð kona veikist af rauðum hundum snemma á meðgöngutíma, sé veruleg hætta á, að barn, ef lifandi fæðist, verði vanheilt. Þá er og leitt í ljós, að landlæknir og ráðgjafarnefndin hafi á þeim tíma verið búin að marka þá afstöðu að leyfa fóstureyðingu í slíkum tilvikum. Verður að fallast á, að sú framkvæmd hafi næga lagastoð í áðurgreindum ákvæðum 2. og 3. tl. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 16/1938.

V.

Stefndu reisa dómkröfur sínar í málinu einkum á því, að saknæm háttsemi hjá opinberum starfsmönnum, sem fjölluðu um umsókn K um fóstureyðingu og framkvæmd á leyfi landlæknis til aðgerðarinnar, hafi valdið því, að K fékk ekki fóstri sínu eytt og ól barn, sem eigi var heilbrigt. Beri áfrýjanda að bæta stefndu fjártjón og miska, sem þau hafi beðið af þessum sökum.

Stefndu styðja kröfur sínar m. a. við það, að seinagangur hafi verið á afgreiðslu á umsókn K um fóstureyðingu. Hefur áður verið rakið það, sem fram er komið um umsókn K til landlæknis og aðdraganda að útgáfu fóstureyðingarleyfis 13. febrúar 1964.

Nauðsynlegt er, að stjórnvöld, sem fjalla eiga um umsókn um fóstureyðingu, leysi greiðlega úr slíku erindi. Hitt er þó ekki minna um vert, að vandað sé til úrlausnar um svo örlagaríkt málefni svo sem kostur er. Lög nr. 16/1938 setja ekki landlækni eða nefnd samkvæmt 5. gr. laganna ákveðinn frest til afgreiðslu umsóknar, og reglugerð, er mæli fyrir um það efni, hefur ekki verið sett. Eins og mál þetta liggur fyrir, verður að miða við það mat þeirra stjórnvalda, sem fjölluðu um umsókn K, að læknisgögn með umsókninni hafi ekki verið fullnægjandi. Var stjórnvöldum þessum því réttmætt að leita fyllri skýringa. Tók væntanlega nokkurn tíma að afla þeirra. Hafa stefndu ekki sýnt fram á, að við afgreiðslu umsóknar hafi orðið nein slík vanræksla í stjórnsýslu, sem baki áfrýjanda fébótaábyrgð.

Þá benda stefndu á það, að eigi hafi verið brugðið nógu skjótt við um að láta K fá legurúm á fæðingardeild Landspítalans, þegar hún hafði fengið leyfi til fóstureyðingarinnar 13. febrúar 1964. Hafi hún beðið eftir legurúmi til 21. s. m. Áður hafa verið raktar staðhæfingar K um það, hvenær hún sótti um legurúm, en að öðru leyti skortir öll gögn um það, hvað olli framangreindri bið. Hafa engin rök verið leidd að því, að hún hafi stafað af vanrækslu þeirra, sem um það mál fjölluðu, en auk þess er ekki leitt í ljós, að skjótari afgreiðsla hefði nokkru breytt um þá afstöðu, sem yfirlæknir fæðingar-

deildar Landspítalans tók til framkvæmdar fóstureyðingar.

Enn styðja stefndu kröfur um viðurkenningu á fébótaábyrgð áfrýjanda við það, að óréttmætt hafi verið af yfirlækni fæðingardeildar Landspítalans að synja K um fóstureyðingu, eftir að hún var þangað komin til þeirrar aðgerðar.

Leggja verður til grundvallar, að læknar fæðingardeildar Landspítalans hafi eigi viljað eyða fóstri K, vegna þess hve lengi hún hafði gengið með, þegar hún kom á fæðingardeildina. Hafi fóstureyðing af þeirri ástæðu þá verið orðin það varhugaverð að þeirra mati, að þeir hafi ekki viljað taka á sig ábyrgð á framkvæmd hennar, þegar gætt var tilefnis leyfisins.

Stefndu hafa ekki leitt rök að því, að læknarnir hafi með greindri synjun brotið gegn starfsskyldum sínum að lögum. Verður og að telja, þegar litið er til eðlis þeirrar aðgerðar, sem um var að ræða, og þess viðhorfs, sem ríkjandi var gagnvart fóstureyðingum, að læknunum hafi ekki verið skylt að framkvæma aðgerðina, sem þeir töldu varhugaverða. Þá verður skaðabótaskylda áfrýjanda ekki reist á því, að ríkinu sé lögskylt að sjá svo um, að fóstureyðing fáist jafnan framkvæmd, ef löglegt leyfi hefur verið fengið til hennar samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 16/1938, enda leggja hvorki þau lög né aðrar réttarheimildir slíka skyldu á hendur ríkinu.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, hafa stefndu ekki sýnt fram á nein þau atvik, sem á verði reist skaðabótaskylda áfrýjanda gagnvart þeim, og verður áfrýjandi sýknaður af kröfum þeirra í málinu án þess að kanna þurfi, hvort aðrar lagaástæður girði fyrir skaðabótaskyldu áfrýjanda.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sýknu af kröfum stefnda S í máli þessu.

Allur gjafsóknarkostnaður máls þessa í héraði og gjafvarnarkostnaður stefndu hér fyrir dómi greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 200.000.

Mál þetta var í héraði dæmt af héraðsdómara ásamt samdómendum. Annar þeirra, Guðjón Guðnason yfirlæknir, var

kvaddur til dómsetu 1. júní 1972, en hinn samdómandinn, Halldór Þorbjörnsson, núverandi yfirsakadómari, var ekki kvaddur til setu í dómi fyrr en við munnlegan flutning máls, 1. febrúar 1973. Þessi háttur á kvaðningu samdómenda er andstæður meginreglu 201. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir að Guðjón Guðnason yfirlæknir var kvaddur til samdómandastarfs, voru háð dómþing 14. september 1972 og 15. nóvember s. á. af dómsformanni einum, en í þinghöldum þessum voru teknar skýrslur af prófessor Pétri Jakobssyni yfirlækni og Sævari Halldórssyni lækni. Enn þingaði dómsformaður einn í málinu 29. nóvember 1972 og 18. desember 1972. Verður þó ekki séð, að nein þau atvik, sem um getur í 205. gr. laga nr. 85/1936, hafi réttlætt þetta.

Framangreind málsmeðferð er aðfinnsluverð, en ekki þykir þó alveg næg ástæða til að ómerkja héraðsdóminn.

Á dómþingi 18. desember 1972, sem haldið var af dómsformanni einum, ákvað hann að ósk lögmanna aðilja að skipta sakarefni, sbr. ákvæði 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, og flytja málið að svo stöddu eingöngu um „skaðabótaábyrgð stefndu". Eins og dómkröfum og sakarefni var háttað, var þessi skipting mjög óheppileg.

Stefndu hafa beint málssókn þessari að stjórnarnefnd ríkisspítalanna, heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra, öllum f. h. ríkissjóðs. Var eigi ástæða til, að þessum aðiljum öllum væri stefnt til sameiginlegs fyrirsvars vegna ríkissjóðs.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um sýknu af kröfum K og M fyrir hönd S á hendur áfrýjanda, stjórnarnefnd ríkisspítalanna, heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er staðfest.

Áfrýjandi, stjórnarnefnd ríkisspítalanna, heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefndu, K og M, í máli þessu.

Allur gjafsóknarkostnaður í héraði og gjafvarnarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar

með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, Hjartar Torfasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 200.000.

Sératkvæði

Einars Arnalds hæstaréttardómara.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi og kröfum aðilja lýst í atkvæði meiri hluta dómenda Hæstaréttar.

Sannað er í málinu, að stefnda K sýktist af sjúkdómnum rauðum hundum hinn 21. janúar 1964. Samkvæmt gögnum máls verður einnig að leggja til grundvallar, að vanheilindi drengsins S eigi rætur að rekja til þessa sjúkdóms K móður hans. Eins og rakið er í héraðsdómi, er alveg ósannað, að K hafi fallist á að hætta við aðgerðina.

Pétur Jakobsson, yfirlæknir fæðingardeildar Landspítalans, segir ástæðuna fyrir því, að hann neitaði að framkvæma fóstureyðinguna hinn 22. febrúar 1964, hafa verið, að K hafi verið komin of langt á leið, en meðgöngutíma hennar taldi hann þá vera 14 vikur. Læknar fæðingardeildarinnar voru þá þrír. Voru hinir tveir sammála yfirlækninum um lengd meðgöngutímans og einnig um það, að eigi væri rétt að framkvæma aðgerðina af þeim sökum. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 16/1938 er slík aðgerð því aðeins heimil, að ekki sé fyrirsjáanlegt, að heilsu konunnar sé búið tjón af framkvæmdinni. Yfirlækninum bar að leggja sjálfstætt mat á þetta atriði. Hann hefur borið, að almennt væri hættulegt að eyða fóstri, eftir að kona er gengin með í 14 vikur. Þessu hefur ekki verið hnekkt, og verður krafa stefndu því ekki reist á þeim grundvelli, að mistök hafi átt sér stað um þetta efni af hálfu lækna fæðingardeildarinnar.

Umsóknin um aðgerðina ber eigi áritun um það, hvenær hún barst landlækni, en K hefur haldið því fram, að hún hafi sjálf farið með umsóknina til landlæknis hinn 30. janúar 1964 og sama dag lagt fram í skrifstofu ríkisspítalanna beiðni um legurúm á fæðingardeild Landspítalans. Ekki hefur þessu verið andmælt af hálfu áfrýjanda, og verður því við það að

miða í málinu, að umsóknin ásamt vottorði heimilislæknis hennar, sem er sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, hafi borist til landlæknis 30. janúar.

Af hálfu áfrýjanda hefur því verið haldið fram, að þeir annmarkar hafi verið í vottorði heimilislæknisins, að þar sé ekki greint frá því, hvort læknirinn hafi skoðað K, þegar hún lá veik af rauðum hundum. Nauðsynlegt hafi verið að ræða nánar við heimilislækninn um þetta og útgáfa leyfisins um fóstureyðinguna hafi því dregist af þessum sökum.

Í læknisvottorðinu, sem er dagsett 30. janúar, kemur fram, að læknirinn rannsakaði K daginn áður, og segir í vottorðinu, að ástæða til umsóknarinnar sé „Rubeola in graviditate". Gögn máls leiða ekki í ljós, hvenær nefndin, sem skipuð var samkvæmt 5. gr. laga nr. 16/1938, fékk málið til afgreiðslu né hvenær hún hafði samband við heimilislækninn um þetta efni, en ljóst er, að málið er komið til nefndarinnar 7. febrúar og að ritari hennar er þá búinn að eiga viðtal við heimilislækninn. Í því viðtali staðfesti heimilislæknirinn, að hann hefði „séð sjúkl., er hann var sjúkur af rubeola".

Eins og rakið var, er óljóst, hvenær nefndin fékk málið til afgreiðslu. Ekki er heldur leitt í ljós, hvenær hún hafði samband við heimilislækninn né hvenær hún skýrði landlækni frá niðurstöðu sinni. Í málflutningi hér fyrir dómi var því lýst yfir af hálfu áfrýjanda, að fyllri upplýsinga um þennan þátt málsins væri hvorki að finna í skjalasafni landlæknisembættisins né nefndarinnar. Verður áfrýjandi, ef því er að skipta, að bera hallann af því. Eftir að leyfið til fóstureyðingarinnar var veitt hinn 13. febrúar, virðist ekkert samband hafa verið haft af hálfu þessara stofnana við skrifstofu stjórnarnefndar ríkisspítalanna í því skyni að tryggja, að K fengi strax legurúm, en það fékk hún ekki fyrr en 21. febrúar.

Beiðni um aðgerðina var reist á a lið 3. tl. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 16/1938. Sá þáttur laganna, sem fjallar um fóstureyðingar í tilvikum sem þessum, er ófullkominn, en löggjafinn hlýtur að hafa haft í huga, að atbeina stjórnvalda væri þörf til að tryggja, að aðgerð gæti farið fram strax eftir leyf-

isveitingu. Óskýr lög og ófullkomin verður að túlka eftir réttarþörfum á hverjum tíma. Verður því að skýra ákvæðin þannig, að slík aðstoð hafi verið starfsskylda beggja þeirra stofnana, sem í 5. gr. er falið að sjá um framkvæmd laganna. K komst í skurðstofu hinn 22. febrúar, en þá voru liðnar rúmar þrjár vikur frá því umsókn hennar barst landlækni.

Samkvæmt framansögðu er ljóst, að töfin á veitingu leyfisins til fóstureyðingarinnar og drátturinn á því, að K fengi inni á fæðingardeildinni, urðu þess valdandi, að fóstureyðingin fór eigi fram. Urðu hér á mistök í stjórnsýslu. Ber áfrýjandi ábyrgð á starfsemi þeirra stofnana, sem í hlut eiga. Afleiðingar þessara mistaka urðu afdrifaríkar. Þykir mega leiða það af meginreglum laga með hliðsjón af réttarþróuninni í þessum efnum, að bótaréttur sé fyrir hendi til þeirra, er verða fyrir tjóni af þessum sökum. Þar sem meiri hluti dómenda Hæstaréttar hefur komist að þeirri niðurstöðu, að sýkna beri í málinu, þykir mér eigi ástæða til að tjá mig um efni þessa bótaréttar stefndu, K og M.

Ég er samþykkur dómi Hæstaréttar um sýknu áfrýjanda af kröfum S. Einnig er ég sammála meiri hluta dómenda um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað og aðfinnslur um málsmeðferð í héraði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi um skaðabótaábyrgð stefndu 2. febrúar sl., hafa hjónin K og M . . . , . . . hér í borg, höfðað fyrir sína hönd og ólögráða sonar þeirra, S, sama stað, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stjórnarnefnd ríkisspítalanna, heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra, Reykjavík, öllum fyrir hönd ríkissjóðs, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð samtals kr. 6.500.000 ásamt 7% ársvöxtum frá 26. febrúar 1964 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnenda, en með tilliti til ástæðna stefnenda gerir stefndi ekki kröfu um málskostnað úr hendi stefnenda.

Eftir því sem fram er komið undir rekstri málsins, virðast málavextir vera þeir, að stefnandi K (hún er í skjölum málsins almennt nefnd K, og verður það gert í dóminum) hafi hinn 21.

janúar 1964 veikst af rauðum hundum, en hún var þá barnshafandi. Fyrsti dagur síðustu blæðinga hjá henni hafi verið 16. nóvember 1963. Hinn 29. janúar 1964 sótti K um leyfi til fóstureyðingar, og fylgdi umsókn hennar læknisvottorð, dags. 30. janúar 1964, undirritað af Kjartani Magnússyni lækni. Hinn 13. febrúar 1964 veitti landlæknir leyfi til fóstureyðingaraðgerðar á K. Leyfi landlæknis var veitt samkvæmt ákvæðum laga nr. 16 frá 13. janúar 1938. Hinn 21. febrúar 1964 var K lögð inn á fæðingardeildina, hinn 26. sama mánaðar var hún útskrifuð af deildinni, án þess að fóstureyðing hefði verið framkvæmd. Hinn 26. ágúst 1964 ól K sveinbarn, sem hlaut nafnið S. Snemma kom í ljós, að barnið S var ekki heilbrigt, og telja stefnendur K og M, foreldrar barnsins, að ástæðan fyrir vanheilindum barnsins sé, að móðirin fékk rauða hunda á meðgöngutímanum.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu, en án árangurs.

Hinn 29. mars 1972 var stefnendum veitt gjafsókn í máli þessu. Í gjafsóknarleyfinu segir, að við rekstur málsins beri að gera þá réttarkröfu, að málskostnaður verði tildæmdur gjafsóknarhafa, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Í þinghaldi 18. desember sl. óskuðu lögmenn aðilja eftir því að skipta málinu þannig, að það verði fyrst flutt eingöngu um skaðabótaábyrgð stefnda. Með vísan til 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85 frá 1936 féllst dómari á ósk lögmanna um skiptingu málsins.

1. og 2. febrúar sl. fór fram munnlegur málflutningur í þessum þætti málsins.

Lögmaður stefnenda gerði þær kröfur, að viðurkennd yrði fébótaábyrgð ríkissjóðs á því atferli, að ekki var framkvæmd fóstureyðing hjá stefnanda K í febrúar 1964. Jafnframt krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Lögmaður stefnda gerði þær kröfur, að stefndi yrði sýknaður af öllum kröfum stefnenda. Þar sem stefnendur hafa fengið gjafsókn í málinu, er ekki gerð krafa um málskostnað.

Lögmaður stefnenda sundurliðaði kröfur sínar eins og þær eru í stefnu og breytti 4. lið kröfu sinnar í stefnu með samþykki lögmanns stefnda á þá leið, að sá liður verði bætur til S vegna þess, að aflahæfi hans hafi verið skert umfram aðra menn.

Kröfur stefnenda sundurliðast þannig:

1. Bætur til stefnanda K fyrir þjáningar og annan miska í sambandi við veru hennar á fæðingardeildinni 21.-26. febrúar 1964 og í beinu fram-

haldi þar af ..... kr. 500.000

2. Bætur til stefnenda K og M fyrir fjártjón vegna fæðingar drengsins, heilsugæslu, uppeldis og framfærslu, sbr. 3. og 6. gr. laga nr. 80/1947 .. — 2.000.000
3. Bætur til stefnenda K og M vegna röskunar á stöðu og högum fjölskyldunnar og annars miska — 2.000.000
4. Bætur til S vegna þess, að aflahæfi hans hafi verið skert umfram aðra menn ..... — 2.000.000 (Þessi liður var í stefnu bætur til stefnanda S vegna kostnaðar af framfærslu hans, heilsugæslu og menntun).

Stefnendur rökstyðja kröfur sínar með því, að hér hafi verið um að ræða beiðni um fóstureyðingu á grundvelli laga nr. 16/1938, þ. e. ákvæða a liðs 3. tölul. 2. málsgr. 5. gr. laganna. Tilefni beiðnarinnar hafi verið það eitt, að burði stefnanda K hafi verið talinn í hættu stefnt af völdum sjúkdómsins rauðra hunda (rubeola eða rubella), sem hún hafi fengið á 6.-7. viku meðgöngutímans, hinn 21. janúar 1964, sbr. dskj. nr. 5. Sjúkdómur þessi sé þekktur að því að geta valdið vanskapnaði, andlegum og líkamlegum, á afkvæmum þungaðra kvenna, sem taka hann á fyrstu mánuðum meðgöngutímans, þ. e. afleiðingum af því tagi, sem lýst sé í a lið 2. tölul. 2. málsgr. 5. gr. laganna. Séu líkindin til þessa nánast í hámarki á þeim tíma, sem um hafi verið að ræða hjá stefnanda K. Hún og aðstandendur hennar hafi haft hugmynd um þessa eiginleika sjúkdómsins og megi þakka það árvekni þeirra og heimilislæknisins, að þegar í stað hafi verið gripið til þeirrar ráðstöfunar, sem ein hafi dugað til að bægja hættunni frá. Aðrar ástæður móðurinnar hafi verið eðlilegar í alla staði og henni ekki talin sérstök hætta búin af framkvæmd hinnar umbeðnu aðgerðar.

Afstaða hinnar lögskipuðu nefndar, sem hafi fjallað um beiðni stefnanda K á vegum landlæknis, hafi verið afdráttarlaus og samhljóða tekin. Sýnist leyfi landlæknis á dskj. nr. 6 segja allt, sem sanna þurfi varðandi nauðsyn aðgerðarinnar og skyldu þeirra lækna, sem hún var falin, til að framkvæma hana tafarlaust, sbr. annars ákvæði 6. og 7. gr. laga nr. 16/1938. Ekkert hafi verið aðgerðinni til fyrirstöðu af hálfu stefnanda K, heldur hafi hún beðið þess eins, að af framkvæmdinni yrði, fyrst um tvær vikur eftir leyfi nefndarinnar og síðan á aðra viku eftir legurúmi á fæðingardeild Landspítalans. Hafi þetta að sjálfsögðu verið erfiður biðtími.

Eigi að síður hafi farið svo, að aðgerðin hafi ekki verið framkvæmd. Hafi það ekki verið af annarra völdum en þeirra, sem hana hafi átt að annast, þ. e. lækna fæðingardeildarinnar, sem hafi brugðist stefnendum gersamlega, og þá fyrst og fremst yfirlæknirinn. Ástæðurnar til mistaka þeirra sýnist ekki skipta meginmáli og þurfi naumast að færa fram tilgátur um þær hér, heldur séu það verkin sjálf, sem tali. Sú staðreynd, að stefnandi K hafi verið útskrifuð af deildinni, án þess að aðgerðin færi fram, sé ein sér full sönnun þess, að mistök hafi átt sér stað.

Nánari atvik varðandi legu stefnanda K á fæðingardeildinni megi sumpart sjá af sjúkraskrá hennar á dskj. nr. 7, en skráin beri það sjálf með sér, að hún sé ófullkomin heimild. Bókanir í meginmáli skýrslunnar séu ekki dagsettar nema hinar eiginlegu dagbókarfærslur, sem taldar séu gerðar 22., 24. og 26. febrúar, en dögunum 23. og 25. sé sleppt. Getið sé höfundar að þessum síðastnefndu færslum svo og þess aðilja, er skýrslu hafi tekið af stefnanda K í upphafi, en sýnt virðist, að fleiri hafi komið þarna við sögu. Þess sé ekki getið, að stefnandi K hafi verið búin undir aðgerð og flutt á skurðstofu. Þá sé og ljóst, að ósamræmi sé í bókunum skrárinnar varðandi meðgöngutíma stefnanda K. Á bls. 2 í dálkinum „grindarhol" sé þess getið, að ástand svari til „12 vikna graviditets". Á bls. 4 sé hins vegar skráð hinn 24. febrúar, að konan sé komin „ca. 14 vikur á leið" og því „10 vikur á leið", þegar hún fékk rubeola. Á bls. 1 sé svo sjúkdómur stefnanda K greindur sem „rubeola in graviditate, mens IV". Síðastnefndu færslurnar stangist mjög á við niðurstöður heimilislæknisins á dskj. nr. 5, sem hafi talið stefnanda K vera komna 7-8 vikur á leið hinn 29. janúar. Hins vegar sé fyrstnefnda niðurstaðan mjög nærri ályktun hans, þannig að einungis skakki einni viku eða minna. Fæðingartími barnsins sýni, að greining heimilislæknisins hafi verið rétt.

Hugsanlegt sé, að læknum fæðingardeildarinnar hafi orðið á mistök við greiningu á þungun stefnanda K, enda virðist sjúkraskráin gefa þetta til kynna. Stefnanda K hafi þó fundist staðreyndin vera sú, að mál hennar ætti skilingsleysi að mæta hjá yfirlækni deildarinnar og aðgerðin vera honum sérstaklega ógeðfelld af einhverjum ástæðum. Það verði að segjast eins og er, að fyrstu móttökur stefnanda K af hálfu yfirlæknisins, sbr. dskj. nr. 3, hafi aðallega virst til þess fallnar að brjóta niður ákvörðun hennar um að gangast undir aðgerðina, þvert ofan í það, sem fyrir hann hafði verið lagt. Það andrúmsloft, sem henni hafi þótt

gæta þá í sinn garð, hafi henni fundist einnig vera ráðandi á deildinni þann tíma, sem hún hafi átt eftir að dvelja þar. Sá tími hafi aðallega orkað á hana sem tilgangslaus bið eftir heimsendingu af stofnuninni.

Það sé svo önnur og alvarleg hlið á þessu máli, að varnaðarkerfi laga nr. 16/1938 skuli hafa staðið og fallið með afstöðu yfirlæknis fæðingardeildarinnar eða stofnunarinnar yfirleitt. Sé þetta gagnstætt tilgangi laganna og á allan hátt óverjandi. Í þessu sambandi beri að hafa það hugfast, að fóstureyðing sé ekki síður stjórnarfarsleg en læknisfræðileg aðgerð, ekki síst sú tegund hennar, sem um sé fjallað í lögum nr. 16/1938. Hún feli í sér neyðarvörn gegn þeim hættum, sem um ræði í lögunum og til þess séu fallnar að valda þjóðfélagslegri og einstaklingsbundinni ógæfu, bæði fyrir það líf, sem í húfi sé, móðurina og fjölskyldu hennar og samfélagið í heild. Vegna hins afgerandi eðlis ráðstöfunarinnar hafi löggjafinn falið framkvæmd hennar sérstakri forsjá hins opinbera. Þessari neyðarvörn hafi stefnendur í málinu verið sviptir án lögmætra ástæðna. Það sé mál fæðingardeildarinnar, sem aðgerðin hafi strandað hjá, að ábyrgjast afleiðingar þessarar sviptingar, en einnig allra þeirra handhafa opinbers valds, sem annast áttu framkvæmd laganna og fylgja henni eftir.

Það sýnist ekki álitamál, að ríkissjóði beri skylda til að bæta stefnendum allt það tjón, sem þau hafi orðið fyrir vegna þeirra atvika, sem vitnað sé til hér að framan. Skipti þá ekki máli, hvort unnt sé að tengja sökina við einhvern tiltekinn persónulegan aðilja, en hitt sé jafnljóst, að ríkissjóður hljóti að teljast bera ábyrgð á atferli allra þeirra, sem hér eigi hlut að máli, lækna og stofnana og þá sérstaklega yfirlæknis fæðingardeildar Landspítalans.

Tjón stefnenda í máli þessu sé annars vegar fólgið í hinni ámælisverðu meðferð, sem stefnandi K hafi orðið fyrir á fæðingardeild Landspítalans og fóstureyðingarleyfi hennar hlaut yfirleitt. Hafi þetta valdið henni stórfelldum miska. Hins vegar komi það fram í ástandi stefnanda S, sem sé andlega og líkamlega vanþroska af völdum þess sjúkdóms, sem móðir hans hafi tekið á meðgöngutímanum (syndroma rubellae, sbr. vottorðið á dskj. nr. 8). Varðandi ástand S vísar lögmaður stefnenda til dskj. nr. 3 og 11, sbr. dskj. nr. 24.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að eftir að landlæknir hafði veitt leyfi til fóstureyðingar, sbr. dskj. nr. 8, hafi hlutverk lækna fæðingardeildarinnar verið að framkvæma fóstureyðingu svo framarlega sem heilsu móður hafi ekki verið hætta búin af

þeirri aðgerð. Það hafi ekki verið í verkahring læknanna að fjalla um það, hvort hættulegt væri eða ekki fyrir fóstur stefnanda K, að hún fékk rauða hunda á meðgöngutímanum, það hafi verið í verkahring nefndarinnar að taka afstöðu til þess, hvort beiðnin um fóstureyðingu væri á rökum reist eða ekki. Nefndin hafi veitt samþykki sitt og á grundvelli samþykkis nefndarinnar hafi landlæknir veitt leyfið.

Af hálfu stefnda eru sýknukröfur byggðar á eftirfarandi:

a) Engin lögákvörðuð skylda hafi hvílt á læknum fæðingardeildar Landspítalans um að framkvæma fóstureyðinguna.

b) Ekki hafi verið sýnt fram á, að niðurstaða mats læknanna hafi verið subjektiv röng (þ. e. vísvitandi eða af stórfelldu gáleysi).

c) Ekki hafi verið færðar óyggjandi sannanir fyrir því, að sjúkdómur stefnanda K í janúar 1964 hafi verið rauðir hundar né að vanheilindi drengsins, S, eigi rætur sínar að rekja til sjúkdóms þess, er móðirin hafi þá fengið.

d) Ástæða sé til að ætla, að stefnanda K hafi snúist hugur, að því er tekur til ákvörðunar hennar um fóstureyðinguna.

Um a — b.

Það sé meginregla, að fóstureyðingar séu bannaðar og sé banni þessu framfylgt með refsiákvæðum þeim til handa, er þær framkvæma, þ. e. jafnt gagnvart læknum sem öðrum svo og gagnvart konunni, er fóstrinu lætur eyða. Lög nr. 16/1938 heimili undanþágu frá þessu banni í vissum tilfellum. En undanþága þessi geri ekki annað en gera hlutaðeigendur, þ. e. lækninn og hina vanfæru konu, refsilausa gagnvart þjóðfélaginu við framkvæmd fóstureyðingarinnar.

Framkvæmdin sé þó ekki öllum heimil, þ. e. einungis læknum, „enda sé ekki fyrirsjáanlegt, að heilsu viðkomandi sé búið tjón af framkvæmd aðgerðarinnar", eins og segi í 7. gr. laga nr. 16/1938. Samkvæmt þessu sé það áfram mat þess, er aðgerðina eigi að framkvæma, hvort hún sé hættuleg eða ekki. Eins og lög nr. 16/1938 séu fram sett, sýnist þau mæla fyrir um ívilnandi „réttindi" til handa lækninum og hinni barnshafandi konu. Þau geri sem sé ráð fyrir því, að lækninum sé ljúft að vinna þetta verk, hann bíði með tilbúna skurðstofu eftir leyfi til fóstureyðingar og og síðan eftir því að framkvæma verkið. Vald landlæknis og hinnar ráðgefandi nefndar nái ekki lengra en að veita leyfið og að undanþiggja aðiljana hinu almenna banni við fóstureyðingum. Landlæknir eigi samkvæmt lögunum aðeins að segja fyrir um

það, í hverju aðgerðin eigi að vera fólgin, hvar hún skuli framkvæmd og af hvaða lækni. Lögin hafi engin ákvæði um það, ef sá læknir vilji ekki vinna verkið.

Þá komi til hins almenna mats hans sjálfs á öllum aðstæðum eins og jafnan í læknisfræðinni. Að sjálfsögðu framkvæmi læknirinn það mat sjálfstætt og óháð skoðunum annarra aðilja, sem nú megi teljast málinu óviðkomandi. Það sé því ekki um það að ræða, að eitt eða neitt hafi verið lagt fyrir yfirlækninn í þessu efni, eins og segi í greinargerð stefnanda á bls. 3. Nefndin og landlæknir hafi lokið hlutverki sínu í bili, en læknirinn hugi að öllum aðstæðum, bæði almennum vinnulögmálum lækna og ákvæðum annarra laga um fóstureyðingar, laga nr. 38 frá 28. janúar 1935. Þar segi í 2. mgr. 9. gr.:

„Ef kona hefur gengið lengur með en 8 vikur, skal læknir þó ekki eyða fóstrinu nema um því meiri hættu sé að ræða, er ætla má, að komið verði í veg fyrir með fóstureyðingunni og ekki á annan hátt, enda jafnist þá hætta sú, sem aðgerðinni er samfara, er konan hefur gengið svo lengi með, engan veginn við hættu þá, sem koma á í veg fyrir". Þarna komi mat á ný ásamt banni við að eyða fóstri, ef kona hefur gengið lengur með en 8 vikur.

Stefnandi K hafi verið talin hafa fengið rauða hunda 21. janúar 1964 og segi í greinargerð stefnenda á bls. 2, að þá hafi verið 6.-7. vika meðgöngutímans. Þetta sé ekki rétt. Fyrsti dagur síðustu tíða fyrir getnað sé 16. nóvember 1963. Þann 21. janúar 1964 hafi konan verið gengin með í 9 vikur og þá 14 vikur, þegar hún kom á fæðingardeild Landspítalans. Við mat á hættueiginleikum sjúkdóms þessa hjá fóstrinu beri að hafa í huga, að talin sé því minni hætta á skemmdum hjá fóstrinu því lengra sem á meðgöngutímann líði.

Sú hugmynd stefnenda að beina kröfum sínum að ríkissjóði sem eiganda þess sjúkrahúss, sem besta aðstöðuna teljist hafa til að annast þessar aðgerðir, og staðfesting þeirrar hugmyndar með skaðabótaskyldu á hendur ríkissjóði mundi slá öðru af tvennu föstu: Í annan stað, að ríkissjóður bæri ábyrgð á því, að konan veiktist, eftir að hún varð þunguð, eða þá, að hinu leytinu, að hún eigi lögvarða kröfu til þess að fá fóstri sínu eytt. Hvort tveggja þetta sýnist fjarri öllu sanni, hið fyrra a. m. k. svo stórlega úrleiðis miðað við allar viðurkenndar bótareglur og hið síðara einnig fjarstætt að óbreyttum lagaákvæðum um þessi efni og lagaákvæðum um lækna og skyldur þeirra. Hvaða læknir er skyldur til þess að framkvæma og bera ábyrgð á aðgerðum, ef

hann sjálfur telur vafasamt að framkvæma þær? Til þess, að svar við þessari spurningu yrði á þann veg, að um slíka skyldu væri að ræða, þurfi stefnendur að geta bent á beint og ótvírætt lagaákvæði í þá átt. Svar við spurningunni sé ekki að fá í lögum um réttindi og skyldur lækna nr. 47/1932 né annars staðar í lögum. En í Codex Ethicus lækna segi í 4. gr.:

„Það er meginregla, að lækni er frjálst að hlýða samvisku sinni og sannfæringu. Hann getur, ef lög eða úrskurðir bjóða ekki annað, synjað að framkvæma læknisverk, sem hann treystir sér ekki til að bera ábyrgð á . . . ".

Víða í sóknarskjölum láti lögmaður stefnenda kaldranaleg orð falla í garð yfirlæknis fæðingardeildarinnar, svo sem að komið hafi verið í veg fyrir aðgerðina, að yfirlæknirinn hafi vísað konunni af skurðstofunni með þeim ummælum, að hún ætti þangað ekkert erindi, að konan hafi ekki getað fundið, að mál hennar ætti þar samúð að mæta, fremur hið gagnstæða o. s. frv. Við þetta orðalag gerir lögmaður stefnda þá athugasemd og ábendingu, að hér sé um eitt viðurhlutamesta ákvörðunaratriði lækna að ræða, þar sem um sé að tefla eyðingu þegar kviknaðs lífs, og geti það því naumast ákvarðast af atriðum eins og samúð eða öðrum tilfinningalegum viðhorfum. Þar þurfi meira til að koma, fyrst og fremst rökrétt hugsun og yfirvegað mat á öllum aðstæðum, bæði er taki til sjúkdómsins, sem vera eigi hættuvaldurinn, til þeirrar áhættu, sem læknirinn leggi konuna í, og til þess, hvort fóstrinu sé í raun veruleg hætta búin. Þetta mat yfirlæknisins hafi leitt til þeirrar niðurstöðu, að ekki væri hættandi á aðgerð, og við það hafi orðið að standa, þó að óskir stefnanda K hafi beinst í aðra átt. Með þessu hafi þó ekki, eins og segir í stefnu, verið komið í veg fyrir hina leyfðu fóstureyðingu, þar eð leitað hafi verið til annarra lækna til að gera aðgerðina, en þeir hafi ekki heldur treyst til þess. Þessar tilraunir til að útvega aðra lækna hafi verið gerðar af stefnanda sjálfri og heimilislækni hennar, en ekki hafi verið svo mikil alvara í þeim, að leyfis landlæknis hafi verið aflað á ný né voru þessar tilraunir gerðar fyrir beina milligöngu hans.

Á árinu 1963 hafi verið veitt alls 71 leyfi til fóstureyðinga, þar af 23 vegna rauðra hunda. Á árinu 1964 hafi sambærilegar tölur verið 85, þar af 61 vegna rauðra hunda.

Það hafi verið áhyggjuefni margra lækna á þessum árum, hversu mörg leyfi voru veitt til fóstureyðinga vegna rauðra hunda, enda hafi þekking á afleiðingum þeirra og margra annarra veiru-

sjúkdóma fyrir vanfærar konur ekki verið eins fullkomin og nú sé orðið. Þá hafi t. d. verið talið víst, að 6.—8. meðgönguvikurnar væru hættulegastar og talið, að hættuástand væri liðið hjá eftir þann tíma. Þekkingin sé nú orðin víðtækari á þessum málum. Þannig hafi þá ekki einu sinni verið unnt að greina með óyggjandi móti, hvort um þennan sjúkdóm hafi verið að ræða eða ekki, og hafi það verið fyrst á árinu 1964, að veiran hafi fundist í blóðserum sjúklinganna.

Víst sé hér um sorglegt tilfelli að ræða og hjónin, foreldrar drengsins, eigi alla samúð skilið, en annað mál sé hitt, hvernig málið horfi við frá skaðabótaréttarlegu sjónarmiði. Tjón þetta verði ekki bætt með fé og sé reyndar undarlegt, að slíkar kröfur skuli uppi hafðar. Eina úrræðið, sem eitthvað gæti, úr því sem komið er, linað sársauka og erfiðleika foreldranna í framtíðinni, væri, ef þjóðfélaginu tækist að koma á fót heimili fyrir sjúklinga af þessu tagi, sem sagðir séu allmargir. En krafa sú, sem hér sé uppi höfð, færi þjóðfélagið ekki nær því marki, þvert á móti e. t. v. fremur skref til baka, ekki síst, ef fleiri kæmu hér í kjölfar með stórar peningakröfur af almannafé, en ekki sé loku fyrir það skotið, að eins sé ástatt um fleiri, er orðið hafi fyrir svo þungri reynslu.

Um c.

Í þessum lið sýknukröfu stefnda er þess getið, að ekki hafi verið færðar óyggjandi sannanir fyrir því, að stefnandi K hafi veikst af rauðum hundum í janúar 1964, né að vanheilindi sonar hennar, S, eigi rætur að rekja til þess sjúkdóms. Þessi skoðun sé byggð á ýmsum atriðum í gögnum málsins, t. d. sé vottorð heimilislæknis K mjög ófullkomið, aðeins talað um „typisk rubeola-einkenni", án þess að þessum einkennum sé lýst. Útbrot sanni ekkert og geti þau stafað af öðrum orsökum en rubeola-vírus. Læknisvottorðið sé því síður en svo afgerandi sönnun í þessu tilliti, enda segi í athugasemd starfsmanns landlæknis á bls. 4 á dskj. 5, og sé sú athugasemd dagsett 7. febrúar 1964: „Læknisvottorð ófullnægjandi". Breyti engu, þó við hið ófullnægjandi læknisvottorð hafi verið látið sitja og látið undan með þessari athugasemd: „Kjartan Magnússon læknir upplýsir í viðtali við undirrit., að hann hafi séð sjúkl., er hann var sjúkur af rubeola. Sn. P. Snorrason."

Þessi skoðun styðjist ekki síst við ýmis atriði í hinni ítarlegu bandarísku skýrslu á dskj. nr. 11, en þar komi víða fram, að drengurinn sé ekki typiskt „rauðuhunda"-barn. Ýmis atriði í hinni

bandarísku skýrslu vekji efasemdir um, að hér sé um afleiðingar rauðra hunda að ræða. Gætu þar ýmsir aðrir sjúkdómar komið til greina.

Í gögnum málsins komi fram, að á síðari mánuðum hafi drengurinn sýnt mikla framför á andlega sviðinu. Þannig hafi greindarvísitala hans hækkað ótrúlega mikið frá árinu 1969 til ársins 1971, sem einnig gæti bent til þess, að barnið sé óvenjulega seinþroska, en muni með tíð og tíma ná enn betri árangri.

Um d.

Síðasta lið í kröfugerð stefnda er nefnd sem sýknuástæða, að ástæða sé til að ætla, að stefnanda hafi snúist hugur, að því er taki til fyrstu ákvörðunar sinnar um fóstureyðinguna. Komi þetta fram í lokaorðum í sjúkraskrá fæðingardeildarinnar, dags. 26. febrúar 1964, þ. e. daginn, sem hún fór heim, með þessum orðum: „Hik er á sjúklingi varðandi aðgerð, og er í samráði við hana hætt við hana". Undir þetta riti G. Snædal. Getum megi að því leiða, hver hafi verið ástæðan til þessarar niðurstöðu, sem sé sú, að sjúklingi muni hafa verið skýrt frá því, að ekki væri unnt að gera þessa aðgerð nema með keisaraskurði, en sem kunnugt sé, sé sú aðferð litin mjög alvarlegum augum, ekki síst af konum. Þá muni sjúklingi og hafa verið gerð grein fyrir því, að svo og svo langan skurð þyrfti til þess að ná fóstrinu út, sem síðan mundi skilja eftir lengra ör bæði á ytra borði kviðarhols og á legi heldur en við vanalegan keisaraskurð, sem framkvæmdur er á lokastigi meðgöngu. Ekki sé ósennilegt, að þessar ástæður ásamt almennum hughreystingarorðum læknanna um, að barnið yrði heilbrigt, hafi valdið breytingum á ákvörðun konunnar.

Síðasta kröfulið stefnenda er mótmælt sérstaklega með vísan til þess, að þegar bakgrunnur þessa máls sé hafður í huga og það, að aðalætlun foreldranna var að koma í veg fyrir fæðingu barnsins, sé órökrétt að gera kröfu í þessa átt. Hinn kosturinn hafi sem sé verið sá, að barnið hafi aldrei fæðst, fóstrinu verið eytt áður. Annars sé hér komið inn á svið, sem sjálfsagt sé ekki algengt í dómsmálum, þ. e. vangaveltum um hin flóknustu rök lífs og dauða og jafnvel hvort heppilegra sé fyrir einstaklinginn að vera lífs eða liðinn. Dómur um það efni, svo óyggjandi sé, fáist naumast í bráð, að öllum dómstólum ólöstuðum. Er þess því krafist, að kröfunni, sem felst í þessum tölulið, verði vísað frá dómi sem ódómhæfri.

Við munnlegan málflutning 1. þ. m. var af hálfu stefnda ekki

höfð uppi frávísunarkrafa, hvorki að hluta málsins né í heild, og verður því talið, að stefndi hafi fallið frá kröfu sinni um frávísun í þessum þætti málsins.

Það er rétt, sem haldið er fram af hálfu stefnda, að almennt eru fóstureyðingar bannaðar að íslenskum lögum. Undantekningar frá þessu banni er að finna í lögum nr. 38 frá 1935 og lögum nr. 16 frá 1938.

Þá er frumvarp að lögum um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar var samið, en það eru lög nr. 38 frá 1935, þá voru engin ákvæði í lögum, er heimiluðu læknum fóstureyðingar. Í greinargerð frumvarpsins segir, að þó að þetta sé svo, sé hvarvetna litið svo á, að lækni sé heimilt og jafnvel skylt að fórna lífi fósturs eða barns í fæðingu, ef þess er þörf til að bjarga lífi móðurinnar og jafnvel þó að ekki sé meira í húfi en yfirvofandi alvarlegt heilsutjón hennar, sem þó muni orka tvímælis. Þessari heimild og jafnvel skyldu læknanna finni lögfræðingar stað þrátt fyrir hin skýlausu ákvæði allra hegningarlaga um þetta atriði með kenningum sínum um svokallaðan „neyðarrétt".

Í greinargerð frumvarpsins segir, að það sé hlutverk frumvarpsins, ef að lögum verði, að greiða úr þeim vanda, sem það hafi í för með sér, að lögð sé allt að 8 ára hegningarvinna við því, ef út af beri um rétta framkvæmd þess, sem í sumum tilfellum séu tvímælalaus og þýðingarmikil skyldustörf, þannig að það liggi sem ljósast fyrir, hvað læknum er heimilt og skylt í þessum efnum og hvað óheimilt.

Í 10. gr. frumvarpsins er svohljóðandi ákvæði: „Nú hefir kona orðið barnshafandi og vantar meira en 12 vikur á fullan meðgöngutíma og er ástæða til að ætla, af því að konan hefir áður alið vanskapað barn eða haldið meðfæddum sjúkdómi eða af öðrum rökum, að um kynfylgju sé að ræða, er komið geti fram á burði þeim, er konan gengur með, og er lækni þá heimilt að eyða fóstrinu, þó að ekki sé nauðsynlegt vegna heilsu konunnar, enda sé þá einnig farið nákvæmlega eftir reglum þeim, er greinir í 11. gr. þessara laga, sbr. og 2. málsgrein 9. gr." Þessi grein var felld niður úr frumvarpinu. Þannig að samkvæmt lögum nr. 38 frá 1935 eru fóstureyðingar einungis heimilar, ef heilsa móður krefst þeirra.

Í lögum um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, en þau eru nr. 16 frá 13. janúar 1938, er ákvæði í 5. gr. laganna, er heimilar fóstur-

eyðingu, ef gild rök liggja til þess, að burður viðkomandi sé í mikilli hættu af kynfylgjum þeim eða öðrum ástæðum, sem um getur í tölulið 2 a í sömu grein, og svo ef kona hefur orðið þunguð við nauðgun. Þær ástæður, sem upp eru taldar í 2 a, eru, að gild rök liggi til þess, að viðkomandi beri í sér að kynfylgju það, er mikil líkindi séu til, að komi fram á afkvæmi hans sem alvarlegur vanskapnaður, hættulegur sjúkdómur, andlegur eða líkamlegur, fávitaháttur eða hneigð til glæpa eða að afkvæmi hans sé í tilsvarandi hættu af öðrum ástæðum, enda verði þá ekki úr bætt á annan hátt.

Í greinargerð fyrir lögum þessum segir m. a.: „Það á sér ekki stað í tilsvarandi lögum annars staðar, að fóstureyðingaraðgerðir séu heimilaðar í hliðstæðum tilgangi og vananir. Er slíkt talið eiga heima í fóstureyðingarlögum. Til þess var og upphaflega ætlast hér, að ákvæði um þetta yrðu í fóstureyðingarlögunum, og þannig var gengið frá frumvarpi til þeirra laga, er það á sínum tíma var lagt fyrir Alþingi. En ákvæðið fann þá ekki náð fyrir augum þingsins og var fellt í burtu, en að vísu með góðum orðum um, að það fengi að fljóta með í lögum sem þessum, er þau kæmu til kasta Alþingis. Formsins vegna er ekkert út á þetta að setja og fer raunar vel á. Fóstureyðingarlögin miða eingöngu við heilbrigðishag konunnar sjálfrar, sem aðgerðin er framkvæmd á, en þessum lögum er að miklu leyti ætlað að miða við ástand afkvæmisins. Hér er því rökrétt samhengi á milli."

Í greinargerðinni segir enn fremur: „Hugsanlegt er, að hætta sé talin á, að barn fæðist hættulega sjúkt, vanskapað eða alvarlega gallað á annan hátt, þó að ekki sé arfgengi til að dreifa, heldur sé ástæðunnar að leita í öðrum vanheilindum móðurinnar, er áhrif hafi á þroska eða heilbrigði fóstursins í móðurlífi. Frumvarpið heimilar að taka slíkt til athugunar."

Í greinargerðinni segir um 7. gr.: „Að sjálfsögðu er öllum öðrum en læknum óheimilar aðgerðir samkvæmt lögum þessum. Og lækni er slík aðgerð jafn óheimil sem öðrum mönnum, nema löglega út gefið leyfi liggi fyrir, er beinlínis heimili honum aðgerðina. Þó er enn sú takmörkun á heimild læknisins, að sjálfur verður hann að sannfæra sig um, að ekki sé viðkomandi fyrirsjáanlega búið heilsutjón af framkvæmd aðgerðarinnar. Landlæknir og nefndin hafa væntanlega sjaldnast ástæðu til að kynnast umsækjandanum persónulega og munu að jafnaði ekki taka til athugunar heilbrigðisástand hans að þessu leyti, enda gæti orðið sú breyting á heilbrigðum manni frá því að leyfi væri gefið út

fyrir hann og þangað til að framkvæmd aðgerðarinnar kæmi, að þá væri orðin lífshætta fyrir hann að leggjast undir hana. Hlutaðeigandi læknir á því að bera ábyrgð á framkvæmd sjálfrar aðgerðarinnar og því, hvernig hún tekst, eins og hverju öðru læknisverki, sem hann tekur að sér að leysa af hendi.

Engin ákvæði eru í lögunum, sem skylda lækna til að framkvæma þessar aðgerðir á fólki gegn vilja þess. Þrátt fyrir útgefið leyfi getur því ekki orðið úr framkvæmd þeirrar aðgerðar, sem enginn læknir fæst til að taka að sér að framkvæma."

Á dskj. nr. 6 er leyfi landlæknis, útgefið 13. febrúar 1964, til fóstureyðingaraðgerðar á K.

Leyfið er svohljóðandi:

„Leyfi landlæknis til aðgerðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 16, 13. jan. 1938 um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.

Aðgerð samkvæmt ákvæðum laga nr. 16, 13. jan. 1938 er því aðeins heimil, að fyrir liggi skriflegt leyfi landlæknis, enda ekki fyrirsjáanlegt, að heilsu viðkomandi sé búið tjón af framkvæmd aðgerðarinnar. Aðgerðina má ekki framkvæma gegn vilja viðkomandi (lögráðamanns hans eða tilsjónarmanns) nema heimiluð sé samkvæmt dómsúrskurði. Aðgerðinni skal haga samkvæmt hinu skriflega leyfi landlæknis og fylgja í hvívetna ýtrustu kröfum læknisfræðinnar til tryggingar tilætluðum árangri af aðgerðinni, minnstri hættu viðkomandi af henni og því, að hann verði sem skjótast heill. Læknir skal síðan senda landlækni skýrslu um aðgerðina og þannig úr garði gerða, er hann segir fyrir um (sbr. 6. og 7. gr. laganna).

Hér með heimilast samkvæmt ákvæðum laga nr. 16, 13. jan. 1938 og að fengnu tilskildu samþykki hlutaðeigandi nefndar fóstureyðingaraðgerð á K, . . ., enda verði aðgerðin framkvæmd á fæðingardeild Landspítalans af læknum deildarinnar.

Skal farið í einu og öllu eftir fyrirmælum nefndra laga og þar á meðal afgreidd til landlæknis skýrsla um aðgerðina á meðfylgjandi eyðublaði.

Aðgerðin er heimiluð samkvæmt umsókn hlutaðeigandi sjálfrar og var samþykkt af nefndinni með samhljóða atkvæðum.

Tilefni aðgerðarinnar: Rubeolae in graviditate.

Reykjavík, 13. febr. 1964.

Til K, . . ."

Leyfi landlæknis á dskj. nr. 6 og umsókn stefnanda K á dskj.

nr. 5 eru í samræmi við lög nr. 16 frá 1938. Í 6. gr. nefndra laga segir svo: „Landlæknir ákveður í hverju einstöku tilfelli í samráði við nefnd þá, er um getur í 5. gr., í hverju aðgerðin, er hann gefur út leyfi fyrir, skuli vera fólgin, hvar hún skuli framkvæmd og ef það getur ekki orðið á opinberu sjúkrahúsi, þá af hvaða lækni. Leyfi landlæknis skal vera rökstutt, getið tilefnis umsækjanda og afstöðu nefndarinnar til leyfisins. Nú synjar landlæknir leyfis, er meiri hluti nefndarinnar mælir með, og má þá umsækjandi leita úrskurðar dómsmálaráðherra, er þá má fela nefndinni að gefa út leyfið."

Samkvæmt þessu ákvæði átti stefnandi K engan íhlutunarrétt um það, hvar eða af hvaða lækni fóstureyðingin skyldi framkvæmd. Eftir að umsókn hennar ásamt læknisvottorði á dskj. nr. 5 hafði verið send til hlutaðeigandi, var hlutverk stefnanda K lokið og ekki annað fyrir hana að gera en bíða eftir, að leyfið yrði veitt eða um það synjað, og eftir að leyfið var veitt, þá bíða eftir sjúkrarúmi á þeim stað, þar sem aðgerðin skyldi framkvæmd samkvæmt leyfi landlæknis.

Það kom fram, þá er dr. Gunnlaugur Snædal læknir kom fyrir dóm, að leyfilegt sé að framkvæma fóstureyðingar á fæðingardeild Landspítalans og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og svo geti landlæknir veitt leyfi til þess, að svona aðgerðir séu framkvæmdar á öðrum sjúkrahúsum, en þannig leyfi mundu einungis veitt við einstakar aðgerðir. Einnig að á fæðingardeildinni væru framkvæmdar svona 90-120 fóstureyðingar á ári. Fyrir dómi taldi Pétur H. J. Jakobsson yfirlæknir þessar tölur ekki ólíklegar. Á dskj. nr. 23 er svar við spurningu um það, hvort þess séu dæmi, að landlæknir hafi veitt einhverjum læknum á Reykjavíkursvæðinu leyfi samkvæmt lögum nr. 16/1938 til að framkvæma fóstureyðingu á öðrum sjúkrahúsum en fæðingardeild Landspítalans. Svar landlæknis er svohljóðandi:

„Í skýrslum fyrirfinnast ekki slík dæmi."

Af því, sem hér hefur verið rakið, þá þykir ólíklegt, að sæki kona á Reykjavíkursvæðinu um leyfi til fóstureyðingar, að landlæknir ákveði í leyfi sínu, að fóstureyðing skuli framkvæmd annars staðar en á fæðingardeild Landspítalans.

Á dskj. nr. 23 kemur fram, að á árinu 1963 hafi verið veitt 29 leyfi til fóstureyðinga samkvæmt lögum nr. 16 frá 1938, þar af 23 vegna rubeola in graviditate. Á árinu 1964 66 leyfi, þar af 61 vegna rubeola in graviditate.

Þegar litið er til tilgangs laganna nr. 16 frá 1938, þá verður að

telja, að þá er landlæknir hafði gefið út leyfi til fóstureyðingaraðgerðar á stefnanda K, hafi skapast réttur til handa stefnanda K til þess að fá fóstri sínu eytt, svo framarlega sem henni ekki snerist hugur varðandi aðgerð eða að heilsufar hennar yrði þannig, að aðgerð teldist ekki forsvaranleg.

Eftir að landlæknir hafði veitt leyfið til fóstureyðingarinnar, en í leyfinu segir, að tilefni aðgerðarinnar sé rubeola in graviditate, þá bar læknum fæðingardeildarinnar að leggja leyfið til grundvallar. Í þeirra verkahring var einungis að athuga um það, hvort aðgerðin væri forsvaranleg með tilliti til heilsu konunnar. Í verkahring læknanna var ekki að meta það, hvort það teldist hættulegt eða ekki, að konan hafi fengið rauða hunda.

Pétur H. J. Jakobsson yfirlæknir bar fyrir dómi, að aðalástæðan fyrir því, að hann neitaði að framkvæma fóstureyðingu á stefnanda K, hafi verið sú, hve hún var langt gengin með. Yfirlæknirinn staðfesti sem rétt efni dskj. nr. 18, en þar segir m. a.: „Rannsóknir leiddu í ljós, og voru aðstoðarlæknar mér sammála um það, að konan væri barnshafandi og gengin með 14 vikur. Fyrsti dagur síðustu tíða var 16. nóvember 1963, og passaði það vel við niðurstöðu rannsóknarinnar.“ „Ég hefi orðið fyrir því hér á deildinni, að konur hafi verið í lífshættu þrátt fyrir blóðgjafir og fullkomnustu aðstoð eftir fóstureyðingar, og sú hætta er alltaf meiri eftir því, hve langt konan er gengin með, og þess vegna vildi ég ekki taka á mig ábyrgð þessarar aðgerðar og konan send heim.“

Fyrir dómi sagði yfirlæknirinn, að þar sem segir á dskj. nr. 18, að konan hafi verið gengin með í 14 vikur, það eigi við, þá er konan var skoðuð á fæðingardeildinni. Við útreikning á aldri fósturs sé alltaf miðað við fyrsta dag síðustu blæðinga og svo skoðun á konunni. Við fyrsta dag síðustu blæðinga verði alltaf að miða, því að það sé mjög mismunandi hjá hinum einstöku konum, hvenær egglos verði, en ef konan viti raunverulega, hvenær getnaður hafi átt sér stað, þá sé hægt að miða við þann tíma, en annars við fyrsta dag síðustu blæðinga. Almennt taldi yfirlæknirinn það hættulegt að framkvæma fóstureyðingu, eftir að kona er gengin með í 14 vikur, en fóstureyðing eftir þann tíma sé framkvæmd, ef það teljist nauðsynlegt vegna heilsufars móðurinnar. Það geti komið þau tilfelli, að það verði að losa konu við fóstur, þó að hún sé gengin mjög langt með, vegna þess að konan sé í lífshættu vegna sjúkdóms. Í þessu tilfelli hafi móðirin verið heilbrigð, og yfirlæknirinn sagði, að við ákvörðun um fóstureyðingu þá verði hann að taka á sig ábyrgð á heilsu móðurinnar. Yfirlækn-

irinn sagði, að á fæðingardeildinni hafi konur ekki dáið vegna fóstureyðinga.

Yfirlæknirinn sagði, að það sé vitað allt frá árinu 1940, að það geti haft hættu í för með sér, þegar barnshafandi kona fær rauða hunda eða aðra vírussjúkdóma, en vírusinn vegna rauðra hunda hafi fyrst verið ræktaður fyrir 10 árum. Ekki hafi skoðanir manna breyst á síðustu 10 árum, að því er varðar hættueigindir sjúkdómsins. Það sé enn talið hættulegast, ef konan fær sjúkdóminn, þegar hún hefur gengið með skemur en 8 vikur, og almennt sé talið, að það sé hættulaust, þó að kona fái rauða hunda, ef hún er búin að ganga með lengur en 12 vikur. Þær skemmdir, sem sjúkdómur þessi geti valdið á fóstrinu, séu miðvefsskemmdir.

Framburður Gunnlaugs Snædals læknis hér fyrir dómi var í meginatriðum samhljóða framburði yfirlæknisins. Gunnlaugur taldi það ofmælt, að fóstureyðing framkvæmd með keisaraskurði væri lífshættuleg, en það sé hættulegra en að taka fullburða barn með keisaraskurði. Á árinu 1964 hafi alltaf verið notuð sú aðferð að taka fóstur með keisaraskurði, ef framkvæmd var fóstureyðing á fóstri, sem kona hafði gengið lengur með en 12 vikur, en nú í seinni tíð séu fleiri aðferðir notaðar. Á árinu 1964 hafi fólk talið, að aðalhættutími, ef barnshafandi kona fékk rauða hunda, væri á 6.-8. viku, en eftir 10. viku væri lítil hætta á ferðum. Nú orðið viti fólk meir um þennan sjúkdóm og aðra vírussjúkdóma og sé nú almennt talið, að flestir vírussjúkdómar geti orsakað fósturskemmdir, ef kona fær sjúkdóminn á vissum tíma meðgöngunnar, en hættan sé ennþá mest fyrir 10. viku, en sé til staðar eitthvað lengur. Almennt sé talið, að eftir að fóstur er komið á þann aldur, að komin er á það full mannsmynd, en það muni vera í kringum 12.-14. viku, þá sé lítil hætta á ferðum, þó kona fái vírussjúkdóm, en um þetta séu skiptar skoðanir, en flestir læknar fallist á þá skoðun, að ef eitthvað er að barni og móðirin hafi fengið rauða hunda eftir 14. viku meðgöngutímans, þá sé einhverju öðru um að kenna en rauðu hundunum. Gunnlaugur sagði, að hann hafi verið sammála yfirlækni fæðingardeildarinnar um að gera ekki aðgerðina, en í gögnum þeim, sem læknarnir hafi fengið frá landlækni, hafi verið ósamræmi í aldursákvörðun fóstursins miðað við það, sem læknum fæðingardeildarinnar hafi talist til, en á þessum tíma hafi læknar deildarinnar verið þrír og hafi þeir allir verið sammála. Reglan sé sú á sjúkrahúsum, að læknar deildanna framkvæma ekki aðgerðir, sem yfirlæknir hverrar deildar vill ekki, að séu framkvæmdar.

Fyrir dómi bar Jón Hannesson læknir, að á fæðingardeildinni hafi verið framkvæmdar fóstureyðingar, eftir að kona hafi gengið með í 14 vikur eða lengur, en til þess að fóstureyðing sé framkvæmd eftir þennan tíma, þurfi ástæður að vera knýjandi. Jón var spurður um það, hvort hann teldi, að það, að kona fái rauða hunda á meðgöngutímanum, sé það knýjandi nauðsyn, að rétt sé að framkvæma fóstureyðingu, eftir að kona hefur gengið með í 14 vikur, og svaraði hann því til, að eftir því sem hann hafi lesið þá séu skoðanir manna mismunandi á því, hve hættulegt það sé, að kona fái rauða hunda á meðgöngutíma, en almennt sé talið, að fái kona rauða hunda, eftir að hún hafi gengið með í 8 vikur, þá sé hætta ekki svo mikil. Í þessu tilfelli muni eins og í öðrum vera miðað við 8 vikur frá fyrsta degi síðustu blæðinga. Viðhorf til fóstureyðinga taldi Jón vera svipuð í dag og á árinu 1964 og aðferðir, sem notaðar eru, séu þær sömu að mestu leyti. Jón sagði, að það hafi komið fyrir, að konur hafi verið komnar á fæðingardeildina til þess að fá framkvæmda fóstureyðingu og muni þá heimilislæknar eða sérfræðingar hafa haft milligöngu og haft samband við yfirlækni deildarinnar, en þá hafi komið í ljós, að konurnar væru komnar of langt á leið, og þá í sumum tilfellum verið talað við konurnar og útskýrt fyrir þeim, í hverju aðgerðin væri fólgin, og þær þá hætt við og í öðrum tilfellum hafi læknar neitað að framkvæma aðgerðir, vegna þess að konurnar hafi verið komnar of langt á leið. Ekki mundi læknirinn í svona tilfellum eftir því, að konurnar hafi verið búnar að fá leyfi frá landlækni, eins og í þessu tilfelli. Læknirinn sagði, að það taki lengri tíma, þegar sótt sé um leyfi til nefndarinnar heldur en þegar heimilislæknir eða sérfræðingur gefur skýrslu um heilsufar konunnar til yfirlæknis fæðingardeildarinnar og sækir um fóstureyðingu og í þeim tilfellum þá sé reynt að sjá til þess af hálfu deildarinnar, að konurnar þurfi ekki að bíða eftir plássi, heldur séu þær teknar strax.

Af því, sem hér hefur verið rakið, þá virðist ástæðan fyrir því, að fóstureyðingin var ekki framkvæmd, hafa verið sú, að stefnandi K hafi verið komin of langt á leið, en læknar fæðingardeildarinnar hafi talið hana vera gengna með í 14 vikur. Yfirlæknir fæðingardeildarinnar tók fram, að í þessu tilfelli, hafi móðirin verið heilbrigð.

Samkvæmt framburðum lækna fæðingardeildarinnar eru framkvæmdar fóstureyðingar á fæðingardeildinni, eftir að konur hafa gengið lengur með en 14 vikur, en þær aðgerðir virðast byggjast

á því, að þær séu til þess gerðar að bjarga lífi móður. Þannig, að mat á því, hvort fóstureyðing er framkvæmanleg eða ekki, virðist vera mismunandi, þegar lífi móður er talin hætta búin af þunganum, sbr. 9. gr. laga nr. 38 frá 1935, og svo þegar fóstrið er talið í hættu, sbr. 5. gr. laga nr. 16 frá 1938.

Almennt munu læknar eiga mat á því, hvort aðgerðir eru forsvaranlegar eða ekki. Enda verða þeir ekki skyldaðir til að framkvæma aðgerðir sem fóstureyðingu, telji þeir það ekki réttlætanlegt af einhverjum ástæðum.

Ef 1. dagur síðustu blæðinga er lagður til grundvallar við útreikning á því, hversu langt kona er gengin með, þá hefur stefnandi K verið búin að ganga með fóstur sitt í 66 daga, þá er hún veiktist 21. janúar 1964, en það gera 9 vikur og 3 daga. Þá er hún sótti um leyfi til fóstureyðingar hinn 29. janúar 1964, þá hefur hún verið búin að ganga með í 74 daga, eða 10 vikur og 4 daga. Frá því að stefnandi sótti um leyfið og þar til það var veitt, liðu 15 dagar, og frá leyfisveitingu og þar til hún var lögð inn á fæðingardeildina liðu 8 dagar.

Því, hvað það leið langur tími, frá því að sótt var um leyfi til fóstureyðingar og þar til stefnandi K var lögð inn á fæðingardeildina, gat stefnandi K ekki ráðið. Þá er hún hafði tekið ákvörðun um að óska leyfis til fóstureyðingar, fór hún að eins og lögin mæla fyrir um, og það var það eina, sem hún gat gert.

Með lögunum nr. 16 frá 1938 þá er handhöfum ríkisvaldsins falin þau afskipti af fóstureyðingum, að landlæknir veitir leyfi til aðgerðanna að fengnu samþykki þriggja manna nefndar, sem dómsmálaráðherra skipar. Landlæknir ákveður, hvar og af hverjum aðgerðin skuli framkvæmd. Í þessu tilfelli ákvað landlæknir, að aðgerðin skyldi framkvæmd á ríkissjúkrahúsi.

Þegar litið er til tilgangs laga nr. 16 frá 1938 og svo þess, að samkvæmt ríkjandi lögum er heimildin í þessum lögum eini möguleikinn til þess að fá leyfi til fóstureyðingar vegna hættu á vanheilindum fósturs, þá þykir verða að leggja þá skyldu á þá aðilja, sem um mál þessi fjalla, að þeir sjái til þess hver á sínu sviði, að mál þessi fái svo skjóta afgreiðslu sem mögulegt er.

Í tilfelli því, sem mál þetta er af risið, þykir töluvert á það skorta, en eins og áður er rakið, liðu 22 dagar frá dagsetningu læknisvottorðsins, sem fylgdi umsókn stefnanda K um fóstureyðinguna, þar til stefnandi K var lögð inn á fæðingardeildina, þar sem aðgerðin skyldi framkvæmd. Samkvæmt áritun á dskj. nr. 5 þá hefur umsóknin a. m. k. verið komin til hlutaðeigandi

nefndar 7. febrúar 1964, en frá þeim tíma og þar til stefnandi K var lögð inn liðu 14 dagar.

Fyrir dómi bar Kjartan Magnússon læknir, að hann hafi verið heimilislæknir stefnanda K, þá er hún sótti um leyfi til fóstureyðingar. Læknirinn bar, að aldrei hafi verið hik á K í sambandi við fóstureyðinguna. Hún hafi oft hringt í lækninn þessa daga, sem hún var á fæðingardeildinni, og alltaf kvartað yfir því, að aðgerðin væri ekki framkvæmd, og hafi læknirinn gert margar tilraunir til þess að hafa tal af yfirlækni fæðingardeildarinnar, en ekki tekist. Stefnandi K hafi farið beint af fæðingardeildinni á skrifstofu landlæknis, en svo haft samband við lækninn eftir hádegi sama dag og þá sagt, að hún hefði munnlegt loforð landlæknis fyrir því, að fóstureyðingarleyfið mundi gilda, ef hún fengi einhvern annan lækni til þess að framkvæma fóstureyðinguna. Læknirinn sagðist hafa haft samband við Jónas Bjarnason lækni. Hann hafi ekki haft aðstöðu til að framkvæma þetta. Einnig hafi hann haft samband við Andrés Ásmundsson. Hann hafi ekki viljað gera þetta. Foreldrar K muni svo hafa haft samband við sjúkrahúslækninn á Selfossi, Óla Kr. Guðmundsson, og hafi hann tjáð sig fúsan til að gera þetta og hafi K farið austur á Selfoss, en þá hafi læknirinn verið búinn að breyta um skoðun og ekki viljað framkvæma fóstureyðinguna. Ekki vissi læknirinn ástæðuna fyrir hinu breytta viðhorfi læknisins á Selfossi, en þegar K kom frá Selfossi, þá hafi hún talið þýðingarlaust að reyna meir og talið alla vera á móti sér. K hafi verið mjög leið yfir þessu og uggandi. K hafi ekki breytt um skoðun varðandi fóstureyðinguna, en gefist upp við frekari tilraunir til þess að fá aðgerðina framkvæmda. Kjartan læknir sagði, að á þessum tíma hafi hann enga aðstöðu haft til þess að framkvæma svona aðgerð, en ef hann hefði haft aðstöðu, hefði hann verið fús til að gera hana.

Fyrir dómi bar yfirlæknir fæðingardeildarinnar, Pétur H. J. Jakobsson, að hann vissi til þess, að K hafi beðið annan lækni að framkvæma fóstureyðinguna, en hann hafi ekki treyst sér til þess. Yfirlæknirinn sagði, að sig minnti, að það hafi verið Óli Kr. Guðmundsson, sem þá hafi verið læknir á Selfossi.

Þá er stefnandi K kom fyrir dóm til yfirheyrslu, bar hún mjög á sama hátt og Kjartan Magnússon læknir um tilraunir hennar og heimilislæknis hennar til þess að fá fóstureyðingu, eftir að hún hafði verið útskrifuð af fæðingardeildinni. Þar fyrir utan bar hún, að Gunnlaugur Snædal læknir hafi, þá er hún var á fæð-

ingardeildinni, tvisvar komið og talað við hana og útskýrt fyrir henni, hversu hættuleg þessi aðgerð væri. Það yrði að taka fóstrið með keisaraskurði og hún mundi að öllum líkindum aldrei geta átt barn aftur og aðgerðin væri lífshættuleg. Ekki sagði stefnandi K, að þessar viðræður hafi fengið sig til þess að breyta um skoðun. Hún hafi verið það hrædd um, að eitthvað yrði að barninu, að hún hafi viljað vinna þetta til. Vakin var athygli stefnanda K á því, sem segir á bls. 5 á dskj. nr. 7: „26/2. Hik er á sjúklingi varðandi aðgerð, og er í samráði við hann hætt við hana." Stefnandi K sagði, að þetta væri rangt. Það hafi aldrei verið neitt hik á henni í sambandi við aðgerðina og það hafi ekki verið hætt við aðgerðina í samráði við hana.

Af því, sem hér hefur verið rakið úr framburðum þeirra stefnanda K, Péturs H. J. Jakobssonar yfirlæknis og Kjartans Magnússonar læknis, þykir sannað, að stefnanda K hafi ekki snúist hugur, að því er tekur til ákvörðunar hennar um fóstureyðinguna, og að ekki hafi verið hætt við aðgerð í samráði við hana.

Í málinu er fram komið, að það, að fóstureyðingaraðgerðin var ekki framkvæmd á stefnanda K, hefur haft í för með sér mikla röskun á stöðu og högum stefnanda K og eiginmanns hennar, stefnanda M.

Við niðurstöðu málsins, að því er stefnendur K og M varðar, verður lagt til grundvallar, að leyfi landlæknis var veitt vegna „rubeola in graviditate", að þá er stefnanda K hafði verið veitt leyfi til fóstureyðingar, hafi skapast réttur til handa stefnanda K að fá fóstrinu eytt, svo framarlega sem henni ekki snerist hugur varðandi fóstureyðinguna ellegar heilsu hennar teldist hætta búin af aðgerð. Það var ekki af heilsufarsástæðum konunnar, að hætt var við aðgerð, og það var ekki að ósk hennar.

Læknar fæðingardeildarinnar segja ástæðuna fyrir því, að fóstureyðing var ekki framkvæmd, að konan hafi verið komin of langt á leið, þá er hún var lögð inn á fæðingardeildina. Á þessu munu læknar eiga mat, og munu læknar ekki verða skyldaðir til þess að framkvæma aðgerð eins og fóstureyðingu, telji þeir hana ekki réttlætanlega.

Það, hvað það leið langur tími, frá því að stefnandi K sótti um leyfi til fóstureyðingar og þar til að hún var lögð inn á fæðingardeildina, var ekki sök stefnanda K. Heldur virðist það vera vegna þess, hve þeir aðiljar, sem um þessi mál eiga að fjalla samkvæmt lögunum nr. 16 frá 1938, og svo sá aðili, sem úthlutar sjúkrarúmum á þeirri stofnun, þar sem fóstureyðingaraðgerðin skyldi fram-

kvæmd samkvæmt leyfi landlæknis, en það var á fæðingardeild Landspítalans, brugðust hver um sig seint við.

Réttlátt þykir og eðlilegt, að þjóðfélagið beri ábyrgð á atvikum sem þessum. Verður því að telja, að stefndi beri ábyrgð gagnvart stefnendum K og M á tjóni, sem þau kunna að hafa beðið, vegna þess að fóstureyðingaraðgerðin var ekki framkvæmd.

Eins og málið liggur fyrir, er af hálfu stefnenda á því byggt, að það, sem að barninu S er, sé afleiðing þess, að móðir hans fékk rauða hunda, þá er hún gekk með hann.

Því er eigi haldið fram, að það, að stefnandi K fékk rauða hunda, stafi af aðgerðum eða aðgerðarleysi aðilja, sem stefndi beri fébótaábyrgð á. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnenda K og M f. h. sonar þeirra, S, um, að viðurkennd verði fébótaábyrgð stefnda á því, að aflahæfi S hafi verið skert.

Hæfilegt þykir, að stefndi greiði stefnendum, K og M, kr. 110.810 í málskostnað. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnenda, Hirti Torfasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 60.000 í talsmannslaun.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari og meðdómendurnir Halldór Þorbjörnsson lögfræðingur og Guðjón Guðnason yfirlæknir.

Dómsorð:

Stefndi, stjórnarnefnd ríkisspítalanna, heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra, öll fyrir hönd ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, K og M f. h. sonar þeirra, S.

Krafa stefnenda, K og M, um, að viðurkennd verði fébótaábyrgð stefnda, stjórnarnefndar ríkisspítalanna, heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra, allra fyrir hönd ríkissjóðs, á því atferli, að ekki var framkvæmd fóstureyðing hjá stefnanda K í febrúar 1964, er tekin til greina.

Stefndi greiði stefnendum, K og M, kr. 110.810 í málskostnað. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnenda kr. 60.000 í talsmannslaun.

Miðvikudaginn 26. febrúar.

Nr. 150/1973. **Bjarni Bender og Ingi B. Ársælsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Hljómsveit Guðjóns Pálssonar:
Guðjóni Pálssyni
Ómari Axelssyni
Guðjóni Inga Sigurðssyni
Eyþóri Þorlákssyni og
Sigurbjörgu Sveinsdóttur
(Hörður Einarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. september s. á. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Lögð hafa verið fram í Hæstarétti nokkur ný gögn.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að hljómsveit þeirra hafi verið ráðin til hljóðfæraleiks hjá einkafyrirtæki áfrýjenda, Leikhúskjallaranum, í 6 mánuði frá 1. maí til 1. nóvember 1967. Skyldi hljómsveitinni tryggð a. m. k. 17 klukkustunda vinna á viku nefnt tímabil. Skyldi vinnan innt af höndum á tilteknum vikudögum. Laun skyldu vera kr. 1.235 á klukkustund. Lágmarkskauptrygging hljómsveitarinnar hafi því átt að vera kr. 20.995 á viku. Enginn ágreiningur er með aðiljum um tímakaupið, en af hálfu áfrýjenda er því mótmælt, að stefndu hafi verið ráðin til 6 mánaða, svo og því, að stefndu skyldi tryggt framangreint lágmarkskaup á viku. Þá fullyrða áfrýjendur, að í ráðningarsamningi hafi verið gert ráð fyrir, að Leikhúskjallaranum yrði lokað eftir

mánaðamótin júní-júlí 1967 vegna viðgerðar, er eigi tæki skemmri tíma en mánuð. Hefði verið samkomulag um, að stefndu fengju eigi laun þann tíma.

Upplýst er, að stefndu gegndu öll hljómleikastörfum á öðrum veitingahúsum, er ráðningarsamningur aðilja var gerður í mars 1967. Sögðu þau þessum störfum upp með mánaðarfyrirvara, áður en þau hófu störf hjá áfrýjendum hinn 1. maí. Með hliðsjón af þessu svo og framburði stefndu þykir ljóst, að stefndu hafi mátt skilja afstöðu áfrýjenda svo, að þeim væri tryggður vinnusamningur um nokkurt tímabil. Gögn máls um framkvæmd vinnusamningsins sýna, að stefndu voru greidd laun fyrir minnst 17 stundir á viku, hvort sem þær voru unnar eða ekki, í 9 vikur frá upphafi samningstímans 1. maí, þar til Leikhúskjallaranum var lokað vegna viðgerðar eftir fyrstu helgina í júlí. Þegar þessa er gætt og svo aðdragandans að ráðningu stefndu, þykir verða að leggja til grundvallar, að þeim hafi með nefndum vinnusamningi verið tryggð greiðsla fyrir minnst 17 stundir á viku allan samningstímann. Eins og rakið er í héraðsdómi, var Leikhúskjallaranum lokað vegna viðgerðar frá 3. júlí til 3. september 1967. Ósannað er gegn mótmælum stefndu, að svo hafi um samist, að þau tækju ekki laun þann tíma, sem lokað var. Stefndu hófu aftur störf 4. september, en tveim vikum síðar, hinn 17. september, létu þau af störfum hjá áfrýjendum, þar sem þau fengu ekki greidd laun þann tíma, sem lokað var, og aðeins greiðslu fyrir 13½ klukkustund á viku í september.

Eins og áður segir, þykir sannað með gögnum máls, að stefndu hafi mátt ætla, að þeim væri tryggður vinnusamningur um nokkurn tíma. Ekki hafa þau þó fært sönnur á, að samningurinn hafi átt að gilda í 6 mánuði. Þegar virt er efni vinnusamningsins og tildrög hans, þykja stefndu hins vegar hafa átt rétt á hæfilegum uppsagnarfresti. Stefndu var rétt að hætta fyrirvaralaust störfum hjá áfrýjendum vegna vanefnda þeirra á því að greiða þeim laun þau, sem þeim bar. Þykja bætur vegna þessa, eins og atvikum er háttað, hæfilega ákveðnar kr. 60.000.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjendur óskipt til að greiða stefndu laun fyrir tímabilið 3. júlí til 3. september 1967, kr. 188.955, vangreidd laun 4. til 17. september s. á., kr. 8.645, og framangreindar bætur, kr. 60.000, alls kr. 257.600 með 7% ársvöxtum af kr. 197.600 frá 15. september 1967 til 12. janúar 1968, en af kr. 257.600 frá þeim degi til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði óskipt stefndu kr. 90.000 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Bjarni Bender og Ingi B. Ársælsson, greiði óskipt stefndu, hljómsveit Guðjóns Pálssonar: Guðjóni Pálssyni, Ómari Axelssyni, Guðjóni Inga Sigurðssyni, Eyþóri Þorlákssyni og Sigurbjörgu Sveinsdóttur, kr. 257.600 með 7% ársvöxtum af kr. 197.600 frá 15. september 1967 til 12. janúar 1968, en af kr. 257.600 frá þeim degi til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði óskipt stefndu kr. 90.000 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. júní 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. maí sl., hefur Guðjón Pálsson hljóðfæraleikari, Bókhlöðustíg 8, Reykjavík, f. h. hljómsveitar Guðjóns Pálssonar höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. janúar 1968, á hendur Bjarna Bender veitingamanni, Skipasundi 15, og Inga B. Ársælssyni veitingamanni, Ljósheimum 18, báðum í Reykjavík, til þess að þeir verði in solidum persónulega og vegna einkafyrirtækis síns, Leikhúskjallarans, Þjóðleikhúsinu við Hverfisgötu, einnig í Reykjavík, dæmdir til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 275.790 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 197.600 frá 15. september 1967 til útgáfudags stefnu þessarar 12. janúar 1968 og af kr.

275.790 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt aukatekjulögum og lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu hinna stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og stefnanda dæmt að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Málavöxtum er lýst í stefnu á þessa leið:

„Frá 1. maí 1967 var hljómsveit Guðjóns Pálssonar, sem skipuð var hljóðfæraleikurunum Guðjóni Pálssyni, hljómsveitarstjóra, Ómari Axelssyni, Guðjóni Inga Sigurðssyni, Eyþóri Þorlákssyni og Sigurbjörgu Sveinsdóttur söngkonu, ráðin til hljóðfæraleiks í veitingastaðnum Leikhúskjallaranum, einkafyrirtæki stefndu. Meðlimir hljómsveitarinnar sögðu allir upp föstum störfum við hljóðfæraleik í öðrum veitingahúsum, þegar þeir réðu sig til Leikhúskjallarans. Ráðningarkjör voru þau, að laun hljómsveitarinnar skyldu vera kr. 1.235.00 á klukkustund (að meðtöldu orlofi o. fl.) og hljómsveitinni tryggð a. m. k. 17 klukkustunda vinna á viku, sem innt skyldi af hendi á fimmtudags-, föstudags-, laugardags og sunnudagskvöldum. Kauptrygging hljómsveitarinnar varð þannig kr. 20.995.00 á viku. Ráðningartímabilið var 6 mánuðir, þ. e. frá 1. maí til 1. nóvember 1967. Ráðningarsamningurinn var munnlegur. Um mánaðamót maí-júní 1967 skýra stefndu hljómsveitarstjóranum frá því, að verið geti, að þeir verði að loka veitingastaðnum um smátíma á næstunni, þar sem heilbrigðisyfirvöld hafi krafist breytinga á salernum hússins. Stefndu kváðust þó ætla að reyna að komast hjá lokun með því að láta vinna að viðgerðunum í áföngum fyrri hluta viku, enda væri rekstrarstöðvun ákaflega óheppileg fyrir þá. Ef til lokunar kæmi, sögðu stefndu útilokað, að hún stæði lengur en 1 mánuð, og jafnframt tóku þeir skýrt fram, að hljómsveitin mundi fá sitt kaup, meðan á lokuninni stæði, enda vildu þeir umfram allt halda hljómsveitinni. Síðan er ekkert á þetta efni minnst fyrr en um það bil einni viku fyrir mánaðamót júní-júlí 1967, en þá skýra stefndu frá því, að húsinu verði lokað um mánaðartíma, þ. e. júlímánuð, vegna fyrrnefndra breytinga. Færa stefndu það nú í tal við hljómsveitarstjórann, hvort hljómsveit hans mundi fáanleg til þess að leika á héraðsmótum Framsóknarflokksins á Austurlandi í júlímánuði. Meðlimir hljómsveitarinnar voru tregir til að takast á hendur slíka ferð, en féllust þó á það til þess að létta undir með stefndu. Af þessu varð þó ekki, þar sem stefndu tókst ekki að fá þessa vinnu fyrir hljómsveitina. Gerði stefndi Bjarni þá tilraun að fá vinnu fyrir hljómsveitina á Hótel Sögu í júlímánuði, en hótel-

stjórinn, Konráð Guðmundsson, kvaðst ekki hafa þörf fyrir aðra hljómsveit fyrr en í ágústmánuði, þegar hin fastráðna hljómsveit Hótel Sögu færi í sumarleyfi. En stefndi sagði það vera of seint, því að þá yrði búið að opna Leikhúskjallarann aftur. Eftir helgina 1.-2. júlí 1967 var Leikhúskjallaranum lokað vegna fyrirhugaðrar viðgerðar, og átti húsið þá að vera lokað júlímánuð, eins og fyrr segir. Í þau skipti, sem hljómsveitarstjórinn kom að máli við stefnda Bjarna í júlímánuði út af kaupgreiðslum til hljómsveitarinnar, gerði Bjarni mikið úr þeim erfiðleikum, sem stefndu ættu í vegna rekstrarstöðvunarinnar, en hafði við orð, að úr þeim mundi rakna, strax og húsið yrði opnað aftur. Fékk hljómsveitin engin laun greidd, eftir að Leikhúskjallaranum var lokað í byrjun júlímánaðar. Þegar hljómsveitarstjórinn hafði samband við stefnda Bjarna í lok júlímánaðar, tjáði Bjarni honum, að Leikhúskjallarinn yrði ekki opnaður aftur fyrstu helgina í ágúst, eins og ráðgert hafði verið, heldur næstu helgi þar á eftir. Svo fór þó, að veitingahúsið var ekki opnað þá helgi heldur, og var opnun hússins þannig frestað frá einni viku til annarrar, þar til það loks var opnað aftur um aðra helgi í september. Þegar nokkuð var komið fram í ágústmánuð og rekstur Leikhúskjallarans hófst ekki að nýju, tók hljómsveitarstjórinn að ganga harðar eftir vinnulaunaskuld stefndu við hljómsveitina og fékk í lið með sér starfsmann Félags íslenskra hljóðfæraleikara, Sverri Garðarsson. Varð stefndi Ingi nú aðallega í fyrirsvari fyrir stefndu, og varð brátt ljóst, að hann ætlaði að reyna að komast hjá greiðslum með alls kyns undanbrögðum. Náði hann lengst í glæsilegri rökfimi sinni, þegar hann studdi synjun sína um greiðslu þeim „rökum", að honum hefði ekki dottið annað í hug en meðlimir hljómsveitarinnar færu á síld, á meðan Leikhúskjallarinn væri lokaður. Þegar að því leið, að Leikhúskjallarinn opnaði aftur á sl. hausti, og stefndu ræddu við hljómsveitarstjórann um leik hljómsveitar hans í Leikhúskjallaranum, það sem eftir væri ráðningartímans, skýrði stefndi Ingi frá því, að stefndu yrðu nú að gera þá breytingu á rekstri sínum að hafa veitingahúsið opið aðeins tvö kvöld í viku, og lét hann á sér skilja, að stefndu væru ekki lengur sjálfráðir um rekstur fyrirtækis síns. Af þessum ástæðum vildu stefndu nú afnema umsamda kauptryggingu hljómsveitarinnar og greiða henni einungis eftir raunverulegum vinnustundafjölda. Meðlimir hljómsveitarinnar töldu sér ekki fært að fallast á þessa kauplækkun, og á fundi hljómsveitarstjórans og Sverris Garðarssonar, starfsmanns FÍH, með stefndu gerði hljómsveitarstjórinn

stefndu það tilboð, að hljómsveit hans léki í Leikhúskjallaranum út september, en leystu stefndu síðan frá ráðningarsamningnum og kjör hljómsveitarinnar væru óbreytt þennan eina mánuð. Kveður hljómsveitarstjórinn sér hafa skilist, að stefndu samþykktu þetta tilboð, enda hafi þeir ekki hreyft neinum athugasemdum. Hóf hljómsveitin síðan á ný leik í Leikhúskjallaranum um aðra helgi í september. Þegar kom til greiðslu launa fyrir fyrstu vikuna (4.-10. september), neituðu stefndu að greiða meira en nam launum fyrir unnar vinnustundir (13½ klukkustund), samtals kr. 16.672.50. Vegna þessara vanefnda tilkynnti Félag íslenskra hljóðfæraleikara f. h. hljómsveitarinnar stefndu með bréfi, dags. 15. september 1967, að hljómsveitin mundi hætta störfum í Leikhúskjallaranum frá og með 21. september 1967, jafnframt því sem félagið krafði stefndu um vangoldin vinnulaun hljómsveitarinnar, þá kr. 197.600.00, og áskildi hljómsveitinni jafnframt rétt til skaðabóta vegna vanefnda stefndu. Fyrir vinnuvikuna 11.-17. september greiddu stefndu hljómsveitinni laun á sama hátt og vikuna þar á undan, kr. 16.672.50. Eftir að hljómsveitin sagði upp starfi sínu hjá stefndu, fóru fram samkomulagsviðræður á milli aðiljanna, meðal annars með þátttöku fulltrúa FÍH og lögmanna stefndu, en þær viðræður voru árangurslausar. Til stóð, að FÍH efndi til verkfalls hjá stefndu, en frá því ráði var horfið, þar sem ágreiningsefni aðiljanna í máli þessu mun naumast geta talist vinnudeila í merkingu laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Hljómsveitin lagði niður störf hjá stefndu frá og með 21. september 1967 og leystist hljómsveitin þá upp."

Af hálfu hinna stefndu er skýrt svo frá málavöxtum í greinargerð, að í mars-apríl 1967 hafi Guðjón Pálsson komið að máli við þá og falað vinnu í Leikhúskjallaranum fyrir hljómsveit sína. Hafi það orðið að samkomulagi, að hann gæti fengið vinnu þar fyrir hljómsveitina frá 1. maí. Jafnframt hafi honum verið tjáð, að Leikhúskjallaranum yrði lokað um mánaðamótin júní-júlí vegna viðgerða og breytinga á húsnæðinu, en viðgerð sú tæki eigi skemmri tíma en mánuð. Hafi orðið að samkomulagi, að hljómsveitin tæki eigi laun fyrir þann tíma, er lokað yrði. Ekki hafi verið gerður skriflegur ráðningarsamningur. Hinir stefndu kveða viðgerðina hafa tekið lengri tíma en ætlað hafi verið, og hafi eigi verið opnað aftur fyrr en viku af september. Nokkrum dögum áður hafi stefnandi komið að máli við þá og krafist launa fyrir tímabil það, sem lokað hafi verið. Hafi því umsvifalaust verið

hafnað. Hljómsveitin hafi eigi að síður hafið störf, er opnað hafi verið aftur, og unnið í hálfan mánuð og fengið kaup sitt skilvíslega greitt sem alltaf áður. Hafi hún að þeim tíma liðnum horfið frá störfum.

Aðiljayfirheyrslur og vitnaleiðslur hafa farið fram í máli þessu.

Stefnandi, Guðjón Pálsson, hefur skýrt svo frá, er hann kom fyrir dóm í máli þessu, að eins og fram komi í málavaxtalýsingunni, hafi verið samið um ákveðna upphæð á klukkustund og ákveðna kauptryggingu á viku, en þessi samningur byggist ekki á samningi Félags íslenskra hljóðfæraleikara og Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda (SVG). Tekur hann fram, að það sé aðeins tímakaupið, sem ekki sé í samræmi við áðurgreindan samning, en að öðru leyti sé hann í samræmi við hann.

Guðjón segir, að hljómsveitarmeðlimir hafi ekkert unnið júlímánuð 1967 og ágústmánuð, eða þar til opnað var aftur, nema þeir, sem áður höfðu unnið aðra vinnu jafnhliða hljóðfæraleiknum. Segir hann það vera aðeins tvo menn úr hljómsveitinni, sem haft hafi fasta vinnu með, en þeir séu Guðjón Ingi Sigurðsson og Ómar Axelsson. Vinni Ómar skrifstofustörf hjá Flugfélagi Íslands h/f, en Guðjón Ingi vinni við trésmíðar. Guðjón kveðst ekki kannast við, að samkomulag hafi verið um, að hljómsveitin tæki ekki laun fyrir júlímánuð, meðan veitingahúsinu var lokað. Kveðst hann ekki hafa heyrt það, fyrr en hann hafi séð það í greinargerð stefndu. Þá segir hann og, að fram að þeim tíma, sem Leikhúskjallaranum var lokað, hafi hljómsveitin alltaf fengið greiðslu, sem miðuð hafi verið við 17 tíma á viku, og hafi þeir fengið greitt fyrir meira, hafi þeir unnið lengri tíma. Þá segir hann og, að þegar komið hafi til tals, að hljómsveitin léki á héraðsmótum Framsóknarflokksins á Austurlandi í júlímánuði, hafi ætlunin verið sú, að þær greiðslur, sem hljómsveitin fengi fyrir það starf, gengju upp í kaupgreiðslur frá stefndu fyrir júlímánuð. Guðjón segir, að hljómsveitin hafi ráðið sig til stefndu síðast í marsmánuði 1967, þar sem þeir hafi þurft að segja upp starfi sínu hjá þeim, sem þeir unnu hjá áður, með mánaðarfyrirvara. Kveðst hann hafa spurt stefndu um það, hvort veitingastaðurinn ætti að vera opinn allt sumarið, og hafi þeir sagt svo vera, þ. e. a. s. Bjarni Bender, og hafi hann sagt, að ætlunin væri að reka skemmtistaðinn með skemmtikröftum allt sumarið. Kveður stefnandi þetta hafa verið forsendur fyrir því, að þeir stefnendurnir fóru úr öðru starfi og réðu sig hjá hinum stefndu. Guðjón kveðst hafa starfað sem hljómsveitarstjóri á Hótel Borg, næst áður en

hann réð sig til stefndu, og hafi þeir Guðjón Ingi og Ómar Axelsson verið með sér í hljómsveitinni á Hótel Borg. Stefnandi, Guðjón, kveðst hafa byrjað að starfa hjá Loftleiðum hinn 1. október 1967, og kveður hann tekjur sínar hjá Loftleiðum frá 1. október 1967 til nóvember sama ár vera innifaldar í tölulið 3 b á bls. 3 í stefnu.

Sigurbjörg Sveinsdóttir, ein af stefnendum, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hún hafi ekki haft nein afskipti af samningsgerð, þegar hljómsveit stefnanda var ráðin til hinna stefndu í Leikhúskjallarann, en hún segir, að sér hafi skilist, að hljómsveitin væri fastráðin til 6 mánaða með ákveðinni 17 vinnustunda tryggingu á viku. Hún kveðst ekki hafa verið viðstödd samningsgerð þá, sem um ræðir í máli þessu, og kveðst hún hafa sínar upplýsingar um það, hvernig samið hafi verið, frá hljómsveitarstjóranum. Hún segir hljómsveitarstjórann ekki hafa minnst á það, að til stæði, að Leikhúskjallaranum yrði lokað, fyrr en rétt áður en það var ger, og hafi hann þá ekki vitað, hversu lengi það yrði. Telur hún, að talað hafi verið um, að það yrði í allra lengsta lagi einn mánuður, sem lokað yrði. Hún kveður meðlimi hljómsveitarinnar alltaf hafa verið til staðar og hafi þeir verið tilbúnir að hefja vinnu á ný, þegar opnað yrði. Þá kveður Sigurbjörg hljómsveitarstjórann hafa haft það eftir hinum stefndu, að hljómsveitin fengi kaup, meðan lokað væri.

Eyþór Þorláksson, einn af stefnendum, hefur skýrt svo frá, er hann kom fyrir dóm í máli þessu, að hann hafi ekki haft nein afskipti af samningsgerð, þegar hljómsveit stefnanda var ráðin til hinna stefndu í Leikhúskjallarann, og ekki heldur hafi hann verið viðstaddur, þegar samningar fóru fram. Hann kveður hljómsveitarstjórann hafa skýrt sér frá því, að hljómsveitin væri ráðin til 6 mánaða með 17 vinnustunda tryggingu á viku. Kveður hann trygginguna hafa verið bunda við ákveðna daga vikunnar, þ. e. fimmtudaga frá klukkan 2000-2330, föstudaga frá klukkan 2000-0100, laugardaga frá klukkan 2000-0100 og sunnudaga 2000-2330. Eyþór kveður hljómsveitarstjórann ekki hafa minnst á það við sig, að til stæði, að Leikhúskjallaranum yrði lokað á ráðningartímanum vegna lagfæringa. Kveðst hann hafa fært það í tal við hljómsveitarstjórann að fá mánaðarfrí á samningstímanum, en hann hafi ekki séð sér fært að veita það. Eyþór kveður það hafa verið hinn 30. júní 1967 sem hljómsveitarstjórinn hafi tilkynnt þeim í hljómsveitinni, að veitingastaðnum yrið lokað um sinn vegna lagfæringa. Segir hann, að stefndi Bjarni hafi þetta sama

kvöld tilkynnt hljómsveitarstjóranum þessa ákvörðun, en eigi getað sagt með vissu, hversu lengi yrði lokað, þar sem þeir hefðu ekki með framkvæmdirnar að gera, kannski yrði það hálfur mánuður, kannski mánuður, en þó ekki gert ráð fyrir, að það yrði lengra en einn mánuður. Segir Eyþór, að hljómsveitarstjórinn hafi tilkynnt þeim í hljómsveitinni um leið eftir stefnda Bjarna, að hljómsveitin fengi kauptrygginguna greidda fyrir þann tíma, sem lokað yrði. Eyþór kveðst hafa verið til staðar allan tímann, meðan lokað var, og ekki farið neitt burtu né unnið annars staðar á meðan. Kveðst hann hafa byrjað aftur að vinna, þegar Leikhúskjallarinn var opnaður aftur hinn 8. september 1967, og unnið þar til og með 17. september sama ár, þegar hljómsveitin hætti í Leikhúskjallaranum. Kveðst hann síðan ekkert hafa unnið að hljóðfæraleik fram til áramóta 1967-68, er hann byrjaði að leika á Hótel Borg. Á þessu tímabili kveðst hann lítillega hafa fengist við kennslu, einnig á meðan hann var starfandi í Leikhúskjallaranum.

Guðjón Ingi Sigurðsson, einn af stefnendum, hefur skýrt svo frá fyrir dómi í máli þessu, að hann hafi ekki verið viðstaddur samningsgerð þá, sem um ræðir í málinu. Hins vegar kveðst hann hafa þær upplýsingar frá hljómsveitarstjóranum, að hljómsveitin hafi verið ráðin með 17 vinnustunda tryggingu á viku, sem bundin hafi verið við fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld. Guðjón Ingi kveður, að hljómsveitarstjórinn hafi alls ekki minnst á það, að Leikhúskjallaranum mundi lokað um tíma umrætt sumar 1967, þvert á móti hafi verið um það rætt, að haldið yrði áfram af fullum krafti með skemmiatriði ráðningartímabilið, en hann kveður það hafa verið 6 mánuði. Guðjón kveður hljómsveitarstjórann hafa tilkynnt hljómsveitinni þann 30. júní 1967, að Leikhúskjallaranum yrði lokað um tíma vegna lagfæringa, og hafi verið talað um, að það yrði aðeins mjög stuttur tími sem lokað yrði af þessum ástæðum. Hann telur, að hljómsveitarstjórinn hafi ekki vitað um þessa lokun, fyrr en um leið og hann tilkynnti það hljómsveitinni. Segir Guðjón, að talað hafi verið um, að trygging yrði greidd, á meðan á lokuninni stæði, samkvæmt því sem hljómsveitarstjórinn hafi tilkynnt hljómsveitinni. Allan þann tíma, sem Leikhúskjallaranum var lokað, eða rúma tvo mánuði, að mætti telur, kveðst hann hafa verið til staðar hér í bænum og aldrei farið neitt burtu í lengri tíma. Hann kveðst hafa byrjað að starfa í hljómsveit á Hótel Sögu hinn 1. október 1967, eftir að hann hætti störfum í Leikhúskjallaranum.

Ómar Axelsson, einn af stefnendum, hefur skýrt svo frá fyrir dómi í máli þessu, að hann hafi verið starfandi í hljómsveit Guðjóns Pálssonar sumarið 1967, eða á þeim tíma, sem um ræðir í máli þessu, en kveðst ekki hafa verið viðstaddur samningsgerð við forráðamenn Leikhúskjallarans. Hann kveður hljómsveitarstjórann hafa tjáð sér, að samið væri um 17 stunda tryggingu á viku, bundna við fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld. Minnist Ómar þess ekki, að hljómsveitarstjórinn gæti þess neitt í upphafi, að lokað yrði á sumrinu, en hinn 30. júní hafi hann skýrt þeim hljómsveitarmönnum frá því, að lokað yrði um tíma vegna lagfæringa, og kveðst hann telja, að hljómsveitarstjórinn hafi ekki vitað það, fyrr en ákveðið var, að svo yrði gert. Segir hann, að talað hafi verið um, að lokað yrði í mánuð eða jafnvel styttri tíma. Ómar segir, að þeim hljómsveitarmönnum hafi verið sagt, að þeir yrðu á kaupi, á meðan lokað yrði. Hann segir, að liðin muni hafa verið vika af septembermánuði, þegar hljómsveitin hafi byrjað að leika á ný í Leikhúskjallaranum. Kveðst hann hafa verið til staðar í bænum allan þann tíma og hafi ekkert unnið annað í millitíðinni, þ. e. a. s. nein önnur aukastörf, en hann kveðst alltaf hafa verið í föstu starfi sem skrifstofumaður með hljóðfæraleiknum. Ómar kveðst ekki hafa fengið starf sem hljómlistarmaður aftur fyrr en í nóvember 1967 og þá aðeins einu sinni í viku. Hann segir, að talað hafi verið um, að ráðningartími hljómsveitarinnar væri 6 mánuðir.

Vitnið Sverrir Garðarsson hljómlistarmaður hefur skýrt svo frá fyrir dómi í máli þessu, að það hafi verið um mitt sumar 1967, að Guðjón Pálsson, hljómsveitarstjóri í Leikhúskjallaranum, hafi komið til sín og tjáð sér, að búið væri að loka honum, og kveður vitnið Guðjón hafa sagt sér, að stöðvaðar hefðu verið launagreiðslur hljómsveitarinnar um líkt leyti og þyrfti hann því aðstoðar við í sambandi við innheimtu launanna. Vitnið segir, að er það hafi farið að inna Guðjón eftir því, hvernig samið hefði verið, þá hafi Guðjón sagt sér, að hljómsveitin hefði verið ráðin frá 1. maí 1967 til 1. nóvember 1967, og segir vitnið sér hafa skilist, að það hafi verið ákveðið til að byrja með. Vitnið segir, að hljómsveitin hafi haft 17 tíma tryggingu á viku, en um það bil mánuði eftir að þeir hafi byrjað að leika, eða um 1. júní 1967, hafi veitingamennirnir tjáð hljómsveitinni, að það gæti orðið um mánaðarstopp vegna lagfæringa á salernum Þjóðleikhússins. Vitnið kveður hljómsveitina hins vegar hafa ráðið sig í þeirri góðu trú, að um framtíðarstarf væri að ræða. Vitnið kveður Guðjón

einnig hafa sagt sér, að veitingamennirnir í Leikhúskjallaranum væru að reyna að selja hljómsveitina á aðra staði til þess að létta útgjöldum fyrir sjálfa sig. Kveður vitnið Svavar Gests, sem þá hafi verið formaður Félags íslenskra hljómlistarmanna, hafa kannað, hvort eitthvað væri hæft í því, að veitingamennirnir væru að reyna að selja hljómsveitina á aðra staði, og hafi hann í því sambandi talað við Konráð Guðmundsson, veitingamann á Hótel Sögu, og hafi Konráð viðurkennt, að veitingamenn Leikhúskjallarans hefðu boðið honum hljómsveitina í júlímánuði umrætt sumar, en hann hafi hins vegar boðist til þess að taka hljómsveitina í ágústmánuði, en þá hafi veiingamennirnir talið, að þeir yrðu byrjaðir aftur í Leikhúskjallaranum. Vitnið segir, að þeir hafi litið svo á, hann og Svavar Gests, að með tilraunum hinna stefndu til þess að selja hljómsveitina hafi þeir viðurkennt greiðsluskyldu sína. Hinn 29. ágúst umrætt sumar kveðst vitnið hafa farið með hljómsveitarstjóranum, Guðjóni Pálssyni, og rætt við Inga B. Ársælsson, annan hinna stefndu, og þar hafi Ingi viðurkennt að hafa ráðið hljómsveitina með 17 klukkustunda tryggingu á viku, sem hún hafi átt að inna af hendi á 4 dögum vikunnar, en þar sem hann hafi viljað halda hljómsveitinni, hafi hann beðið um, að tryggingin yrði lækkuð niður í 10 tíma á viku, sem inntir væru af hendi á tveimur dögum. Vitnið segir, að hinn 6. september 1967 hafi það farið með Guðjóni Pálssyni til Bjarna Bender og þar hafi Bjarni ekki neitað réttmæti kaupkrafna hljómsveitarinnar og hafi Bjarni þá haft samband við Inga B. Ársælsson símleiðis og hafi Bjarni haft það eftir Inga, að hann skildi vel sjónarmið hljómsveitarmanna í sambandi við kaupkröfurnar, en hljómsveitin yrði að sækja það eftir öðrum leiðum. Vitnið kveður Bjarna í þetta sinn hafa sagt, að hann hefði getað selt hljómsveitina á Hótel Sögu í ágústmánuði og tvo mánuði á veitingahúsið Röðul og sparað sér þar með útgjöld. Enn fremur kveður vitnið Bjarna hafa sagt, að viðgerðin hefði alltaf dregist frá viku til viku fram yfir það, sem þeir hefðu upphaflega búist við. Þá segir vitnið, að næsta dag, þ. e. 7. september, hafi þeir aftur hitt Bjarna Bender og hafi hann þá viðurkennt, að þeir veitingamennirnir hafi ráðið hljómsveitina allt sumarið.

Ingi Björgvin Ársælsson hefur skýrt svo frá, er hann kom fyrir dóm í máli þessu, að það hafi verið tekið fram af hálfu hinna stefndu, þegar stefnandi réð sig til þeirra, að veitingastaðnum yrði lokað að minnsta kosti mánaðartíma, og segir stefndi Ingi, að það hafi ekki verið á sínu valdi eða þeirra stefndu að hafa

áhrif á tímalengd framkvæmdanna, þar sem framkvæmdir þessar hafi heyrt undir þjóðleikhússtjóra, sem hafi verið leigusali. Stefndi Ingi segir, að legið hafi fyrir bréf um lagfæringar á húsnæðinu frá heilbrigðiseftirlitinu, þar sem þess hafi verið skilyrðislaust krafist, að umræddar lagfæringar færu fram. Segir hann, að það hafi komið skýrt fram af hálfu hinna stefndu þegar í upphafi, að hljómsveitin fengi eigi greidd laun, meðan á lagfæringum þessum stæði. Einnig hafi verið svo um samið, að hljómsveitin hæfi aftur störf hjá stefndu að loknum umræddum lagfæringum, og hafi talast svo til, að hljómsveitinni væri frjálst að leita sér annarra starfa á meðan, hvor sem væri hljómsveitarstörf eða á öðrum sviðum. Stefndi Ingi kveðst hafa haft hönd í bagga með ráðningu hljómsveitarinnar, en þó muni hljómsveitarstjórinn fyrst hafa talað við meðstefnda Bjarna Bender, enda muni þeir hafa verið eitthvað kunnugir fyrir, en sjálfur kveðst stefndi Ingi ekki hafa þekkt hljómsveitarstjórann, Guðjón Pálsson, neitt persónulega. Hann segir, að þegar ráðning hljómsveitarinnar hafi átt sér stað, hafi þeir stefndu báðir og hljómsveitarstjórinn hist einu sinni, að hann telur, og kveðst hann geta bætt því við, að hljómsveitarstjórinn hafi sótt það nokkuð fast að fá þetta starf. Varðandi efni ráðningarsamningsins segir stefndi Ingi, að svo hafi verið samið, að hljómsveitin léki fjögur kvöld í viku, meðan leikár Þjóðleikhússins stæði yfir og leikið væri í Þjóðleikhúsinu. Og kveðst hann vilja taka fram í þessu sambandi, að starfsemi Leikhúskjallarans sé ákaflega nátengd starfsemi Þjóðleikhússins. Þessi fjögur kvöld, sem um hafi verið samið, segir stefndi Ingi, hafa verið fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld. Þá kveðst hann vilja bæta því við, að ráð hafi verið fyrir því gert, að hljómsveitin væri reiðubúin að taka að sér vinnu önnur kvöld, ef vinna félli til eða tilefni gæfist. Stefndi Ingi segir, að svo hafi verið um samið, að hljómsveitin fengi greitt fyrir þá vinnu, sem hún innti af hendi, en ekki hafi verið samið um neina lágmarkstryggingu fyrir hana á viku. Tekur hann og sérstaklega fram, að þegar hljómsveitin hafi unnið fjögur kvöld í viku, þá hafi það verið um það bil 17 tímar. Stefndi Ingi tekur einnig fram, að hljómsveitarstjóranum hafi verið fullkunnugt, hvers eðlis vinnan væri, eða mátt vera það kunnugt, þar sem hann muni áður hafa starfað við hljóðfæraleik í Leikhúskjallaranum. Stefndi Ingi tekur fram, að Leikhúskjallarinn hafi verið opnaður að viðgerð lokinni, eins fljótt og frekast hafi verið kostur á, og hafi það verið gert með undanþágu, þar sem

ekki hafi verið lokið endanlega frágangi á salernisskálum. Hann segir, að Leikhúskjallarinn hafi verið opnaður 7. september um haustið 1967, en þá hafi Þjóðleikhúsið ekki verið byrjað starfsemi sína og hafi þá verið haft opið aðeins þrjú kvöld í viku, meðan svo hafi verið, en að öðru leyti hafi starfsemi Leikhúskjallarans verið með eðlilegum hætti. Stefndi Ingi segir, að þeir stefndu hafi frekar gert ráð fyrir því, að lagfæringin tæki skemmri tíma en raun hafi orðið á, en hann kveðst vilja ítreka það, að þeir hafi ekki haft neina aðstöðu til að hafa áhrif á gang framkvæmdanna, enda þótt þeir hafi rekið á eftir framkvæmdunum við þjóðleikhússtjóra, eins og aðstæður hafi leyft, svo og við aðra þá, sem með viðgerðirnar hafi haft að gera. Stefndi Ingi gerir þær athugasemdir, eftir að honum hafði verið kynnt málavaxtalýsing stefnanda svo og framburður hljómsveitarstjórans, að hljómsveitarstjóranum hafi verið kunnugt um það þegar í upphafi, að húsinu yrði lokað um tíma vegna lagfæringa. Þá segir stefndi Ingi, að stefnanda hafi verið gert ljóst þegar í upphafi ráðningar, að ekki yrði um neinar kaupgreiðslur að ræða, meðan húsinu væri lokað. Tekur hann fram, að í sumum veitingahúsum sé venja að ráða hljómsveit aðeins frá degi til dags og megi m. a. af því sjá, hvílík fjarstæða það hefði verið að ráða hljómsveit á fullu kaupi og tiltekinn tíma, meðan engin starfsemi hafi átt sér stað í veitingahúsinu og þar af leiðandi engar tekjur. Stefndi Ingi segir, að tímakaup það, sem samið hafi verið um við stefnendur, hafi verið hærra en kjarasamningur Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags íslenskra hljóðfæraleikara hafi gert ráð fyrir á þeim tíma. Tekur hann og fram, að hann telji, að ekki hafi í þessu tilfelli verið um svo frábæra starfskrafta að ræða, að raunverulega væri tilefni til að greiða þeim hærra kaup en öðrum. Kveðst hann því líta á þessa greiðslu til þeirra sem ívilnun, enda hafi hljómsveitin ekki verið búin að geta sér neitt orð sem slík. Stefndi Ingi tekur fram, að allan þann tíma, sem hér um ræðir, hafi verið alveg örðugleikalaust að ráða hljómsveitir, enda hafi verið verulegt framboð á þeim á þessum tíma. Stefndi Ingi viðurkennir, að rétt sé, að þeir stefndu hafi gert tilraunir til þess að fá inni fyrir hljómsveitina, á meðan á lokun Leikhúskjallarans stóð, án þess þó að hann teldi þá stefndu á nokkurn hátt skuldbundna til þess, og telur stefndi þetta einungis hafa verið af velvilja gert. Þá segir stefndi Ingi, að launakröfum af hálfu stefnanda fyrir þann tíma, sem lokað hafi verið veitingahúsinu, hafi ekki verið hreyft fyrr en örfáum dögum áður en opnað var.

Stefndi Ingi segir, að í viðræðum þeim, sem fram hafi farið milli hans og hljómsveitarstjórans og fulltrúa FÍH, hafi Guðjón Pálsson látið í ljós, að honum þætti þetta ekki nægilega mikil vinna, en stefndi kveðst hafa gert honum fulla grein fyrir því, að starfsemi Leikhúskjallarans yrði með þessum hætti, jafnframt sem hann hafi gefið honum kost á því, sem áður hafi verið ráð fyrir gert, að annast hljómsveitarstörf í Leikhúskjallaranum innan þess ramma, sem stefndi kvaðst mundu ákveða eftir því sem tilefni gæfist til. Stefndi kveðst vilja taka fram til skýringar á framanrituðu, að rekstur hússins sé með þeim hætti, að aðra daga, t. d. þriðjudaga og miðvikudaga, komi fyrir, að samkvæmi séu haldin í húsinu, þar sem hljómsveit leiki, t. d. frá klukkan 2100-0100 eða 0200. Þá tekur stefndi fram, að eftir viðræður þær, sem fram hafi farið við hljómsveitarstjórann, hafi hann orðið þess var, að viðhorf hans hafi verið mjög einhliða, sem hafi komið m. a. fram í því, að hann hafi haft uppi óbilgjarnar og óraunhæfar kröfur, en haldið sig hins vegar ekki hafa neinar skyldur við stefnendur sem atvinnurekanda. Segir stefndi Ingi, að þessum viðskiptum við stefnanda hafi lokið með þeim hætti, að hann og hljómsveit hans hafi hætt störfum í Leikhúskjallaranum, og að því er stefndi segir sér virðast af þeirri ástæðu, að hljómsveitarstjórinn hafi ekki haft aðstöðu til að ákvarða sjálfur sinn vinnutíma og í raun inni rekstrarfyrirkomulag hússins. Stefndi Ingi segir, að lagfæring sú, sem fram hafi farið á veitingahúsinu í umrætt sinn, hafi verið umfangsmikil, en upphaflega, þegar þeir stefndu hafi rætt við þjóðleikhússtjóra um lagfæringar þær, sem staðið hafi fyrir dyrum, þá hafi verið gert ráð fyrir, að framkvæmdir mundu taka einn mánuð. Raunin hafi hins vegar orðið sú, að framkvæmdirnar hafi staðið yfir í 9 vikur. Stefndi Ingi tekur fram, að aldrei hafi orðið neitt samkomulag milli hans og Sverris Garðarssonar.

Stefndi Bjarni Bender Róbertsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi í máli þessu eftir að hafa staðfest málavaxtalýsingu í greinargerð á dskj. nr. 4, að tímakaupið sé rétt tilgreint af hálfu stefnanda, en hins vegar hafi stefnanda ekki verið tryggð nein lágmarkskauptrygging á viku, en á þeim tíma, sem ráðning hljómsveitarinnar hafi farið fram, hafi yfirleitt verið um 17 klukkustunda vinnu að ræða á viku og stundum meira. Hafi og verið rætt um, að stefnandi nyti þeirrar vinnu, sem til félli, auk framangreindra fjögurra daga, sem opið hafi verið. Stefndi Bjarni Bender segir, að stefnanda hafi verið gert það ljóst, þegar við ráðningu, að veitingahúsinu yrði lokað um tíma, þar sem lægi

fyrir bréf frá heilbrigðisyfirvöldum, þar sem krafist væri lagfæringa að viðlagðri lokun. Segir stefndi Bjarni Bender, að þó hafi komið til tals að reyna að komast hjá lokun, ef hægt væri, en það hafi komið á daginn hins vegar, að það væri óumflýjanlegt að loka um tíma, meðan lagfæring færi fram. Um mánaðamót maí-júní segir stefndi Bjarni Bender, að þeir stefndu hafi aftur átt tal um þetta við stefnanda með það fyrir augum að segja hljómsveitinni upp með mánaðar fyrirvara, þar sem séð hafi verið, að ekki yrði komist hjá því að loka veitingastaðnum um sinn af áðurgreindum orsökum. Segir stefndi Bjarni Bender, að hljómsveitarstjórinn, Guðjón Pálsson, hafi þá sagt, að það kæmi sér mjög illa að fá uppsögn, þar sem hann væri tiltölulega nýráðinn í húsið og búinn að ráða menn úr öðrum hljómsveitum til sín, og hafi þá orðið að samkomulagi, að stefnanda yrði ekki sagt upp og gagnkvæmur skilningur kæmi til, er til lokunar kæmi, og hljómsveitin byrjaði aftur, þegar opnað yrði á ný. Segir stefndi Bjarni Bender, að komið hafi til tals, að báðir aðiljar reyndu að útvega stefnanda vinnu, þ. e. hljómsveitinni, á meðan á lokun veitingahússins stæði, og kveðst hann hafa reynt það, en þó án allrar skuldbindingar, en það hafi ekki tekist. Kveðst stefndi Bjarni Bender í þessu sambandi hafa hringt út á land og leitað fyrir sér með vinnu fyrir hljómsveitina og einnig hér innan bæjar. Hins vegar kveður hann aldrei hafa komið til greina, að stefnandi fengi greitt kaup frá stefndu þann tíma, sem lokað væri vegna viðgerðarinnar. Stefndi Bjarni Bender segir, að hann hafi ekki vitað neitt, hvað lagfæringin á Leikhúskjallaranum tæki langan tíma, en hann segir, að talað hafi verið um einn mánuð. Stefndi Bjarni Bender segir, að eins og áður sé fram komið, hafi aldrei komið til, að stefnandi fengi neinar greiðslur frá hinum stefndu, meðan Leikhúskjallaranum væri lokað vegna viðgerðanna. Hins vegar segir hann, að hljómsveitarstjórinn, Guðjón Pálsson, hafi komið til sín á þeim tíma, sem lokað var, og tjáð sér, að hljómsveitarmenn væru févana, og leitaði fyrir sér um, hvort stefndu vildu greiða þeim eitthvað sem fyrirframgreiðslu, er kæmi til frádráttar, þegar þeir hæfu störf að nýju, eftir að opnað væri. Kveðst hann hafa svarað þessari málaleitan hljómsveitarstjórans neitandi, þar sem enginn rekstur væri í veitingahúsinu. Stefndi Bjarni Bender segir, að þeir stefndu hafi gert það, sem í þeirra valdi hafi staðið, til þess að framkvæmdum í Leikhúskjallaranum yrði hraðað eins og hægt væri, þannig að hægt væri að opna sem fyrst á ný. Hann segir, að það sé rétt, að þeir stefndu hafi orðið

að takmarka rekstur veitingahússins við tvö kvöld í viku, fyrst eftir að opnað hafi verið á ný í september, enda hafi þá Þjóðleikhúsið ekki verið tekið til starfa að loknu sumarleyfi. Tekur hann fram, að það hafi verið að sjálfsögðu þeirra stefndu að ákveða rekstrarfyrirkomulag veitingahússins, enda hafi hljómsveitin alltaf fengið greidda þá vinnu, sem þeir hafi unnið, enda hafi þeir leikið meira en þessa tvo föstu daga, sem áður séu nefndir. Stefndi Bjarni Bender kveðst munu hafa átt frumkvæðið að því að tala við hljómsveitarstjórann Guðjón um það, að þá stefndu kæmi til með að vanta músik í Leikhúskjallarann, og síðan hafi það þróast á þann veg, að Guðjón hafi ráðið sig hjá þeim stefndu með hljómsveit sína.

Hefur nú verið rakið það helsta, sem fram hefur komið við aðiljayfirheyrslur og vitnaleiðslur í málinu.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar sem hér segir:

1.	Laun fyrir vinnuvikurnar 3/7-3/9, 9 vikur, kr. 20.995 pr. viku	kr. 188.955
2.	Eftirstöðvar vinnulauna fyrir vinnuvikurnar 4/9-17/9, 2 vikur, kr. 4.322.50 pr. viku	— 8.645
		Kr. 197.600
3.	Bótakrafa vegna samningsrofa:	
a.	Umsamin laun fyrir vinnuvikurnar 18/9-29/10, 6 vikur, kr. 20.995 pr. viku, samtals kr. 125.970	
b.	Frá dragast tekjur meðlima hljómsveitarinnar af hljóðfæraleik 21/9-1/11, kr. 47.780	— 78.190
		Samtals kr. 275.790

Eins og þegar er fram komið, reisir stefnandi dómkröfur sínar í máli þessu á því, að um samningsrof hafi verið að ræða af hálfu hinna stefndu, og eigi hann því bótakröfur á hendur þeim vegna þess tjóns, sem hann hafi af því beðið. Samið hafi verið munnlega um það, að ráðningartímabilið skyldi vera 6 mánuðir, þ. e. frá 1. maí til 1. nóvember, en ráðningarkjör þau, að laun hljómsveitarinnar skyldu vera kr. 1.235 á klukkustund (að meðtöldu orlofi o. fl.), og hljómsveitinni tryggð að minnsta kosti 17 klukkustunda vinna á viku, sem innt skyldi af hendi á fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöldum. Kauptrygging hljómsveitarinnar hafi þannig verið kr. 20.995 á viku. Þennan samning hafi hinir stefndu vanefnt með því að neita að greiða

stefnanda fyrir þann tíma, sem Leikhúskjallaranum hafi verið lokað á samningstímanum, og draga síðan af kaupinu, eftir að opnað var á ný, en enginn fyrirvari hafi verið gerður af hálfu hinna stefndu um, að lokað yrði og að greiðslur til stefnanda féllu niður á meðan eða lækkuðu af þeim sökum.

Hinir stefndu reisa hins vegar sýknukröfu sína á því, að stefnanda hafi þegar í upphafi verið tjáð, að Leikhúskjallaranum yrði lokað um mánaðamótin júní-júlí vegna viðgerðar og breytinga á húsnæðinu, en sú viðgerð tæki eigi skemmri tíma en mánuð. Hafi orðið að samkomulagi, að hljómsveitin tæki eigi laun fyrir þann tíma, sem lokað yrði, heldur fengi hún aðeins greitt fyrir þá vinnu, sem hún innti af hendi, og ekki hafi verið samið um neina lágmarkstryggingu fyrir hana á viku. Hljómsveitin hafi fengið alla þá vinnu, sem hún hafi innt af hendi fyrir stefndu, skilvíslega greidda og eigi því engar kröfur á hendur hinum stefndu í máli þessu.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, er ekki ágreiningur um lengd upphaflegs ráðningartíma, það er 6 mánuðir. Hins vegar greinir aðilja á um eftirgreind atriði:

1. Hvort stefnanda hafi verið það ljóst þegar við upphaf ráðningartímans, að gera mætti ráð fyrir eins mánaðar hléi (eða lengra) án launa.
2. Hvort samið hafi verið um lágmarkskauptryggingu.

Eins og þegar er fram komið, var ekki gerður neinn skriflegur samningur um ráðningu þá, sem mál þetta er risið af, heldur samið munnlega.

Samkvæmt vottorðum á dskj. nr. 5 og nr. 8, sem ekki hefur sérstaklega verið mótmælt, sögðu allir meðlimir hljómsveitarinnar upp föstum störfum í hljóðfæraleik í öðrum veitingahúsum, þegar þeir réðu sig til hinna stefndu. Gegn eindregnum mótmælum stefnanda, sem studd eru með framburði vitnisins Sverris Garðarssonar, þykja stefndu eigi hafa fært sönnur að þeirri staðhæfingu sinni, að svo hafi samist, að stefnandi nyti eigi launa allt samningstímabilið. Hið sama gildir, að því er tekur til staðhæfinga hinna stefndu um það, að eigi hafi verið um neina lágmarkskauptryggingu samið.

Stefnandi hefur dregið frá kröfum sínum í málinu laun fyrir hljóðfæraleik, sem hann hefur fengið frá öðrum aðiljum á samningstímabilinu, eftir að hann hætti hjá hinum stefndu. Þykir því bera að taka kröfur hans, sem ekki hefur verið mótmælt tölulega, til greina að fullu, þó þannig, að vextir ákveðast 7% ársvextir frá

15. september 1967 til 1. maí 1973, en 9% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber því að dæma hina stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 55.000.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Bjarni Bender og Ingi B. Ársælsson, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan persónulega og vegna einkafyrirtækis þeirra, Leikhúskjallarans, stefnanda, hljómsveit Guðjóns Pálssonar, kr. 275.790 með 7% ársvöxtum af kr. 197.600 frá 15. september 1967 til 12. janúar 1968 og sömu ársvöxtum af kr. 275.790 frá þeim degi til 1. maí 1973, en 9% ársvöxtum af kr. 275.790 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 55.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 27. febrúar 1975.

Nr. 104/1974. **Gísli Hafsteinsson og**
Sigríður Valdimarsdóttir
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Þuríði Axelsdóttur
og gagnsök
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Barn. Innsetningaraðgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Briem Jónsson, setufógeti í Þingeyjarsýslu, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnum 28. maí og 21. júní 1974. Krefjast þau þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að þeim verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi, sem fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 1. júlí 1974, áfrýjaði málinu með stefnu 4. júní s. á. Krefst hún staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar, þó svo, að henni verði dæmdur málskostnaður í héraði, eins og málið væri þar eigi gjafsóknarmál. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda, svo sem málið væri þar eigi gjafvarnarmál.

Allmörg ný gögn hafa komið fram fyrir Hæstarétt, og hafa aðiljar máls komið fyrir dóm og nokkur vitni.

Leitt er í ljós, að gagnáfrýjandi fór til Raufarhafnar hinn 1. október 1974 og fékk sér þar afhent barnið Herborgu Gísladóttur, er mál þetta varðar. Hefur Herborg dvalist með móður sinni, gagnáfrýjanda, óslitið síðan. Aðaláfrýjandi Gísli Hafsteinsson var eigi hér á landi, er gagnáfrýjandi fékk barnið til sín, og hefur hann lýst sig andvígan brottför barnsins frá Raufarhöfn.

Af hálfu barnaverndarnefndar Reykjavíkur hefur farið fram nokkur könnun á heimilisháttum og afkomu gagnáfrýjanda, og m. a. tengslum barnsins Herborgar við hana svo og tengslum Herborgar við systur sína, er elst upp þar á heimilinu. Fylgir greinargerð þessi bréfi barnaverndarnefndar Reykjavíkur frá 1. nóvember 1974 til lögmanna aðilja, og er hún meðal gagna máls. Í yfirlýsingu 30. október 1974 frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur greinir frá því, að nefndin hafi ákveðið „að kyrrsetja barnið Herborgu Gísladóttur . . . á heimili móður hennar Þuríðar Axelsdóttur . . . þar til dómur hefur fallið í hæstaréttarmálinu nr. 104/1974 eða þar til barnaverndarnefnd ákveður annað". Eigi er frá því greint samkvæmt hvaða lagaheimild þessi ákvörðun sé gerð og eigi heldur hvaða gögn hafi legið fyrir nefndinni, er þessi úrlausn var veitt.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð greinargerð frá barna-

verndarnefnd Raufarhafnar, dags. 21. október 1974. Lýsir nefndin því, að breytingar hafi orðið á heimilishögum aðaláfrýjanda, síðan álitsgerð nefndarinnar frá 9. maí 1974 var látin uppi, en sú álitsgerð er rakin í hinum áfrýjaða úrskurði. Fram hafi komið „mjög mikið kæruleysi hjá Gísla gagnvart heimili sínu og fjölskyldu, svo sem tíð ferðalög hans burt af staðnum og jafn vel til annarra landa fyrirvaralaust". Hafi það aftur haft í för með sér, að kona hans hafi orðið að taka að sér störf hans „og þar af leiðandi hefur hún ekki getað sinnt heimili þeirra eins og skyldi". Er það niðurstaða nefndarinnar „að tvímælalaust muni það verða barninu fyrir bestu að verða áfram hjá móður sinni í Reykjavík, en þangað er hún komin núna . . . "

Gagnáfrýjandi Þuríður Axelsdóttir hefur foreldraráð barnsins Herborgar samkvæmt 3. málsgr. 22. gr. laga nr. 95/1947. Barnaverndarnefnd Raufarhafnar hefur, svo sem rakið var, eigi úrskurðað, að barnið skuli vera hjá aðaláfrýjendum, sbr. 3. málsgr. 36. gr. laga nr. 33/1966, heldur lýst þeirri skoðun sinni, að það muni vera barninu fyrir bestu að dveljast áfram hjá gagnáfrýjanda. Ber samkvæmt þessu að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar. Rétt þykir að staðfesta úrlausn fógeta um málskostnað og gjafsóknarkostnað.

Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 85.000, er renni í ríkissjóð. Allur gjafvarnarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 65.000.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Gísli Hafsteinsson og Sigríður Valdimarsdóttir, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 85.000, sem renni í ríkissjóð.

Gjafvarnarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs

talsmanns gagnáfrýjanda, Sveins Hauks Valdimarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 65.000.

Dóminum ber að fullnægja að viðlaðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Þingeyjarsýslu 25. maí 1974.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 15. þ. m., hefur Sveinn H. Valdimarsson hæstaréttarlögmaður f. h. Þuríðar Axelsdóttur, Hjallavegi 54, Reykjavík, krafist úrskurðar um, að óskilgetin dóttir hennar og Gísla Hafsteinssonar, Herborg Gísladóttir, verði fengin henni með beinni fógetagerð, en barnið dvelst nú á heimili gerðarþola að Helgafelli á Raufarhöfn.

Er þess einnig krafist, að gerðarþoli verði úrskurðaður til þess að greiða fyllsta málskostnað að mati réttarins, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gerðarbeiðandi hefur með bréfi dómsmálaráðuneytisins 14. mars 1974 fengið gjafsókn í undirrétti.

Af hálfu gerðarþola eru gerðar þær réttarkröfur, *að* framkominni gerðarbeiðni verði hrundið og *að* gerðarbeiðanda verði dæmt að greiða málskostnað að skaðlausu.

Fógeti leitaði sátta, en sáttatilraun reyndist árangurslaus.

Málavextir eru þessir:

Það liggur fyrir í máli þessu, að um haustið 1968 hófu þau Þuríður Axelsdóttir og Gísli Hafsteinsson sambúð án hjúskapar, og bjuggu þau fyrst í Reykjavík. Í febrúar 1970 fluttust þau að Bjargi við Selfoss og dvöldust þar til vors, en 16. maí þ. á. fluttust þau að Votmúla í Sandvíkurhreppi og bjuggu þar, uns þau fluttust um fardagaleytið 1971 að Hellishólum í Fljótshlíðarhreppi.

Þau eignuðust á þessum tíma tvö stúlkubörn, Herborgu, fædda 23. desember 1968, sem mál þetta snýst um, og aðra dóttur, fædda 20. desember 1970.

Vegna ósamkomulags slitu Þuríður og Gísli sambúð sinni í september 1971, og fluttist Þuríður þá af heimilinu til Reykjavíkur og hafði með sér yngra barnið. Um orsakir sambúðarslitanna eru aðiljar ósammála, og vísast um það efni til rskj. nr. 15, 22, 30 og 31.

Þuríður taldi, að um það hefði verið rætt, að hún tæki eldra barnið til sín, strax og aðstæður leyfðu, en því er mótmælt af hálfu gerðarþola Gísla.

Um áramótin 1972/1973 taldi Þuríður sig hafa aðstæður til að taka eldri dóttur sína til sín, en þá hafi barnsfaðirinn neitað að láta barnið af hendi og hafi hann ítrekað þá neitun sína síðan og ekki leyft móðurinni að sjá barnið.

Barnsfaðirinn, Gísli Hafsteinsson, sem nú er giftur Sigríði Valdimarsdóttur, hefur nú flust til Raufarhafnar, og dvelst Herborg þar á heimili þeirra hjóna.

Hefur Sigríður Valdimarsdóttir gengið inn í mál þetta og tekið undir réttarkröfur eiginmanns síns, Gísla Hafsteinssonar.

Innsetningarmál var upphaflega höfðað í Rangárvallasýslu vegna þessa tilefnis, en áður en til úrskurðar kom, fluttust gerðarþolar til Raufarhafnar sl. haust, og féll því málið þar niður.

Aflað hefur verið ýmissa gagna og álitsgerða barnaverndaryfirvalda og sérfræðinga, sem liggja fyrir í máli þessu.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur skilaði greinargerð um hag Þuríðar, sem lögð er fram í málinu sem rskj. nr. 2. Segir svo í niðurstöðu greinargerðarinnar, sem Ása Ottesen fulltrúi hefur samið:

„Við rannsókn þessa máls hefur ekkert það komið í ljós, sem mæli gegn því, að Þuríður Axelsdóttir sé ekki fær um að annast báðar dætur sínar. Mikið fremur, að hér sé um að ræða hæfan einstakling, enda fær hún besta orð á vinnustað og víðar.

Þuríður er að eigin sögn bindindissöm og að því er virðist reglusöm í besta lagi.

Hvað snertir Herborgu litlu, er það eitt að segja, að það er ekki í mínu valdi að segja til um, hvað henni er hugsanlega fyrir bestu, þar sem hún dvelur hjá föður."

Að tilhlutan Barnaverndarráðs Íslands var óskað eftir áliti barnaverndarnefndar Raufarhafnar.

Var á fundi nefndarinnar hinn 18. janúar sl. samþykkt að mæla með, að Gísli Hafsteinsson fengi fullan umráðarétt yfir dóttur sinni Herborgu. Kveðst nefndin hafa kynnt sér hegðun Gísla og heimilisástæður og telji það ekki ábótavant.

Eins og áður er getið, var fógetamál út af þessu tilefni upphaflega höfðað fyrir fógetarétti Rangárvallasýslu, en gerðarþolar áttu þá heima að Hellishólum í Fljótshlíð. Af því tilefni gaf barnaverndarnefnd Fljótshlíðarhrepps álit sitt, dags. 25. maí 1973, þar sem segir svo m. a.:

„Nefndin er ekki í aðstöðu til að kveða á um, hvort barninu er hentara að hverfa aftur til móður sinnar ellegar dvelja áfram hjá föður sínum að Hellishólum, eins og farið er fram á í bréfi yðar,

þar sem nefndin þekkir lítið sem ekkert til móður barnsins og hennar aðstæðna."

Barnaverndarráð Íslands hafði mál þetta til meðferðar nokkurn tíma. Hinn 7. mars sl. ályktaði ráðið svohljóðandi orðrétt:

„Þar sem ekki hefur borist svar frá lögmanni Gísla Hafsteinssonar við tilboði Þuríðar Axelsdóttur um ákveðinn umgengnisrétt við börn sín og tilmæli um, að hann skili eldri dótturinni í hendur móður, ályktar Barnaverndarráð, að þar sem móðirin hafi ótvíræðan forræðisrétt beggja barna sinna og skv. upplýsingum um heimilisástæður og læknisvottorði um heilsufar hennar, teljist hún hafa allar aðstæður til að annast börn sín.

Telur því Barnaverndarráð rétt, að Þuríður Axelsdóttir fái í sína umsjá eldri dótturina, Herborgu Gísladóttur, sem nú dvelur hjá föður á Raufarhöfn.

Jafnframt leggur ráðið áherslu á, að föðurnum sé tryggður eðlilegur umgengnisréttur svo sem kostur er.

Formanni var falið að halda áfram tilraunum til sátta milli foreldranna á framangreindum grundvelli, og gefst til þess viku frestur."

Hinn 19. mars sl. ritaði umboðsmaður gerðarþola bréf til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, þar sem hann beiðist þess, að sýslumaður taki sæti í barnaverndarnefnd Raufarhafnarhrepps samkvæmt 13. gr. laga nr. 53/1966 og hlutist til um, að nefndin taki afstöðu til töku barnsins af heimili gerðarþola.

Hinn 9. maí tók svo fulltrúi sýslumanns, Adólf Adólfsson, sæti í barnaverndarnefnd Raufarhafnar, og skilaði nefndin álitsgerð. Segir svo í lokaorðum greinargerðarinnar:

„Með tilliti til þess, sem fram hefur komið um aðstæður móður barnsins, álítur nefndin, að mun heppilegra sé barnsins vegna, að hún dvelji hjá hjónunum Gísla og Sigríði, sérstaklega með tilliti til umönnunar á skólagöngutíma, og jafnframt álítur nefndin, að telpan verði að hafa fullt samband við móður sína á eins eðlilegan hátt og hægt er, með fullu samkomulagi foreldranna."

Hinn 19. mars sl. sneri umboðsmaður gerðarþola sér til sýslumanns Þingeyjarsýslu og óskaði, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn (sérfræðingar) til að láta í té álit sitt um kröfu Þuríðar Axelsdóttur um, að dóttir hennar, Herborg Gísladóttir, verði með beinni fógetagerð tekin af heimili föður hennar, Gísla Hafsteinssonar.

Segir í beiðni um dómkvaðninguna, að ljóst sé af skjölum málsins, að Barnaverndarráð hafi ekki kynnt sér heimili barnsins,

enda ekki verið bært að úrskurða mál þetta. Segir síðan orðrétt: „En réttur barnsins virðist vera sá, að kannað sé, hvað því er fyrir bestu í þessu efni og hvort það geti haft ill áhrif á það að verða tekið brott af heimili föður síns, þar sem það hefur dvalist alla ævi."

Dómkvaðning fór fram sama dag, sbr. rskj. nr. 11.

Hinir dómkvöddu matsmenn, Kristinn Björnsson sálfræðingur og Sigurjón Björnsson prófessor, skiluðu ítarlegri álitsgerð þann 22. apríl sl., sem liggur frammi í málinu sem rskj. nr. 18.

Í lokaorðum álitsgerðar hinna dómkvöddu manna segir orðrétt svo:

„Samkvæmt athugunum okkar verða þessar helstu niðurstöður:

1. Ekki verður annað séð en vel fari um Herborgu, þar sem hún er nú, og að hún eigi ástríki að fagna og búi við eðlilega heimilishætti og uppeldi.
2. Við höfum enga ástæðu til að ætla annað en móðir Herborgar, Þuríður Axelsdóttir, sé prýðilega fær um að annast uppeldi telpunnar og að hún búi við aðstæður, sem gera henni það efnislega kleift.
3. Við það að flytjast af heimili föður og stjúpmóður til móður verður að vísu allmikil breyting á högum Herborgar. Í stað þess að dveljast hjá tveimur uppalendum fer hún til einstæðrar móður, sem vinnur úti, og þarf að sjá henni fyrir dagvistun. Herborg er án efa tilfinningalega tengd föður, stjúpmóður og fóstbróður, en hefur lítil kynni af móður sinni og systur sl. 2-2½ ár. Að sjálfsögðu mundi flutningur til móður fela í sér nokkurt álag fyrir telpuna.

   Það er þó vel innan þeirra marka, sem við teljum eftir vandlega yfirvegun, að heilbrigt barn eigi að þola án sálrænna áfalla — sér í lagi sé tryggilega frá því gengið, að tengsl Herborgar við fjölskylduna fyrir norðan geti haldist og að vistaskiptin séu undirbúin og framkvæmd af fyllstu nærgætni.
4. Af viðtölum við báða aðilja virtist okkur koma fram svo mikill samkomulagsvilji og hagur og velferð Herborgar svo mjög fyrir brjósti borinn af öllum, að okkur þykir líklegt, að hægt verði að ná samkomulagi, sem báðir aðiljar geti við unað.

   Þess er að geta, að þar sem telpan er á 6. ári, eru naumast nema 3-4 ár þangað til hún getur sjálf sagt skoðun sína á því, hvort heimilið hún kýs að aðaldvalarstað. En til þess að telpan verði fær um það, þarf hún að sjálfsögðu að fá tækifæri til að kynnast móður sinni og systur vel á næstu árum.

Við leyfum okkur að benda á, að heppilegasti tími til að hefja slík kynni á ný er, þegar móðir næst fær sumarfrí. Þá hefur hún bestu aðstöðu til að annast telpurnar alveg, þarf ekki að hafa þær á dagheimili og getur myndað góð tengsl við Herborgu, sem raunar þarf ekki að efa, að takast muni að mynda. Framhald yrði svo samningsatriði foreldra, væntanlega háð því, hvernig telpan unir sér, eða úrskurðaratriði yfirvalda, ef á þarf að halda."

Sveinn H. Valdimarsson hæstaréttarlögmaður, umboðsmaður gerðarbeiðanda, styður mál sitt þeim rökum, að krafa sín byggist á þeim sjálfsagða og ótvíræða rétti, sem móðir hafi til umráða yfir óskilgetnu barni sínu, sbr. 22., sbr. 23. gr. laga nr. 95 frá 1947, enda sé ekkert það í aðstæðum eða fari móður, sem fari í bága við velferð barnsins samkvæmt ítarlegri athugun barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Þá hafi Barnaverndarráð Íslands einnig ályktað, að barnið skuli fara í umsjá móðurinnar. Sömuleiðis benti hann á þá umsögn í niðurstöðu hinna dómkvöddu manna, að engin ástæða sé til að ætla annað en móðir Herborgar sé prýðilega fær um að annast uppeldi telpunnar og að hún búi við aðstæður, sem gera henni það efnislega kleift.

Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, umboðsmaður gerðarþola, hefur mótmælt afgreiðslu og ályktun Barnaverndarráðs Íslands sem lögleysu.

Að vísu sé hægt að semja um, að ráðið geri ályktun um barnaverndarmál af þessu tagi, enda hafi slíkt verið gert, þegar sérstaklega hefur verið ástatt, t. d., þegar útlendingar hafa átt hlut af annarra hálfu. En slíkur samningur hafi ekki verið gerður hér.

Þá kveðst umboðsmaður gerðarþola ekki draga í efa, að samkvæmt lögum nr. 95/1947, 22. og 23. gr., ráði móðir óskilgetnu barni sínu. En í þessu máli skipti foreldravald eða forræði barns alls engu máli. Hér sé um allt annað að ræða, þ. e. a. s. kröfu um töku barns af heimili eða um, að það skuli flutt frá fósturforeldrum. Þá beri að fara eftir 13. gr. laga nr. 53/1966.

Bendir umboðsmaður gerðarþola sérstaklega á ákvæði 16. gr. laga nr. 87/1947, að barnaverndarnefnd sé jafnan heimilt að úrskurða, að óskilgetið barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldri, ef það fer vel um það, enda þótt sá, er foreldraráð hefur yfir barninu, kalli eftir því. Þessi regla sé ítrekuð í 3. mgr. 36. gr. laga nr. 53/1966 um öll börn, bæði óskilgetin og hjónabandsbörn.

Barnaverndarnefnd Raufarhafnar hafi í greinargerð sinni álitið, að með tilliti til aðstæðna móður barnsins sé mun heppilegra barnsins vegna, að hún dvelji hjá hjónunum Gísla og Sigríði.

Vegna afgreiðslu Barnaverndarráðs á máli þessu hafi verið nauðsynlegt að fá dómkvadda matsmenn til að fjalla um kröfu gerðarbeiðanda um töku Herborgar af heimili fósturforeldra hennar, þar sem augljóst mál sé, að ekki hafi faðir hennar og stjúpmóðir óríkari rétt en aðrir fósturforeldrar.

Sé álit hinna dómkvöddu matsmanna, að flutningur Herborgar til gerðarbeiðanda muni fela í sér nokkurt álag fyrir hana, er hún muni geta þolað, ef vistaskiptin væru undirbúin og framkvæmd af fyllstu nærgætni. Þessum skilyrðum sé ekki fullnægt, enda megi telja, að svo verði aldrei. Það kynni þó að verða eftir 3-4 ár. Sé því ljóst, að ekki séu skilyrði fyrir hinni umbeðnu fógetagerð.

Samkvæmt 22. gr., sbr. 23. gr. laga nr. 95/1947 er aðalreglan sú, að óskilgetnu barni ræður móðir. Er heldur ekki um það ágreiningur í máli þessu, að Þuríður Axelsdóttir hafi foreldraráð yfir barni sínu Herborgu.

Kemur þá til álita, hvort afhending barnsins til móðurinnar stefni í hættu velferð þess eða að barninu sé búinn sálrænn háski af afhendingu þess til móður sinnar.

Þegar virt eru gögn málsins og m. a. með hliðsjón af álitsgerð Barnaverndarráðs Íslands og þó sérstaklega með vísan til álits hinna dómkvöddu sérfræðinga, þá verður ekki talið, að færð hafi verið viðhlítandi rök fyrir skaðsemi gerðarinnar fyrir barn þetta.

Þykir því ekki fært að synja kröfu gerðarbeiðanda um umbeðna fógetagerð vegna þessarar málsástæðu.

Er þessi niðurstaða sérstaklega byggð á álitsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, sem sérstaklega fjölluðu um þetta atriði.

Þannig ber að láta hina umbeðnu innsetningargerð fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gerðarbeiðanda, samtals kr. 90.000.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar

með talin laun skipaðs talsmanns greðarbeiðanda, Sveins H. Valdimarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 90.000.

Fimmtudaginn 27. febrúar 1975.

Nr. 17/1975. **Jóhanna Kristjánsdóttir**
gegn
Þorgeiri Þorsteinssyni, lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 11. febrúar 1975, sem barst Hæstarétti sama dag, hefur sóknaraðili kært „synjun Þorgeirs Þorsteinssonar, lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, um að kveða upp úrskurð, hvort líkamsleit skyldi framkvæmd á“ sóknaraðilja „eða ekki“. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðili verði víttur fyrir málsmeðferð sína.

Frá varnaraðilja hefur borist greinargerð um málið, en ekki eru þar gerðar kröfur.

Samkvæmt gögnum máls eru atvik þau, að sóknaraðili, er starfar sem flugfreyja hjá Loftleiðum h/f, kom með flugvél frá útlöndum 28. janúar sl. Tollgæsluyfirvöld ákváðu, að framkvæmd skyldi leit á öllum flugfreyjum, er komu með flugvélinni. Sóknaraðili mótmælti leit án dómsúrskurðar. Varnaraðili, sem fer með yfirstjórn tollgæslu á Keflavíkurflugvelli, var kvaddur á vettvang. Kveðst hann hafa tjáð sóknaraðilja, að með skírskotun til ákvæða 12. og 14. gr. laga nr. 59/1969 mundi hann fyrirskipa leitina án úrskurðar. Um atvik þetta er svo bókað í dagbók tollgæslunnar á Kefla-

víkurflugvelli: „Gerð var líkamsleit á Jóhönnu Kristjánsdóttur flugfreyju, án úrskurðar, samkvæmt ákvörðun Þorgeirs Þorsteinssonar lögreglustjóra, með tilkvöddum vitnum. Leitin var framkvæmd í lokuðum klefa af Björgu Valtýsdóttur. Ekkert fannst".

Ákvörðun varnaraðilja sú, sem um er deilt í máli þessu, var yfirvaldsákvörðun, er verður ekki borin undir Hæstarétt með kæru. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Föstudaginn 28. febrúar 1975.

Nr. 178/1974. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Friðfinni Júlíusi Guðjónssyni
(Ingi Ingimundarson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Líkamsmeiðingar. Brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Háttsemi ákærða, sem ákæruskjal lýtur að, er lýst í héraðsdómi.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara, að ákærði hafi beitt Arthúr Björgvin Bollason harðræðum framar því, er efni stóðu til, hinn 2. desember 1972, en afskipti ákærða af Arthúr Björgvin stóðu í tengslum við dyravörslu við veit-

ingahúsið að Lækjarteigi 2. Varðar háttsemi ákærða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem greinir í héraðsdómi. Gögn máls benda til þess, að Arthúr Björgvin hafi verið aðgangsharður, er hann leitaði inngöngu í veitingahúsið síðla kvölds. Átti Arthúr Björgvin því nokkra sök á viðureign þeirra ákærða.

Enn fremur ber að staðfesta þá úrlausn héraðsdómara, að ákærði hafi gerst offari í dyravarðarstarfi sínu við sama veitingahús, er hann hafði afskipti af Tómasi Ísleifssyni hinn 4. febrúar 1973 inni í veitingahúsinu. Varðar þetta atferli við 217. gr. almennra hegningarlaga, svo sem greint er í héraðsdómi.

Refsing ákærða þykir með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga réttilega ákveðin í héraðsdómi.

Staðfesta má ákvörðun héraðsdóms á fébótum til Arthúrs Björgvins. Ekki eru næg gögn komin fram fyrir því, að Tómas Ísleifsson hafi orðið fyrir þeirri töf í námi, sem hann heldur fram. Verða honum því eigi dæmdar fébætur samkvæmt 1. tölulið í kröfugerð hans, sem lýst er í héraðsdómi. Þykja bætur honum til handa í heild hæfilega ákveðnar kr. 75.000. Ber ákærða að greiða þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 4. febrúar 1973 til 16. maí s. á. og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 40.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 40.000.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Friðfinns Júlíusar Guðjónssonar, svo og um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði Arthúr Björgvin Bollasyni kr. 12.000. Þá greiði hann Tómasi Ísleifssyni kr. 75.000 ásamt 7% ársvöxtum frá 4. febrúar 1973 til 16. maí s. á. og ásamt 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 40.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. maí 1974.

Ár 1974, mánudaginn 13. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni, sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 225/1974: Ákæruvaldið gegn Friðfinni Júlíusi Guðjónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar saksóknari ríkisins með ákæru, dagsettri 6. apríl 1973, á hendur ákærða, Friðfinni Júlíusi Guðjónssyni verkstjóra, Ljósheimum 8, Reykjavík, fæddum 7. maí 1929 að Búðum, Fáskrúðsfirði, „fyrir líkamsárásir á samkomugesti í veitingahúsinu Lækjarteigi 2, Reykjavík, þar sem ákærði gegnir dyravarðarstörfum í hjáverkum, með því að beita óhæfilegri og ónauðsynlegri líkamlegri hörku í meðferð á samkomugestum, sem ákærði hefur þurft að hafa afskipti af í starfi sínu, sem hér verður rakið:

1.

Laugardagsnóttina 2. desember 1972 tekið Arthúr Björgvin Bjarnason, Hrauntungu 7, Kópavogi, harkalegum tökum, eftir að Arthúr Björgvin hafði leitað ákaft inngöngu í veitingahúsið, m. a. með því að taka hann aftan frá hálstaki og hert svo að, að Arthúr Björgvin missti meðvitund um stund, lagt hann síðan á grúfu á gólfið í anddyrinu, jafnframt því sem ákærði sneri upp á báða handleggi hans og hélt þeim þannig um stund fyrir aftan bak á samkomugestinum, sem baðst ákaft vægðar. Nokkuð sá á Arthúr Björgvin eftir þessa meðferð, m. a. bólguþroti í hálsvöðvum og mikil eymsli þar og óþægindi við allar hreyfingar á hálsi, mikil hreyfingareymsl í axlarliðum, einkum í hægri öxl, nokkur bólga á hægri úlnlið og hreyfingareymsli þar, auk verulegra marbletta á upphandlegg vinstra megin og fótlegg hægra megin.

2.

Laugardagskvöldið 3. febrúar 1973, laust eftir miðnætti, ráðist á Tómas Ísleifsson, Sólheimum, Mýrdal, í efri sal veitingahússins,

eftir að einn samkomugesta hafði tvívegis veist að Tómasi með hnefahöggum og þeir síðan tekist eitthvað á, og tekið Tómas hálstaki og hert mikið að, auk þess sem ákærði sneri upp á hálsbindi Tómasar og herti þannig einnig að hálsi hans, allt með þeim afleiðingum, að Tómas missti um stund meðvitund og kenndi mikillar köfnunartilfinningar, auk þess sneri svo ákærði mjög harkalega upp á vinstri handlegg Tómasar og lagði hann þannig niður á grúfu á bekk, þar sem ákærði hélt Tómasi nokkra stund, þar til aðrir dyraverðir komu á vettvang og aðstoðuðu ákærða við að koma Tómasi út úr húsinu um bakdyr. Á þeirri leið sætti Tómas nokkru harðræði af hálfu dyravarðanna, og hafði ákærði sig þar einkum í frammi. Af þessari meðferð sá verulega á Tómasi, einkum bar á miklum blæðingum í báðum augum og eymslum í hálsvöðvum, auk þess sem hann hefur síðan verið haldinn mikilli vanlíðan og kennt verks í höfði og augum.

Atferli ákærða, sem nú hefur verið rakið, telst varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru sem hér segir:

1.

Föstudaginn 1. desember 1972 var haldinn dansleikur á vegum stúdenta við Háskóla Íslands í veitingahúsinu að Lækjarteigi 2 hér í borg. Samkvæmt leyfi lögreglustjóraembættisins í Reykjavík var gestafjöldinn í veitingahúsinu takmarkaður við 813 manns. Um klukkan 2300 var húsinu lokað, og kom þá í ljós, að 910 aðgöngumiðar höfðu verið afhentir, og auk þess stóð fjöldi manns við inngöngudyr, er hafði aðgöngumiða. Viðurkenndu forráðamenn dansleiksins fyrir lögreglu, að þeir hefðu látið prenta fimmtánhundruð miða og selt þá fyrir kr. 300 stykkið.

Hinn 8. desember 1972 kom Arthúr Björgvin Bollason kennari, Hrauntungu 7, Kópavogi, fæddur 15. september 1950, til rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík og kærði dyravörð í framangreindu veitingahúsi, ákærða í máli þessu, fyrir líkamsárás á sig, þegar hann hefði ætlað að sækja umgetinn dansleik. Hafi hann ásamt kunningja sínum og eiginkonum þeirra komið fyrst að veitingahúsinu laust fyrir klukkan 2300, en þeir hafi haft aðgöngumiða. Dyr hafi verið lokaðar og mikill mannfjöldi fyrir utan og eftir að þau höfðu beðið þarna árangurslaust nokkuð

fram yfir klukkan 2330, hafi þau horfið frá, enda engum hleypt inn í húsið á þessu tímabili. Hafi þau síðan komið aftur að dyrum hússins um klukkan 0100 og þá verið fámennt fyrir utan og dyr hússins opnaðar öðru hverju til að hleypa út fólki og einnig hafi þau séð, að þremur stúlkum og einum karlmanni var hleypt inn. Hafi þeir félagar talað við dyraverðina, sýnt þeim aðgöngumiða sína og beðið um inngöngu, en dyraverðirnir neitað án þess að vilja tilgreina ástæðu. Dyraverðirnir hafi opnað nokkrum sinnum og þá hafi þeir félagar í hvert skipti átt tal við þá. Í eitt skipti, þegar þeir ætluðu að loka dyrunum, kvaðst vitnið hafa sett höndina fyrir hurðina og einnig hafi félagi sinn tekið í hana að utanverðu og þannig hafi þeir komið í veg fyrir, að hægt væri að loka. Þá hafi tveir dyraverðir gripið sig og kippt sér inn í húsið og haldið sér þar sinn hvorum megin, en þriðji dyravörðurinn farið út og stimpast við félaga sinn. Sá hafi svo komið inn aftur og farið að veita félögum sínum lið við að halda sér. Hafi einhver þeirra þriggja tekið sig hálstaki aftan frá, mjög fast, svo að það náði ekki andanum. Taldi vitnið, að sér hafi verið haldið þannig í um það bil tvær mínútur og þá hafi það misst meðvitund um stund, en þegar það hafi rankað við sér aftur, hafi það legið á grúfu á gólfinu og einn dyravarðanna verið ofan á því og haldið hægri handlegg sínum aftan við bak vitnisins og snúið upp á hann. Kvaðst vitnið hafa beðið manninn um leyfi til að setjast upp og bíða þannig eftir lögreglunni, sem búið hafi verið að kalla á staðinn, en hann hafi neitað því. Komu síðan lögreglumenn á staðinn, og fór vitnið með þeim á lögreglustöðina. Síðar um nóttina kvaðst vitnið svo hafa farið að finna til vanlíðunar, aðallega í hægri öxl, úlnlið og í tungunni, sem það hefði bitið í, þegar það var tekið hálstaki. Hafi kunningjar sínir farið með sig á slysavarðstofuna, þar sem læknir hafi skoðað sig, og lagði vitnið fram vottorð frá lækninum, Jóni R. Kristinssyni aðstoðarlækni. Segir þar m. a. svo:

„Við skoðun kemur eftirfarandi í ljós:

1. Það er dálítil vínlykt úr vitum Arthúrs, en hann kemur vel fyrir.
2. Það er 1/2 cm fleiður vinstra megin á tungu, grunnt, en dálítill roði og þroti er í kringum sárið.
3. Arthúr er aumur í hálsvöðvum, og hefur hann töluverð óþægindi í hálsi við allar hreyfingar í hálsinum. Aðeins vottar fyrir þrota vinstra megin í hálsi, og þreyfieymsli eru yfir hálsvöðvum, bæði vinstra og hægra megin.

4. Arthúr er aumur í báðum axlarliðum, sérstaklega er hann aumur í hægri axlarlið. Getur hann ekki hreyft eðlilega í hægri öxl vegna verkja framan og ofan til í axlarliðnum. Óveruleg eymsli eru framan til í vinstri axlarlið. Fær hann verk framan til í vinstri axlarlið við að færa vinstri handlim aftur fyrir bak. A. ö. l. er eðlileg hreyfing í vinstri axlarlið.
5. Aumur um hægri úlnlið, og er nokkur bólga dorsalt um hægri úlnlið, og allar hreyfingar í hægri úlnlið eru aumar.
6. Fjórir gómstórir marblettir eru innan á vinstri upphandlegg, rétt ofan við vinstri olnboga. Er Arthúr verulega aumur þar viðkomu, en eðlil. hreyfing er í vinstri olnboga.
7. Framan á miðjum hægri fótlegg er 3x2 cm mar, aumt viðkomu. Ekki aðra áverka að sjá.

Meðferð: Tekin er röntgenmynd af hægri axlarlið Arthúrs. Við þá myndatöku koma ekki fram nein áverkamerki í hægri axlarlið. Arthúr fær síðan fetil til þess að hvíla hægri handlim í. Honum er ráðlagt að hreyfa hægri axlarlið. Einnig er honum ráðlagt að koma á móttöku Slysadeildar aftur þann 6. 12. 1972 til frekara eftirlits á hægri öxl og eins til eftirlits á hægri úlnlið."

Vitnið kvaðst síðar hafa frétt, að dyravörður sá, er tók það hálstaki og lá síðan ofan á því og sneri upp á handlegg þess, hafi verið ákærði í máli þessu. Krafðist það þess, að hann yrði dæmdur til refsingar, og áskildi það sér rétt til að koma síðar að bótakröfu.

Ákærði kom fyrir rannsóknarlögreglu vegna máls þessa hinn 15. desember 1972. Kvaðst hann minnast þess sérstaklega, að um klukkan 0100 umrædda nótt hafi tveir drukknir menn legið við dyr samkomuhússins, en hann var þar við dyrnar að gegna störfum sem dyravörður. Kvað hann þessa tvo menn hafa verið sérstaklega erfiða og freka í tilraunum sínum til að komast inn, en ekki hafi verið margt fólk við dyrnar, er þá bar að garði. Kvað hann mennina hafa verið með svívirðingar í garð þeirra dyravarðanna og margoft reynt að hindra þá í að loka dyrum samkomuhússins, er þeir þurftu að hleypa fólki út. Hafi nánast verið óvinnandi við þessar aðstæður, þar sem ógerningur hafi verið að ganga um dyr hússins fyrir ágangi mannanna, sem hafi reynt valdbeitingu við að komast inn fyrir. Hafi aðallega annar mannanna, ljóshærður, sem mun vera kærandi í málinu, haft sig í frammi, og að lokum kvaðst ákærði hafa neyðst til að kippa honum inn fyrir dyrnar til að koma vitinu fyrir hann, en þar hafi maðurinn sýnt hinn mesta mótþróa og hafi þeir þá lent í átökum. Kvaðst ákærði

hafa orðið að taka manninn hálstaki, enda hafi hann brotist mikið um. Síðan hafi maðurinn verið lagður á gólfið á magann og hafi Guðmundur Jónasson dyravörður aðstoðað sig eitthvað. Kvaðst ákærði hafa haldið höndum mannsins fyrir aftan bak, en ekkert snúið upp á þær, þannig að þvingun gæti orðið. Þá sagði ákærði, að ekki kæmi til greina, að maðurinn hefði misst meðvitund í þessum átökum, enda hafi hann, þ. e. ákærði, gætt þess, að öndunin hindraðist ekki, er hann tók hálstakið. Hann kvað manninn ekki hafa kvartað um nein meiðsli, er lögreglan kom á vettvang.

Ákærði kvað dansstöðum lokað klukkan 2330 og því hafi ekki komið til greina að hleypa þessum mönnum inn, enda þótt þeir hefðu haft aðgöngumiða, sem hann kvaðst ekki hafa vitað um. Hann minnist þess ekki, að neinu fólki hafi verið hleypt inn á umræddu tímabili, en oft komi fyrir, að fólk þurfi að bregða sér frá vegna persónulegra aðstæðna. Ákærði neitaði með öllu að greiða kæranda bætur, þar eð hann gæti algerlega sjálfum sér um kennt, hvernig fór, og neitaði hann jafnframt að vera valdur að þeim meiðslum, sem kærandi kenndi sér.

Ákærði kom fyrir dóm vegna máls þessa hinn 24. október 1973, og kvaðst hann þá ekki muna eftir atvikum og vísaði til framangreindrar skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglu. Hann tók fram, að hann hefði starfað við dyravörslu í umræddum veitingastað í 8 ár og á þeim tíma hafi hann aldrei slasað nokkurn mann við störf sín.

Verður nú horfið að því að rekja framburði vitna fyrir dómi og rannsóknarlögreglu varðandi mál þetta.

Vitnið Jónas Jón Hallsson lögreglumaður, Vesturbergi 28, kvaðst hafa verið við miðavakt í veitingahúsinu umrætt kvöld. Það hafi ekki verið statt við útidyrnar og því ekki sjálft haft afskipti af þeim, sem voru við þær. Það kvaðst hafa veitt athygli tveim mönnum skömmu eftir miðnætti, sem vildu fá inngöngu í húsið, en fengu ekki. Minnti vitnið, að þeir hefðu verið með aðgöngumiða. Taldi það þá ölvaða og hafi þeir haft í frammi dólgshátt og stóryrði við dyraverði og hafi dyraverðir átt í erfiðleikum með að hleypa gestum um dyrnar. Taldi vitnið, að piltarnir hefðu verið æstir og gert tilraunir til að æsa upp fólk í kringum sig, en ekki hafi verið margt fólk þarna við dyrnar. Virtist kærandi hafa sig meira í frammi, og sá vitnið, að tveir dyraverðir kipptu honum inn fyrir dyrnar. Hafi hann sýnt hinn mesta mótþróa og verið lagður í gólfið og haldið þar niðri á grúfu og hönd-

um hans haldið fyrir aftan bak. Það kvaðst ekki hafa séð, að neitt óþarfa harðræði hafi verið haft í frammi af hálfu dyravarðarins, en það hafi ekki verið áhorfandi að því allan tímann, er dyravörðurinn hélt manninum niðri. Vitnið taldi manninn hafa róast, en ekki man það, hvort hann bað um að fá að sleppa. Vitnið kvaðst hafa verið búið að fara fram á það við dyraverðina, að þeir hringdu á lögregluna til að fjarlægja pilta þessa, og hafi kæranda verið haldið niðri, uns lögreglan kom á vettvang. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað til þess, að öðru fólki hafi verið hleypt inn á þessu tímabili nema því, sem fékk að fara út til að geyma yfirhafnir í bifreiðum fyrir utan vegna þrengsla í fatageymslu.

Vitnið Guðmundur Þorvar Jónasson dyravörður, Ásbraut 17, Kópavogi, skýrði svo frá, að það hefði verið við dyravörslu með ákærða umrætt kvöld. Það kvaðst hafa veitt eftirtekt kæranda og félaga hans, sem því hafi ekki virst áberandi ölvaðir, en þeir hafi hins vegar látið mjög ófriðlega við dyrnar og hindrað þá dyraverðina í starfi sínu. Hafi þeir ákaft leitað eftir inngöngu, en verið neitað og þá hafi þeir óskað skýringa á því. Þá hafi þeir reynt að halda útihurðinni opinni og einnig legið á henni, þegar opna átti. Hafi það orðið úrræði þeirra dyravarðanna að taka annan þeirra inn fyrir dyrnar og hafi þeir ákærðu kippt kæranda inn fyrir. Hafi hann brotist um á hæl og hnakka og veitt alla mótspyrnu, er hann gat, en ákærði hafi átt við hann, eftir að hann var kominn inn fyrir dyrnar, og kvaðst vitnið ekki hafa séð öll átök þeirra. Kvaðst það hafa séð ákærða leggja manninn á grúfu á teppalagt gólfið og síðan hafi hann haldið höndum hans fyrir aftan bak. Hafi maðurinn öskrað og æpt, eftir að búið var að leggja hann á gólfið, en ekki mundi vitnið, hvort hann hefði beðið um, að sér yrði sleppt, en það hefði örugglega ekki verið gert, þótt hann hefði um það beðið. Það kvaðst aldrei hafa orðið þess vart, að kærandi missti meðvitund í þessum átökum.

Vitnið Hallur Páll Helgi Jónsson háskólanemi, Hrauntungu 7, Kópavogi, kvaðst hafa verið með kæranda umrætt sinn, og skýrði vitnið frá atvikum á svipaðan hátt og hann. Þegar þeir hafi komið að dyrunum í síðara skiptið, hafi verið þar um 10 manns. Hafi dyraverðirnir ekki viljað hleypa þeim inn, enda þótt öllum þeim, er voru við dyrnar fyrr um kvöldið, er þeir komu þarna, hefði síðar verið hleypt inn. Skömmu síðar hafi þeir séð, að tveimur stúlkum hafi verið hleypt inn, án þess að sjáanlegt væri, að þær hefðu aðgöngumiða. Er þeir hafi óskað skýringa á þessu, hafi þeim verið svarað því einu, að þeim kæmi það ekki við. Hafi þeir

orðið leiðir og þráir við þetta og haldið áfram að þrátta við dyraverðina. Hafi komið fyrir, að þeir hafi haldið dyrunum, er þær voru opnaðar til að hleypa út fólki, og hafi tilgangurinn aðeins verið sá, að ræða málin við dyraverðina. Skyndilega hafi 3-4 dyraverðir ruðst út um dyrnar og þrifið kæranda inn fyrir, en einn þeirra hafi ráðist að sér, án þess að þar yrði um mikil átök að ræða. Vitnið gat ekkert borið um átök kæranda og ákærða innan dyra. Það kvað þó kæranda hafa lítillega bragðað áfengi, en taldi, að hvorugur þeirra hefði fundið til áhrifa áfengis, eða a. m. k. mjög lítið.

Vitnið Magnús Sæmundsson myndlistakennari, Hrauntungu 73, Kópavogi, kvaðst hafa verið statt á umræddum stúdentadansleik. Um klukkan 0100 hafi það verið statt í anddyri hússins og þar séð dyravörð liggja ofan á ungum manni, þrýsti hann andlit hans niður í gólf, sveigði hendur hans á bak aftur og þjarmaði að honum. Fannst vitninu aðfarir dyravarðarins mjög harkalegar og alveg ónauðsynlegar, þar eð maðurinn hafi enga mótspyrnu veitt. Hins vegar hafi hann beðið dyravörðinn um að lina á tökunum, en vitnið kvað dyravörðinn ekki hafa sinnt því, enda hafi hann verið mjög æstur. Vitnið kvaðst hvorki hafa þekkt dyravörðinn né nefndan mann. Kvaðst vitnið aðeins hafa fylgst með atburði þessum stutta stund.

Vitnið Sigríður Þórarinsdóttir kennari, Eiðum, Suður-Múlasýslu, kvaðst hafa verið statt umrætt sinn í anddyri veitingahússins ásamt Magnúsi Sæmundssyni. Hafi það séð dyravörð halda ungum pilti niðri í gólfinu, þannig að dyravörðurinn hafði annað hnéð á baki mannsins og spennti báðar hendur hans aftur fyrir bak og upp með höfðinu. Vitnið sagði, að maðurinn hefði beðið dyravörðinn um að lina á tökunum, en hann ekki orðið við því. Staðhæfði vitnið, að maðurinn hefði enga mótspyrnu veitt. Það kvaðst hvorki hafa þekkt manninn né dyravörðinn. Hafi því fundist aðfarir dyravarðarins harkalegar og ónauðsynlegar. Það hafi séð piltinn nokkru eftir átökin og hafi sér þá virst hann vera mjög illa útleikinn. Vitnið taldi, að þau Magnús hefðu fylgst með átökunum í fimm eða tíu mínútur.

Vitnið Jón Hermann Karlsson háskólanemi, Tunguvegi 50, skýrði svo frá, að það hefði verið statt fyrir utan veitingahúsið, þegar umræddur atburður átti sér stað. Vildi vitnið, eins og fleiri, freista þess að komast inn á dansleikinn, enda þótt það hefði ekki aðgöngumiða. Kvað vitnið nokkurn hóp fólks hafa verið þarna og fáeinum verið hleypt inn, enda þótt vitnið sæi ekki, að þeir

væru með aðgöngumiða. Taldi vitnið, að fólk þetta hefði komist inn fyrir kunningsskap við dyraverðina. Vitnið kvaðst hafa séð þarna tvo pilta, og kannaðist það við annan þeirra án þess að vita nafn hans. Virtust þeir ekki undir áhrifum áfengis, a. m. k. ekki áberandi. Voru þeir hinir einu þarna, sem virtust hafa aðgöngumiða. Hafi þeir hampað miðum sínum og óskað inngöngu, en dyraverðirnir ekki viljað hleypa þeim inn. Hafi þá hafist orðahnippingar milli þeirra og dyravarðanna, án þess þó að til átaka kæmi. Hafi piltarnir viljað vita, hvers vegna þeir kæmust ekki inn, þótt þeir væru með aðgöngumiða. Þeir hafi lítil sem engin svör fengið við þessum spurningum og þeir hafi leitað frekar eftir svörum og héldu útihurð til að geta talað frekar við dyraverði. Skipti engum togum, að út ruddust nokkrir dyraverðir og veittust að mönnunum, sérstaklega öðrum, sem tekinn var hálstaki aftan frá og dreginn inn í húsið. Hafi hann reynt eitthvað að sprikla, en ekki sýnt aðra mótspyrnu. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt þá félaga vera með ljótt orðbragð við dyraverðina, heldur hafi þeir einungis verið að spyrja ákveðinna spurninga.

Vitnið Friðrik *Haukur* Hallsson háskólanemi, Ásabyggð 2, Akureyri, kvaðst hafa verið á oftnefndum dansleik og hafi það skömmu eftir miðnætti gengið fram í anddyri veitingahússins. Hafi það þá séð dyravörð þar með ljóshærðan mann í hálstaki og hafi annar dyravörður verið eitthvað að aðstoða við tökin á þeim ljóshærða. Hafi þeir keyrt ljóshærða manninn í gólfið og hafi hann legið þar á grúfu, en annar dyravarðanna hafi sett hnéð í bak hans og haldið í fyrstu annarri hendi mannsins fyrir aftan bak. Fannst vitninu dyravörðurinn halda manninum lengi í þessum heljartökum, og á tímabili hélt þessi sami dyravörður báðum höndum mannsins fyrir aftan bak, þannig að hann gat hvorki hreyft legg né lið. Vitnið kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis og hvorki þekkt dyravörðinn né piltinn. Því fannst dyravörðurinn beita piltinn stórfelldu og alveg óþörfu harðræði, enda hafi hann engri mótspyrnu getað við komið. Kvaðst vitnið af þessu tilefni hafa spurt dyravörðinn að heiti, og minnti vitnið, að hann hefði sagst heita Friðfinnur.

Að lokum skal hér rakinn framburður kæranda, Arthúrs Björgvins Bollasonar, fyrir dómi. Vitnið ítrekaði fyrri framburð sinn um aðdraganda átakanna. Það sagði, að það hefði misst meðvitund smástund, þegar það var tekið hálstaki og hert að, en þegar það hafi rankað við sér aftur, hafi það legið á grúfu á gólfinu með andlitið niður í gólf, en dyravörðurinn hafi legið ofan á því með

hnéð eða hnén, með hendur þess fyrir aftan bak og hafi hann snúið upp á þær í hvert skipti, sem vitnið reyndi að snúa til höfðinu. Það kvaðst hafa beðið dyravörðinn að losa tökin og sagt, að það mundi bíða rólegt eftir lögreglu, en dyravörðurinn ekki orðið við þessu, heldur hert á takinu. Það kvaðst ekki hafa veitt honum neitt viðnám eða mótstöðu.

Vitnið kveðst hafa hlotið meiðsl þau, sem í læknisvottorði greinir, haft talsverðar þrautir og verið frá vinnu í vikutíma. Þessi meiðsl hafi það öll og aðeins fengið í viðureigninni við ákærða. Það kvaðst hafa náð sér að fullu eftir átök þessi.

Ljóst er af framansögðu, að ákærði hafði fulla ástæðu til afskipta af kæranda og félaga hans vegna framkomu þeirra við dyr veitingahússins greint sinn. Hins vegar verður að telja sannað með hliðsjón af framburðum vitna og læknisvottorði, að ákærði hafi gerst offari í meðferð sinni á kæranda og beitt hann óþarfa harðræði. Telst hann með því hafa gerst brotlegur við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2.

Hinn 5. febrúar 1973 kom í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík Tómas Ísleifsson, fæddur 7. mars 1948, til heimilis að Ytri-Sólheimum, Mýrdal, Vestur-Skaftafellssýslu, og kærði þar yfir líkamsárás, sem hann taldi sig hafa orðið fyrir af hálfu ákærða, er hann var gestur í veitingahúsinu við Lækjarteig hinn 3. febrúar 1973. Sagðist honum svo frá, að hann hefði komið í veitingahúsið um klukkan 2130 og hafi hann verið einn á ferð. Þarna á dansleiknum kvaðst hann hafa hitt stúlku, sem hann hafi ekki þekkt fyrir, að nafni Ólöf Kristjánsdóttir, en hún er systir manns, sem hann þekki. Hafi þau farið saman um húsið og setið saman við borð á efri sal um tíma. Undir lok dansleiksins, er þau hafi verið að dansa, hafi maður að nafni Ólafur Benediktsson ráðist að sér og slegið sig hægra megin á nefið og við það hafi hann fengið blóðnasir. Hafi þau þá hætt að dansa og gengið af dansgólfinu og hann hafi þurrkað blóðið af andliti sínu. Síðan hafi þau farið aftur að dansa eða gengið í átt að stigapallinum, en þá hafi fyrrgreindur Ólafur komið aftur og slegið sig enn á ný og hafi höggið lent vinstra megin á kinnbeinið, en ekki hafi hann fallið við höggið. Þegar hér var komið, hafi einhverjir gengið á milli þeirra Ólafs, en hinn síðarnefndi hafi þrifið stúlkuna með sér. Síðan kveðst hann hafa heyrt, að einhver kallaði á dyraverði og hafi þeir komið rétt á eftir, en þá hafi Ólöf og Ólafur verið við bar-

inn. Dyraverðirnir hafi ráðist beint á sig og tekið sig tökum og hafi annar þeirra, sá sem eldri var, gengið harðast fram í því. Sér hafi trúlega fundist þetta ósanngjarnt og líklega veitt einhverja mótspyrnu, þó svo að hann hafi ekki getað notað hendurnar, þar eð honum var haldið í tökum. Þá hafi það engum togum skipt, að fyrrgreindur dyravörður hafi snúið hálsbindi sínu við. Skömmu síðar kvaðst hann hafa misst meðvitund og þegar hann hafi rankað við sér, hafi hann legið ofan á stólum á grúfu og vinstri hönd sín hafi verið fyrir aftan bak og hné hafi verið spyrnt í bak sér. Hafi hann átt mjög erfitt með andardrátt og fundist, að hann væri að kafna, einnig haft miklar kvalir. Hann kveðst hafa heyrt, að einhverjir ræddu um það, að þeir ættu að sleppa sér, og einnig hafi hann heyrt, að Ólöf sagði, að hann væri saklaus. En þegar hér var komið, hafi dyraverðirnir tekið sig á milli sín og farið með sig í gegnum eldhúsið og þar niður stiga að útgangi, sem er á bakhlið hússins. Þegar niður að dyrunum hafi komið, hafi þeir spurt sig, hvort hann hefði ekki verið með frakka. Kvað hann svo vera, og játaði hann því aðspurður af þeim, að hann væri með númer. Hafi hann farið fram á það, að fá að ná í frakkann sjálfur, og jafnframt tjáð þeim, að hann kynni ekki við svona framkomu, því hann stæði ekki í neinum slagsmálum. Þeir hafi brugðist reiðir við þessu og tekið sig aftur tökum og einnig í hálsbindi sitt og hert að. Þá hafi hann orðið hræddur og beðið griða, en þeir hafi ekki sleppt sér strax, en síðan hafi þeir ýtt sér út og lokað hurðinni. Hann kvaðst hafa farið niður á lögreglustöð við Hverfisgötu og skýrt frá því, sem gerst hafði, og síðan farið heim. Um hádegi daginn eftir hafi hann svo farið á slysavarðstofuna, þar sem hann var skoðaður, en honum hafi verið vísað til augnlæknis. Hann kvaðst ekki geta fullyrt, hvort þeir áverkar, sem á sér væru, en bæði augu voru mjög blóðhlaupin og þrútin, væru eftir högg Ólafs eða eftir átökin við dyraverðina. Áskildi hann sér rétt til að gera bótakröfu á hendur dyravörðunum, en gerði hins vegar enga kröfu á hendur Ólafi. Hann kvaðst ekki hafa verið ölvaður, en lítillega undir áhrifum áfengis, þegar þetta gerðist.

Fyrir dómi hinn 3. september 1973 staðfesti kærandi þessa skýrslu sína. Hann sagði þá, að hvorugt högg Ólafs hefði komið á augu hans og engin frekari átök orðið með þeim, svo sem Ólafur hefði tekið hann hálstaki. Staðhæfði hann, að ákærði hefði tvívegis tekið á hálsbindi hans og hert að, fyrst uppi í salnum og síðan niðri við bakdyr. Taldi hann, að þeir hefðu þarna niðri lok-

að hurð, sem lá fram í húsið, til að vitni yrðu ekki að atburðinum. Hann kvaðst enn ekki búinn að ná sér eftir atburð þennan, hvorki andlega né líkamlega.

Kærandi hefur lagt fram 4 læknisvottorð um áverka, er hann hlaut greint sinn. Í áverkavottorði slysadeildar Borgarspítalans, dags. 5. febrúar 1973, undirrituðu af Sigurði Kr. Péturssyni aðstoðarlækni, segir m. a.:

„Skoðun:

1. Sj. er aumur hægra megin á nefi og er lítilsháttar bólga þar. Það er blóð í nösum.
2. Bólginn og aumur á vinstra gagnauga.
3. Það eru blæðingar undir húð á efri augnlokum, á báðum augum, frá innri augnkrókum og út undir miðju.
4. Það eru mjög miklar blæðingar undir tárahimnu á augnlokum og augum, báðum megin, svo augnhvíta er rauðblá að sjá á stórum svæðum.
5. Punktblæðingar á hálsi vinstra megin við barkakýli, á svæði, sem er 10x10 cm að stærð. Sj. er aumur viðkomu yfir hálsvöðvum að framan.

Meðferð:

Ekki þótti ástæða til sérstakrar meðferðar, en sj. var sendur til augnlæknis.“

Hörður Þorleifsson augnlæknir gaf út vottorð hinn 5. febrúar 1973, þar sem segir m. a.:

„Á augum voru miklar blæðingar í og undir slímhúð, á hægra auga utan og neðan við glæru og á vinstra auga innan og neðan við glæru. Engir áverkar voru innan í augum, og sjón var eðlileg með viðeigandi gleraugum. Ekkert mar var á augnumgerð eins og sést við hnefahögg á auga. Blóðleifar í nösum. Áverkinn er einkennandi fyrir skyndilegan þrýstingsauka í bláæðakerfi höfuðsins eins og sést við kirkingu eða herðingu að hálsæðum.“

Sverrir Bergmann, sérfræðingur í heila- og taugasjúkdómum, segir m. a. um áverkana og afleiðingar þeirra í vottorði, dags. 18. febrúar 1973:

„Frá því atvik þetta gerðist, hefur Tómas þjáðst af almennri vanlíðan og haft verk í höfði og augum. Einkenni þessi hafa þó farið minnkandi. Hann tók strax eftir miklum blæðingum í augum og kringum þau, en úr þessu hefur þó heldur dregið.

Við skoðun hjá undirrituðum er Tómas slappur og skjálfandi og með miklar blæðingar í augum (subconjunctival), aumur yfir

hálsvöðvum, en hins vegar skýr og vefræn neurologísk skoðun er eðlileg. Heilalínurit var tekið, og reyndist það vera eðlilegt.

Miðað við þær alvarlegu afleiðingar, er hlotist geta af áverkum eins og Tómas varð fyrir, verður að telja, að hann hafi sloppið vel. Áverki af þessu tagi hindrar eðlilegt frárennsli blóðs frá höfði og heila og eykur því þrýsting blóðs þar með þeim afleiðingum, að æðar bresta. Hin augljósu merki um þetta hafði Tómas í augum, eins og lýst er. Hins vegar hefðu æðar getað brostið á stöðum í höfði og heila, er skilið hefðu eftir einkenni allmiklu alvarlegri en þau, sem raun virðist á, sem betur fer. Það verður að segjast, að enda þótt vefræn neurologísk skoðun sé eðlileg, er ekki hægt að fyrirtaka möguleika á blæðingum annars staðar en sást, og ekki verður með vissu sagt um, hvort skemmd hafi orðið á æðaveggjum hálsæða. Afleiðingar af þessu hvoru tveggja myndu koma í ljós síðar."

Vigfús Magnússon læknir hefur einnig gefið út vottorð, dags. 6. mars 1973, um áverka kæranda, þar sem segir m. a.:

„Tómas hlaut allmikla subconjunctival blæðingu á bæði augu, einkum þó hægra.

Í dag sést hálfmánalaga blæðing til h. á hæ. auga og bæði augu með gulgrænni slikju. Ekki er á þessu stigi málsins unnt að segja með vissu, hvenær hann verður jafngóður."

Lagðar hafa verið fram í málinu ljósmyndir af kæranda, teknar 13. febrúar 1973, og sýna þær, að augu hans hafa verið mjög blóðhlaupin.

Ákærði kom fyrir rannsóknarlögreglu vegna máls þessa hinn 12. febrúar 1973. Hann kvaðst hafa verið að fara upp á efstu hæð veitingahússins í öðrum erindagerðum, en þegar þangað kom, hafi hann séð, að tveir menn hafi verið að togast á um kvenmann, og hafi hann beðið þá að hætta þessu, þar eð þetta væri ekki rétti staðurinn til að útkljá þessi mál. Hættu þeir þessu þá og hafi hann snúið sér frá, en þá hafi hann veitt því athygli, að þeir voru aftur farnir að slást, og hafi hann séð, að annar þeirra, sem hann taldi vera æstari, var blóðugur í framan. Þar sem hann hafi verið þarna einn dyravarða, hafi hann tekið þann, er hann taldi æstari, og tekið hann hálstaki, en hann hafi veitt mótþróa eftir mætti og reynt að losna. Hafi hann þá hert að hálstakinu og farið með hann að bekk, sem þarna var, og lagt hann þar á grúfu og sett hendur hans fyrir aftan bak. Einnig hafi hann sett hægra hné í bakið á honum, en hann taldi, að hann hefði ekki meitt hann með þessu. Skömmu síðar hafi hinn dyravörðurinn komið sér til að-

stoðar og þeir hafi reist manninn upp og farið með hann á milli sín fram í eldhús og þar niður að bakdyrum. Þar hafi manninum verið boðið að ná í frakka sinn, en hann hafi sjálfur viljað ná í hann, en þar sem hann hafi verið mjög æstur, töldu þeir það óráðlegt og vísuðu honum út. Hann hafi brugðist reiður við því og ekki viljað fara og þeir þá tekið hann tökum með því að taka í hendurnar á honum og hafi þeir þannig ýtt honum út. Hann kvað það alger ósannindi, að hann hafi tekið í hálsbindi hans og hert að. Hann hafi tekið hann hálstaki og hert þannig að. Hann áleit, að maðurinn hefði verið talsvert ölvaður. Taldi hann, að hann hefði ekki orðið fyrir neinum verulegum meiðslum af sínum völdum.

Þeir ákærði og kærandi voru samprófaðir hjá rannsóknarlögreglunni, og náðist ekki frekara samræmi í framburði þeirra. Ákærði taldi, að kærandi hefði ekki misst meðvitund í átökum þeirra.

Fyrir dómi hinn 24. október sl. vísaði ákærði til framangreindrar skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglu og ítrekaði framburð sinn þar. Tók hann fram, að meiðsl kæranda, væru þau nokkur, séu algerlega hans sök vegna framferðis hans greint sinn.

Verður nú skýrt frá framburði vitna um atburði þessa.

Vitnið Ólöf Kristjánsdóttir nemandi, Eikjuvogi 4, 22ja ára að aldri, skýrði frá því, að það hefði verið á umræddum veitingastað þetta kvöld og hitt þar kæranda. Hafi þau dansað saman, en þá hafi Ólafur Benediktsson, sem vitnið þekkti, ráðist að kæranda og slegið hann, en vitnið sá ekki, hvar höggið lenti. Hafi þau Tómas þá hætt að dansa og gengið í átt að hljómsveitinni og síðan á barinn, sem er við stigaganginn. Skömmu síðar kom Ólafur þar að, þar sem þau Tómas töluðu saman, og réðst á ný á Tómas, og urðu einhver handalögmál í framhaldi af því, en ekki vissi vitnið, hvort Ólafur sló Tómas, en vitnið segir, að sér hafi verið kastað svo frá, að það féll við. Einhverjir hafi nú gengið milli þeirra og kallað hafi verið á dyraverði. Er vitnið stóð upp, sá það, að dyraverðirnir voru komnir með Tómas á milli sín, en það sá ekki upphaf átakanna milli þeirra, en þegar vitnið sá til, lá hann á grúfu á bekk, sem þarna var. Voru báðar hendur hans fyrir aftan bak og höfuð hans keyrt niður í bekkinn og einnig hafi blóð vætlað úr nefinu. Augun hafi verið útistandandi og blóðhlaupin og hafi hann átt mjög erfitt með að tala. Vitnið kvaðst hafa orðið reitt vegna þessa og sagt dyravörðunum, að hann væri saklaus, en þeir hafi ekki sinnt því. Skömmu síðar hafi það séð, að dyraverðirnir fóru með Tómas á milli sín í áttina að eldhúsinu. Vitnið kvaðst

ekki hafa séð, að Tómas hafi hlotið neina áverka eftir átökin við Ólaf, en kvað það þó geta verið. Það kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis, en gat ekki borið um, hvort Tómas var undir áhrifum.

Vitnið Ólafur Benediktsson skýrsluvélanemi, Langagerði 114, 21 árs að aldri, kvaðst hafa verið þarna í veitingahúsinu umrætt kvöld og hafi hann hitt þar Ólöfu Kristjánsdóttur, en þau hafi verið kunningjar í þrjú ár. Hann hafi svo síðar um kvöldið séð hana vera að dansa við mann og þá hafi hann orðið afbrýðisamur og slegið manninn, en ekki mundi hann, hvar höggið lenti. Hafi þá ekki orðið frekari átök milli þeirra. Skömmu síðar hafi vitnið svo komið fram á barinn og þá séð Ólöfu vera að tala við þennan mann, og mundi vitnið ekki, hvort einhver orðaskipti urðu þarna milli þeirra. Síðan hafi það skeð, að þeir lentu í einhverjum handalögmálum, sem vitnið taldi víst, að það hefði átt upptök að. Ekki mundi það, hvort það sló manninn þarna við barinn, en félagar sínir hafi fljótlega skilið þá. Kvaðst það síðan hafa farið niður á næstu hæð með félögum sínum og ekki vitað, hvað gerðist uppi, en það hafi heyrt það hjá einhverjum, að dyraverðirnir hefðu farið illa með manninn. Vitnið kvað átök þeirra hafa verið mjög óveruleg og útilokað, að maðurinn hefði hlotið nokkur meiðsl af þeim, enda þeir fljótt skildir að, en þó megi vera, að maðurinn hafi fengið sprungu á vör af höggi vitnisins. Það sagði, að í hvorugt skiptið hafi til þess komið, að þeir hefðu tekist á hálstaki. Aðeins hafi verið um það að ræða, að það hafi slegið og reynt að slá til mannsins.

Vitnið Guðbjörg Ragna Ragnarsdóttir nemandi, Sólheimum 25, 22ja ára að aldri, kvaðst hafa verið þarna á veitingastaðnum með vinkonu sinni Ólöfu Kristjánsdóttur. Þegar vitnið hafi verið að dansa við Ólaf Benediktsson og Ólöf við Tómas, hafi Ólafur skyndilega ráðist að Tómasi og slegið til hans. Átök þeirra á milli hafi ekki verið mikil og hvorugur hafi tekið hinn kverkataki. Vitnið gat ekki borið neitt um upphaf átaka Tómasar og dyravarða, en segir, að honum hafi verið haldið niðri á grúfu á legubekk, er það sá fyrst til. Hafi þá dyravörður setið ofan á honum og þrýst honum niður í bekkinn. Fannst vitninu farið mjög illa með manninn, og kvaðst það ekki hafa getað orða bundist og spurt, hvort drepa ætti manninn. Það sá síðan, að farið var með manninn, en sá ekki frekar til átaka.

Vitnið Daníel Guðjón Óskarsson bifreiðarstjóri, Gautlandi 9, 25 ára að aldri, kvaðst hafa verið að störfum sem dyravörður

nefnt kvöld á veitingastað þessum. Það gat ekki skýrt neitt frá aðdraganda umræddra átaka, en kvaðst hafa verið beðið að koma upp á efstu hæð. Er þangað kom, hélt ákærði Tómasi niðri á bekk og hafi þeir ákærði síðan farið með hann átakalaust að bakdyrum hússins. Er vitnið kom að þeim, sagði það, að ákærði hefði haldið annarri hendi mannsins fyrir aftan bak og hafi sér virst hann halda honum frekar létt. Það sá, að blæddi úr nefi mannsins, og kvað það hann þá ekki hafa sýnt neinn mótþróa. Hann hafi gengið með þeim niður átaka- og orðalaust, og þegar niður kom að bakdyrunum hafi þeir spurt hann, hvort hann væri með frakka, og kvað hann svo vera. Bað vitnið hann að láta sig hafa númer sitt, þar sem það ætlaði að sækja frakkann, en hann vildi það ekki og vildi sjálfur sækja hann. Hafi þeir þá spurt, hvort hann vildi vera rólegur í salnum, ef þeir hleyptu honum aftur inn, en þar eð hann hafi ekki svarað því, hafi þeir vísað honum á dyr. Um leið og þeir hafi opnað dyrnar, hafi hann farið að sýna mótþróa og þá hafi þeir snúið upp á hendur hans og ýtt honum út fyrir og lokað hurðinni. Það minnist þess ekki, að þeir hafi tekið hann hálstaki í þessum átökum.

Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli, er það kom fyrst að þeim ákærða og Tómasi, að bindi hins síðarnefnda var fráflakandi og skyrtan óhneppt í hálsmálið. Það mótmælti því, að þeir hefðu tekið í bindið, er þeir settu hann út. Það kvaðst ekki hafa orðið vart við, að maðurinn hefði verið meðvitundarlaus, þegar það kom að þeim ákærða. Taldi vitnið, að maðurinn hefði ekki hlotið neina illa meðferð hjá þeim dyravörðunum umfram það, sem gerist við menn, sem veita mótþróa.

Við samprófun vitnisins og kæranda náðist ekki frekara samræmi í framburði þeirra.

Vitnið Helgi Ingvarsson verslunarstjóri, Vonarlandi við Sogaveg, 24 ára að aldri, kvaðst hafa verið staddur á barnum á efstu hæð veitingahússins, þegar umræddur atburður átti sér þar stað. Sá það tvo menn eitthvað vera að kíta, án þess þó að slást. Dyravörður hafi komið þar að og tekið annan manninn hálstaki og skellt honum í sófa og sest ofan á hann. Ekki varð vitnið vart við, að dyravörðurinn tæki í hálsbindi mannsins. Hafi það tekið sérstaklega eftir því, þar eð það hafi sjálft staðið í svona, vegna þess að það starfi stundum sem dyravörður í öðru húsi. Taldi það dyravörðinn ekki hafa beitt manninn neinu harðræði umfram það, sem efni stóðu til. Vitnið kvaðst hafa verið talsvert mikið undir áfengisáhrifum greint sinn.

Vitnið Brynja Guðmundsdóttir þjónn, Rauðalæk 23, 36 ára að aldri, var umrætt sinn við afgreiðslu á umræddum bar á efstu hæð. Kvaðst það hafa orðið vart við átök tveggja manna og þegar það hafi séð, að úr þeim ætluðu að verða slagsmál, hafi það látið kalla á dyraverði og hafi ákærði komið þar að skömmu síðar. Hafi hann reynt að ganga á milli þeirra og róa þá, og virtist það fyrst takast, en síðan hafi þeir skyndilega farið aftur saman og þá hafi ákærði tekið annan manninn, en vitnið sá ekki, hvort hann tók hann hálstaki, en það sá hann leggja hann á bekk og halda honum þar niðri. Það varð ekki vart við, að ákærði tæki í hálsbindi mannsins, en það telur, að maðurinn hafi verið mjög æstur og veitt mótspyrnu eftir mætti. Vitnið veitti því athygli, að maðurinn var blóðugur í andliti, og taldi sig hafa séð það, áður en ákærði kom á vettvang. Ekki kvaðst vitnið hafa veitt því athygli, að maðurinn missti meðvitund í átökunum.

Vitnið Svanhildur Kjartansdóttir húsmóðir, Yrsufelli 2, 39 ára að aldri, var einnig við störf umrætt kvöld á oftnefndum bar. Það kvaðst hafa veitt athygli tveimur mönnum, sem voru í átökum fyrir framan barinn, og af því tilefni hafi verið kallað í dyraverði. Ákærði hafi þá verið að koma þangað upp í öðrum erindagerðum og hafi hann farið í það að reyna að skilja mennina. Það hafi ekki tekist og hafi ákærði orðið að taka annan manninn. Vitnið sá ekki, er ákærði tók manninn, en sá, þegar hann lagði hann á bekk, og þá kveðst það hafa veitt því athygli, að maðurinn var blóðugur í andliti, og kvaðst það hafa farið til að þurrka blóðið framan úr honum. Ekki kvaðst það hafa séð, að ákærði héldi í hálsbindi mannsins, og það sá ekki betur en hann væri með fulla meðvitund. Skömmu síðar leiddu dyraverðirnir manninn á brott gegnum eldhúsið, og sá vitnið ekki frekar til átaka þeirra.

Áverkar þeir, sem kærandi bar á augum eftir átök þau, er hann lenti í, eru samkvæmt vottorði Harðar Þorleifssonar augnlæknis „einkennandi fyrir skyndilegan þrýstingsauka í bláæðakerfi höfuðsins eins og sést við kyrkingu eða herðingu að hálsæðum."

Fyrir liggur, að kærandi hafði, áður en ákærði hóf afskipti af honum, lent í átökum við annan mann. Fullvíst verður að telja eftir framburðum þeirra beggja svo og vitna, að maður þessi hafi ekki tekið kæranda neinu hálstaki. Hins vegar liggur fyrir framburður ákærða sjálfs og vitna um, að hann hafi tekið kæranda hálstaki. Telja verður því fram komna fulla sönnun fyrir því, að kærandi hafi hlotið umrædda áverka í þeim átökum, er hann lenti í við ákærða. Enda þótt ákærði hafi haft ástæðu til afskipta

af kæranda, verður ekki séð, að honum hafi verið gefið tilefni að beita hann því harðræði, sem telja verður sannað af eigin framburði hans, framburði vitna og læknisvottorðum, að hann hafi beitt. Verður því að virða honum áverka kæranda til sakar, og þykir hann með þessu atferli hafa gerst brotlegur við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða fyrir atferli það, sem lýst hefur verið hér að framan undir 1 og 2, þykir hæfilega ákveðin varðhald 45 daga. Rétt þykir þó eftir atvikum að fresta fullnustu refsingarinnar, þannig að hún falli niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955 verður haldið.

Kærendur hafa lagt fram bótakröfur í málinu, og verður þeim nú lýst og afstaða tekin til þeirra.

Arthúr Björgvin Bollason hefur gert kröfu um, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér kr. 22.000 í skaðabætur. Sundurliðar hann kröfu sína þannig.

Kr. 2.000 útlagður kostnaður
— 20.000 miskabætur

Samtals kr. 22.000

Lagður hefur verið fram reikningur að fjárhæð kr. 800 vegna læknisvottorðs, en aðrir reikningar hafa ekki verið lagðir fram. Rétt þykir að ákveða kæranda Arthúr Björgvin bætur í einu lagi, og þykja þær hæfilega metnar kr. 12.000.

Tómas Ísleifsson hefur gert kröfu um skaðabætur sem hér segir:

1.	Bætur fyrir tekjutap	kr. 317.856
2.	Bætur fyrir eyðilögð gleraugu	— 4.870
3.	Bætur fyrir annan útlagðan kostnað	— 3.155
4.	Miskabætur	— 150.000
		Samtals kr. 475.881

Um 1. Kærandi kveðst hafa stundað nám í líffræði við Háskóla Íslands síðan haustið 1970. Taldi hann sig hafa tafist frá námi í 6 mánuði vegna atburðar þessa, þar eð hann missti af hálfs mánaðar námskeiði í tölfræði og því hafi hann eigi getað tekið próf um vorið. Samkvæmt vottorði frá líffræðiskor verkfræði- og raunvísindadeildar hóf hann þar nám í upphafi haustmisseris 1970, en

útskrifaðist hinn 23. febrúar 1974. Stundaði hann því námið í samtals 7 misseri, en samkvæmt kennsluskrá verkfræði- og raunvísindadeildar er gert ráð fyrir 6 misserum til náms í líffræði. Af framangreindu vottorði líffræðiskorar kemur hins vegar fram, að enda þótt Tómas lyki ekki prófi að loknu vormisseri í júní 1973, hefði hann getað lokið því í ágúst 1973. Kröfufjárhæð samkvæmt þessum lið er miðuð við laun menntaskólakennara, en kærandi segir, að menn með slíka menntun starfi helst sem slíkir. Eru það laun samkvæmt 21. launaflokki opinberra starfsmanna, og eru þau reiknuð kr. 52.975 á mánuði, þegar krafan er sett fram 31. ágúst 1973, og miðast krafan við 6 mánuði.

Enda þótt telja megi líklegt, að framangreind meiðsli hafi valdið kæranda talsverðri röskun, verður að álíta, að krafa samkvæmt þessum lið sé ekki studd nægilegum rökum, til að unnt sé að taka hana til greina og verði að sýkna ákærða af henni. Hins vegar sé eðlilegt að taka tillit til þessa við ákvörðun bóta samkvæmt 4. lið.

Um 2. Ekki þykir hafa komið fram sönnun fyrir því í málinu, að ákærði eigi sök á því, að gleraugu kæranda eyðilögðust, og verður hann því sýknaður af kröfu samkvæmt þessum lið.

Um 3. Lagðir hafa verið fram reikningar hér að lútandi, og þykir eðlilegt og rétt að taka þennan lið kröfunnar til greina að öllu leyti.

Um 4. Kærandi heldur því fram, að hann hafi orðið fyrir mjög áberandi og óþægilegum meiðslum, enda þótt svo vel virðist hafa farið, að þau yrðu ekki varanleg. Verður að telja þetta sennilegt. Svo sem að var vikið hér að framan, má og telja mjög líklegt, að ofangreindir áverkar hafi valdið kæranda talsverðri röskun, og við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið þykir mega hafa hliðsjón af því, að ekki var tekin til greina krafa samkvæmt 1. lið. Þegar allt þetta er virt, þykja bætur til handa kæranda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 125.000.

Samkvæmt ofanrituðu verður ákærði því dæmdur til að greiða kæranda Tómasi Ísleifssyni kr. 128.155 með 7% ársvöxtum frá 3. febrúar 1973 til 1. maí s. á., en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Ekki verður tekin til greina krafa kæranda um innheimtulaun samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Að lokum verður ákærði dæmdur til greiðslu alls kostnaðar af máli þessu, þar á meðal til greiðslu málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.

Dómsorð:

Ákærði, Friðfinnur Júlíus Guðjónsson, sæti varðhaldi í 45 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að tveimur árum liðnum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Arthúr Björgvin Bollasyni kr. 12.000 í bætur.

Ákærði greiði Tómasi Ísleifssyni kr. 128.155 í bætur auk 7% ársvaxta frá 3. febrúar 1973 til 1. maí s. á., en 9% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 3. mars 1975.

Nr. 113/1973. **Helgi Helgason**
(Haukur Jónsson hrl.)
gegn
Ásu Björnsson og gagnsök
(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Einar Arnalds.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 26. júlí 1973, birtri 20. september s. á. Krefst hann þess, að gagnáfrýjandi verði dæmd til að greiða sér kr. 25.925 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 15. september 1969 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 1. október 1973. Krefst hún staðfestingar héraðsdóms, þó svo, að henni verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi tók við greiðslu fyrir lax, er hann seldi gagnáfrýjanda sumarið 1969, hinn 15. september 1969 og kvittaði fyrir. Eigi er sannað, að hann hafi hreyft athugasemdum við það uppgjör fyrr en með bréfi 7. september 1970, sem rakið er í héraðsdómi. Aðaláfrýjandi hefur eigi sannað, að um það verðlag hafi samist, er hann heldur fram, en vottorð og framburðir viðsemjenda gagnáfrýjanda, er seldu henni lax þetta sumar, styðja málstað hennar. Með vísan til þessa og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms þykir bera að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum máls ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Helgi Helgason, greiði gagnáfrýjanda, Ásu Björnsson, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 24. apríl sl., hefur Helgi Helgason, Þursstöðum, Borgarhreppi, Mýrasýslu, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 14. maí 1971, gegn Ásu Björnsson, Framnesvegi 65, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 28.619 auk 1% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 15. september 1969 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Stefnda hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu, en án árangurs.

Málið var þingfest 27. maí 1971. Lögmaður stefndu fékk frest til þess að skila greinargerð til 24. júní 1971. Þann dag var málinu frestað um óákveðinn tíma til gagnaöflunar. Undirritaður dómari fékk málið til meðferðar í október 1972, tók hann málið fyrst fyrir 7. nóvember sl., síðan var málinu frestað til yfirheyrslu til 22. nóvember sl. og svo aftur til 13. desember sl., en þann dag óskuðu lögmenn aðilja eftir því, að málið yrði sent sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til yfirheyrslu málsaðilja og vitna, og var það gert með bréfi, dags. sama dag. Sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu endursendi skjöl málsins að loknum yfirheyrslum með tveim bréfum, dags. 20. febrúar 1973 og 26. mars 1973. Dómarinn tók málið því næst fyrir 6. apríl sl., og þá var málinu frestað að ósk lögmanna aðilja til 26. apríl sl., en síðan var málið tekið fyrir 24. apríl sl. að ósk lögmanna aðilja, og lýstu lögmenn þá yfir, að gagnasöfnun væri lokið, og fór þá fram munnlegur málflutningur.

Mál þetta er af því risið, að á árinu 1969 seldi stefnandi stefndu lax. Stefnandi telur lax þann, er hann seldi stefndu, vangreiddan um kr. 28.619. Stefnda telur laxinn hafa verið greiddan að fullu 15. september 1969.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að lax sá, sem stefnandi seldi stefndu á árinu 1969, en það hafi verið 309 kg, hafi átt að greiðast með sama meðalverði og Kaupfélag Borgfirðinga hafi greitt fyrir lax sumarið 1969. Meðalverð kaupfélagsins þetta sumar fyrir sams konar lax, útflutningslax, hafi verið kr. 253.38. Greiðsla fyrir framangreind 309 kg hafi því átt að vera kr. 78.294. Upp í þetta hafi stefnda greitt kr. 49.675 hinn 15. september 1969 og hafi hún ekki fengist til að greiða meira.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefnda hafi keypt lax af stefnanda fyrir kr. 49.560. Laxinn hafi verið keyptur á föstu verði. Laxinn hafi verið að fullu greiddur 15. september 1969, eins og um hafi verið samið, að öðru en því, að stefnda hafi greitt stefnanda af vangá kr. 49.675 eða kr. 115 meira en rétt var.

Fyrir dómi bar stefnandi málsins um viðskipti hans og stefndu á þá lund, að hann hafi farið til stefndu og boðist til að selja henni lax. Þá hafi hann sýnt stefndu laxa þá, sem hann hafi komið með, og hafi stefnda lýst yfir því, að hún borgaði ekki verr en Kaupfélag Borgfirðinga. Stefnandi sagði, að ef stefnda hefði ekki lýst þessu yfir, hefði ekki orðið um nein viðskipti að ræða. Stefnandi hafi farið þeirra erinda á fund hennar að kanna, hvort hann gæti

fengið hærra verð en hjá Kaupfélagi Borgfirðinga, þar sem hann hafði lagt inn laxinn áður.

Stefnandi sagði, að hann hafi lagt inn nokkra laxa hjá Kaupfélagi Borgfirðinga, einmitt í því skyni að fá viðmiðunarverð, er hann gerði lokauppgjör við stefndu. Þannig hafi það verið alger forsenda fyrir viðskiptum hans við varnaraðilja, að hann fengi a. m. k. ekki lægra verð annars staðar en hann gat fengið hjá Kaupfélagi Borgfirðinga. Hann hafi ekki hætt viðskiptum við Kaupfélag Borgfirðinga, vegna þess að hann gæti ekki fengið útborgaða peninga fyrir innlagðar afurðir, heldur vegna hins, að hann vildi fá hærra verð fyrir seldan lax. Þetta sama vor hafi hann selt Kaupfélagi Borgfirðinga smálaxinn, en látið vænni laxinn ganga til stefndu til að fá hærra verð fyrir útflutningslaxinn. Stefnandi hafi sjálfur afhent laxinn á Hvítárvöllum.

Stefnda hafi alls ekki og aldrei greint sér frá verði því, sem um ræði á dskj. nr. 15. Stefnandi sagði, að því er uppgjör varðar við stefndu á andvirði innvegins lax, að hann hafi kvittað fyrir mótteknum peningum sem innborgun upp í viðskipti, en ekki hafi verið þar um endanlega kvittun að ræða.

Fyrir dómi staðfesti stefndi sem rétt efni dskj. nr. 15, en þar segir m. a.:

„Er mánuður var liðinn af veiðitíma sumarið 1969 eða hinn 19. júní kom hingað Helgi Helgason, bóndi frá Þursstöðum, með 6 laxa af mismunandi stærðum og bað mig að kaupa þá af sér svo og meira af laxi, ef veiddist í veiðilagnir hans þá um sumarið.

Hann sagðist vera kominn vegna þess, hve ánægðir nágrannar sínir, bændurnir í Rauðanesi, væru með sín laxaviðskipti við mig, og einnig vegna þess að hann legði áherslu á að fá peninga strax fyrir sína veiði og vildi því selja mér laxinn og fá hann greiddan strax, en ekki leggja hann inn í kaupfélagið í Borgarnesi og bíða mánuðum saman eftir peningum. Sagðist Helgi vilja fá kr. 170.00 jafnaðarverð fyrir hvert kíló.

Ég sagði honum því, að þetta sumar greiddi ég fjögur mismunandi verð fyrir laxinn eftir stærðum og mætti hann koma með lax á því verði, en það var:

1.	Lax sem var 2 -4 kg	kr. 140.00	hvert kíló
2.	— — — 4 -5.5 —	— 150.00	— —
3.	— — — 5.5-7 —	— 180.00	— —
4.	— — — 7 kg og þar yfir	— 200.00	— —

Féllst bóndinn á þetta og sagðist vilja hlíta þessum verðum. Ég sagði honum, að greiðslur gætum við haft eftir samkomulagi og

endanlegt uppgjör yrði gert í lok veiðitímans. Hann varð ánægður með þessi kjör og kom með nokkuð af laxi þetta sumar.

Um haustið eða hinn 15. september 1969 gerðum við upp endanlega okkar viðskipti, og kom þá í ljós, að innlagður lax var sem hér segir:

47 laxar	(2-4 kg)	140 kíló á 140 kr.	Samtals kr.	19.600.00
14 —	(4-5.5 kg)	64 — - 150 —	— —	9.600.00
13 —	(5.5-7 kg)	77 — - 180 —	— —	13.860.00
4 —	(7-10 kg)	32.5 — - 200 —	— —	6.500.00
			Samtals kr.	49.560.00

Þegar ég hafði reiknað þetta út, bað ég Helga að fara yfir útreikninginn og lesa mér upp, hver niðurstöðutala væri, þegar ég skrifaði ávísunina. Hann las upp 49.675.00, sem ég greiddi honum og hann kvittaði fyrir (eftir að hann var farinn sá ég, að honum hefði verið ofgreitt 115.00 kr., en hafði ekki frekar orð á því).

Helgi var hinn ánægðasti með okkar viðskipti og kvað gott að eiga hér viðskipti með lax.

Þetta sumar keypti ég lax af 6 öðrum bændum á sama verði og sömu skilmálum og okkar Helga viðskipti voru. Mín verslun með lax hefur frá upphafi verið miðuð við staðgreiðslu, en ekki við neitt uppbóta- eða verðjöfnunarkerfi."

Fyrir dómi sagði stefnda, að hún hafi ekki sýnt stefnanda skriflega það verð, sem fram kemur á dskj. nr. 15, en kveðst hafa greint honum frá því verði munnlega. Annað verð hafi ekki verið rætt, nema stefnandi hafi gert 170 kr. kröfu, sem hún hafi hafnað. Fullnaðaruppgjör við bændurna 6, sem um ræðir, hafi farið fram við alla fyrir áramót, en uppgjörið við stefnanda strax. Þessir 6 bændur séu hinir sömu og þeir, sem hafa gefið vottorð í máli þessu.

Í málinu hafa verið lögð fram nokkur vottorð frá viðskiptavinum stefndu og fleiri aðiljum, þar á meðal bróður stefnanda.

Fyrir dómi staðfesti Þórður Helgason, bróðir stefnanda, sem rétt svohljóðandi vottorð:

„Undirritaður votta hér með, að vorið 1969, þegar frú Ása Björnsson ákvað að kaupa lax af Helga Helgasyni, Þursstöðum, kvaðst hún eigi greiða honum lægra verð en Kaupfélag Borgfirðinga myndi gera. Eru þetta hennar óbreyttu orð, en ég var viðstaddur samtal þeirra í bústað hennar á Hvítárvöllum."

Fyrir dómi bar Hannes Ólafsson, eiginmaður stefndu, að hann

hafi heyrt að mestu leyti ásamt Þórði Helgasyni samtal stefnanda og stefndu í máli þessu hinn 19. júní 1969. Ástæða þess, að Hannes heyrði ekki allt samtalið, hafi verið sú, að þeir Þórður hafi tekið tal saman utanhúss, en málsaðiljar hafi gengið til stofu og rætt þar. Hannes lýsti því yfir, að hann hafi heyrt stefnanda ræða það, að hann vildi eigi una því að fá ekki uppgert í Kaupfélagi Borgfirðinga fyrr en löngu eftir lok laxveiðitímans, allt upp í ár, og vildi hann því gera ráðstafanir til að selja laxinn við staðgreiðsluverði. Hannes tók fram, að hann hafi hlýtt á verjanda gera sækjanda grein fyrir því, að hún keypti lax í fjórum verðflokkum eftir stærð.

Í málinu hafa verið lagðar fram 6 yfirlýsingar, allar samhljóða að öðru leyti en fyrsta málsgreinin, og eru þær undirritaðar af eftirtöldum mönnum: Magnúsi Elíassyni, Viggó Jónssyni, Birni Jónssyni, Gísla Jónssyni, Kristjáni Guðjónssyni og Jóni Gíslasyni.

Yfirlýsing Magnúsar Elíassonar er svohljóðandi:

„Sumarið 1969 seldi ég undirritaður Ásu Björnsson, Hvítárvöllum, lax úr veiðum mínum fyrir landi jarðarinnar Melkot í Stafholtstungum.

Samningar okkar vegna þessarar verslunar voru þeir, að laxinum var skipt í fjóra verðflokka eftir stærð sem hér segir:

a)	2 -4	kg	140.00	krónur	hvert kíló
b)	4 -5.5	—	150.00	—	— —
c)	5.5-7	—	180.00	—	— —
d)	7 kg og yfir		200.00	—	— —

Verð þetta miðaðist við greiðslu upp í viðskiptin á veiðitímanum eftir samkomulagi og endanlegt uppgjör í lok hans.

Þetta staðfestist hér með."

Hinar 5 yfirlýsingar eru samhljóða að öðru leyti en fyrsta málsgreinin.

Framangreindir aðiljar hafa allir staðfest efni yfirlýsinga þessara sem rétt fyrir dómi.

Lagt hefur verið fram vottorð, undirritað af Sigþór Þórarinssyni, dags. 11. júní 1971. Vottorð þetta er svohljóðandi:

„Veturinn 1970 fékk ég hjá Kristjáni Guðjónssyni, Ferjubakka II, Borgarhreppi, staðfest laxaverð fyrir árið 1969, kr. 212.00 pr. kg fyrir þann lax, sem hann seldi það ár frú Ásu Björnsson og Hannesi Ólafssyni, Hvítárvöllum."

Vottorð þetta hefur Sigþór Þórarinsson staðfest sem rétt. Fyrir dómi bar Sigþór, að upplýsingar þær, sem greint er frá á vott-

orðinu, hafi hann fengið skriflega frá Kristjáni Guðjónssyni. Gat Sigþór þess, að unnt sé að afla heimildar þessarar hjá yfirmatsnefnd, er fjallar um bætur fyrir missi laxveiðiréttinda, en aðiljar í því efni eru auk Sigþórs ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu. Formaður yfirmatsnefndar sé Gizur Bergsteinsson, fyrrverandi hæstaréttardómari. Umrætt verð á vottorðinu á dskj. nr. 16 sé meðaltalsverð á öllum innlögðum laxi.

Fyrir dómi bar Kristján Guðjónsson, að talan kr. 212 á dskj. nr. 16 sé of há, þar sem hún sé gefin áður en endanlegt uppgjör hafi farið fram. Vottorð hans, sem liggi til grundvallar yfirlýsingu á dskj. nr. 16, sé rangt. Verðið kr. 212 fyrir hvert kg af laxi sé of hátt, enda hafi vottorðið verið byggt á ónógum upplýsingum, þar sem endanlegt uppgjör hafi enn ekki farið fram, er hann gaf Sigþór upplýsingarnar. Kristján var spurður að því, hvort hann hafi haft fyrirvara á, er hann veitti Sigþór Þórarinssyni umbeðnar upplýsingar um verð á laxi veturinn 1970. Kristján sagðist ekki hafa haft skriflegan fyrirvara á um þetta efni, en orðað fyrirvarann við Sigþór.

Fyrir dómi sagðist Sigþór ekki minnast slíks munnlegs fyrirvara.

Fyrir dómi bar Jón Gíslason, eftir að hann hafði staðfest sem rétt efni yfirlýsingar sinnar á dskj. nr. 12, að endanlegt verð hafi verið hærra en greinir í liðum A til D á dskj. nr. 12. Þó kvaðst hann ekki muna, hve miklu hærra verðið varð. Endanlegt uppgjör hafi verið gert um áramótin 1969-1970.

Í málinu hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 21 yfirlýsing, undirrituð af Jóni Gíslasyni, Innri-Skeljabrekku, og er efni yfirlýsingarinnar svohljóðandi:

„Í réttarhaldi í Borgarnesi þann 29. janúar sl. kvaðst ég undirritaður hafa endanlega fengið hærra verð en samningur sagði til um fyrir þann lax, er ég lagði inn hjá Ásu Björnsson.

Ég hef nú athugað þetta mál nánar og sé þá, að sú greiðsla, sem ég endanlega fékk frá Ásu, er fullkomlega í samræmi við upphaflegan samning okkar, en ekki hærri. Uppgjörið fór fram fyrir áramót 1969 til 1970."

Af hálfu stefnanda eru kröfur rökstuddar með því, að meðalverð á laxi innlögðum í Kaupfélag Borgfirðinga frá stefnanda á árinu 1969 hafi verið kr. 253.38, eins og dskj. nr. 4 sýni. Stefnandi hafi samið við stefndu um greiðslu þessa meðalverðs, sbr. dskj. nr. 3. Stefnda skuldi stefnanda enn kr. 28.619, eins og í

stefnu greini, þar sem hún hafi aðeins greitt kr. 49.675 af kr. 78.294, sem henni beri að greiða.

Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefnanda yfir, að fjárhæð kvittunar fyrir greiðslu til stefnanda á dskj. nr. 24 sé ekki vefengd. Magnið af laxi á dskj. nr. 6 sé ekki vefengt. En stefnda hafi lofað að greiða stefnanda sama verð fyrir laxinn og Kaupfélag Borgfirðinga greiddi.

Við munnlegan málflutning kom það einnig fram, að stefnandi hafi ekki farið að aka langa leið með lax til að afhenda á Hvítárvöllum, ef hann hafi ekki átt að fá hærra verð þar en í Borgarnesi. Ef hann hefði átt að fá sama verð á Hvítárvöllum, þá hefði hann frekar selt lax í Borgarnesi, sem er rétt hjá heimili stefnanda.

Af hálfu stefndu eru kröfur rökstuddar með því, að laxinn, sem stefnda keypti af stefnanda, hafi verið keyptur á föstu verði. Laxinn hafi verið að fullu greiddur 15. september 1969, eins og um hafi verið samið, að öðru leyti en því, að stefnda hafi greitt stefnanda af vangá kr. 49.675, eða kr. 115 meira en rétt var.

Í málflutningi var því haldið fram af hálfu lögmanns stefndu, að viðskipti málsaðilja hafi verið venjuleg staðgreiðsluviðskipti. Enda taki stefnda ekki lax í umboðssölu, það, sem hún ekki selji umferðinni, það selji hún til kaupfélagsins í Borgarnesi. Stefnda flytji ekki út lax. Aðalútflytjendur á laxi séu Kaupfélag Árnesinga og Kaupfélag Borgnesinga. Útflutningsverðið 1969 á laxi hafi reynst hærra en gangverðið 1969.

Ágreiningur málsaðilja er eingöngu um það, hvaða verð hafi verið samið um.

Stefnandi byggir kröfur sínar á meðalverði, sem Kaupfélag Borgfirðinga greiddi á árinu 1969 fyrir lax, en um það verð hafi málsaðiljar samið.

Þegar litið er til framburðar stefnanda fyrir dómi, þá heldur hann því fram, að það hafi verið forsenda fyrir viðskiptum hans við stefndu, að hann fengi a. m. k. ekki lægra verð annars staðar en hann gat fengið hjá Kaupfélagi Borgfirðinga. Einnig, að hann hafi ekki hætt viðskiptum sínum við Kaupfélag Borgfirðinga vegna þess, að hann gæti ekki fengið útborgaða peninga fyrir innlagðar afurðir, heldur vegna hins, að hann vildi fá hærra verð fyrir seldan lax.

Því var ómótmælt haldið fram í munnlegum málflutningi, að stefnda flytti ekki út lax, og jafnframt að aðalútflytjendur á laxi

hér á landi væru Kaupfélag Borgfirðinga og Kaupfélag Árnesinga.

Í málinu liggur frammi sem dskj. nr. 22 kvittun, undirrituð af stefnanda, dags. 15. september 1969, kvittun þessi er fyrirvaralaus. Ekki hefur komið fram undir rekstri málsins, að stefnandi hafi mótmælt uppgjöri stefndu fyrr en með bréfi, dags. 7. september 1970.

Eins og málið liggur fyrir við dómtöku, þykir það ósannað, að málsaðiljar hafi samið um sama verð og Kaupfélag Borgfirðinga greiddi á þessum tíma.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefnda verður sýknuð af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefnda, Ása Björnsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Helga Helgasonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 10. mars 1975.

Nr. 138/1973. **Ólafur Ólafsson**
(Örn Clausen hrl.)
gegn
Jóni Pálssyni og gagnsök
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Skuldamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. október 1973. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 4. október 1973. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 86.994 með 8% ársvöxtum frá 6. maí 1971 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa nokkur vitni gefið skýrslur fyrir dómi.

Vitnaskýrslur í máli þessu eru ósamhljóða, og önnur sönnunargögn eru óljós.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara að miða við það, að landstærð að flatarmáli 4.7 ha verði lögð til grundvallar kröfum gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda. Um verðákvörðun í sambandi við þökuristuna þykir rétt að leggja til grundvallar reikningsgerð gagnáfrýjanda, sem á því er reist, að jafnt hafi verið rist hvort sumarið um sig 1968 og 1969. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 56.994 með 8% ársvöxtum frá 6. maí 1971 til greiðsludags, en vaxtakröfunni hefur eigi verið sérstaklega andmælt.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 40.000.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að undanskildu ákvæði um málskostnað.

Aðaláfrýjandi, Ólafur Ólafsson, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Pálssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 40.000.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Gagnáfrýjandi krefur aðaláfrýjanda í máli þessu um endurgjald fyrir túnþökur, sem hann leyfði aðaláfrýjanda að rista á landi sínu. Reiknar hann endurgjaldið sem tiltekna upphæð fyrir hvern fermetra og leggur þá saman flatarmál hvors tveggja landsins, þess, sem af var rist, og hins, sem spillist vegna umferðar við ristu og flutninga.

Vitnaskýrslur um túnþökuristu aðaláfrýjanda á landi gagnáfrýjanda eru mjög ósamhljóða. Gagnáfrýjandi hófst handa um skurðgröft á landinu, jöfnun uppgraftar og jarðvinnslu án þess að staðreyna, hversu miklu landi aðaláfrýjandi hafði rist ofan af. Varð ekki gengið úr skugga um þetta til hlítar eftir þær framkvæmdir. Hann miðar enn fremur kröfugerð sína við það, eins og fyrr segir, að sér beri greiðsla úr hendi aðaláfrýjanda eftir samanlögðu flatarmáli túnþaknanna, sem aðaláfrýjandi risti, og flatarmáli landsins, sem spilltist af traðki vegna ristunar. Ekki hefur hann þó upplýst, hverjar venjur gildi um síðastgreint atriði í viðskiptum eins og þeim, er málið fjallar um, en ósannað er, að aðaláfrýjandi hafi spillt grasrót í landi hans um nauðsyn fram. Samkvæmt því, sem nú var rakið, og þegar hafður er í huga aðdragandi að samkomulagi málsaðilja, þá þykja málsgögn

svo ótraust um þann þátt í kröfugerð gagnáfrýjanda, er lýtur að því, við hvaða landstærð sé hér rétt að miða, að aðaláfrýjanda verður ekki gert að greiða fyrir túnþökur af stærra landi en því, sem hann hefur viðurkennt að hafa rist ofan af samkvæmt eigin mælingu, eða samtals 30253 m².

Í héraðsdómi eru raktar gagnstæðar staðhæfingar málsaðilja um það, hvernig samist hafi með þeim í öndverðu um endurgjald aðaláfrýjanda fyrir þær þökur, sem hann risti í túni gagnáfrýjanda. Hvorugur málsaðilja hefur sannað staðhæfingar sínar um þetta, og sjálfur hefur gagnáfrýjandi ekki miðað endurgjaldskröfu sína í málinu við þann samningsgrundvöll, sem hann telur réttan, en krefur aðaláfrýjanda um greiðslu, sem nemur 2 krónum fyrir hvern m² vegna þökuristu 1968, en 3 krónum fyrir hvern m² vegna þökuristu 1969. Aðaláfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að framangreint verð sé ósanngjarnt, og verður það lagt til grundvallar dómi í málinu, sbr. 5. gr. laga nr. 39/1922, sem hér á við fyrir lögjöfnun.

Dómkröfur sínar miðar gagnáfrýjandi við, að aðaláfrýjandi eigi að greiða fyrir túnþökuristu á samtals 5.9 ha lands. Áætlar hann, að jafnt hafi verið rist árin 1968 og 1969, eða 2.95 ha hvort ár. Eigi heildarendurgjald þá að nema kr. 147.500. Frá þeirri fjárhæð dregur gagnáfrýjandi greiðslur, sem hann hefur fengið frá aðaláfrýjanda, alls kr. 60.506. Kemur þá út fjárhæð dómkröfu hans. Aðaláfrýjandi hefur lýst því fyrir Hæstarétti, að hann hafi rist mikinn minni hluta af þökunum árið 1968, eða aðeins um það bil 5000 m². Afganginn, um það bil 25253 m², hafi hann rist 1969. Þykir rétt að leggja þessa skiptingu til grundvallar, en hún er gagnáfrýjanda hagstæðari en sú, sem hann sjálfur hefur áætlað, miðað við þá verðlagningaraðferð, sem hann beitir. Ber aðaláfrýjanda samkvæmt þessu að greiða gagnáfrýjanda kr. 85.759 (5000 x 2 kr. + 25.253 x 3 kr.) að frádregnum kr. 60.506, eða alls kr. 25.253 með vöxtum svo sem krafist er, en vaxtakrafan hefur ekki sætt sérstökum andmælum.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 35.000 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð tel ég samkvæmt þessu eiga að hljóða svo:

Aðaláfrýjandi, Ólafur Ólafsson, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Pálssyni, kr. 25.253 með 8% ársvöxtum frá 6. maí 1971 til greiðsludags og kr. 35.000 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 30. júlí 1973.

I.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþingi Árnessýslu með stefnu, útgefinni 20. júní 1972, af Jóni Pálssyni, dýralækni á Selfossi, gegn Ólafi Ólafssyni garðyrkjumanni, Stuðlum í Ölfushreppi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 86.994 auk 8% ársvaxta frá 6. maí 1971 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Til vara krefst hann annarrar lægri fjárhæðar eftir mati dómsins. Stefndi krefst algerrar sýknu svo og málskostnaðar að skaðlausu. Eftir að málið hafði að loknum munnlegum málflutningi verið lagt í dóm hinn 3. mars sl., var það með úrskurði 30. mars sl. tekið upp til frekari gagnaöflunar, og að henni lokinni og nýjum munnlegum flutningi var málið síðan tekið til dóms 3. þessa mánaðar, en sökum annríkis dómarans og óhjákvæmilegra fjarvista úr bænum hefur dómur ekki orðið kveðinn upp fyrr en nú.

II.

Málavextir eru þeir í stórum dráttum, að vorið 1968 talaðist svo til með aðiljum málsins, að stefndi skæri og keypti þökur af túni stefnanda í Árbæjarlandi á Ölfusárbökkum. Hefur stefndi fengist við slíkan þökuskurð og sölur, en rekur annars garðyrkjustöð. Milli þeirra aðiljanna hafði verið gott nábýli og þeir veitt hvor öðrum ýmsa aðstoð eftir því sem á stóð og til þurfti hverju sinni. Hafði stefnandi nú í hug að bylta túni sínu og ræsa betur fram, en túnið var gamalræktað, sbr. uppdrátt Ásgeirs L. Jónssonar frá 1942 (dskj. 14). Útkantar þess neðst voru þó ekki í fullri rækt og hér og þar í landinu einhverjar skemmdir eða lélegir blettir, eins og oft vill verða, þótt aðiljum málsins komi nú ekki saman um, hvort eða hve mikil brögð hafi verið að slíku. Var land það, sem stefndi fékk þannig til ofanristu og „umráða" samtals 9.7 hektarar miðað við útlínur, sbr. uppdrátt Vals Þorvaldssonar ráðunauts, sem hann gerði síðar og í öðru sambandi, dskj. 6. Kemur landstærð og lögun túnsins eftir uppdrætti þessum nálega að öllu heim við uppdráttinn frá 1942.

Engir sérstakir samningar voru að öðru leyti gerðir milli málsaðilja um viðskipti þessi. Stefnandi heldur því að vísu fram, að talað hafi verið um, að stefndi skilaði „túni fyrir tún", en þessu neitar stefndi með öllu, og verður það því ekki talið sannað. Aðiljum ber hins vegar saman um, að ekkert hafi verið samið sérstaklega um verð á þökunum. Stefndi viðurkennir, að svo hafi verið samið, að hann skæri af túninu eins mikið og „hægt væri", en um úttekt eða mælingu á hinu skorna landi virðist ekkert hafa verið samið, þar á meðal ekkert um það, hvernig reikna skuli land það, sem fer í traðk vegna bílflutninga þaknanna um og út af landinu og nýtist þess vegna ekki til þökuskurðar.

Eftir að stefnandi hafði hirt tún sitt sumarið 1968, tók stefndi til við þökuskurðinn og telur sig hafa rist af ca hálfum hektara það sumar. Afganginn hafi hann svo rist síðara sumarið. Kveðst hann þá hafa gert stefnanda aðvart um að koma eða láta mæla með sér „pæluna". Þessu mótmælir stefnandi, og verður það því að teljast ósannað í málinu. Kveðst stefndi þá hafa mælt hið ofanafrista land sjálfur samviskusamlega með málbandi og hafi það reynst vera 3.053 ha. Niðurstöðu þessa eða mælingu virðist hann hins vegar ekki hafa tilkynnt stefnanda fyrr en löngu síðar, eða 4. maí 1971 (sbr. dskj. 4), hálfu öðru til tveim árum eftir að þökuskurði lauk. Sendi hann stefnanda um leið lokagreiðslu, að hann taldi, vegna viðskipta þessara. Stefnandi mótmælti með bréfi 6. næsta (sic) mánaðar bæði mælingu og lokauppgjöri þessu, sbr. nánar hér á eftir.

Þegar að þökuskurði þessum loknum hóf stefnandi endurræktun landsins með því að grafa skurð þvert yfir landið (milli spildna 1 og 5, sbr. uppdrátt hér á eftir) og hreinsa upp úr öðrum. Sumarið 1970 var ýtt út ruðningum og landið lokræst og jafnað, en um haustið plógherfað (grófunnið). Hinn 22. apríl 1971 fékk stefnandi síðan ráðunaut til þess að gera uppdrátt af landinu (dskj. 6) með tilliti til þess, hve mikið þyrfti af áburði og grasfræi til þess að „fínvinna" landið og rækta það upp. Leit uppdrátturinn þannig út, en hann er þingmerktur nr. 6 í dómsskjölum:

22. april '71

Jön Paloson Ärbe allo 8,65 ha



Uppdrátturinn hefur ekki sætt andmælum sem slíkur.

Eftir að stefnanda hafði borist bréfið, dags. 4. maí, sem fyrr greinir, lét hann ráðunautinn gera sundurliðaða athugun eða áætlun um, hve stórum svæðum túnsins hafi verið rist ofan af. Komst stefnandi síðan að þeirri niðurstöðu, að stefndi hefði rist af minnst 5.9 ha, eftir að hann (stefnandi) hafi þó fyrir varúðarsakir dregið frá ca 1 ha til þess að vera örugglega innan réttra stærðarmarka. Því næst skrifaði stefnandi bréf til stefnda, dags. 6. maí 1971, mótmælti mælingum stefnda, eins og fyrr segir, og stakk upp á að miða við 5.9 ha þökuskurð bæði árin, er skiptist að jöfnu, þannig að 2.95 ha greiðist með 2 kr. á fermeter, en 2.95 ha 3 kr. ferm. Samkvæmt þessu taldi hann stefnda eiga ógreiddar kr. 86.994, sem hann óskaði greiðslu á „við fyrstu hentugleika", en kvaðst að öðru leyti tilbúinn að leggja málið í gerð óvilhallra manna. Þegar stefndi hafnaði hvoru tveggja þessu, leiddi það til málssóknar þeirrar, sem hér er til meðferðar.

Ítrekaðar sáttatilraunir fóru fram í málinu, en án árangurs.

III.

Kröfugerð stefnanda er studd þeim rökum, að hann hafi léð stefnda allt tún sitt til þökuskurðar, og því mátt og hlotið að ganga út frá því, að rist yrði ofan af svo miklu, sem tök væru á og aðstæður leyfðu, enda sé þetta reyndar viðurkennt af stefnda í dskj. 8. Stefnandi kveðst aldrei mundu hafa heimilað túnið til þökuskurðar upp á önnur býti, enda sé það hrein fjarstæða, að ekki hafi mátt skera af nema sem svarar tæpum þriðjungi túnsins, svo sem stefndi heldur fram. Stefndi hafi heldur ekki tryggt sér sönnun í því efni, svo sem með því að kalla til óviðkomandi aðilja. Stefnandi mótmælir mælingu þeirri, sem stefndi kveðst hafa gert eftir þökuskurðinn, og telur það yfirsjón sína að hafa ekki verið betur á verði gagnvart stefnda. Hann kveður það alrangt, að túnið hafi verið svo illa farið sem stefndi vill vera láta, enda mest af því slétt, véltækt og yfirleitt í góðri rækt. Hann telur stefnda hafa rist af miklu stærri svæðum en hann nú vilji kannast við, auk þess sem miklu af góðu þökulandi hafi verið spillt með þungabílflutningum í vætutíð, einkum síðara sumarið. Loks hafi stefndi flutt inn á landið mikið af sandi og rauðamöl, sem hafi kostað sig stórfé að fjarlægja, áður en endurræktun þess yrði haldið áfram. Hafi stefnandi af öllum þessum viðskiptum við stefnda orðið fyrir stórfelldu tjóni.

Kröfuútreikninga sína byggir stefnandi að öðru leyti þannig

upp, að skorinn hafi verið reitur nr. 1, (4.10 ha), sbr. uppdráttinn á dskj. 6, enn fremur 1.8 ha af reit nr. 5, eða alls 5.9 hektarar. Hins vegar hafði stefnandi til varúðar „sleppt alveg að reikna með nokkuð af spildum 2, 3 og 4 og einum ha af spildu 5", enda þótt einnig hafi verið töluvert skorið af þeim spildum. Helming þessara landstærða, 2.95 ha, reiknar hann síðan á 2 kr. fermeterinn, en hinn helminginn á 3 kr. ferm, en það hafi verið gangverð á túnþökum þessi sumur.

Stefndi hefur, eins og áður segir, krafist algerrar sýknu í málinu. Hann heldur því fram, að þar sem kröfugerð stefnanda sé byggð á einberri ágiskun og ekki studd neinum þeim rökum, sem mark verði tekið á, sé málið í rauninni ódómtækt fyrir vanreifun og beri þess vegna að vísa því frá dómi. Gerði hann upphaflega beina kröfu þar um, en féll frá henni á síðara stigi málsins, en byggði áfram á því sem efnislegri sýknuástæðu, að málið væri af stefnanda hendi algerlega óupplýst og vanreifað frá grunni. Hann telur sig að fullu og fyrir löngu hafa gert upp við stefnanda og sé kröfugerð þessi og málssókn því allt of seint fram komin. Hann kveður tún stefnanda hafa verið mjög lélegt, holótt og kalið, og ekki verið unnt að rista ofan af nema „bletti og bletti" hingað og þangað. Þess vegna hafi það og verið alger forsenda af hans hendi, að greiðsla færi ekki fram úr 2 kr. á fermeterinn. Mælingu sína á hinu skorna landi kveður stefndi sig hafa gert eftir bestu samvisku, enda hafi hann og skorað á stefnanda að koma og mæla með sér landið, en því hafi hann engu sinnt. Það hafi svo ekki verið fyrr en löngu síðar, eftir að fullnaðaruppgjör hafði farið fram og eftir að stefnandi hafði plægt landið og ýtt skurðruðningum yfir það, að stefnandi fitjar upp á nýjum kröfum, en þá hafi hann þannig verið búinn að afmá endanlega þau ummerki og sönnunaraðstöðu, sem áður voru fyrir hendi og útilokað hefðu alla óvissu og ágreining. Samkvæmt almennum og viðurkenndum reglum beri stefnandi því alla sönnunarbyrði og sönnunarhalla í þessu máli. Stefndi telur uppdráttinn á dskj. 6 engu máli skipta í þessu sambandi, þar sem hann sé eingöngu gerður með tilliti til endurræktunar landsins og áburðarþarfar, og vætti ráðunautsins þýðingarlaust í þessu máli, enda verði hann heldur ekki talinn með öllu óvilhallt vitni.

IV.

Eins og sjá má, ber hér ærið mikið á milli, og má segja, að staðhæfing standi gegn staðhæfingu um flest það, sem máli skiptir.

Nokkur vitni hafa komið fyrir dóminn, einkum í þá veru að reyna að fá fram upplýsingar um stærð þeirra túnsvæða, sem stefndi skar þökur af hjá stefnanda umrædd sumur, 1968 og 1969. Ráðunauturinn, Valur Þorvaldsson, hefur þrívegis komið fyrir dóminn sem vitni. Vitnið viðurkennir að hafa að beiðni stefnanda gert margnefndan uppdrátt (dskj. 6) og hafi á þeim tíma verið búið að plógherfa landið og ýta út skurðruðningum. Vitnið er spurt, hvort það „geti um það sagt, eftir að land hefur verið plógherfað, hvar af landinu hafi verið teknar þökur og hvar ekki, segir vitnið, að mjög auðvelt sé að sjá það eftir plóg-herfun, en hins vegar sjáist það ekki þar, sem ruðningum hefur verið ýtt út". Og vitnið tekur fram, að „það hafi komið á umrætt land oftar en einu sinni, og þar á meðal áður en byrjað var að vinna það til ræktunar, eftir að þökuskurðinum var lokið". Þá var enn frekar bókað eftir vitninu: „Vitnið telur, að skorið hafi verið að mestu leyti af allri spildunni nr. 1 (4.10 ha), alveg af spildu 2, (0.20 ha), af ræmu með austurhlið spildu nr. 3 (1.25 ha), nánast allri spildu nr. 4 (0.30 ha) og nokkuð af spildu nr. 5 (2.80 ha), en hve mikið var skorið af síðast nefndu spildunni, vill vitnið ekki giska á nánar".

Nokkur fleiri vitni hafa verið leidd fyrir dóminn að beggja aðilja tilhlutan. Vitni þau, sem stefnandi hefur leitt í málinu, eru öll vel staðkunnug, og eftir framburðum þeirra er svo að sjá sem stefndi hafi rist ofan af öllu stærri svæðum í túninu heldur en vætti ráðunautsins, sem nú var rakið, bendir til og muni því áætlun hans í varlegra lagi. Vitni þau, sem stefndi hefur hins vegar komið með fyrir réttinn, eru fjærbúandi menn, sem keypt hafa eða ekið afristum þökum stefnda af umræddu landi. Eftir þeirra vætti að dæma virðist stefndi hafa rist af mun minna landi heldur en önnur vitni bera. En framburðir þessir útiloka heldur ekki, að fleiri hafi fengið þökur hjá stefnda, þess vegna meira land verið rist en vitni þessi geta borið um (sbr. réttarhald 18. okt. 1972). Ber vitnun málsaðiljanna þannig lítt eða ekki saman og vitnisburðargildi þeirra af ýmsum ástæðum takmarkað og því þýðingarlítið að rekja framburðina nánar í einstökum atriðum, og má segja, að ráðunauturinn hafi þar nokkra sérstöðu. Þess má geta til viðbótar, að maður sá, er plægði landið, telur sig ekkert geta munað um þessa hluti.

Þar sem gagnasöfnun í málinu virtist þannig ekki leiða til neinnar öruggrar niðurstöðu enn sem komið var, kvað dómarinn upp hinn 30. mars 1973 úrskurð samkvæmt heimild í 120. gr. laga

nr. 85/1936, þar sem aðiljum var gefinn kostur á að afla frekari gagna, sérstaklega:

a) Að leggja fram minnisbók þá eða vasabók, sem stefndi sýndi lauslega í síðasta þinghaldi, sem virtist hafa að geyma einhverjar upplýsingar um þökuskurð stefnda á landi stefnanda.

b) Að stefndi upplýsi, hvort hann hafi nokkrar teikningar og/eða minnisgreinar um mælingu þá, sem hann kveðst hafa gert á hinu þökuskorna landi, og þá að leggja þær fram.

c) Aflað verði vættis þess eða þeirra, sem tóku til við plægingu og endurræktun landsins, eftir að þökuskurði stefnda var lokið.

d) Að stefndi leggi fram gögn úr bókhaldi sínu þau ár, sem hér skipta máli og sem væntanlega geta gefið upplýsingar um þökuskurð hans og sölur.

e) Að afla annarra gagna, sem framangreind atriði kunna að gefa tilefni til.

Þrátt fyrir úrskurð þennan tókst aðiljum ekki að upplýsa málið frekar. Stefndi lagði ekki fram neinn uppdrátt eða riss í sambandi við mælingu sína á landinu eða gerði grein fyrir henni á annan hátt né heldur nein gögn úr bókhaldi sínu eða minnisbókum, sem nokkurs voru virði, og stefnandi kom ekki með plægingamanninn fyrir dóm, en hann er búsettur norður í landi. Hins vegar bar hann réttinum þau skilaboð frá honum, að hann myndi ekkert um plæginguna, eins og áður var sagt, og gæti því ekkert um hana borið fyrir rétti. Lýstu aðiljar gagnasöfnun lokið, og var málið því næst flutt á nýjan leik og tekið til dóms.

V.

Augljóst er, að mjög brestur á upplýsingar í máli þessu, einkum hvað snertir stærðir landspildna þeirra, sem stefndi skar þökur af, svo og ástand túnsins, áður en rist var. Um hvort tveggja þetta hefur aðiljum láðst að tryggja sér viðhlítandi sannanir og báðum orðið á í því efni. Hvað landstærðirnar snertir, var það fyrst og fremst skylda stefnanda að tryggja sér sannanir eða láta mæla landið, þar sem hann lét bylta túninu og gera áframhaldandi ræktunarframkvæmdir, sem að sjálfsögðu torvelduðu slíkar mælingar eftir á. Þótt ósannað verði að telja, að honum hafi verið gert sérstaklega aðvart, þegar þökuskurði stefnda var lokið, leysir það stefnanda ekki frá sönnunarskyldunni, nema annað og fleira komi til. Hann hafði alla aðstöðu til að fylgjast með því sjálfstætt, hvað þessum hlutum liði, og gera viðeigandi

ráðstafanir. Landstærðir þær, sem hann miðar kröfugerð sína við, eru að nokkru eða miklu leyti ágiskanir og verða því einar sér ekki lagðar til grundvallar dómi í málinu.

Á hinn bóginn verður heldur ekki byggt á landstærðum þeim, sem stefndi færir til. Því er lýst í greinargerð hans fyrir dóminum, að hann hafi orðið að „sæta lagi" og taka „blett og blett hér og þar", sökum þess hve túnið hafi verið kalið og holótt. Mælingu á slíkum þökuskurði varð þess vegna að gera með sérstakri nákvæmni, helst með uppdrætti eða einhverjum þess konar aðferðum. Þá hefði einnig þurft að mæla land það, sem ekki hefur nýst til þökuskurðar vegna traðks og skornings af völdum bílaumferðar og flutninga. Stefndi hefur enga grein gert fyrir því, hvernig hann hagaði mælingu sinni, og að engu leyti tryggt sér sönnun fyrir réttleika hennar, sem honum hefði þó verið allsendis innan handar, svo sem með því að kalla til mælingamann eða annað gott og trúverðugt vitni. Þetta var honum ekki síður nauðsynlegt, þótt rétt væri, að stefnandi hafi ekki sinnt áskorun um að mæta til mælingarinnar. Eins og á stóð og þar sem stefndi viðurkennir, að umsamið hafi verið, að hann skæri þökur af umræddu túni „eftir því sem hægt væri", bar honum sérstaklega að tryggja sér sönnun í þessum efnum, strax er þökuskurði lauk. Þetta virðist honum algerlega hafa sést yfir. Í annan stað hefur hann enga grein gert fyrir því, hvers vegna hann tilkynnti ekki stefnanda án tafar um niðurstöðu mælingar sinnar, heldur virðist hann hafa dregið það upp undir tvö ár, eða þar til endurræktun landsins er svo langt á veg komin, að ekki er lengur unnt að hans eigin dómi að staðreyna hið rétta. Þykir því ekki fært að leggja útreikninga eða mælingar stefnda til grundvallar í málinu. Er þannig líkt á komið með báða málsaðilja að þessu leyti.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, virðist ekki annað fyrir hendi en meta það sjálfstætt, sem ætla má um stærð hins ofanristaða lands, með hliðsjón af því, sem helst má telja upplýst í málinu. Kemur þar fyrst og fremst til álita vætti Vals Þorvaldssonar ráðunauts, en hann verður að teljast höfuðvitnið í málinu. Hann er staðkunnugur í besta lagi, kom á landið bæði undan og eftir að endurrækt þess hófst, og sem kunnáttumanns hlýtur vætti hans að vera þyngra á metum en ella. Er hvort tveggja, að ekki verður á það fallist, að samskipti hans við stefnanda dragi á nokkurn hátt úr sanngildi framburðar hans, enda á hinn bóginn greinilegt af samanburði við aðrar vitnaskýrslur, að áætlun hans um stærðir hins þökuskorna lands er síst óvarleg.

En eftir athugun hans og framburði virðast umræddar landstærðir vera nálægt 5 hektörum, eða jafnvel eitthvað yfir það. Er þannig augljóst, að reikna má með mun stærra landi heldur en mæling stefnda bendir til og hafi hún því verið á einhvern hátt ónákvæm, enda væri með nokkrum ólíkindum, að ekki hafi verið hægt að nýta nema tæpan þriðjung af þessu gamalræktaða túni til þökuskurðar, og það á svo löngum tíma, tveim sumrum, sem stefndi hafði til umráða í þessu skyni. Á það er bent áður, að stefndi hefur fyrir sitt leyti ekki tryggt sér neinar sannanir um þessi efni, en allt að einu verður þó fyrir varúðar sakir að miða við þær minnstu landstærðir, sem með nokkrum líkum geta komið til greina.

Samkvæmt þessu og með sérstakri hliðsjón og stuðningi af vætti Vals Þorvaldssonar ráðunauts verður niðurstaða dómsins sú að miða við 4.7 hektara, eða nálægt helmingi túnsins. Lítur dómurinn svo á, að það geti með engu móti talist óvarlega í sakir farið, enda þótt slíkt mat hljóti að vera nokkurri óvissu bundið, eins og til hefur tekist um sannanir í málinu, og báða aðilja er um að saka.

Ekki verður séð, að sérstaklega hafi verið samið um verð fyrir hinar skornu túnþökur. Stefndi telur að vísu, að gengið hafi verið út frá kr. 2 á fermeter, og hafi þetta reyndar verið „alger forsenda" af hans hendi. Stefnandi neitar því hins vegar, að samið hafi verið um neitt ákveðið verð, hvorki 1968 né 1969. Gegn andmælum hans verður þetta því ekki talið sannað. Verður þá að miða við gangverð á túnþökum þessi ár, en það virðist hafa verið 2 kr. á fermeter fyrra árið, en 3 kr. síðara árið, enda viðurkennir stefndi að hafa greitt öðrum það verð. Stefndi skýrir svo frá, að hann hafi rist ofan af ca hálfum hektara fyrra sumarið, en afgangnum síðara árið. En þar sem stefnandi hefur miðað kröfu sína við, að sinn helmingurinn hafi verið ristur hvort sumar, verður á því að byggja og reikna heildarverðið samkvæmt því.

Eftir þessu verður niðurstaða dómsins sú, að stefndi greiði 2.35 ha á 2 kr. fermeterinn og 2.35 ha á 3 kr. ferm., eða samtals kr. 117.500, þar frá dragast greiðslur frá stefnda, samtals kr. 60.506. Verður stefnda þá gert að greiða mismuninn, kr. 56.994, auk vaxta, eins og krafist er í stefnu.

Rétt þykir eftir öllum atvikum, að hvor málsaðili greiði sinn kostnað af málinu.

Dóm þennan kvað upp Sigurður Ólason, löggiltur fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Ólafsson, greiði stefnanda, Jóni Pálssyni, kr. 56.994 auk 8% ársvaxta frá 6. maí 1971 til greiðsludags. Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. mars 1975.

Nr. 68/1974. **Gunnar Pálsson**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Örlaugi Björnssyni og gagnsök
(Kristinn Einarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabótamál. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 1. ágúst 1973. Útivistardómur gekk í því máli 1. apríl 1974. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 áfrýjaði aðaláfrýjandi málinu að nýju með stefnu 4. apríl 1974. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Aðaláfrýjandi, sem hafði gjafvörn í héraði, fékk gjafsókn hér fyrir dómi með bréfi dómsmálaráðuneytis 13. desember 1973.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 16. ágúst 1973. Útivistardómur gekk í því máli 1. apríl 1974. Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 8. apríl 1974. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 82.300 með 7% ársvöxtum frá 15. október 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Gagnáfrýjandi hafði gjafsókn í máli þessu í héraði.

Fyrir héraðsdómi hafði gagnáfrýjandi ekki uppi kröfur um afslátt af kaupverði vegna þeirra galla, sem hann telur hafa verið á húsinu Óðinsgötu 21, þegar hann keypti það. Fyrir Hæstarétti hefur hann lýst yfir því, að dómkrafa hans sé alfarið og eingöngu reist á því, að hann eigi rétt til greiðslu skaðabóta úr hendi aðaláfrýjanda vegna galla á húsinu. Samkvæmt framansögðu kemur ekki til álita fyrir Hæstarétti að dæma gagnáfrýjanda afslátt af kaupverði, svo sem héraðsdómur gerði.

Gagnáfrýjandi heldur því ekki fram fyrir Hæstarétti, að aðaláfrýjandi hafi við söluna veitt sér rangar upplýsingar um ástand hússins, leynt göllum þess vísvitandi eða að öðru leyti vanrækt að láta sér í té upplýsingar um atriði, sem máli hafi skipt og aðaláfrýjanda hafi borið að upplýsa. Þó telur hann aðaláfrýjanda hafa verið skylt að skýra sér frá skorkvikindum, sem verið hafi í húsinu, en um þau hafi aðaláfrýjandi vitað.

Krafa gagnáfrýjanda um skaðabætur vegna meindýra í húsinu er miðuð við áætlaðan kostnað við að eyða þeim með svælingu. Aðaláfrýjandi hefur sjálfur á eigin kostnað gert ráðstafanir til að útrýma skorkvikindum þessum. Virðast þær aðgerðir hafa borið árangur, því að Andrés Eyjólfsson, sem keypti húsið af gagnáfrýjanda, hefur lýst því fyrir dómi, að hann telji ekki þörf á að láta svæla það eins og sakir standa. Samkvæmt þessu og þar sem gagnáfrýjandi, sem selt hefur húsið, hefur lýst yfir því, að skaðabótakrafa hans sé ekki reist á því, að húsið hafi selst fyrir lægra verð en hann galt fyrir það, þá verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, sáu yfirmatsmenn nokkur

ummerki leka, sem þeir telja hafa stafað af rakaþéttingu. Hvorki sáu undirmatsmenn né yfirmatsmenn leka þennan sjálfir, og gögn eru ófullkomin um það, hversu mikið hafi að honum kveðið. Gólfraki sá, sem um er getið í málinu, virðist eingöngu hafa verið við útvegg stofu á neðri hæð. Hefur héraðsdómur, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, talið, að rakinn hafi þó ekki verið slíkur, að aðaláfrýjandi hafi haft ástæðu til að vekja athygli gagnáfrýjanda á honum.

Þegar gætt er þess, sem nú hefur verið rakið um galla þá, er gagnáfrýjandi telur hafa verið á húsinu, aldurs hússins og þeirra krafna, sem á byggingartíma þess voru gerðar til frágangs húsa, þess að gagnáfrýjandi skoðaði húsið gaumgæfilega, áður en hann keypti það, og svo yfirlýsinga gagnáfrýjanda um grundvöll kröfugerðar sinnar, þá verður ekki talið, að hann geti haft uppi skaðabótakröfur á hendur aðaláfrýjanda vegna galla á húsinu. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum hans í málinu.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað.

Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, kr. 25.000.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Gunnar Pálsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Örlaugs Björnssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað eiga að vera óröskuð.

Allur gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutnings-

laun skipaðs talsmanns hans, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónsson hæstaréttardómara.

Í máli þessu krefur gagnáfrýjandi um skaðabætur vegna galla, sem hann telur hafa verið á húshluta þeim, er hann keypti af aðaláfrýjanda 21. október 1969.

Fallast má á það álit héraðsdóms, að þegar kaupin fóru fram, hafi húshlutinn verið haldinn göllum, sem aðaláfrýjanda mátti vera kunnugt um. Þykir gagnáfrýjandi eiga rétt á nokkrum bótum vegna galla þessara. Með hliðsjón af fjárhæðum yfirmatsgerðar og þeirra raka, sem í héraðsdómi greinir, eru bætur vegna gallanna hæfilega ákveðnar kr. 30.000 ásamt vöxtum eins og krafist er.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað.

Gjafvarnarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, kr. 25.000.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Gunnar Pálsson, greiði gagnáfrýjanda, Örlaugi Björnssyni, kr. 30.000 með 7% ársvöxtum frá 21. október 1969 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað eiga að vera óröskuð.

Allur gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. maí 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Örlaugur Björnsson, Óðinsgötu 21 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri hinn 23. apríl 1971, á hendur Gunnari Pálssyni, Blönduhlíð 4 hér í borg, og gert þessar endanlegar dómkröfur: Að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 82.300 með 7% ársvöxtum frá 21. október 1969 til greiðsludags og að honum verði gert að greiða málskostnað samkvæmt mati réttarins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, enda sé við ákvörðun málskostnaðar tekið tillit til matskostnaðar.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að fjárhæð stefnukröfunnar verði lækkuð verulega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Hinn 5. apríl 1971 veitti dómsmálaráðherra stefnanda leyfi til gjafsóknar í málinu fyrir undirrétti „allt að kr. 15.000.00". — Hinn 8. október 1971, sbr. og breytingu hinn 9. febrúar 1973, var stefnda veitt leyfi til gjafvarnar í málinu „allt að kr. 15.000.00".

Málavextir eru þessir:

Með kaupsamningi, dags. hinn 13. október 1969, keypti stefnandi af stefnda þriggja herbergja íbúð í viðbyggingu Óðinsgötu 21 hér í borg ásamt tilheyrandi eignarlóðarhluta. Var kaupverð ákveðið kr. 725.000. Í kaupsamningi er svofellt ákvæði: „Kaupandi hefir kynnt sér núverandi ástand hins selda eignarhluta og sættir sig við það í einu og öllu." Eignin skyldi vera laus til fullra afnota fyrir stefnanda hinn 1. desember 1969, og skyldi hann frá þeim tíma greiða skatta og skyldur af eigninni. Hinn 21. október 1969 gaf stefndi stefnanda afsal fyrir eigninni. En stefnandi hafði þá fullnægt ákvæðum kaupsamnings um greiðslu kaupverðs. Í afsali er svofellt ákvæði: „Kaupandi hefir kynnt sér núverandi ástand hins selda eignarhluta og sættir sig við það í einu og öllu." Hinn 18. mars 1970 fór lögmaður stefnanda þess á leit við borgardómaraembættið í Reykjavík, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til að skoða galla á húseigninni og meta til fjár, hvað kosta mundi fullkomin viðgerð á henni. Í bréfi stefnanda og eiginkonu hans, sem fylgdi matsbeiðni, er gerð grein fyrir kvörtunum þeirra. Segir þar svo:

„Viljum taka fram eftirfarandi:

1. Skömmu eftir að við fluttum í fyrrnefnt húsnæði, urðum við vör við skorkvikindi á W.C. og í því sama herbergi er „sturta", enn fremur í eldhúsi og meðfram teppi í stofu, töluðum við um þetta við fyrrverandi eiganda íbúðarinnar um miðjan desember sl., sögðust þau bæði hjónin oft hafa orðið vör við þessi skordýr. Um miðjan janúar sl. kvörtuðum við til Gunnars og vildum, að hann gerði eitthvað til útrýmingar á þessu, þá var talað við meindýraeyði; kom hann hér og úðaði 16. janúar sl.; bar það engan árangur. 23. janúar er svo úðað hér í annað skipti, þann sama dag kl. 8 um kvöldið kemur Gunnar og segist ætla að brjóta upp gólf í „sturtu", sem hann og gerði með hjálp minni (Örlaugs). Þar reyndist vera holrúm undir niður á grunn-plötu fyllt upp með sandi, sem var rennandi blautur, reyndist þarna vera fullt af þessum skordýrum. Þá kom enn fremur í ljós, að enginn vatnslás var í niðurfalli. 3. og síðasta úðun fór svo fram 26. janúar og reyndist sem hinar fyrri gagnslaus með öllu. Kölluðum við þá hingað heim fulltrúa frá borgarlækni og tók hann hér bæði dauð og lifandi skordýr, samanber umsögn frá borgarlækni. Ein tegundin, sem þar er tilgreind „Tínusbjalla" er hér um alla íbúðina, en „grápaddan" er aðallega í eldhúsi, W.C. og stofu.

2. Enn fremur fór að leka niður úr miðju lofti í svefnherbergi, það var um miðjan janúar, töluðum við um það við Gunnar, en hann kvaðst aldrei hafa orðið var við það, en við höfum sönnur fyrir, að svo hafi þó verið.

3. Enn fremur fór að bera á ólofti í stofu og miklum gólfkulda. Var okkur sagt núna fyrir viku, að klóakrör frá Óðinsgötu 23 hefði legið undir stofugólfið hér á nr. 21, hefði það komið í ljós 1968, er gangstétt var lögð hér við húsið, var þá lögð önnur klóaklögn frá húsinu nr. 23, en gamla lögnin er trúlega þar undir ennþá óhreyfð og ólokuð.

4. Enn fremur málaði Gunnar stafninn á viðbyggingunni stuttu áður en við fluttum inn, eru nú að koma í ljós sprungur í þann vegg og mikill leki í eldhúsglugga.

5. Enn fremur sprunga og leki við stofuglugga.

Allt, sem hér er nefnt, var ekki tilgreint við sölu og samningsgerð."

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Magnúsar Guðjónssonar húsasmíðameistara og Óskars Smiths pípulagningameistara, sem dags. er hinn 6. maí 1970, segir svo um skoðun þeirra og niðurstöðu:

„Matsmenn gengu um húsið og kynntu sér aðstæður eftir föngum. Allmikil rigning var, er matið fór fram, en tiltölulega lygnt. Leka var ekki vart í þetta skipti, en þó mátti greina á þremur til fjórum stöðum merki um leka. Ekki er ólíklegt, að leki á þaki við brandvegg og við glugga komi fram, þegar hvassviðri er og rigning, þar sem þak hússins er með litlum halla og útveggir nokkuð sprungnir.

Óskar Smith fór aftur á staðinn laugardaginn 4. mars í mikilli rigningu og var ekki heldur var við leka í þetta skipti, enda lygnt þennan dag eins og við fyrstu skoðun.

Matsmenn fóru svo í þriðja skiptið á vettvang þann 11. mars og skoðuðu allt nánar.

Þak hússins er, eins og áður segir, með litlum halla. Á því er gamalt bárujárn, sem hefur verið bikað nýlega. Þakið er nokkuð sigið, aðallega götumegin, og talsvert veikburða, þannig að ef hoppað er á því, þá lætur það mikið undan, svo líklegt má telja, að eitthvað af sperrum þaksins séu fúnar eða brotnar. Matsmenn telja þess vegna, að nauðsynlegt sé að endurnýja nokkurn hluta þaksins. Enn fremur þarf að þétta betur undir gluggum, sem eru á stafni, sem stendur upp fyrir þakið. Þakrennu á bakhlið þarf líka að lagfæra. Síðan þarf að gera lítilsháttar við loft í hjónaherbergi uppi. Kostnað við að lagfæra framangreind atriði teljum við hæfilega metinn á *kr. 18.500.00.*

Í matsbeiðninni er talað um raka í stofu, sem valdi ólofti, og einnig mikinn gólfkulda, en í meðfylgjandi bréfi er ekki minnst á raka, heldur gefið í skyn, að óloftið muni stafa frá gamalli klóaklögn undir gólfinu. Við teljum ósennilegt, að klóaklögn, sem hætt er að nota, geti valdið verulegu ólofti í þessu tilfelli, þar sem hún er undir steyptri plötu. Þó geti slíkt átt sér stað, en við treystumst ekki til að skera úr um þetta atriði, svo óyggjandi sé.

Matsmenn urðu heldur ekki varir við raka né heldur sérstakt óloft í stofu, en telja þó líklegt, að um nokkurn gólfkulda geti verið að ræða, þar sem ekki mun hafa verið venja að einangra gólf sérstaklega á þeim tímum, er húsið var byggt. Við teljum því hæpið að líta sérstaklega á þetta atriði sem einstakan galla, þar sem húsið er allt einangrað með fyrri tíma hætti, sem ekki er neitt í líkingu við nútímakröfur.

Það er skoðun okkar, að hús þetta, sem sennilega mun vera byggt árið 1923, hafi aldrei verið vönduð bygging. Notast hefur verið við gafla aðliggjandi húsa, þannig að einungis hliðarveggir hússins hafa verið steyptir. Þar af er ekki óeðlilegt, að sprungur

myndist milli húsanna. Ekki virðist þó leka með þessum sprungum, heldur virðist frekar um leka að ræða, þar sem veggir hafa sprungið út frá gluggum og dyraopum. Nokkuð af þessum sprungum mætti þétta með því að höggva þær upp og þétta með þan-þétti og mála síðan yfir að nýju. Við álítum að þannig megi lagfæra þann leka, sem kemur fram í gluggum. Kostnað við þetta metum við á *kr. 8.500.00.*

Mat okkar samkvæmt framansögðu verður því á þessa leið:

Viðgerð á þaki, þétta undir gluggum á stafni, gera við þakrennu, lagfæra loft í svefnherbergi	kr. 18.500.00
Þétting á sprungum á útveggjum	— 8.500.00
Málning að utan	— 3.000.00
	Kr. 30.000.00“

Stefnandi vildi eigi una niðurstöðu mats þessa og fékk hinn 27. maí 1970 dómkvadda yfirmatsmenn. Í matsgerð hinna dómkvöddu yfirmatsmanna, Ögmundar Jónssonar verkfræðings, Diðriks Helgasonar múrarameistara og Kristins Sigurjónssonar húsasmíðameistara, sem dagsett er hinn 24. júlí 1970, segir svo um skoðun þeirra og niðurstöðu:

„. . . Umrætt hús er í rauninni viðbygging við húsið nr. 21 við Óðinsgötu, en er nú séreign. Teikningar lágu ekki fyrir, enda er húsið skv. umsögn undirmatsins sennilega byggt árið 1923. Það er tvær hæðir og ris. Lengd með götu er 4.20 og breidd 8.00 m. Risið er 0.42 m. Kjallari er enginn. Á neðri hæð er stofa, eldhús og salerni með „sturtu“. Á efri hæðinni er stofa, herbergi og geymsla. Loft milli hæða er úr timbri. Stofugólf á neðri hæð er u. þ. b. í sömu hæð og gangstétt að utan. Eldhúsgólfið er 8 cm hærra en stofugólfið, en stétt á bakhlið er ca 0.83 m yfir eldhúsgólfi. Inngangur er baka til, en á framhlið markar fyrir gömlu dyraopi, sem síðar hefur verið hlaðið upp í. . . .

Verkefnið er afmarkað í dómkvaðningu okkar, en hún er samhljóða dómkvaðningu undirmatsins að breyttu breytanda. Við skoðunargerð þann 9. 6. sl. tókum við fram, að við gætum ekki metið annað en það, sem undirmatið fjallaði um eða væri í rökrænu samhengi við matsatriði þess. Þannig munum við ekki meta galla, sbr. 6. og 9. lið í fylgiskjali yfirmatsbeiðni. Liðir 1-5 og 7-8 eru samræmanlegir við liði 2-6 í fylgiskjali undirmatsgjörðar.

Eins og vikið er að í undirmatinu, hafa kröfur í húsagerð breyst mikið, síðan húsið var byggt. Núgildandi byggingarsamþykkt gerir lágmarks gæðakröfur til allra helstu byggingarhluta, og er

þeim fylgt eftir. Þegar viðbyggingin við Óðinsgötu 21 var byggð, voru byggingarhættir aðrir en nú og kröfur byggingarsamþykktarinnar minni. Við teljum ógerlegt að færa húsið í það horf, að það fullnægi í öllu nútímakröfum eða uppfylli bókstaf núgildandi byggingarsamþykktar. Kröfuna um „fullkomna viðgerð" skv. dómkvaðningunni takmarka matsmenn við það, sem þeir telja framkvæmanlegt og aðstæður leyfa.

Afstöðu til bótaskyldu taka matsmenn ekki, enda ekki til þess kvaddir.

Í samráði við aðila var ákveðin framhaldsskoðun, sem fór fram þann 23. júní sl. Auk matsmanna voru eigendur og Gunnar Pálsson viðstaddir.

Er matsmenn komu á staðinn, voru járnplötur rifnar af þakinu og hola boruð í gólfið rétt við vegg út að götu. Húsið var að nýju skoðað, utan og innan. Þann 4. þ. m. kom einn matsmanna (Ögmundur) á staðinn og báðir hinir degi síðar. Þann 15. þ. m. var sprautað vatni á útvegginn undir umsjá Diðriks Helgasonar.

Henta þykir að skipta matsatriðum þannig niður:

1. Gólf í stofu á neðri hæð,
2. Þak og þakrennur,
3. Útveggir.

1. Gólf í stofu á neðri hæð:

Nýlegt teppi er á gólfinu og var þar við sölu. Nær það yfir allt gólfið. Undir því er, á miðju gólfi, gamalt teppi, en með veggjum nýjar flókaræmur. Þegar teppinu var lyft upp með útvegg við fyrstu skoðun, barst megn fúkkalykt að vitum manns. Flókinn var rakur. Dúkur, límdur á steininn, var undir, gamallegur.

Í holunni, sem brotin var upp, mældist dýpt niður á klöpp 16 cm frá efri brún múrhúðar. Múrhúðin var ca 2.0-2.5 cm á þykkt. Ofan á klöppinni var þunnt sandlag, það var jarðrakt viðkomu. Steypan var þurr.

Klapparnibbur sáust neðst á útvegg að utan, og er því veggurinn grundaður á klöpp í u. þ. b. jarðhæð. Grágrýtisklöpp er á öllu þessu svæði, og var þarna nakið holt áður en byggð hófst. Óðinsgatan er á klapparstalli (áður fyrr var þar grjótnám). Aðstæður benda eindregið til þess, að mjög djúpt sé á jarðvatn. Merki um aðstreymi yfirboðsvatns í grunninn fundust ekki og er ólíklegt. Við álítum, að þó að rakavörn fyrirfinnist ekki, hafi vatn ekki dregið upp í gólf eða veggi. Það styðst einnig af því, að gólfsteypan var þurr. Leka frá glugganum teljum við ekki vera orsök rakans undir teppinu. Hitaeinangrun vantar í gólfið. Við álítum að

rakinn undir teppinu stafi af rakaþéttingu (kondens). Áður en teppið var lagt (út í hvert horn), mun minna hafa borið á þessu. Loftið lék þá óhindrað um þéttiflötinn (yfirborð dúksins) og þurrkaði hann, en eftir teppalögnina er loftið kyrrstætt undir því, og rakinn getur safnast fyrir. Mestur var rakinn næst útvegg, og styrkir það skoðun okkar. Við seinni skoðun hafði teppið og flókinn verið tekinn upp, inn undir miðju gólfs, og nokkur loftun átt sér stað. Fúkkalykt fannst nú jafnvel ekki í stofunni, en var einum matsmanna áberandi við fyrstu skoðun, strax og hann kom inn úr útidyrunum. Þegar sprautað var á útvegginn kom ekkert vatn fram á gólfinu. Við álítum orsakir rakans, óloftsins og gólfkuldans þær, sem nú hafa verið raktar.

Sú skoðun hefur komið fram, að gólfkuldi og óloft kæmi frá gömlum klóaksrörum, sem lögð voru niður fyrir nokkru (ca 1968). Stútur, sem sagður var á þessum rörum, var utan veggjar götu megin og vel steypt í hann. Við fundum enga ástæðu til að ætla, að óloft eða kuldi stafaði frá þessum rörum.

Valkostur okkar til úrbóta (og höfum við þá kostnað og röskun í huga) er þessi:

Fjarlægja teppi, undirlag þess, dúk og hreinsa gólfplötu. Festa lista á gólf, 1" þykka og 1½" breiða með 0.50 m millibili. Í bilið kæmi 1" frauðplasteinangrun. Því næst klætt yfir með gufuþéttri himnu (t. d. plastfolia) og lagður þar á fljótandi gólfparket. Síðan yrði teppið lagt á aftur.

Kostnað teljum við hæfilega metinn á kr. 27.600.00. Miðað er við efni og vinnu á verðlagi í dag.

2. Þak og þakrennur:

Þakið er klætt bárujárni, bikuðu og óryðguðu að neðan. Göt sáust ekki á því. Undir járninu var þakpappi. Klæðningin — 1" borð að austan við mæni og 3/4" að vestan var mjög fúin. Fúinn var mun meiri að austan en vestan. Bil milli sperra mældist 1.00 m. Þær eru 2"x5", og vottar fyrir fúa á efri brún þeirra. Loftbitar 2"x5" eru með sama bili og sperrur og klætt neðan á þá. Sperrur eru negldar með löskum við loftbita og tengdar í mæni á sama hátt. Loftbitar hvíla á útveggjum og millivegg og stólar niður á þá frá sperrum, sem næst í miðju hafi. Enginn stuðningur er undir mæni. Spænir eru til einangrunar ofan á klæðningu, en virðast loka loftrásum við þakbrún. Engin loftræsting var á mæni. Þakið er áberandi sigið, meira að vestan en austan. Það er of veikbyggt, eins og sigið staðfestir. Ekki er áberandi sig á lofti efri hæðar.

Þakrenna á bakhlið er óvirk, hallar í ranga átt, þ. e. ekki að niðurfalli.

Þurrt var í veðri, er skoðanir okkar voru gerðar, og sást hvergi leki. Undirmatsmenn sáu heldur ekki leka. Þó eru ljós merki um leka þar, sem hans er getið í 1.-3. lið fylgiskjals yfirmatsins. Auk þess fundum við óljósa lekatauma í geymslu á efri hæð. Geymslan er í horninu milli bakveggs og gafls gamla hússins (nr. 21). Taumarnir voru á gaflinum og komu undan loftlista. Framangreind lekamerki eru frá þakinu eða mótun þess við gaflinn.

Eins og áður greinir, var þakjárnið heilt, og má því ætla, að það sé regnhelt. Vafalaust er fúinn í þakinu og lekinn frá því, t. d. á svefnherbergislofti, vegna rakaþéttingar, en hún stafar af ónógri loftræstingu. Leki við gafl gæti einnig stafað frá óþéttum skeytum þaksins við gaflinn. Við þakskegg sást, að svo mundi vera.

Endurbótatillaga okkar er í stuttu máli þannig:

Fjarlægja bárujárnið, pappa, klæðningu og þakbrúnir, styrkja sperrur (með áneglingu), bæta inn stól við mæni, lagfæra einangrun, klæða að nýju, leggja pappa (nýjan) og bárujárn (endurnotað). Setja þakbrúnir, loftrásir, túður, lagfæra þakrennur og þétta við gafla. Einnig þarf að lagfæra loft á efri hæð.

Kostnað teljum við hæfilega metinn, efni og vinnu, miðað við núverandi verðlag á kr. 34.700.00.

3. Útveggir:

Eins og greinir í undirmatinu, var notast við gafla aðliggjandi húsa og aðeins hliðarveggirnir steyptir. Samdráttur (svinn) steypunnar hefur opnað rifur til beggja enda. Þétt hefur verið í þessar rifur. Ekki var sannanlegt, að læki frá þeim.

Múrhúð er víða sprungin. Eins og áður getur, hefur verið hlaðið upp í dyr á götuvegg. Einnig hafa verið settir í nýir gluggar. Margar sprungur í múrhúðuninni mætti rekja til slíkra aðgerða. Hér og þar á báðum hliðum sá marka fyrir gömlum viðgerðum, einkum við gafla aðliggjandi húsa.

Við fundum engin merki þess, að veggsteypan sjálf væri sprungin. Sönnun fyrir því, að útveggir lækju, fannst ekki. Lekamerki, sem fundust, bentu frekar til leka frá þaki en veggjum. Heppilegt væri að silicone-bera vegginn áður en næst yrði málað og að nota síðan vatnshrindandi málningu.

Kostnað vegna viðgerða á veggjum höfum við ekki metið.

Vegna 6. liðar í fylgiskjali yfirmats viljum við geta þess, að við létum vatn renna á gólf í „sturtu"-klefa, og kom þá fram leki

neðan við þröskuld. Þetta þarf að endurbæta, og teljum við rétt að koma fyrir þartilgerðri skál."

Í tilefni af kvörtunum frá stefnanda yfir skordýrum í íbúðinni framkvæmdi embætti borgarlæknisins í Reykjavík skoðun í íbúðinni 13. og 20. febrúar 1970. Í fyrra skiptið fundust nokkur dauð dýr á stofugólfinu við dyr, og í síðara skiptið fannst eitt lifandi dýr á eldhúsgólfi. Rannsóknastofnun landbúnaðarins framkvæmdi rannsókn á dýrum þeim, sem þarna fundust. Niðurstaðan í fyrra tilvikinu var þessi:

„Samkvæmt rannsókn voru í sýnishorni þessu eftirtaldar dýrategundir:

Grápöddur (Oniscidae). Þær lifa á jurtafæðu, bæði lifandi jurtum, rótarávöxtum og rotnandi jurtaleifum. Grápöddur geta valdið skemmdum í garðávaxtageymslum, matjurtagörðum og gróðurhúsum.

Köngulær (Araneida). Þær eru skaðlausar, en gera gagn með því að tortíma meindýrum.

Tínusbjalla (Ptinus sp.). Geta skemmt matvæli, fatnað o. fl."

Niðurstaðan í síðara tilvikinu er sú, að þarna væri um grápöddu að ræða. Í júnímánuði framkvæmdi embætti borgarlæknisins í Reykjavík nýja athugun í íbúð stefnanda og tók þar sýnishorn dýra, sem fundust. Niðurstaða Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á rannsókn á dýrum þessum er svohljóðandi:

„Samkvæmt rannsókn voru eftirtaldar dýrategundir í sýnishorni þessu:

Köngulær (Araneida). Þær valda ekki tjóni, en gera gagn með því að tortíma meindýrum.

Grápöddur (Oniscidae). Þær nærast á jurtafæðu, bæði lifandi jurtum, rótarávöxtum og rotnandi jurtaleifum. Grápöddur geta valdið skemmdum í matjurtagörðum, gróðurhúsum og garðávaxtageymslum."

Í bréfi borgarlæknisembættisins, dags. 12. júní 1970, sem var ritað af þessu tilefni, segir m. a. svo:

„Með hliðsjón af fyrri rannsóknum á skordýrum, er tekin voru í íbúð yðar þ. 13. og 20. febrúar sl., og einnig meðfylgjandi rannsókn er augljóst, að þörf er á að útrýma skordýrum úr íbúðinni."

Í tilefni af kvörtunum frá stefnanda framkvæmdi borgarlæknisembættið í Reykjavík enn athugun í íbúðinni hinn 14. júlí. Fundust þá í salernisklefa 5 lifandi skordýr, öll af sömu tegund. Niðurstaða athugana Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á dýrum þessum var sú, að þar væri um að ræða grápöddur. Í málinu er

fram komin svofelld yfirlýsing Aðalsteins Jóhannssonar meindýraeyðis:

„Þann 16., 23. og 26. jan. 1970 var ég í íbúð Örlaugs Björnssonar, Óðinsgötu 21, R.vík, að útrýma skordýrum, sem kallast grápöddur, sem ekki bar fullan árangur.

Fyrir mörgum árum var ég beðinn að útrýma sams konar pöddum úr gamla baðhúsi Reykjavíkur, sem nú er horfið. Þetta eru einu staðirnir, sem ég hef verið í til að útrýma grápöddum. Ekki er mér kunnugt um, hvort nokkurt samband er þarna á milli."

Í málinu er fram komið bréf Rúnars Bjarnasonar, slökkviliðsstjóra í Reykjavík, svohljóðandi:

„Umbeðið af yður staðfestist, að undirritaður hefur kannað aðstæður að Óðinsgötu 21 með tilliti til eyðingar skorkvikinda með blásýru.

Talið er, að eyðing með blásýru geti borið árangur og annmarkar vegna nærliggjandi húsa séu ekki verulegir. Álitið er, að lagfæringar á húsakynnum eigi fremur að fara fram, áður en svæling er framkvæmd, þar sem meira öryggi fengist þá fyrir útrýmingu skordýra og að ekki sækti í sama horf á ný.

Lausleg áætlun um kostnað við svælingu og lögregluvörslu, á meðan á henni stæði, væri ca 20.000 kr."

Hér fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi skoðað umrædda íbúð tvisvar, áður en gengið var frá kaupsamningi, og hafi stefndi verið við í bæði skiptin og sýnt íbúðina. Stefnandi kveðst ekki hafa séð neina annmarka á ástandi íbúðarinnar. Hann kveður stefnda ekki hafa skýrt sér frá neinum annmörkum á íbúðinni, en stefndi hafi sagst vera búinn að lagfæra íbúðina mikið. Stefnandi kveður, að stofan á jarðhæð hafi verið veggfóðruð á striga, en búið hafi verið að mála yfir veggfóðrið. Hann kveðst við yfirlit á stofunni ekki hafa séð nein merki um leka né raka. Stefnandi kveðst þó síðar hafa hugsað sér að klæða stofuna með viði. Stefnandi kveður eldhúsið, sem sé á jarðhæð, hafa verið mjög þokkalegt að sjá. Þá kveður hann stefnda hafa sagt sér, að einfalt gler væri í eldhúsglugga, hann væri lélegur og hefði komið leki þar inn. Stefnandi kveður baðherbergið vera á jarðhæð. Þar sé gólfið flísalagt og einnig flísalagt upp á miðja veggi. Í fyrstu kveður hann ekkert hafa verið að sjá á baðherberginu. Stefnandi kveður útveggi uppi hafa verið með sama frágangi og í stofu niðri, en á vegg þeim, sem snúi að aðalhúsinu nr. 21 við Óðinsgötu, hafi verið klæðaskápur úr harðviði. Stefnandi kveður stefnda hafa sagt sér, að leki hafi komið fram í skápnum, en hann

væri búinn að gera við það með því að múra að þakinu og þannig komið í veg fyrir leka. Þá kveður stefnandi annað herbergi vera uppi á loftinu og hafi verið nýbúið að standsetja það. Það hafi verið nýveggfóðrað eða nýmálað, en í lofti hafi verið texplötur. Ekki kveður stefnandi neitt hafa verið að sjá á því herbergi. Stefnandi kveður stefnda hafa sagt, að þakið væri gott. Stefnandi kveður stefnda hafa sagt sér, að járnið á þakinu hefði verið lagfært og hafi þá verið notað nokkuð af járni því, sem var á þakinu fyrir, en einnig notað nokkuð af járni, sem verið hafi á aðalbyggingunni. Ekki kveðst stefnandi muna, hvort stefndi hafi sagt sér, hvenær þetta hafi verið gert. Þá kveður stefnandi stefnda hafa sagt sér, að hann hafi klætt fram úr sperrur (sic) og undir þær, en síðan hafi hann borað ca ½" göt eða minni á neðra borðið. Stefnandi kveðst vera fatlaður og því ekki hafa farið upp á þak hússins. Stefnandi kveður húsið hafa verið nýmálað að utan og hafi ekki sést á því neinar sprungur. Stefnandi kveðst nú hafa fengið að mála stofuna viku áður en stefndi flutti úr íbúðinni. Sjálfur kveðst stefnandi hafa tekið við íbúðinni og flutt í hana hinn 1. desember. Á meðan hann var að mála stofuna, kveður hann stefnda hafa sagt sér, að hann væri að ganga frá baðinu, og hafi hann verið með fúusement og borið á milli flísanna þar. Stefnandi kveður það hafa verið um viku eftir að hann flutti í íbúðina, sem farið hafi verið að bera á skorkvikindum í stofu og í baði. Hann kveðst strax hafa kvartað við stefnda yfir þessu, en þar sem liðið hafi að jólum og þau hjónin hafi viljað halda jólin í ró og næði, hafi orðið að samkomulagi, að stefndi kæmi til að athuga þetta í byrjun janúarmánaðar. Þá hafi stefndi komið og höggvið upp hluta af gólfi í baði undir sturtu. Þar hafi verið holrúm undir og hafi komið upp mikið af skorkvikindum. Stefnandi kveður í ljós hafa komið, að enginn vatnslás hafi verið á frárennsli. Hann kveður stefnda hafa sett vatnslás þarna í og síðan steypt undir gólfið niður að plötunni. Við þessar aðgerðir kveður stefnandi stefnda hafa þurft að taka frá salernisskál og hafi þá komið í ljós, að veggur á bak við var einfaldur timburveggur. Kveður hann stefnda nú hafa hlaðið fyrir aftan salernisskálina vikursteini og gengið frá því. Þrátt fyrir þessar aðgerðir kveður stefnandi skorkvikindin ekki hafa horfið. Var nú fenginn meindýraeyðir, er úðaði eldhús, stofu og bað þrisvar sinnum með stuttu millibili, en stefnandi kveður það engan árangur hafa borið. Kveður hann meindýraeyðinn hafa sagt sér, að eina ráðið væri að svæla húsið með gasi. Stefnandi kveður sýnilega hafa verið,

er hann skoðaði húsið, að í útvegg að götu, þar hafi verið dyraop, sem múrað hafi verið upp í. Kveðst hann hafa talið, að upp í dyraopið hafi algerlega verið múrhúðað. Hann kveður það hafa komið fram, eftir að hann seldi íbúðina, að í dyraopinu hafi hurðin enn verið á hjörum, og hafi dyraopinu því ekki algerlega verið lokað, eins og hann hafi talið. Hann kveður dyraop þetta koma inn í stofuna og kveður þarna hafa verið mikið um skorkvikindi. Eftir aðgerðir stefnda í baðinu kveður stefnandi hafa borið meira á skorkvikindum í eldhúsinu og í stofu. Hann kveður skorkvikindin hafa komið í bylgjum og hafi meira borið á þeim í kuldum. Hann kveður desembermánuð hafa verið mildan, en í janúar, þegar byrjað hafi verið að snjóa, hafi komið fram leki á þakinu. Hafi lekinn komið fram í svefnherberginu og meðfram skorsteini í baðherberginu. Kveður stefnandi aðalskemmdirnar frá lekanum hafa komið fram á milli þess sem mötin voru framkvæmd. Hann kveðst hafa látið stefnda vita munnlega af þessum leka. Þá kveður stefnandi raka hafa komið fram í horni á stofugólfi. Um veturinn kveður hann sprungur í veggjunum hafa farið að koma í ljós. Kveður stefnandi málið þá hafa verið komið á það stig, að hann hafi verið búinn að leita aðstoðar lögfræðings. Stefnandi kveður umrætt hús vera steypt á milli aðalbyggingar hússins nr. 21 og hússins nr. 23 við Óðinsgötu, án þess að tvöfaldur brandgafl sé, svo sem þó sé gert ráð fyrir á teikningu. Stefnandi kveður stefnda hafa sagt sér, að teikning af húsinu væri til, og muni það hafa verið rétt eftir að kaupsamningur var gerður. Kveðst stefnandi telja, að það hafi verið einhvern tíma eftir áramótin sem hann hafi kynnt sér teikningu þessa hjá byggingarfulltrúa. Stefnandi kveður það hafa komið fram hjá stefnda í janúarmánuði 1970, að eftir að hann keypti íbúðina, hafi hann steypt eldhúsgólfið, sem áður hafi verið trégólf. Ekki kveðst stefnandi hafa spurt stefnda að því, þegar hann skoðaði íbúðina, hvernig gólf væru einangruð. Hann kveður stofugólfið hafa verið teppalagt horn í horn og kveðst ekki hafa lyft teppinu upp. Hann kveðst hafa gengið á teppinu á skónum og því ekki fundið neinn gólfkulda.

Stefndi, Gunnar Pálsson, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann minni, að það hafi verið á árinu 1963 sem hann hafi flutt inn í íbúðina og hafi það verið í desembermánuði. Kveðst hann hafa búið í íbúðinni stöðugt, þar til hann seldi stefnanda hana. Stefndi kveður það hafa verið nokkuð löngu eftir að hann flutti í íbúðina sem leki hafi komið fram á stafni hússins. Hann kveður

pússningu á gaflinum alveg hafa verið ónýta. Hann kveðst hafa látið múrhúða gaflinn og hafi þá alveg tekið fyrir lekann. Ekki kveðst hann muna, hvaða ár þetta var. Stefndi kveðst einstöku sinnum hafa orðið var við grálottur í íbúðinni og hafi það helst verið í eldhúsinu. Ekki kveðst hann hafa leitað til meindýraeyðis, á meðan hann bjó í íbúðinni. Stefndi kveðst hafa skýrt stefnanda frá lekanum á gafli hússins. Kveðst hann hafa sagt stefnanda frá því, að hann hefði látið múrhúða gaflinn og svo virtist sem tekið hefði fyrir lekann eftir það. Stefndi kveður, að verið geti, að hann hafi ekki skýrt stefnanda frá grálottunum. Stefndi kveður stefnanda hafa komið tvisvar sinnum til að skoða húsið og hafi hann fengið að ganga frjáls um það og skoða það. Kveðst stefndi hafa verið heima í bæði skiptin og gengið með stefnanda um húsið. Stefndi kveður sama gólfið hafa verið í húsinu, er hann keypti það og er hann seldi stefnanda það. Eina framkvæmdin við gólfið kveður hann hafa verið þá að setja flísar á eldhúsgólfið. Stefndi kveðst eiginlega ekki hafa orðið var við raka í stofugólfi, en hann kveðst hafa orðið var við gólfkulda. Hann kveður teppið á stofugólfi fyrst í stað ekki hafa náð alveg út til veggja, en um tveimur eða þremur árum eftir að hann keypti íbúðina hafi hann sett á gólfið teppi, sem náði alveg út að veggjum.

Andrés Eyjólfsson, núverandi eigandi umræddrar húseignar, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að stefnandi hafi bent sér á eina lifandi grápöddu, er hann skoðaði íbúðina. Einnig kveðst hann hafa séð dauðar grápöddur við gólfteppi í stofu, er hann skoðaði íbúðina. Andrés kveður stefnanda hafa í stórum dráttum skýrt sér frá efni bréfs Rúnars Bjarnasonar til Ástu Gunnarsdóttur, en hann hafi ekki skýrt sér frá því, að í bréfinu sé gert ráð fyrir lagfæringu hússins, áður en svæling fari fram. Andrés kveðst hafa tekið upp stokk með heitavatnsleiðslu í eldhúsi og kveðst þá hafa séð skordýr, sem hann telur, að hafi verið silfurskottur. Andrés kveðst vinna við húsaviðgerðir og kveðst hafa orðið var við svona pöddur víða, sérstaklega í niðurgröfnum kjöllurum, þó ekki grápöddur. Andrés kveðst hafa unnið að endurnýjun á þaki hússins lóðarmegin. Kveður hann þakið allt hafa verið morkið og rennandi blautt fyrst í stað, því að loftræstingu hafi vantað. Kveðst hann hafa útbúið túður til loftræstingar og hafi þá þornað mikið. Kveðst hann eiga eftir að lagfæra þann hluta þaksins, sem snýr út að götunni, og kveðst hann telja, að sá hluti þaksins sé mikið betri.

Stefnandi hafði í stefnu haft uppi þá aðalkröfu, að kaupum

hans á umræddri eign yrði riftað með þeim lögfylgjum, sem rifting hefur í för með sér. Í greinargerð var fallið frá þessari kröfu, en höfð uppi sú krafa, sem er varakrafa í stefnu. Er fjárhæð dómkröfunnar sundurliðuð þannig:

1. Bætur samkvæmt yfirmatsgerð ..... kr. 62.300
2. Kostnaður við að útrýma skordýrum samkvæmt yfirlýsingu Rúnars Bjarnasonar ..... — 20.000

Kr. 82.300

Krafa stefnanda er byggð á því, að svo sem ljóst sé af framkomnum matsgerðum, hafi umrædd húseign verið haldin verulegum leyndum göllum, sem stefndi hafi ekki skýrt frá við kaupin. Því beri stefnda að bæta stefnanda tjón hans af þeim sökum, er nemi hinni umstefndu fjárhæð, en báðir liðir stefnukröfunnar séu byggðir á álitsgerðum sérfróðra manna. Það kemur fram af hálfu stefnanda, að hann hafi orðið að selja húseignina fyrir mun lægra verð en hann keypti hana fyrir, þar sem málaferli um riftun hafi leitt til mikils tjóns fyrir báða málsaðilja.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að húseign sú, sem stefnandi keypti af stefnda, hafi þá verið nær hálfrar aldar gömul. Hafi legið ljóst fyrir, að búast mætti við meira viðhaldi og jafnvel endurbótum á húseigninni en á þeim húsum, sem yngri eru og sem byggð eru eftir strangari kröfum en gerðar voru á þeim tíma, er húsið var byggt. Til að firra seljanda ábyrgð á slíku og girða fyrir eftirmála vegna ágalla, sem vitað var um við kaupin, og ágalla, sem koma kynnu fram síðar, hafi verið sett ákvæði þess efnis, að kaupandi hefði kynnt sér þáverandi ástand hins selda og sætt sig við það í einu og öllu. Fljótlega eftir að stefnandi tók við eigninni, hafi borist kvartanir frá honum yfir því, að skordýr væru í íbúðinni. Þeim kvörtunum hafi verið mætt með tilboði af hálfu stefnda, sem leitt gæti til þess, að ljúka mætti málinu með samkomulagi. Því boði hafi þó ekki verið sinnt, en í þess stað hafi verið óskað eftir dómkvaðningu manna til að meta ýmsa galla á eigninni, sem nú hafi verið orðnir aðrir en áður hafði verið kvartað yfir, hins vegar hafi nú ekki verið minnst á skorkvikindi. Er sýknukrafa stefnda byggð á því, að engir slíkir gallar hafi komið fram á eigninni, að stefnda verði gerð fébótaábyrgð á þeim gagnvart stefnanda. Er því haldið fram, að sá, sem kaupir mjög gamla húseign eins og þessa, megi vita, að viðhalds og endurbóta sé þörf í ríkari mæli en á yngri húseignum, og ætti það því þegar að leiða til sýknu. Auk þess sé á það að líta, að skýrt

hafi verið tekið fram, að íbúðin væri seld í því ástandi, sem hún var í og kaupandi hafi sætt sig við að öllu leyti. Að því er varðar einstaka þætti yfirmatsgerðarinnar, þá er því haldið fram af hálfu stefnda varðandi bætur fyrir stofugólf, að eigi sé rökstutt, hver galli sá sé, sem stefndi eigi að bæta, og því sé sá þáttur algerlega vanreifaður. Er því haldið fram, að raki sá, sem yfirmatsmenn hafi fundið og telji, að stafi af rakaþéttingu vegna ónógrar loftræstingar, hafi verið fyrir hendi, þegar stefnandi keypti húseignina, og augljós þeim, sem lyftir upp gólfteppinu. Er því haldið fram, að hér sé ekki um leyndan galla að ræða. Þá er því og haldið fram, að með viðgerð þeirri, sem yfirmatsmenn gera ráð fyrir, fái stefnandi aðra og betri íbúð en hann hafi getað vænst að fá við kaupin. Að því er varðar þann þátt yfirmatsgerðarinnar, sem tekur til þaksins, þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að athygli stefnanda hafi verið vakin á því, að leki hefði komið fram í svefnherbergi nokkrum árum áður og að gert hefði verið við þakið og hefði ekki borið á leka eftir það, enda telji matsmenn ekki um leka að ræða, heldur rakaþéttingu, sem stafi af ónógri loftræstingu. Allt þetta hafi stefnandi mátt vita við kaupin, enda hafi stefndi ekki leynt stefnanda neinu af því, sem hann hafi sjálfur vitað. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að ekki sé óalgengt, að flugur og önnur skorkvikindi angri menn í híbýlum þeirra og séu ekki dæmi til, að einstökum aðilja hafi verið gert að svara til fébótaábyrgðar af slíku. Er því haldið fram, að eigi hafi verið meiri brögð af þessu en gengur og gerist, en jafnvel þótt svo hafi verið, er því mótmælt, að það baki stefnda fébótaábyrgð.

Í málinu er fram kominn kaupsamningur milli stefnanda og Andrésar Eyjólfssonar, dags. 3. maí 1971, en samkvæmt honum seldi stefnandi Andrési umrædda eign fyrir kr. 632.500.

Það er ágreiningslaust, að umrædd húseign sé mjög gömul, sennilega um 50 ára gömul. Þótt í kaupsamningi aðilja sé ákvæði þess efnis, að stefnandi hafi kynnt sér ástand eignarinnar og sætt sig við það í einu og öllu, þá þykir slík yfirlýsing ekki þar með firra stefnanda rétti til að hafa uppi kröfur út af ástandi hins selda, sem þykir verða að meta með hliðsjón af samskiptum aðiljanna í heild.

Þótt stefnanda hafi mátt vera ljóst, að hann var að kaupa gamla húseign, sem byggð var á þeim tíma, er ekki voru gerðar eins ríkar kröfur við byggingu íbúðarhúsa og nú, þá verður eigi talið, að hann hafi mátt gera ráð fyrir svo verulegum raka í gólfi neðri hæðar sem telja verður staðfest með matsgerð yfirmatsmann-

anna. Er og eigi fram komið, að stefndi, sem búið hafði í húsinu í 5-6 ár, hafi haft ástæðu til að vekja athygli stefnanda á þessu. Þá verður heldur eigi talið, að stefnandi hafi mátt gera ráð fyrir slíkum raka, að leiddi til leka í lofti efri hæðar, svo sem yfirmatsmenn telja sennilega skýringu á leka á lofti efri hæðar í samræmi við kvörtun stefnanda. Þá þykir og í ljós leitt, að svo verulegar brögð hafi verið að skordýrum í íbúðinni, að þörf hafi verið sérstakra aðgerða til að útrýma þeim. Verður samkvæmt þessu að telja, að húseignin hafi verið haldin leyndum göllum við kaup stefnanda. Þykir rétt að dæma stefnanda afslátt af kaupverði eignarinnar úr hendi stefnda af þessum sökum. Þegar annars vegar eru virtar fjárhæðir yfirmatsgerðarinnar og áætlaður kostnaður við útrýmingu meindýra, en hins vegar að í úrbótatillögum í yfirmatsgerð er gert ráð fyrir ástandi, sem stefnandi gat eigi búist við í svo gömlu húsi, þá þykir afsláttur sá, sem rétt þykir að dæma stefnanda úr hendi stefnda, hæfilega ákveðinn kr. 40.000. Þótt stefnandi hafi nú selt umrædda húseign, þykir það ekki firra hann rétti til heimtu bóta úr hendi stefnda, enda er ósannað, að hann hafi selt eignina með slíkum kjörum, að hann hafi eigi orðið fyrir tjóni í viðskiptum þessum öllum. Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 40.000 með 7% ársvöxtum frá 21. október til greiðsludags.

Í máli þessu hefur stefnanda verið veitt gjafsókn „allt að kr. 15.000.00". Einnig hefur stefnda verið veitt gjafvörn „allt að kr. 15.000.00". Samkvæmt ákvæðum 173. gr. laga nr. 85/1936 eru hlunnindi gjafsóknar- og gjafvarnarhafa fjórþætt. Auk þess sem gjafsóknar- og gjafvarnarhafi er undanþeginn greiðslu réttargjalda, sem gjafsóknar- eða gjafvarnarleyfi nær til samkvæmt 1. og 2. tl. greinarinnar, er honum skipaður talsmaður, nema þess þyki ekki þörf, og greiðir ríkissjóður talsmanninum ferðakostnað og þóknun fyrir málflutninginn eftir ákvörðun dómara samkvæmt 3. tl. greinarinnar, en samkvæmt 4. tl. greiðir ríkissjóður fyrir gjafvarnar- eða gjafsóknarhafa ýmis gjöld í sambandi við rekstur málsins, þ. á m. þóknun til mats- og skoðunarmanna. Í máli þessu nemur útlagður kostnaður við þingfestingu og dómkvaðningu matsmanna samtals kr. 1.565 og þóknun til matsmanna og yfirmatsmanna kr. 26.500 ásamt kostnaði við framkvæmd mats. Í XI. kafla laga nr. 85/1936 eru ekki ákvæði um takmarkaða gjafsókn eða gjafvörn, svo sem ákveðið er í gjafsóknarleyfi og gjafvarnarleyfi máls þessa. Ekki er í leyfunum

gerð grein fyrir því, hvernig ætlast sé til, að takmörkun þessari sé beitt gagnvart hinum ýmsu þáttum kostnaðar, sbr. 173. gr. laga nr. 85/1936. Með hliðsjón af hinum ótvíræðu ákvæðum hinnar tilvitnuðu lagagreinar, og þá sérstaklega 3. tl., þykir skorta lagagrundvöll að beita takmörkunum þeim, sem felast í gjafsóknarleyfi og gjafvarnarleyfi aðilja máls þessa.

Samkvæmt efnisúrlausn málsins þykir rétt, að stefndi greiði upp í málskostnað í máli þessu kr. 22.000, er renni í ríkissjóð. Þá ber að dæma ríkissjóð til að greiða kostnað stefnanda af rekstri máls þessa, kr. 45.065, þar af málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 17.000. Þá greiði ríkissjóður kostnað stefnda af rekstri málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hans, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 17.000.

Dóm þennan kváðu upp Guðmundur Jónsson borgardómari, Ragnar Ingimarsson verkfræðingur og Indriði Níelsson húsasmíðameistari.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Pálsson, greiði stefnanda, Örlaugi Björnssyni, kr. 40.000 með 7% ársvöxtum frá 21. október 1969 til greiðsludags. Stefndi greiði kr. 22.000 upp í málskostnað, er renni í ríkissjóð. Kostnaður stefnanda af rekstri máls þessa, kr. 45.065, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 17.000. Kostnaður stefnda af rekstri máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns stefnda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 17.000.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. mars 1975.

Nr. 185/1973. **Messíana Tómasdóttir**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Ólafi Gíslasyni
(Guðrún Erlendsdóttir hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Hjónaskilnaður. Eignaskiptasamningur. Ógildingarkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. desember 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hún þess, að ákvæði skilnaðarskilmála, sem aðiljar undirrituðu 29. október 1970, verði um eignaskipti dæmd ógild. Áfrýjandi hafði gjafsókn í héraði og hefur fengið gjafsókn hér fyrir dómi með leyfi 3. desember 1973. Krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Hún hefur stefnt Jóni Einari Jakobssyni til réttargæslu og haft uppi málskostnaðarkröfu á hendur honum í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi og réttargæslustefndi krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins frá 31. desember 1973 skal áfrýjandi frá 1. janúar 1974 hafa forræði þeirra tveggja barna, er lutu forráðum stefnda, en stefndi greiða henni meðalmeðlag með hvoru barni frá sama tíma til fullnaðs 17 ára aldurs barnanna.

Aðiljar eru sammála um, að skuldir búsins hafi hinn 30. nóvember 1970 numið rúmlega 1.800.000 krónum.

Eigi hefur verið kannað með mati dómkvaddra manna, hvert var almennt gangverð fasteignar búsins á þeim tíma,

er skilnaðarskilmálarnir voru undirritaðir. Verður því um það efni að hafa hliðsjón af framlögðum gögnum, húsbyggingarskýrslu aðilja, fasteignamati og brunabótamati hússins á þessum tíma. Samkvæmt því og öðrum gögnum máls er ósannað, að samningurinn um fjárskipti aðilja hafi verið ósanngjarn á þeim tíma, er til hans var stofnað, en málshöfðunarfrestur samkvæmt 59. gr. laga nr. 39/1921 var auk þess liðinn, þegar málið var höfðað. Er og alveg ósönnuð sú málsástæða áfrýjanda, að samningur hennar og stefnda um skilnaðarkjör sé orðinn til fyrir misneytingu eða að fyrir hendi hafi verið aðrar ástæður, sem valdið geti ógildi ákvæða hans um eignaskipti. Að svo vöxnu máli ber að sýkna stefnda af kröfu áfrýjanda um ógildingu eignaskiptaákvæða skilnaðarskilmálans frá 29. október 1970.

Rétt þykir, að allur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður málsins í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 130.000 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Gíslason, á að vera sýkn af framangreindri ógildingarkröfu áfrýjanda, Messíönu Tómasdóttur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns áfrýjanda, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 130.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júlí 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 5. þ. m., hefur Messíana Tómasdóttir, Ránargötu 32, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnum, birtum 5. maí 1972, á hendur Ólafi Gíslasyni verk-

fræðingi, Árlandi 2, Reykjavík, og Jóni Einari Jakobssyni héraðsdómslögmanni, Austurstræti 6, Reykjavík, til réttargæslu. Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefnda, Ólafi Gíslasyni, verði gert að þola riftun á „hjónaskilnaðarsáttmála", er stefnandi undirritaði 29. október 1970 og gerður var vegna skilnaðar stefnanda og stefnda að borði og sæng, en skilnaðarleyfisbréf var útgefið hinn 1. desember 1970. Enn fremur gerir stefnandi þá réttarkröfu, að stefnda verði gert að greiða henni málskostnað að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnanda var veitt gjafsókn með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 6. nóvember 1972. Á hendur réttargæslustefnda, Jóni Einari Jakobssyni héraðsdómslögmanni, gerir stefnandi engar sjálfstæðar réttarkröfur.

Stefndi, Ólafur Gíslason, krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu. Af hálfu réttargæslustefnda, Jóns Einars Jakobssonar, er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að árið 1961 gengu stefnandi, Messíana Tómasdóttir, og stefndi, Ólafur Gíslason, í hjónaband. Þeim varð þriggja barna auðið, og eru börnin fædd 1961, 1963 og 1965. Vorið 1970 dró til hjúskaparslita með þeim hjónum. Dvaldist konan í Flatey á Breiðafirði um sumarið ásamt börnunum, og um haustið fluttist hún í íbúð að Bergstaðastræti 20 í Reykjavík, en börnin dvöldust hjá föður sínum að Árlandi 2 í Reykjavík, þar sem verið hafði sameiginlegt heimili fjölskyldunnar.

Hinn 29. október 1970 gerðu hjónin með sér svofelldan skriflegan samning um eftirfarandi skilnaðarkjör:

„Við undirrituð, Ólafur Gíslason og Messíana Tómasdóttir, hjón að Árlandi 2, Rvík, höfum orðið ásátt um eftirfarandi skilnaðarkjör vegna væntanlegs skilnaðar að borði og sæng:

1. Karlmaðurinn skal hafa forræði 3 barna okkar hjóna, en þau eru:

Ásdís fædd 30/9 1961, Gísli fæddur 25/6 1963 og Ása Björk fædd 28/4 1965.

Konan skal hafa umgengnisrétt, þannig að hún hafi börnin laugar- og sunnudaga og auk þess allt að 4 mánuði (skólaleyfi) á sumrin. Konan greiðir ekki meðlag með börnum, en karlmaður greiðir 2.500.00 á mánuði vísitölubætt pr. barn, þegar þau eru hjá móður á sumrin.

2. Lífeyrir er greiddur með hvorugu hjóna.

3. Eignum skal skipta sem hér segir:

Karlmaður eignast að óskiptu fasteign að Árlandi 2, Rvík, svo og bifreiðina R-18980 (Skoda 1000 árg. 1965). Karlmaður greiðir

konu 200.000.00 kr., sem greiðist á næstu tveimur árum. Samkomulag hefur orðið um skiptingu innbús. Karlmaður tekur að sér að greiða allar skuldir búsins."

Hinn 25. nóvember 1970 mættu hjónin bæði saman hjá valdsmanni, fulltrúa yfirborgardómarans í Reykjavík, lýstu því yfir, að þau væru sammála um að æskja skilnaðar að borði og sæng, og lögðu fram ofanritað samkomulag og staðfestu, að þau óskuðu eftir, að skilnaðarkjörin yrðu í samræmi við það.

Hinn 1. desember 1970 veitti yfirborgardómarinn í Reykjavík hjónunum leyfi til skilnaðar að borði og sæng með vísan til 51. gr. laga nr. 39 frá 1921, og er í leyfisbréfinu meðal annars fram tekið, að samkomulag sé um skiptingu eigna og greiðslu skulda.

Eftir að leyfi til skilnaðar að borði og sæng var fengið, innti maðurinn af hendi hina umsömdu peningagreiðslu, kr. 200.000, m. a. með því að afhenda konunni til eignar bifreið búsins.

Maðurinn hefur lagt fram yfirlit yfir eignaskiptingu þeirra hjóna, og er meginefni yfirlitsins svohljóðandi:

„Eignir:

Árland 2, Reykjavík, fasteignamat	kr. 2.344.000.00
(Brunabótamat þá kr. 2.287.000.00	
Bygg.kostn. kr. 2.267.656.00)	
Bifreið Skoda (söluverð)	— 77.000.00
	Alls kr. 2.421.000.00

Skuldir:

Sbr. rskj. 14 með leiðrétt, á rskj.	kr. 1.812.600.00
Mismunur	— 608.400.00
	Alls kr. 2.421.000.00

Samkvæmt ofangr. er nettóeign kr. 2x304.200.00. Konan hefur fengið greiddar kr. 277.000.00 úr hendi mannsins. Innbú skiptist þannig, að konan fékk að taka af því eins og hún sjálf taldi sig hafa þörf á."

Fram er komið í málinu, að hjónin höfðu rætt allítarlega sín á milli um skilnaðarkjör, áður en skilnaðarskilmáli sá, er áður er til vitnað, var undirritaður. Það er einnig fram komið, að maðurinn annaðist gerð skjalsins. Það er einnig upplýst, að réttargæslustefndi, Jón Einar Jakobsson héraðsdómslögmaður, átti einn fund með þeim hjónum, eftir að skjalið var samið, en áður en það var undirritað.

Hjónin mættu ein hjá valdsmanni hinn 25. nóvember 1970, er skilnaðarmálið var tekið fyrir.

Við aðiljayfirheyrslu var m. a. bókað eftir stefnanda.

„Þá óskar mætta að taka fram, að það hafi verið öðru hvorum megin við áramótin 1970-71, sem hún hafi átt símtal við Jón Einar Jakobsson, og hafi hún tjáð honum, að hún væri mjög miður sín yfir því að hafa undirritað skilnaðarskilmálana og spurt hann að því, hvort ekki væri hægt að rifta þessu. Mætta kveður hann hafa svarað, að það væri ekki hægt fyrr en við lögskilnað. Segir mætta, að það hafi verið af þessum átæðum, sem hún hafi ekki aðhafst neitt í þá átt að leita til annars lögfræðings til að fá skilmálunum rift."

Við aðiljayfirheyrslu kvað réttargæslustefndi stefnanda, Messíönu, hafa hringt til sín eftir áramót, hún hafi fyrst og fremst verið að ræða um forræði fyrir börnunum, hvort hægt væri að taka það til endurskoðunar, en ekkert rætt um eignaskiptingu eða slík fjárhagsatriði. Réttargæslustefndi kvaðst hafa upplýst konuna um það, að forræði fyrir börnunum væri lögum samkvæmt hægt að taka til endurskoðunar.

Hinn 19. nóvember 1971 ritar svo lögmaður stefnanda, Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, Jóni Einari Jakobssyni héraðsdómslögmanni, svofellt bréf:

„Hjónaskilnaðarmálið nr. H-5-185/1970: Ólafur Gíslason og Messíana Tómasdóttir.

Ég vil hér með staðfesta samtal okkar um ofangreint mál. Jafnframt vil ég koma á framfæri við yður vegna umbj. yðar kröfum frú Messíönu í sambandi við lögskilnað þeirra, sem ætti að geta farið fram hvenær sem er eftir 25. þ. m.

Kröfur Messíönu eru að svo stöddu þessar:

1. Hún vill fá forræði allra barnanna framvegis og tvöfaldan barnalífeyri með þeim til fullnaðs 18 ára aldurs hvers þeirra, sbr. reglur Tryggingastofnunar ríkisins.

2. Messíana vill fá lífeyri með sér úr hendi mannsins, kr. 12.000.00 á mánuði, frá 1. desember 1971 til 30. nóvember 1974, sem greiðist mánaðarlega fyrirfram.

3. Maðurinn endurgreiði frú Messíönu meðlag það, er hún greiddi af eignum sínum fyrirfram með börnum þeirra hjóna frá 25. nóvember 1970 til fullnaðs 17 ára aldurs hvers þeirra.

Í mínum vörslum er vottorð Garðars Svavarssonar, sóknarprests, dags. 1. þ. m., um árangurslausa sáttatilraun með hjónunum."

Stefnandi hefur lagt fram svofellda skýringu og sundurliðun á kröfulið 3:

„Þann 29. október 1970, sama dag og ég undirrituð, Messíana Tómasdóttir, skrifaði undir hjónaskilnaðarsáttmála þann, er þetta mál er risið af, reiknaði Ólafur Gíslason út, að mér viðstaddri, hluta þann af eignum okkar, er mér bæri að greiða sem meðlag með börnum okkar til 20 ára aldurs hvers þeirra.

Var gengið út frá 2.500.00 kr. á mánuði fyrir hvert barn.

Börnin voru þá 5, 7 og 9 ára gömul, þannig að ár þeirra til tvítugsaldurs voru 15, 13 og 11, samtals 39.

2.500.00 kr. á mánuði verða þannig 30.000.00 kr. á ári fyrir hvert barn.

30.000.00 krónur í 39 ár verða 1.170.000.00 krónur.

Þá kvað Ólafur 200.00, — (sic) krónur verða eftir af nettóvirði hússins og gæti ég fengið þær.

Má vera að Ólafur hafi þarna reiknað innbú með í húsverðinu og að sá hluti „samningsins", er varðar innbú, sé þannig til komin.

Seinna vakti ég athygli Ólafs á því, að meðlag með börnum væri aðeins greitt til 16 ára aldurs, en hann kvað breytingar vera í vændum, þannig að greitt yrði til 17 ára aldurs. Kvaðst hann mundu endurgreiða mér helming meðlags barnanna frá 17 ára til tvítugs, þ. e. a. s. 135.000.00 kr., en mundi þó draga frá andvirði bifreiðar, er ég hafði fengið, 70.000.00 kr., þannig að af þessum 270.000.00 krónum fékk ég greiddar 65.000.00 kr."

Um þennan útreikning segir stefnandi svo í bréfi til lögmanns síns, sem lagt hefur verið fram í málinu:

„Hún talar um 70.000.00 + 65.000.00 = 135.000.00 kr. og virðist fá hana út með því að segja 3 börn í 3 ár á 30.000.00 kr. (2.500 kr. x 12 = 30.000.00 kr.), eða samtals 270.000.00 kr., og deilir svo í með 2 og fær þá 135.000.00 kr. Í fyrsta lagi hef ég alltaf skilið meðlag með barni sem helming framfærslukostnaðar barns, þannig að hitt foreldrið sjái um hinn hlutann, þannig að mér hefði aldrei dottið í hug að deila með tveimur. Í öðru lagi, að væri það rétt hjá henni, að dregið hefði verið frá sameign okkar 2.500 kr./mán. fyrir öll börnin fram til 20 ára aldurs, þá er það hvorki meira né minna en kr. 1.170.000.00, sem er hrein firra, sé þessi tala borin saman við eignir og skuldir búsins. Í því sambandi minni ég þig á upplýsingar þær, sem ég sendi þér um, hvað ég hef gert fyrir húsið eftir skilnaðinn, en það kostaði ekki lítið, ef til endurmats kemur."

Við aðiljayfirheyrslu sagði stefndi það rétt, að það hefði komið til umræðu með þeim hjónum, áður en uppkast að skilnaðarmálum var gert, hvort konan skyldi greiða meðlag með börnunum, en í ljós hefði komið, þegar búið var gert upp, að ekki væri grundvöllur fyrir því, þar sem nettóeign búsins hafi reynst svo lítil.

Í framlögðu bréfi til lögmanns síns farast stefnda svo orð um þetta atriði:

„Það verður ekki of oft sagt, að eins og kom fram hjá mér í vitnaleiðslum, þá var rætt um það okkar Messíönu á milli, að við létum uppeldiskostnað barnanna greiðast af húsinu, og er sennilegt, að hún hafi rætt um það við Brynju o. fl. fyrr um haustið. Þegar til kom, var ekkert til skiptanna, ef Messíana átti að fá e-ð út úr búinu, og var því þá droppað."

Hinn 25. nóvember 1971 var beiðni hjónanna um lögskilnað tekin fyrir af valdsmanni.

Konan ítrekaði þá kröfur þær, sem fram koma í bréfinu frá 19. nóvember 1971, og lýsti því yfir, að hún teldi, að eignaskiptum þeirra hjóna væri ekki lokið, og áskildi sér allan rétt í því sambandi.

Maðurinn mótmælti öllum umræddum kröfum að öðru leyti en því, að hann lýsti sig samþykkan því, að konan fengi forræði yngsta barnsins, og bauðst til að greiða með því eitt og eitt fjórða meðlag til fullnaðs 17 ára aldurs, miðað við meðalmeðlög Tryggingastofnunar ríkisins á hverjum tíma.

Málið var síðan sent dómsmálaráðuneytinu til úrlausnar um forræði barna og meðlög með þeim, en með bréfi 17. maí 1972 beiddist stefnandi opinberra skipta á búinu, og hinn 5. maí s. á. var mál þetta höfðað, en stefna í því er útgefin hinn 4. maí.

Þegar stefnandi hafði þannig hafist handa um að fá úrlausn dómstóla um ágreining um búskipti, veitti dómsmálaráðuneytið loks, eða hinn 15. maí 1972, aðiljum leyfi til lögskilnaðar og úrskurðaði, að konan skyldi hafa forræði yngsta barnsins og maðurinn greiða með því 1½ meðalmeðlag, en maðurinn skyldi áfram hafa forræði tveggja eldri barnanna og annast framfærslu þeirra einn.

Stefnandi hefur haldið því fram, að börnin hafi í raun dvalist hjá sér meginhluta þess tíma, sem liðinn er frá því skilnaður frá borði og sæng var veittur.

Það er upplýst, að aðiljar hafa nú bæði gengið í hjónaband að nýju.

Stefnandi festi fljótlega eftir skilnaðinn kaup á íbúð við Ránar-

götu í Reykjavík, en stefndi fluttist af landi brott og er nú búsettur erlendis.

Dómkröfur sínar rökstyður stefnandi með því, að framangreindur „hjónaskilnaðarsáttmáli“ sé ógildur samkvæmt ýmsum meginreglum III. kafla laga nr. 7 frá 1. febrúar 1936. Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi fengið sig með ágengni og fortölum til þess að skrifa undir margnefndan hjónaskilnaðarsáttmála. Hann hafi beitt sig ýmsum rökum, svo sem að undirskriftin væri aðeins pro forma, eða formsatriði, og að hægt væri að fá skilnaðarskilmálana tekna til endurskoðunar síðar, þar á meðal forræði barna og búskipti, þegar lögskilnaður færi fram.

Þá kveðst stefnandi hafa átt við veruleg veikindi að stríða um þetta leyti og verið niðurbrotin á sál og líkama. Í veikindum sínum kveðst hún hafa borið stöðu sína sérstaklega undir réttargæslustefnda, Jón Einar Jakobsson héraðsdómslögmann, sem hafi verið lögmaður og trúnaðarvinur stefnda Ólafs og kunningi hennar. Hann hafi ekki bent sér á neina veilu í samningnum, heldur þvert á móti.

Ekki kveðst stefnandi á þessu stigi hafa talið ástæðu til þess að vantreysta Jóni Einari Jakobssyni héraðsdómslögmanni, enda hafi hún að ýmsu leyti litið á hann sem heimilisvin.

Stefnandi kveður engan hafa vakið athygli sína á því, „að hægt væri að rifta þessum samningi innan hálfs árs“, eða á réttarstöðu sinni yfirleitt. Þá kveðst stefnandi telja, að sá fulltrúi yfirborgardómara, er tók fyrir beiðni aðilja um skilnað að borði og sæng, hafi ef til vill vanrækt upplýsingaskyldu sína, þar eð stefnandi hafði ekki lögmann sér til aðstoðar, þegar beiðni um skilnað að borði og sæng var tekin fyrir.

Það er upplýst í málinu, að stefnandi hafði haft undir höndum uppkast af skilnaðarskilmála, sem stefndi hafði samið, um þriggja vikna skeið, áður en skilnaðarskilmálar þeir, sem mál þetta snýst um, voru undirritaðir hinn 29. október 1970, og að stefnandi hafði eintak af skilnaðarskilmálunum undir höndum, frá því að þeir voru undirritaðir og þar til þeir voru lagðir fram í hjónaskilnaðarmálinu hinn 25. nóvember 1970, þ. e. tæplega einn mánuð.

Stefnandi hefur í framlagðri aðiljayfirlýsingu, er hún lýsti rétta fyrir dómi 26. október 1972, lýst aðdraganda að sambúðarslitum málsaðilja, og segir þar m. a.:

„Ég undirrituð, Messíana Tómasdóttir, og Ólafur Gíslason vorum gefin saman í Danmörku 17. júní 1961. Bjuggum við í Kaup-

mannahöfn, en þar var Ólafur við verkfræðinám. Þar fæddist fyrsta barn okkar, Ásdís, 30. september 1961.

Að loknu námi hóf Ólafur starf við verkfræðifyrirtæki í Kaupmannahöfn, og fæddist næsta barn okkar, Gísli, einnig í Kaupmannahöfn, 25. júní 1963.

Vorið 1964 réð Ólafur sig til E. Phil & Søn, og átti hann að sjá um gerð jarðgangna í Færeyjum.

Í Klakksvík í Færeyjum bjuggum við svo næstu þrjú árin. Þar fæddist yngsta barn okkar, Ása Björk, 28. apríl 1965.

Þessi Færeyjadvöl var mikill reynslutími fyrir mig, þar sem þau hegðunareinkenni, er höfðu verið ríkjandi hjá Ólafi gagnvart mér, komu nú fyrst verulega að sök.

Í Færeyjum var heimili okkar í það nánum tengslum við vinnustaði Ólafs, að skortur á vinsældum hans meðal verkamannanna kom berlega í ljós og bitnaði á heimilinu í ýmsum myndum. Einnig vorum við gestgjafar og staðgenglar fyrirtækisins, sem átti hagnaðar að gæta gagnvart landsstjórninni, landsverkfræðingnum svo og öðrum fyrirtækjum, erlendum og þarlendum, og var jafnan mikið vín haft um hönd í því sambandi.

Í Færeyjum eignaðist ég nokkra vini, sem Ólafur hafði ekki þekkt áður. Með framkomu sinni kom hann í veg fyrir, að ég gæti umgengist þetta fólk á heimili okkar. Við þessi skilyrði gerði ég mér svo ljóst, að sambúð okkar gat ekki haldið áfram. Eftir að hafa íhugað þetta í langan tíma sá ég fram á, að geysilegum erfiðleikum yrði bundið fyrir mig að sjá fyrir þremur smábörnum. Hóf ég máls á þessu við Ólaf. Viðbrögð hans voru slík, að ég fékk taugaáfall, og opnaði það augu hans að nokkru leyti fyrir alvöru málsins. Féllst hann á, að ég færi einn vetur til náms við Listaakademíuna í Árósum, ef ég fengi inngöngu, en hann mundi fylgjast með börnunum, sem yrðu í fóstri hjá fjölskyldu minni og vinum hér á landi. Reyndi fjölskylda Ólafs að koma í veg fyrir, að ég færi í þetta listnám, og neitaði algerlega að hjálpa til með börnin.

Veturinn 1967 hóf ég svo nám í leikmyndagerð við Myndlista og Handíðaskólann, en var þar einungis frá 1-4 síðdegis, en þetta var tilraun frá skólans hálfu, og ég var eini nemandinn í þessu fagi.

Vorið 1968 fluttum við Ólafur svo í hús okkar að Árlandi 2, hér í borg, og Ólafur réð sig enn til vinnu hjá E. Phil & Søn, að þessu sinni til Grænlands. Var ég í Árlandi 2 með börnin fram á sumar og sá um trésmíði og innréttingar í húsinu, en fór síðan

með þau öll til Grænlands, þar sem ég dvaldi með þau hjá Ólafi um tveggja mánaða skeið. Að þeim tíma liðnum fór ég með þau heim aftur, en Ólafur varð eftir í Grænlandi fram í október og fór síðan um tíma til Kaupmannahafnar á vegum fyrirtækisins. Það skal tekið fram, að allan þennan tíma hefur Ólafur iðulega verið á ferðalögum vegna starfs síns.

Veturinn 1968-69 stundaði ég svo nokkurnveginn fullt nám við Handíðaskólann (kl. 9-16 fjóra daga í viku), en var í fríi frá skólanum, meðan ég fékkst við leikmyndagerð, enda var það liður í námi mínu.

Ég fékk systurson minn (sem var við nám í Verslunarskólanum) til að búa í Árlandi ásamt konu sinni og syni, og annaðist konan börnin, á meðan ég var í skólanum. Allt annað heimilishald hafði ég með höndum, enda fengu þau enga greiðslu fyrir þetta aðra en fæði og húsnæði endurgjaldslaust. Fór ég í skólann á morgnana, eftir að Ólafur var farinn til vinnu, og kom á undan honum heim, þannig að hann annaðist börnin að engu leyti, þó að ég væri við nám. Fannst þessu fólki Ólafur sérhlífinn maður og vanstilltur, en hann viðhafði það meðal annars að reka vini þeirra á dyr. Jókst nú einnig yfirgangssemi Ólafs í minn garð. Var hann ókurteis við vinnufélaga mína og skólasystkin, er þau komu á heimilið, og fór að lokum að vísa fólki á dyr af engu tilefni. Á sama tíma kom iðulega fyrir, að vinnufélagar hans og vinir sætu að drykkju á heimili okkar. Einnig taldi Ólafur sig hafa rétt til samlífs við mig gegn vilja mínum.

Vorið 1970 var svo komið, að sambúð okkar var orðin algerlega vonlaus. Dvaldist ég í Flatey með börnin það sumar og bjó þau undir breyttar aðstæður vegna væntanlegs skilnaðar.

Þegar til kom, vildi Ólafur ekki gera upp eignir okkar, og vísa ég til skýrslu minnar til Barnaverndarráðs, dags. 29. febr. 1972, um nánari aðstæður í sambandi við skilnað okkar á borði og sæng og „sáttmála" þann, er Ólafur og lögfræðingur hans, Jón Einar Jakobsson, fengu mig til að undirrita. Þó vil ég sérstaklega taka fram, að enginn vakti athygli mína á því, að hægt væri að rifta þessum samningi innan hálfs árs eða á réttarstöðu minni yfirleitt. Tel ég, að sá starfsmaður Borgardómaraembættisins, er bókaði skilnað okkar á borði og sæng, hafi e. t. v. vanrækt upplýsingaskyldu sína, þar eð ég hafði ekki lögmann.

Einnig vil ég geta þess, að lögfræðingur minn reyndi fyrir mína hönd að semja við Ólaf og lögfræðing hans sl. haust. (Ég naut ekki lögfræðiaðstoðar fyrr en haustið 1971). Buðu þeir mér

kr. 200.000.00, ef ég félli frá forræðiskröfu minni vegna tveggja elstu barnanna (Ólafur fór ekki fram á forræði yngsta barnsins). Þeir drógu þó þetta tilboð til baka, enda hafði ég þegar hafnað því sjálf. Einnig játuðu þeir fyrir Þorvaldi Þórarinssyni, lögfræðingi mínum, að minn hluti eignanna hefði verið hugsaður sem trygging fyrir meðlagi með börnunum til Ólafs, enda gekk ég næstum slypp og snauð frá félagsbúi okkar."

Við aðiljayfirheyrslu hinn 26. október 1972 var m. a. bókað eftir stefnanda: „Spurð af lögmanni stefnda segir mætta, að skilnaðarskilmálarnir á dskj. nr. 4, sem kynntir eru mættu, hafi verið undirritaðir að Árlandi 2 og hafi hún og stefndi ein verið viðstödd. Segir mætta, að hún hafi í þetta skipti komið að Árlandi 2 til að líta á börnin sín og hafi koma sín þangað ekki staðið í neinu sambandi við skilnaðarskilmálana.

Spurð af lögmanni stefnda, segir mætta, að fyrri skilnaðarskilmálarnir, sem stefndi hafi látið hana fá til athugunar, hafi verið frábrugðnir þeim, sem hún undirritaði, að því leyti, að í fyrri skilmálunum hafi ekki verið ákvæði um umgengnisrétt hennar við börnin. Ekki hafi verið gert ráð fyrir því, að hún fengi að hafa börnin á sumrin, og þar hafi verið ákvæði þess efnis, að stefndi fengi allar eignir. Af gefnu tilefni kveðst mætta ekki muna, hvort minnst hafi verið á innbú sérstaklega.

Lögmaður stefnda spyr mættu að því, í hverju það hafi verið fólgið, að stefndi hafi fengið hana til að undirrita skilnaðarskilmálana á dskj. nr. 4. Af því tilefni segir mætta, að hún telji sig hafa verið blekkta, og kveðst hún hafa fengið rangar upplýsingar. Tekur mætta fram, að þessar röngu upplýsingar hafi komið fram, er stefndi og Jón E. Jakobsson komu með fyrri skilnaðarskilmálana, og hafi þær varðað það, að undirskrift skilmálanna væri pro forma og að þeir giltu aðeins þar til kæmi að lögskilnaði. Einnig kveður hún þessar upplýsingar hafa varðað réttarstöðu sína sem móður. Einnig hafi komið fram, að stefndi væri að gera mættu greiða með því að taka börnin til sín, er hún hefði ekki aðstöðu til þess að hafa þau hjá sér sjálf, og að hann hefði ekkert á móti því, að hún tæki börnin til sín, er hún fengi aðstöðu til þess.

Þá segir mætta, að stefndi hafi höfðað til þess, að hún hefði ekki tök á því að greiða með börnunum þrátt fyrir það, að hún ætti að gera það og því þyrfti hún að láta sinn hluta af eignunum. Þá óskar mætta að taka fram, að það hafi verið öðru hvorum megin við áramótin 1970/1971 sem hún hafi átt símtal við Jón E.

Jakobsson og hafi hún tjáð honum, að hún væri mjög miður sín yfir því að hafa undirritað skilnaðarskilmálana og spurt hann að því, hvort ekki væri hægt að rifta þessu, en mætta kveður hann hafa svarað, að það væri ekki hægt fyrr en við lögskilnað. Segir mætta, að það hafi verið af þessum sökum sem hún hafi ekki aðhafst neitt í þá átt að leita til annars lögfræðings til að fá skilmálunum rift.

Dómarinn spurði mættu að því, hvort hjónin hefðu gert sér grein fyrir eignum og skuldum búsins, er stefndi lét hana hafa fyrri skilnaðarskilmálana, eins og mætta hefur skýrt frá, eða er mætta skrifaði undir skilmálana á dskj. nr. 4. Mætta segir, að er hún undirritaði skilmálana á dskj. nr. 4, hafi stefndi hripað þetta niður, en ekki kveðst hún muna, hverjar heildartölur voru. Mætta tekur fram, að stefndi hafi þá reiknað með kr. 2.500 meðlagi, sem hún ætti að greiða með hverju barni á mánuði, og hafi hann reiknað það til 20 ára aldurs hvers barns. Hafi stefndi þá sagt, að þá væri eftir kr. 200.000 af nettóverði hússins, og það hafi mætta fengið. Þá segir mætta, að hún hafi síðan farið að kvarta við stefnda yfir því, að það væri ekki rétt að láta sig greiða meðlög með börnunum til 20 ára aldurs og hafi stefndi þá reiknað meðlög með börnunum frá 17 ára aldri til 20 ára aldurs og hafi hann ætlað að greiða sér helming af þeirri fjárhæð, en þar sem mætta hafi fengið bifreiðina, sem seld hafi verið á kr. 70.000.00, hafi hann dregið þá fjárhæð frá og hafi þá komið út kr. 65.000.00, sem stefndi hafi greitt í peningum síðar.

Lögmaður stefnda spyr mættu að því, hvort hún hafi talið, þegar hún undirritaði skilnaðarskilmálana á dskj. nr. 4, að þeir hefðu ekkert gildi. Mætta svarar spurningunni og segir, að hún hafi talið, að þeir hefðu gildi fram að lögskilnaði.

Lögmaður stefnda spyr mættu að því, hvort skilnaðarskilmálarnir á dskj. nr. 4 dyttu sjálfkrafa úr gildi að einhverju eða öllu leyti við lögskilnað að áliti hennar, og ef svo er, að hvaða leyti. Mætta svarar spurningunni og segir, að hún hafi talið, að skilmálarnir á dskj. nr. 4 yrðu algerlega endurskoðaðir, og þá við embætti það, sem veitti skilnað að borði og sæng, í samræmi við þær aðstæður, sem þá yrðu fyrir hendi.

Lögmaður stefnda spyr mættu að því, hvort þetta álit hennar á endurskoðun skilnaðarmálanna við lögskilnað hafi byggst á upplýsingum, sem hún hafi fengið hjá stefnda eða lögmanninum. Segir mætta, að hún hafi byggt þetta á upplýsingum, sem hún hafi fengið hjá þeim báðum.

Af gefnu tilefni frá lögmanni stefnda segir mætta, að lögmaðurinn, þ. e. Jón E. Jakobsson, hafi sagt sér, að móðurrétturinn væri svo varinn að lögum, að það gæti enginn komið í veg fyrir það, að hún fengi börnin aftur. Þá segir mætta, að sér hafi verið það ljóst samkvæmt framansögðu, að sá, sem hefði börnin hverju sinni, yrði að hafa forræði barnanna formlega óskert. Segir mætta, að það hafi verið með þessa vitneskju í huga sem hún hafi undirritað skilnaðarskilmálana á dskj. nr. 4.

Af gefnu tilefni frá lögmanni stefnda segir mætta, að hún hafi óskað eftir því, að Jón E. Jakobsson kæmi ásamt stefnda og veitti sér lagalegar upplýsingar, er stefndi hafi afhent henni fyrri skilnaðarskilmálana. Segir mætta, að Jón hafi þá komið með Ólafi samkvæmt ósk hennar og hafi Jón þá veitt henni þær lagalegu upplýsingar, sem hann hafi veitt henni, en eftir það kveðst mætta ekki hafa rætt við Jón E. Jakobsson, fyrr en eftir að hún hafði undirritað skilnaðarskilmálana á dskj. nr. 4.

Lögmaður stefnda spyr mættu að því, hvort hún minnist þess, að hann hafi skýrt henni frá því, bæði á fundi fyrir skilnaðinn og í símtali löngu eftir skilnað að borði og sæng, að hann vildi ekki hafa afskipti af því, hvernig þau hjónin kæmu sér saman um forræði barna og skiptingu eigna. Segir mætta, að hún minnist þess, að Jón hafi skýrt sér frá þessu í símtali því, sem hún hafi átt við hann um áramótin 1970/1971. Hún kveðst ekki muna eftir því, að hann hafi skýrt sér frá því áður, en svo megi vera.

Mætta óskar að taka fram, að hún hafi verið veik, er hún undirritaði skilnaðarskilmálana á dskj. nr. 4, og kveðst hún telja, að dómgreind sín hafi þá verið skert. Hún kveður stefnda hafa verið kunnugt um þessi veikindi sín og kveður hann hafa vitað, að hún hafi verið með háan hita þennan dag. Kveðst mætta hafa sagt við stefnda, að hún hefði áhyggjur af þessum veikindum sínum, því ekki hafi verið vitað, af hverju þau stöfuðu. Tekur mætta fram, að hún hafi á þessum tíma verið búin að fara í rannsókn vegna veikindanna, en ekkert hafi fundist. Kveður hún það ekki hafa komið fram fyrr en eftir áramót, hver veikindi hennar voru.

Mætta tekur fram að gefnu tilefni, að hún hafi verið veik allan nóvembermánuð. Þá segir mætta, að hinn 2. desember hafi hún farið áleiðis til Englands til heilsubótar, en kveðst jafnframt hafa ætlað að athuga möguleika til leiknáms þar.

Kveðst mætta hafa frétt lát bróður síns, strax og hún kom til Englands, og hafi hún þá tekið næstu ferð heim. Kveðst hún þá hafa búið að Árlandi 2 og haldið heimili fyrir stefnda og börnin

og hafi svo verið eitthvað fram í janúar, en ráðskona stefnda hafi þá verið í fríi. Mætta óskar að taka fram, að stefndi hafi verið búinn að láta að því liggja, að hún fengi ekki að vera með börnunum um jólin, og segir mætta, að það hafi líka valdið því, að hún fór í umræddа ferð, því hún hafi ekki viljað vera í Reykjavík án þess að geta umgengist börnin um jólin.

Upplesið, játað rétt bókað með þeirri skýringu mættu, að það hafi verið, er stefndi hafi komið til að fá fyrri skilnaðarskilmálana undirritaða sem Jón E. Jakobsson hdl. hafi komið, að hennar ósk, eins og mætta hefur skýrt frá. Kveðst mætta þá hafa verið búin að hafa þessa skilnaðarskilmála til athugunar í tvær til þrjár vikur."

Fram hefur verið lagt í málinu vottorð Ölmu Þórarinsson læknis svohljóðandi:

„Messíana Tómasdóttir, f. 25.09.'40, til heimilis að Bergstaðastræti 20, hefur verið í rannsókn á Leitarstöð B, Krabbameinsfélags Íslands árið 1971.

Skoðun: bólgur í leghálsi, vægar frumubreytingar.

Fór í aðgerð hjá Jónasi Bjarnasyni, lækni 19/3 1971.

Svar: Hyperplasia endometrii, cervicitis chronica."

Framlagt vottorð Jónasar Bjarnasonar læknis hljóðar svo:

„Það vottast hér með, að frú Messíana Tómasdóttir, Ránargötu 32, Reykjavík, var til meðferðas hjá mér á s.l. ári vegna truflana og óreglu í sambandi við starfsemi eggjastokka. Hormónatruflun sú, sem hér um ræðir, getur haft mikil áhrif á taugakerfi sjúklingsins, meðan hún er, og tel ég vafalítið, að svo hafi verið í þessu tilfelli, því eftir að meðferð fór að hafa áhrif, komst jafnvægi á taugakerfi sjúklings, sem hafði verið í miku ólagi fyrir þann tíma."

Brynja Benediktsdóttir leikkona hefur komið fyrir dóminn sem vitni. Hún var samstarfsmaður stefnanda þann tíma, sem stefnandi starfaði við Þjóðleikhúsið sem fastráðinn umsjónarmaður leikmuna, þ. e. frá 1. september 1970 til 31. október s. á., og enn fremur kvað hún stefnanda hafa unnið við búninga í uppfærslu vitnisins á Hárinu fyrir leikfélag Kópavogs. Vitnið kvað það hafa komið fram, að stefnandi ætti við heilsuleysi að stríða haustið 1970, hún hafi verið jafnvægislaus og þreytt. Vitnið kvað stefnanda hafa sýnt sér hjónaskilnaðarskilmála þann, sem mál þetta snýst um, og kvað hún stefnanda hafa skýrt sér frá því, að það kæmi til greina, að hún greiddi meðlag með börnunum og að hennar hluti í húseigninni yrði notaður til þess. Síðan sagði vitn-

ið: „Ég man, að okkur sinnaðist út af þessu, en mér fannst, að henni ætti að finnast þetta eðlilegt vegna þess, að hún væri fylgjandi jafnrétti karla og kvenna, og ætti að standa við þær hugmyndir sínar.“ Vitnið kvað Messíönu hafa svarað: „Viðhorf mín hafa breyst við að lenda í þessu sjálf“, hún hafi lagt áherslu á, að hún hafði ekki menntun á við mann sinn, þess vegna ekki jafna möguleika til að afla fjár.

Vitnið kvað sér ekki hafa verið kunnugt um fjárhæð meðlagsins eða til hve langs tíma það hafi átt að greiðast, en það hafi verið talað um húseignina að Árlandi 2 í þessu sambandi.

Vitnið Sigríður Sigurbjörnsdóttir, eiginkona Atla Heimis Sveinssonar tónskálds, kvað stefnanda hafa sýnt sér margnefndan skilnaðarskilmála, líklega í nóvember 1970.

Vitnið kvað það hafa verið bersýnilegt, að stefnandi gekk ekki heil til skógar um þetta leyti, hún hafi litið mjög illa út og alltaf verið í rannsóknum. Stefnandi hafi verið heima vegna veikinda, þegar hún sýndi vitninu skjalið. Vitnið sagði, að sér hafi skilist á stefnanda, að ástæðan fyrir því, að stefndi fengi húsið, væri sú, að hann tæki að sér framfærslu barnanna, og þar sem stefnandi hefði ekki aðstöðu til að greiða honum meðlag með börnunum þá hafi það orðið að ráði, að hann fengi meiri hlutann af eignunum.

Vitnið Ivan Török kvaðst hafa búið í sama húsi og stefnandi að Bergstaðastræti 20 í Reykjavík á þeim tíma, sem um ræðir. Hann kvaðst muna eftir því, þegar stefndi og réttargæslustefndi komu þangað. Hann kvaðst hafa verið kynntur fyrir þeim. Hann kvaðst ekki hafa heyrt nein orðaskipti milli aðilja eða réttargæslustefnda í þetta skipti. Hins vegar hafi stefnandi talað um það, eftir að stefndi og réttargæslustefndi voru farnir, að hún teldi samninginn óaðgengilegan og að hún hefði ekki viljað skrifa undir hann. Vitnið kvað stefnanda hafa verið sjúka um þetta leyti og órólega.

Vitnið Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, háskólanemi og einkaritari hjá Sigfúsi Daðasyni hjá Máli og Menningu, kvað systur sína, Maríu Kristjánsdóttur, hafa verið sambýliskonu stefnanda að Bergstaðastræti 20 um þessar mundir.

Hún kvaðst hafa verið heimagangur hjá þeim stefnanda og systur sinni og hafa fylgst með hjónaskilnaðarmáli stefnanda. Hún kvað stefnanda hafa verið sjúka um þessar mundir og það hafi komið fram, að hún tæki sér skilnaðinn ákaflega nærri. Vitnið kvaðst ekki hafa séð samning um eignaskipti aðilja í máli

þessu, fyrr en löngu eftir að skilnaður þeirra að borði og sæng fór fram. Hins vegar kvað hún Maríu, systur sína, hafa sagt sér frá efni samningsins og það hafi komið fram, að stefnandi léti af hendi mestan hluta af eignarhluta sínum í búinu sem meðlag með börnunum.

Fram hefur verið lagt í málinu vottorð Maríu Kristjánsdóttur leikhúsfræðings, en í því segir m. a. svo:

„Ég undirrituð, María Kristjánsdóttir, var sambýliskona Messíönu Tómasdóttur frá septembermánuði 1970 til áramóta 70-71. Af þessum sökum er mér fremur en öðrum kunnugt um ýmis atriði, er gerðust á þessum tíma varðandi skilnað hennar við Ólaf Gíslason, og óska ég eftir að votta eftirfarandi:

1. Fyrri hjónaskilnaðarsáttmálann, er Ólafur Gíslason lagði fyrir Messíönu Tómasdóttur, las ég í fyrrihluta októbermánaðar ársins 1970, eða daginn eftir að Messíana fékk hann í hendur, og get vitnað um, að þar var hvorki gert ráð fyrir umgengnisrétti hennar við börn sín né heldur að þau dveldust hjá henni á sumrin. Auk þessa krafðist Ólafur allra eigna þeirra hjóna, undantekningarlaust.

Í sambandi við áðurnefndan samning var ég ennfremur vitni að því (ásamt Ivani Török leikmyndateiknara L.R.) á heimili okkar Messíönu að Bergstaðastræti 20, Rvík, er Ólafur Gíslason, ásamt lögfræðingi hans Jóni Einari Jakobssyni, kom til að fá undirritaðan samninginn og að Messíana neitaði að skrifa undir.

2. Síðari samninginn, eða þann, er Messíana undirritaði að Árlandi 2 í Reykjavík í lok októbermánaðar, er mér kunnugt um, að hún hafði aldrei áður litið augum. Þennan dag og dagana þar á undan hafði hún legið rúmföst og fór því til fundar við börn sín þennan dag, eins og oft áður, fárveik. Jafnframt stóð hún frammi fyrir þeirri staðreynd að þurfa daginn eftir að segja upp vinnu, sem hún hafði vonað, að gerði henni kleift að taka börnin til sín.

Ég leyfi mér því að fullyrða, að þetta tvennt: veikindi hennar og alger óvissa um afkomu, hafi einkum stuðlað að því, að hún lét blekkjast til undirritunar samningsins og staðfestingar hans skömmu síðar.

3. Ég óska einnig eftir því að votta, að allan tímann trúði Messíana (þrátt fyrir aðvaranir mínar) heilindum Ólafs Gíslasonar og lögfræðings hans í þessu máli, og var hún sannfærð um, að samningurinn væri aðeins til bráðabirgða, enda gat hún ekki verið án barnanna fremur en þau án hennar."

Við aðaljayfirheyrslu var stefndi spurður um, hvort honum hafi verið kunnugt um veikindi konu sinnar á árinu 1970. Var þá eftir honum bókað:

„Af því tilefni segir mætti, að sér hafi verið kunnugt um, að stefnandi hafi verið eitthvað veik og hún hafi verið með hita, skömmu áður en hún kallaði mætta og Jón E. Jakobsson heim til sín að Bergstaðastræti til að ræða skilnaðarskilmálana, en þá hafi hún verið betri og hún hafi verið fullfrísk, er hún hafi komið að Árlandi 2 og undirritað skilnaðarskilmálana.

Spurður af lögmanni sínum segir mætti, að hann hafi ekki getað séð, að stefnandi væri miður sín eða dómgreind hennar skert, er hún undirritaði skilnaðarskilmálana á dskj. nr. 4. Mætti kveðst heldur ekki hafa orðið var við þetta, er skilnaðarmál þeirra hjóna var tekið fyrir við Borgardómaraembættið."

Í framlögðu bréfi til lögmanns síns víkur stefndi að sama efni:

„Einnig er fjarri sanni, að hún hafi verið veik, þegar hún kom í Árlandið að undirskrifa. Þá hefði hún beðið mig um að koma með börnin, eins og ég gerði iðulega. Og hún var ekki veikari en það, að skv. framburði Brynju 24/1 '73 var hún að skipuleggja 3 ára nám í Englandi og fór síðan í des. til að ganga frá þeim málum til Englands, þótt hún bæri á móti því í vitnaleiðslunni. Það er ósennilegt, að sársjúk manneskja hafi staðið í öllu því umstangi einmitt þennan nóvembermánuð."

Er stefndi var við aðiljayfirheyrslu nánar spurður um það, hvernig undirritun skilnaðarskilmálanna hefði farið fram, bar hann eftirfarandi:

„Mætti ítrekar af gefnu tilefni, að það sé ekki rétt, að hann hafi áður verið búinn að semja og afhenda stefnanda skilmála með öðru efni en þeir, sem eru á dskj. nr. 4. Segir mætti í því sambandi, að eftir að hann hafi verið búinn að afhenda stefnanda annað eintakið af skilmálunum á dskj. nr. 4, hafi hún beðið sig og Jón E. Jakobsson að koma heim til sín á Bergstaðastræti og hafi þeir gert það. Þar hafi skilmálarnir verið ræddir og nokkrum dögum síðar hafi stefnandi svo komið heim til mætta að Árlandi 2 og hafi hún þá undirritað skilmálana alveg óbreytta.

Mætti tekur fram, að stefnandi hafi haldið sínu eintaki skilmálanna á milli þess sem þeir Jón E. Jakobsson ræddu við hana á Bergstaðastræti og hún undirritaði skilmálana. Mætti segir, að stefnandi hafi komið með sitt eintak skilmálanna að Árlandi 2 og hafi þau undirritað bæði eintökin. Mætti segir, að engir full-

orðnir hafi verið viðstaddir, er þau aðiljarnir undirrituðu skilnaðarskilmálana."

Stefndi styður sýknukröfur sínar þeim rökum, að samkomulag það, er málsaðiljar gerðu um skilnaðarkjör hinn 29. október 1970 og staðfestu fyrir valdsmanni hinn 25. nóvember, sé í alla staði fullkomlega lögmætur og bindandi samningur, sem eigi sé haldinn neinum þeim annmörkum, er leiði til þess, að unnt sé að rifta honum eða fá hann ógiltan.

Stefnandi hafi gert samninginn af fúsum og frjálsum vilja og eftir langa og rækilega yfirvegun. Frumuppkast af samningnum hafi stefnandi haft undir höndum í þrjár vikur og síðan hafi hún haft í höndum endanlega gerð samningsins tímabilið frá 29. október til 25. nóvember 1970 til íhugunar og athugunar. Fyrir liggi í málinu fjölmargir vitnaframburðir, sem staðfesti, að stefnandi hafi rætt efni samningsins ítarlega við vinkonur sínar og samstarfsfólk. Stefnandi sé góðum gáfum gædd og vel menntuð. Hún kunni því óvenjugóð skil á félagsfræðilegum efnum, ekki síst varðandi réttarstöðu kvenna, þar á meðal þeim, er lúta að lagareglum um stofnun og slit hjúskapar og fjármál hjóna. Það sama gildi um þær konur, er stefnandi ráðfærði sig við og báru vitni í málinu. Alveg sérstaklega bendir stefndi á, að stefnandi hafi verið virkur meðlimur í Rauðsokkahreyfingunni, en innan þess félagsskapar hafi á undanförnum árum verið unnið mikið og þarft starf að því að kynna konum sifjaréttarleg málefni og á vegum þess félagsskapar hafi farið fram merkar rannsóknir og miklar umræður um réttindi og skyldur kvenna og stöðu þeirra í þjóðfélaginu. Stefnandi geti því með engu móti borið fyrir sig, að hún hafi samið um skilnaðarkjör í fljótræði eða af fákunnáttu. Þá mótmælir stefndi því eindregið, að sjúkleiki stefnanda hafi verið á því stigi, að hún hefði ekki fullkomlega ráð og rænu, og heldur því fram, að ekkert sé fram komið í málinu, er bendi til, að sjúkleiki stefnanda hafi haft nein áhrif á umrædda samningsgerð.

Stefndi heldur því enn fremur fram, að varðandi búskipti hafi síður en svo hallað á stefnanda. Eignauppgjör sýni, að nettóeign búsins hafi numið kr. 608.400 og af þeirri fjárhæð hafi konan fengið greiddar kr. 277.000 úr hendi mannsins. Við umrætt uppgjör sé það að athuga, að skattskuldir hafi raunverulega verið nokkru hærri en talið sé í umræddu uppgjöri og ekki sé við skuldatalningu tekið tillit til áfallinna ógjaldfallinna vaxta eða áfallinna dráttarvaxta á ógreidda skatta. Þá sé enn fremur van-

talið í skuldauppgjörinu hluti af kröfu Breiðholts h/f, vinnuveitanda stefnda, sem félagið hafi skuldajafnað við hluta af launum hans í desember 1971, þ. e. launum, er stefndi vann fyrir, eftir að leyfi til skilnaðar að borði og sæng var veitt. Við framtal eigna í umræddu uppgjöri sé enn fremur það að athuga, að þar sé lagt til grundvallar fasteignamat á eigninni Árlandi 2, en fasteignamatið hafi þá verið algerlega nýtt, og á þessum tíma hafi sambærilegar eignir verið seldar undir fasteignamatsverði. Þá sé það enn fremur að athuga, að maðurinn hafi tekið á sig þá óvenjulegu kvöð að sjá nálega einn um framfærslu þriggja barna þeirra hjóna án þess að gera neina kröfu til meðlags úr hendi konunnar með börnunum. Af þessu sé ljóst, að konan hafi síður en svo borið skarðan hlut frá borði fjárhagslega við eignaskipti þeirra hjóna.

Eins og áður er greint, krefst stefnandi riftunar á umræddum hjónaskilnaðarskilmála. Ekki hefur stefnandi sýnt fram á, að stefndi hafi vanefnt samninginn með þeim hætti, að til riftunar geti leitt. Verður því að túlka kröfugerð stefnanda á þann veg, að krafa hennar um riftun sé í eðli sínu krafa um ógildingu á umræddum samningi, enda vísar stefnandi til III. kafla samningalaganna nr. 7 frá 1936, er hún greinir lagarök fyrir dómkröfum sínum, en sá kafli fjallar um ógilda löggerninga.

Í málflutningi sínum hafa báðir aðiljar miðað við, að málshöfðunarfrestur samkvæmt 59. og 79. gr. laga nr. 39/1921 hafi verið liðinn, er mál þetta var höfðað. Samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga nr. 39/1921 og eðli málsins heyrir það ekki undir þennan dómstól að skera úr um forræði barna eða meta gildi umrædds skilnaðarskilmála, að því er það efni varðar, enda verður að telja að samkvæmt 56., 58., 59., 76., 77. og 79. gr. laga nr. 39 frá 1921 beri fyrst og fremst eða einvörðungu að líta til hagsmuna barna, en ekki foreldra, við úrlausn á því atriði, og er því vandséð, að samkomulag um forræði barna geti nokkru sinni skert lögvarða hagsmuni móður.

Úrlausnarefnið í máli þessu varðar því eingöngu samning hjónanna um fjárhagsleg atriði, þ. e. sjálf búskiptin, en við mat á því, hvort gengið hafi verið á hlut stefnanda við þau, verður að hafa nokkra hliðsjón af því, hvernig framfærslubyrðin af börnum skiptist milli hjónanna. Það er álit réttarins, að stefndi hafi sýnt fram á það með gögnum, sem eigi hefur verið hnekkt af stefnanda hálfu, að eigi hafi verið verulegur mismunur á þeim fjárhæðum, er umrædd hjón fengu í sinn hlut hvort um sig við bú-

skiptin, en umrædd gögn bera með sér, að stefnandi hefur fengið í sinn hlut um 46% af nettóeign félagsbúsins, en stefndi um 54%, og er þá ekki tekið tillit til innbús, sem brunatryggt var á 300.000 kr., en upplýst er, að hjónin sömdu um, að konan fengi það af innbúi, sem hún vildi, og maðurinn hefur lýst því yfir, að konunni sé enn heimilt að taka það af innbúi, sem hún hefur ekki þegar tekið. Þegar tekið er tillit til þess, að maðurinn tók að sér að annast einn framfærslu barna 8 mánuði á ári og greiða um 1½ meðalmeðlag með þeim á fjóra mánuði, sem þau skyldu dveljast hjá móður sinni (meðalmeðlag var í nóvember og desember 1970 kr. 1.988 á mánuði) og tók þannig á sig yfir 80% af framfærslubyrði af börnunum, þá verður ekki talið, að umræddur skilnaðarskilmáli hafi verið konunni bersýnilega óhagstæður og breytir það eigi þessari niðurstöðu, þótt maðurinn skyldi eigi greiða konunni lífeyri, meðan skilnaður að borði og sæng stóð.

Að þessu athuguðu og með því að það telst ósannað, að stefndi hafi við gerð umræddra skilnaðarskilmála beitt stefnanda nauðung, svikum, misneytingu eða óheiðarlegum ráðum eða notfært sér fákunnáttu hennar, léttúð eða bágindi með þeim hætti, að ógildingarkrafa verði á því byggð eða öðrum reglum um ógilda löggerninga, þá ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Það athugast, að framkomin gögn í máli þessu bera það ekki með sér, að stefnandi hafi verið haldin þeim andlegum annmörkum á því tímabili, þegar umrædd samningsgerð stóð yfir, að ógilding samningsins verði á því byggð.

Málskostnaður milli stefnanda og stefnda fellur niður.

Stefnandi greiði réttargæslustefnda kr. 7.000 í málskostnað.

Málflutningsþóknun til skipaðs talsmanns stefnanda, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, telst hæfilega ákveðin kr. 65.000, og greiðist hún úr ríkissjóði.

Már Pétursson setudómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Gíslason, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Messíönu Tómasdóttur, í máli þessu.

Stefnandi, Messíana Tómasdóttir, greiði réttargæslustefnda, Jóni Einari Jakobssyni héraðsdómslögmanni, kr. 7.000 í málskostnað.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Þorvalds

Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 65.000, greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 13. mars 1975.

Nr. 7/1974. **Sigmundur P. Lárusson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Konráði Ó. Sævaldssyni
(Jón Ólafsson hrl.).

Dómendur: hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1974. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður og hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn 4. nóvember 1971 gerðu Jón Oddsson héraðsdómslögmaður og áfrýjandi svofellda dómssátt á bæjarþingi Reykjavíkur:

„Stefndi, Sigmundur Lárusson, Langageröi 86, Reykjavík, greiði stefnanda, Jóni Oddssyni, hdl., Reykjavík, kr. 200.000,00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamán. af kr. 100.000.00 frá 15. júní 1971 til 15. ágúst s. á. og af kr. 200.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 480.00 í víxilkostnað og kr. 23.240.00 í málskostnað þannig: kr.

100.000.00 15. nóvember 1971 og eftirstöðvar fyrir 30. des. 1971.

Greiðslur fari fram á skrifstofu Jóns Oddssonar hdl., Reykjavík.

Falli ein greiðsla niður er öll skuldin í gjalddaga fallin".

Áfrýjandi stóð eigi í skilum samkvæmt dómssátt þessari, og hefur krafan samkvæmt henni verið framseld stefnda.

Er dómssáttin aðfararheimild sú, sem mál þetta byggist á.

Þegar fjárnámsbeiðni stefnda var tekin til meðferðar í fógetarétti 22. nóvember 1973, var liðinn ársfrestur sá, er getur í 9. gr. laga nr. 19/1887, og var eigi fullnægt skilyrðum greinarinnar um birtingu greiðsluáskorunar á hendur gerðarþola. Varð fjárnám því eigi framkvæmt til tryggingar skuldinni. Gat frestun málsins fyrir fógetaréttinum eigi bætt úr þessum ágöllum. Af þessu leiðir, að fella verður úr gildi hinn áfrýjaða úrskurð og hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 25.000 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður og hin áfrýjaða fjárnámsgerð eru felld úr gildi.

Stefndi, Konráð Ó. Sævaldsson, greiði áfrýjanda, Sigmundi P. Lárussyni, kr. 25.000 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 14. desember 1973.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 27. f. m.

Með bréfi til yfirborgarfógetans, dags. 13. nóvember sl., óskaði Ólafur Þorláksson héraðsdómslögmaður þess f. h. gerðarbeiðanda, að fjárnám yrði gert í eigum gerðarþola til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 35.000 með vöxtum og kostnaði, eins og réttarskjal nr. 1 ber með sér.

Þegar málið kom fyrir í fógetaréttinum hinn 22. f. m., mætti Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður fyrir hönd gerðarþola

og krafðist þess, að hin umbeðna gerð næði eigi fram að ganga. Lagði lögmaðurinn fram aðiljaskýrslu, þar sem rakin eru fjármálaleg viðskipti málsaðilja, og telur gerðarþoli í skýrslunni, að gerðarbeiðandi hafi svikið út úr sér fjármuni með ólögmætum hætti.

Lögmaður gerðarbeiðanda lagði fram í sama réttarhaldi aðiljaskýrslu ásamt fimm fylgiskjölum, þar sem mótmælt var áburði gerðarþola á gerðarbeiðanda í skýrslu þess fyrrnefnda.

Við munnlegan málflutning hreyfði lögmaður gerðarþola því, að gerðin mætti ekki fara fram með tilvísun til 9. gr. laga um aðför nr. 19 frá 4. nóvember 1887, en þar segir, að ef dómhafi lætur meir en eitt ár líða frá því, að aðför gat fram farið, þá sé hann skyldur til með nótarialáskorun eður með áskorun, er hann lætur stefnuvotta birta dómfellda, að skora á hann að fullnægja dóminum, úrskurðinum, sáttinni eður veðbréfinu, og má þá eigi aðför gera, fyrr en liðnar eru 3 vikur frá þessari áskorun.

Aðfararheimild sú, sem fjárnámsbeiðni gerðarbeiðanda byggist á, er sátt bæjarþings Reykjavíkur frá 4. nóvember 1971. Engin greiðsluáskorun hafði farið fram, en jafna má fyrirtekt málsins í fógetarétti hinn 22. nóvember sl. við greiðsluáskorun.

Fógeti ákvað því með bókun í fógetabók að fresta uppkvaðningu efnisúrskurðar í máli þessu til dagsins í dag, en nú eru liðnar þrjár vikur frá því, að málið var fyrst tekið fyrir í fógetaréttinum.

Er því ekkert því til fyrirstöðu að kveða upp efnisúrskurð í málinu.

Gerðarþoli telur, að gerðarbeiðandi hafi svikið út úr sér fjármuni með ólögmætum hætti. Stafi skuldin samkvæmt fjárnámsbeiðninni af þessu ólögmæta atferli gerðarbeiðanda. Ekki hefur þó gerðarþoli gert reka að því árum saman að knýja fram sakadómsrannsókn út af þessu meinta misferli. Hann gekkst undir sáttina á dómsskjali nr. 2 af fúsum og frjálsum vilja. Gætti dómarinn og leiðbeiningarskyldu sinnar og brýndi fyrir gerðarþola þýðingu sáttarinnar.

Fógetinn fær ekki séð, að óljósar fullyrðingar gerðarþola um meint fjársvik gerðarbeiðanda geti staðið í vegi fyrir framgangi gerðarinnar samkvæmt óvefenginni aðfararheimild, þ. e. sáttinni frá 4. nóvember 1971, enda eigi 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 hér ekki við.

Samkvæmt framansögðu verður að úrskurða, að hin umbeðna fjárnámsgerð nái fram að ganga.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 15.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að telja.

Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fjárnámsgerð skal ná fram að ganga.

Gerðarþoli, Sigmundur Lárusson, greiði gerðarbeiðanda, Konráði Ó. Sævaldssyni, kr. 15.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 14. desember 1973.

Ár 1973, föstudaginn 14. desember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Langagerði 86 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Jóni P. Emils með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Málið A-2591/1973: Konráð Ó. Sævaldsson gegn Sigmundi Lárussyni.

Skjöl málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Ólafur Þorláksson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 200.000 með 1% mánaðarvöxtum af kr. 100.000 frá 15. júní 1971 til 15. ágúst s. á. og af kr. 200.000 frá þeim degi til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnaði, kr. 480 í stimpil- og víxilkostnað, kr. 23.240 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, ritlaun kr. 800.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Guðbrandur Benediktsson. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki greiða.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign/arhluta gerðarþola í fasteigninni Langagerði 86.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni lokið.

Fimmtudaginn 13. mars 1975.

Nr. 8/1974. **Sigmundur P. Lárusson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Konráði Ó. Sævaldssyni
(Jón Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1974. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður og hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn 29. júní 1971 gerðu Jón Oddsson héraðsdómslögmaður og áfrýjandi svofellda dómssátt á bæjarþingi Reykjavíkur:

„Stefndi, Sigmundur Lárusson, Langagerði 86, Reykjavík, greiði stefnanda, Jóni Oddssyni hdl. kr. 50.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 15. mars 1971 til greiðsludags og kr. 8.140.00 í málskostnað, allt fyrir 29. júlí 1971.

Greiðslur fari fram á skrifstofu stefnanda".

Áfrýjandi stóð eigi í skilum samkvæmt dómssátt þessari, og hefur krafan samkvæmt henni verið framseld stefnda. Er dómssáttin aðfararheimild sú, sem mál þetta byggist á.

Þegar fjárnámsbeiðni stefnda var tekin til meðferðar í fógetarétti 22. nóvember 1973, var liðinn ársfrestur sá, er getur í 9. gr. laga nr. 19/1887, og var eigi fullnægt skilyrðum greinarinnar um birtingu greiðsluáskorunar á hendur gerð-

arþola. Varð fjárnám því eigi framkvæmt til tryggingar dómssáttarskuldinni. Gat frestun málsins fyrir fógetaréttinum eigi bætt úr þessum ágöllum. Af þessu leiðir, að fella verður úr gildi hinn áfrýjaða úrskurð og hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 20.000 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður og hin áfrýjaða fjárnámsgerð eru felld úr gildi.

Stefndi, Konráð Ó. Sævaldsson, greiði áfrýjanda, Sigmundi P. Lárussyni, kr. 20.000 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 14. desember 1973.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 27. f. m.

Með bréfi til yfirborgarfógetans, dags. 13. nóvember sl., óskaði Ólafur Þorláksson héraðsdómslögmaður þess f. h. gerðarbeiðanda, að fjárnám yrði gert í eigum gerðarþola til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 200.000 með vöxtum og kostnaði, eins og réttarskjal nr. 1 ber með sér.

Þegar málið kom fyrir í fógetaréttinum hinn 22. f. m., mætti Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður fyrir hönd gerðarþola og krafðist þess, að hin umbeðna gerð næði eigi fram að ganga. Lagði lögmaðurinn fram aðiljaskýrslu, þar sem rakin eru fjármálaleg viðskipti málsaðilja, og telur gerðarþoli í skýrslunni, að gerðarbeiðandi hafi svikið út úr sér fjármuni með ólögmætum hætti.

Lögmaður gerðarbeiðanda lagði fram í sama réttarhaldi aðiljaskýrslu ásamt fimm fylgiskjölum, þar sem mótmælt var áburði gerðarþola á gerðarbeiðanda í skýrslu þess fyrrnefnda.

Við munnlegan málflutning hreyfði lögmaður gerðarþola því, að gerðin mætti ekki fara fram með tilvísun til 9. gr. laga um aðför nr. 19 frá 4. nóvember 1887, en þar segir, að ef dómhafi lætur meir en eitt ár líða frá því, að aðför gat fram farið, þá sé hann skyldur til með nótarialáskorun eður með áskorun, er hann lætur

stefnuvotta birta dómfellda, að skora á hann að fullnægja dóminum, úrskurðinum, sáttinni eður veðbréfinu, og má þá eigi aðför gera, fyrr en liðnar eru 3 vikur frá þessari áskorun.

Aðfararheimild sú, sem fjárnámsbeiðni gerðarbeiðanda byggist á, er sátt bæjarþings Reykjavíkur frá 4. nóvember 1971. Engin greiðsluáskorun hafði farið fram, en jafna má fyrirtekt málsins í fógetarétti hinn 22. nóvember sl. við greiðsluáskorun.

Fógeti ákvað því með bókun í fógetabók að fresta uppkvaðningu efnisúrskurðar í máli þessu til dagsins í dag, en nú eru liðnar þrjár vikur frá því, að málið var fyrst tekið fyrir í fógetaréttinum.

Er því ekkert því til fyrirstöðu að kveða upp efnisúrskurð í málinu.

Gerðarþoli telur, að gerðarbeiðandi hafi svikið út úr sér fjármuni með ólögmætum hætti. Stafi skuldin samkvæmt fjárnámsbeiðninni af þessu ólögmæta atferli gerðarbeiðanda. Ekki hefur þó gerðarþoli gert reka að því árum saman að knýja fram sakadómsrannsókn út af þessu meinta misferli. Hann gekkst undir sáttina á dómsskjali nr. 2 af fúsum og frjálsum vilja. Gætti dómarinn og leiðbeiningarskyldu sinnar og bryndi fyrir gerðarþola þýðingu sáttarinnar.

Fógetinn fær ekki séð, að óljósar fullyrðingar gerðarþola um meint fjársvik gerðarbeiðanda geti staðið í vegi fyrir framgangi gerðarinnar samkvæmt óvefenginni aðfararheimild, þ. e. sáttinni frá 4. nóvember 1971, enda eigi 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 hér ekki við.

Samkvæmt framansögðu verður að úrskurða, að hin umbeðna fjárnámsgerð nái fram að ganga.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 8.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að telja.

Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fjárnámsgerð skal ná fram að ganga.

Gerðarþoli, Sigmundur Lárusson, greiði gerðarbeiðanda, Konráði Ó. Sævaldssyni, kr. 8.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 14. desember 1973.

Ár 1973, föstudaginn 14. desember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Langagerði 86 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Jóni P. Emils með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A - 2590/1973: Konráð Ó. Sævaldsson gegn Sigmundi Lárussyni.

Skjöl málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Ólafur Þorláksson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 50.000 með 1% mánaðarvöxtum frá 15. mars 1971 til greiðsludags, kr. 8.140 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, ritlaun kr. 800. Allt að frádregnum kr. 15.000.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Guðbrandur Benediktsson. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki greiða.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign/arhluta gerðarþola í fasteigninni Langagerði 86.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 14. mars 1975.

Nr. 79/1973. **Ármann Magnússon**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Byggingarsamvinnufélagi atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni og gagnsök
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál. Byggingarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 23. maí 1973. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að honum verði aðeins dæmt að greiða gagnáfrýjanda 10.381 krónu og að málskostnaður verði þá látinn niður falla. Til þrautavara krefst hann þess, „að málskostnaður verði látinn falla niður".

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 28. maí 1973. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum 88.943 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram fyrir Hæstarétt, þ. á m. skýrsla Ragnars Á. Magnússonar, löggilts endurskoðanda, frá 23. nóvember 1972 um byggingarkostnað á íbúð aðaláfrýjanda í húsinu nr. 14 við Fellsmúla og skýrsla Gunnars R. Magnússonar, löggilts endurskoðanda, um útreikning á vöxtum vegna byggingar á húsunum nr. 14-22 við Fellsmúla.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir

mega staðfesta hann, þó svo, að vextir verða dæmdir í samræmi við kröfugerð gagnáfrýjanda.

Samkvæmt þessum úrslitum máls ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ármann Magnússon, greiði gagnáfrýjanda Byggingarsamvinnufélagi atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni, 84.080 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda málskostnað í héraði, 35.000 krónur, og fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1973.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 30. mars sl., hefur Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 21. febrúar 1970, á hendur Ármanni Magnússyni bifreiðarstjóra, Fellsmúla 14, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 88.943.42 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. janúar 1969 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta LMFÍ.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing, og voru þær kröfur upphaflega gerðar, að máli þessu væri vísað frá dómi, en síðar féll stefndi frá frávísunarkröfunni. Núverandi dómkröfur hans eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og honum tildæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt taxta LMFÍ. Til vara gerir hann þá kröfu, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar og verði þá málskostnaður látinn niður falla. Í upphaflegri efnisgreinargerð lögmanns stefnda sagði auk þessa um kröfugerð: „Ennfremur er gerð sú

krafa, að þegar stefnandi hefur lagt fram þá reikninga og gögn, sem í máli þessu er krafist, að lagðir verði fram, og ýmis atriði skýrð og skekkjur í reikningshaldi stefnanda varðandi umbjóðanda minn hafa verið leiðréttar, að þá greiði einungis atkvæði um reikninga III. byggingarflokks eigendur íbúða í III. byggingarflokki BSAB, þ. e. Fellsmúla 14-22, en ekki aðrir utanaðkomandi, sem eru meðlimir í BSAB, s. s. verktakar og aðrir, sem engra hagsmuna eiga að gæta í III. byggingarflokki." Athugasemd þessi var ekki sett fram sem gagnkrafa, og var henni ekki svarað af lögmanni stefnanda með sérstakri greinargerð. Í réttarhaldi 22. janúar sl. beindi dómarinn þeirri spurningu til lögmanns stefnda, hvernig skoða bæri tilvitnaða setningu í kröfugerð hans. Lögmaðurinn lýsti því þá yfir, að hann félli frá því, er þarna stendur, sem kröfu, en héldi fast við það sem málsástæðu.

Sátt hefur verið reynd í málinu, en án árangurs.

II.

Málavextir.

Í samþykktum þeim fyrir Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni, sem í gildi voru, þá er atburðir þeir gerðust, er leiddu til máls þessa, segir, að tilgangur félagsins sé að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína í samræmi við ákvæði laga um byggingarsamvinnufélög, að safna eignarframlögum félagsmanna og að reka lánastarfsemi.

Í 4. gr. félagslaga er fjallað um fjárhagsgrundvöll félagsins, og segir þar: „Félaginu skal aflað fjár:

1. með inngöngueyri í félagið, sem er kr. 500.00 og rennur í varasjóð félagsins;
2. með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð.

Stofnsjóðseign hvers félagsmanns gangi upp í byggingarkostnað húss þess eða íbúðar, sem félagið ákveður að reisa fyrir hann. Félagið getur þá fyrst afhent félagsmanni íbúð hans, er stofnsjóðseign nemur þeirri upphæð, sem byggingarkostnaðurinn er hærri en lán þau, sem félagið fær til byggingarinnar með ríkisábyrgð.

Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands.

Stofnfjárinnistæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot, við brottflutning af félagssvæðinu, verði félags-

maður fátækrastyrksþurfi, og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið;

3. með lánum, er félagið tekur með ábyrgð ríkissjóðs;

4. með rekstrarsjóðsgjaldi. Til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins skal hver félagsmaður greiða í árgjald til félagsins kr. 200.00. Sé gjaldið eigi greitt fyrir tilskilinn gjalddaga, missir félagsmaður félagsréttindi sín og skoðast eigi lengur félagsmaður, nema til komi ástæður, sem stjórn félagsins tekur gildar.

Félagsmenn í sama lánaflokki skulu vera sérstök deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn, að því er varðar sérmál hennar."

Í 6. gr. félagslaga segir: „Félagsmenn bera ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn á sameiginlegum lánum í sínum lánaflokki."

Í 8. gr. samþykktanna segir í 1. og 2. málsgr.: „Félagið veitir félagsmönnum lán til þess að koma upp byggingum eða íbúðum til eigin afnota, eftir þeim fyrirmyndum og á þeim stöðum, sem félagsmálaráðuneytið hefur samþykkt, enda hafi þeir uppfyllt skilyrði þau um stofnsjóðstillag, sem um ræðir í 4. gr. 2.

Bygging húsanna annast félagið að öllu leyti, nema stjórn félagsins ákveði annað, sbr. 2. mgr. c-liðs 18. gr. laga nr. 44 23. apríl 1946." (Sjá nú lög nr. 36/1952).

Í 17. gr. laga félagsins segir, að aðalfundur hafi æðsta vald í félagsmálum og geri þær ákvarðanir um starfsemi félagsins, sem þörf sé á.

Í 18. gr. eru ákvæði um stjórn félagsins og störf stjórnar.

Segir þar, að stjórn félagsins skuli skipuð fimm mönnum, formanni, ritara, gjaldkera og tveimur meðstjórnendum. Skulu þeir kosnir á aðalfundi og einnig þrír menn til vara.

Þá segir í greininni: „Formaður boðar til stjórnarfundar. Er stjórnarfundur lögmætur, ef minnst þrír stjórnendur eru á fundi. Úrslitum ræður afl atkvæða, en séu þau jöfn, ræður atkvæði formanns. Allar fundarályktanir stjórnarinnar skulu færðar í gerðabók, og rita viðstaddir stjórnendur undir þær. Stjórnin boðar til félagsfunda og undirbýr fundarefni, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda. Leggur fyrir aðalfund til úrskurðar reikninga félagsins fyrir næsta ár á undan, er hún sér um að séu endurskoðaðir í tæka tíð, enda fylgi tillögur endurskoðanda og athugasemdir, ef einhverjar eru. Stjórnin hefur eftirlit með öllum framkvæmdum félagsins og hefur á hendi eða sér

um eftirlit á húsum þeim, sem félagið hefur byggt og selt félagsmönnum, innheimtir félagsgjöld, vexti og afborganir og sér um greiðslur á gjöldum þess. Stjórnin gætir í öllu hagsmuna félagsins og getur leitað aðstoðar landslaga og réttar í málefnum þess, ef þörf krefur. Stjórninni er heimilt að ráða framkvæmdastjóra eða ráðsmann til þess að hafa á hendi eitthvað af stjórnarstörfum, og launa honum. Einnig er stjórninni heimilt að fela peningastofnun innheimtu afborgana og vaxta. Getur félagsfundur jafnað niður kostnaði við það á félagsmenn þá, sem hús hafa fengið hjá félaginu."

Í 19. gr. segir:

„Allir þeir samningar, sem stjórnin gerir fyrir hönd félagsins samkvæmt samþykktum þessum eða fundarályktunum í félaginu, eru bindandi fyrir félagsheildina og hvern einstakan félagsmann. Stjórnendur þrír saman skuldbinda félagið. Stjórnin ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi."

Í 20. gr. samþykktanna eru ákvæði um endurskoðendur. Segir þar:

„Hver aðalfundur kýs einn endurskoðanda og annan til vara. Skulu þeir vera félagsmenn. Kjörtímabil þeirra er tvö ár. Fjármálaráðherra skipar einn endurskoðanda. Skylt er að senda fjármálaráðuneytinu samrit af aðalreikningi félagsins árlega. Félagsstjórn er heimilt að fela löggiltum endurskoðanda endurskoðun ásamt hinum stjórnskipaða og félagskjörnu endurskoðendum." Enn fremur er í greininni ákvæði um störf endurskoðenda.

III.

Það er upphaf þessa máls, að með byggingarsamningi, dags. 15. mars 1966, tók stefnandi að sér að reisa íbúð fyrir stefnda á 4. hæð til hægri í húsinu nr. 14 við Fellsmúla hér í borg. Stefndi varð þannig meðlimur í III. byggingarflokki félagsins.

Samkvæmt 1. gr. byggingarsamningsins skyldi frágangur í aðaldráttum vera þannig: „Veggir skulu vera einangraðir og múrhúðaðir með venjulegum hætti og þakið steypt. Í gluggum skal vera tvöfalt gler. Íbúðin skal tilbúin undir tréverk og málningu og allt sameiginlegt utanhúss og innan fullgert.

Allt það er BSAB tekur að sér að gera samkvæmt þessu, skal gert í samræmi við uppdrætti og verklýsingar Þorvalds Kristmundssonar, arkitekts, og Sigurðar Thoroddsen, verkfræðings."

Í 2. gr. samningsins segir:

„BSAB tekur einnig að sér að þekja lóð hússins, þ. e. rykbinda

hana, ganga frá barnaleikvelli, gangstéttum, bílageymslum, bílastæðum o. s. frv., svo og að kaupa venjuleg leiktæki á barnaleikvöll, ef meiri hluti manna í þessum byggingarflokki óskar þess, þ. e. 21 af 40 hið fæsta, en gera verður þá sérstaka skrá um fyrirkomulag á greiðslum í viðbót við ákvæði 5. gr. þessa samnings."

Í 3. gr. segir:

„Verkið er unnið að öllu leyti fyrir kostnaðarverð, þ. e. án allrar álagningar af hálfu BSAB eða annarra, þó þannig að sameiginlegur kostnaður, svo sem uppdrættir allir, umsjónarlaun, samningagerðir, útboðskostnaður, eftirlit, efnisaðdrættir og útveganir og annar óumflýjanlegur kostnaður vegna byggingarflokksins, jafnast niður á byggingarflokkinn í heild í réttum hlutföllum, þ. á m. íbúð undirritaðs miðað við verðmæti hennar."

Þá segir í 4. gr. samningsins:

„Verð íbúðar meðundirritaðs félagsmanns skal miðast við hlutfallslega stærð hennar, þ. e. skiptilega og óskiptilega sameign hans í fasteigninni allri sbr. lög nr. 19 24. apríl 1959 um sameign fjölbýlishúsa."

Í 5. gr. eru ákvæði um tilhögun greiðslna stefnda til stefnanda, og segir þar:

„Undirritaður byggingarfélagi III. byggingarflokks hagar greiðslum sínum til stjórnar BSAB í sambandi við ofangreindar framkvæmdir sem hér segir:

1. Hann greiðir við undirskrift þessa samnings framlag sem svarar kr. 1.000.00 pr. m² í eignarhluta sínum í húsinu — 148.000.00
2. Hann greiðir miðað við einstaka áfanga verks þessa samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar vegna skuldbindingar hennar, svo og á grundvelli hinnar samþykktu kostnaðaráætlunar:
   a. 15. maí 1966 — 67.000.00
   b. 15. júlí — — 67.000.00
   c. 15. sept. — — 67.000.00
   d. 15. nóv. — — 67.000.00 — 416.000.00
   e. Gler og útihurðir
   f. Hita- og raflagnir
   g. Múrhúðun á íbúð
   h. Frágangur á sameign
3. Hugsanlegar eftirstöðvar af kostnað-

arverði íbúðarinnar með tilheyrandi, samkvæmt samningi þessum greiðast eftir nánari ákvörðun félagsstjórnar

Samtals "

Í 6. gr. samningsins segir: „Félagar byggingarflokksins geta kosið úr sínum hópi þrjá menn til þess að fylgjast sérstaklega með öllum fjárreiðum byggingarflokksins, auk hinnar venjulegu árlegu endurskoðunar, enda er stjórn BSAB skylt að halda saman öllum fylgiskjölum, þar til slík sérstök endurskoðun hefur farið fram, eða menn hafa í orði eða verki afsalað sér rétti til hennar."

Kröfur sínar í málinu byggir stefnandi á framlögðum viðskiptareikningi stefnda hjá stefnanda. Viðskiptareikningur þessi er svohljóðandi:

„Byggingasamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni.

Ármann Magnússon — Viðskiptareikningur
Fellsmúla 14, R. — Reykjavík, 24. 9. 1969.

Ár	D	M		Debet	Kredit
66	15	3	Pro: Innb. m/peningum		123.000.00
—	16	5	— do do		67.000.00
—	18	7	— do do		67.000.00
—	1	1	— do do		25.000.00
—	15	9	— do do		67.000.00
—	21	11	— do do		67.000.00
67	2	3	— do do		70.000.00
—	3	4	— do do		60.000.00
—	3	5	— do do		70.000.00
—	15	5	An: Vextir til BSAB	1.000.00	
—	6	6	Pro: Innb. m/peningum		60.000.00
—	4	7	— do do		60.000.00
—	2	8	— do do		60.000.00
—	2	10	— do do		67.000.00
—	12	10	Hreinlætistæki	16.364.00	332.00
68	3	4	Pro: Innb. m/peningum		32.000.00
—	1	5	An: Vextir til BSAB	1.176.45	
—	31	12	— do do	2.686.95	
69	1	1	3.505% af ósundurl. byggingak.	929.829.50	

69	1	1	do	af lóðarstandsetn.	27.230.50	
—	1	1	An:	Tenging á hreinlætis-tækjum	5.371.02	
—	1	1	—	Jólasería	617.00	
					984.275.42	895.332.00
				Skuldaður mismunur		88.943.42
				Samtals kr.	984.275.42	984.275.42“

IV.

Stefnandi rökstyður reikning þennan svo, að íbúð stefnda sé talin vera 3.505% af fasteigninni Fellsmúla 14-22, og eigi hann því að greiða sameiginlegan byggingarkostnað í þessu hlutfalli samkvæmt 4. gr. byggingarsamningsins. Sameiginlegur byggingarkostnaður hafi um áramótin 1968/1969 numið kr. 26.528.659.20 og hlutur stefnda hafi því numið kr. 929.829.50. Að auki hafi ýmislegt verið framkvæmt, sem ekki hafi beinlínis fallið undir byggingarsamninginn, sem stefndi hafi átt að greiða eftir reikningi, en þar sé um að ræða hreinlætistæki kr. 16.364, standsetningu lóðar kr. 27.230, tengingu hreinlætistækja kr. 5.371 og jólatrésseríu kr. 617. Þá hafi vextir til 31. desember 1968 vegna vangoldinna framlaga verið færðir inn á viðskiptareikning stefnda og nemi þeir samtals kr. 4.863.50. Samtals nemi þessar fjárhæðir kr. 984.275.42. Stefndi hafi aftur á móti aðeins greitt kr. 895.332.00, þannig að eftir standi stefnufjárhæðin, kr. 88.943.42. Hér sé þó ekki um endanlegt uppgjör að ræða, þar sem unnið hafi verið við bygginguna bæði árið 1969 og árið 1970. Áskilinn sé því réttur til að framhaldsstefna í málinu. Það hefur þó ekki verið gert.

Í þinghaldi þann 22. janúar sl. óskaði formaður dómsins eftir því við lögmann stefnanda, að hann upplýsti, hvort upphæð sú, sem stefndi er sóttur um í máli þessu, byggðist á endurskoðuðum, samþykktum heildarbyggingarreikningum. Lögmaðurinn kvað svo vera og vitnaði í því sambandi til dskj. nr. 33, sem hann kvað byggjast á endurskoðun félagskjörinna endurskoðenda og vera úr skýrslu fyrir árið 1968. Mismun þann, sem kemur fram á því dómsskjali og á dskj. nr. 5, sem ber yfirskriftina byggingarreikningur Fellsmúla 14-22, skýrir hann svo, að liðir nr. 53 og 54 á dskj. nr. 5 séu ekki teknir með á byggingarkostnaði í dskj. nr. 33, þar sem þeir séu fyrir utan byggingarsamninginn, sbr. dskj.

nr. 3, og greiddir eftir reikningum þeirra aðilja, sem þær framkvæmdir unnu. Þá lýsti lögmaðurinn því yfir, að heildarreikningur varðandi stefnda lægi ekki fyrir. Framkvæmdum við Fellsmúla 14-22 sé að fullu lokið, en eftir sé að skipta byggingarkostnaði, sem á féll árið 1969, en hlutur stefnda sé þar kr. 3.326.40. Í því sambandi vitnaði hann til dskj. nr. 35, bls. 29-30, en þar eigi að koma fram byggingarkostnaður ársins 1969. Þá lýsti lögmaður stefnanda því yfir, að innborgun stefnda, eins og henni er lýst á dskj. nr. 33, sé þannig fundin, að talan eigi að sýna stöðu hans gagnvart félaginu, eftir að frá hafi verið dregnir vextir og greiðsla vegna hreinlætistækja. Hvorki vextirnir né greiðslan vegna hreinlætistækjanna séu inni í heildarbyggingarkostnaði, sbr. dskj. nr. 33. Heildargreiðsla stefnda komi aftur á móti fram á dskj. nr. 4, þ. e. viðskiptareikningi stefnda hjá stefnanda, sem áður hefur verið rakinn. Lögmenn aðilja voru sammála um, að áfallnir vanskilavextir miðað við 31. desember 1968 hefðu numið kr. 357.431.26 og hafi hlutur stefnda numið kr. 4.836.39. Þá hefur lögmaður stefnanda lýst því yfir að gefnu tilefni frá dómaranum, að stefndi sé ekki í neinum lánaflokki. Aðrir byggjendur Fellsmúla 14-22 séu í mörgum lánaflokkum, ef þeir hafi fengið ríkistryggð lán. Með þeim séu í lánaflokki t. d. byggjendur að Hrísateigi og Kóngsbakka. Hann vitnar í því sambandi til dskj. nr. 35, bls. 40-42. Lögmaður stefnda kvaðst ekki bera brigður á það, að stefndi væri ekki í lánaflokki, en hann væri í byggingarflokki.

V.

Auk þess að krefjast framlagningar ýmissa skjala, eins og áður hefur fram komið, og að ekki aðrir en byggjendur í III. byggingarflokki BSAB greiði atkvæði um reikninga vegna þess byggingarflokks hefur stefndi í greinargerð sinni dregið fram nokkrar málsástæður. Til stuðnings þeirri málsástæðu sinni, að aðeins byggjendur í III. byggingarflokki BSAB eigi að greiða atkvæði um reikninga þess byggingarflokks, vísar hann í bréf fjármálaráðuneytisins frá 11. júní 1969. Í tilvitnuðu bréfi ráðuneytisins, sem stílað er til herra fulltrúa Unndórs Jónssonar c/o Ríkisendurskoðun, Laugavegi 105, Reykjavík, segir m. a.: „Út af bréfi yðar, dags. í dag, varðandi fjármál byggingarflokka (lánaflokka) í byggingarsamvinnufélögum vill ráðuneytið taka fram, að í næst síðustu málsgrein 15. gr. laga nr. 36/1957 (þannig. Á líkl. að vera 1952) segir, „að lántökur þeirra séu með samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán í þeim flokki.“ Því telur ráðuneytið ótví-

rætt skv. lögum, að fjárreiðum slíkra flokka beri að halda algjörlega aðgreindum. . . . "

Önnur rök stefnda eru þau, að hann ber brigður á, að eignarhlutföll sín í fasteigninni Fellsmúla 14-22 séu rétt útreiknuð. Segir hann, að eigendur að húsinu nr. 14 hafi samþykkt að fá Gunngeir Pétursson hjá borgarverkfræðingi til að reikna út rétt eignarhlutföll og telji Gunngeir í sínum útreikningi, að stefndi eigi 3.431% af eigninni. Telur stefndi, að leggja beri útreikninga nefnds Gunngeirs til grundvallar, þegar hluti hans er útreiknaður. Útreikningur Gunngeirs Péturssonar hefur verið lagður fram. Gunngeir Pétursson hefur komið fyrir dóminn og sagði þá, að tvö sjónarmið væru uppi um það, hvernig ætti að reikna eignaskipti í sambýlishúsum. Annars vegar að miða eingöngu við nettóflatarmál íbúðar og skiptist sameign þá í þeim hlutföllum. Hins vegar að taka flatarmál íbúðar og skipta allri sameign jafnt. Aðferðin, sem íslenski staðallinn geri ráð fyrir og hann kveðst reikna eftir, sé í því fólginn að fara einhvern milliveg, þannig að tekinn sé viss hluti sameignar og skipt jafnt á milli íbúða. Hinum hluta sameignar sé þá skipt eftir eignarhlutföllum. Hann sagði, að þeir hlutar sameignar, sem jafnt væri skipt, væru t. d. þvottahús, hjólhestageymsla og sameiginlegt þurrkherbergi, ef það væri til staðar. Óumdeilt er, að útreikningar stefnanda eru byggðir á þeirri aðferð að miða við flatarmál íbúðar og skipta allri sameign í þeim hlutföllum.

Þá hefur stefndi haldið fram, að ósamræmi sé milli viðskiptareiknings hans hjá stefnanda og yfirlits Ragnars H. Magnússonar, löggilts endurskoðanda, sem hann hefur lagt fram. Samkvæmt viðskiptareikningnum séu greiðslur stefnda til stefnanda kr. 895.332.00, en á yfirlitinu kr. 874.104.60. Báðar tölurnar séu miðaðar við 31. desember 1968.

Þá sé kostnaður vegna raflagna í blokkina, bæði efni og vinna, samkvæmt yfirliti endurskoðandans kr. 1.679.269.17, en samkvæmt ársskýrslu, sem gefin sé út prentuð af stefnanda í maí 1970, sé kostnaðurinn kr. 1.838.401.71, en kostnaður af sama verki samkvæmt reikningi til stefnda kr. 1.900.306.08.

Kostnaður vegna lóðarframkvæmda sunnan við húsin sé sagður vera á reikningum, sem viðskiptareikningur stefnda er miðaður við, 776.906.40, en sami kostnaður sé í ársskýrslu stefnanda talinn 721.750.00.

Endurskoðun sú, er Ragnar H. Magnússon hafi látið fara frá sér þann 26. febrúar 1969, sé miðuð við 31. desember 1968, þ. e.

þegar stefnandi hafi verið hættur byggingarframkvæmdum, þá sé allur byggingarkostnaðurinn orðinn kr. 29.597.353.13. Stefnandi hafi sent frá sér yfirlit þann 27. febrúar 1969, sem fjalli um sömu framkvæmdir miðaðar við 31. desember 1968, en hjá honum sé byggingarkostnaðurinn kr. 30.798.599.04. Á yfirliti því, sem viðskiptareikningur stefnda sé miðaður við, sé kostnaðurinn aftur á móti kr. 31.072.956.71.

Þá heldur stefndi því fram, að samkvæmt byggingarsamningi hafi stefnandi átt að sjá um lóðarframkvæmdir, ef einfaldur meiri hluti íbúðareigenda samþykkti það. Að sjálfsögðu hafi þá átt að halda fund með öllum eigendum og leggja fyrir fundinn greiðslufyrirkomulag og reikninga svo og hafi átt að leita tilboða. Þetta hafi ekki verið gert, heldur hafi framkvæmdastjórinn Óskar Jónsson farið á milli manna og fengið þá til að samþykkja, að lóðarframkvæmdir hæfust. Óskar hafi sagt, að kostnaður við verk þetta yrði kr. 450.000.00. Hann hafi síðan látið hefja lóðarframkvæmdir og muni hafa notað til þess fé, sem renna átti til byggingarinnar. Ekkert greiðsluplan hafi verið gert, eins og samningurinn hafi þó gert ráð fyrir.

Þá heldur stefndi því fram, að þann 23. janúar 1969 hafi eigendur hússins nr. 14-22 skrifað stjórn stefnanda bréf, þar sem þeir lýsi því yfir, að þeir vilji ekki, að stefnandi haldi áfram byggingarframkvæmdum og muni ekki greiða frekari reikninga, fyrr en rétt endurskoðun hafi átt sér stað, þ. e. í samráði við trúnaðarmenn byggingarflokksins, sbr. 6. gr. byggingarsamningsins, og banni þeir í bréfinu að binda byggingarflokkinn fjárskuldbindingum.

Þá segir stefndi, að hann hafi ásamt Ólafi Helgasyni og Magnúsi Nordahl verið kosinn í trúnaðarmannaráð til þess að hafa eftirlit með öllum fjárreiðum byggingarflokksins, sbr. 6. gr. byggingarsamningsins, og hafi stefnandi átt að halda saman öllum fylgiskjölum og veita þeim aðgang að þeim. Trúnaðarmannaráð og endurskoðendur hafi lagt fyrir stefnanda að leita tilboða í öll hin stærri verk við bygginguna til þess að fá sem hagstæðust kjör, en trúnaðarmannaráðinu hafi eigi tekist að fá að skoða tilboð, sem kunni að hafa verið gert í hina ýmsu þætti byggingarinnar. Stefndi krefst því, að upplýst sé í réttinum, hvaða þættir byggingarinnar hafi verið boðnir út og hvaða tilboð hafi borist og þau lögð fram í réttinum ásamt nákvæmum skýringum. Sérstaklega krefst hann skýringa á steinsteypu, steypujárni, gluggum og svalahurðum, jólatrésseríu, lóðarframkvæmdum, gleri,

pússningaframkvæmdum, hreinlætistækjum, hurðum í sameign, póstkassa og handriði. Þá krefst hann sömu upplýsinga um mótauppslátt. Þá er krafist skýringa á opinberum gjöldum.

Þá krefst stefndi framlagningar bankareikninga varðandi byggginguna fyrir árin 1965, 1966, 1967 og 1968 svo og upplýsinga um, við hvaða banka hafi verið skipt, hvort vexti hafi þurft að greiða og ef svo sé, framlagningu yfirlits um þá sundurliðað. Hafi þurft að greiða vexti og sé um vaxtatekjur að ræða, hvort þær eigi ekki að renna til III. byggingarflokks sjálfs.

Þá krefst stefndi upplýsinga um, hvað orðið hafi af efni og öðrum hlutum, sem keyptir hafi verið til byggingarinnar, eða hvar þeir séu niður komnir. Þá heldur hann því fram, að steinhúðun utanhúss hafi reynst gölluð og sé hann krafinn um sinn hluta af því gallaða verki.

VI.

Með athugasemdum stjórnar BSAB, sem fram voru lagðar í réttinum 7. mars 1972, er ýmsum af aðfinnslum stefnda svarað. Þá voru einnig lögð fram ýmis þau skjöl, sem stefndi hafði beðið um. Segir þar m. a., að samkvæmt 6. gr. byggingarsamningsins eigi byggingarflokkurinn að kjósa 3 menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með fjárreiðum byggingarinnar. Þeir hafi ekki getað fyrirskipað stjórnendum félagsins ákveðinn hátt framkvæmda. Allan byggingartímann og allt þar til þeir hófu málaferli gegn félaginu vegna vaxta af vangreiddum byggingarframlögum hafi þeir haft aðgang að öllum fylgiskjölum og bókhaldi byggingarinnar á skrifstofu félagsins og þannig getað fylgst með framgangi mála. Þeir hafi engar athugasemdir gert á þeim tíma.

Varðandi misræmi það, sem talað er um í greinargerð stefnda á heildarbyggingarkostnaði og innborgunum stefnda hjá félaginu annars vegar og á greiðsluyfirliti Ragnars Á. Magnússonar hins vegar tekur stjórnin fram, að þetta tvennt sé ekki miðað við sama tíma. Reikningur félagsins sé gefinn út 24. september 1969, en yfirlitið sé miðað við áramót 1968-69. Samanburður við áramótayfirlit félagsins sé heldur ekki raunhæfur, þar sem endurskoðun eigi þá eftir að fara fram og ýmsar leiðréttingar hennar vegna, enn fremur geti verið um ógreidda reikninga að ræða.

VII.

Komið hefur fyrir dóminn Guðmundur Óskar Jónsson, framkvæmdastjóri stefnanda. Hann skýrði svo frá, að reikningum III.

byggingarflokks væri haldið aðgreindum frá öðrum reikningum BSAB. Hann sagði, að bankareikningar væru sameiginlegir fyrir félagið í heild. Hann sagði, að í raun og veru hefði enginn greitt atkvæði um málefni III. byggingarflokks BSAB. Félagið geri samning við hvern og einn íbúðarkaupanda, en ekki við þá sem heild. Hann kvað fund ekki hafa verið haldinn í III. byggingarflokki um reikningana, en þrír fundir a. m. k. hafi verið haldnir sem kynningarfundir. Slíkir fundir geti tekið ákvarðanir um framkvæmdir, sem séu utan samnings þess, sem gerður hafi verið við hvern og einn íbúðareiganda. Hver og einn geti neitað viðbót við sinn samning, nema það sé tekið fram í samningnum sjálfum. BSAB haldi ekki fundi um reikninga fyrir hvern byggingarflokk.

Þá skýrði hann svo frá, að sjá mætti, hvernig vextir, sem stefndi er skuldfærður fyrir, væru reiknaðir með því að bera saman viðskiptareikning hans og samninginn. Vextir hafi ekki verið reiknaðir íbúðarkaupendum af upphæðum, sem þeir greiddu samkvæmt samningnum, áður en til byggingarframkvæmda kom, en ef þeir greiddu of mikið miðað við samninginn, hafi sömu vextir verið reiknaðir af umframfjárhæðinni eins og þeim sé reiknað af þeim fjárhæðum, sem þeir eigi ógoldnar. Vextir þeir, sem stefnda séu reiknaðir á viðskiptareikningi hans, séu af upphæðum, sem hafi fasta gjalddaga samkvæmt samningnum. Hann sagði, að vaxtatekjur væru hvergi færðar á III. byggingarflokk.

Enn fremur skýrði hann svo frá, að lítið hefði verið unnið eftir tilboðum, en sagði trúnaðarmenn III. byggingarflokks eða einhverja þeirra hafa verið viðstadda, þegar tilboð voru opnuð í rafverk. Hann kvað stjórn félagsins taka allar ákvarðanir um framkvæmdir. Ekki væri kosin sérstök stjórn fyrir hvern byggingarflokk. Nú sé það komið í lög hjá þeim, að þegar þeir hafi lokið framkvæmdum, sé kosin stjórn fyrir hverja deild, sem þeir skili framkvæmdunum svo til. Hann var að því spurður, hvort tilboða hefði verið leitað í fleiri verk en raflögn. Kvað hann tilboða hafa verið leitað í steypuefni, gluggasmíði, útihurðir sér og innihurðir svo og lóð. Frágangur utanhúss hafi verið tekinn á föstu verði, sem var tilboðsverð, en um fleiri aðilja muni ekki þar hafa verið að ræða. Þá sagði hann aðspurður af lögmanni stefnda, að eins og stefndi vissi, þá hefði afgangur af byggingarefni verið færður yfir á annan byggingarflokk. Í bókhaldi sé þetta fært til lækkunar á byggingarkostnaði í III. byggingarflokki. Hann skýrði svo frá, að það hefði ekki komið fyrir, að greitt hefði verið meira fyrir verk en samningur sagði til um, nema því aðeins að um aukið

verk hefði verið að ræða eða samið hefði verið fyrirfram um hækkanir.

Þá skýrði hann enn frá því, að á aðalfundi félagsins væru greidd atkvæði um heildarreikninga félagsins. Í þeim reikningum væri fólgin staða hvers byggingarflokks fyrir sig. Kom það fram hjá honum, að á þann fund gætu komið menn, sem ekki væru félagar að byggingarframkvæmdum.

Sigurður Flosason, formaður stjórnar BSAB, hefur komið fyrir dóminn og staðfest skýrslur, sem fyrir liggja í málinu. Ekki þykir ástæða til að taka hér sérstaklega upp úr framburði hans.

Stefndi, Ármann Magnússon, hefur komið fyrir dóm. Hann staðfesti þar aðiljaskýrslur, sem hann hefur látið leggja fram. Hann skýrði svo frá, að hann hefði verið kosinn trúnaðarmaður og endurskoðandi III. byggingarflokks BSAB á fundi byggjenda í flokknum. Hann vitnaði til 6. gr. byggingarsamningsins um það, hvert væri hlutverk trúnaðarmanna. Hann kvað fund þennan hafa verið haldinn um svipað leyti og framkvæmdir hófust. Þeir trúnaðarmennirnir hefðu sinnt störfum sínum á þann hátt að fara á vinnustaðinn og fylgjast með vinnubrögðum. Einnig hefði framkvæmdastjóri BSAB skýrt þeim frá verksamningum, eftir að þeir hefðu verið gerðir. Hann kvað þá ekki hafa haft aðgang að reikningum, fyrr en að verkinu loknu. Hann kvaðst ekki muna til þess, að þeir hreyfðu andmælum gegn því, við hverja verktaka væri samið, meðan á byggingarframkvæmdum stóð. Hann tók það fram, að framkvæmdastjórinn hefði skýrt þeim frá því, að aðeins tveir hefðu gert tilboð í rafverk og þar af hefði annar ekki haft réttindi, þannig að aðeins hefði verið við einn að semja, Jón Guðjónsson rafvirkja. Hann kvað þá hafa tekið það skýrt fram við framkvæmdastjórann, áður en til verksins kom, að þeir vildu, að verkin væru boðin út og sem ítarlegastar verklýsingar gerðar. Hann var að því spurður, hvort trúnaðarmennirnir hefðu nokkurn tíma verið formlega kallaðir til að vera viðstaddir opnun tilboða. Kvað hann svo ekki vera. Hann var að því spurður, hvort trúnaðarmönnunum hefði nokkurn tíma verið sýndir reikningar, meðan á verkinu stóð, svo sem tilboð og reikningar fyrir einstaka verkþætti. Hann svaraði þessu neitandi. Hann sagði, að þeim hefði verið fyllilega gefið í skyn, að sá samningur, sem þeir höfðu gert við BSAB, mundi standast og þeir þyrftu ekki að greiða meira en í honum fælist. Það hefði hins vegar komið í ljós, þegar þeim var sendur reikningur, dags. 12. júní 1968, að um viðbótargreiðslur mundi vera að ræða. Á fundi á Hótel Sögu í október það sama

ár hefði verið samþykkt, að endurskoðun samkvæmt 6. gr. samningsins færi fram. Á þeim fundi hefðu verið viðstaddir 30 af meðlimum byggingarflokksins.

Þá hefur komið fyrir dóminn Jón Guðjónsson rafvélameistari. Hann skýrði svo frá, að fyrirtæki hans, Raflagnir og vindingar, hefðu gert samning við BSAB um raflagnir byggingarinnar að Fellsmúla 14-22. Raflagnirnar hefðu verið unnar samkvæmt tilboði eða samningi, alla vega hafi verið um fasta upphæð að ræða. Hann kvað sig minna, að til viðbótar þessari föstu upphæð hafi komið verðhækkanir á tímabilinu og hækkanir vegna breytinga og aukaverka. Eitthvað af breytingunum hafi hann innheimt sérstaklega hjá íbúðaeigendum. Hann tók fram, að hann teldi sig hafa skýrt út breytingar og hækkanir á þeim reikningum, sem fyrir lægju hjá BSAB.

Þá kom fyrir dóminn Hallvarður Sigurður Guðlaugsson, en hann var byggingameistari að byggingu BSAB að Fellsmúla 14-22. Ekki þykir ástæða til að rekja hér framburð hans.

Þá hafa komið fyrir dóminn Gústaf Ófeigsson bifreiðarstjóri og Magnús B. Norðdahl bifreiðarstjóri. Varða framburðir þeirra framkvæmdir lóðar.

Þá hefur komið fyrir dóminn Unndór Jónsson fulltrúi. Hann skýrði svo frá, að hann hefði verið tilnefndur af fjármálaráðuneytinu sem endurskoðandi fyrir nokkur byggingarsamvinnufélög, þar á meðal stefnanda. Fyrir honum var lesið bréfið á dskj. nr. 16, þ. e. bréf, sem stílað er til hans frá fjármálaráðuneytinu. Hann var síðan spurður að því, hvort fjárreiðum III. byggingarflokks BSAB hefði verið haldið algerlega aðgreindum. Hann svaraði því neitandi, þ. e. ekki að því leyti, að rentur, sem félaginu hafi áskotnast vegna dráttar á greiðslum einstakra byggjenda, hafi verið teknar til félagsins sjálfs, en ekki látnar renna til byggingarflokksins. Hann kvaðst telja þetta rangt og kvaðst hafa skrifað félaginu bréf um það. Að öðru leyti hafi fjárreiðum byggingarflokksins verið haldið aðgreindum, eftir því sem hann best viti. Hann sagði hlutverk sitt sem endurskoðanda vera að sjá til þess, að greitt væri af lánum á réttum tíma, svo að ekki söfnuðust fyrir óeðlilegar vangreiddar skuldir. Þá ætti hann að hafa eftirlit með þeim sjóðum, sem félögin hafi myndað, svo og að sinna kvörtunum og reyna að jafna þær deilur, sem upp komi. Hann kvaðst hafa framkvæmt þá endurskoðun á fjárreiðum BSAB, sem tilheyri hans hlutverki. Hann kvaðst eitt árið hafa gert athugasemd um meðferð dráttarvaxta, svo sem áður greinir. Hann kvaðst

þann 5. mars 1969 hafa haldið fund með stjórn BSAB og trúnaðarmönnum III. byggingarflokks til þess að jafna ágreining, sem upp hafi komið. Fundur þessi hafi orðið árangurslaus. Ágreiningurinn hafi verið sá, að trúnaðarmennirnir vildu fá að sjá þau skjöl og gögn yfir byggingarflokkinn, sem þeir töldu sig ekki hafa fengið að sjá. Stjórn BSAB hafi haldið því fram, að þessi atriði kæmu fram í bókhaldinu, og kvaðst vitnið þá ekki hafa skilið, hvers vegna þyrfti að biðja um þessar upplýsingar. Þá taldi hann, að lánaflokkur yrði að tilheyra ákveðnum byggingarflokki, og að eftir hans skilningi gæti t. d. byggjandi í Fellsmúla ekki verið í sama lánaflokki og byggjandi í Kóngsbakka.

Þá hefur verið lagt fram vottorð Gunnars R. Magnússonar, löggilts endurskoðanda, sem hefur verið tekið gilt sem staðfest fyrir dómi. Vottorð þetta hljóðar svo:

„Reykjavík 14. nóvember 1972.

Það vottast hér með, að stjórn Byggingarsamvinnufélags atvinnubifreiðastjóra fór þess á leit við mig, að ég endurskoðaði (tölulega) bókhald félagsins fyrir árið 1968. Beiðni þessi er dagsett 29. maí 1969. Fram að þessum tíma hafði ég ekki annast tölulega endurskoðun fyrir félagið, hins vegar samdi ég ársreikninga félagsins fyrir árið 1967, án tölulegrar endurskoðunar, en sú endurskoðun hafði verið framkvæmd af félagskjörnum endurskoðendum."

VIII.

Um gang máls þessa.

Formaður dómsins fékk mál þetta fyrst til meðferðar í desember 1971. Hafði það þá verið látið bíða hjá dómstólnum, þar sem annað mál, sem talið var skipta máli um úrslit þess, hafði verið hér til meðferðar. Mál það varðaði deilur hluta byggjenda í III. byggingarflokki og BSAB um færslu vaxta, og lauk því með frávísun. Þann 16. desember 1971 féll stefndi frá frávísunarkröfu, sem hann hafði upphaflega gert, og fékk frest með samþykki stefnanda til 25. janúar 1972 til að gagnstefna í málinu. Þann dag fékk lögmaður stefnda með samþykki lögmanns stefnanda frekari frest til að skila greinargerð til 8. febrúar 1972. Þann dag skilaði stefndi greinargerð og fylgiskjölum, og var sátt reynd án árangurs. Síðan var málinu frestað til gagnaöflunar til 7. mars 1972. Þann dag lagði lögmaður stefnanda fram ýmis skjöl og gögn, er stefndi hafði heimtað úr hans hendi, svo og skýringar við málsástæðum stefnda. Málinu var síðan frestað til aðiljayfirheyrslu og gagnaöflunar til 15. mars 1972.

I þinghaldi þann dag varð samkomulag með aðiljum um það, að trúnaðarmenn III. byggingarflokks BSAB kæmu á skrifstofu félagsins ásamt löggiltum endurskoðanda og fengju þar aðgang að öllum tilboðum, útboðsgögnum og skjölum varðandi byggingarflokkinn. Málinu var í þessu skyni frestað til 17. apríl 1972.

Í þinghaldi 17. apríl 1972 beindi dómarinn því til stefnda, að honum væri gefinn kostur á að fá dómkvadda matsmenn til að yfirfara reikninga III. byggingarflokks byggingarframkvæmda BSAB. Hvort þeir ættu við flokkinn og hver væri eftir þá yfirferð réttilegur byggingarkostnaður. Teldi stefndi sér fært að undanskilja einhverja ákveðna verkþætti, þá kæmi greinilega fram, hverjir þeir væru, og yrði matsbeiðnin þá í þáttum, þar sem hver verkþáttanna væri talinn sér.

Þá voru í þinghaldi þessu lagðar fram skýrslur stjórnar BSAB vegna heimsókna Ármanns Magnússonar, Ólafs Helgasonar og Magnúsar Nordahls, trúnaðarmanna III. byggingarflokks BSAB, á skrifstofur félagsins í samræmi við samkomulagið frá 15. mars 1972 (sjá dómsskj. 50-51). Kemur þar fram, að trúnaðarmennirnir höfðu ekki löggiltan endurskoðanda með sér. Málinu var síðan frestað til 15. maí s. á. Þá var því frestað aftur til 26. maí s. á. Í því þinghaldi lýsti lögmaður stefnda því yfir, að af hálfu hans væri þess að svo stöddu ekki óskað, að dómkvaddir yrðu matsmenn, sbr. þinghaldið 17. apríl. Málinu var síðan frestað til 20. júní s. á. Í því þinghaldi kom Gunngeir Pétursson skrifstofustjóri fyrir dóminn, og var málinu þá frestað enn á ný til gagnaöflunar til 8. september s. á. Fóru þá aðiljayfirheyrslur fram. Var málinu síðan frestað til vitnaleiðslu og frekari gagnaöflunar til föstudagsins 29. september s. á., og lýsti lögmaður stefnanda því jafnframt yfir, að hann mundi ekki samþykkja frekari frest til öflunar gagna í málinu.

Í þessu þinghaldi kom fram hjá stefnda, að endurskoðun, sem um var samið í þinghaldi 15. mars 1972, væri enn ekki lokið. Hann sagði, að þeir hefðu í sumar unnið að því að safna reikningum frá þeim fyrirtækjum, sem unnu fyrir III. byggingarflokk, til þess að bera þá saman við reikninga þá, er kæmu fram hjá félaginu.

Í þinghaldi 29. september sl. kom fyrir dóminn Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri Steypustöðvarinnar h/f. Aðspurður af lögmanni stefnanda kvað hann sig minna, að Steypustöðin h/f hefði gert tilboð í steypuna í Fellsmúla 14-22. Hann kvaðst ekki muna, hvað tilboðið hefði hljóðað upp á. Lögmaður stefnda kvaðst

þá skora á vitnið að leggja fram reikninga yfir verkið og tilboðið. Lögmaður stefnda upplýsti, að tilgangur þess að fá fram reikningana og tilboð Steypustöðvarinnar h/f væri að fá fram samanburð við reikninga stefnanda. Lögmaður stefnanda kvaðst mótmæla áskorun lögmanns stefnda. Kvaðst hann mótmæla áskoruninni á þeim forsendum, að öll skjöl varðandi viðskipti BSAB við Steypustöðina væru í bókhaldi félagsins, sem stefndi hafi haft aðgang að, og ekkert væri fram komið í málinu, sem gert hefði þau tortryggileg.

Sátt tókst ekki með aðiljum um þetta ágreiningsefni, og krafðist stefndi úrskurðar um það atriði, hvort Steypustöðinni væri skylt að leggja fram ofangreinda reikninga og tilboð. Úrskurður gekk þann 17. október sl., og var hann á þá leið, að kröfu stefnda, Ármanns Magnússonar, um, að Steypustöðinni h/f væri gert skylt að leggja fram reikninga og tilboð yfir steypu í Fellsmúla 14-22, var hrundið.

Mál þetta kom svo fyrir að nýju þann 3. nóvember sl. Lagði lögmaður stefnda þar fram tvö skjöl ásamt viðfestum tilboðum og reikningum varðandi þær athugasemdir, sem í skjölunum greinir. Hann óskaði síðan eftir tíma til að leiða fyrir dóminn þá aðilja, sem gefið hafa reikninga þessa og tilboð. Síðan óskaði hann eftir því að leggja fram yfirlýsingu stefnda til skýringa á máli þessu. Lögmaður stefnanda mótmælti framlagningu skjalsins, þar sem hér væri um skriflegan málflutning að ræða, sem væri greinilegt andsvar við því, sem fram væri komið, og lægju þau atriði öll þegar fyrir, sem skýringar þessar varða. Lögmaður stefnda mótmælti athugasemd lögmanns stefnanda og kvað skjalið nauðsynlegt til upplýsingar málsins og einföldunar og krafðist úrskurðar um framlagningu skjalsins. Málið var síðan tekið til úrskurðar um, hvort leyfa skyldi framlagningu skjalsins. Með úrskurði 7. nóvember 1972 var því synjað.

Mál þetta kom næst fyrir dóminn þann 14. nóvember 1972, en því hafði verið frestað til þess dags í þinghaldi því, er ágreiningur varð um framlagningu skjalsins. Einnig hafði þá verið bókað, að lögmenn fengju tækifæri til þess þann 14. nóvember að leiða þau vitni, sem þeir óskuðu að leiða.

Í þinghaldi þessu komu fyrir dóminn Jón Guðjónsson rafvélameistari, Hallvarður Sigurður Guðlaugsson byggingameistari, Gústaf Ófeigsson bifreiðarstjóri og Magnús B. Norðdahl bifreiðarstjóri svo og Unndór Jónsson fulltrúi. Þá var í þessu þinghaldi lagt fram vottorð Gunnars R. Magnússonar, löggilts endurskoð-

anda. Þá lagði lögmaður stefnanda fram í þinghaldi þessu skjöl úr bókhaldi stefnanda sem svör við gögnum, sem lögmaður stefnda hafði lagt fram í næstu þinghöldum á undan.

Að vitnaleiðslu lokinni þennan dag óskaði lögmaður stefnda eftir tíma til að leiða fyrir dóminn Jón Einarsson, gjaldkera stefnanda, sem hann kvaðst ætla að vitnastefna svo og Ragnari H. Magnússyni endurskoðanda. Kvað hann Ragnar eiga að bera um endurskoðun þá, sem hann hafði framkvæmt. Þá óskaði stefndi jafnframt eftir tíma til að leggja fram skjöl frá Cudogler h/f. Hann kvað ekki mundu verða um fleiri skjöl eða vitni að ræða af sinni hálfu. Lögmaður stefnanda neitaði frekari fresti á þeim forsendum, að nægur tími hefði gefist til að leiða ofangreind vitni svo og að leggja fram greind skjöl. Hann kvað gagnasöfnun lokið af sinni hálfu. Lögmaður stefnda krafðist þá úrskurðar um frestbeiðni sína. Hann kvaðst þurfa vikufrest í þessu skyni. Þá lagði hann fram spurningar, sem hann ætlaði að bera upp fyrir Jóni Einarssyni. Málið var tekið til úrskurðar um frestbeiðni stefnda. Lögmaður stefnda hafði hvorki á það minnst áður, að hann óskaði eftir að leiða Ragnar H. Magnússon endurskoðanda fyrir dóminn né að leggja fram umrædd skjöl frá Cudogler h/f. Hins vegar hafði hann á það minnst í skjali því, sem hann óskaði framlagningar á í þinghaldi 3. nóvember, að hann vildi fá Jón Einarsson fyrir dóminn til þess að gefa skýringar á reikningum. Hann hafði hvorki stefnt Jóni Einarssyni né Ragnari H. Magnússyni fyrir dóminn þann 14. nóvember 1972, en þá hafði honum verið tilkynnt, að aðiljum gæfist kostur á að leiða vitni fyrir dóm. Niðurstaða þessa úrskurðar varð sú, að eins og málinu væri háttað og í samræmi við rekstur stefnda á málinu, væri ekki mögulegt að taka kröfu hans um frekari frest til greina, og var henni synjað. Gagnaöflun málsins var þar með lokið. En í þinghaldi þann 22. janúar sl. endurupptók dómarinn málið samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga 85/1936. Beindi hann ákveðnum spurningum til lögmanna og fékk upplýsingar um þær svo og tilvitnanir í áður framlögð skjöl. Þótti að því loknu málið liggja það ljóslega fyrir af hálfu stefnanda, að munnlegur flutningur mætti fara fram. Málið var síðan dómtekið í þessu þinghaldi.

IX.

Við munnlegan flutning vitnaði lögmaður stefnanda til byggingarsamningsins um skiptingu byggingarkostnaðar svo og til við-

skiptareiknings stefnda hjá stefnanda og reiknings yfir heildarkostnað við bygginguna.

Þá hélt hann því fram, að félagið hefði orðið að taka lán vegna vanskila. Hann benti á, að hvorki vaxtagjöld né vaxtatekjur væru færðar á byggingarflokkinn. Dráttarvextir væru eingöngu færðir á reikning viðkomandi manns. Vextirnir komi þannig ekki inn á heildarreikninginn.

Enn fremur hélt hann því fram, að íbúðin væri ekki afhent.

Upphæðin, sem sýnd væri á dskj. nr. 33, sýni inneign stefnda, þ. e. innborgun hans að frádregnum vöxtum og kostnaði fyrir hreinlætistæki.

Á þessum tíma hafi BSAB ekki verið skipt í deildir, en svo hafi verið gert núna, sbr. samþykktirnar. Hver byggingarflokkur sé nú sérstök deild.

Þá kom það fram hjá honum, að allt múrverk hefði verið gert upp við hvern og einn íbúðareiganda samkvæmt mælingum, og vitnaði hann í því sambandi til dskj. nr. 5.

Öllum gögnum Ragnars H. Magnússonar mótmælti stefnandi sem röngum.

Þá hélt hann því fram, að í kostnaði við raflagnir væri ekki aðeins um tilboðsupphæð að ræða. Jafnframt sagði hann, að stefndi virtist ekki skilja það, að kostnaður yrði ekki aðeins til á einu ári og gilti þetta ekki aðeins um raflagnir heldur um fleiri liði. Um lóð tæki stefndi t. d. aðeins eitt ár út úr og haldi því síðan fram, að um heildarlóðarkostnað sé að ræða. Rétt stjórnarinnar til lóðarframkvæmdanna kvað hann byggjast á 2. gr. byggingarsamningsins.

Þá skýrði hann svo frá, að óendurskoðuð yfirlit hefðu mörgum sinnum verið gefin út á tímabilinu, en aldrei hefði verið gerð krafa til þess, að greitt væri eftir þeim.

Þá skýrði hann frá því, að millifærslur til Kóngsbakka frá Fellsmúla væru gerðar á einstökum liðum, sbr. vinnuskýrslur á dskj. nr. 49 og reikninginn á dskj. nr. 5.

Við munnlegan flutning byggði lögmaður stefnda eingöngu á yfirliti yfir byggingarreikning Fellsmúla 14-22, sem hann sýndi við upphaflegan málflutning og lagði síðan fram (dómsskj. 78). Hann kvað yfirlit þetta byggt á dskj. nr. 53 í málinu. Byggingarreikningur þessi hljóðar svo:

„BYGGINGARREIKNINGUR FELLSMÚLA 14-22:

12. júní 1968.

Heildarreikningur		kr. 30.693.931.46
Viðbót		— 55.552.00
—		— 24.683.20
		Kr. 30.774.166.66
Vanreiknað múrverk og eigin vinna við íbúðir		— 112.700.00
		Kr. 30.886.866.66
— leiðréttingar á byggingarreikn. 1968	kr. 1.301.419.50	
Sama 1969	— 328.284.10	
Frádregnar hurðir í íbúðir	— 673.456.00	
Frádregin hreinlætistæki	— 306.753.00	— 2.609.912.10
		Samtals kr. 28.276.954.06
Innborgað af Árm. Magnússyni		kr. 1.008.032.00
Íbúð Ármanns, 3,431% af kr. 28.276.954.06	kr. 970.182.30	
Keypt hreinlætistæki	— 16.364.00	
Mismunur	— 21.453.70	
	Kr. 1.008.000.00	Kr. 1.008.000.00
Ofgreitt v/íbúðar		kr. 21.453.70
Ofgreitt v/lóðar		— 26.655.65
		Ofgreitt kr. 48.109.35
		48.148.35

+ 3.431% af kr. 361.325.- (vextir)
12.397.- —".

Hann kvað liðinn vanreiknað múrverk og eigin vinna við íbúðir vera byggðan á dskj. nr. 67, en þetta hefði verið greitt á ábyrgð stefnda. Leiðréttingu á byggingarreikningi 1968 kvað hann byggða á samanburði á dskj. nr. 53 og lækkun, sbr. dskj. nr. 34, bls. 4. Leiðréttingu á byggingarreikningi 1969 kvað hann byggða á dskj. nr. 33, en þar kæmi fram lækkun frá dskj. nr. 53. Innborgun stefnda væri fengin þannig, að við tölu þá, er stefnandi gæfi upp, væri bætt því, sem vanreiknað væri vegna múrverks o. fl. Reiknað á þennan hátt kæmi út, að stefndi ætti hjá stefn-

anda, en ekki öfugt. Þá byggði hann jafnframt á útreikningi Gunngeirs Péturssonar á eignarhlutföllum stefnda í blokkinni Fellsmúla 14-22. Af hálfu stefnanda var þessum útreikningum stefnda mótmælt. Því var haldið fram, að stefnandi byggði ekki kröfu sína á dskj. nr. 53, sem væri aðeins óendurskoðað byggingaryfirlit. Jafnframt að leiðréttingar á byggingarreikningunum, eins og stefndi gerði, væru byggðar á misskilningi.

X.

Álit dómsins.

Það hefur ekki sætt andmælum stefnda, að lánaflokkur og byggingarflokkur þurfi ekki að fara saman og hafi ekki hér farið saman.

Lög nr. 36/1952, 15. gr., segir, að hver lánaflokkur skuli vera sérstök deild. Slík lagafyrirmæli eru ekki til um byggingarflokka. Slík fyrirmæli um byggingarflokka eru heldur ekki í samþykktum félagsins, en aftur á móti um lánaflokka. BSAB var því ekki skylt, hvorki samkvæmt lögum né samþykktum sínum, að gera hvern byggingarflokk að sérstakri deild. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. samþykkta BSAB annast félagið byggingu húsa félagsmanna, nema stjórnin ákveði annað. Samkvæmt 19. gr. samþykktanna eru samningar, sem stjórnin gerir fyrir hönd félagsins samkvæmt samþykktunum eða fundarályktunum, bindandi fyrir hvern einstakan félagsmann. Stjórnin ber ábyrgð fyrir aðalfundi á þessum ráðstöfunum sínum. Af þessu verður ekki annað séð en að stjórn BSAB hafi verið réttur byggingaraðili að Fellsmúla 14-22. Ekki verður séð, að málsástæður stefnda hnígi í þá átt að telja framkvæmdir stjórnarinnar brjóta í bága við samþykktir eða fundarályktanir félagsins né að slíku hafi verið hreyft á aðalfundi félagsins. Í þessu ljósi þykir verða að skoða viðskipti aðilja.

Grundvöllur viðskipta þeirra er framlagður samningur þeirra um, að BSAB taki að sér að reisa íbúð fyrir stefnda, eins og nánar greinir í samningnum. Stefndi hefur dregið inn í mál þetta, að samkvæmt 6. gr. samningsins geta félagar byggingarflokksins kosið þrjá menn úr sínum hópi til að fylgjast sérstaklega með öllum fjárreiðum flokksins. Verður ekki betur séð en að hann, sem var kosinn einn af þessum mönnum, blandi saman við mál þetta, sem höfðað er á hann persónulega, ýmsum hugsanlegum skyldum stjórnar BSAB gagnvart þessum trúnaðarmönnum. Þykir af þessum ástæðum verða að fjalla nokkuð um hlutverk þessara

trúnaðarmanna. Það þykir rétt að skilja þetta samningsákvæði svo, að hér sé um eftirlitsheimild að ræða, en ekki, að menn þessir hafi getað tekið ráðin af BSAB um framkvæmdir. Af þessu þykir leiða, að byggjendur Fellsmúla 14-22 hafi verið bundnir af ákvörðunum stjórnar BSAB um þær framkvæmdir, sem felast í samningnum, og að ekki verði í máli þessu dæmt um, hvort BSAB var rétt að taka ákveðnu tilboði eða ekki né hverja skyldi fá til að annast þessar framkvæmdir. Þá þykir verða að byggja hér á því verði fyrir samningsbundnar framkvæmdir, sem stjórn BSAB greiddi fyrir þær.

Stefndi hefur ekki orðið við ábendingum dómarans um að fá til dómkvadda matsmenn til að yfirfara byggingarreikninga og segja til um, hvort upphæð sú, sem hann er um krafinn, sé í samræmi við þá. Hann hefur ásamt öðrum trúnaðarmönnum samkvæmt 6. gr. samnings hans og stefnanda í samræmi við samkomulag aðilja fyrir dóminum haft tækifæri til að yfirfara bókhald BSAB frá 15. mars 1972 og að gera það ásamt löggiltum endurskoðanda. Þeir hafa ekki lokið þessari yfirferð, og þeir hafa heldur ekki haft með sér löggiltan endurskoðanda á þessum tíma. Hins vegar hefur stefndi komið fram með nýjar fullyrðingar og krafist nýrra gagna og lagt fram gögn yfir takmarkaðan hluta byggingarkostnaðar og loks lagt fram svokallaðan byggingarreikning, reistan á óendurskoðuðu yfirliti stefnanda, sem stefndi hefur fengið sent, áður en til máls þessa kom, og sem stefnandi byggir ekki á í málinu.

Framlagningar þessar og málflutningsmáti hefur ekki sýnt heildarmynd af viðskiptum aðilja og hefur ekki verið til þess fallinn að skýra málið. Stefnandi hefur í málflutningi og með framlagningu gagna skýrt, hvernig hann finnur sínar upphæðir varðandi þessa umdeildu hluta byggingarkostnaðarins.

Bókhald stefnanda hefur verið endurskoðað, og hefur hann gert grein fyrir því, hvernig hann byggir kröfur sínar á þessu endurskoðaða bókhaldi. Þykir því, eins og málatilbúnaði stefnda er varið og þess sérstaklega, að hann hefur ekki sinnt ábendingum dómarans varðandi gagnaöflun, rétt að byggja á þeim tölum yfir byggingarkostnað, sem koma fram í endurskoðuðu bókhaldi stefnanda, og þeim skýringum, sem hann hefur gefið varðandi einstaka liði þess. Að því er varðar sérstaklega þá málsástæðu stefnda, að steinhúðun sé gölluð, þá hefur hann ekki gert ákveðna kröfu þess vegna, hvorki til skuldajafnaðar né til sjálfstæðs dóms, og verður því ekki hér dæmt um þennan meinta galla.

Að öllu þessu athuguðu þykja þær málsástæður stefnda, er hér þurfi raunverulega úrlausnar við, vera þessar:

1. Hvernig eigi að reikna út eignahlutföll, sem miða eigi við skiptingu byggingarkostnaðar.
2. Heimild stefnanda til þeirra framkvæmda, sem falla utan byggingarsamningsins:
   a. lóðarframkvæmdir,
   b. hreinlætistæki og tenging þeirra.
3. Hvernig eigi að reikna vexti:
   a. vaxtatekjur og vaxtagjöld,
   b. dráttarvexti.

1. Eignahlutföll. Samkvæmt 4. gr. samnings aðilja átti verð íbúðar stefnda að miðast við hlutfallslega stærð hennar, þ. e. skiptilega og óskiptilega sameign hans í fasteigninni allri, sbr. lög nr. 19/1959 um sameign fjölbýlishúsa. Síðari samþykktir væntanlegra íbúðareigenda þykja ekki fá þessu breytt. Ómótmælt er, að stefnandi byggi á þessari aðferð við útreikning verðs. Af þessu þykir leiða, að reikningar stefnanda verði ekki vefengdir af þessum sökum.

2. Framkvæmdir, sem falla utan byggingarsamningsins. a. Lóðarframkvæmdir. Fram er komið, að stefnandi framkvæmdi hluta lóðarstandsetningar. 2. gr. byggingarsamnings aðilja gildir um þessar framkvæmdir. Þar segir: „BSAB tekur einnig að sér að þekja lóð hússins, þ. e. rykbinda hana, ganga frá barnaleikvelli, gangstéttum, bílageymslum, bílastæðum o. s. frv., svo og að kaupa venjuleg leiktæki á barnaleikvöll, ef meiri hluti manna í þessum byggingarflokki óskar þess, þ. e. 21 af 40 í það fæsta, en gera verður þá sérstaka skrá um fyrirkomulag á greiðslum í viðbót við ákvæði 5. gr. þessa samnings."

Ómótmælt er, að meiri hluti manna í þriðja byggingarflokki samþykkti þessar lóðarframkvæmdir. Sjá og dómsskj. nr. 38. Í samningnum er ekki ákvæði, sem segir fyrir um, í hvaða formi samþykktin skuli gerð. Ósannað er, að hún hafi ekki verið fengin með eðlilegum hætti. Af þessu þykir leiða, að stefnanda hafi verið rétt að framkvæma umdeildar aðgerðir á lóðinni og að stefndi sé skyldur til að greiða sinn hluta í þeim framkvæmdum. Þessu þykir ekki eiga að breyta, að ekki hefur verið gætt ákvæða greinarinnar um sérstaka skrá um fyrirkomulag greiðslna. Um rétt verð þessara framkvæmda vísast til þess, sem segir hér að framan. b. Hreinlætistæki og tenging þeirra. Báðir þessir liðir falla utan byggingarsamnings. Ómótmælt er, að stefnandi hafi haft heimild

til þessara framkvæmda. Stefndi þykir því eiga að greiða sinn hluta af þessum framkvæmdum. Um verð þessara framkvæmda þykir mega vísa í það, sem áður segir um verð framkvæmda BSAB yfirleitt. Auk þess hefur stefnandi lagt fram sundurliðaða reikninga yfir þennan kostnað vegna íbúðar stefnda.

3. Hvernig reikna beri vexti.

Stefndi hefur krafist framlagningar bankareikninga varðandi bygginguna fyrir árin 1965, 1966, 1967, 1968 svo og við hvaða banka hafi verið skipt og hvort vexti hafi þurft að greiða. Þá hefur hann spurt, ef um vaxtatekjur hafi verið að ræða, hvort þær eigi ekki að renna til III. byggingarflokks. Jafnframt heldur hann því fram, að dráttarvextir af greiðsluframlögum íbúðareigenda eigi að renna til byggingarflokksins.

Guðmundur Óskar Jónsson, framkvæmdastjóri stefnanda, hefur skýrt svo frá, að bankareikningar séu sameiginlegir fyrir félagið í heild. Hvorki vaxtatekjur né vaxtagjöld hafi verið færð á reikning fyrir sameiginlegan byggingarkostnað.

Samkvæmt 3. gr. byggingarsamnings aðilja er byggingin að öllu leyti unnin fyrir kostnaðarverð, og samkvæmt 4. grein samþykkta stefnanda eiga vextir af stofnsjóði að leggjast við höfuðstól, en líta verður á inngreiðslur stefnda sem stofnsjóðsframlög.

Þegar þessi ákvæði, annars vegar byggingarsamningsins og hins vegar samþykktanna, eru virt, þykir stefnandi verða að reikna vexti af reikningi byggingarflokksins gagnvart félaginu, bæði gjalda- og tekjuhlið reikningsins (reikninganna), enda skal byggingarflokkurinn bera þá vexti, sem til falla hans vegna, en félagið hvorki hafa hagnað né halla af þeim vaxtareikningi.

Þar sem stefnandi þykir þannig ekki hafa gert upp vexti á réttan hátt, verður ekki séð, hvernig vaxtauppgjör aðilja stóð um áramótin 1968-1969, en við þau áramót miðar stefnandi uppgjör sitt, og þykir því með vísan til 2. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði að sýkna verði stefnda að svo stöddu af kr. 4.863.40 í vexti af ógreiddum byggingarframlögum.

Að öðru leyti þykir mega taka kröfu stefnanda til greina með vísan til 3. tl. 5. gr. byggingarsamnings aðilja, þar sem hér er ekki um endanlegt uppgjör að ræða.

Niðurstaða máls þessa er því sú, að stefndi skuli greiða stefnanda stefnufjárhæðina að frádregnum kr. 4.853.50, sem eru vextir af ógoldnum byggingarframlögum, sem færðir hafa verið inn á viðskiptareikning stefnda. Rétt þykir að taka vaxtakröfu stefnanda til greina með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðslu-

dags, enda eru reikningar miðaðir við áramót 1968-69, og innheimtubréf hefur verið sent stefnda.

Þá þykir rétt með tilliti til niðurstöðu máls þessa að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 35.000 í málskostnað. Þegar málflutningur stefnda í máli þessu er athugaður, þá þykir koma i ljós, að honum sé sérstaklega ábótavant. Er þar fyrst til að taka, að hann blandar saman hlutverki sínu sem trúnaðarmaður III. byggingarflokks BSAB og stöðu sinni sem stefndi í máli þessu. Í öðru lagi skortir mjög á, að skýrlega sé fram sett, hverjar séu hans dómkröfur, hverjar hans gagnaöflunarkröfur og hverjar séu hans málsástæður. Þá hefur hann, frá því er greinargerð hans kom fram, lagt fram fleiri en eina aðiljaskýrslu með nýjum gagnaöflunarkröfum og nýjum málsútlistunum. Þá hefur hann lagt fram reikninga, sem hljóta að teljast villandi í ljósi þess, að hann hafði aðgang að bókhaldi stefnanda. Hann hefur gert ákveðið samkomulag um, að þeir trúnaðarmenn III. byggingarflokks yfirfæru reikninga BSAB ásamt löggiltum endurskoðanda. Þessi löggilti endurskoðandi hefur ekki verið kallaður til, frá því er samkomulagið var gert, en þeir trúnaðarmennirnir dregið óhæfilega lengi að framkvæma endurskoðun sína að öðru leyti. Þá er af hans hálfu við munnlegan flutning dregið inn í málið skjal, sem hann kallar byggingarreikning Fellsmúla 14-22, sem á að vera yfirlit yfir byggingarkostnað Fellsmúla 14-22. Yfirlit þetta byggir hann á kostnaðaryfirliti, sem ekki er lagt til grundvallar í málinu. Þá leiðréttir hann í yfirlitinu byggingarreikning á þann hátt að taka eitt ár út úr og telja það heildarkostnað yfir ákveðinn kostnaðarlið byggingarinnar og krefjast lækkunar þess vegna, en taka ekki tillit til kostnaðar við þann byggingarlið á öðrum árum. Erfitt er að sjá, hvaða tilgangi þetta eigi að þjóna, öðrum en þeim að villa um fyrir dómstólnum. Þegar á allt þetta er litið, verður ekki hjá því komist að finna alvarlega að málatilbúnaði stefnda. Lögmenn voru Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður fyrir stefnanda og Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður fyrir stefnda.

Dóm þennan kvað upp Hrafn Bragason borgardómari ásamt meðdómendunum Guðmundi Skaftasyni, endurskoðanda og hæstaréttarlögmanni, og Ragnari Ingimarssyni dósent.

Dómsorð:

Stefndi, Ármann Magnússon, greiði stefnanda, Byggingarsamvinnufélagi atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og ná-

grenni (BSAB), kr. 84.079.92 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags og kr. 35.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. mars 1975.

Nr. 165/1974. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Einari Sverri Einarssyni og
(Örn Clausen hrl.)
Tryggva Rúnari Leifssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Þjófnaður. Eignaspjöll.

Dómur Hæstaréttar.

Atferli það, sem ákærða Einari Sverri Einarssyni er gefið að sök í ákæruskjali 24. ágúst 1972, er réttilega heimfært undir 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en eigandi bifreiðar þeirrar, R 13040, sem greinir í ákæruskjali 22. mars 1973, hefur gert refsikröfu á hendur ákærða Einari Sverri í máli þessu, sbr. 4. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða Einar Sverri Einarsson ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, kr. 40.000, og ákærða Tryggva Rúnar Leifsson til að greiða skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, kr. 30.000.

Þá ber að dæma ákærða Einar Sverri Einarsson einan til að greiða 2/3 hluta af öðrum áfrýjunarkostnaði sakarinnar, þar með talda 2/3 hluta saksóknarlauna til ríkissjóðs, kr. 30.000, og ákærða Tryggva Rúnar Leifsson einan til að greiða 1/3 hluta annars áfrýjunarkostnaðarins, þar með talinn 1/3 hluta saksóknarlauna til ríkissjóðs, kr. 15.000.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Einar Sverrir Einarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.

Ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.

Ákærði Einar Sverrir Einarsson greiði einn 2/3 hluta af öðrum áfrýjunarkostnaði sakarinnar, þar með talda 2/3 hluta saksóknarlauna til ríkissjóðs, kr. 30.000.

Ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson greiði einn 1/3 hluta af öðrum áfrýjunarkostnaði sakarinnar, þar með talinn 1/3 hluta saksóknarlauna til ríkissjóðs, kr. 15.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. september 1973.

Ár 1973, fimmtudaginn 20. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 404-405/1973: Ákæruvaldið gegn Einari Sverri Einarssyni og Tryggva Rúnari Leifssyni, sem tekið var til dóms 18. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjölum saksóknara ríkisins gegn ákærðu, Einari Sverri Einarssyni, Safamýri 65, Reykjavík, fæddum þar í borg 11. ágúst 1944, og Tryggva Rúnari Leifssyni, Selásbletti 14, Reykjavík, fæddum þar í borg 2. október 1951, svo sem hér greinir:

Með ákæruskjali, dagsettu 24. ágúst 1972, gegn báðum ákærðu „fyrir þjófnað með því að hafa í félagi, föstudagsmorguninn 23. júní 1972, stolið frá finnskum ferðamanni, Tage Vilhelm Jönson, sem þá bjó á Farfuglaheimilinu, Laufásvegi 41, Reykjavík, skjalatösku, sem hafði að geyma um 21.500 japönsk yen, 8 kanadiska dollara, Philips-rafmagnsrakvél, Kodak-kvikmyndatökuvél, tvær japanskar bankabækur með innstæðu, sem nam 110.000.00 japönskum yenum, eina sænska bankabók með S kr. 273.00 innstæðu og nokkrum öðrum persónulegum munum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Gegn báðum ákærðu með ákæruskjali, dagsettu 10. nóvember sama ár, „fyrir að hafa í félagi, laugardagsmorguninn 22. júlí 1972, er þeir voru staddir í íbúð að Tjarnargötu 3, Reykjavík, ásamt Jóni Helga Kristmundssyni, Fornhaga 15, Reykjavík, stolið af Jóni Helga peningaveski, sem hafði að geyma m. a. kr. 4.000.00 í peningum. Ákærðu voru handteknir á staðnum og höfðu þá falið veskið undir teppi í stofu, en tekið úr því peningana.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Með ákæruskjali, dagsettu 6. desember sama ár, gegn ákærða Tryggva Rúnari „fyrir þjófnað með því að stela, sunnudagsnóttina 1. október 1972, frá Sigurði Magnússyni, Suðurlandsbraut 73, Reykjavík, þar sem ákærði var gestkomandi umrædda nótt, um kr. 6.000.00 í peningum og strætisvagnamiðum að verðmæti kr. 3.900.00, sem hvort tveggja var geymt í læstu skrifborði, sem ákærði sprengdi upp í þessu skyni.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Með ákæruskjali, dagsettu 22. mars sl., gegn ákærða Einari Sverri „fyrir eignaspjöll með því að hafa, laugardagsnóttina 2. desember 1972, sparkað á vinstra afturbretti leigubifreiðarinnar R 13040, sem hafði þurft að stöðva á Borgartúni í Reykjavík gegnt

veitingahúsinu „Klúbbnum“, og urðu af þessu spjöll á bifreiðinni, sem áætlað er, að kosti kr. 3.500.00 að bæta úr.

Telst þetta varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Loks með ákæruskjali, dagsettu 5. júní sl., gegn ákærða Einari Sverri „fyrir að brjótast í þjófnaðarskyni, þriðjudagsnóttina 13. mars 1973, inn í Lyfjabúð Breiðholts við Arnarbakka í Reykjavík, þar sem hann var handtekinn á staðnum.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir sætt kærum og refsingum sem hér segir:

Ákærði Einar Sverrir:

1962 26/9 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1962 9/10 Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.
1963 27/3 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1963 9/9 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1963 9/12 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.
1964 9/3 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.
1964 1/7 Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga.
1964 20/7 Reykjavík: Sátt 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1965 29/3 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1967 7/3 Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Staðfest í Hæstarétti 22/5 1967.
1968 14/11 Gullbringusýslu: Dómur: 2 ára fangelsi fyrir brot á 155. gr., 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.
1970 30/1 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1971 22/1 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 254. gr. hegningarlaga (hegningarauki).

Ákærði Tryggvi Rúnar:

1966 Reykjavík: Uppvís að brotum gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 9. janúar 1967.

1968 16/8 Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1969 29/10 Reykjavík: Dómur: 9 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155., 217., 218. og 244. gr. hegningarlaga, áfengislögum og umferðarlögum. Sviptur heimild til ökuréttinda í 1 ár frá dómsbirtingu.

1970 30/1 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt, fyrir brot gegn 155., 244. og 259. gr. hegningarlaga og umferðarlaga.

1970 10/4 Dómur: 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 246. gr. hegningarlaga.

1970 16/6 Reykjavík: Dómur: 1 mánaðar fangelsi (hegningarauki) fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga.

1971 19/3 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 219. gr. og 259. gr. hegningarlaga og umferðarlögum.

1971 15/7 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

1972 9/3 Reykjavík: Dómur: Refsing felld niður, en sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt fyrir brot á 217. og 259. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Ákæra, dagsett 24. ágúst 1972.

Föstudaginn 23. júní 1972, klukkan 0700, kom á lögreglustöðina hér í borg Tage Vilhelm Jönson, finnskur ríkisborgari, er dvaldist á Farfuglaheimilinu að Laufásvegi 41 hér í borg. Skýrði hann frá því, að hann hefði þá um morguninn vaknað í herbergi sínu í Farfuglaheimilinu við, að ókunnur maður stóð við rúm hans. Hefði maður þessi hraðað sér burtu. Tage kvaðst sakna skjalatösku, er standa átti við rúmið.

Tage kvað töskuna hafa verið brún-græna, upphaflega gerða fyrir hæggengar hljómplötur, með einu handfangi. Í töskunni hefðu verið 2 japanskar bankabækur, 1 sænsk bankabók frá STOCKHOLMS SPARBANK, um það bil 21.500.00 japönsk yen, 8 kanadiskir dollarar, um það bil 7 ljósmyndir, rafmagnsrakvél, 1 Kodak kvikmyndatökuvél Supers, orðabókin „Teach Yourself Icelandic", tannbursti og aðrir persónulegir munir. Kvaðst Tage

hafa orðið þess var, að menn voru þarna á ferð, en ekki séð annan nema mjög óglöggt. Framangreindum manni lýsti hann þannig, að hann hefði verið dökkhærður, meðalmaður með nokkuð mikið hár, án þess að vera síðhærður, um það bil 27 ára og klæddur brúnni stormblússu. Lögreglumenn hófu leit í nágrenni Farfuglaheimilisins, en án árangurs. Einnig var haft samband við leigubifreiðastöðvar og Umferðarmiðstöðina og óskað aðstoðar, ef vart yrði manns, er framangreind lýsing ætti við.

Sama dag, um klukkan 1830, var hringt frá lögreglustöðinni við Pósthússtræti til rannsóknarlögreglunnar og tilkynnt, að frést hefði af ungri stúlku, sem verið hefði að reyna að fá skipt japönskum yenum í banka í íslenska peninga. Stúlkan hefði verið í leigubíl frá Hreyfli, og við nánari eftirgrennslan kom í ljós, að um var að ræða leigubifreiðina R 18813. Skömmu seinna hafðist upp á leigubifreið þessari, og var komið með bifreiðarstjórann til rannsóknarlögreglunnar ásamt konu, sem var farþegi í henni. Ökumaður bifreiðarinnar var Ingi Sigurður Ágúst Olgeirsson, Hverfisgötu 102, en farþeginn Soffía Theodórsdóttir, Suðurlandsbraut 63, og var hún greinilega undir áhrifum áfengis. Ingi Sigurður sagði, að auk Soffíu hefðu verið í bifreiðinni tveir karlmenn og ein stúlka, sem hann ekki þekkti. Þau hefðu látið sig aka að tveim bönkum a. m. k. og hefði stúlkan farið þar inn. Ekki sagðist Ingi Sigurður vita, hvað stúlkan hefði verið að gera. Hann sagði, að kallað hefði verið á sig af lögreglustöðinni og hann beðinn að koma með fólkið þangað. Sagðist hann ekki hafa getað haldið því í bifreiðinni. Hefðu báðir karlmennirnir og önnur stúlkan farið í skyndi úr bifreiðinni við gatnamót Háteigsvegar og Nóatúns, er hann þurfti að hægja ferðina. Bæði Ingi Sigurður og Soffía skoðuðu myndir í myndasafni rannsóknarlögreglunnar hvort í sínu lagi, og bar þeim saman um það, að menn þeir, sem verið höfðu í bifreiðinni, hefðu verið ákærðu, Tryggvi Rúnar Leifsson og Einar Sverrir Einarsson. Soffía sagði, að unga stúlkan hefði verið frá Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi, en ekki sagðist hún vita nafn hennar. Síðar komst lögreglan að því, að um Sólrúnu Elísdóttur var að ræða. Soffía sagðist ekki vita um gjaldeyri þann, sem stúlkan hefði verið að reyna að skipta.

Ingi Sigurður kvað fólk þetta hafa veifað sér á götu í miðborginni, nokkru áður en kallað var í hann frá leigubílastöðinni. Þá kom það einnig fram, að Soffía hefði hitt þetta fólk af tilviljun rétt áður.

Lögreglan handtók ákærða Einar Sverri mánudaginn 26. júlí og

ákærða Tryggva Rúnar miðvikudaginn 28. sama mánaðar. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni neituðu báðir ákærðu að vera valdir að umræddum þjófnaði. Verða nú raktir framburðir vitna og ákærðu um málsatvik.

Við yfirheyrsluna á Tage Vilhelm Jönson var stillt upp í hegningarhúsinu tug manna, og voru ákærðu Einar Sverrir og Tryggvi Rúnar þar á meðal. Athugaði Tage Vilhelm síðan hópinn. Benti hann á ákærða Einar Sverri og taldi, að hann hefði verið annar manna þeirra, er komu inn í herbergi hans í Farfuglaheimilinu umræddan morgun. Hinn manninn eða mann þann, er tók töskuna, kvaðst hann ekki hafa greint nægilega vel til að þekkja hann aftur.

Vitnið Tage Vilhelm hefur staðfest fyrir dómi, að öruggt sé, að maður sá, er það benti á í hegningarhúsinu, þ. e. ákærði Einar Sverrir, sé sá, sem var í herbergi þess, er það vaknaði. Hafi hann hrifsað leðurjakka, sem annar gestur átti, en hent honum frá sér, er honum var veitt eftirför. Vitnið kveðst hafa hlaupið á eftir mönnunum út. Hafi ákærði Einar Sverrir staðið á miðri götunni fyrir utan Farfuglaheimilið, er það kom út. Vitnið spurði ákærða, hvar sá væri, er tekið hefði tösku þess. Ákærði yppti bara öxlum, og fannst vitninu það þá ekkert geta annað gert en fara til lögreglunnar. Þegar lögreglan kom, voru báðir mennirnir horfnir.

Vitnið kveður aðra sparisjóðsbókina hafa verið á Tokyo banka með yenum 50.000.00 innstæðu, en hin á Dai Ichi Kangyo banka með yenum 60.000.00 innstæðu. Sænska bankabókin var við Stockholms Sparbank, og voru í henni sænskar kr. 273.00.

Telur vitnið, að verðmæti þeirra hluta, sem tekið var frá því, sé um kr. 9.350 samtals.

Vitnið Sólrún Elísdóttir, Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi, var yfirheyrð fyrst hjá rannsóknarlögreglunni 27. júní. Viðurkenndi hún þá strax að hafa reynt að selja japanska peninga umræddan dag fyrir ákærða Einar Sverri, en eigi kvaðst hún vita, hvar hann hefði fengið peninga þessa. Hefði hún hitt ákærðu og Soffíu Theodórsdóttur á veitingastofunni Ísborg í Austurstræti margnefndan dag, um klukkan 1700, og þau farið saman í leigubifreið. Ákærði Einar Sverrir hefði verið með japanska peninga, yen, og spurt, hvort hún vildi ekki reyna að fá þeim skipt í banka fyrir sig. Hefði hún orðið við tilmælum ákærða.

Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 5. júlí, er vitnið var samprófað við ákærðu, breytti það framburði sínum frá 27. júní. Kvaðst hún þá hafa gefið ranga skýrslu og bar því við, að hún

hefði ekki verið með sjálfri sér og ekki vitað, hvað hún var að segja. Kvaðst hún aldrei hafa verið í nefndum leigubíl umræddan föstudag með ákærðu og Soffíu. Hafi hún aldrei tekið við japönskum peningaseðli hjá ákærða Einari Sverri og reynt að fá honum skipt í íslenska peninga í banka. Vissi hún ekki, hver þar hafi verið að verki.

Við samprófun við vitnin Soffíu og Inga Sigurð Ágúst daginn eftir breytti vitnið aftur framburði sínum og kvaðst nú vilja segja sannleikann í málinu. Væri skýrsla þess frá 27. júní rétt.

Vitnið hefur skýrt frá því við yfirheyrslu, að ákærði Einar Sverrir hafi hringt til sín um klukkan 8 að morgni föstudagsins 23. júní 1972. Kvaðst ákærði vera staddur heima hjá meðákærða, Tryggva Rúnari. Hafi þau ákveðið að hittast niðri í bæ síðar þennan sama dag. Kveðst hún hafa hitt ákærðu og Soffíu Theódórsdóttur á veitingastofunni Ísborg í Austurstræti, líklega um klukkan 1700. Er þau höfðu verið þarna inni dálítinn tíma, fóru þau út og tóku saman leigubíl. Var fyrst farið í áfengisútsöluna við Lindargötu og keypt þar ein flaska af ákavíti. Ákærði Tryggvi Rúnar fór inn og keypti flöskuna, en ekki veit vitnið, hver lagði út peningana fyrir henni. Á eftir sagði ákærði Einar Sverrir því, að hann væri með japanska peninga, yen, og spurði það, hvort það vildi ekki reyna að skipta þeim í banka fyrir sig. Vitnið spurði hann ekki að því, hvar hann hefði fengið þessa peninga, en það sagðist skyldu reyna að láta skipta þeim. Fékk vitnið seðil að fjárhæð 1.000 yen í hendur hjá ákærða. Fyrst fór vitnið í útibú Búnaðarbankans við Hlemmtorg, en þar var því sagt, að ekki væru teknir japanskir peningar. Var þá farið í sömu erindagerðum að útibúi Landsbankans, Laugavegi 77. Fór vitnið þar inn, en móttökurnar voru þær sömu, og var þá ekki reynt meira við þetta. Ekki sá vitnið meira af peningum hjá ákærða en að framan greinir, en kveður hann samt hafa getað verið með meira. Vitnið fékk ákærða aftur seðil þann, sem það hafði reynt að skipta. Á eftir ætluðu þau að fara heim til Soffíu, en þegar bifreiðarstjórinn var kallaður upp og beðinn að fara með þau á lögreglustöðina, urðu þau hálfhrædd. Var það þó mest áberandi hjá ákærða Einari Sverri, því að hann rauk út úr bifreiðinni á gatnamótum Háteigsvegar og Skipholts og þau ákærði Tryggvi Rúnar á eftir honum. Eftir að þau fóru úr bifreiðinni, tóku þau aðra bifreið og fóru heim til ákærða Tryggva Rúnars. Sátu þau þar við drykkju þar til um kvöldið, er þau fóru í hús uppi í Hraunbæ. Þaðan fóru þau í leigubíl niður að Umferðarmiðstöð, þar sem lögreglan hand-

tók ákærða Tryggva Rúnar. Vitnið segir, að er það fyrir skömmu var vistað eina nótt í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, hafi þau ákærði Einar Sverrir kallast á og hafi ákærði þá m. a. sagt því, að allt væri falið. Vitnið segir, að ákærði Einar Sverrir hafi sagt þetta, eftir að hún sagði honum, að rannsóknarlögreglan hefði spurt hana, hvort hún vissi, hvar þýfið væri falið. Vitnið kveðst ekki hafa séð í fórum ákærðu neinar vélar né hluti, sem finnski maðurinn saknaði.

Vitnið Soffía Theódórsdóttir, Suðurlandsbraut 63, kom í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar hinn 23. júní og skoðaði þá myndasafn rannsóknarlögreglunnar. Benti hún á myndir af ákærðu, er þar voru, og kvað þá hafa verið í bifreið Inga Sigurðar Ágústs í umrætt sinn. Þá fór fram sakbending í hegningarhúsinu. Stillt var upp 7 mönnum, þar á meðal ákærðu Einari Sverri og Tryggva Rúnari. Vitnið leit yfir hópinn, og benti það strax á ákærðu sem þá sömu, sem verið hefðu í leigubifreiðinni R 18813 framangreindan dag. Ekki sé það í neinum vafa um þetta. Vitnið kveðst hafa hitt ákærðu og Sólrúnu á Ísbarnum í Austurstræti um klukkan 1700 framangreindan dag, eftir því sem það man best. Sólrún var með áfengi, og fékk það eitthvað að smakka á því. Þau tóku leigubifreið í Hafnarstræti, og var farið í áfengisútsöluna við Lindargötu og þar keypt ein flaska af ákavíti, en síðan var ekið um í bifreiðinni. Vitnið kveðst hafa séð japanska peninga í fórum ákærða Einars Sverris og segir, að það hafi verið hann, sem lét Sólrúnu hafa þá, og hann hafi beðið hana að fara í banka og gera tilraun til að fá þeim skipt í íslenska peninga.

Vitnið telur, að báðir ákærðu hafi verið við málið riðnir, en ákærði Einar Sverrir hafi haft sig meira í frammi í leigubílnum, eins og hann stjórnaði frekar aðgerðum. Vitnið varð vart við, að farið var að tveimur bönkum, öðrum á Hlemmtorgi, en hinum á Laugavegi, og Sólrún fór þar inn í bæði skiptin. Erindi hennar var að fá skipt útlendri mynt. Sá vitnið, að það voru japanskir peningar, 2.000 yen. Hún gat ekki fengið peningunum skipt og kom með þá aftur út í bifreiðina. Ætlunin var að fara heim til vitnisins á eftir, en leigubifreiðarstjórinn var kallaður upp frá lögreglustöðinni og beðinn að koma með farþegana. Við þetta kom mikið fát á alla nema vitnið, og ruku ákærðu og Sólrún út úr bifreiðinni. Fannst vitninu bifreiðarstjórinn ekki gera mikið til að reyna að aftra brottför þeirra. Ekki hefur vitnið neina hugmynd um, hvert ákærðu og Sólrún fóru, og ekki varð það vart við, að þau væru með neitt annað í fórum sínum en áðurnefndan

gjaldeyri. Vitnið fór síðan á lögreglustöðina með bifreiðarstjóranum, en þaðan til rannsóknarlögreglunnar. Það kveðst ekki hafa heyrt ákærðu og Sólrúnu neitt orða það, hvar þau hefðu fengið gjaldeyrinn.

Vitnið Ingi *Sigurður* Ágúst hefur skýrt frá því, að það hafi verið á leið eftir Hafnarstræti, er framangreint fólk, sem það þekkti ekkert, veifaði til þess. Vitnið nam staðar og tók það upp í bifreiðina. Var ekið að útsölu Áfengisverslunar ríkisins við Lindargötu, og þar fór annar ákærði, eða sá ljóshærði, inn og keypti eina flösku af áfengi. Vitnið sá japanskan peningaseðil hjá þeim dökkhærða, eða ákærða Einari Sverri, og heldur, að það hafi verið 1.000 yen. Ekki skoðaði vitnið seðilinn þó nákvæmlega. Önnur stúlkan reyndi að fá seðlinum skipt, bæði í Búnaðarbankanum við Hlemmtorg og í útibúi Útvegsbankans við Laugaveg, en hún kom með seðilinn aftur, og tók ákærði við honum. Ekki sá vitnið annað af útlendri mynt en yenin í fórum þeirra. Soffía Theódórsdóttir bauð fólkinu að koma heim til sín, og var vitnið á leiðinni þangað, þegar það var kallað upp og beðið að koma á lögreglustöðina með farþegana. Við fyrstu gatnamót, sem vitnið kom að, þurfti það að hægja ferðina, og hlupu ákærðu og yngri stúlkan þá út úr bílnum. Sú eldri varð eftir, og hafði hún ekkert á móti því að koma með á lögreglustöðina. Hélt vitnið þangað, og eftir að það hafði talað við lögregluna, ók það með konuna upp á Hábæ og borgaði hún 200 krónur fyrir ökuferðina. Vitnið veit ekki, hvað varð af japanska peningaseðlinum. Vitnið skoðaði myndasafn rannsóknarlögreglunnar og benti þar á myndir af ákærðu Einari Sverri og Tryggva Rúnari, sem það kvað hafa verið farþega sína.

Þá var stillt upp í hegningarhúsinu 8 mönnum, og voru ákærðu þar á meðal. Benti vitnið á ákærðu og kvað þá hafa verið farþega í bifreið sinni í umrætt sinn.

Ákærði Einar Sverrir hefur neitað að hafa framið margnefndan þjófnað og viti eigi, hver hafi verið þar að verki. Ákærði kveðst hvorki að morgni föstudagsins 23. júní 1972 né í annan tíma hafa komið í Farfuglaheimilið að Laufásvegi 41. Ákærði kannast ekki við að hafa verið með japönsk yen í fórum sínum. Ákærði kveðst ekki kannast við Tage Vilhelm Jönson. Ákærði neitar að hafa verið í leigubifreiðinni R 18813 framangreindan dag ásamt meðákærða, Sólrúnu Elísdóttur og Soffíu Theódórsdóttur. Heldur hann því fram, að hann hafi ekki séð Soffíu fyrr en við sakbendinguna hjá rannsóknarlögreglunni.

Ákærði kveður þá ákærða Tryggva Rúnar Leifsson hafa verið

setta í hegningarhúsið fimmtudaginn 22. júní vegna þjófnaðarbrots, en sleppt sama dag. Eftir það hófu ákærðu drykkju og voru við hana allan þann dag og um kvöldið í Brautarholti 22 hjá kunningja þeirra. Aðfaranótt hins 23. júní á tímabilinu frá klukkan 0100-0300 skildu ákærðu, og kveðst ákærði ekki hafa séð meðákærða eftir það. Ákærði kveðst þá hafa verið á flækingi í leigubifreiðum með ýmsu fólki, sem hann vill ekki tilgreina. Ákærði man ekki, hvenær hann fór að sofa nótt þessa né hvar hann svaf. Hann kveðst geta tilgreint 10 til 15 manns, sem hann þreytti drykkju með á tímabilinu frá fimmtudeginum 22. fram á sunnudag, en ekki kæra sig um, að fólk þetta verði ónáðað.

Ákærða var kynntur framburður vitnanna í máli þessu.

Varðandi framburð Tage Vilhelm Jönson tók ákærði fram, að hann héldi enn fast við framburð sinn, og neitaði eindregið að hafa framið þjófnaðinn.

Ákærða var kynntur framburður Sólrúnar Elísdóttur, þar sem hún segir ákærða hafa hringt til sín klukkan 8 að morgni föstudagsins 23. júní. Ákærði segir þetta rangt. Hann hafi ekki komið heim til meðákærða Tryggva Rúnars föstudagsmorguninn 23. júní. Þá segir ákærði, að það, sem Sólrún Elísdóttir hefur borið um orðaskipti þeirra í hegningarhúsinu, sé rangt. Hafi engin slík orðaskipti átt sér stað milli þeirra Sólrúnar þar.

Um framburði þeirra Soffíu og Inga Sigurðar Ágústs sagði ákærði, að hann teldi, að við sakbendinguna hefðu þau tekið sig í misgripum fyrir einhvern annan. Ákærði tók fram, að þau hafi verið illa fyrirkölluð og jafnvel undir áhrifum áfengis. Kvaðst hann efast um réttmæti þessara sakbendinga og raunar fullyrða, að þær séu markleysa ein, þar sem hann hafi alls ekki verið í þessum umrædda leigubíl þennan dag og hvorki haft japanska peninga undir höndum né annan erlendan gjaldeyri.

Ákærði Tryggvi Rúnar hefur neitað að hafa framið margnefndan þjófnað og geti ekkert sagt um, hvort meðákærði hafi verið þar að verki. Ákærði kveðst hvorki að morgni föstudagsins 23. júní 1972 né í annan tíma hafa komið í Farfuglaheimilið að Laufásvegi 41. Ákærði kannast ekki við Tage Vilhelm Jönson.

Ákærði segir, að þegar þeim meðákærða Einari Sverri var sleppt fimmtudaginn 22. júní 1972, hafi þeir farið á flæking um borgina. Þeir hafi ekki bragðað áfengi, á meðan þeir voru saman. Þeir skildu einhvern tíma um kvöldið, gæti hafa verið um 9 leytið, og fór ákærði þá niður í Tjarnargötu 3 og dvaldist þar vel fram yfir miðnætti, eða til klukkan 01-02, að ákærði fór beint heim

til sín. Hann kveðst ekki hafa bragðað áfengi allan þann dag. Sé það öruggt, að þeir ákærði Einar Sverrir hafi ekki komið saman að Brautarholti 22 umræddan fimmtudag 22. júní.

Ákærði neitar því að hafa verið í leigubíl með meðákærða Einari Sverri, Soffíu Theodórsdóttur og Sólrúnu Elísdóttur umræddan dag og hljóti þar að hafa verið um einhvern annan mann að ræða. Hann hafi ekki orðið var við japanska peninga í fórum meðákærða og sjálfur hafi hann ekki haft slíka peninga undir höndum. Hann kveðst ekki treysta sér til að gera grein fyrir ferðum sínum, frá því hann losnaði hjá rannsóknarlögreglunni fimmtudaginn 22. júní og þar til á föstudagskvöld. Lenti hann á fylliríi og flæktist vítt og breitt um borgina, en nánar treysti hann sér ekki að fara út í það.

Ákærða var kynntur framburður Sólrúnar Elísdóttur, þar sem hún segir, að ákærði Einar Sverrir hafi hringt til hennar klukkan 8 að morgni föstudagsins 23. júní. Ákærði segir það rangt, sem Sólrún hefur borið. Ákærði kveðst hafa hitt ákærða Einar Sverri niðri í bæ umræddan föstudag og hafi þeir þá verið við drykkju víðsvegar um borgina, þar til ákærði var handtekinn. Sé alveg öruggt, að meðákærði hafi ekki komið heim til hans framangreindan föstudag.

Ákærði kveðst ekki hafa séð vitnin Inga Sigurð Ágúst og Soffíu fyrr en við sakbendinguna.

Vitnið Leifur Guðlaugsson, faðir ákærða Tryggva Rúnars, hefur skýrt frá því, að ákærðu hafi komið heim til þess um eða eftir klukkan 8 morgun einn í vikunni milli 18. og 25. júní 1972. Vitnið segir, að það sé trúlegt, að það hafi verið á föstudegi, þar sem það fór út til þess að hitta mann, sem sótt hafði fyrir það laun þess. Vitnið kveðst fá útborgað á föstudögum. Þegar það kom heim aftur, voru ákærðu Tryggvi Rúnar og Einar Sverrir þar sofandi. Vitnið veit ekki, hvenær né hvernig þeir fóru á brott.

Vitnið Guðlaugur Ómar Leifsson, Selásbletti 14, bróðir ákærða Tryggva Rúnars, kveðst umræddan föstudag hafa farið til vinnu sinnar upp úr klukkan 0730. Þegar vitnið kom heim í hádeginu, voru þeir þar fyrir sofandi ákærðu Tryggvi Rúnar og Einar Sverrir. Vitnið kveðst alveg öruggt um, að þetta hafi verið á föstudegi. Man það þetta vel vegna þess, að um kvöldið sagði faðir þess, að hann hefði sótt laun sín, en vitnið segir, að faðir þess fái útborgað á föstudögum.

Ákærða Einari Sverri var kynntur framburður meðákærða Tryggva Rúnars í þinghaldi 21. júlí 1972, þar sem meðákærði

segist hafa skilið við ákærða á föstudagskvöldi 23. júní. Ákærði sagði, að hann hafi örugglega ekki séð meðákærða síðan á fimmtudagskvöldi 22. júní. Ákærða voru og kynntir framburðir þeirra Leifs Guðlaugssonar og Guðlaugs Ómars Leifssonar, þar sem þeir segja ákærðu hafa komið að Selásbletti 14 föstudagsmorguninn 23. júní 1972. Ákærði sagði framburð vitnanna rangan og endurtók, að hann hefði ekki séð meðákærða síðan á fimmtudagskvöldi 22. júní.

Ákærða Tryggva Rúnari voru og kynntir framburðir þeirra Leifs Guðlaugssonar og Guðlaugs Ómars Leifssonar, þar sem þeir segja, að ákærði hafi komið að Selásbletti 14 að morgni hins 23. júní 1972. Ákærði sagði framburð vitnanna rangan og kveðst halda fast við fyrri framburð sinn. Ákærða var kynntur framburður meðákærða Einars Sverris, þar sem hann segist ekki hafa séð ákærða síðan á fimmtudagskvöldi 22. júní 1972. Ákærði kveðst vilja halda sig við fyrri framburð sinn, þar sem hann segist hafa skilið við meðákærða á föstudagskvöldi 23. júní.

Niðurstöður.

Gegn neitun ákærða Tryggva Rúnars þykja lögfullar sannanir ekki fram komnar fyrir því, að hann hafi framið margnefndan þjófnað, og ber því að sýkna ákærða af ákærunni fyrir hann.

Með framburði vitnanna Tage Vilhelms, Sólrúnar, Soffíu og Inga Sigurðar Ágústs telst hins vegar sannað, að ákærði Einar Sverrir hafi átt hlut að þjófnaðinum frá Tage Vilhelm þrátt fyrir neitun ákærða um það, og varðar þetta atferli við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Vitnið Tage Vilhelm Jönson hefur krafist þess hjá rannsóknarlögreglunni að fá skaða sinn bættan, en eigi tilgreint í því sambandi ákveðna fjárhæð. Í skýrslu vitnisins fyrir dómi, sem tekin var, áður en dómari máls þessa fékk það til meðferðar, er ekkert á þetta minnst. Verður eigi lengur úr þessu bætt, þar sem vitnið er farið af landi brott og getur eigi mætt í dómi hér til að koma að kröfu í málinu.

Ákæra, dagsett 10. nóvember 1972.

Laugardaginn 22. júlí 1972, klukkan 1045, fóru tveir rannsóknarlögreglumenn og tveir aðrir lögreglumenn samkvæmt símhringingu að Tjarnargötu 3 til Ingigerðar Hallgrímsdóttur, er þar býr. Hafði þeim verið tjáð, að ákærðu Einar Sverrir og Tryggvi Rúnar væru þar staddir og nauðsynlegt væri að kanna nánar, hvað þar væri að gerast. Þegar lögreglumennirnir komu á staðinn, voru báðir ákærðu þar fyrir, Jón Helgi Kristmundsson, Fornhaga 15,

Guðbjörn Helgi Ríkharðsson, sem lá sofandi ölvunarsvefni uppi í rúmi, og Ingigerður Hallgrímsdóttir.

Ingigerður skýrði lögreglumönnunum frá því, að þá rétt áður hefði Jón Helgi verið rændur veski sínu og úr því teknar kr. 4.000 í peningum, allt í eitt þúsund króna seðlum. Jón Helgi sagði, að hann hefði verið staddur inni á salerni frammi á gangi íbúðarinnar ásamt ákærðu, þegar annar hvor þeirra hefði skyndilega náð seðlaveski hans úr jakkavasanum innanverðum. Um leið hefði ákærði Tryggvi Rúnar tekið um háls hans, en ákærði Einar farið inn í íbúðina með veskið. Veskið hafði síðar fundist undir gólfteppi í stofu íbúðarinnar, en ákærðu neituðu báðir að hafa tekið það. Við leit í fórum ákærðu fundust kr. 3.000 á ákærða Tryggva Rúnari, þar af voru tveir þúsund króna seðlar samanbrotnir í buxnavasa hans, en einn þúsund króna seðill í veskinu. Í seðlaveski ákærða Einars Sverris voru kr. 4.300, og þar af voru fjórir þúsund króna seðlar.

Lögreglubifreið var kvödd á staðinn, og voru ákærðu fluttir í fangageymsluna. Var ákærði Tryggvi Rúnar mjög æstur og sýndi mótþróa eftir mætti. Réðst hann að fyrra bragði á einn lögreglumanninn.

Lagt var hald á fé það, er ákærðu höfðu verið með á sér.

Vitnið Jón Helgi Kristmundsson trésmiður, til heimilis að Smiðjustíg 6 hér í borg, hefur skýrt frá því, að það hafi hitt ákærðu Einar Sverri og Tryggva Rúnar við Grandakaffi laugardaginn 22. júlí 1972. Vitnið þekkti ákærða Tryggva Rúnar og tók ákærðu tali. Stakk ákærði Tryggvi Rúnar upp á því, að þeir færu saman að Tjarnargötu 3, en þar þekktu ákærðu eitthvert fólk. Vitnið tekur fram í þessu sambandi, að það hafi verið búið að segja ákærða Tryggva Rúnari, að það hefði peninga meðferðis. Þegar í Tjarnargötu 3 kom, var sest að drykkju. Tóku þátt í drykkjunni auk vitnisins og ákærðu piltur, sem heitir Helgi, maður að nafni Guðbjörn Helgi Ríkharðsson og húsráðandi, Ingigerður Hallgrímsdóttir. Vitnið kveðst hafa verið þarna nokkurn tíma. Fór Helgi á brott úr íbúðinni, en Guðbjörn Helgi sofnaði út frá drykkjunni. Vitnið kveðst hafa þurft að fara fram á salerni, og voru þá eftir í íbúðinni, vakandi, ákærðu báðir og Ingigerður, er var frammi í eldhúsi. Ákærði Tryggvi Rúnar kom á eftir vitninu á salernið og ákærði Einar Sverrir einnig. Þegar á salernið kom, réðst ákærði Einar Sverrir að vitninu og greip með handleggnum utan um háls þess. Rétt á eftir fann vitnið, að farið var með hönd ofan í brjóstvasa þess og veski þess tekið. Vitnið veit ekki, hvor

ákærðu var þar að verki, enda gat það engum vörnum við komið. Rétt eftir þetta sá vitnið, að annar hvor ákærðu hélt á veski þess, en því er ekki ljóst, hvor þeirra það var. Vitnið kveðst hafa beðið ákærða Einar Sverri að sleppa sér, og gerði hann það. Vitnið kveðst nú hafa borið á ákærðu, að þeir hefðu tekið veski þess. Hafi þá ákærði Tryggvi Rúnar ráðist að því og tekið utan um háls þess með sama hætti og ákærði Einar Sverrir. Í því fór ákærði Einar Sverrir inn í stofuna. Ákærði Tryggvi Rúnar bauð nú vitninu að leita á sér að veskinu. Leitaði vitnið á ákærða, en fann ekki veskið. Fór vitnið þá inn í íbúðina til að leita að ákærða Einari Sverri. Fann það hann í eldhúsinu, þar sem hann var að tala við Ingigerði. Vitnið bar á ákærða, að hann hefði stolið veski þess, en ákærði neitaði því eindregið. Hófst nú leit í íbúðinni að veskinu. Eftir nokkra leit kveður vitnið Ingigerði hafa lyft upp gólfteppinu í stofunni og hafi veski þess fundist undir því. Var búið að taka úr veskinu fjóra þúsund króna seðla, er þar höfðu verið. Rétt eftir þetta komu lögreglumenn á vettvang, og hófu þeir rannsókn í málinu. Vitnið kveðst hafa verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn, en ekki mikið.

Vitninu voru kynntir framburðir ákærðu um málsatvik.

Mótmælti vitnið þeim að svo miklu leyti sem þeir færu í bága við framburð þess. Kveðst vitnið í einu og öllu halda fast við framburð sinn. Vitnið krefst þess, að ákærðu greiði sér 4.000 krónurnar, sem voru í veskinu, en aðrar kröfur gerir það ekki á hendur þeim.

Vitnið Ingigerður Hallgrímsdóttir, Snorrabraut 52, áður til heimilis í Tjarnargötu 3, hefur skýrt frá því, að umræddan laugardagsmorgun, laust fyrir klukkan 0900, hafi ákærðu og einhver Jón, sem það hafði ekki séð áður, komið heim til þess í Tjarnargötu 3. Vitnið aðgætti ekki, hvort þeir hefðu vín meðferðis, en þeir virtust ekki vera mjög drukknir. Rétt áður en lögreglumennirnir komu á staðinn, höfðu ákærðu og framangreindur maður farið saman á salernið, sem er staðsett á ganginum frammi við útidyrahurðina. Vitnið heyrði allt í einu korr í einum þeirra og fór þá fram á ganginn til að sjá, hvað um væri að vera. Flaug því í hug, að þeir væru farnir að fljúgast á. Vitnið mætti ákærða Einari Sverri á ganginum. Sagði hann því, að allt væri í lagi, og gekk síðan inn í stofuna. Vitnið leit inn í stofuna rétt á eftir. Sá það, að ákærði var á fjórum fótum og var eitthvað að bauka, en það hugsaði ekkert frekar út í það þá. Stuttu á eftir kom ákærði Tryggvi Rúnar ásamt Jóni inn í íbúðina, og sagði Jón, að hann

hefði, er hann var á salerninu rétt áður, verið rændur seðlaveski sínu og hefðu það sennilega verið samantekin ráð hjá ákærðu. Vitnið sneri sér að ákærða Einari Sverri og spurði hann, hvað hann hefði verið að aðhafast inni í stofunni þá rétt áður. Ákærði sagðist ekkert hafa verið að gera. Vitnið bað ákærðu og Jón að koma með sér inn í stofuna, og gerðu þeir það. Gáði það þar undir nokkra púða, er lágu á gólfinu við gluggann, og strauk því næst yfir gólfteppið. Fann það, að eitthvað var undir því, og við nánari athugun fann það þar brúnt seðlaveski, sem Jón sagði, að hann ætti. Engir peningar voru í veskinu, en Jón sagði, að í því hefðu átt að vera fjórir eitt þúsund króna seðlar og nokkur hundruð krónur að auki. Vitnið kveður ákærðu hafa verið búna að segja, að þeir ættu enga peninga, en rétt áður en lögreglan kom, höfðu þeir ætlað að fara í vínbúð og kaupa áfengi. Ekki kom þó fram, hvor ætti að greiða það. Maður að nafni Guðbjörn Helgi Rikarðsson hafði komið til vitnisins einhvern tíma um nóttina, en hafði sofnað út frá drykkju og var sofandi, þegar framangreindur atburður gerðist.

Vitnið fór þess á leit við ákærðu, að þeir létu Jón hafa það, sem hann saknaði úr veskinu. Þeir vildu ekki á það fallast og kváðust enga peninga hafa tekið af honum.

Vitnið Guðbjörn Helgi Riikarðsson, Eiríksgötu 11, hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt í Tjarnargötu 3 hjá Ingigerði Hallgrímsdóttur aðfaranótt laugardagsins 22. júlí 1972. Vitnið var illa fyrirkallað og lá fyrir um nóttina. Vitnið varð vart við, að ákærðu Einar Sverrir og Tryggvi Rúnar komu í Tjarnargötu 3 ásamt manni, sem vitnið þekkir ekki. Vitnið kveðst hafa verið meira og minna sofandi og lítið geta sagt um, hvað fram fór. Vitnið varð ekki vart við það, að veski væri stolið frá umræddum manni, sem heitir Jón Helgi Kristmundsson. Vitnið vaknaði, þegar lögreglan var komin í íbúðina og var að flytja ákærða Tryggva Rúnar á brott í járnum.

Ákærði Einar Sverrir hefur neitað að hafa stolið veski Jóns Helga Kristmundssonar, og eigi kveðst hann vita, hvort meðákærði hafi gert það. Í upphaflegri skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglunni kvaðst ákærði alls ekki muna eftir að hafa lent í átökum við Jón Helga frammi á salerni í Tjarnargötu 3. Í síðari skýrslu sinni viðurkenndi ákærði þetta þó, en tók fram, að hann vissi ekki, hvernig átökin hafi byrjað. Ákærði kvað meðákærða einnig hafa lent í einhverjum átökum við Jón Helga.

Ákærði hefur skýrt frá því fyrir dómi, að hann hafi verið við

drykkju að morgni laugardagsins 22. júlí 1972 í Tjarnargötu 3 ásamt meðákærða Tryggva Rúnari, Jóni Helga Kristmundssyni, Fornhaga 15, Guðbirni Helga Ríkarðssyni og fleira fólki, og var Ingvar Diðrik Júníusson þar á meðal. Peningaveski Jóns Helga var stolið frá honum umræddan morgun, og var nokkuð af fólkinu farið á brott, þar á meðal Ingvar Diðrik, er upp komst um þjófnaðinn. Ákærði kveður meðákærða og Jón Helga hafa komið til sín, þegar hann var staddur inni á salerni, og farið að fljúgast á. Ákærði reyndi að skilja þá, en það tókst ekki. Ákærði neitar að hafa ráðist á Jón Helga né á nokkurn annan hátt átt þátt í upptökum að átökunum. Nokkru eftir átökin bar Jón Helgi á ákærða, að hann hefði stolið veski hans, og tók Ingigerður undir þær ásakanir með honum. Ákærði neitaði þessu ákveðið og kveðst hafa heimtað að náð yrði í lögregluna. Ákærði man ekki eftir, að hann hafi verið að aðhafast neitt á fjórum fótum á gólfinu í stofunni, og telur, að framburður Ingigerðar um það sé einhver vitleysa. Veski Jóns Helga fannst í íbúðinni, en eigi veit ákærði hvar. Var þá búið að taka úr því peninga þá, sem í því höfðu verið, að sögn Jóns Helga. Ákærði neitar að hafa átt nokkurn þátt í þjófnaði á veskinu, og eigi veit hann til, að meðákærði hafi verið þar að verki. Ákærði kveður það ekki rétt, að hann hafi verið búinn að segja hjá Ingigerði, að hann ætti enga peninga. Hann hafi aldrei verið spurður um það. Um þá peninga, sem hann var með á sér, þegar hann var handtekinn, sé það að segja, að hann hafi fengið þá að láni og meira til, því að daginn áður hafi frændi sinn lánað sér kr. 8.000. Var hann búinn að eyða einhverju af þeim peningum, þegar hann var handtekinn. Ákærði neitar algerlega að segja frá nafni mannsins, sem lánaði honum þessa peninga, þar sem hann vill ekki valda honum því ónæði að þurfa að mæta í málinu sín vegna.

Ákærða var kynnt það, sem fram er komið í máli þessu. Hélt hann fast við framburð sinn og vildi í engu breyta honum.

Ákærði Tryggvi Rúnar hefur skýrt frá því, að hann hafi verið við drykkju að morgni laugardagsins 22. júlí sl. í Tjarnargötu 3 hjá Ingigerði Hallgrímsdóttur ásamt meðákærða, Einari Sverri, Jóni Helga Kristmundssyni, Guðbirni Helga Ríkarðssyni, Ingvari Diðrik Júníussyni og fleira fólki. Sofnaði Guðbjörn Helgi út frá drykkjunni, skömmu eftir að þeir komu í íbúðina. Ákærði telur, að Ingigerður hafi verið ódrukkin. Skömmu áður en lögreglan kom á vettvang, fóru ákærði og Jón Helgi saman á salerni, og kom ákærði Einar Sverrir strax á eftir þeim. Ákærði kastaði af

sér vatni og fór svo aftur inn í eldhús, en um leið og hann var kominn þangað, heyrði hann hávaða frammi og fór fram aftur. Þá voru þeir ákærði Einar Sverrir og Jón Helgi að tuskast. Ákærði sagði þeim að hætta, en þeir sinntu því ekki. Þá tók hann í ákærða Einar Sverri og kastaði honum út í horn, og þar sem honum sýndist Jón Helgi líklegur til að halda tuskinu áfram, tók hann hálstaki á honum. Hann bað ákærða að sleppa sér, og gerði ákærði það strax. Þá strax á eftir fór Jón Helgi að tala um, að ákærði Einar Sverrir hefði í stimpingunum rænt sig veski sínu með um kr. 4.000, en ákærði Einar Sverrir neitaði. Ákærði fór nú fram í eldhús og fékk sér mjólk og kökur, en þegar hann kom aftur inn í stofu, var veskið fundið. Heyrði ákærði, að það hefði fundist undir teppinu í stofunni, peningalaust. Svo kom lögreglan og tók ákærðu. Ákærði fór að heiman daginn áður með kr. 3.000 í peningum. Kr. 1.000 gaf móðir hans honum, en kr. 2.000 átti hann eftir, frá því hann losnaði af Litla-Hrauni hinn 16. júní 1972. Ákærði neitar að hafa tekið veski Jóns Helga og veit ekki, hvort meðákærði tók það, á meðan hann brá sér frá.

Ákærði kveður framburð meðákærða um þetta ekki alls kostar réttan. Hafi hann aldrei ráðist á Jón Helga né átt nokkurn þátt í upptökum að átökum milli meðákærða og hans.

Ákærða var kynnt það, sem fram er komið í málinu um þjófnað veskisins. Kveðst hann þrátt fyrir það halda fast við framburð sinn og eigi vilja breyta honum.

Gegn neitun ákærðu þykir ekki sannað þrátt fyrir framburð Jóns Helga Kristmundssonar og annað, sem fram hefur komið í máli þessu, að þeir hafi stolið margnefndu veski Jóns Helga, og ber því að sýkna þá af ákærunni um það atferli.

Ákæra, dagsett 6. desember 1972.

Mánudaginn 2. október 1972 kom Sigurður Magnússon strætisvagnsstjóri, Suðurlandsbraut 73, í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar og kærði út af þjófnaði, er framinn hefði verið heima hjá honum aðfaranótt sunnudagsins 1. október. Kvaðst Sigurður hafa verið sofandi heima hjá sér umrædda nótt, er Guðbjörn Elísson, Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi, vakti hann upp. Spurði hann Sigurð, hvort hann mætti koma inn til hans ásamt systrum sínum Sólrúnu og Elínu. Sigurður leyfði það, en er þau voru að koma inn til hans, fylgdu í kjölfarið 4 piltar. Var allt þetta fólk drukkið að sögn Sigurðar. Dvaldist það hjá honum til morguns, en fór þá brott í skyndingu að undanteknum einum pilti. Sigurður hafði lagst til svefns, en vaknaði, um leið og fólkið fór. Fór hann inn

í herbergi það, er það hafði verið í. Sá hann þá, að eldhúshnífur hans lá á skrifborði, er þar var, og skúffa í því hafði verið sprengd upp. Hafði verið stolið úr veski, er var geymt í skúffunni, um 6.000 kr. í peningum og strætisvagnamiðum að verðmæti kr. 3.900 úr öðru veski. Peningakassi, er var í skúffunni, hafði verið sprengdur upp, en engu stolið úr honum. Þá kvaðst hann sakna úrs síns. Sigurður kvað sig gruna, að ákærði Tryggvi Rúnar og Elín Elísdóttir væru völd að þjófnaði þessum, þótt aðrir, er þarna voru, kunni að hafa verið í vitorði með þeim.

Lögreglan handtók ákærða Tryggva Rúnar að kvöldi sama dags og tilkynnt var um þjófnaðinn. Viðurkenndi ákærði að hafa verið heima hjá Sigurði umrædda nótt, en neitaði að vera valdur að þjófnaðinum. Við rannsókn málsins kom í ljós, að ákærði hafði látið Elínu Elísdóttur, er að framan greinir, hafa strætisvagnamiða, en hún síðan gefið systrum sínum af þeim.

Ákærði Tryggvi Rúnar hefur viðurkennt við rannsókn málsins að vera valdur að þjófnaðinum frá Sigurði Magnússyni. Hefur ákærði skýrt frá því, að hann hafi komið heim til Sigurðar framangreinda nótt ásamt fleira fólki. Ákærði kveðst hafa séð veski Sigurðar í skúffunni í skrifborði hans, er hann þurfti að opna hana. Hafi sér þá dottið í hug að stela peningum úr því. Kveðst ákærði hafa farið fram í eldhús, tekið þar hníf og reynt að opna skúffuna, en það hafi ekki tekist. Hafi hann þá sótt upptakara og opnað skúffuna með honum. Ákærði kveðst hafa stolið úr skúffunni um 6.000 kr. í peningum og strætisvagnamiðum að verðmæti kr. 3.900. Einnig sprengdi hann upp lítinn peningakassa, er var í skúffunni. Ákærði hefur og viðurkennt að hafa stolið armbandsúri hjá Sigurði. Ákærði eyddi peningunum í áfengiskaup, en lét Elínu og fólk, er hann hitti og getur ekki gert nánari grein fyrir, hafa strætisvagnamiðana. Úrið fannst heima hjá ákærða, og einnig komu í leitirnar strætisvagnakort að verðmæti kr. 1.800. Kvað Sigurður því vanta strætisvagnakort að fjárhæð kr. 2.100.

Framangreint atferli ákærða, er í ákæru greinir, er sannað með játningu hans og öðrum gögnum máls þessa. Varðar það við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Sigurður Magnússon hefur krafist þess, að ákærði greiði sér kr. 8.100 í skaðabætur. Hefur ákærði samþykkt kröfuna, og verður hún tekin til greina.

Ákæra, dagsett 22. mars 1973.

Laugardaginn 2. desember 1972, klukkan 0220, var hringt á lögreglustöðina og beðið um aðstoð að bifreiðinni R 13040, sem

stæði við veitingahúsið Klúbbinn í Borgartúni. Lögreglumenn héldu á staðinn og höfðu tal af ökumanni bifreiðarinnar, Kristjáni Karli Torfasyni, Smyrilsvegi 29 hér í borg. Tjáði hann þeim, að maður nokkur hefði þá skömmu áður sparkað í bifreiðina og hefði vinstra afturaurbretti nokkuð rispast. Kristján Karl vísaði þeim á mann þennan, þar sem hann stóð við aðalinnganginn að Klúbbnum. Var hann handtekinn og fluttur á lögreglustöðina við Hverfisgötu fyrir aðalvarðstjóra Magnús Einarsson. Maður þessi var ákærði Einar Sverrir Einarsson. Hann neitaði að hafa sparkað í bifreiðina eða rekist utan í hana á nokkurn hátt. Ákærði, sem var nokkuð ölvaður, var færður í fangageymsluna. Farþegar í bifreiðinni voru m. a. Sævar Sigurhansson, Otrateigi 26, og Ása Oddsdóttir, Kleppsvegi 54. Þau sögðu lögreglunni, að þau hefðu bæði séð, er ákærði sparkaði í bifreiðina. Skráður eigandi bifreiðarinnar R 13040 er Guðbjörn Jensson, Ásgarði 145.

Vitnið Kristján Karl Torfason hefur skýrt frá því, að það hafi verið á leið austur Borgartún á leigubifreiðinni R 13040 umrædda nótt með farþega. Þegar vitnið kom á móts við veitingahúsið Klúbbinn, þurfti það að stöðva af og til vegna bifreiða og gangandi fólks, en dansleik var þá nýlokið í veitingahúsinu. Vitnið ók því mjög hægt. Vitnið kveðst hafa tekið eftir manni á vinstri hönd, eða norðan megin götunnar, og beið hann eftir að komast yfir. Maður þessi var dökkhærður og með yfirskegg. Var hann í brúnum jakka með skinnkraga. Um leið og vitnið ók fram hjá manninum, sparkaði hann í afturbretti bifreiðarinnar. Vitnið stöðvaði samstundis, fór út úr bifreiðinni og hafði tal af manninum, sem þá var kominn yfir götuna. Spurði vitnið manninn, hverju það sætti að sparka í bifreiðina. Maðurinn svaraði illu einu og þrætti fyrir verknaðinn. Vitnið kvaðst mundu kalla á lögregluna og gerði það strax. Lögreglan kom fljótlega á vettvang og handtók manninn, en hann þrætti fyrir verknaðinn sem áður. Vitnið er öruggt um, að enginn annar en umræddur maður, sem var ákærði Einar Sverrir, sparkaði í bifreiðina, þar sem hann var eini maðurinn, sem var í nánd við hana, er það gerðist. Við spark ákærða rispaðist afturbretti bifreiðarinnar, og dæld kom í krómlista.

Vitnið Ása Oddsdóttir, Kleppsvegi 54, hefur skýrt frá því, að það hafi verið farþegi í leigubifreiðinni R 13040 ásamt Sævari Sigurhanssyni, Otrateigi 26, o. fl. umrædda nótt. Þau sátu bæði í aftursæti bifreiðarinnar. Laust eftir klukkan 0200 voru þau á leið austur Borgartún. Þegar að veitingahúsinu Klúbbnum kom,

þurfti bifreiðarstjórinn að stöðva vegna gangandi fólks. Kom þá maður, sem var að bíða eftir því að komast yfir götuna að bifreiðinni, og sparkaði í vinstra afturbretti hennar. Maður þessi var í brúnum jakka með skinni. Bifreiðarstjórinn kvaddi lögregluna á staðinn. Handtók lögreglan manninn að tilvísun bifreiðarstjórans, en hann var þá kominn að aðaldyrum Klúbbsins. Vitnið sá aldrei framan í manninn og ekki háralit hans né hvort hann var með skegg. Það er öruggt um, að lögreglan handtók sama manninn og sparkaði í bifreiðina og byggir það aðallega á klæðaburði hans.

Vitnið Sævar Sigurhansson kveðst hafa verið farþegi í bifreiðinni R 13040 umrædda nótt. Um klukkan 0200 var bifreiðin á leið fram hjá Klúbbnum. Þurfti bifreiðarstjórinn að stöðva bifreiðina þar vegna gangandi fólks. Þá kom dökkhærður maður með skegg, klæddur brúnum jakka. Virtist sem hann væri óþolinmóður að komast yfir götuna, og sparkaði hann í vinstra afturbretti bifreiðarinnar. Fór hann síðan yfir götuna og að aðaldyrum veitingahússins. Bifreiðarstjórinn kvaddi til lögreglu, sem kom skömmu síðar, og var henni vísað á manninn, sem síðan var handtekinn. Vitnið sá, þegar lögreglan handtók manninn, og var það sami maðurinn, sem sparkaði í bifreiðina. Ekki virtist vitninu hann mikið undir áhrifum áfengis. Vitnið sat í aftursæti bifreiðarinnar í umrætt sinn og tók vel eftir manninum og er visst um, eins og það hefur áður sagt, að maður sá, er lögreglan handtók eftir tilvísun bifreiðarstjórans, var maðurinn, sem sparkaði í bifreiðina.

Vitnið Kristjana Ólöf Fannberg, Þverbrekku 2, Kópavogi, hefur skýrt frá því, að það hafi verið farþegi í leigubifreiðinni R 13040 ásamt Ásu Oddsdóttur o. fl. umrædda nótt. Bifreiðinni var ekið inn Borgartún, um klukkan 0200, fram hjá veitingahúsinu þar. Þegar á móts við það kom, þurfti bifreiðarstjórinn að stöðva vegna umferðar um götuna. Vitnið kveðst hafa heyrt, að högg kom á vinstra afturbretti bifreiðarinnar, og sagði fólkið, sem var í bifreiðinni, að maður hefði sparkað í hana. Vitnið sá, að maður gekk aftur fyrir bifreiðina í þessu áleiðis að veitingahúsinu. Vitnið sá ekki manninn greinilega og treystir sér ekki til að þekkja hann aftur, en enginn annar maður var á ferli þarna við bifreiðina. Vitnið kveður lögregluna hafa verið kvadda á staðinn og handtók hún manninn við veitingahúsið. Vitnið sá manninn ógreinilega og getur ekkert um það sagt, hvort það var sami maðurinn og var við bifreiðina.

Vitnið Hilmar Ólason, Laugarnesvegi 62, kveðst hafa verið á ferð í leigubifreiðinni R 13040 framangreinda nótt ásamt Sævari Sigurhanssyni, Ásu Oddsdóttur og framangreindu vitni. Vitnið sat í framsæti. Þegar komið var að veitingahúsinu Klúbbnum við götuna, þurfti ökumaður bifreiðarinnar að stöðva vegna umferðar. Vitnið veitti athygli manni, er stóð norðan megin götunnar og var að veifa bifreiðum. Þegar bifreiðin kom á móts við hann, heyrði vitnið, að högg kom á vinstra afturbretti, og var strax haft orð á því, að maðurinn hefði sparkað í bifreiðina. Vitnið kveður engan annan mann hafa staðið þarna og geti því ekki annar hafa gert þetta. Maðurinn hljóp í áttina að veitingahúsinu. Veittu Sævar og vitnið honum eftirför. Þegar að húsinu kom, stóð maðurinn upp við það undir skjólhlíf. Þeir fylgdust síðan með manninum, er var kyrr á sama stað, uns lögreglan kom og handtók hann. Vitnið kveðst aldrei hafa misst sjónar af manninum, frá því hann hljóp frá bifreiðinni, uns lögreglan kom á vettvang.

Ákærði Einar Sverrir hefur skýrt frá því, að hann hafi komið að veitingahúsinu Klúbbnum í langferðabíl títtnefnda nótt. Bifreiðin nam staðar norðan Borgartúns. Ákærði kveðst hafa þurft að fara að veitingahúsinu sunnan götunnar. Mikil bifreiðaumferð var um götuna, og gekk hún hægt og stöðvaðist alveg stundum. Ákærði man ekki til þess, að hann hafi þurft að bíða eftir að komast yfir götuna, en kveðst hafa gengið rakleitt yfir. Þegar ákærði var kominn yfir götuna og var á leiðinni að veitingahúsinu, kom maður til hans og bar á hann, að hann hefði sparkað í bifreið hans, er hefði verið á leið um götuna. Ákærði kveðst hafa neitað þessu, enda hafi hann alls ekki gert það og væri um misskilning að ræða. Nokkru síðar kom lögreglan á vettvang og handtók hann. Ákærði kveðst hafa verið lítils háttar með áfengisáhrifum, en muna allt vel, er gerðist. Ákærði mótmælti framburðum vitnanna, er honum voru kynntir.

Með framburði vitnanna í máli þessu þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi sparkað í bifreiðina R 13040 og unnið þau spjöll á henni, er að framan greinir, en áætlaður viðgerðarkostnaður á bifreiðinni er talinn nema kr. 3.500. Varðar þetta atferli ákærða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Guðbjörn Jensson, eigandi bifreiðarinnar, hefur fallið frá skaðabótakröfu á hendur ákærða, enda telji hann þýðingarlaust að gera hana.

Ákæra, dagsett 5. júní 1973.

Þriðjudaginn 13. mars sl., klukkan 0432, hringdi á lögreglustöðina við Dragháls Rúnar Valsson lögreglumaður, Blöndubakka 10. Hann óskaði eftir aðstoð í Lyfjabúð Breiðholts við Arnarbakka vegna manns, er hann væri með í haldi og hefði brotist þar inn.

Lögreglumenn héldu á staðinn. Hittu þeir Rúnar þar, og hélt hann manni, er var í handjárnum. Rúnar kvaðst hafa verið vakandi uppi í rúmi heima hjá sér, er hann heyrði brothljóð. Þegar hann leit út um glugga á heimili sínu, sá hann mann standa við dyr að áðurnefndri lyfjabúð. Hann klæddi sig, tók með sér handjárn og fór strax að lyfjabúðinni. Þegar hann kom þar að, sá hann, að brotin hafði verið stór rúða í hurðinni og mann standa inni í lyfjabúðinni fyrir innan afgreiðsluna. Hann kvaðst hafa farið inn um brotnu rúðuna, sett manninn í handjárn og hringt síðan til lögreglunnar. Maður þessi var Einar Sverrir Einarsson, ákærði í máli þessu. Færði lögreglan hann í fangageymsluna. Hann hafði meðferðis kr. 1.250. Á ákærða fannst ekkert, er gæti verið úr lyfjabúðinni. Lögreglan hafði samband við umráðamann lyfjabúðarinnar, Ingibjörgu Böðvarsdóttur, og kom hún á staðinn. Hún kvaðst ekki sjá, að hreyft hefði verið við neinu inni í lyfjabúðinni.

Vitnið Rúnar Valsson hefur skýrt frá því, að það hafi legið uppi í rúmi heima hjá sér að Blöndubakka 10 þriðjudaginn 13. mars sl., um klukkan 0425, og verið að lesa, er það heyrði brothljóð. Vitninu datt í hug, að verið væri að brjótast inn í Breiðholtskjör. Fór það fram í eldhús og síðan út á svalir íbúðar sinnar til að kanna, hvað um væri að vera. Vitnið kom auga á mann, er stóð við dyrnar á búð í Breiðholtskjöri við Arnarbakka og var að hreinsa glerbrot úr útihurðinni. Maður þessi, sem var í ljósbrúnum kuldajakka, var dökkhærður. Vitnið áleit, að maðurinn væri að fremja innbrot. Kveðst það hafa smeygt sér í buxur og jakka, tekið handjárn og hlaupið út. Þegar vitnið kom á staðinn, sá það, að rúða var brotin í Lyfjabúð Breiðholts. Vitnið gáði inn um opið og sá mann á hreyfingu fyrir innan afgreiðsluborðið. Jafnframt heyrði vitnið glamur í glösum eða öðru þess háttar. Vitnið fór inn um opið á hurðinni, en rak sig í hana um leið, og byrjaði þá þjófabjalla að hringja. Við það tók maðurinn viðbragð, en stóð kyrr og horfði í átt að vitninu. Vitnið stökk yfir afgreiðsluborðið, og kom maðurinn í því á móti því. Vitnið þekkti strax manninn, sem var ákærði Einar Sverrir Einarsson. Vitnið þreif

til ákærða og hélt honum. Ákærði stimpaðist á móti og hugðist koma sér á brott. Vitnið tók þá upp handjárnin og handjárnaði ákærða. Vitnið hringdi að því búnu á lögregluna, en fór svo með ákærða fram fyrir afgreiðsluborðið og lét hann setjast þar. Vitnið kveður ákærða hafa verið undir einhvers konar annarlegum áhrifum, en vínlykt var ekki af honum. Vitnið spurði ákærða, hvað hann hefði verið að gera. Sagði ákærði fyrst, að hann hefði farið þarna inn, af því að sér hefði verið kalt, en síðan breytti hann framburði sínum og sagði, að hann hefði komið að manni, sem var að brjóta rúðuna. Hefði maðurinn hlaupið á brott, en ákærði farið inn í lyfjabúðina til að hringja á leigubifreið. Vitnið telur, að í mesta lagi hafi liðið fimm mínútur, frá því það heyrði brothljóðin og þar til það hafði handtekið ákærða. Vitnið kveður vera öruggt, að það var sami maður, sem það sá hreinsa glerbrotin úr hurðinni, og það handtók síðar inni í lyfjabúðinni, þ. e. ákærði Einar Sverrir. Vitnið kveðst hafa gáð að mannaferðum við Breiðholtskjör, en ekki hafa orðið vart við neinn annan en ákærða, eins og áður greinir.

Ákærði Einar Sverrir hefur skýrt frá því, að hann hafi verið á dansleik í Þórscafé mánudagskvöldið 12. mars sl. Fór hann einn á dansleikinn, en þar hitti hann margt af fólki, sem hann þekkti. Ákærði sat ekki við neitt ákveðið borð, en er líða tók á dansleikinn, hitti hann stúlku, sem sagðist heita Jónína, en vera kölluð Jóna. Hann dansaði við hana og settist síðan við borðið hjá henni. Var hún með einhverju fólki, sem ákærði þekkti ekki og hafði ekki séð áður.

Að dansleik loknum, klukkan 0100, bauð hún ákærða með sér heim. Tóku þau leigubifreið fyrir utan Þórscafé um klukkan 0115, og var ekið heim til hennar í Breiðholtshverfi. Ákærði man ekki, hvar hún á heima þar, en gatan endar á bakki, og var íbúðin á 1. hæð til hægri. Ákærði veit ekki, hvort stúlkan leigir þar eða býr hjá foreldrum sínum, en hann sá engan í íbúðinni. Ákærði var mikið drukkinn. Hann man ekki, hvað hann dvaldist lengi í herberginu hjá stúlkunni, en telur, að það hafi verið um tvær klukkustundir. Þegar hann var að fara þaðan, ætlaði hann að hringja í leigubifreið, en stúlkan sagði, að það væri enginn sími í íbúðinni, svo að hann lagði af stað gangandi. Hann kvaðst vera ókunnugur á þessum slóðum, og þegar hann hafði gengið í nokkurn tíma, kom hann að verslunarhúsum við Arnarbakka. Þar er sund og verslanir beggja vegna. Þegar hann gekk fyrir hornið á götunni inn í sundið, heyrði hann brothljóð. Kveðst hann hafa

séð ljóshærðan mann við eina verslunina þar. Heyrði ákærði í því brothljóð. Sá hann manninn hlaupa út úr sundinu, er hann varð ákærða var. Ákærði kveðst ekki hafa veitt manninum eftirför, en haldið að versluninni. Nam hann staðar fyrir utan hana litla stund, en fór síðan inn í hana um opið á rúðunni. Kveður hann tilganginn hafa verið að hringja á leigubifreið og hafi ætlunin verið að biðja bifreiðarstjórann um að gera lögreglunni viðvart um innbrotið. Ákærði kveðst engin glerbrot hafa hreinsað úr hurðinni, áður en hann fór inn um opið. Geti verið, að hann hafi komið við eitthvað af glerbrotunum í opinu með öxlunum, er hann fór inn, þannig að eitthvað hafi hrunið niður. Ákærði tekur fram, að hann hafi ekki gert sér ljóst, um hvers konar verslun var að ræða, sem hann fór inn í, enda hafi verið skuggsýnt og verslunin lítil. Ákærði fór á bak við afgreiðsluborðið í versluninni til að leita að símanum, en fann hann ekki. Ákærði snerti ekki við neinu þarna inni. Þegar hann hafði verið nokkra stund inni í versluninni, var kallað til hans og hann beðinn að koma að dyrunum. Í því kom maður til ákærða og handjárnaði hann, án þess að ákærði sýndi mótþróa. Ákærði tekur fram, að hann geti ekki gefið neina nánari lýsingu á manni þeim, sem braut rúðuna í apótekinu. Einnig segir ákærði, eins og áður greinir, að hann hafi ekki vitað, um hvers konar verslun var að ræða, sem hann fór inn í, fyrr en við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Ákærði neitar að hafa ætlað að stela neinu í apótekinu. Ákærði minnist þess ekki, að maðurinn, sem tók hann inni í apótekinu, hafi spurt hann, hvað hann væri að gera þar, eða yfirleitt spurt hann neins, enda hafi hann verið mjög æstur og virst mikið fát á honum. Fékk hann því ekki tækifæri til að segja honum frá ljóshærða manninum, sem hann sá þarna og var að brjóta rúðuna. Ákærði treystir sér ekki til að gefa neina lýsingu á þessum ljóshærða manni, sem hann sá. Þó telur hann, að hann hafi verið á hæð við sig, um 178 cm. Var hann klæddur ljósum jakka, en buxurnar voru fremur dökkar. Ákærði sá hann í nokkurri fjarlægð og aðeins stutta stund, því að hann hljóp á brott, um leið og hann varð var við ákærða.

Eins og nú hefur verið rakið, hefur ákærði Einar Sverrir haldið því fram, að hann hafi farið inn í Lyfjabúð Breiðholts til að hringja á leigubifreið, eftir að maður, sem hann ekki þekkir, hafði brotið þar rúðu. Er þessum framburði ákærða hafnað, og telur dómurinn sannað, þegar virt eru málsatvik, að ákærði hafi brotist þarna inn í þjófnaðarskyni.

Varðar þetta atferli ákærða við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eigandi lyfjabúðarinnar hefur ekki haft uppi skaðabótakröfu á hendur ákærða vegna þessa atferlis hans.

Refsing ákærða Einars Sverris þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og með tilvísun til 72. og 255. gr. sömu laga 1 árs fangelsi. Rétt þykir, að gæsluvarðhaldsvist ákærða 27. júní—17. júlí og 22.—29. júlí 1972 og 13.—28. mars 1973, eða alls í 42 daga, komi til frádráttar refsingunni.

Refsing ákærða Tryggva Rúnars þykir hæfilega ákveðin með tilvísun til 72. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 6 mánaða fangelsi. Rétt þykir, að gæsluvarðhaldsvist hans frá 28. júní—18. júlí, 18.—21. júlí og 22.—29. júlí 1972, eða alls í 30 daga, komi til frádráttar refsingunni.

Ákærða Einar Sverri ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, kr. 18.000 í réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun og ákærða Tryggva Rúnar til að greiða Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni kr. 6.000 í réttargæsluþóknun, en annan sakarkostnað þykir rétt, að ákærðu greiði in solidum.

Dómarinn vill að lokum taka fram eftirfarandi:

Mál þetta hefur hann fengið í hendur jafnóðum eftir útgáfu ákæruskjala. Ákærðu hafa sjaldan eða ekki verið að finna, þar sem þeir gefa upp heimilisfang. Hefur sá háttur verið hafður á um ákærða menn, er þannig stendur á með, en þeir skipta oftast nokkrum tugum, að útbúa lista með nöfnum þeirra með vissu millibili og afhenda þá boðunardeild dómsins og rannsóknarlögreglunni. Var svo gert um báða ákærðu, nokkru eftir að ákæran var gefin út á hendur þeim 24. ágúst 1972. Ákærði Einar Sverrir náðist ekki fyrir dóm fyrr en 11. desember sama ár, og var þá tekin af honum skýrsla um sakarefnið í ákærunum frá 24. ágúst og 10. nóvember 1972. Kvaðning á ákærða Tryggva Rúnari bar hins vegar ekki árangur fyrr en 15. mars 1973, og var þá tekin skýrsla af honum um sakarefnið í framangreindum ákærum svo og í ákærunni frá 6. desember 1972. Var ákæran á hendur ákærða Einari Sverri, sem útgefin er 22. mars, þá aðeins ókomin, en skýrsla var tekin af honum út af sakarefni því, er þar greinir hinn 5. næsta mánaðar. Ákærði Einar Sverrir sætti þá rannsókn út af innbroti í þjófnaðarskyni 13. mars í Lyfjabúð Breiðholts. Saksóknari gaf út ákæruskjal á hendur ákærða út af því 5. júní,

en skýrsla af ákærða var tekin um það fyrir dómi 8. sama mánaðar. Ákærði Einar Sverrir var grunaður um þátttöku í innbrotsþjófnaði í Háaleitisapótek aðfaranótt 13. júní sl. og hafði verið úrskurðaður í gæsluvarðhald af þeim sökum. Var ætlunin að bíða eftir ákvörðun saksóknara um þetta. Rannsókn þess máls er enn eigi lokið, og þótti ekki fært að draga mál þetta lengur en þegar var orðið. Þá skal tekið fram, að fá vitnanna í máli þessu mættu á þeim tíma, sem þau voru kvödd fyrir dóm, og tók jafnvel nokkrar vikur að ná til sumra þeirra.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Sverrir Einarsson, sæti fangelsi í 1 ár. Til frádráttar refsingunni komi 42 gæsluvarðhaldsdagar.

Ákærði, Tryggvi Rúnar Leifsson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi 30 gæsluvarðhaldsdagar.

Ákærði Tryggvi Rúnar greiði Sigurði Magnússyni kr. 8.100.

Ákærði Einar Sverrir greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, kr. 18.000 í málsvarnarlaun og ákærði Tryggvi Rúnar greiði Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni kr. 6.000 í réttargæsluþóknun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 21. mars 1975.

Nr. 141/1972. **Sveinn Jónsson**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Læknaráð.

Úrskurður Hæstaréttar.

Hinn 11. febrúar 1970 mat Stefán Guðnason tryggingayfirlæknir örorku áfrýjanda vegna meiðsla, er hann hlaut 9. júlí 1967 og í málinu greinir.

Í vottorði tryggingayfirlæknisins segir svo: „Tekið skal fram, að um 30 árum áður en hér greint slys vildi til, hafði slasaði hlotið brot um olnboga sama handlims, og kann hreyfingartakmörkun sú, sem nú gætir í vinstri olnbogalið, að standa að einhverju leyti í sambandi við fyrra slysið, og er litið á það við ákvörðun hins varanlega örorkumats".

Örorku áfrýjanda mat tryggingayfirlæknirinn þannig:

„Frá slysdegi í 6 mánuði: 100%
Eftir það í 11 mánuði: 75%
Eftir það í 7 mánuði: 50%
Eftir það í 5 mánuði: 30%
Eftir það varanlega: 20%".

Hinn 29. janúar 1975 mat Jón Guðgeirsson læknir örorku áfrýjanda vegna fyrrgreindra meiðsla. Í vottorði læknisins segir svo:

„Slasaði kveðst ekki hafa haft hreyfingarhindrun í vinstri olnbogalið fyrir slysið og í dagálum, sem kannaðir hafa verið og teknir löngu eftir að hann slasaðist á handleggjum 1938, kemur hvergi fram, að hreyfingargeta í vinstri olnbogalið hafi verið skert. Verður því ekki hjá því komist að ályktа, að hreyfingarhindrun sú, sem nú er fyrir hendi í vinstri olnbogalið, sé bein afleiðing af áverka þeim, er hann hlaut 8. júlí 1967".

Ororku áfrýjanda mat læknirinn þannig: „Frá slysdegi í 6

mánuði 100% og eftir það í 11 mánuði 75%, eftir það í 7 mánuði 50%, eftir það varanlega 35%."

Áður en málið er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt með vísan til 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942 að æskja þess, að Læknaráð lýsi áliti sínu á því:

1. Hvort Sveinn Jónsson hafi hlotið tímabundna og varanlega örorku af völdum meiðsla þeirra, er hann hlaut 9. júlí 1967 og í málinu greinir.
2. Verði svo talið, hverju nemi þá tímabundin og varanleg örorka Sveins Jónssonar, sem eingöngu verður rakin til meiðsla þessara.

Ályktarorð:

Læknaráð láti í té álitsgerð samkvæmt framangreindu.

Þriðjudaginn 25. mars 1975.

Nr. 2/1974. **Jón M. Jónsson h/f**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Ursula Key Finanzierungen - Versicherungen
(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. janúar 1974. Krefst hann „frávísunar málsins, til vara sýknu, en til vara heimvísunar, en til þrautar er krafist

skuldajöfnuðar að fullu gagnvart stefnukröfum". Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt fram skjal, þar sem hinn löggilti skjalaþýðandi leiðréttir þýðingu sína á áritun á framhlið skjals þess, sem mál þetta fjallar um. Er hin nýja þýðing svohljóðandi: „Greiðist á sölugengi innheimtubankans fyrir sýningarvíxla á Hamborg á þeim degi, sem víxilgreiðandi býður greiðslu, að viðbættum innheimtukostnaði og stimpilgjaldi (DM 4.20) og 12% ársvöxtum frá 23. júlí 1970 til greiðsludags."

Kröfur sínar rökstyður áfrýjandi þannig fyrir Hæstarétti:

„Um frávísunarkröfu:

Málið áður dæmt í bþm. Reykjavíkur nr. 6050/1971. Málið vanreifað og stefnandi í héraði synjar að koma fyrir dóm og lögmaður hans að leggja fram bréf sitt til stefnanda, dags. 22. 1. 1973.

Um sýknukröfu:

Greiðsluskjalið uppfyllir m. a. ekki skilyrði 1. gr. 2. mgr. vl. og er því ekki víxill. Aðildarskortur. Víxilinn ber skv. efni sínu að greiða inn á bankareikning nr. 28/25321 í Hamburger Sparcasse í Hamborg. Þann reikning á Rudolf Zimmer, en a. m. k. ekki stefnandi í héraði. Málsaðild og framsöl til stefnanda í héraði eru pro forma.

Um heimvísun:

Ef Hæstiréttur telur, að dæma beri málið skv. XIV. kafla víxillaga, þá varðar það heimvísun. Einnig ef rétturinn telur, að heimila beri áfrýjanda þá gagnaöflun, sem krafið er um.

Um skuldajöfnuð:

Stefnandi í héraði er mala fide um lögskipti áfrýjanda og útgefanda víxilsins, og komast gagnkröfur því að í málinu skv. 17., 19. og 20. gr. vl."

Bæjarþingsmál nr. 6050/1971 var höfðað af stefnda gegn Jóni M. Jónssyni, Löngumýri 36, Akureyri, persónulega og f. h. Jóns M. Jónssonar h/f til greiðslu víxils þess, sem um ræðir í máli því, sem hér er til úrlausnar. Hinn 1. febrúar

1972 var kveðinn upp „úrskurður“ í nefndu bæjarþingsmáli, þar sem það var hafið að kröfu stefnanda þess máls samkvæmt 5. tl. 119. gr. laga nr. 85/1936, en stefndu í því máli höfðu krafist frávísunar, þótt þeir síðar féllu frá þeirri kröfu.

„Úrskurði“ þessum var eigi skotið til Hæstaréttar.

Svo sem í héraðsdómi greinir, fullnægir skjal það, sem mál þetta er risið af, formskilyrðum 1. gr. víxillaga nr. 93/1933, sbr. enn fremur 5. gr. og 2. mgr. 41. gr. laganna. Áfrýjandi hefur ekki hnekkt því, að stefndi, sem hefur rétta formlega heimild að víxlinum, sé réttur aðili máls. Hann hefur ekki haft uppi aðrar varnir, sem komið verði að í máli þessu samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón M. Jónsson h/f, greiði stefnda, Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Ursula Key Finanzierungen - Versicherungen, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 50.000, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. desember 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 19. nóvember sl., hefur Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Tjarnargötu 10 D, Reykjavík, höfðað f. h. þýska firmans Ursula Key Finanzierungen-Versicherungen, Neuschöningstadt í Þýskalandi, gegn Jóni M. Jónssyni h/f, Gránufélagsgötu 4, Akureyri, með stefnu, birtri 26. febrúar 1973, til greiðslu skuldar að fjárhæð DM 5.564.76 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 3. nóvember 1970 til greiðsludags, ísl. kr. 200 í afsagnarkostnað auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður og honum dæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara, að stefnandi verði sýknaður að svo stöddu og þá jafnframt til-

dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Þá er þess krafist, að viðurkennd sé gagnkrafa stefnda til skuldajafnaðar að fjárhæð eigi lægri en sem nemur stefnukröfunni og að í því tilviki sé stefnda dæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkvæmt víxli að upphæð DM 5.564.76, útgefnum hinn 23. júlí 1970 af þýska firmanu Rudolf Zimmer, en framseldum af því firma til Hamburger Sparkasse von 1827. Víxill þessi, sem vistaður hafi verið í Landsbanka Íslands, Akureyri, hafi Jón M. Jónsson pr. pr. Jón M. Jónsson h/f samþykkt til greiðslu hinn 3. nóvember 1970, en vegna greiðslufalls hafi víxillinn verið afsagður hinn 5. nóvember s. á. Eftir afsagnargerðina hafi víxillinn að nýju verið framseldur af Hamburger Sparkasse von 1827 til Rudolf Zimmer, en hann hafi framselt víxilinn með áletrun á bakhlið hans aftur til stefnanda máls þessa, en undir því framsali sé svo nafnritun stefnanda.

Stefnandi lýsir í greinargerð sinni áletrunum á bakhlið víxilsins þannig: „Á bakhlið víxilsins eru þessar áletranir: Framsal útgefanda víxilsins til Hamburger Sparkasse von 1827. Þar fyrir neðan kemur innheimtuframsal þess banka til Landsbanka Íslands, en þetta innheimtuframsal er yfirstrikað. Þá kemur afsagnarstimpill bæjarfógetans á Akureyri. Þar fyrir neðan og næst er framsal víxilsins frá Hamburger Sparkasse von 1827. Þar fyrir neðan og næst kemur áletruð yfirlýsing firmans Rudolf Zimmer um, að það hafi selt víxilinn til firmans Ursula Key, en þar næst kemur svo nafnritun firmans Ursula Key. Þegar þetta er athugað, er ljóst, að framsalsröðin er heil og óslitin til umbjóðanda míns . . . “

Rétt er að geta þess, að næst á eftir afsagnarstimpli bæjarfógetans á Akureyri er yfirstrikuð nafnritun firmans Ursula Key og því næst framsal víxilsins frá Hamburger Sparkasse von 1827, eins og getið er í lýsingu stefnanda í greinargerð hér að framan.

Þá tekur stefnandi enn fremur eftirfarandi fram varðandi framsalsröðina á víxlinum: „Það skal fram tekið, að með stefnu, birtri 9. nóvember 1971, höfðaði ég f. h. umbj. m. Ursulu Key mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Jóni M. Jónssyni, persónulega og fyrir hönd Jón M. Jónsson h.f. Var það mál höfðað til greiðslu á hinum sama víxli, sem nú er stefnt til greiðslu á. Eftir þingfestingu þess máls (nr. 6050/1971) tók ég eftir því, að mér hafði yfirsést áður, að framsalsröðin á bakhlið víxilsins var slitin, þannig að útgefandi hafði samþykkt víxilinn til Hamburger Sparkasse von 1827. Síðan framseldi Rudolf Zimmer (útg.) víxilinn til fa.

Ursula Key. Þannig vantaði framsal á víxilinn frá Hamburger Sparkasse von 1827 til firmans Rudolf Zimmer. Af þessum sökum lét ég hefja það mál (nr. 6050/1971), og var það gert með úrskurði uppkv. 1. febr. 1972.

Nú hefur framsalsröðin verið bætt, þannig að hún er nú óslitin og eins og ég hef áður lýst og víxillinn ber sjálfur með sér. Tel ég, að það skipti ekki máli að víxilrétti, þótt framsalsröðin hafi þannig verið lagfærð, enda er það aðeins mál þetta, sem víxilinn eiga, en breytir engu um skyldur samþykkjanda . . . "

Á framhlið umstefnds víxils er rituð „klásúla" svohljóðandi í löggiltri íslenskri þýðingu: „Greiðist á sölugengi innheimtubanka fyrir sýningarvíxla á Hamborg á gjalddaga, að viðbættum innheimtukostnaði og stimpilgjaldi (DM 4.20) ásamt 12% ársvöxtum frá 23. júlí 1970 til greiðsludags."

Stefndi segir eftirfarandi í greinargerð sinni um efni málsins: „Sýknuástæðurnar byggjast í fyrsta lagi á því, að hér sé ekki um að ræða víxilmál í skilningi XVII. kafla einkamálalaganna og beri að sýkna af þeirri ástæðu. Varðandi kröfu um sýknu að svo stöddu er einkum vísað til þeirra málsástæðna, sem fram komu af hálfu stefnda varðandi frávísunarkröfu í máli þessu. Þá er því haldið fram, að víxillinn á dskj. nr. 3 sé gefinn út með ólögmætu skilyrði og beri því þegar að sýkna í málinu, þar eð ekki sé um að ræða lögformlegan víxil af þeim ástæðum og því ekki víxilmál réttilega höfðað.

Þegar bæjarþingsmálið nr. 6050/1971 hafði verið hafið, þá er upplýst í málinu, að lögmaður stefnanda sendi víxilinn til Ursula Key með leiðbeiningum um, með hvaða hætti mætti koma víxli þessum í lag, og jafnframt er upplýst, að þetta hefur gerst síðla árs 1972. Samkvæmt dskj. nr. 20 er ljóst, að stefnandi hefur ætlað sér að halda sér að hinu ólögmæta skilyrði að útgáfunni á víxlinum. Samkvæmt dskj. nr. 21 er ljóst, að minnsta kosti til 15. júní 1971 var Rudolf Zimmer eigandi víxilsins á dskj. nr. 3, þannig að framsalið til Ursula Key getur ekki hafa verið fyrir þann tíma. Gerð er grein fyrir gagnkröfum á dskj. nr. 23, að öðru leyti er áskilinn allur réttur, og málið er lagt í dóm með venjulegum fyrirvara."

Upphaflega krafðist stefndi frávísunar málsins vegna þess, að það væri eigi nægjanlega upplýst af hálfu stefnanda.

Frávísunarkröfu stefnda var hrundið með úrskurði, kveðnum upp 17. október 1973.

Enn fremur var kveðinn upp úrskurður í máli þessu 9. nóvem-

ber sl., þar sem hafnað var frestbeiðni stefnda til vitnaleiðslu og öflunar gagna.

Hinn 19. nóvember sl. fór fram munnlegur flutningur málsins.

Lögmaður stefnanda mótmælti því, að varnarástæður stefnda kæmust að samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936, né heldur heimilaði, að þær kæmust að samkvæmt 209. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að mál þetta sé víxilmál, enda sé dskj. nr. 3 víxill að formi til samkvæmt 1. gr. laga nr. 93/1933.

Framsöl á víxlinum séu í réttri röð óskilorðsbundin. Stefnandi sé því réttur handhafi víxilsins og engar reglur mæli svo fyrir, hvorki í víxillögum né annars staðar, að framsalshafa beri skylda til þess að gera grein fyrir því, hvenær hann hafi fengið víxil framseldan.

Viðurkennt sé í málinu, að tvö síðustu framsölin á víxlinum hafi farið fram eftir afsögn hans. Slíkt breyti engu, þar sem framsalshafi öðlist sama rétt á hendur samþykkjanda og framseljandi hafi átt, hvenær svo sem víxill sé framseldur. Hvergi hafi neitt komið fram um, að stefnandi hafi verið mala fide um viðskipti stefnda og útgefanda víxilsins, firmans Rudolf Zimmer, en bréf stefnanda til lögmanns síns á dskj. nr. 4 bendi til hins gagnstæða.

Ekki séu byggðar neinar kröfur á þeirri „klásúlu", sem skráð sé á framhlið víxilsins um gengi, vexti, innheimtukostnað og stimpilgjald, enda beri að líta á hana sem óskráða samkvæmt 5. gr. laga nr. 93/1933.

Taka verði tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar, að málið hafi tvisvar sinnum verið flutt um formhlið. Enn fremur, að kostnaður við rekstur málsins hafi aukist vegna þýðingar á málsskjölum af þýsku á íslensku.

Af hálfu stefnda er aðallega byggt á því, að mál þetta sé ekki víxilmál í skilningi XVII. kafla laga nr. 85/1936.

Aðdragandi málsins sé sá, að útgefandi víxilsins, firmað Rudolf Zimmer, hafi selt stefnda buxnaefni, sem reynst hafi gallað. Stefndi hafi greitt fyrir efnið með víxlum, þar á meðal þeim, sem um sé deilt í máli þessu. Stefndi hafi tjáð Rudolf Zimmer, eiganda hins samnefnda firma, að hann mundi gera gagnkröfur vegna þessara galla, krefði hann greiðslu víxlanna. Ef synjað yrði um, að þær kæmust að í hugsanlegu víxilmáli eða ekki semdist um þær, mundi stefndi láta leggja löghald á þá fjárhæð, sem Rudolf Zimmer fengi sér tildæmda samkvæmt víxlunum.

Rudolf Zimmer hafi því verið ljóst, sbr. bréf hans til lögmanns

stefnda á dskj. nr. 15, dags. 16. nóvember 1970, að gagnkröfur yrðu hafðar uppi, og enn fremur hafi lögmaðurinn ritað Rudolf Zimmer bréf, dags. 20. nóvember s. á., og bent honum þar á, að lagt yrði löghald á tildæmdar fjárhæðir samkvæmt víxlunum.

Ætlun Rudolf Zimmer hafi verið sú að láta lögmann sinn hér á landi innheimta víxlana, en lögmaður hans hafi vitað um, að löghald yrði lagt á. Þá hafi víxlarnir verið framseldir stefnanda þessa máls í því skyni að komast hjá löghaldi. Stefnanda hafi verið kunnugt um viðskipti stefnda og útgefanda víxilsins og hafi hann því verið mala fide um viðskipti þeirra og því bakað stefnda tjón af ásettu ráði. Stefndi hafi ekki lengur möguleika á því að leggja löghald á dómkröfu samkvæmt víxlinum. Mala fide stefnanda sé sönnuð með skjölum málsins.

Enda þótt stefndi hafi möguleika á því að höfða skaðabótamál í Þýskalandi gegn firmanu Rudolf Zimmer, sé á því sá hængur, að samkvæmt þýskum lögum sé ekki viðurkennt, að tjónþoli skuli fá meiri bætur en nemi heildarverðmæti hins gallaða hráefnis, en ekki vegna vinnu og annars efnis, sem þurfi til framleiðslu vöru eða annars óbeins tjóns.

Framangreint framferði stefnanda geri það að verkum, að samkvæmt 17. gr. laga nr. 93/1933 sé mál þetta ekki víxilmál og eigi því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, enda komist varnir að í málinu samkvæmt nefndri lagagrein, þegar um sé að ræða athæfi eins og að framan er lýst.

Við þetta bætist, að samkvæmt 20. gr. laga nr. 93/1933 sé málið ekki víxilmál, þar sem stefnandi hafi eignast víxilinn við framsal, sem fram hafi farið eftir afsögn, en slíkt framsal sé aðeins almennt kröfuframsal, sem hafi það í för með sér, að framsalshafi öðlist ekki víxilrétt á hendur samþykkjanda.

Verði ekki fallist á sýknu, þá beri að viðurkenna gagnkröfu til skuldajafnaðar eigi lægri en nemi stefnukröfunni, en tjón það, sem stefndi hafi orðið fyrir í viðskiptum sínum við firmað Rudolf Zimmer nemi ísl. kr. 922.135 auk vaxta. Gagnkrafa þessi sé m. a. byggð á skoðunargerð, sem fram hafi farið á hinu gallaða efni, sbr. dskj. nr. 23. Verði ekki fallist á rétt stefnda til skuldajafnaðar né heldur að sýkna beri hann alfarið af kröfum stefnanda, eigi að sýkna hann að svo stöddu, þar til honum hafi gefist kostur á því að upplýsa eða stefnandi upplýsi málið frekar í samræmi við 105., 106., 114., 115. og 116. gr. laga nr. 85/1936.

Þá eigi það enn fremur að leiða til sýknu, að víxillinn hafi verið sendur til samþykkis stefnda í Landsbanka Íslands á Akureyri

útgefinn á ólögmætan hátt, þar sem á hann sé skráð af útgefanda skilyrði um gengi og vaxtagreiðslur og gildi einu, þótt ekki séu gerðar kröfur samkvæmt þessum skilyrðum.

Stefnandi hefur höfðað mál þetta sem víxilmál. Eins og síðar verður vikið að, er það réttilega höfðað sem slíkt. Stefnandi hefur ekki heimilað stefnda að hafa uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar í máli þessu. Gagnkrafa stefnda er þess eðlis, að hún kemst ekki að í málinu samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936.

Ljóst er, að sama máli hefði gegnt, þótt útgefandi víxilsins hefði höfðað mál út af víxlinum gegn stefnda.

Verður ekki séð, að framsal víxilsins skipti máli um það, hvort varnir stefnda komist að í málinu eða ekki.

Möguleiki stefnda til þess að leggja löghald á tildæmda fjárhæð samkvæmt víxlinum eða ekki verður eigi talinn skipta neinu um úrslit þessa máls.

Viðurkennt er í máli þessu, að tvö síðustu framsölin á víxlinum fóru fram eftir afsögn hans, enda ber víxillinn það með sér.

Enda þótt víxillinn hafi verið framseldur stefnanda þessa máls eftir afsögn, kemur það ekki í veg fyrir, að stefnandi geti sem framsalshafi rekið mál út af víxlinum gegn stefnda sem víxilmál.

Krafa stefnda um sýknu að svo stöddu byggist á því, að nauðsyn beri til að stefnda gefist kostur á eða stefnandi upplýsi mál þetta enn frekar í samræmi við 105., 106., 114., 115. og 116. gr. laga nr. 85/1936.

Ákvæði 2. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936 þykir ekki taka til tilvika af því tagi, sem að framan er lýst, og verður krafa stefnda um sýknu að svo stöddu ekki tekin til greina.

Áritun sú, sem er á framhlið víxilsins um gengi, greiðslu vaxta, innheimtukostnaðar og stimpilgjalds, þykir í engu hagga gildi víxilsins.

Að framansögðu athuguðu verður fallist á það með stefnanda, að dskj. nr. 3 fullnægi þeim skilyrðum, sem lög nr. 93/1933 setja um gildi víxla.

Mál þetta er víxilmál, og má því reka það samkv. XVII. kafla laga nr. 85/1936. Gagnkröfur stefnda komast ekki að í málinu. Varnarástæður þær, sem stefndi hefur haft uppi, komast ýmist ekki að í málinu eða eru þýðingarlausar.

Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda í máli þessu teknar til greina. Málskostnaður verður lagður á stefnda og þykir hæfilega ákveðinn kr. 45.000.

Friðgeir Björnsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jón M. Jónsson h/f, greiði stefnanda, Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. firmans Ursula Key Finanzierungen-Versicherungen, DM 5.564.76 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 3. nóvember 1970 til greiðsludags, kr. 200 í afsagnarkostnað og kr. 45.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 25. mars 1975.

Nr. 71/1973. **Magnús Leópoldsson**
(Jóhann Steinason hrl.)
gegn
Bjarna Th. Mathiesen og
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
Bjarni Th. Mathiesen
gegn
Magnúsi Leópoldssyni og
Hrafni Bachmann og
(Guðmundur Pétursson hrl.)
Hrafn Bachmann
gegn
Magnúsi Leópoldssyni og
Bjarna Th. Mathiesen.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Bifreiðar. Lausafjárkaup. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, Magnús Leópoldsson, áfrýjaði máli þessu með stefnu 11. maí 1973. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda Bjarna Th. Mathiesens, en til vara, að honum verði aðeins dæmt að greiða nefndum gagnáfrýjanda 36.540 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi hans.

Gagnáfrýjandi Bjarni Th. Mathiesen áfrýjaði máli þessu með stefnu 15. maí 1973. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að aðaláfrýjandi og gagnáfrýjandi Hrafn Bachmann verði dæmdir til að greiða sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Hrafn Bachmann áfrýjaði máli þessu með stefnu 7. september 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. ágúst s. á. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda Bjarna Th. Mathiesens og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti.

Af hálfu aðaláfrýjanda, Magnúsar Leópoldssonar, eru ekki gerðar kröfur á hendur gagnáfrýjanda Hrafni Bachmann, og af hálfu gagnáfrýjanda Hrafns Bachmanns eru ekki hafðar upp kröfur gegn aðaláfrýjanda, Magnúsi Leópoldssyni.

Í héraði var Svava Ingvarsdóttir meðal stefndu í málinu, en málinu er eigi áfrýjað, að því er hana varðar.

Í héraðsdómi greinir frá dómsmáli því, er Hilmar Ólafsson höfðaði gegn gagnáfrýjanda Bjarna Th. Mathiesen, og úrslitum þess. Samkvæmt bréfi Bifreiðaeftirlits ríkisins 19. desember 1969 var bifreið sú, sem málið fjallar um, skráð sem árgerð 1955 á skrám Bifreiðaeftirlitsins allt frá fyrstu skráningu bifreiðarinnar hér á landi, uns Svava Ingvarsdóttir afsalaði henni til gagnáfrýjanda Hrafns 11. mars 1966. Við þá umskráningu var bifreiðin fyrsta sinni skráð sem árgerð 1957. Í áðurgreindu bréfi er þetta talið hafa stafað af misritun. Í afsali gagnáfrýjandans Hrafns til aðaláfrýjanda er bifreiðin skýrum orðum sögð vera af árgerð 1957. Hefur Hrafn viðurkennt, að hann hafi vitað, að þetta var rangt og að honum hafi verið kunnugt um hina réttu árgerð bifreiðarinnar svo og að hann hafi vitað, að árgerð hennar var rangt skráð í skrár Bifreiðaeftirlitsins. Með framangreindu atferli hefur gagnáfrýjandinn Hrafn orðið valdur að því, að gagnáfrýjanda Bjarna var seld bifreiðin sem árgerð 1957, og hefur hann með því bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart honum. Hann hefur engum andmælum hreyft gegn fjárhæð bótakröfunnar, og verður hún því tekin til greina að fullu.

Aðaláfrýjandi hefur synjað fyrir að hafa vitað annað en að rétt væri greint frá árgerð bifreiðarinnar í afsali gagnáfrýjanda Hrafns til sín. Hrafn telur aðaláfrýjanda hins vegar hafa verið fullkunnugt um hið rétta í því máli. Hér stendur staðhæfing gegn staðhæfingu. Frásögn gagnáfrýjandans Hrafns, vætti Gunnars Gunnarssonar eða önnur gögn máls verða ekki talin veita fulla sönnun fyrir því, að skýrsla aðaláfrýjanda um þetta sé röng. Hefur gagnáfrýjandi Bjarni því ekki sannað, að aðaláfrýjandi hafi vísvitandi blekkt hann um árgerð bifreiðarinnar, er hann seldi honum hana. Frestur samkvæmt 54. gr. laga nr. 39/1922 var löngu liðinn, þegar

gagnáfrýjandi Bjarni tilkynnti aðaláfrýjanda um málssókn Hilmars Ólafssonar gegn sér 28. janúar 1970, og undantekningarákvæði nefndrar greinar eiga samkvæmt framansögðu ekki við. Verður því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda Bjarna.

Rétt er, að gagnáfrýjandi Hrafn greiði gagnáfrýjanda Bjarna 60.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í þætti aðaláfrýjanda fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Magnús Leópoldsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda Bjarna Th. Mathiesens í máli þessu, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þeirra í milli fellur niður.

Gagnáfrýjandi Hrafn Bachmann greiði gagnáfrýjanda Bjarna Th. Mathiesen 116.300 krónur með 7% ársvöxtum frá 11. mars 1970 til greiðsludags og 60.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. mars 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. febrúar 1973, hefur Bjarni Th. Mathiesen, Hraunbæ 54, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. mars 1970, á hendur Magnúsi Leópoldssyni Rofabæ 45, Reykjavík, Hrafni Bachmann, Geitlandi 35, Reykjavík, og Svövu Ingvarsdóttur, Bólstaðarhlíð 11, Reykjavík, til greiðslu in solidum á kr. 116.300 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 11. mars 1970 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu að mati dómsins.

Af hálfu stefnda Magnúsar Leópoldssonar eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins voru þær varakröfur gerðar af hálfu stefnda Magnúsar, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnanda kr. 36.540 með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1970 til greiðsludags og málskostnaður látinn falla niður.

Af hálfu stefndu, Svövu Ingvarsdóttur, eru þær dómkröfur gerðar, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað eftir mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins voru þær dómkröfur gerðar af hálfu Hrafns Bachmanns, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að með afsali, dags. 29. apríl 1966, hafi hann keypt bifreiðina Y 779 af stefnda Magnúsi Leópoldssyni, sem þá hafi búið að Hlíðarvegi 33, Kópavogi. Við umskráningu hafi bifreiðin fengið skrásetningarnúmerið R 12557. Í afsali þessu segi m. a.:

„Ég undirritaður, Magnús Leópoldsson, Hlíðarvegi 33, Kópavogi, sel hér með og afsala Bjarna Th. Mathiesen, Bragagötu 33, Reykjavík, bifreið mína Y 779, sem er Mercedes Benz, smíðaár 1957."

Með afsali, dags. 16. desember 1967, kveðst stefnandi síðan hafa selt bifreiðina Hilmari Ólafssyni, Arnarhrauni 29, Hafnarfirði, með sömu lýsingu á gerð og aldri bifreiðarinnar og lýst hafi verið í afsalinu til hans. Með stefnu, dags. 21. júní 1968, hafi Hilmar Ólafsson höfðað mál gegn stefnanda þessa máls og krafist riftunar á bifreiðarkaupunum, þar sem bifreiðin væri raunverulega af árgerðinni 1954, en ekki 1957, eins og lýst hafði verið. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, sem upp hafi verið kveðinn 21. febrúar 1970, hafi riftun verið staðfest og stefnandi þessa máls, Bjarni Th. Mathiesen, dæmdur til að greiða Hilmari Ólafssyni kaupverð bifreiðarinnar ásamt kostnaði hans með kr. 71.540, vexti af skuldinni, sem á stefnudegi hafi numið kr. 11.260, og kr. 13.500 í málskostnað. Þá nemi kostnaður stefnanda af málinu kr. 20.000. Alls nemi kostnaður stefnanda af máli þessu því samkvæmt framanrituðu kr. 116.300, sem sé stefnukrafan í máli þessu. Samkvæmt bréfi Bifreiðaeftirlits ríkisins, dags. 19. desember 1969, kveður stefnandi stefnda Magnús Leópoldsson hafa keypt bifreiðina af stefnda Hrafni Bachmann 13. apríl 1966, en Hrafn af stefndu Svövu 11. mars 1966. En allt frá því að Svava hafi selt Hrafni bifreiðina hinn 13. apríl 1966, sé hún í skjölum Bifreiðaeftirlits ríkisins ranglega talin árgerð 1957. Ekki kveður stefnandi hafa komið fram í máli Hilmars gegn sér, hvernig aldri bifreiðarinnar hafi verið lýst í afsölum milli þessara aðilja, en er eiginmaður Svövu hafi mætt fyrir dómi 30. janúar 1970, hafi hann upplýst,

að hann hafi vitað, að bifreiðin var ekki af árgerðinni 1957. Kveður því stefnandi dómkröfur í máli þessu þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að bæta honum tjón hans í viðskiptum þessum, enda megi telja víst, að þeim hafi verið kunnugt um raunverulegan aldur bifreiðarinnar, er áðurgreindar sölur hafi farið fram. Stefnandi kveður hinum stefndu hafa verið tilkynnt með bréfi, dags. 28. janúar 1970, um rekstur málsins gegn stefnanda þessa máls samkvæmt ákvæðum 52. gr. laga nr. 85/1936.

Aðiljayfirheyrslur og vitnaleiðslur hafa farið fram í máli þessu.

Stefnandi málsins, Bjarni Th. Mathiesen, hefur komið fyrir dóm og staðfest þar málavaxtalýsingu í stefnu á dskj. nr. 1 með þeirri leiðréttingu, að númer umræddrar bifreiðar hafi verið R 12057, en ekki R 12557.

Stefndi Magnús Leópoldsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi í máli þessu, að hann hafi keypt umrædda bifreið af Hrafni Bachmann og hafi hún þá haft skrásetningarnúmerið R 13364. Kveður stefndi Magnús Hrafn hafa gefið þær upplýsingar, að hún væri af árgerðinni 1957, enda hafi það komið fram í öllum plöggum varðandi bifreiðina, að svo væri, m. a. í skoðunarvottorði hennar, enda kveður stefndi Magnús verð bifreiðarinnar hafa verið miðað við það. Stefndi Magnús kveður Bílasölu Guðmundar að Bergþórugötu hafa haft umrædda bifreið til sölu, en hún hafi þó ekki gengið frá samningum, er stefndi keypti bifreiðina af Hrafni. Stefndi Magnús kveðst hafa verið starfsmaður Hrafns Bachmanns, er umrædd bílakaup áttu sér stað, og hafi þeir gengið frá samningum sín á milli. Hann kveðst síðan hafa látið skrá bifreiðina á sitt nafn og hafi hún þá hlotið skrásetningarnúmerið Y 779 og hafi þá m. a. verið gefið út skoðunarvottorð og í því hafi bifreiðin verið áfram af árgerð 1957. Stefndi Magnús kveðst hafa átt bifreiðina í rúman mánuð og þá selt hana stefnanda í máli þessu, Bjarna Th. Mathiesen, og hafi Aðalbílasalan annast fyrir sig sölu bifreiðarinnar. Stefndi Magnús kveður bifreiðina hafa reynst ágætlega miðað við aldur, á meðan hann átti hana. Hann kveðst hafa tekið umrædda bifreið sem greiðslu upp í aðra, sem hann hafi selt Hrafni Bachmann, og kveðst stefndi ekki hafa hugsað sér að eiga þessa bifreið lengi, enda hafi hann ekki talið það hagkvæmt fyrir sig að eiga svona stóra bifreið. Stefndi Magnús kveðst ekki muna örugglega, fyrir hvaða verð hann hafi selt stefnanda bifreiðina, en telur þó, að það hafi verið yfir kr. 100.000.

Í hinu sama þinghaldi upplýsti stefnandi, að hann hefði keypt bifreiðina af stefnda Magnúsi á kr. 130.000, þannig að hann hafi

látið hann hafa Volkswagen bifreið, árgerð 1963, upp í verðið og síðan samþykkt tvo víxla að fjárhæð kr. 25.000 hvorn, en verð Volkswagen bifreiðarinnar hafi verið metið á kr. 80.000, en á afsalið hafi verið skrifað kr. 100.000. Stefndi Magnús telur, að þetta muni rétt vera, eftir því sem hann best man.

Stefndi Hrafn Bachmann hefur komið fyrir dóm í máli þessu og staðfest þar efni bréfs síns á dskj. nr. 18. Tekur hann fram, að Mercedes Benz bifreið þá, sem um ræðir í bréfinu á dskj. nr. 18, hafi hann aðeins átt í tvo daga, þar til Magnús Leópoldsson hafi keypt bifreiðina, en Magnús hafi átt bifreiðina í tæpan mánuð, fyrst látið skrá hana á sitt nafn, áður en hann seldi hana.

Vitnið Gunnar Gunnarsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi í máli þessu, að hann hafi verið starfsmaður Hrafns Bachmanns á þeim tíma, sem umrædd bílaviðskipti hafi átt sér stað. Vitnið kveður vera rétt frá skýrt í bréfi stefnda Hrafns á dskj. nr. 18, eftir að efni bréfsins hafði verið kynnt vitninu. Kveður vitnið, að þeir hafi allir vitað, að Mercedes Benz bifreiðin var árgerð 1955, og kveðst vitnið hafa sagt það við Magnús Leópoldsson, að hann teldi það rangt af honum að selja bílinn sem árgerð 1957. Vitnið kveðst telja, að ástæðan fyrir því, að Magnús Leópoldsson hafi sett þau skilyrði fyrir því, að hann keypti Mercedes Benz bifreiðina, að hún yrði skráð árgerð 1957, hafi verið sú, eftir því sem Magnús hafi sjálfur sagt vitninu, að þá væri betra að selja bifreiðina. Kveðst vitnið hafa heyrt Magnús segja þetta, er þeir ræddu saman á Bílasölu Guðmundar á Bergþórugötu, og einnig hafi hið sama komið fram, er þeir ræddu um þetta vitnið og Magnús ásamt Hrafni Bachmann. Vitnið kveðst aldrei hafa heyrt Kristin Ólason skýra frá því, að bifreiðin væri skráð 1957 í Bifreiðaeftirlitinu, og kveðst vitnið ekkert hafa fylgst með viðræðum, sem áttu sér stað við Kristin í sambandi við fyrrnefnda bifreið. Hins vegar kveðst vitnið telja, að vitneskja um það, að bifreiðin væri skráð árgerð 1957, en væri í rauninni 1955, hafi verið komin frá Kristni Ólasyni til þeirra Hrafns Bachmanns og Magnúsar Leópoldssonar.

Vitnið Hörður Jónsson bifreiðaeftirlitsmaður hefur skýrt svo frá fyrir dómi í þessu máli, að Kristinn Ólason hafi komið með Mercedes Benz bifreið til skoðunar. Segir vitnið sig minna endilega, að misræmi væri á milli skoðunarvottorðs bílsins og lögskráningar bílsins í Bifreiðaeftirlitinu um árgerð hans, þannig að búið hafi verið að breyta árgerðinni í skoðunarvottorðinu, að því er vitnið minnir. Kveðst vitnið þó ekki þora að fullyrða neitt

um þetta. Segir vitnið sig endilega minna, að það hafi sent Kristin inn í Ræsi til að fá staðfestingu á því, af hvaða árgerð bíllinn væri. Vitnið kveðst telja víst, að ef Kristinn Ólason hafi beðið um, að skoðunarvottorðinu væri breytt til samræmis við lögskráningarkort bifreiðarinnar, þá hafi það verið gert.

Kristinn Ólason, eiginmaður stefndu, Svövu Ingvarsdóttur, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi selt umrædda Mercedes Benz bifreið á kr. 100.000 fyrir hönd konu sinnar. Aðspurður kveðst hann ekki hafa orðið var við sérstakan áhuga hjá Hrafni Bachmann á umræddum bíl vegna þess, að hann væri skráður árgerð 1957. Kristinn kveður það hafa verið alllöngu áður en hann seldi bílinn, sem hann talaði við Hörð Jónsson um að leiðrétta árgerð bílsins í skoðunarvottorðinu í árgerð 1955, en í skoðunarvottorði því, sem fylgt hafi bílnum, þegar kona hans hafi keypt hann frá Akranesi, hafi hann verið skráður árgerð 1957. Kristinn segir, að þegar hann seldi bílinn, hafi verið tilgreint í skoðunarvottorði hans, að hann væri af árgerðinni 1955.

Stefndi Hrafn Bachmann, sem kom aftur fyrir dóm í hinu sama þinghaldi og Kristinn Ólason, kvaðst ekki þora að fullyrða um það, hvort skoðunarvottorð hafi fylgt bílnum, þegar hann hafi keypt hann. Hann tekur og fram, að hann hafi heyrt sölumann, Baldur Guðmundsson, á Bílasölu Guðmundar segja, að margumræddur Mercedes Benz bíll gæti ekki verið af árgerð 1957, heldur hlyti hann að vera eldri vegna þess, að gerð hurðarhúnanna benti til þess. Ekki kvaðst Hrafn muna, hvort Magnús heyrði þessi ummæli sölumannsins, en hann kveður sig minna, að hann hafi sagt Magnúsi frá þessu.

Við endurupptöku málsins í héraði vegna ómerkingar Hæstaréttar og heimvísunar á áður uppkveðnum héraðsdómi í því kom stefndi Hrafn Bachmann að nýju fyrir dóm. Kvaðst hann þá að gefnu tilefni ekki muna, hvort hann hefði undirritað afsal eins og það, sem fyrir liggur í ljósriti á dómsskj. nr. 20 í málinu, en hins vegar kvað hann undirskriftina þannig, að hann gæti hafa gert það. Tók hann fram, að þó að afsalseyðublaðið væri áprentað Bílasölu Guðmundar, hafi sú bílasala ekkert haft með umræddu sölu að gera á þeim bíl, sem tilgreindur sé í afsalinu, né heldur á Opelnum, sem hann hafi keypt af Magnúsi Leópoldssyni. Stefndi Hrafn tekur og fram, að hann hafi átt ca 15-17 bíla og eigi hann afsal fyrir þeim öllum nema þessum á dómsskj. nr. 20. Einnig tekur hann fram, að vera megi, að hann hafi undirritað afsal þetta „in blanco“ og átt að fá afsalið, þegar búið væri að útfylla

það, en ekki fengið það. Sem nánari skýringu á því, hvað stefndi eigi við með „opnu afsali", eins og hann einnig nefndi það, skýrði hann svo frá, að þegar hann hafi undirritað afsalið, kunni að hafa verið óráðið, hver kaupandinn yrði af Magnúsi Leópoldssyni, en hann hafi ætlað að selja bílinn strax aftur, þannig að bíllinn færi aldrei á nafn hans (þ. e. Magnúsar). Kvað stefndi Hrafn að gefnu tilefni þennan hátt hafa verið á hafðan, væntanlega í þeim tilgangi, að Magnús kynni þá að sleppa við greiðslu aðstöðugjalds eða einhverja skatta af sölunni. Einnig kvað stefndi Hrafn, að það skilyrði af hálfu Magnúsar fyrir því, að hann keypti bifreiðina, að hún væri skrásett árgerð 1957, hafi hann væntanlega sett í þeim tilgangi, að hann gæti þá selt bifreiðina á hærra verði en ella. Stefndi Hrafn kvað Magnúsi Leópoldssyni hafa verið kunnugt um, að bifreiðin væri árgerð 1955, áður en hann (stefndi Hrafn) keypti hana af Svövu Ingvarsdóttur. Að gefnu tilefni kvaðst stefndi Hrafn munu hafa sagt í áheyrn stefnda Magnúsar Leópoldssonar, að margumrædd bifreið væri árgerð 1955, en ekki 1957, en sjálfur kvaðst stefndi Hrafn hafa haft það eftir Kristni Ólasyni, enda hafi þeir beinlínis rætt um þetta stefndi Hrafn og stefndi Magnús, því að það hafi verið svo óvenjulegt, að slíkt sem þetta kæmi fyrir. Stefndi Hrafn hafi enn fremur skýrt svo frá, að kaup Magnúsar á Benz bifreiðinni hafi verið lykillinn að viðskiptunum við Kristin (Svövu) og kaupum stefnda Hrafns á Opel bifreið Magnúsar, en að öðru leyti kveðst hann ekki hafa haft fjárhagslegan ávinning af söluhagnaði Magnúsar.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að hann hafi með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 21. febrúar 1970, orðið að þola riftun, eftir að hann seldi Hilmari Ólafssyni umrædda bifreið, vegna þess að hún reyndist vera af árgerð 1954, en ekki 1957, eins og talið var í afsali, og endurgreiða Hilmari kr. 71.540. Eigi hann því endurkröfurétt á hendur hinum stefndu á fjárhæð þessari að viðbættum vöxtum og kostnaði, eða samtals á kr. 116.300, sem er stefnufjárhæðin, enda virðist ljóst, að svikum hafi verið beitt í einhverju afsali hinna stefndu og beri því nauðsyn til að höfða málið gegn öllum hinum stefndu til að fá úr því skorið, hvert þeirra beri ábyrgð á tjóni því, sem hann hafi orðið fyrir.

Stefndi Magnús Leópoldsson styður hins vegar sýknukröfu sína þeim rökum, að honum hafi verið sagt, er hann keypti umrædda bifreið, að hún væri árgerð 1957, enda skráð svo í skoðunarvottorði hennar, hafi hann því ekki haft minnsta grun um, að

ársgerð hennar væri önnur, auk þess hafi meira en tvö ár liðið frá því hann seldi bifreiðina og þar til kvartað hafi verið yfir því, að ársgerð hennar væri ekki rétt skráð í skoðunarvottorðinu. Enn fremur var af lögmanni stefnda Magnúsar Leópoldssonar við munnlegan flutning málsins sú málsástæða tilgreind til frekari rökstuðnings sýknukröfu, að stefndi Magnús hafi eigi verið orðinn fjárráða, er hann seldi stefnanda bifreið þá, sem mál þetta er risið af, og sé hann því eigi skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda af þeim sökum.

Varakröfu sína styður stefndi Magnús Leópoldsson þeim rökum, að honum beri, ef sýknukrafa verði ekki tekin til greina, aðeins að greiða höfuðstól þeirrar dómkröfu, sem stefnanda málsins var með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 21. febrúar 1970, gert að greiða, eða kr. 71.540, að frádregnu andvirði bifreiðarinnar, sem hann kveður hæfilega metið á kr. 35.000. Sé varakrafa hans í málinu þannig fundin út.

Af hálfu stefnda Hrafns Bachmanns er sýknukrafa hans studd þeim rökum, að hann eigi ekki aðild að þessu máli, þar sem hann hafi ekki komið nærri þeirri sölu, sem mál þetta sé risið af.

Af hálfu stefndu, Svövu Ingvarsdóttur, er og sýknukrafa hennar á því reist, að hún eigi ekki aðild að þessu máli. Á milli hennar og stefnanda hafi aldrei verið neitt réttarsamband og hún hafi aldrei átt nein viðskipti við stefnanda þessa máls um bifreiðina, sem mál þetta sé risið af.

Stefnda, Svava Ingvarsdóttir, hafði ekki nein afskipti af sölu margumræddrar bifreiðar, R 12057, til stefnanda og hefur því ekkert réttarsamband stofnast milli hennar og hans. Ekki verður heldur af gögnum málsins ráðið, að hún hafi tekið þátt í því að villa um fyrir einum eða neinum um ársgerð bifreiðarinnar, nema síður væri. Á hún því ekki aðild að þessu máli, og ber þess vegna að sýkna hana af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður, að því er stefndu Svövu varðar.

Gegn mótmælum stefnanda þykja eigi efni til að taka til greina þá sýknuástæðu stefnda Magnúsar Leópoldssonar, að hann verði eigi krafinn skaðabóta í máli þessu vegna fjárræðisskorts, er kaupin gerðust um bifreið þá, sem um ræðir í máli þessu, þar sem málsástæða þessi var fyrst uppi höfð við munnlegan flutning málsins 21. júní 1971, enda þótt fæðingarvottorð hans væri lagt fram í þinghaldi 17. febrúar 1971. Verður því málsástæða þessi að teljast of seint fram komin, enda hefði honum verið í lófa

lagið, og lá enda beinast við, að koma slíkri málsástæðu að þegar í upphafi máls í greinargerð sinni. Benda má og á, að mál þetta er fyrst höfðað löngu eftir að stefndi Magnús hafði náð lögræðisaldri.

Er stefndi Magnús Leópoldsson seldi stefnanda umrædda bifreið, þykir í ljós leitt með vitnaframburði og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, að honum hafi verið kunnugt um, að árgerð umræddrar bifreiðar var þremur árum eldri en hún var talin vera í afsali til stefnanda, er sala fór fram. Stefndi Magnús átti bifreiðina aðeins mjög stuttan tíma, þar til hann seldi hana stefnanda þessa máls fyrir allmiklu hærri fjárhæð en hann keypti hana á. Þykir þetta framferði stefnda Magnúsar hafa verið með þeim hætti, að hann sé fébótaábyrgur gagnvart stefnanda málsins vegna þess tjóns, sem stefnandi hefur hlotið af því, að umrædd bifreið var seld honum sem árgerð 1957 í stað 1954 eða 1955, eins og hún var í raun og veru, sbr. 42. gr. laga nr. 39/1922 og 54. gr. sömu laga i. f.

Stefndi Hrafn Bachmann hefur viðurkennt, að honum hafi verið kunnugt um, að umrædd bifreið var árgerð 1955, en ekki 1957. Einnig hefur hann í afsali sínu til meðstefnda Magnúsar Leóopoldssonar, sbr. dómsskj. nr. 20, sagt bifreiðina vera árgerð 1957, enda þótt honum væri kunnugt um, að það var ekki rétt. Þykir stefndi Hrafn með þessu hafa átt þátt í að blekkja viðsemjanda stefnda Magnúsar og því vera fébótaábyrgur gagnvart stefnanda þessa máls ásamt með Magnúsi Leópoldssyni. Eigi hefur tekist að upplýsa í málinu, hvor átt hefur upptökin að margumræddri skekkju, að því er til árgerðar bifreiðarinnar tekur.

Lögmaður stefnanda hefur lýst því yfir við munnlegan flutning málsins, að bifreið sú, sem mál þetta er risið af, hafi verið ónýt, er stefnandi fékk hana í hendur, eftir að kaupunum við hann hafði verið riftað. Þessari staðhæfingu hefur ekki sérstaklega verið mótmælt af hálfu hinna stefndu.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, verður því niðurstaða málsins sú, að dæma beri stefndu Magnús Leópoldsson og Hrafn Bachmann in solidum til að greiða stefnanda tjón hans af margnefndum viðskiptum.

Eins og rakið er að framan, varð stefnandi fyrir sérstökum útgjöldum vegna riftunarmáls, sem var undanfari þessa máls, og þykir hann eiga rétt til endurheimtu þess kostnaðar í máli þessu. Sá kostnaður nam samtals kr. 44.760. Söluverð bifreiðarinnar nam kr. 71.540. Nemur því samanlagt tjón stefnanda kr. 116.300,

sem er stefnukrafan í málinu. Engin rökstudd mótmæli hafa komið fram gegn réttmæti fjárhæðar, og ber því að taka hana til greina að fullu. Þá ber og að dæma stefndu Magnús og Hrafn in solidum til að greiða stefnanda vexti af framangreindri fjárhæð, sem þykja hæfilega ákveðnir 7% ársvextir frá 11. mars 1970 til greiðsludags, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Sigurgesti Guðjónssyni bifvélavirkjameistara og Haraldi Þórðarsyni bifreiðasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefnda, Svava Ingvarsdóttir, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda Bjarna Th. Mathiesens í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður, að því er hana varðar.

Stefndu, Magnús Leópoldsson og Hrafn Bachmann, greiði in solidum stefnanda kr. 116.300 með 7% ársvöxtum frá 11. mars 1970 til greiðsludags og kr. 20.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. mars. 1975.

Nr. 179/1973. **Landflutningar h/f**
(Tómas Gunnarsson hdl.)
gegn
Osta- og smjörsölunni s/f
(Grétar Haraldsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Farmflutningar. Fylgibréf. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 25. maí 1972, en útivistardómur gekk í því 3. desember 1973. Áfrýjandi áfrýjaði þá málinu að nýju með stefnu 10. s. m. samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þeirra á meðal afrit bréfs stefnda til áfrýjanda 17. janúar 1968. Krefur stefndi áfrýjanda í því bréfi um greiðslu á kr. 69.887.04 vegna vörusendinga þeirra, sem um er fjallað í málinu og áfrýjandi hafði afhent án framvísunar frumrits fylgibréfa.

Áfrýjandi veitti viðtöku til flutnings varningi þeim, sem í málinu greinir. Hefur hann ekki vefengt, að hann sé réttur aðili málsins, þó að annar nafngreindur aðili annaðist flutning vörusendinganna frá Reykjavík til Seyðisfjarðar.

Telja verður, svo sem gert er í hinum áfrýjaða dómi, að samkomulag hafi verið með málsaðiljum um það, að flytjandi afhenti ekki vörurnar í hendur viðtakanda, Kaupfélagi Austfjarða, nema gegn framvísun frumritsins. Var þetta til

þess gert, að stefndi gæti fengið kaupverð þeirra greitt með því að senda viðtakanda fylgibréfin ásamt vörureikningum gegn póstkröfu.

Áfrýjandi heldur því fram í máli þessu, að umrætt samkomulag hafi verið óskuldbindandi fyrir sig, með því að í fyrri viðskiptum aðilja hafi vörur, sem stefndi sendi Kaupfélagi Austfjarða, verið fengnar viðtakanda í hendur, án þess að póstkröfur væru greiddar og frumritum fylgibréfa framvísað. Um þetta hafi áfrýjanda hins vegar verið ókunnugt. Staðhæfingar áfrýjanda um vitneskju stefnda um þetta atriði eru ósannaðar. Hefur áfrýjandi ekki hnekkt því, að áðurgreint samkomulag hafi verið skuldbindandi fyrir sig. Afhending varanna til viðtakanda, án þess að frumritum fylgibréfanna væri framvísað, var brot á greindu samkomulagi og varðar áfrýjanda skaðabótum til stefnda fyrir tjón, sem af hlaust fyrir hann.

Þá reisir áfrýjandi kröfu sína um sýknu á því, að stefndi hafi ekki lagt fram frumrit fylgibréfanna með áritaðri kvittun áfrýjanda. Meðan svo standi, sé honum óskylt að greiða stefnda skaðabætur vegna afhendingar varanna.

Ekki er glöggt, hvernig fylgibréfin voru úr garði gerð. Vörusendingarnar voru afhentar þeim, sem við þeim átti að taka, meðan fylgibréfin voru í vörslum póstsins, að því er telja verður. Samkvæmt þessu og eins og atvikum er háttað að öðru leyti hefur ekki verið sýnt fram á, að það geti leitt til réttarspjalla fyrir áfrýjanda, þótt hann bæti stefnda tjón hans, án þess að stefndi framvísi fylgibréfunum, sem hann segir glötuð.

Enn hefur áfrýjandi stutt sýknukröfu sína þeim rökum, að stefndi hafi fyrir tómlæti glatað bótarétti, sem hann ella kunni að hafa átt.

Póstkröfurnar voru endursendar stefnda óinnleystar 8. janúar 1968. Áður er getið kröfubréfs hans til áfrýjanda, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt og dagsett er 17. s. m. Bréf þetta telur áfrýjandi sig að vísu ekki hafa fengið, en hann hafði um þær mundir flutt starfsstöð sína á nýjan stað. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til for-

sendna hins áfrýjaða dóms um þetta atriði ber að staðfesta úrlausn hans um þessa sýknuástæðu áfrýjanda.

Loks hefur áfrýjandi andmælt fjárhæð bótakröfu stefnda. Ágreiningslaust er, að verðmæti varanna var rétt tilgreint í vörureikningunum. Ber með vísun til forsendna héraðsdóms, að staðfesta úrlausn hans um fjárhæð bótakröfu stefnda. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur, þó þannig, að vextir verða ekki gegn andmælum áfrýjanda dæmdir frá fyrri tíma en 26. ágúst 1969.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir reiknast frá 26. ágúst 1969 til greiðsludags.

Áfrýjandi, Landflutningar h/f, greiði stefnda, Osta- og smjörsölunni s/f, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. mars 1972.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 28. ágúst 1969. Munnlegur málflutningur fór fram í málinu 15. september 1971, en það var endurupptekið 1. nóvember s. á. til frekari gagnaöflunar. Síðan fór endurflutningur fram 6. mars sl., og var málið dómtekið að honum loknum.

Stefnandi máls þessa er Osta- og smjörsalan s/f, Snorrabraut 54, Reykjavík, en stefndi er fyrirtækið Landflutningar h/f við Héðinsgötu, Reykjavík.

Stefnandi gerði upphaflega þær dómkröfur, að stefndi yrði dæmdur til greiðslu fjárhæðar að upphæð kr. 69.887.04, en undir rekstri málsins hefur stefnandi lækkað dómkröfur sínar í kr. 64.533.04. Krefst hann þessarar síðargreindu fjárhæðar með 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 12. október 1967 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

2.0.

2.1. Í stefnu segir um málavexti, að á árinu 1967 hafi stefnandi sent vörur til Kaupfélags Austfjarða á Seyðisfirði með bifreiðum stefnda. Hafi þessar vörur verið sendar með póstkröfu, en kaupfélagið hafi þó fengið vörur þessar afhentar hjá stefnda án greiðslu. Hafi verið um að ræða fimm sendingar, sem farið hafi í ágúst 1967 til kaupfélagsins, að verðmæti samtals kr. 69.887.04. Kaupfélag Austfjarða hafi hins vegar orðið gjaldþrota, en stefnandi telur stefnda ábyrgan fyrir því, að andvirði sendinganna hafi eigi fengist greitt nema að litlu leyti.

Af öðrum gögnum málsins má sjá, að stefnandi máls þessa og Kaupfélag Austfjarða á Seyðisfirði höfðu átt viðskipti saman um nokkurra ára skeið. Meðal annars keypti kaupfélagið af stefnanda smjör og osta, og fjallar mál þetta einmitt um slíkar vörutegundir. Er fram í sótti, virðist hafa orðið greiðslutregða hjá kaupfélaginu um greiðslu andvirðis einstakra sendinga. Af framburðum fyrirsvarsmanna stefnanda hér fyrir dómi má ráða, að stefnandi hafi af þessu tilefni ákveðið að setja kaupfélagið undir svonefnda póstkröfumeðferð, sem í þessu tilviki átti að vera fólgin í afhendingu varanna einungis gegn staðgreiðslu þeirra með póstkröfu.

Stefnandi samdi við ýmis flutningafyrirtæki um flutning einstakra sendinga til kaupfélagsins. Eitt af þeim var stefndi í máli þessu. Samkvæmt gögnum málsins virðist stefndi ekki sjálfur hafa flutt vöruna alla leið, heldur falið framflutning hennar í hendur öðrum aðilja, Jóni Pálssyni, Teigabóli, Norður-Múlasýslu, en umboðsmaður Jóns á Seyðisfirði og sá aðili, sem sá um afhendingu sendinga þar á staðnum á árinu 1967, var einmitt Kaupfélag Austfjarða.

Framburður fjögurra starfsmanna kaupfélagsins fyrir sakadómi Seyðisfjarðar hnígur í þá átt, að umræddar vörur hafi verið afhentar kaupfélaginu, án þess að greitt væri samtímis fyrir vörurnar, enda er ekki um það deilt í málinu. Er jafnvel svo að sjá af framburðum flestra þessara vitna, að það hafi a. m. k. oft verið tíðkað að taka vörur beint af vöruflutningabifreiðum og í verslun

kaupfélagsins, án þess að hugað væri að því, hvort þær hefðu verið sendar gegn póstkröfu eða á annan hátt.

Gögn málsins sýna, að kaupfélagið dró oft að greiða andvirði sendinga á árinu 1966, enda þótt stefnandi hefði þá þegar tekið upp póstkröfumeðferð gagnvart kaupfélaginu, stundum í meira en hálft ár frá dagsetningu reiknings yfir vöruna.

Kaupfélag Austfjarða virðist alls ekki hafa innleyst póstkröfur yfir vörur frá stefnanda, sem sendar voru til kaupfélagsins 14. október 1966 og síðar á því ári, því að póstafgreiðslan á Seyðisfirði sýnist hafa endursent póstkröfur frá þessu tímabili í einni sendingu þann 7. febrúar 1967. Síðan verður ekki séð, að póstkröfur hafi verið endursendar fyrr en 8. janúar 1968, en þær póstkröfur tóku til nokkurra vörusendinga stefnanda til Kaupfélags Austfjarða í ágúst, september og október 1967.

Með úrskurði skiptadóms Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 8. mars 1968, var bú kaupfélags Austfjarða, Seyðisfirði, tekið til skipta sem gjaldþrota.

Af framburðum fyrirsvarsmanna stefnanda hér fyrir dómi og öðrum gögnum málsins má ráða, að sendingar þær, sem sendar voru til kaupfélagsins í ágúst, september og október 1967 samkvæmt framansögðu, hafi ekki verið greiddar af kaupfélaginu. Ríkisskip og Vöruflutningamiðstöðin tóku að sér flutning sumra af sendingum þessum og greiddu stefnanda andvirði þeirra, þar eð kaupfélagið stóð ekki í skilum. Stefndi hefur hins vegar ekki fallist á að greiða stefnanda andvirði þeirra sendinga, sem hann flutti fyrir stefnanda til kaupfélagsins, en sendingar þessar voru fimm, allar dagsettar í ágúst 1967.

Eins og áður segir, hafa þrír starfsmenn kaupfélagsins látið að því liggja fyrir dómi, að oft hafi verið tíðkað í kaupfélaginu að taka vörur til sölumeðferðar af afgreiðslunni og leysa póstkröfuna síðar. Í framburði Birgis Hallvarðssonar, fyrrverandi kaupfélagsstjóra, fyrir dómi kveðst hann ekki sérstaklega hafa hugsað um, hvort réttmætt væri að hefja sölu á vörum, sem komu gegn póstkröfu, áður en kröfurnar væru greiddar. Hins vegar hafi verið venja, áður en hann tók við kaupfélagsstjórninni, að taka vörur beint í verslunina til sölumeðferðar, sem komu með vöruflutningabifreiðum. Síðan hafi verið hugað að því, hvort þær væru sendar gegn póstkröfu eða á annan hátt. Kveðst hann hafa haldið þessari venju áfram og hafi honum verið kunnugt um, að vörur hafi verið seldar ógreiddar í sumum tilvikum. Sérstaklega tók hann fram, að oft hefði orðið dráttur á greiðslu póstkrafna

frá stefnanda, jafnvel búið að panta fimm sendingar, áður en farið hafi verið að greiða þá elstu. Hann taldi, að Osta- og smjörsölunni s/f hafi verið um þetta kunnugt, en afgreitt til kaupfélagsins áfram eigi að síður. T. d. hafi það komið fyrir í ársbyrjun 1967, að póstkröfubréf hafi verið endursent til stefnanda frá pósthúsinu á Seyðisfirði, en stefnandi, sem hafi vitað, að varan var þegar seld, hafi samið við kaupfélagið um greiðslu á skuldinni í áföngum og áframhaldandi viðskipti. Þó kvaðst vitnið ekki hafa samið við stefnanda um, að greiðsla á póstkröfusendingum frá stefnanda færi fram án milligöngu pósthúss. Vitnið kvaðst heldur aldrei hafa farið fram á það við stefnanda að mega taka ógreiddar vörur frá honum til sölumeðferðar. Á hinn bóginn taldi hann, að fyrirsvarsmönnum stefnanda hlyti að hafa verið ljóst, að þetta væri gert, vegna þess að þeir hafi haldið áfram að senda kaupfélaginu vörur með póstkröfum, þótt margar eldri póstkröfur væru ógreiddar.

Framkvæmdastjóri stefnanda á því tímabili, sem hér skiptir máli, er látinn, og hefur hann eigi gefið skýrslu í málinu. Í framburði núverandi framkvæmdastjóra, Óskars Gunnarssonar, hér fyrir dómi kvaðst hann reikna með því, að Kaupfélag Austfjarða hafi verið sett undir póstkröfumeðferð vegna fjárhagsörðugleika kaupfélagsins. Hann kvaðst ekki þekkja til þess, að viðskiptavinir séu látnir fá póstkröfuvörur, án þess að greitt sé, þannig að fyrirsvarsmönnum stefnanda sé um það kunnugt. Á hinn bóginn benti hann á, að úti á landi sums staðar sé kunningsskapur manna með þeim hætti, að flutningsmaður kunni að afhenda vörur án þess að ganga úr skugga um, að þær séu greiddar, eða án þess að krefjast framvísunar fylgibréfs. Framkvæmdastjórinn tók svo fram, að slíkt væri gert í andstöðu við vilja stefnanda. Hann sagði, að eftir að tiltekinn tími, mismunandi langur eftir atvikum, væri liðinn, frá því að vara væri send með póstkröfu, væri visst formblað útfyllt og sent í viðkomandi pósthús. Væri þá spurst fyrir um þá póstkröfu, sem um væri rætt. Þegar viðkomandi pósthús teldi öll tormerki á að innheimta póstkröfuna, væri hún endursend til stefnanda. Þegar svo sé komið, snúi stefnandi sér beint til flutningafyrirtækis og sé flutningsmaður krafinn skila, en jafnframt skorað á kaupandann að gera viðkomandi kröfu upp. Framkvæmdastjórinn sagði, að stefnandi leitaðist við að fylgja þeim reglum um tímamörk póstkrafna, sem kveðið væri á um í reglugerð. Hann vildi þó ekki neita því, að endursending gæti dregist fram yfir þann frest. Stafi það af því, að pósthúsið geymi

kröfuna lengi í þeirri von, að hún verði greidd. Enn fremur verði stefnandi að senda ákveðin eyðublöð til þess að krefja pósthús um endursendingu póstkröfu og geti það tekið allt upp í hálfan mánuð, þar til slíku bréfi sé sinnt. Hann benti enn fremur á, að jafnvel þótt viðskiptavinir hefðu þegar greitt í pósthús, geti engu að síður liðið nokkur tími, þar til greiðsla berist til stefnanda. Geti þetta meðal annars stafað af samgönguerfiðleikum og uppgjörsvenjum í viðkomandi pósthúsi.

Sigfús Gunnarsson, skrifstofustjóri stefnanda, segir í skýrslu sinni hér fyrir dómi, að Kaupfélag Austfjarða hafi lent í vanskilum við stefnanda og því verið sett undir póstkröfumeðferð. Hann kvaðst ekki vita til þess, að stefnandi hafi samþykkt, að vara, sem send væri í póstkröfu, væri afhent, án þess að póstkrafan væri samtímis greidd. Kvaðst hann ekki þekkja dæmi slíks, en benti á, að stefnandi kynni að freistast til að álykta í sumum tilvikum, að vara væri afhent, án þess að póstkrafan væri jafnframt greidd um leið. Ætti þetta einkum við í þeim tilvikum, þar sem vörukaupandi væri jafnframt umboðsmaður fyrir flutningsaðilja. Skrifstofustjórinn sagði það taka að meðaltali ca 1½ mánuð að fá greiðslu fyrir vörur, sem sendar væru í póstkröfu, talið frá þeim tíma, sem varan væri send. Ýmis frávik væru þó frá þessu. Hann kvað það rétt vera, að stefnendur gerðu fyrirspurn til viðkomandi pósthúss, ef greiðsla hefði ekki borist innan sennilegs tíma. Venjulega væri gerð fyrirspurn að tveim mánuðum liðnum, frá því að varan væri send. Væri þá útfyllt viss formblöð, sem póst- og símamálastjórnin láti útbúa í því skyni.

Helgi Stefánsson, sölustjóri hjá stefnanda, segir í framburði sínum, að Kaupfélag Austfjarða hafi verið sett undir sérstaka póstkröfumeðferð vegna vanskila. Kveðst hann ekki vita til þess, að slakað væri á þeirri póstkröfumeðferð, eftir að hún var upp tekin. Hann kvaðst hafa fengið fyrirmæli, tímabundin þó, um að stöðva afgreiðslur til Kaupfélags Austfjarða vegna skulda kaupfélagsins og greiðslutregðu. Í slíkum tilvikum, og að minnsta kosti framan af, hafi kaupfélagið þá greitt einhverja fjárhæð, þannig að stefnandi afgreiddi þá vöru að nýju til kaupfélagsins.

3.0.

3.1. Dómkröfur sínar á hendur stefnda reisir stefnandi á því, að stefndi hafi tekið að sér gagnvart stefnanda að flytja umræddar vörur til Kaupfélags Austfjarða. Jafnframt hafi hann undirgengist þá skyldu, að afhenda vörurnar aðeins til kaupfélagsins gegn

framvísun vissra fylgibréfa, er fylgdu bréfapóstkröfu. Þessa skyldu hafi stefndi brotið, þ. e. menn, sem stefndi beri ábyrgð á, hafi afhent hinar umdeildu sendingar án þess að huga að ofanrituðu.

Umræddar vörur hafi verið að verðmæti kr. 69.887.04, og kveðst stefnandi hafa lýst þeirri kröfu í þrotabú Kaupfélags Austfjarða. Samkvæmt úthlutunargerð í þrotabúi kaupfélagsins hafi komið kr. 5.354 upp í umrædda kröfu og nemi því tjón stefnanda, sem hann telur stefnda bera ábyrgð á, stefnufjárhæðinni.

3.2. Í vörn bendir stefndi á, að kaupfélagið muni hafa tekið vörur úr afgreiðslu sinni, áður en greiðsla póstkrafna fyrir það hafi átt sér stað, og sett þær til sölumeðferðar í verslunum sínum. Póstkröfugögnin munu því hafa verið endursend án greiðslu, þar eð kaupfélagið hafi ekki greitt á venjulegum tíma. Að póstkröfugögnum endursendum hafi stefnandi síðan samið við Kaupfélag Austfjarða um greiðslu fyrir þær vörur, sem sendar höfðu verið í póstkröfu. Þrátt fyrir þetta hafi verið haldið áfram að senda vörur í póstkröfu, þótt þær fengjust ekki greiddar gegn póstkröfunum. Stefnda hefur hins vegar ekki verið kunnugt um annað en að póstkröfumeðferð varanna væri eðlileg. Telur stefndi, að stefnanda hafi borið skylda til, strax og hann varð var við, að vörur væru afhentar, án þess að póstkrafa væri greidd, að beina kröfum sínum að stefnda til greiðslu bóta fyrir tjón, sem hann hefði orðið fyrir. Ef það hefði verið gert, mætti gera ráð fyrir, að stefndi hefði neitað að taka vörur til póstkröfuflutnings til Kaupfélags Austfjarða og því ekki komið til þess tjóns, sem hér um ræðir.

Í annan stað bendir stefndi á, að tvær síðustu sendingarnar, sem mál þetta fjallar um, séu sendar 25 og 26 dögum síðar en sú fyrsta. Geymslutími póstkrafna sé 14 dagar samkvæmt póstreglum og þar sem greiðsla hafði ekki borist fljótlega eftir þann tíma eða fyrr, hafi mátt gera ráð fyrir, að fyrsta póstkrafan hefði ekki verið innleyst með eðlilegum hætti. Hafi því stefnanda borið að gæta sérstakrar varúðar við frekari sendingu vara í póstkröfu til Kaupfélags Austfjarða.

Í þriðja lagi bendir stefndi á, að stefnda beri ekki í tilviki sem þessu að standa skil á hugsanlegu andvirði varanna, heldur skila vörunum. Söluvörur stefnanda hafi verið mjög viðkvæmar fyrir skemmdum og liggi ekkert fyrir um, að vörurnar hefðu verið í sama verðgildi, ef þær hefðu komið aftur eftir nokkurra vikna geymslumeðferð og flutninga. Telur stefndi tvímælalaust, að ekki eigi að greiða hærri bætur til stefnanda en sem samsvarar því

tjóni, sem af því kann að hafa hlotist, að hann, þ. e. stefnandi, hafi ekki fengið afhentar hinar endursendu vörur aftur.

Þá hefur stefndi mótmælt dómkröfunum, þar sem stefnandi hafi ekki lagt fram frumrit kröfubréfs, sem hann telji sig væntanlega hafa sent í póstkröfu og fengið endursent, ef póstkröfurnar hefðu ekki verið greiddar. Loks bendir stefndi á, að um tvö ár hafi liðið, frá því að vörurnar voru sendar og þar til stefndi var krafinn. Með slíkum drætti telur stefndi, að stefnandi hafi firrt sig bótarétti samkvæmt ákvæðum kaupalaga. Þá hefur stefndi mótmælt vaxtafæti, sem hann telur, að eigi að vera 7% á ári, og upphafstíma vaxta, sem stefndi telur, að eigi að vera birtingardagur stefnu í málinu.

4.0.

4.1. Samkvæmt gögnum og málflutningi aðilja tók stefndi að sér að flytja þær fimm vörusendingar, sem mál þetta fjallar um, til viðtakanda varanna, Kaupfélags Austfjarða. Verður að telja samkomulag hafa orðið um, að hverja einstaka sendingu skyldi aðeins afhenda gegn framvísun svonefnds frumrits af vörufylgibréfi, er afhenda átti við greiðslu bréfapóstkröfu á pósthúsi viðtökustaðarins, enda er eigi um það deilt í málinu.

Stefndi fól öðrum aðilja framflutning sendinganna, en eftir sem áður bar stefndi ábyrgð á efndum flutningssamningsins.

Það er nægjanlega upplýst í málinu, að kaupfélagið fékk hinar umdeildu sendingar afhentar án þess að sýna heimildarskjöl samkvæmt framansögðu. Hefur sú afhending ekki verið réttlætt. Kaupfélagið varð gjaldþrota 8. mars 1968, og fékk stefnandi eigi aðrar greiðslur upp í andvirði sendinganna en kr. 5.354 við úthlutunargerð í þrotabúinu. Tjón stefnanda af þessum sökum nam fjárhæð stefnukröfunnar, og ber stefndi ábyrgð á þessu tjóni, eins og að framan er ritað. Hefur stefndi eigi fært nein rök að því, að tjón þetta hefði orðið með öðrum hætti eða hefði orðið minna en hér segir. Þá verður ekki talið, að viðskipti stefnanda og kaupfélagsins varðandi fyrri sendingar eða hinar umdeildu sendingar hafi firrt stefnanda þessum bótarétti, og eigi verður heldur fallist á það, að krafa stefnanda sé fallin niður fyrir fyrningu eða aðgerðarleysi.

Ber því að taka stefnukröfuna til greina með vöxtum, sem ákveðast 7% á ári frá 12. október 1967 til greiðsludags.

Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 14.000.

Dóm þennan kvað upp Stefán M. Stefánsson borgardómari ásamt meðdómendunum Jóhanni J. Ólafssyni kaupmanni og Hrafni Bragasyni lögfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Landflutningar h/f, greiði stefnanda, Osta- og smjörsölunni s/f, kr. 64.533 með 7% ársvöxtum frá 12. október 1967 til greiðsludags og kr. 14.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. apríl 1975.

Nr. 12/1975. **Ingi B. Ársælsson**
gegn
Dagbjörtu Kristjánsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingi B. Ársælsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 7. apríl 1975.

Nr. 28/1975. **Kyndill h/f, Keflavík,**
gegn
Bárði Jóhannessyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kyndill h/f, Keflavík, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 7. apríl 1975.

Nr. 16/1974. **Jón M. Jónsson h/f**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Ursula Key Finanzierungen - Versicherungen
(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 21. janúar 1974. Á dómþingi 7. apríl 1975 óskaði áfrýjandi þess, að málið yrði hafið. Samþykkti stefndi það, en krafðist málskostnaðar.

Samkvæmt þessu ber að hefja mál þetta. Þá þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 15.000.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Jón M. Jónsson h/f, greiði stefnda, Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Ursula Key Finanzierungen - Versicherungen, kr. 15.000 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. apríl 1975.

Nr. 73/1974. **Fasteignasalan Hátúni 4 A**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Guðlaugi Gíslasyni
(Árni Halldórsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Fasteignasala. Þóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. apríl 1974. Krefst hann þess, að stefnda verði gert að greiða honum 40.000 krónur með 8% ársvöxtum frá 1. júní 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eigendur Fasteignasölunnar Hátúni 4 A eru Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður og Hilmar Valdimarsson.

Það er óumdeilt í máli þessu, að stefndi fól áfrýjanda að annast sölu íbúðar sinnar að Reynihvammi 27 og áfrýjandi auglýsti íbúðina til sölu. Það er enn fremur óumdeilt, að Pálmi Viðar Samúelsson átti símtal við Hilmar Valdimarsson 18. eða 19. maí 1971 í tilefni auglýsingar frá honum, þar sem nefnd íbúð var auglýst til sölu, og fékk upplýsingar um hana. Hinn 20. sama mánaðar fór nefndur Pálmi Viðar ásamt starfsmanni fasteignasölunnar Miðborgar og skoðaði íbúð stefnda. Fyrir milligöngu þeirrar fasteignasölu tókust síðan samningar milli Pálma Viðars og stefnda um kaup á íbúðinni að kvöldi þess dags. Greiddi stefndi fasteignasölunni sölulaun.

Af gögnum máls verður hvorki ráðið, að fyrrnefndur Pálmi Viðar hafi skoðað íbúð stefnda að tilvísan fasteignasölunnar Miðborgar né að stefndi hafi falið þeirri fasteignasölu að

selja hana. Er ósannað, að Pálmi Viðar hafi fengið upplýsingar um, að íbúðin væri til sölu hjá öðrum en áfrýjanda.

Við það verður að miða, að sölutilraunir áfrýjanda hafi leitt til þess, að kaup komust á milli Pálma Viðars og stefnda um íbúð hans, þó að önnur fasteignasala sæi um samningsgerð. Á því áfrýjandi rétt á nokkurri þóknun fyrir störf sín úr hendi stefnda, og þykir hún hæfilega ákveðin 20.000 krónur. Þá ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda vexti af þeirri fjárhæð svo sem krafist er.

Eftir þessum málalokum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 20.000 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Guðlaugur Gíslason, greiði áfrýjanda, Fasteignasölunni Hátúni 4 A, 20.000 krónur með 8% ársvöxtum frá 1. júní 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 20.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 7. janúar 1975.

Mál þetta var höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, þingfestri 24. júní 1971. Munnlegur málflutningur fór fram þann 19. desember 1973, og var málið dómtekið að honum loknum.

Stefnandi máls þessa er Fasteignasalan Hátúni 4 A, Reykjavík. Stefndi er Guðlaugur Gíslason, Vallargerði 8, Kópavogi, áður til heimilis að Reynihvammi 27, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 40.000 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. júní 1971 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur gert kröfu um algera sýknu svo og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað.

Sáttatilraunir dómsins voru árangurslausar.

Mál þetta fjallar um þá kröfu stefnanda, að hann eigi að fá söluþóknun úr hendi stefnda vegna aðstoðar við sölu á íbúð stefnda að Reynihvammi 27, Kópavogi.

Samkvæmt dómskýrslu fyrirsvarsmanna stefnanda, Hilmars Valdimarssonar, hafði stefndi samband við stefnanda á skrifstofu hans snemma árs 1971 og fór fram á, að Hilmar kæmi heim til hans að Reynihvammi 27, Kópavogi, til þess að líta á íbúð stefnda og segja til um, hvað gera þyrfti, til þess að íbúðin yrði vel söluhæf og eins til þess að verðleggja hana með tilliti til sölu. Skoðaði Hilmar íbúðina ásamt Agnari Ólafssyni, sölumanni á fasteignasölunni.

Sagði Hilmar stefnda, hvað lagfæra þyrfti, og tjáði honum, að hann teldi, að þannig mundi íbúðin væntanlega seljast á 2.0-2.1 milljón krónur miðað við helmings útborgun. Einnig skoðaði Hilmar hús við Vallargerði með stefnda, en það hús hugðist stefndi kaupa.

Nokkru seinna hafði stefndi samband við Hilmar og bað hann um að setja fullan kraft á sölu íbúðarinnar. Var það gert, og bárust þegar ýmsar fyrirspurnir um hana. Um ofanrituð atriði ber ekki á milli í framburði þeirra Hilmars Valdimarssonar og stefnda. Í skýrslu Hilmars kom einnig fram, að einn fyrirspyrjanda hafi verið Pálmi Viðar Samúelsson, Álftamýri 38, Reykjavík, en hann keypti síðar íbúð stefnda.

Í skýrslunni greinir Hilmar einnig frá samtölum sínum við stefnda, þar sem fram hafi komið, að ýmsir fasteignasalar hafi falast eftir að fá íbúðina til sölu, en stefndi hafi ekki veitt þeim söluumboð. Þá hafi stefndi sagt, eftir að Pálmi Viðar Samúelsson hafði fengið upplýsingar um íbúðina, að aðeins einn annar fasteignasali hefði fengið íbúðina til sölu og hefði það verið Helgi Ólafsson, Skólavörðustíg 12. Í samtali sama dag og nefndur Pálmi skoðaði íbúð stefnda kvað Hilmar stefnda hafa sagt þá Pálma og Bjarna Stefánsson fasteignasala hafa skoðað íbúðina þá fyrr um daginn og síðan hefði Bjarni komið með kauptilboð frá Pálma. Sagði Hilmar, að stefndi hefði þá sagt og áréttað síðar, að Bjarni Stefánsson eða hans fasteignasala hefði íbúðina ekki til sölu af sinni hálfu, og Hilmar kvaðst þá hafa sagt stefnda, að frá kaupunum yrði að ganga hjá Fasteignasölunni Hátúni 4, þar sem Hilmar hefði komið sölusambandi þessu á. Nokkrum dögum síðar kvaðst Hilmar enn hafa talað við stefnda, sem þá hafi sagt eftir lögmanni eða lögmönnum, að hann gæti gengið frá sölunni, hvar sem væri.

Þá sagði Hilmar í dómskýrslu sinni, að hann hefði haft sam-

band við Pálma Viðar Samúelsson, en hann ekki viljað ræða um, hvar ganga ætti frá kaupunum. Hilmar tók fram, að stefndi hefði alltaf öðru hverju fengið upp nöfn þeirra, sem upplýsingar höfðu fengið um íbúðina.

Hilmar sagði aðspurður um upplýsingar þær, sem Pálmi fékk, að þær hefðu verið gefnar símleiðis. Hafi honum staðið til boða að skoða íbúðina með einhverjum starfsmanni fasteignasölunnar, en Pálmi ekki getað tilgreint neinn tíma til þess. Því hefði honum verið gefið upp nafn og sími stefnda, svo að hann gæti skoðað íbúðina sjálfur.

Í dómskýrslu sinni staðfesti stefndi skýrslu Hilmars Valdimarssonar í öllum aðalatriðum.

Þá kvaðst hann fyrst hafa falið Helga Ólafssyni, þá stefnanda og síðan Vagni Jónssyni sölu á íbúðinni svo og einhverjum fasteignasala, sem stefndi mundi ekki, hver var. Þá kvað hann ýmsa fasteignasala hafa hringt til sín og spurst fyrir um, hvort íbúðin væri til sölu, og hafi hann svarað því játandi. Sagði hann, að á helgidegi, líklega seinni hluta maí 1971, hafi komið heim til sín Bjarni Stefánsson fasteignasali, Hilmar Björgvinsson lögfræðingur og Pálmi Viðar Samúelsson og kona hans. Hafi þau spurst fyrir um, hvort íbúðin væri til sölu, og beðið leyfis til að skoða íbúðina. Kvað stefndi 16 ára dóttur sína hafa orðið fyrir svörum og þaðan hafi hann upplýsingar þessar.

Seinna sama dag hafi Bjarni Stefánsson komið með kauptilboð í íbúðina frá Pálma, en stefndi gerði gagntilboð. Kvaðst hann þá þegar hafa haft samband við eiginkonu Hilmars Valdimarssonar, þar sem Hilmar var ekki heima, og sagt, að hann teldi íbúðina selda.

Stefndi kveðst aldrei hafa fengið upp nafn Pálma Viðars Samúelssonar, er hann talaði við starfsmann stefnanda. Þá kvaðst hann ekki minnast þess að hafa spurt Pálma Viðar Samúelsson að því sérstaklega, hvort hann hefði fengið upplýsingar um íbúðina hjá stefnanda, en kvað Pálma hafa sagt eitthvað á þá leið, þegar minnst var á sölulaun til stefnanda, að það væri hrein frekja, þar sem hann hefði ekki haft nein viðskipti við stefnanda í sambandi við þessi húsakaup, heldur aðeins Miðborg.

Söluverð kvað stefndi hafa verið 2 milljónir króna og útborgun þar af 1.1 milljón krónur.

Í vitnaskýrslu sinni sagði Pálmi Viðar Samúelsson, að hann hefði um áramótin 1970-1971 verið að leita sér að íbúð til kaups og beðið Bjarna Stefánsson um aðstoð.

Þriðjudaginn 18. maí 1971 hafi þeir haft samband og Bjarni þá sagst vera með nokkrar íbúðir og hús til sölu í Kópavogi og þótt vitnið hefði ekki haft mikinn áhuga á húsnæði í Kópavogi, hafi þeir afráðið skoðunarferð 20. maí, sem var helgidagur.

Hafi þeir skoðað nokkrar íbúðir og hús eftir tilvísun Bjarna, þar á meðal íbúð stefnda. Hafi hann síðan gert tilboð, fengið gagntilboð og gengið að því.

Vitnið kvað aðspurt, að 19. maí, daginn eftir að skoðunarferð þeirra Bjarna Stefánssonar var ákveðin, hafi það haft símasamband við nokkra fasteignasala í Reykjavík og fengið upplýsingar um íbúð stefnda hjá tveim fasteignasölum, stefnanda og fasteignasölu í Kirkjuhvoli. Einnig kvað það Bjarna þá hafa verið búinn að nefna við sig íbúðir við Reynihvamm og Víðihvamm og á nokkrum stöðum í vesturbæ Kópavogs. Kvaðst vitnið ekki muna húsnúmer eða nöfn eigenda.

Kvaðst vitnið hafa haft í huga kaup á íbúð fyrir kr. 1.800-1.850 þús. og því ekki talið koma til greina að kaupa íbúð stefnda, er fasteignasalar gáfu því upp verð hennar 19. maí. Hins vegar hafi það skipt um skoðun eftir að hafa skoðað íbúðina.

Vitnið neitaði aðspurt, að því hefði verið boðið að skoða íbúð stefnda, er það fékk upplýsingar hjá stefnanda, enda talið íbúðina ekki koma til greina fyrir sig. Það kvaðst ekki hafa fengið upplýsingar um íbúð stefnda hjá stefnanda fyrr en 19. maí, þótt það synjaði ekki fyrir, að íbúðin hefði verið nefnd löngu fyrr, en taldi þó, að svo hefði ekki verið. Við samprófun með Pálma Viðari Samúelssyni sagði Hilmar Valdimarsson sig best minna, að samtal það, sem Pálmi taldi, að farið hefði fram 19. maí, hefði farið fram 18. maí. Pálmi kvaðst þá vilja fullyrða, að það hefði verið daginn eftir samtal þeirra Bjarna. Kvaðst hann muna þetta sérlega vel, þar sem afmæli hans væri 20. maí.

Hafi hins vegar umrætt samtal farið fram 18. maí, kvað hann skoðunarferð þeirra Bjarna hafa verið afráðna 17. maí.

Vann Pálmi eið að framburði sínum.

Málssóknin er á því reist, að upplýsingar þær, sem stefnandi gaf Pálma Viðari Samúelssyni 18. maí 1971, hafi leitt til þess, að umrædd kaup tókust. Kveðst stefnandi eiga rétt á söluþóknun, enda hafi hann boðist til að ganga frá kaupsamningi, afsali og öðrum skjölum varðandi söluna. Söluþóknun kveður hann eiga að vera kr. 40.000, en kaupverðið var 2 milljónir króna.

Stefndi rökstyður kröfur sínar með því, að hann hafi ekki vitað annað en að Pálmi Viðar Samúelsson hafi komið frá fasteigna-

sölunni Miðborg. Þá kveðst hann aldrei hafa veitt stefnanda einkarétt til sölu íbúðarinnar.

Ljóst er af gögnum málsins og málflutningi hér fyrir dóminum, að stefnandi, Fasteignasalan Hátúni 4 A, hefur haft söluumboð vegna íbúðar stefnda, en ekki var þó um einkaumboð að tefla.

Einnig er ljóst, að Pálmi Viðar Samúelsson, sem keypti umrædda eign, fékk upplýsingar um hana hjá stefnanda.

Það er hins vegar ósannað og því andmælt af Pálma, sem eiðfesti framburð sinn, að umræddar upplýsingar hafi borist til hans fyrr frá stefnanda en frá fasteignasölunni Miðborg.

Stefndi hefur staðfest, að fasteignasalan Miðborg hafði ekki í upphafi söluumboð, en bæði höfðu ótilgreindir fasteignasalar hringt til hans og spurt, hvort íbúðin væri til sölu, og eins telst stefndi formlega hafa veitt fasteignasölunni Miðborg söluumboð með því að taka við kauptilboði frá henni og gera hjá henni gagntilboð.

Þegar ofanskráð er metið, þykir stefnandi ekki hafa sýnt nægilega fram á, að samband það, sem leiddi til samninga milli stefnda og Pálma Viðars Samúelssonar, hafi komist á fyrir hans tilstuðlan.

Er því ekki unnt að verða við kröfu hans um söluþóknun, og þar eð ekki hefur verið sýnt fram á, að þóknunin verði krafin á öðrum grundvelli, ber að sýkna stefnda af stefnukröfum máls þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 16.000.

Leó E. Löve, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðlaugur Gíslason, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Fasteignasölunnar Hátúni 4 A, í máli þessu.

Stefnandi, Fasteignasalan Hátúni 4 A, greiði stefnda kr. 16.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. apríl 1975.

Nr. 44/1975. **Lífeyrissjóður verkstjóra**
gegn
Jóni V. Jónssyni s/f.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 20. mars 1975, sem barst Hæstarétti 8. apríl sl., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 11. mars 1975. Krefst hann þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar um efni þess.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Eigi verður talið, að ákvæði 80. gr. laga nr. 85/1936 eða önnur varnarþingsákvæði laganna veiti heimild til að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Ber því að staðfesta hinn kærða dóm.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. mars 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. janúar sl., en endurupptekið og frestað 13. febrúar sl. og dómtekið á ný 20. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. janúar sl., af Lífeyrissjóði verkstjóra, Skólavörðustíg 16, Reykjavík, gegn Jóni V. Jónssyni s/f, Dalshrauni 4, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 104.285 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 16. maí 1973 af kr. 3.222 frá 1. janúar 1973, af kr. 3.767 frá 1. febrúar 1973, af kr. 3.767 frá 1. mars 1973, af kr. 3.767 frá 1. apríl 1973, af kr. 3.767 frá 1. maí 1973, en með 1½ % dráttarvöxt-

um fyrir hvern byrjaðan mánuð til 15. júlí 1974 af kr. 18.290 frá 16. maí 1973, af kr. 3.767 frá 1. júní 1973, af kr. 3.767 frá 1. júlí 1973, af kr. 3.767 frá 1. ágúst 1973, af kr. 3.767 frá 1. september 1973, af kr. 3.767 frá 1. október 1973, af kr. 3.767 frá 1. nóvember 1973, af kr. 3.767 frá 1. desember 1973, af kr. 3.767 frá 1. janúar 1974, af kr. 5.585 frá 1. febrúar 1974, af kr. 5.585 frá 1. mars 1974, af kr. 5.585 frá 1. apríl 1974, af kr. 5.585 frá 1. maí 1974, af kr. 5.585 frá 1. júní 1974, af kr. 5.585 frá 1. júlí 1974, en með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til greiðsludags af kr. 81.936 frá 15. júlí 1974, af kr. 5.585 frá 1. ágúst 1974, af kr. 5.585 frá 1. september 1974, af kr. 5.585 frá 1. október 1974 og af kr. 5.585 frá 1. nóvember 1974 auk málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera ógreitt iðgjald til stefnanda af launum verkstjórans Braga V. Jónssonar, sem sé starfsmaður stefnda, tímabilin desember 1972, kr. 3.222, allt árið 1973, krónur 43.210, og janúar til og með október 1974, krónur 55.853, samkvæmt skilagreinum um iðgjöldin, sem reiknuð séu eftir því kaupi, sem starfsmaðurinn hafi haft hjá stefnda. Kaup hans hafi í desember 1972 verið kr. 32.220, árið 1973 kr. 432.100 og janúar til október 1974 kr. 558.530, allt miðað við lágmarkskaup verkstjóra samkvæmt samningum Verkstjórafélags Íslands (sic) og Vinnuveitendasambands Íslands. Af fjárhæðinni séu 4%, sem stefndi hafi haldið eftir af kaupi starfsmannsins og hafi borið að skila til stefnanda sem geymslufé, en hafi ekki gert, og 6% séu mótframlag stefnda sjálfs til lífeyrissjóðsins samkvæmt sömu samningum. Stefndi hafi engin skil gert þrátt fyrir áskoranir. Hann hafi ekki heldur gert skilagreinar um iðgjöld. Þau séu reiknuð út af Lífeyrissjóði verkstjóra eftir meðallaunum verkstjóra á umræddum tímabilum og geti því ekki verið of há. Greiðslur til lífeyrissjóðsins falli í gjalddaga mánaðarlega og sé dráttarvaxta krafist samkvæmt því.

Í greinargerð sinni á dskj. nr. 2 tekur stefnandi fram, að skylduaðild sé að Lífeyrissjóði verkstjóra, sbr. viðbótarákvæði við samning, prentað í reglugerð á dskj. nr. 5. Vaxtakröfu sína útskýrir stefnandi enn fremur á dskj. nr. 6 og tekur fram, að vaxtafótur sé leyfðir vanskilavextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands 30. desember 1965, 30. apríl 1973 og 12. júlí 1974. Enn fremur tekur stefnandi fram, að stefndi Jón V. Jónsson sé aðaleigandi og framkvæmdastjóri Jóns V. Jónssonar s/f og sé fullnægjandi að stefna honum einum f. h. félagsins.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Heimili og varnarþing stefnda er í Hafnarfirði, og var stefnan í máli þessu birt þar. Skilyrðum 80. gr. laga nr. 85/1936 hefur því eigi verið fullnægt. Þar sem eigi verður talið, að heimild 1. mgr. 82. gr. sömu laga nái yfir kröfu stefnanda, og þar sem skjöl málsins bera ekki með sér, að aðiljar hafi samið um meðferð málsins fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, fæst ekki séð, með hvaða heimild stefnandi höfðar mál þetta hér fyrir bæjarþinginu. Ber því af sjálfsdáðum að vísa málinu frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Garðar Gíslason, settur borgardómari.

Dómsorð:

Máli þessu er af sjálfsdáðum vísað frá dómi.

Föstudaginn 11. apríl 1975.

Nr. 154/1972. **Kaupfélag Austur-Skaftfellinga**
(Árni Halldórsson hrl.)
gegn
Rafnkeli Jónssyni og gagnsök
(Jóhannes L. L. Helgason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Mjólkurflutningar. Endurgreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Einar Oddsson sýslumaður hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m.,

en stefnan var birt 1. desember 1972. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 19. desember 1972. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða kr. 130.286.95 með 7% ársvöxtum af kr. 13.988.32 frá 1. janúar 1960 til 1. janúar 1961, af kr. 28.342.66 frá þeim degi til 1. janúar 1962, af kr. 43.835.62 frá þeim degi til 1. janúar 1963, af kr. 59.264.25 frá þeim degi til 1. janúar 1964, af kr. 73.597.25 frá þeim degi til 1. janúar 1965, af kr. 88.051.49 frá þeim degi til 1. janúar 1966, af kr. 105.135.29 frá þeim degi til 1. janúar 1967, af kr. 127.585.75 frá þeim degi til 1. janúar 1968 og af kr. 130.286.95 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf Framleiðsluráðs landbúnaðarins, dags. 30. desember 1974. Er þar lýst fyrirkomulagi mjólkurflutninga frá framleiðendum til 14 mjólkursamlaga, en þau eru alls 18 í landinu. Einnig er þar skýrt frá því áliti framleiðsluráðsins, að ákvæði 24. gr. laga nr. 101/1966 „snerti engan veginn flutningskostnað frá bændum að samlagi".

Samþykktir fyrir Mjólkursamlag Kaupfélags Austur-Skaftfellinga hafa einnig verið lagðar fyrir Hæstarétt. Eru þær frá árinu 1967 og gilda ekki um tímabil það, sem málið fjallar um. Samkvæmt málflutningi voru engar slíkar samþykktir gerðar fyrr.

Aðaláfrýjandi ber eigi lengur fyrir sig, að hluti kröfu gagnáfrýjanda sé fallinn niður fyrir fyrningu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 55.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að undanskildu ákvæði um málskostnað.

Aðaláfrýjandi, Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, greiði gagnáfrýjanda, Rafnkeli Jónssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 55.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Skaftafellssýslu 18. febrúar 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 11. janúar sl. að afloknum munnlegum málflutningi, hefur Rafnkell Jónsson bóndi, Dýhól, Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu, höfðað fyrir aukadómþingi Skaftafellssýslu með stefnu, útgefinni 14. ágúst 1970, gegn Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga, Höfn í Hornafirði.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 130.286.95 með 7% ársvöxtum af kr. 13.988.32 frá 1. janúar 1960 til 1. janúar 1961, af kr. 28.342.66 frá 1. janúar 1961 til 1. janúar 1962, af kr. 43.835.62 frá 1. janúar 1962 til 1. janúar 1963, af kr. 59.264.25 frá 1. janúar 1963 til 1. janúar 1964, af kr. 73.597.25 frá 1. janúar 1964 til 1. janúar 1965, af kr. 88.051.49 frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966, af kr. 105.135.29 frá 1. janúar 1966 til 1. janúar 1967, af kr. 127.585.75 frá 1. janúar 1967 til 1. janúar 1968 og af kr. 130.286.95 frá 1. janúar 1968 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndi hefur gert þá aðalkröfu, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Til vara hefur stefndi krafist þess við munnlegan flutning málsins, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð, eða um kr. 73.597.25, og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að mjólkursamlag stefnda, Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, hafi haldið eftir af mjólkurinnleggi sínu samtals kr. 130.286.95 upp í flutningskostnað á tímabilinu frá 1. janúar 1959 og til og með febrúarmánuði 1967, en kaupfélagið hafi síðan greitt fjárhæð þessa til mjólkurflutninganefndar Nesjahrepps. Stefnandi kveðst hins vegar ekki hafa flutt neina mjólk á framangreindu tímabili á vegum mjólkurflutninganefndar Nesjahrepps, heldur hafi hann annast mjólkurflutningana sjálfur að öllu leyti. Ástæðurnar fyrir því, að hann notaði ekki mjólkurbíl hreppabænda, kveður stefnandi vera þá, að hann hafi ekki talið bifreiðina uppfylla þau skilyrði, sem gerð hafi verið

til mjólkurflutningabíla. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi á fundi mjólkurflutninganefndar Nesjahrepps í Ártúni í október eða nóvember 1958 lýst því yfir, að hann mundi ekki flytja mjólk með mjólkurflutningabílnum frá og með 1. janúar 1959, ef ekki yrði úr því bætt. Stefnandi kveðst svo hafa hætt að flytja mjólkina með mjólkurflutningabílnum frá þeim tíma.

Eftir að stefnandi hætti að flytja mjólkina með mjólkurflutningabílnum, var haldið áfram að draga flutningskostnað frá mjólkurinnleggi hans. Hann kveðst strax hafa kvartað yfir þessu við Gísla Arason, mjólkurbússtjóra KASK, sem hafi vísað málinu frá sér til Ásgríms Halldórssonar kaupfélagsstjóra. Stefnandi kveðst oft hafa rætt þetta mál við Ásgrím Halldórsson kaupfélagsstjóra, bæði á árinu 1959 og síðar, og krafist þess, að KASK hætti að draga flutningskostnað frá innleggi sínu, en án árangurs.

Stefndi lýsir málsástæðum svo í greinargerð, að árið 1956 hafi verið stofnað mjólkursamlag á Höfn í Hornafirði, eign stefnda. Bændur í Nesjahreppi hafi sjálfir ákveðið að annast mjólkurflutninga frá búum sínum til mjólkurstöðvarinnar á Höfn, en samkvæmt ósk þeirra hafi verið haldið eftir ákveðinni fjárhæð frá þeim per innlagðan mjólkurlítra til greiðslu á flutningskostnaði, en þetta fé hafi síðan verið greitt mjólkurframleiðendum í hreppnum í samræmi við fundarsamþykktir þeirra þar um. Stefndi telur, að stefnandi hafi ekki haft ástæðu til að hætta að flytja mjólk með flutningabílnum.

Þá er því enn fremur haldið fram af hálfu stefnda, að enda þótt stefnandi kunni að hafa átt endurgreiðslukröfu á hendur honum, þá hafi hann með aðgerðarleysi fyrirgert rétti sínum til endurgreiðslunnar, þar eð skrifleg krafa um endurgreiðslu hafi ekki borist fyrr en með bréfi, dags. 29. ágúst 1966. Þá hefur lögmaður stefnda haldið því fram við munnlegan málflutning, að sá hluti stefnukröfunnar, sem er til orðinn fyrir 1. janúar 1964, sé fyrndur, eða kr. 73.597.25.

Árið 1957, mánudaginn 18. nóvember, var haldinn fundur í Mánagarði í Nesjahreppi samkvæmt fundarboði til þess að ræða um skipulagningu mjólkurflutninga í hreppnum. Á fundi þessum var samþykkt, að allir mjólkurframleiðendur í sveitinni, þ. e. Nesjahreppi, sem seldu mjólk til mjólkursamlags Kaupfélags Austur-Skaftfellinga yrðu í félagi með að flytja mjólkina og að allir skyldu þeir greiða sömu fjárhæð í flutningskostnað per mjólkurlítra.

Á fundinum var kosin 5 manna nefnd til að sjá um fyrirkomu-

lag flutninganna, byggingu brúsapalla og annað það, sem mjólkurflutninga deildarinnar varðaði, og segir í fundargerð, að það skyldi vera bindandi fyrir alla þá, sem mjólk seldu. Ekki kemur fram, hve margir bændur mættu á þessum fundi, en stefnandi máls þessa var kosinn í nefnd þá, sem að framan greinir, með 17 atkvæðum, og fengu ekki aðrir fleiri.

Á fundi Nesjadeildar KASK, sem var haldinn í Mánagarði 22. júní 1959, var svohljóðandi tillaga samþykkt:

„Deildarfundur, haldinn í Mánagarði 22. júní 1959, skorar á þá nefnd, sem kosin var til að annast mjólkurflutninga í Nesjahreppi, að afgreiða í samráði við framkvæmdastjóra það leiðindamál, sem hlotist hefur í sambandi við mjólkurflutninginn,, og leysi það mál. Enn fremur geri nefndin, með fundi, framleiðendum fulla grein fyrir lausn málsins.

Sigurður Hjaltason Hjalti Jónsson."

Má ætla, að „leiðindamál" það, sem um ræðir í tillögunni, sé mjólkurflutningamál stefnanda.

Árið 1959, miðvikudaginn 1. júlí, var svo fundur haldinn aftur í Nesjadeild Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, og voru 23 menn mættir á þeim fundi. Virðist fundur þessi hafa fjallað eingöngu um mjólkurflutningamál innan deildarinnar.

Á fundinum komu fram 4 tillögur.

1. Leifur Guðmundsson lagði fram svohljóðandi tillögu:

„Fundurinn samþykkir, að mjólkurflutningur úr Nesjahreppi til Mjólkurstöðvarinnar á Höfn verði með sama fyrirkomulagi og verið hefur. Öllum framleiðendum ber að greiða sama flutningsgjald fyrir hvern mjólkurlítra, hvort sem mjólkin er flutt með mjólkurbílnum eða á annan hátt."

Því næst lagði Sigfinnur Pálsson fram eftirfarandi tillögu:

„Fundurinn samþykkir, að mjólkurflutningar verði óbreyttir að öðru leyti en því, að Rafnkell Jónsson, Dýhól, fái framvegis að flytja sína mjólk sjálfur, og gjald það, sem tekið hefur verið af honum, síðan hann hóf flutninga, verði þegar hætt að innheimta, enda verði hann hér eftir að sjá um sína flutninga, nema meiri hluti framleiðenda í mjólkurflutningafélagi Nesjamanna samþykki að taka hann aftur í flutningafélagið."

Þriðju tillöguna lagði Rafnkell Jónsson fram, svohljóðandi:

„Fundurinn samþykkir, að framleiðendur í Nesjum kaupi bíl til mjólkur- og vöruflutninga og reki bílinn algjörlega sjálfir."

Fjórða tillagan kom fram frá Agli Jónssyni, svohljóðandi:

„Fundurinn samþykkir, að athugaðir verði möguleikar á kaup-

um á bifreið, á vegum deildarinnar, sem rekin yrði fyrir sameiginlegan reikning og á ábyrgð mjólkurframleiðenda. Þangað til verði gerðir samningar um flutning á annan hátt til skamms tíma í einu. Samningar, sem gerðir verða og gilda um flutninga til mjólkurbúsins á Höfn, meðal annars með sameignarbifreið, verði bindandi fyrir alla mjólkurframleiðendur og brot á þeim valdi réttarmissi til sölu mjólkur til mjólkurbúsins, eftir samkomulagi við mjólkurbílstjóra og framkvæmdastjóra Kaupfélags A-Skaftfellinga.

Mjólkurnefnd þeirri, sem starfað hefur á vegum deildarinnar, verði falin framkvæmd málsins."

Er þessi tillaga kom fram, tóku þeir, er lagt höfðu fram hinar tillögurnar, þær aftur. Var hún borin undir atkvæði og samþykkt mótatkvæðalaust.

Undir þessa fundargerð rita 10 fundarmenn, þ. á m. stefnandi máls þessa.

Á fundi mjólkurflutninganefndar Nesjahrepps 30. nóvember 1961 var tekin fyrir beiðni frá Rafnkeli Jónssyni, stefnanda máls þessa, um að mega flytja mjólk sína með mjólkurflutningabíl hreppsins. Beiðnin var háð þeim skilyrðum, að mjólkurbíllinn hafi skjólborð allt að 1.25 m á hæð og að breitt væri yfir mjólkurbrúsana. Um þessa beiðni bókaði mjólkurflutninganefndin eftirfarandi:

„Það skal tekið fram, að í gerðabók Nesjadeildar Kaupfélags A-Skaft. er fundarsamþykkt um, að allir mjólkurframleiðendur í Nesjahreppi skuli vera skyldugir til að flytja mjólkina með mjólkurflutningabílnum, og hefur nefndin því enga athugasemd við að gera, þótt Rafnkell Jónsson flytji mjólk sína með honum."

Fimmtudaginn 8. mars 1962 kom mjólkurflutninganefndin saman á fund ásamt stefnanda máls þessa, Rafnkeli Jónssyni, Dýhól, og Gísla Arasyni, mjólkurbússtjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Fyrir fundinum lá beiðni stefnanda um að fá mjólk sína flutta með mjólkurflutningabifreið hreppsins gegn því, að hann fengi endurgreitt flutningsgjald það, sem af honum hafði verið tekið síðastliðin ár, án þess að mjólk hans hafi verið flutt með mjólkurbílnum.

Mjólkurflutninganefndin taldi það ekki vera á sínu valdi að gera út um þessi mál og vísaði þeim algerlega frá sér, en taldi, að stefnanda bæri að snúa sér til framkvæmdastjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga með kröfur sínar, þar sem framkvæmdarvaldið væri hjá honum.

Fimmtudaginn 7. júní 1962 kom mjólkurflutninganefnd Nesjahrepps aftur saman ásamt framkvæmdastjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga til að ræða um samninga við Rafnkel Jónsson. Var þetta talinn framhaldsfundur frá 8. mars 1962. Um niðurstöðu þessa fundar segir orðrétt í fundargerð:

„Var sú afstaða tekin að gera ekkert frekar í því máli, en bíða þess, hvort Rafnkell gerði eitthvað frekar í því og láta þá ráðast, hvort mál þetta fellur á Nesjadeild eða ekki.

Nefndin telur sig ekki hafa brotið neitt af sér gagnvart Rafnkeli og telur sig ekki geta breytt neitt afstöðu sinni að svo komnu, en lýsir sig eindregið fylgjandi þeim aðgerðum, sem gerðar hafa verið.

Framkvæmdastjóri telur sig ekki vera samningsaðila, en hefur þótt rætt málið við Rafnkel um samningsleið til samkomulags.

En Rafnkell hefur algerlega vísað því frá og telur sig annað hvort eiga rétt til þess að fá allan flutningskostnaðinn endurgreiddan eða ekki neitt af honum."

Þann 24. september 1966 kom mjólkurflutninganefnd Nesjahrepps enn saman á fund. Var þá lagt fram bréf frá Ásgrími Halldórssyni kaupfélagsstjóra ásamt kröfu frá Rafnkeli Jónssyni, Dýhól, á hendur mjólkursamlagi Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Óskaði kaupfélagsstjóri umsagnar um kröfu Rafnkels. Að athuguðu máli taldi nefndin sér ekki skylt að taka ákvörðun í málinu og skrifaði kaupfélagsstjóra, Ásgrími Halldórssyni, bréf um það. Hinn 27. janúar 1967 hélt Mjólkurflutninganefnd Nesjahrepps enn einu sinni fund um mál þetta. Allir nefndarmenn voru mættir á fundinum svo og framkvæmdastjóri Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Hann fór þess á leit, að nefndarmenn segðu til um, hvort taka skyldi áfram flutningsgjald af mjólk, sem Rafnkell Jónsson flytti sjálfur til mjólkurstöðvarinnar á Höfn. Að öðrum kosti skyldi nefndin segja til um, af hverjum ætti að taka flutningsgjald og hve mikið. Af þessu tilefni taldi nefndin afstöðu sína, sem kom fram í fundargerð 24. september 1966, vera óbreytta og vísaði til hennar.

Atvik þau, sem mál þetta er risið út af, eru mörg óljós og spanna yfir 10 ára tímabil. Vitnin, sem leidd hafa verið í málinu, muna lítið eða ekki eftir sumum atvikum, sem kynnu að skipta einhverju um úrslit þess.

Engu að síður skal þó lagður efnisdómur á málið. Eins og að framan greinir, kveðst stefnandi hafa hætt að flytja mjólk sína með mjólkurflutningabíl bænda í Nesjahreppi, vegna þess að út-

búnaði hans hafi verið ábótavant svo og að vörur hafi verið fluttar með mjólkinni gagnstætt lagafyrirmælum þar að lútandi. Ekki hefur stefnanda tekist að sanna þessa staðhæfingu sína um ástand bílsins og óleyfilega vöruflutninga með mjólkinni. Hins vegar verður að telja, að samkomulag það um mjólkurflutninga, sem stefnandi samþykkti og skrifaði undir í Mánagarði 18. nóvember 1957, hafi verið uppsegjanlegt. Eins og að framan greinir, kveðst stefnandi hafa sagt því upp á fundi í október eða nóvember 1958 frá og með 1. janúar 1959. Ekki liggur annað fyrir í málinu um það, að uppsögnin hafi farið fram á því tímabili en framburður stefnanda.

Ekki er heldur vitað, hvenær Ásgrími Halldórssyni, framkvæmdastjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, hafi verið fyrst kunnugt um kröfur stefnanda né heldur hvenær hann hætti að flytja mjólk sína með mjólkurflutningabifreið Nesjahrepps.

Af fundargerð deildarfundar Nesjadeildar Kaupfélags Austur-Skaftfellinga mánudaginn 22. júní 1959 virðist þó mega ráða, að það hafi verið fyrir þann tíma.

Ásgrímur Halldórsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að Rafnkell Jónsson hafi komið til sín, skömmu eftir að hann hafi hætt að flytja mjólk með mjólkurbílnum, og farið fram á, að hætt yrði að draga flutningskostnað frá mjólkurinnleggi sínu og að hann fengi flutningskostnað endurgreiddan frá þeim tíma, er hann hætti að flytja mjólkina með bíl mjólkurflutninganefndar Nesjahrepps.

Eins og að framan greinir, var á fundi Nesjadeildar KASK 1. júlí 1959 samþykkt mótatkvæðalaust að athuga möguleika á kaupum á bifreið á vegum deildarinnar, sem rekin yrði fyrir sameiginlegan reikning og á ábyrgð mjólkurframleiðenda. Þangað til skyldu gerðir samningar um mjólkurflutninga á annan hátt til skamms tíma í einu. Samningar þeir, sem gerðir yrðu um flutninga til mjólkurbúsins á Höfn, skyldu verða bindandi fyrir alla mjólkurframleiðendur og brot á þeim valda réttarmissi sölu mjólkur til mjólkurbúsins eftir samkomulagi við mjólkurbústjóra og framkvæmdastjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Undir fundargerðina hefur stefnandi skrifað athugasemdalaust.

Á þessum fundi var Ásgrímur Halldórsson, framkvæmdastjóri Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, og má hann hafa ætlað, að með aðgerðum sínum á fundinum hafi stefnandi staðfest samkomulagið frá 18. nóvember 1957.

Engu að síður virðist stefnandi þó ekki hafa hafið mjólkur-

flutninga með flutningabíl mjólkurflutninganefndar, heldur flutt hana sjálfur.

Þann 30. nóvember 1961 fjallar mjólkurflutninganefnd Nesjahrepps um þá beiðni stefnanda að mega flytja mjólk sína með mjólkurflutningabíl hreppsins, þó með þeim fyrirvara, að bifreiðin uppfylli viss skilyrði.

Fimmtudaginn 8. mars 1962 kom mjólkurflutninganefndin saman á fund ásamt stefnanda og Gísla Arasyni, mjólkurbússtjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Fyrir fundinum lá ósk stefnanda um að fá mjólk sína flutta með mjólkurflutningabifreið hreppsins gegn því, að hann fengi endurgreitt flutningsgjald það, sem tekið hafði verið af honum síðastliðin ár, án þess að mjólkin hafi verið flutt með bílnum. Nefndin vísaði þessu máli frá sér til framkvæmdastjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, eins og að framan greinir.

Þegar hér var komið sögu, hafði stefnandi flutt mjólk sína sjálfur frá því á árinu 1959, að því er best verður séð.

Ásgrímur Halldórsson kaupfélagsstjóri hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að stefnandi hafi oft endurtekið munnlega kröfu sína um endurgreiðslu á flutningskostnaði á árunum 1959-1966, bæði á skrifstofu Kaupfélags Austur-Skaftfellinga og úti á götu. Segist Ásgrímur Halldórsson stundum hafa hafið viðræður við stefnanda um þetta mál í þeirri von, að hægt væri að leysa það. Hann kveðst ávallt hafa svarað stefnanda á þá leið, að hann yrði að koma með skriflega kröfu. Hann kveðst einnig hafa tjáð stefnanda í þessum samtölum, að hann mundi ekki hætta að draga flutningskostnað frá mjólkurinnleggi hans, nema að fyrir lægi formlegt samþykki mjólkurflutninganefndar.

Þetta samþykki hefur ekki fengist.

Með hliðsjón af framanrituðu verður að ætla, að forráðamönnum Kaupfélags Austur-Skaftfellinga hafi á fundi mjólkurflutninganefndar 8. mars 1962 verið orðin ljós endurgreiðslukrafa stefnanda og að hann mundi halda sér við hana. Undir þetta rennir einnig stoðum bókun mjólkurflutninganefndar 7. júní 1962, sem er talin framhaldsfundur frá 8. mars 1962, þar sem framkvæmdastjóri Ásgrímur Halldórsson var einnig mættur. Þar segir, að framkvæmdastjóri hafi ekki talið sig vera samningsaðilja, en hafi samt sem áður rætt málið við Rafnkel Jónsson um samningsleið til samkomulags. Þar segir enn fremur, að Rafnkell hafi alveg vísað því frá og telji sig annað hvort eiga rétt til að fá allan flutningskostnaðinn endurgreiddan eða ekki neitt af honum.

Eins og fundarsamþykktir bera með sér, hefur mjólkurflutninganefnd Nesjahrepps nokkrum sinnum fjallað um kröfu stefnanda, bæði samkvæmt ósk stefnanda og framkvæmdastjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Nefndin hefur að mestu leyti hliðrað sér hjá því að taka afstöðu til kröfunnar, en virðist hafa vísað málinu til ákvörðunar framkvæmdastjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga.

Eins og að framan hefur verið rakið, þá önnuðust bændur í Nesjahreppi sjálfir mjólkurflutninga frá búum sínum til mjólkurbús KASK á Höfn á umræddu tímabili og réðu til þess sérstaka vörubílstjóra. Flutningskostnaðinn innheimti Kaupfélag Austur-Skaftfellinga á þann hátt, að það hélt eftir ákveðinni fjárhæð af hverjum innvegnum mjólkurlítra, að ósk bændanna eða framkvæmdanefndar þeirra, mjólkurflutninganefndar Nesjahrepps.

Af þeim gögnum, sem liggja fyrir í málinu, má ráða, að mjólkurflutninganefndin hefur ekki gefið framkvæmdastjóra Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, Ásgrími Halldórssyni, nein skýr svör um það, hvort halda skyldi áfram að taka flutningskostnað af mjólkurinnleggi stefnanda, eftir að hann var farinn að flytja mjólk sína sjálfur, heldur látið framkvæmdastjóranum eftir til ákvörðunar. Mjólkursamlag Kaupfélags Austur-Skaftfellinga tekur jafnframt á móti mjólk stefnanda, að því er virðist, mótmælalaust.

Með hliðsjón af málavöxtum verður ekki talið, að stefnda hafi verið rétt að halda eftir flutningskostnaði af mjólkurinnleggi stefnanda gegn mótmælum hans, eftir að niðurstaða fundar mjólkurflutninganefndar Nesjahrepps frá 8. mars 1962 lá fyrir.

Krafa stefnda um fyrningu á hluta kröfunnar er ekki tekin til greina.

Þykir rétt, að stefnda verði gert að endurgreiða flutningskostnaðinn frá 1. apríl 1962.

Krafa stefnanda hefur ekki verið vefengd tölulega. Hins vegar mun vera um 28 kr. reikningsskekkju að ræða á árinu 1962.

Flutningskostnaðurinn sundurliðast þannig á árinu 1962:

Árið 1962		
Janúar	kr.	1.274.43
Febrúar	—	1.521.91
Mars	—	1.658.07
Samtals	kr.	4.454.41

Apríl	kr.	1.541.00
Maí	—	1.841.64
Júní	—	1.789.19
Júlí	—	1.444.17
Ágúst	—	1.161.73
September	—	940.47
Október	—	734.16
Nóvember	—	622.15
Desember	—	928.51
	Samtals kr.	11.003.02

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 81.996.92 með 7% ársvöxtum af kr. 11.003.02 frá 1. janúar 1963 til 1. janúar 1964, af kr. 25.336.02 frá 1. janúar 1964 til 1. janúar 1965, af kr. 39.790.26 frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966, af kr. 56.874.06 frá 1. janúar 1966 til 1. janúar 1967, af kr. 79.295.70 frá 1. janúar 1967 til 1. janúar 1968 og af kr. 81.996.92 frá 1. janúar 1968 til greiðsludags.

Stefnda ber að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 15.000.

Málflutningur í málinu fór fram, er talið var, að gagnasöfnun væri lokið hinn 22. júlí 1971, og þann dag fór málflutningur fram, en með gagnaöflunarúrskurði, uppkveðnum 16. september, var aðiljum gefinn kostur á öflun aukinna gagna.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, Höfn, Hornafirði, greiði stefnanda, Rafnkeli Jónssyni, Dýhól, Nesjahreppi, kr. 81.996.92 með 7% ársvöxtum af kr. 11.003.02 frá 1. janúar 1963 til 1. janúar 1964, af kr. 25.336.02 frá 1. janúar 1964 til 1. janúar 1965, af kr. 39.790.26 frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966, af kr. 56.874.06 frá 1. janúar 1966 til 1. janúar 1967, af kr. 79.295.72 frá 1. janúar 1967 til 1. janúar 1968 og af kr. 81.996.92 frá 1. janúar 1968 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 15.000 í málskostnað.

Hið dæmda ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. apríl 1975.

Nr. 36/1975. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóhanni Geir Guðjónssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Kærumál. Synjað kröfu um gæsluvarðhald og ráðstafanir samkvæmt 66. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Ríkissaksóknari hefur með kæru 18. mars sl. skotið úrskurði sakadóms Reykjavíkur frá 15. mars s. á. til Hæstaréttar. Krefst ríkissaksóknari þess, að kærða verði dæmt að sæta gæsluvarðhaldi, „meðan á rannsókn og meðferð máls hans fyrir sakadómi stendur eða verði ella“ dæmt „að sæta öðrum þeim ráðstöfunum, sem að haldi mega koma . . . “.

Af hálfu kærða er krafist sýknu af kröfum ákæruvalds í máli þessu og kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknara er heimil kæra máls þessa samkvæmt 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1973, og 3. málsgr. 66. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ríkissaksóknari hefur til stuðnings kröfum sínum vísað til 66. gr. almennra hegningarlaga og 65., 67., 71. og 72. gr. laga nr. 74/1974.

Rannsóknargögn máls þessa varða atferli, sem 232. gr. almennra hegningarlaga tekur til, en gögnin bera eigi með sér, að kærði hafi sýnt af sér háttsemi, sem líklegt er, að varði við 233. gr. sömu laga. Brestur lagaskilyrði til þess að beita megi kærða gæsluvarðhaldi samkvæmt ákvæðum 67. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 3. mgr. 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 og 1. tölulið 69. gr. laga nr. 74/1974.

Rannsóknargögn fela eigi í sér grundvöll undir því, að beitt verði ráðstöfunum gagnvart kærða, þeim er greinir í 66. gr. almennra hegningarlaga.

Eigi eru efni til að dæma kærða kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. mars 1975.

Ár 1975, laugardaginn 15. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp þessi úrskurður.

Í gær, 14. mars, barst dóminum bréf ríkissaksóknara, dagsett þann dag, varðandi mál Jóhanns Geirs Guðjónssonar kaupmanns, Sólvallagötu 15. Bréfi þessu fylgja fjórar skýrslur rannsóknarlögreglu um ónæði og ásókn, sem hann er talinn hafa um langt skeið haft í frammi gagnvart Málfríði Loftsdóttur, Álfheimum 36. Enn fremur fylgja fæðingarvottorð og sakavottorð Jóhanns Geirs, skýrsla um geðrannsókn á honum frá árinu 1973 og gögn í máli hans varðandi sams konar atferli gagnvart sömu stúlku, er lokið var með áminningu 10. maí 1973.

Í bréfi ríkissaksóknara segir svo: „Full ástæða er til að ætla, að kærði hafi nú gerst sekur um slíkt atferli, að varðað geti hann þungri refsingu samkvæmt 1. mgr. 232. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga og samkvæmt ákvæðum hegningarlaganna um líkamsmeiðingar. Rannsókn þessara kæruefna er hins vegar enn eigi svo langt komin, að unnt sé að taka ákvörðun um saksókn í einstökum atriðum.

Með vísan til þess, sem hér að framan hefur verið rakið, er því hér með ítrekuð sú krafa ákæruvalds, að fram fari rækileg dómsrannsókn á öllum þeim kæruefnum, sem samkvæmt framansögðu hafa komið upp, eftir að kærði sætti áminningu í maímánuði 1973. Svo sem sakarefnum máls þessa er háttað, þykir og orðið óhjákvæmilegt vegna réttaröryggis og enn fremur brýnt í þágu rannsóknar málsins að gera þá kröfu, að kærði Jóhann Geir verði þegar settur í gæsluvarðhald og hafður í haldi, meðan á rannsókn og meðferð máls þessa fyrir dómi stendur. Er í þessu efni skírskotað til 1. mgr. 66. gr. hegningarlaganna og niðurlagsákvæðis 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. og 5. og 6. tölul. sömu greinar. Er þess krafist, að dómsúrskurður gangi þegar í stað um það, hvort efni séu til slíkra ráðstafana eða annarra þeirra, sem að haldi mega koma, sbr. fyrrgreint ákvæði 1. mgr. 66. gr. hegningarlaganna og enn fremur 65. gr., 71. og 72. gr. laga nr. 74/1974."

Af framlögðum gögnum er ljóst, að Jóhann Geir er undir rök-

studdum grun um að hafa ásótt Málfríði með þeim hætti, að varðað gæti við 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar bera gögn ekki óyggjandi með sér, að hann hafi haft í frammi hótanir svo sem um ræðir í 233. gr. hegningarlaga, sbr. einnig 66. gr. sömu laga. Lögregluskýrsla frá 14. september 1973 fjallar að vísu um slíka hótun í einu tilviki, þar sem kærandi var ein til frásagnar. Sú skýrsla var ásamt annarri send ríkissaksóknara með bréfi dómsins, dags. 25. september 1973, en með bréfi hans, dags. 3. október 1973, var tilkynnt, að ekki væri af hálfu ákæruvaldsins krafist frekari aðgerða að svo stöddu. Tvær síðari skýrslurnar fjalla um atferli, sem varðað gæti við 1. mgr. 232. gr. Brot samkvæmt þeirri grein varða sektum eða varðhaldi. Hvergi sér þess stað í skjölum málsins, að Jóhann Geir sé grunaður um atferli, er varði við ákvæði hegningarlaganna um líkamsmeiðingar, svo sem að er vikið í bréfi ríkissaksóknara.

Undirstöðuskilyrði þess, að gæsluvarðhaldi verði beitt sem úrræði í opinberu máli er, að sakborningur sé undir rökstuddum grun um að hafa framið brot, er varðað getur fangelsi, sbr. 1. tl. 69. gr. laga nr. 74/1974. Þetta skilyrði er ekki fyrir hendi hér, og verður krafa ákæruvaldsins um gæsluvarðhald Jóhanns Geirs Guðjónssonar því ekki tekin til greina. Eigi þykja hér heldur standa efni til að úrskurða um annars konar ráðstafanir gagnvart honum.

Því úrskurðast:

Krafa ákæruvaldsins um gæsluvarðhald Jóhanns Geirs Guðjónssonar er eigi tekin til greina.

Þriðjudaginn 15. apríl 1975.

Nr. 129/1973. **Sigurður Stefánsson**
(Sveinn Snorrason hrl.)
gegn
Þrotabúi Kaupfélags Austfjarða
(Árni Halldórsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Skiptamál. Skuldaröð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 7. september 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. ágúst s. á. Krefst hann þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 27.052 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags, en til vara kr. 18.492 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags. Fjárhæðir þessar krefst áfrýjandi aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum utan skuldaraðar, en til vara sem forgangskrafa samkvæmt 83. gr. laga nr. 3/1878. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 14. nóvember 1972.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fé það, sem hér um ræðir, er talið vera verðbætur vegna landbúnaðarafurða, er áfrýjandi lagði inn í Kaupfélag Austfjarða á árunum 1966 og 1967. Kaupfélaginu var ekki skylt að halda vörum þessum sérgreindum og gerði það ekki, eftir að þær höfðu verið vegnar og metnar. Verður ekki talið, að áfrýjandi hafi verið eigandi afurðanna, er kaupfélagið seldi þær. Getur hann þegar af þessari ástæðu ekki krafist að fá andvirði þeirra greitt utan skuldaraðar úr þrotabúi kaupfélagsins.

Ekki verður á það fallist með áfrýjanda, að krafa hans stafi af fjárvörslu samkvæmt a lið 83. gr. laga nr. 3/1878, og eigi verður henni jafnað til launakröfu samkvæmt 5. tl., b liðs, sömu greinar. Verður krafan því ekki tekin til greina sem forgangskrafa í þrotabúinu.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.

Gjafsóknarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, sem ákveðast kr. 20.000.

Það athugast, að ástæðulaust var, að hinn reglulegi skiptaráðandi viki sæti í máli þessu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Stefánsson, greiði stefnda, þrotabúi Kaupfélags Austfjarða, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Seyðisfjarðar 11. ágúst 1972.

Hinn 8. mars 1968 var bú Kaupfélags Austfjarða, Seyðisfirði, tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota.

Hinn 18. nóvember 1969 var lagt fram á skiptafundi frumvarp að úthlutunargerð.

Þar var m. a. í almennum kröfum innstæða sóknaraðilja, Sigurðar Stefánssonar, Austurvegi 11, Seyðisfirði, að fjárhæð kr. 27.052.34.

Sóknaraðili, Sigurður Stefánsson, gerði athugasemd við áðurgreint frumvarp að úthlutunargerð.

Á skiptafundi 22. desember 1971 víkur hinn reglulegi skiptaráðandi, Erlendur Björnsson, varnaraðili í þessu máli, sæti í málinu.

Hinn 7. janúar 1972 var Gísli Einarsson, Eskifirði, skipaður setudómari í málinu.

Málið var tekið fyrir í skiptarétti 7. júní 1972. Gagnaöflun var lokið 9. þ. m., og var málið þá tekið til úrskurðar eftir munnlegan flutning málsins.

Sáttatilraunir dómara reyndust árangurslausar.

Sóknaraðili, Sigurður Stefánsson, gerir þær dómkröfur, að honum verði greidd innstæða hans, kr. 27.052.34 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags, aðallega utan skuldaraðar, þar sem um andvirði umboðssölu sé að ræða, til vara, að sér verði greidd krafan, kr. 27.052.34 með áðurgreindum vöxtum, sem forgangskrafa sem laun samkvæmt 83. gr. skiptalaga.

Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar eftir mati dómsins.

Varnaraðili, Erlendur Björnsson, skiptaráðandi vegna þrotabús Kaupfélags Austfjarða, hefur mótmælt kröfu sóknaraðilja um breytingu á frumvarpi að úthlutunargerð úr þrotabúi Kaupfélags Austfjarða. Ekki er gerð krafa um málskostnað.

Sóknaraðili, Sigurður Stefánsson, styður kröfu sína þeim rökum, að hann hafi á árinu 1967 lagt inn afurðir í Kaupfélag Austfjarða, Seyðisfirði. Kaupfélag Austfjarða hafi tekið afurðir hans í umboðssölu, en afurðir þessar hafi verið færðar á sérstakan afurðasölureikning hjá kaupfélaginu og síðan hafi kaupfélagið reiknað umboðssölulaun af afurðunum, þá er þær voru seldar, og því séu afurðirnar hans eigin, meðan lokauppgjör hefur eigi fram farið, og því hafi krafa hans forgangsrétt í þrotabúið.

Þá heldur sóknaraðili því fram, að þar sem innstæða hans sé afurðaeftirstöðvar frá árinu 1967, þá megi skoða hana sem hluta af launum hans sem bónda, þ. e. framleiðanda á því ári, sem einnig leiði til forgangsréttar á kröfunni.

Varnaraðili, Erlendur Björnsson skiptaráðandi vegna þrotabús Kaupfélags Austfjarða, styður kröfu sína þeim rökum, að sóknaraðili hafi ekki getað átt rétt á því, að sér væri skilað aftur innlögðum afurðum frá árinu 1967, þar sem þeim hafi ekki verið haldið aðgreindum frá afurðum annarra viðskiptamanna félagsins og þær höfðu væntanlega verið seldar að mestu leyti. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á eða gert líklegt, að hann hafi átt hlutbundinn rétt yfir nefndum afurðum, eftir að kaupfélagið tók við þeim. Ekki hafi hann heldur sýnt fram á, að kaupfélagið og síðar

þrotabúið hafi átt að halda andvirði afurða hans aðgreindu frá öðru fé sínu.

Þá hafi sóknaraðili eigi heldur sýnt fram á, að krafa hans eigi forgangsrétt samkvæmt 82.-89. gr. skiptalaga. Krafa sóknaraðilja geti ekki fallið undir það að vera kaup vinnuhjúa eða annarra þjónustumanna, sbr. 83. gr. skiptalaga, b, 5.

Fyrir dóminn kom Birgir Hallvarðsson, sem var kaupfélagsstjóri frá því 1. október 1965 til ársloka 1967.

Framburður hans var tekinn gildur sem staðfestur og var eigi mótmælt.

Kaupfélagsstjórinn fyrrverandi skýrði frá því, að kaupfélagið hafi rekið sláturhús. Hafi bændur komið með fé sitt til slátrunar og hafi verið slátrað fyrir hvern fyrir sig. Innmatur hafi verið gerður upp strax við bændur.

Afurðum hafi verið haldið sér og þær vigtaðar og metnar í gæðaflokkamati. Matið og innleggið verið fært á skýrslu, sér fyrir hvern innleggjanda, og síðan færð ákveðin prósenta af grundvallarverði Framleiðsluráðs landbúnaðarins á þeim tíma til tekna í viðskiptareikning innleggjanda hjá kaupfélaginu. Eftirstöðvar verðsins hafi svo verið greiddar innleggjanda eða færðar honum til tekna á viðskiptareikning hans fyrir næstu sláturtíð.

Kaupfélagsstjórinn fyrrverandi skýrði enn fremur frá því, að eftir að mat og vigtun hafi farið fram á afurðunum, þá hafi kjöt verið látið í frysti og gærur saltaðar, en ekkert verið aðgreint frá hverjum innleggjanda fyrir sig.

Þá upplýsti kaupfélagsstjórinn fyrrverandi, að andvirði allra afurða hafi verið fært á afurðasölureikning og síðan hafi kaupfélagið reiknað sér 2% umboðslaun af heildarfjárhæð afurða, að hann fastlega minnti.

Samkvæmt samþykktum Kaupfélags Austfjarða, sem hafa verið lagðar fram í málinu, þá var tilgangur félagsins m. a. að taka til sölumeðferðar allar söluhæfar framleiðsluvörur á félagssvæðinu.

Ekki er tekið fram í samþykktinni, á hvern hátt þetta skuli leyst af hendi.

Í framburði Birgis Hallvarðssonar kemur glögglega fram sá viðskiptamáti, sem hafður var á afurðamóttöku og afurðasölu hjá félaginu.

Er ljóst, að við vigtun og mat er innleggjanda færður til tekna á viðskiptareikningi viss hluti af heildarverði innlagðra afurða og endanlegt uppgjör fyrir næstu sláturtíð þannig, að innleggj-

anda er þegar eftir mat og vigtun á afurðunum færður viss hluti afurðaverðsins til tekna, þ. e. áður en afurðirnar eru seldar.

Greinilegt er og, að engu er haldið sérgreindu eftir mat og vigtun og útilokað að sérgreina innlegg frá hverjum bónda fyrir sig.

Útilokað virðist því, að sóknaraðili hafi getað átt hlutbundinn rétt yfir innlögðum afurðum, eftir að kaupfélagið tók við þeim, þ. e. eftir mat og vigtun.

Þegar af þeim ástæðum, sem hér hafa verið greindar, lítur dómarinn svo á, að sóknaraðili eigi ekki að fá innstæðu sína greidda utan skuldaraðar.

Dómarinn lítur svo á, að skýra beri 83. gr. skiptalaga, b, 5, þröngt og geti sóknaraðili sem þáverandi bóndi eigi skoðast sem hjú eða þjónustumaður kaupfélagsins og fái því rök sóknaraðilja að þessu leyti eigi staðist.

Með vísun til framanritaðs eru kröfur sóknaraðilja eigi teknar til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Því úrskurðast:

Kröfu Sigurðar Stefánssonar að fjárhæð kr. 27.052.34 í þrotabúi Kaupfélags Austfjarða, Seyðisfirði, ber að taka til greina sem almenna kröfu.

Föstudaginn 18. apríl 1975.

Nr. 74/1974. **Guðbjartur Pálsson**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Rafmagnsveitu Reykjavíkur
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Raforkusala. Innsetningargerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið hinum áfrýjaða úrskurði til Hæstaréttar með stefnu 8. apríl 1974. Krefst hann þess, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi byggt á þeirri málsástæðu, að stefndi hafi eigi krafið hann um greiðslu samkvæmt ákvæðum 16. og 17. gr. reglugerðar nr. 5/1939. Hafi krafan því eigi verið gjaldfallin, er áfrýjanda var tilkynnt, að straumur yrði rofinn af húsnæði hans. Málsástæða þessi var ekki höfð uppi í héraði, og kemur hún því eigi til álita hér fyrir dómi samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðbjartur Pálsson, greiði stefnda, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 20. mars 1974.

Í máli þessu er þess krafist, að starfsmönnum gerðarbeiðanda, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, verði með innsetningargerð fengin umráð og aðgangur að rafmagnsmælum nr. 17362701, 27036154 og 1216191, en mælar þessir eru í húsinu nr. 38 A við Bragagötu og mæla rafmagnsnotkun til húsnæðis þess, sem gerðarþoli, Guðbjartur Pálsson, hefur þar til umráða. Málskostnaðar er krafist úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli, Guðbjartur Pálsson, hefur mótmælt því, að umbeðin innsetningargerð nái fram að ganga. Hann hefur krafist málskostnaðar sér til handa.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram þann 7. þessa mánaðar.

Svo er frá skýrt af hálfu gerðarbeiðanda, að gerðarþoli, Guðbjartur Pálsson, sem er leigutaki í húsinu nr. 38 A við Bragagötu, hafi verið orðinn skuldugur um kr. 89.611 í nóvember 1973. Honum hafi verið tilkynnt, að orkusala til hans yrði stöðvuð, ef skuld þessi yrði ekki greidd, en þetta hafi engan árangur borið. Og er starfsmenn gerðarbeiðanda hafi komið á staðinn til að taka mælitækin úr sambandi og rjúfa þannig orkustraum, hafi gerðarþoli neitað þeim um aðgang.

Á það er bent í málsútlistun gerðarbeiðanda, að mælitæki fyrir orkustraum séu eign rafmagnsveitunnar og aðgangur að þeim sé lögvarinn, sbr. 13. grein, 2. mgr., og 17. grein reglugerðar nr. 5/1939, sbr. einnig 76. gr. laga nr. 58/1967. Rafmagnsveitan hafi einkarétt á rafmagnssölu og verði jafnframt að selja þeim rafmagn, sem þess óska. Sé innsetningarbeiðni þessi í alla staði réttileg og óhjákvæmileg og ekki þurfi annað skilyrði að vera fyrir hendi til þess að framfylgja megi lögvörðum rétti til að loka fyrir rafstraum en það, að ekki hafi verið greitt á gjalddaga.

Af gerðarþola hálfu er ekki vefengt, að skuld sé fyrir hendi og hafi rafmagnsveitan lokunarheimild að vísu, en því er haldið fram, að lög standi ekki til þess, að beita megi fógetagerð til að knýja fram aðgang að húsakynnum manna, svo lokun megi fram fara. Verði gerðarbeiðandi að leita annarra úrræða til að sjá hagsmunum sínum borgið, svo sem að krefjast lögtaks til tryggingar áföllnum skuldum. Bent er á það, að heimild fyrir beinum fógetagerðum í íslenskum rétti sé N. L. VI-14-6 og komi lögjöfnun ekki til álita í máli þessu. Því er ekki mótmælt, að gerðarþoli hafi fengið aðvörun um lokun.

Það verður að telja almenna réttarfarsreglu, sem m. a. hefur stoð í N. L. VI-14-6, að maður geti beitt fógetagerð, er hann þarf nauðsynlega að ná umráðum eða handhöfn með skjótum hætti, ef það liggur fyrir, að hann á augljósan rétt til þessara aðilda og aðför mætti gera samkvæmt 12. gr. og aðalefni 13. gr. laga nr. 19/1887, hefði hann farið þá leið að afla sér dóms um skyldu gagnaðilja.

Ekki hefur verið vefengd sú frásögn gerðarbeiðanda, að gerðarþoli skuldi fyrir rafmagnsnot og að honum hafi verið tilkynnt um lokun orkustraums. Gerðarbeiðanda er brýn þörf á að komast sem fyrst að mælitækjum til þess að geta rofið rafstraum til híbýla gerðarþola. Verður krafa gerðarbeiðanda um innsetningu tekin til greina á hans ábyrgð.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda málskostnað vegna fógetamáls þessa. Þykir hann hæfilega tiltekinn kr. 15.000.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 15.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. apríl 1975.

Nr. 31/1974. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurði Guðmundi Stefáni Þorleifssyni
(Örn Clausen hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Tékkamisferli. Skjalafals. Brot gegn 155. gr., 248. gr. og 261. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið lögð fram nokkur ný gögn í máli þessu, og vitnaskýrslur hafa verið teknar af Jóni Hilmari Þórarinssyni leigubifreiðarstjóra, sbr. ákæru I 7, og Sveini Daníelssyni sjómanni, sbr. ákæru I 8.

Jón Hilmar Þórarinsson kveður mann nokkurn, er hann eigi viti deili á, hafa greitt sér fyrir akstur með tékka þeim, C Nr. 203286, að fjárhæð kr. 1900, er greinirí ákæru I 7.

Sveinn Daníelsson skýrir svo frá, að kona hans, Fanney Kristmannsdóttir, hafi að sér fjarverandi keypt af ákærða tékka þann, C Nr. 203289, að fjárhæð kr. 5.000, er getur í ákæru I 8. Kveðst Sveinn síðan hafa framselt tékka þennan í flugafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli, en síðar orðið að leysa hann til sín, þar eð innstæða fyrir fjárhæðinni hafi ekki verið fyrir hendi á viðkomandi bankareikningi.

Brot ákærða, er greinir í ákæru I 1—5 og 7—9, eru réttilega heimfærð undir 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eigi er að fullu upplýst í máli þessu um notkun ákærða á tékkum þeim, C Nr. 203285, að fjárhæð kr. 1.100, C Nr. 203295, að fjárhæð kr. 700, og C Nr. 203300, að fjárhæð kr. 8.000, er getur í ákæru I 6, 10 og 12, en ákærði kveðst ekkert muna eftir tékkum þessum né heldur tékka þeim, C Nr. 203296, að fjár-

hæð kr. 2.000, er getur í ákæru I 11. Um þennan tékka segist Jóhannesi P. Jónssyni rannsóknarlögreglumanni svo frá, að hann hafi átt tal við framseljanda tékkans, Jón Jónsson, Njálsgötu 108. Hafi Jón tjáð sér, að ákærði hafi gefið honum tékkann í pósthúsinu hér í borg, þar sem þeir hafi hist, en ákærði hafi þá verið ölvaður.

Ekki þykja framkomnar nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi með notkun síðastgreindra fjögurra tékka gerst sekur um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga. Aftur á móti þykir útgáfa og notkun hans á tékkum þessum varða við 261. gr. almennra hegningarlaga, en fyrir Hæstarétti hefur mál þetta verið flutt svo sem brot ákærða gætu varðað við þessa lagagrein, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Brotum þeim, er greinir í ákæru II 1—7 og III, er lýst í héraðsdómi og þau réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga.

Eigi verður séð, að gerð hafi verið skaðabótakrafa af hálfu vínbúðarinnar Lindargötu 46 hér í borg, kr. 4.160. Verður því ekki dæmt um fjárhæð þessa í málinu. Að öðru leyti ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um framkomnar skaðabótakröfur, enda hefur ákærði samþykkt þær.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 25.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, kr. 25.000.

Rannsókn máls þessa er mjög ábótavant. Aðeins eitt vitni, Guðrún Ólafsdóttir, var yfirheyrt fyrir dómi, áður en héraðsdómur var kveðinn upp, og síðar eingöngu áðurnefnd tvö vitni. Þá virðist ákærði hafa verið lítt yfirheyrður fyrir dómi um sakaratriði þau, er honum eru gefin að sök í I. kafla ákæru 1—12, en eingöngu er bókað í þingbók um þessi atriði „. . . . og skýrir hann sjálfstætt aðspurður frá málavöxtum á sama veg og við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu dskj. nr. VI—XXIII".

Ber að víta þessa ófullkomnu rannsókn.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Guðmundur Stefán Þorleifsson, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði greiði Heimilistækjum s/f kr. 700, Jóni Þórarinssyni kr. 1.900 og vínbúðinni Snorrabraut 56 kr. 2.135.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 25.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 26. september 1973.

Ár 1973, miðvikudaginn 26. september, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háður var í skrifstofu embættisins af Sigurði Halli Stefánssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 602/1973: Ákæruvaldið gegn Sigurði Guðmundi Stefáni Þorleifssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 26. mars 1973, höfðað gegn Sigurði Guðmundi Stefáni Þorleifssyni sjómanni, Hraungerði, Grindavík, „fyrir tékkasvik og tékkafals, framið í Reykjavík og nágrenni í september og nóvember 1972, með því að gefa út eftirtalda tékka á ávísanareikning sinn nr. 108827 við Landsbanka Íslands og úr tékkhefti Guðrúnar Ólafsdóttur við Verslunarbanka Íslands, en reikningsnúmer valdi hann af handahófi, og framvísun á fölsuðum tékka úr tékkhefti Guðrúnar Ólafsdóttur og nota þá í viðskiptum, svo sem rakið verður, án þess að innstæða væri fyrir þeim:

I.

Tékkar á ávísanareikning nr. 108827 í Landsbankanum.

1. C Nr. 203276, kr. 1.800, til handhafa, dagsettur 18. september 1972. Greiðsla fyrir áfengiskaup í vínbúðinni við Lindargötu.
2. C Nr. 203278, kr. 2.135, til handhafa, dagsettur 18. september

1972. Greiðsla á áfengi í Áfengisversluninni við Lindargötu.

3. C Nr. 203279, kr. 2.000, til handhafa, dagsettur 18. september 1972. Greiðsla á veitingum á Hótel Borg.
4. C Nr. 203281, kr. 200, til handhafa, dagsettur 18. september 1972. Greiðsla á klippingu á Rakarastofunni Vesturgötu 3.
5. C Nr. 203282, kr. 2.360, til handhafa, dagsettur 18. september 1972. Greiðsla á áfengi í vínbúðinni við Lindargötu.
6. C Nr. 203285, kr. 1.100, til handhafa, dagsettur 6. nóvember 1972. Óljóst um notkun.
7. C Nr. 202286, kr. 1.900, til handhafa, dagsettur 16. september 1972. Óljóst um notkun. Framseldur í banka af bifreiðastöðinni Hreyfli.
8. C Nr. 203289, kr. 5.000, til handhafa, dagsettur 20. september 1972. Óljóst um notkun. Framseldur í banka af Sveini Daníelssyni, Eyjabakka 20.
9. C Nr. 202294, kr. 1.000, til handhafa, dagsettur 17. september 1972. Greiðsla á ökugjaldi til Skúla Sigurbjörnssonar, ökumanns á Hreyfli.
10. C Nr. 203295, kr. 700, til handhafa, dagsettur 22. september 1972. Notaður í viðskiptum við Heimilistæki s/f, Hafnarstræti.
11. C Nr. 203296, kr. 2.000, til handhafa, dagsettur 22. september 1972. Óljóst um notkun. Framseldur í banka af Jóni Jónssyni, Njálsgötu 108.
12. C Nr. 203300, kr. 8.000, til handhafa, dagsettur 6. nóvember 1972. Óljóst um notkun. Framseldur í banka af ákærða.

II.

Tékkar úr tékkhefti Guðrúnar Ólafsdóttur, gefnir út á eigin nafni á Verslunarbankann á reikningsnúmer, sem valið var af handahófi:

1. A Nr. 643852, kr. 2.000, til handhafa, án dagsetningar 1972. Óljóst um notkun tékkans. Framseldur í banka 22. nóvember 1972.
2. A Nr. 643853, kr. 3.000, til handhafa, án dagsetningar 1972. Greiðsla á veitingum á Hótel Loftleiðum.
3. A Nr. 643854, kr. 3.000, til handhafa, dagsettur 18. september 1972. Greiðsla á veitingum á Hótel Loftleiðum.
4. A Nr. 643855, kr. 3.000, til handhafa, dagsettur 18. nóvember 1972. Greiðsla á veitingum á Hótel Loftleiðum.

5. A Nr. 643857, kr. 3.000, til handhafa, án dagsetningar 1972. Greiðsla á veitingum á Hótel Loftleiðum.
6. A Nr. 643860, kr. 1.000, til handhafa, dagsettur 18. nóvember 1972. Greiðsla á veitingum á Hótel Loftleiðum.
7. A Nr. 643861, kr. 3.000, til handhafa, án dagsetningar 1972. Greiðsla á ökugjaldi til Jóhannesar Sigfússonar leigubifreiðarstjóra, Álfaskeiði 70, Hafnarfirði.

III.

Framvísun á fölsuðum tékka á Hótel City í Reykjavík 18. nóvember 1972 til greiðslu gistikostnaðar, að upphæð kr. 3.000. Tékkinn var úr tékkhefti Guðrúnar Ólafsdóttur, og hafði ákærði falsað á útgefandanafnið Jón Sigurðsson og ábakið tékkann með sama nafni.

Atferli ákærða, sem rakið er í I. og II. kafla hér að framan, telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en háttsemi sú, sem rakin er í III. kafla, við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Ákærði er sakhæfur, fæddur í Arnardal, Ísafirði, 14. júní 1935, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1958 19/11 Keflavíkurflugvelli: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.

1962 31/1 Keflavíkurflugvelli: Dómur: 28 daga varðhald. Sviptur ökuréttindum í 2½ ár frá birtingu dómsins fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr., 37. gr. og 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

1963 22/5 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1964 22/4 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1964 7/6 Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir tékkamisferli.

1964 22/12 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1965 3/2 Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 248. gr. hegningarlaga. Staðfest í Hæstarétti 5. maí 1965, en refsing skilorðsbundin í 3 ár.

1965 18/5 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1965 11/6 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1965 29/10 Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1966 18/5 Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1967 28/3 Akranesi: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu.

1967 1/6 Akranesi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1969 8/8 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1972 22/6 Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þessir samkvæmt eigin framburði ákærða og vætti vitna svo og öðrum gögnum, og verður við lýsingu málavaxta fylgt sömu efnisniðurröðun og í ákæruskjali:

I. Ákærði hafði sparisjóðsávísanareikning nr. 108827 við Landsbanka Íslands, Reykjavík, og er upplýst, að í september og nóvember 1972 gaf hann út til handhafa tólf tékka á nefndan reikning, og reyndist innstæðu skorta fyrir þeim, er þeim var framvísað í greiðslubanka. Ákærði hefur skýrt svo frá, að á þeim tíma, er tékkarnir voru gefnir út, hafi hann verið í óreglu og ekki fylgst neitt með innstæðu á reikningnum. Tékkarnir eru taldir í ákæru, og er þeim þar að öllu leyti rétt lýst, eyðublaðanúmerum, dagsetningum og fjárhæðum. Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um notkun tékkanna, og við það fylgt sömu töluröð og í ákæru:

1. Ákærði notaði tékka þennan til greiðslu á áfengi í áfengisversluninni við Lindargötu.
2. Ákærði notaði tékka þennan til greiðslu á áfengi í áfengisversluninni við Snorrabraut.
3. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði veitingar á Hótel Borg.
4. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði fyrir klippingu á rakarastofu Vesturgötu 3, Reykjavík.
5. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir áfengi í áfengisversluninni við Lindargötu.
6. Ekki er að fullu upplýst um notkun tékka þessa, en hann er framseldur af ákærða, og sama dag og hann var útgefinn var honum framvísað til greiðslu í austurbæjarútibúi Landsbanka Íslands. Þykja nægar líkur að því leiddar, að ákærði hafi selt tékkann þar.
7. Ekki er að fullu upplýst um notkun tékka þessa, en hann var

framseldur af Jóni Þórarinssyni og síðan í banka af bifreiðastöðinni Hreyfli, og er ljóst, að ákærði hefur notað tékkann í viðskiptum.

8. Tékka þennan seldi ákærði konu að nafni Fanney Kristmundsdóttir, en maður hennar, Sveinn Daníelsson, framvísaði síðan tékkanum í banka.
9. Með tékka þessum greiddi ákærði ökugjald til Skúla Sigurbjörnssonar, ökumanns á bifreiðastöðinni Hreyfli.
10. Ekki er að fullu upplýst um notkun tékka þessa, en hann hefur verið notaður í viðskiptum við Heimilstæki s/f, Hafnarstræti, og eru ekki á hann rituð nöfn annarra framseljenda.
11. Tékka þennan gaf ákærði Jóni Jónssyni, Njálsgötu 108, Reykjavík, sem síðan framseldi hann í banka.
12. Ekki er að fullu upplýst um notkun tékka þessa, en hann var framseldur af ákærða og honum framvísað í útibúi Landsbanka Íslands sama dag og hann var útgefinn.

II. Sannað er, að í nóvember 1972 gaf ákærði út og hagnýtti í viðskiptum sjö tékka á Verslunarbanka Íslands h/f, Reykjavík, úr tékkhefti, sem hann komst yfir úr fórum Guðrúnar Ólafsdóttur, Kambsvegi 22, Reykjavík. Tékkarnir reyndust innstæðulausir, og voru þeir allir gefnir út til handhafa á reikningsnúmer, sem ákærði valdi af handahófi. Tékkarnir eru taldir í ákæru, og er þeim þar að öllu leyti rétt lýst, eyðublaðanúmerum, fjárhæðum og dagsetningum. Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um notkun tékkanna, og við það fylgt sömu töluröð og í ákæru:

1. Ekki er að fullu upplýst um notkun tékka þessa. Ekki er ritað á hann framsal, en honum var framvísað í banka 22. nóvember 1972. Ákærði kvaðst vafalaust hafa notað hann til greiðslu fyrir einhverjar veitingar eða þjónustu, t. d. akstur.

2.–6. Tékka þessa notaði ákærði til að staðgreiða veitingar í Hótel Loftleiðum.

7. Með tékka þessum greiddi ákærði ökugjald til Jóhannesar Sigfússonar leigubifreiðarstjóra, Álfaskeiði 70, Hafnarfirði.

III. Laugardaginn 18. nóvember 1972, klukkan 1024, var óskað aðstoðar lögreglunnar í Reykjavík að Hótel City í Reykjavík vegna ætlaðrar tékkafölsunar. Á staðnum hittu lögreglumenn fyrir starfsmann hótelsins, Barða Ólafsson, sem tjáði þeim, að hótelgestur hefði skömmu áður ætlað að greiða áfallinn hótelreikning með tékka, sem hann teldi ógildan eða falsaðan. Maður

sá, sem hér um ræðir, ákærði í máli þessu, hafði verið í herbergi í nefndu hóteli ásamt Guðrúnu Ingibjörgu Ólafsdóttur, Kambsvegi 22, Reykjavík, og er hann hafði greitt reikning hótelsins, var farið með þau á lögreglustöðina við Hverfisgötu, þar sem ákærði var yfirheyrður af varðstjóra og síðan af rannsóknarlögreglumanni. Samkvæmt fangabók hafði hann meðferðis kr. 1.890 og áfengisblöndu í flösku. Ákærði viðurkenndi þegar að hafa falsað útgefandanafnið Jón Sigurðsson á tékkann, sem var að fjárhæð kr. 3.000, eyðublaðanúmer A Nr. 643851 á Verslunarbanka Íslands h/f, dagsetning 18. 10. 1972 og númer ávísanareiknings ritað 186.

Ákærði skýrði svo frá við yfirheyrslu hér fyrir dómi, að hann hafi föstudagskvöldið 17. nóvember og fram á nótt verið í „partíi" í heimahúsi í Reykjavík, en þar þekkti hann aðeins einn gesta, konuna Guðrúnu Ingibjörgu Ólafsdóttur. Hann kvað einhvern veginn hafa atvikast, að hann útfyllti tékka að fjárhæð kr. 3.000 úr tékkhefti Guðrúnar Ingibjargar og undirritaði með nafninu „Jón Sigurðsson". Um leið hafi hann rifið nokkur eyðublöð úr heftinu og stungið í vasa sinn. Hann kvaðst hafa ætlað að nota tékkann til að greiða leigubifreiðarstjóra fyrir áfengisflösku, en hann ekki viljað taka við honum og ákærði þá stungið honum aftur í vasa sinn og tekið þátt í að greiða fyrir áfengið með reiðufé. Ákærði kvað þau Guðrúnu Ingibjörgu hafa farið í Hótel City undir morgun og fengið þar herbergi. Er kom að því að greiða fyrir hótelherbergið, kvaðst hann hafa munað eftir tékkanum, sem hann hafði útfyllt, og ætlað að greiða reikninginn með honum, en þá hafi lögreglan verið kölluð á vettvang. Að kvöldi sama dags og að loknum yfirheyrslum kvaðst ákærði hafa haldið áfram drykkju og þá svo og næsta dag útfyllt og notað í viðskiptum tékkaeyðublöð, er hann hafði tekið úr tékkhefti Guðrúnar Ingibjargar, sbr. kafla II hér að framan.

Vitnið Guðrún Ólafsdóttir kvaðst hafa verið ásamt ákærða í „partíi" í húsi í Reykjavík föstudagskvöldið 17. nóvember. Þangað muni hafa verið fengin áfengisflaska frá leigubifreiðarstjóra og muni ákærði hafa greitt fyrir hana án þess til tals kæmi, að tékkhefti vitnisins yrði notað. Þau hafi farið í annað „partí" þá um nóttina og undir morgun í leigubifreið að Hótel City og ákærði greitt bifreiðarstjóranum fyrir aksturinn og áfengisflösku með eigin fé. Vitnið kvað þau ákærða hafa verið stöðugt saman frá því á föstudagskvöldinu, þar til ákærði fór á afgreiðslu hótelsins til að greiða fyrir herbergið, en skömmu síðar hafi lögreglumenn

komið og vitnið þá tekið eftir, að horfið var úr tösku hennar veski með tékkhefti **og fleira.**

Niðurstöður.

Ákærði hefur með atferli því, er greinir í köflum I og II, gerst brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með atferli því, er greinir í kafla III, hefur hann gerst brotlegur við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

Refsing ákærða þykir samkvæmt nefndum lagagreinum, sbr. 1. mgr. 77. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Guðrún Ingibjörg Ólafsdóttir hefur gert kröfu um bætur að fjárhæð kr. 2.000 vegna ætlaðs þjófnaðar, sem ekki er fjallað um í ákæru, og ber að vísa kröfunni frá dómi. Undir rekstri málsins greiddi ákærði bótakröfu Jóhannesar Sigfússonar leigubifreiðarstjóra, kr. 3.000 (sbr. II 7).

Aðrir hafa gert bótakröfur sem hér segir:

1. Heimilistæki s/f (I 10), kr. 700.
2. Jón Þórarinsson, Eiríksgötu 9, Reykjavík (1 7), kr. 1.900.
3. Vínbúðin Snorrabraut 56 (I 2), kr. 2.135.
4. Vínbúðin Lindargötu 46 (I 1 og 5), kr. 4.160.

Kröfur þessar eru studdar nægum gögnum og verða teknar til greina að fullu.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Sigurður Guðmundur Stefán Þorleifsson, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði greiði bætur sem hér segir:

1. Heimilistækjum s/f kr. 700.
2. Jóni Þórarinssyni, Eiríksgötu 9, Reykjavík, kr. 1.900.
3. Vínbúðinni Snorrabraut 56, Reykjavík, kr. 2.135.
4. Vínbúðinni Lindargötu 46, Reykjavík, kr. 4.160.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 28. apríl 1975.

Nr. 157/1973. **M** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
K (Guðrún Erlendsdóttir hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kvað upp Hermann G. Jónsson, settur bæjarfógeti á Akranesi.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 30. október 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. október s. á. Krefst hann aðallega ómerkingar á hinum áfrýjaða dómi, en til vara krefst hann sýknu af kröfum stefndu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefnda, sem fengið hefur gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 30. apríl 1974, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Eigi eru efni til að sinna ómerkingarkröfu áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Dæma ber áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000, sem renni í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.

Það athugast, að áfrýjandi er samkvæmt gögnum máls skráður í prestsþjónustubók faðir barns þess, er málið fjallar um, eftir einhliða skýrslu stefndu og að áfrýjanda fornspurðum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, M, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti,

25.000 krónur, er renni í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 20. júní 1973.

Hinn 25. september 1970 ól sóknaraðili í máli þessu, K, ógift stúlka, fædd ..., til heimilis ..., meybarn á sjúkrahúsi. Samkvæmt vottorði Helgu Ragnheiðar Höskuldsdóttur ljósmóður var fæðingarþyngd barnsins 3.540 gr. og lengd 52 cm.

Barnið hlaut í skírn nafnið B.

Föður að barni sínu lýsti sóknaraðili M, þá til heimilis ..., fæddan .... En hann hefur eigi við faðernið kannast.

Hóf barnsmóðir þá mál þetta með beiðni um meðlagsúrskurð, dags. 16. október 1970.

Sóknaraðili hefur gert þær dómkröfur í málinu, að varnaraðili, M, verði dæmdur faðir barns sóknaraðilja, B, er fæddist 25. september 1970, og hann verði dæmdur til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs þess, fæðingarstyrk svo og tryggingargjald hennar árið 1970.

Til vara krefst sóknaraðili fyllingareiðs svo og málskostnaðar, hvernig sem málið fer.

Dómkröfur varnaraðilja, M, í málinu eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðilja í máli þessu og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Málavextir eru þessir:

Sóknaraðili, K, mætti fyrst fyrir dómi í máli þessu 18. febrúar 1971. Hún sagðist hafa kynnst varnaraðilja, M, haustið 1969, en þó hafa séð hann áður, er hann var hér á ... við sjómennsku.

Samkvæmt skipshafnarskrá m/b Z, sem lögð hefur verið fram sem dómsskjal í máli þessu, var varnaraðili lögskráður I. vélstjóri frá 16. október til 31. desember 1969. II. vélstjóri var A, sem einnig kemur við sögu í máli þessu, og var hann lögskráður á skipið á sama tíma. Ýmsir hásetar voru á skipinu, og er hér ástæða að nefna D frá ..., sem einnig var lögskráður frá 16. október til 18. nóvember 1969.

Menn þessir bjuggu þetta haust, 1969, í íbúð á efri hæð að X . . . , en hún var eign Y, en það fyrirtæki á fyrrnefndan bát.

Sóknaraðili var þetta haust, 1969, í III. bekk Gagnfræðaskóla . . . . Hún kvaðst ásamt tveim skólasystrum sínum hafa farið að venja komur sínar að X til fyrrnefndra sjómanna. Voru það E, sem var í sama bekk og sóknaraðili, einnig 15 ára, og F, 14 ára að aldri, er var í II. bekk skólans. Sóknaraðili kvað F, sem er ávallt kölluð G, hafa kynnst A, og hafi það orðið til þess, að þær fóru að fara þarna í heimsóknir. Þessar heimsóknir stúlknanna voru í október, nóvember og desember fram að jólum. Sóknaraðili sagði þær hafa komið að X síðdegis eða að kvöldum og stundum oftar en einu sinni sama daginn. Sóknaraðili segir, að þau hafi spjallað saman, spilað á spil o. fl., og voru þeir alloft með áfengi, einkum D og H. Þeir höfðu herbergi þarna hvor fyrir sig. Þær stúlkurnar komu einkum í herbergi D, en strákarnir voru þar alltaf, segir sóknaraðili. Það kom fyrir, að strákarnir buðu þeim stúlkunum í leigubíl um bæinn, en sóknaraðili segist aldrei hafa neytt áfengis með þeim og ekki heldur hinar stúlkurnar. Sóknaraðili segir, að þær hafi yfirleitt komið að X að eigin ósk. Segir sóknaraðili, að hún hafi ekki haft samfarir við neinn fyrrnefndan mann nema M og hafi það átt sér stað í eitt skipti í desembermánuði skömmu fyrir jól. Það var skömmu fyrir kvöldmat, og var E með henni. Þær voru á leið að X og mættu þá M og A. Voru þau samferða inn til þeirra. M bauð sóknaraðilja inn til sín, en E var í herbergi A. Fóru samfarirnar fram á legubekk í herbergi M. Voru þau um hálfa klukkustund inni í herbergi hans. Eftir það fóru þær heim. Sóknaraðili kvaðst ekki vita til þess, að M hafi gætt neinnar varúðar til að forðast getnað. Sóknaraðili kveðst hafa haft á klæðum í byrjun desember síðast og ekki aftur í janúarmánuði, er tími var kominn, og taldi þá, að hún væri barnshafandi. Sóknaraðili segist þó ekki hafa nefnt þetta við neinn, og vann hún í frystihúsi síðari hluta vetrar, því að hún hætti í skólanum um áramót. Hún fór ekki til læknis og sagði fyrst ömmu sinni frá þessu í maí eða júní, en sóknaraðili er alin upp hjá móðurforeldrum sínum.

Sóknaraðili segir, að móðir sín hafi haft samband við M og hann þá neitað faðerni barnsins.

Sóknaraðili staðhæfir, að hún hafi ekki á getnaði barnsins haft samfarir við annan karlmann en M og komi því ekki annar til greina en hann sem faðir barnsins.

Sóknaraðili telur, að hún hafi ekki komið að X eftir þetta, en segist þó ekki geta gefið neina skýringu á því.

Áður en skýrt er nánar frá síðari framburði sóknaraðilja í máli þessu, skal hér skýrt frá framburði fyrrnefndra stúlkna fyrir dómi 16. apríl 1971.

Vitnið E, fædd ... 1954, kvað það rétt vera, að hún hafi verið í sömu bekkjardeild skólans og sóknaraðili haustið 1969. Hún kvað það einnig rétt vera, að þær þrjár fyrrnefndar stúlkur hafi þetta haust, 1969, komið nokkuð oft að X, þar sem þá bjuggu nokkrir sjómenn af bátum Y. Hún segir, að F hafi kynnst strák, sem hét A, sem þarna bjó, og eftir það hafi heimsóknir þessar hafist. Vitnið segist nokkuð hafa kynnst þessum strákum og man eftir H og D, sem kallaður var I. Vitnið man nú ekki nákvæmlega, hvenær þessar heimsóknir voru, en telur þær hafa verið frá því í október og fram í miðjan desember. Vitnið man, að D og H fóru á brott úr bænum í nóvembermánuði, og segist vitnið minnast þess að hafa komið að X eftir það. Vitnið segir það hafa komið fyrir, að þær stúlkurnar fóru í bifreið með þeim um bæinn.

Vitnið kveðst minnast þess, að sóknaraðili var eitt sinn ein inni í herbergi M nokkurn tíma, en nánar aðspurð um það, hvenær það hafi verið, kveðst vitnið ekki muna það og ekki heldur, hvaða tíma dags, en tekur um leið fram, að þær hafi verið í skóla til klukkan 5—6 að öllum jafnaði.

Vitnið vissi ekki fyrr en einhvern tíma um vorið 1970, að sóknaraðili væri barnshafandi, en kveðst aldrei hafa heyrt neinn nefndan sem föður barns sóknaraðilja nema varnaraðilja í máli þessu.

Sérstaklega aðspurt segist vitnið ekki minnast þess, að sóknaraðili hafi verið inni í herbergi hjá öðrum strákum en varnaraðilja, og segist vitnið halda, að það hafi verið aðeins þetta eina sinn.

Vitnið F, ..., fædd ... 1955, kveðst hafa haustið 1969, er það var hér í gagnfræðaskólanum, kynnst nokkuð A, er bjó að X, og segir vitnið, að hún hafi þetta haust nokkuð oft komið að X ásamt skólasystrum sínum, E og K, sóknaraðilja máls þessa. Einnig man vitnið eftir D, kallaður I, og H og segir, að þeir síðarnefndu hafi í nóvember farið á brott úr bænum, og segist vitnið hafa komið á X eftir það. Vitnið kvaðst ekki geta upplýst um kynni sóknaraðilja við varnaraðilja, en segist þó hafa séð, að þau kysstust, en ekki kveðst hún geta neitt um það borið, hvort þau hafi haft samfarir saman. Sóknaraðili hafi aldrei haft orð að

því við vitnið. Sóknaraðili hafi hætt í skólanum um áramót, og vissi vitnið ekki fyrr en um vorið, að sóknaraðili væri barnshafandi, en þá sagði sóknaraðili vitninu, að varnaraðili væri faðir barns hennar. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að sóknaraðili hafi verið með öðrum en varnaraðilja.

Þann 13. desember 1971 mætti sóknaraðili enn fyrir dómi. Hún hélt fast við kröfur sínar í málinu, en sagðist ekki muna nákvæmlega, hvenær samfarirnar við sóknaraðilja áttu sér stað, en telur þær hafa farið fram rétt fyrir jólin 1969 og sagðist þá eiga við a. m. k. viku fyrir jól. Sóknaraðili vildi þó eigi staðhæfa neitt um þetta atriði. Hún sagði, að M hafi spurt hana, er þau höfðu samfarirnar, hvenær hún hefði haft síðast á klæðum, og kvaðst hún hafa sagt honum, að það hefði verið nokkrum dögum áður. Hún minnist þess ekki, að M hafi í umrætt sinn spurt hana um, hvort hún hefði verið með D, enda sagði hún, að M hafi vitað, að þau höfðu verið saman. Sóknaraðili viðurkenndi í dóminum að hafa haft samfarir við D einu sinni í herbergi hans að X, en hann bjó þá með H. Var það að kvöldi til, og segist sóknaraðili ekki muna nánar hvenær, en sagðist halda, að það hafi verið um einum mánuði áður en hún hafði samfarir við varnaraðilja.

Þann 19. september 1972 mætti sóknaraðili enn fyrir dómi í máli þessu. Staðhæfir hún enn, að enginn annar komi til greina sem faðir barnsins hennar en varnaraðili.

Mætti þá einnig í dóminum varnaraðili málsins. Voru þau samprófuð. Þau voru sammála um, að þau hafi eigi notað getnaðarvarnir við samfarirnar.

Sáttatilraun var og reynd, en reyndist árangurslaus.

Sóknaraðili kom enn fyrir dóminn 7. mars 1973. Er sóknaraðilja þá kynnt frásögn D, sem fyrr er nefndur og síðar verður lýst nánar um, að hún (sóknaraðili) hafi haft samfarir við A II. vélstjóra á Z, en það kvaðst D hafa haft eftir A. Sóknaraðili kvaðst vel muna eftir A, en neitaði því eindregið, að hún hafi haft samfarir við hann haustið 1969 eða nokkru sinni og sagðist aldrei hafa verið ein með honum í herbergi hans eða annars staðar.

Að lokum kom sóknaraðili fyrir dóm 23. maí sl. og hélt enn fast við kröfur sínar. Dómarinn spurði sóknaraðilja nánar um samfarir hennar við varnaraðilja, og svaraði hún strax orðrétt: „Ég var bara með honum í þessum mánuði". Dómarinn innti hana enn fremur eftir því, með hverjum hún hafi verið áður, og sagði hún orðrétt: „Ég held það hafi verið I". Þá innti dómarinn sóknar-

aðilja eftir því, hvort hún hafi haft samfarir við annan karlmann eftir samfarirnar við varnaraðilja, á meðan hún gekk með barnið, og svaraði hún því neitandi.

Ítrekað aðspurð um það, hvort hún hafi eigi haft samfarir við fleiri karlmenn en framangreinda 2 menn sumarið og haustið 1969, neitaði sóknaraðili því staðfastlega.

Vitnið Helga Ragnheiður Höskuldsdóttir ljósmóðir kom fyrir dóm 6. mars 1973. Segist vitnið muna sérstaklega eftir sóknaraðilja máls þessa, vegna þess hve ung hún var og einnig vegna þess, að móðir sóknaraðilja vann á sjúkrahúsinu, er stúlkan fæddi barn sitt. Vitnið vissi, að hún var eigi gift eða trúlofuð, enda aðeins 16 ára gömul, er hún ól barn sitt, og kvaðst því hafa innt hana eftir því, hvort hún ætlaði að gefa upp barnsföður. Sóknaraðili svaraði því hiklaust, að faðir barnsins væri M frá ..., en eigi vissi hún fæðingardag hans eða heimilisfang. Sérstaklega aðspurt sagði vitnið, að hún hafi eigi orðið vör við neinar efasemdir hjá sóknaraðilja um, hver væri faðir barns hennar.

Varnaraðili, M, kom fyrst fyrir dóm 14. nóvember 1971, en hann hafði óskað eftir blóðrannsókn í málinu í apríl 1971, og fór hún fram, eins og síðar verður rakið, en hann var þá í Vélstjóraskólanum í Reykjavík. Sumarið 1971 var hann við síldveiðar í Norðursjó.

Varnaraðilja var kynnt sú niðurstaða blóðflokkarannsóknar, að hann gæti verið faðir barns sóknaraðilja. Hann kvaðst að svo stöddu þó eigi viðurkenna faðerni barns sóknaraðilja, en kvaðst þurfa frest í málinu og fram færi frekari athugun í málinu, áður en hann gæti gefið fullnaðarsvar við því, hvort hann væri faðir barnsins eða eigi.

Varnaraðili kvaðst kannast við K, sóknaraðilja máls þessa. Hann kvaðst hafa verið skipverji á Z hér á ... árið 1968 og 1969 og fram á árið 1970 á vetrarvertíð og síðan sumarið 1970, en fór í Vélstjóraskólann 15. september 1970. Varnaraðili bjó að X og hafði þar herbergi einn, en stundum með öðrum. Haustið 1969 var varnaraðili einn í herbergi. Sóknaraðili kom mjög oft að X haustið 1969 og þá með ýmsum stúlkum, en oftast E, og einnig kom þangað stúlka, sem kölluð var G. Um haustið var varnaraðili á síldveiðum og kom oft í land og var oft um borð í landlegum sem vélstjóri.

Varnaraðili var I. vélstjóri, en A II. vélstjóri. A bjó þarna að X svo og H, D og K háseti.

Varnaraðili viðurkenndi að hafa eitt sinn snemma í desember

verið einn með sóknaraðilja í herbergi hans á X og hafi það verið rétt fyrir kvöldmat. A var þá í sínu herbergi og hjá honum E, en stúlkurnar komu að húsinu um sama leyti og þeir A komu heim úr vinnu. Varnaraðili neitaði því eigi að hafa í umrætt sinn haft samfarir við sóknaraðilja og hafi þær farið fram á legubekk hans. Hann kvaðst hafa gætt þess að missa ekki sæði til sóknaraðilja og kveðst hafa spurt hana, hvenær hún hefði haft síðast á klæðum, og svaraði sóknaraðili því til, að hún vissi það ekki.

Varnaraðili ítrekaði, að samfarir þessar hafi átt sér stað fyrstu dagana í desember og taldi það hafa verið 4. eða 5. desember 1969. Varnaraðili sagðist aldrei hafa haft samfarir við sóknaraðilja í önnur skipti og taldi það ólíklegt, að þessar samfarir hafi leitt til getnaðar. Því kvaðst hann ekki geta né vilja viðurkenna faðerni barnsins að svo stöddu.

Varnaraðili sagðist hafa grun um, að sóknaraðili hafi haft samfarir við D háseta, er einnig var þarna í herbergi og bjó með H, meðan þeir voru hér á skipinu. Varnaraðili taldi, að D hafi verið hér í bæ um viku, eftir að hann var afskráður samkvæmt skipshafnarskrá. H sagði upp og fór á brott á undan D, og það kveðst varnaraðili muna örugglega. Varnaraðili kvaðst hafa spurt sóknaraðilja, er þau höfðu samfarir saman í umrætt sinn, hvort hún hefði verið með I eða A, og sagði hún, að hún hefði ekki verið með A, en viðurkenndi að hún hefði haft samfarir við I.

Næst kom sóknaraðili fyrir dóm 26. maí 1972, og lá þá fyrir í dóminum sú niðurstaða blóðflokkarannsóknar, dags. 17. apríl 1972, að D gæti eigi verið faðir barns sóknaraðilja.

Varnaraðili kvaðst þó eigi vilja viðurkenna faðerni barns sóknaraðilja og óskaði eftir fresti til að útvega sér talsmann í málinu.

Eins og fram hefur komið áður, kom sóknaraðili fyrir dóm 19. september 1972 ásamt varnaraðilja til samprófunar og sáttaumleitunar.

Í dómþingi þessu ítrekaði varnaraðili, að er hann hafi haft samfarirnar við sóknaraðilja, hafi hann gætt þess að fella ekki sæði til sóknaraðilja, enda hafi samfarirnar verið svo ófullkomnar, að þær hafi eigi getað leitt til sáðláts eða getnaðar.

Varnaraðili óskaði eftir talsmanni í málinu. Að hans ósk fór enn fremur fram allmikil framhaldsrannsókn í málinu, m. a. voru endurteknar allar blóðflokkarannsóknir, er fram höfðu farið í málinu.

Að lokum kom varnaraðili fyrir dóm 23. maí sl. Tók hann þá sérstaklega fram, að samfarir hans og sóknaraðilja hafi verið

mjög ófullkomnar og vart getað talist samfarir. Taldi hann þær alls ekki hafa getað leitt til getnaðar. Varnaraðili ítrekaði, að honum hafi eigi orðið sáðfall við áðurnefndar samfarir við sóknaraðilja, enda hafi þetta fikt við stúlkuna ekki gefið tilefni til þess, eins og varnaraðili komst að orði í dóminum. Lýsti hann því og yfir, að hann vildi eigi viðurkenna faðerni barns sóknaraðilja.

Eins og fram er komið hér að framan, viðurkenndi sóknaraðili samfarir við D, I, í herbergi hans að X um einum mánuði áður en hún hafði samfarir við varnaraðilja. D, þá til heimilis ..., fæddur ... 1947, kom fyrir dóm í ... 24. janúar 1973 vegna máls þessa. Hann kvaðst hafa verið skipverji á Z og verið afskráður um haustið 1969, og kveðst hann hafa farið daginn eftir afskráninguna til Reykjavíkur og síðan til ....

D kvaðst einu sinni hafa haft samfarir við K. Hafi það verið í herbergi hans að X, og minnti hann, að það hafi verið um það bil tveim vikum eftir að hann var lögskráður á Z. Nákvæmari tímasetningu kvaðst D ekki geta gefið og taldi, að 11—12 mánuðir væru frá því, að hann hafði samfarir við sóknaraðilja, þar til hún fæddi barn sitt.

D sagði, að sóknaraðili hefði ekki haft orð á því við sig, að hún væri með öðrum um þetta leyti. Hann sagði hins vegar, að A, II. vélstjóri á Z, til heimilis ..., hafi sagt, að hann, A, hefði haft samfarir við K. Hann kveðst ekki geta borið frekar um samband sóknaraðilja við aðra karlmenn og ítrekaði, að hann hefði aðeins einu sinni haft samfarir við sóknaraðilja.

Vegna þessa framburðar D var A frá ..., þá til heimilis ..., Reykjavík, fæddur ... 1951, kvaddur fyrir dóm 28. mars 1973 í Reykjavík.

Hann kvaðst hafa verið II. vélstjóri á Z haustið 1969 og hafi hann búið að X ásamt varnaraðilja, D og fleirum. Þeir félagar kynntust nokkrum stúlkum, búsettum á ..., og voru meðal þeirra K og stúlka, sem kölluð var G.

A kvaðst aldrei hafa haft samfarir við K, en einu sinni við G. Hann sagði, að hann gæti ekki fullyrt, að hann hafði ekki sagt D, að hann hefði haft samfarir við K. A sagði, að hafi hann sagt D það, hafi það ekki verið sannleikanum samkvæmt, heldur til að gorta af. Hann sagðist þó ekki muna eftir að hafa sagt þetta við D. A kvaðst ekki geta borið um það, hvort aðrir hafi haft samfarir við K þann tíma, sem hann dvaldist á ....

Eins og fram hefur komið í máli þessu, fór fram blóðflokka-

rannsókn hjá Rannsóknastofu Háskólans á sóknaraðilja, barni hennar og varnaraðilja svo og D.

Fyrst fór fram rannsókn á blóði sóknaraðilja, barni hennar og varnaraðilja, og er álitsgerð Ólafs Bjarnasonar prófessors, dr. med., dags. 14. september 1971, þannig: „Niðurstaða þessarar rannsóknar samrýmist því, að M sé faðir óskírðs meybarns f. 25. 9. 1970, dóttur K".

Því næst fór fram blóðflokkarannsókn á sóknaraðilja, barni hennar, B, og D.

Álitsgerð Ólafs Bjarnasonar prófessors, dr. med., um þá rannsókn er dagsett 17. apríl 1972, er þannig: „Samkvæmt niðurstöðu þessarar rannsóknar getur D ekki verið faðir B, dóttur K, þar eð D er „homozygot" með tilliti til eiginleikans S, og hljóta því öll afkvæmi hans að erfa þann eiginleika, en eiginleikinn finnst ekki í blóði B".

Loks fór fram blóðflokkarannsókn á blóði allra framangreindra aðilja að beiðni lögmanns varnaraðilja, og er álitsgerð Ólafs Bjarnasonar prófessors, dr. med., um þá rannsókn, dags. 13. febrúar 1973, svohljóðandi: „Samkvæmt niðurstöðu þessarar rannsóknar getur D ekki verið faðir B, dóttur K, þar eð barnið er „homozygot" með tilliti til eiginleikans S og hlýtur því að hafa erft þann eiginleika frá báðum foreldrum, en hann finnst ekki í blóði D. Hins vegar samrýmist niðurstaða rannsóknarinnar því, að M sé faðir barnsins. Þetta er í samræmi við fyrri niðurstöður, sbr. bréf til yðar, dags. 24/9 1971 og 17/4 1972".

Með bréfi dómarans, dags. 30. nóvember 1971, til yfirlæknis, L, var leitað álits hans á eftirfarandi:

1. Hver er líklegasti getnaðartími barnsins, sem fætt er, eins og fyrr segir, 25. september 1970?
2. Hver er fyrsti og síðasti hugsanlegi getnaðartími barnsins?

Álit yfirlæknis er dags. 6. desember 1971, svohljóðandi:

„Sem svar við bréfi þínu varðandi barnsfaðernismáls K, ..., f. ... 1954.

Hún ól hér meybarn þann 25/9 1970, barnið virtist fullburða og vó 3640 gr., lengd barnsins var 52 cm, sem líklegan getnaðartíma er alltof erfitt að ákveða með fullri vissu, en ég mundi þó segja seinni partinn í nóvember eða í desember og kannski sennilegasti tíminn eitthvað í kringum miðjan desember. En svar við annarri spurningu, hver sé fyrsti og síðasti hugsanlegi getnaðartími barnsins, það er ekki hægt að svara þeirri spurningu með

vissu, en eins og ég sagði áður, þá er lang líklegasti getnaðartími barnsins desembermánuður eða síðasti hluti nóvember 1969".

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, hefur varnaraðili kannast við að hafa haft samfarir við sóknaraðilja í byrjun desember 1969, og upplýst er í málinu, að það er líklegasti getnaðartími meybarns þess, er hún ól 25. september 1970.

Blóðrannsókn útilokar varnaraðilja eigi frá því að vera faðir barnsins. Hins vegar útilokar blóðrannsókn D frá því að vera faðir barns sóknaraðilja, en hún viðurkenndi að hafa haft samfarir við hann á mögulegum getnaðartíma barnsins. Hún hefur staðfastlega neitað því að hafa haft samfarir við fleiri karlmenn á mögulegum getnaðartíma barnsins, eða sumarið og haustið 1969 og eftir að hún hafði samfarir við varnaraðilja. Hefur þeirri staðhæfingu hennar eigi verið hnekkt.

Ber því að dæma varnaraðilja föður að barni því, er sóknaraðili ól 25. september 1970, sbr. 212. gr. laga nr. 85/1936. Skal varnaraðili greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1970, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma varnaraðilja til greiðslu alls málskostnaðar. Kostnaður, er bæjarfógetaembættið hefur greitt vegna málsins, er kr. 5.025. Þóknun til skipaðs talsmanns sóknaraðilja í málinu, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmanns, þykir hæfilega ákveðin kr. 20.000. Samkvæmt 215. gr. laga nr. 85/1936 ber að leggja málsvarnarlaun út af ríkisfé. Málskostnaður, samtals kr. 25.025, er varnaraðilja ber að greiða, rennur því til ríkissjóðs.

Dómsorð:

Varnaraðili, M, skal teljast faðir að barni því, B, sem sóknaraðili, K, ól 25. september 1970.

Skal varnaraðili greiða meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja árið 1970, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, kr. 20.000, greiðist úr ríkissjóði.

Varnaraðili greiðir í málskostnað kr. 25.025, er rennur í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. maí 1975.

Nr. 66/1973. **Sigurður Flosason**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Samvinnufélaginu Hreyfli og gagnsök
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Samvinnufélag. Félagsréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem upprunalega var gagnáfrýjandi máls þessa, áfrýjaði málinu með stefnu 27. apríl 1973. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda. Til vara er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 12. apríl 1973. Af hans hálfu var eigi sótt þing í málinu hinn 2. nóvember 1973, og gekk þá útivistardómur. Hann áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 26. nóvember 1973, sbr. 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst gagnáfrýjandi sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt sakargögnum eru eigi sannaðar þær ávirðingar á aðaláfrýjanda í skiptum hans við gagnáfrýjanda eða í störfum hans hjá honum, er réttlætt geti brottvikningu hans úr Samvinnufélaginu Hreyfli með þeim hætti, sem raun varð á og lýst er í héraðsdómi. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann nema um málskostnað.

Rétt þykir að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, alls 80.000 krónur.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur. Á dómþingi 19. janúar 1973 var því lýst, að gagnaöflun væri lokið. Samdómendur tóku sæti í dóminum á dómþingi 26. febrúar s. á. Var sátt þá reynd að nýju, og nokkur dómskjöl voru lögð fram. Að svo búnu lýstu lögmenn gagnaöflun lokið og fluttu málið munnlega. Dómsformaður háði einn fyrri dómþing í málinu, þegar aðiljar komu fyrir dóm og vitni gáfu skýrslur. Þessir hættir um rekstur máls fyrir sjó- og verslunardómi ganga í berhögg við 205. gr. laga nr. 85/1936, en eigi þykir fullnægjandi ástæða til að ómerkja dóminn og málsmeðferðina af þeim sökum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður nema um málskostnað.

Gagnáfrýjandi, Samvinnufélagið Hreyfill, greiði aðaláfrýjanda, Sigurði Flosasyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, alls 80.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 19. mars 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 26. febrúar sl., hefur Sigurður Flosason leigubifreiðarstjóri, Kársnesbraut 54, Kópavogi, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 12. september 1972, gegn Samvinnufélaginu Hreyfli til ógildingar þeirri ákvörðun stjórnar Hreyfils s/f samkvæmt bréfi, dags. 26. ágúst 1972, að svipta stefnanda félagsréttindum og víkja honum úr Hreyfli s/f svo og að svipta hann rétti til afgreiðslu af bifreiðastöð Hreyfils s/f. Jafnframt krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu, en án árangurs.

Málavextir virðast vera þeir, að stefnandi hafi lengi verið félagsmaður í stefnda. Hann hafi byrjað að keyra á bifreiðastöðinni

Hreyfli í febrúar 1951 og gerst félagsmaður í stefnda eitthvað seinna. Meðal félagsmanna í stefnda eru starfrækt ýmis áhugamannafélög, þar á meðal Íþróttafélag Hreyfils og Taflfélag Hreyfils, og hefur stefnandi verið í stjórn þessara tveggja félaga. Á árinu 1963 hófu þessi tvö félög blaðaútgáfu undir nafninu Hreyfilsblaðið. Stefnandi var frá upphafi í ritnefnd blaðsins og ritstjóri þess frá árinu 1965 eða fyrr. Í janúar 1971 voru fulltrúar taflfélagsins í ritnefnd blaðsins leystir frá störfum. Hinn 13. janúar 1972 var tilkynnt til firmaskrár Reykjavíkur, að þeir Gunnar Jónsson og Ragnar Sigurðsson reki ásamt stefnanda tímaritaútgáfu undir nafninu Hreyfilsblaðið á vegum Íþróttafélags Hreyfils. Stjórn stefnda óskaði eftir því við stefnanda, að hann léti afmá tilkynningu þessa úr firmaskrá Reykjavíkur. Við þeim tilmælum varð stefnandi ekki. Í stefnda eru starfræktir húsbyggingasjóður og tækifærisgjafasjóður. Á sumrinu 1972 neitaði stefnandi að greiða í sjóði þessa. Hinn 26. ágúst 1972 skrifaði stjórn stefnda stefnanda svohljóðandi bréf: „Stjórn s/f Hreyfils telur, að framkoma þín undanfarið sé til þess fallin að spilla áliti félagsins út á við og vekja tortryggni og flokkadrætti inn á við svo að spillist góður félagsandi, sem er hornsteinn undir allri félagsstarfsemi okkar. Þar sem slík háttsemi brýtur í bág við a. lið 14. gr. samþykkta félagsins, þá hefur stjórnin á fundi sínum í dag ákveðið að nota heimild nefndrar greinar til að svipta þig félagsréttindum og víkja þér úr s/f Hreyfli. Er þá jafnframt niður fallinn réttur þinn til afgreiðslu af bifreiðastöð félagsins. Þetta tilkynnist þér hérmeð. Brottvikning þessi er virk frá 1. september n. k." Stefnandi mótmælti strax þessari ákvörðun félagsstjórnarinnar með bréfi, dags. 30. ágúst sl. Gerði hann kröfu til þess, að framangreind ákvörðun yrði endurskoðuð og brottreksturinn afturkallaður fyrir 1. september sl. Þeirri kröfu var ekki sinnt.

Vegna máls þessa hafa komið fyrir dóm til yfirheyrslu stefnandi, stjórnarformaður stefnda, Þórður Elíasson, Grímur Runólfsson og Ingimundur Ingimundarson, stjórnarmenn í stefnda, og Einar Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri stefnda.

Fyrir dómi taldi Þórður Elíasson aðalávirðingar stefnanda vera í sambandi við Hreyfilsblaðið, en útgáfa blaðsins hafi verið orðin nokkurs konar einkafyrirtæki stefnanda og hafi það verið gegn samþykkt aðalfundar 1969, en þar hafi verið ákveðið að breyta blaðinu og gera það víðsýnna. Eftir þennan aðalfund hafi nafn blaðsins verið skráð í firmaskrá, en þar sé útgefandi blaðsins skráður Íþróttafélag Hreyfils. Íþróttafélag Hreyfils og Taflfélag

Hreyfils hafi frá upphafi verið útgefendur blaðsins og hafi það verið með samþykki stjórnar stefnda, en íþróttafélagið og taflfélagið hafi fengið styrk frá stefnda til starfsemi sinnar. Ekki séu allir félagsmenn í samvinnufélaginu félagar í íþróttafélaginu eða taflfélaginu. Blaðinu hafi verið veittur styrkurinn gegn því, að félagsmenn samvinnufélagsins fengju blaðið frítt. Fjárhæð styrksins hafi verið, að því er Þórð minnti, kr. 7.50 til hvors félags á mánuði af hverjum manni, en þetta hafi verið innheimt um leið og stöðvargjald. Þróunin hafi orðið sú, að blaðið hafi hin síðustu ár verið skrifað í allt öðrum anda en í upphafi. Stjórnin hafi ekki talið blaðið hafa heimild til að skrifa óhróður um samvinnufélagið eða einstaka félagsmenn í því. Síðar hafi verið stofnuð fleiri áhugamannafélög af félagsmönnum samvinnufélagsins, þar á meðal bridgefélag og kvenfélag, en það sé félag eiginkvenna félagsmanna, og hafi verið samþykt á aðalfundi á árinu 1969, hélt Þórður, að þessi félög hefðu samvinnu með íþróttafélaginu og taflfélaginu um útgáfu blaðsins. Stjórnin hafi þess vegna viljað athuga og semja um eignir og skuldir blaðsins og endurskipuleggja rekstur þess, en það hafi allt strandað á stefnanda. Á aðalfundi 1969 eða 1970 hafi verið gerð sú samþykkt að hætta að veita styrk til íþróttafélagsins og taflfélagsins í því formi, sem áður hafði verið. Einhvern tíma hafi verið skipuð óformleg nefnd til þess að reyna að komast að samkomulagi um blaðaútgáfuna. Í nefndinni hafi Þórður verið og Grímur Runólfsson frá samvinnufélaginu og svo frá íþróttafélaginu Gunnar Jónsson. Árangur hafi enginn orðið af starfi þessarar nefndar. Stjórn stefnda hafi óskað eftir því að fá að sjá reikninga blaðsins, en við þeim tilmælum hafi aldrei verið orðið.

Fyrir dómi taldi Grímur Runólfsson aðalávirðingar stefnanda vera í sambandi við Hreyfilsblaðið, en blaðið hafi verið gefið út af Taflfélagi Hreyfils og Íþróttafélagi Hreyfils. Í sambandi við blaðaútgáfuna hafi stjórn stefnda ekki líkað við stefnanda. Hann hafi rekið blaðið eins og einkafyrirtæki. Í ritnefnd blaðsins hafi verið tveir ritnefndarmenn frá hvoru félagi, en stefnandi hafi verið í stjórn beggja félaganna. Ritnefndarmennirnir, sem tilnefndir hafi verið af taflfélaginu, hafi ekki verið í nánum tengslum við félagið og annar þeirra hafi verið hættur á bifreiðastöð Hreyfils, en svo hafi það verið, líklega í ársbyrjun 1971, að allar líkur hafi bent til þess, að hægt væri að ná samstöðu um víðari aðild að blaðinu og hafi þess vegna fulltrúar taflfélagsins verið látnir hætta í ritnefnd. En á árinu 1971 hafi þeir Grímur og Guð-

bjartur Guðmundsson verið tilnefndir af stjórn taflfélagsins til þess að taka sæti í ritnefnd blaðsins. Eftir að Grímur var tilnefndur í ritnefnd, hafi aldrei verið kallaður saman ritnefndarfundur. Málum taflfélagsins hafi ekki verið sinnt sem skyldi í blaðinu, en mál, sem tekin hafi verið til meðferðar í blaðinu, hafi verið til þess fallin að auka sundrung í samvinnufélaginu. Fjallað hafi verið um efni blaðsins á stjórnarfundum í taflfélaginu og reynt hafi verið að fá efni blaðsins breytt, en án árangurs, en á fundum þessum hafi stefnandi verið, þar sem hann hafi verið í stjórn taflfélagsins. Einnig hafi verið fjallað um efni blaðsins á aðalfundi í samvinnufélaginu. Taflfélagið og íþróttafélagið séu áhugamannafélög, en ekki deildir innan samvinnufélagsins, þannig að sumir af þeim, sem tefldu með taflfélaginu og tóku þátt í mótum, voru gamlir félagar í samvinnufélaginu, sem héldu áfram þátttöku í taflfélaginu, þótt þeir hefðu breytt um atvinnu. Stefnandi hafi ekki neitað um birtingu á greinum frá taflfélaginu, en stefnandi hafi eiginlega boðið upp á, að blaðið yrði vettvangur, þar sem fólk gæti hellt úr skálum reiði sinnar, þannig að svargreinar birtust. Í sambandi við framkvæmdastjóraskipti hjá samvinnufélaginu hafi birst greinar í blaðinu, en í greinum þessum hafi verið stuðlað að því að skapa læti í blaðinu í sambandi við framkvæmdastjóraskiptin. Umrædd framkvæmdastjóraskipti muni hafa átt sér stað á árinu 1969. Þá hafi Grímur ekki verið í stjórn samvinnufélagsins. Grímur sagðist telja, að Stefáni Oddi Magnússyni hafi verið sagt upp framkvæmdastjórastörfum með að minnsta kosti mjög stuttum fyrirvara.

Stefnandi hafi neitað að greiða í tækifærisgjafasjóð og húsbyggingarsjóð samvinnufélagsins, en allir aðrir félagar stefnda greiði í þessa sjóði og stefnandi hafi í upphafi líka greitt í þá. Sjóðir þessir séu starfræktir samkvæmt samþykktum aðalfunda félagsins. Komið hafi fyrir, að félagsmenn hafi skuldað framlög í sjóðina, en engir aðrir en stefnandi hafi neitað að greiða. Ekki sagðist Grímur muna, hve langur tími hafi liðið frá því að stefnandi neitaði að greiða framlög í sjóðina og þar til ákveðið var að svipta stefnanda félagsréttindum, en sagðist muna, að stefnandi hafi verið farinn að spyrja um, hvað yrði gert vegna neitunar hans á því að greiða í sjóðina. Hlutverk tækifærisgjafasjóðs sé m. a. að styrkja taflfélagið og íþróttafélagið. Einnig hélt Grímur, að blaðið muni einhvern tíma hafa fengið styrk úr sjóðnum. Einnig sé sjóðnum varið til kaupa á tækifærisgjöfum. Til muni vera reglugerð fyrir sjóðinn. Framlög í sjóðinn séu ákveðin á aðalfundi

og séu þau núna kr. 300 á mánuði. Í húsbyggingarsjóð séu framlög kr. 300 á mánuði. Húsbyggingarsjóður félagsins sé til þess að kosta byggingu á lóð félagsins, en félagið hafi fengið úthlutað stórri lóð með kvöð um ákveðna nýtingu og sé það meira húsnæði en félagið þurfi á að halda, en ljúka þurfi framkvæmdum eigi að síður og til þess að kosta þessar framkvæmdir sé m. a. húsbyggingarsjóður.

Ekki var Grími kunnugt um, að aðrir en stefnandi hafi verið sviptir endanlega félagsréttindum í stefnda, en komið hafi fyrir, að félagsmenn hafi verið sviptir aðstöðu og afgreiðslu á stöð félagsins um tíma. Ástæður fyrir því hafi verið ýmsar, m. a. framkoma gagnvart viðskiptavinum, en ekki treysti Grímur sér til að upplýsa þetta nánar og ekki heldur, hvort menn, sem gerst hafi brotlegir við refsilög, hafi verið sviptir félagsréttindum um tíma.

Ingimundur Ingimundarson taldi aðalávirðingar stefnanda felast í því, að hann hafi neitað að greiða í sjóði, sem samþykktir hafi verið á aðalfundi félagsins og stefnandi hafi sjálfur staðið að, en Ingimundur taldi, að ástæður stefnanda fyrir neituninni hafi helstar verið, að hann hafi viljað vekja tortryggni og flokkadrætti hjá félagsmönnum. Jafnframt hafi stjórn stefnda talið, að ef stefnanda liðist að greiða ekki í sjóðina, þá mundi það valda því, að fleiri neituðu að greiða. Stjórn stefnda fari með stjórn sjóðanna. Framlög í sjóðina þurfi að vera búið að greiða fyrir 15. hvers mánaðar og það hafi stefnanda verið kunnugt um. Stefnandi sé sá eini, sem hafi neitað að greiða í sjóðina. Húsbyggingarsjóður sé notaður beint í húsbyggingu félagsins. Tækifærisgjafasjóður sé notaður til kaupa á tækifærisgjöfum, einnig sé hann notaður sem sjúkrasjóður. Úr sjóðnum séu greidd framlög til taflfélagsins, íþróttafélagsins og bridgefélagsins og þar með sé upptalið það, sem sjóðir þessir séu notaðir til, en fé úr sjóðnum renni ekki í almennan rekstur stöðvarinnar. Allir félagsmenn greiði jafnt í sjóði þessa. Framlögin séu innheimt um leið og afgreiðslugjald.

Önnur ástæða fyrir brottvikningunni hafi verið Hreyfilsblaðið. Blaðið hafi farið nokkuð vel af stað, en síðustu blöð hafi verið mjög neikvæð. Þar hafi verið skrifaðar svívirðingar um ýmsa félagsmenn og fyrrverandi og núverandi stjórn. Einnig hafi birst í blaðinu sérstaklega svívirðileg grein um Ingjald Ísaksson, heiðursfélaga stefnda og einn af stofnendum stefnda, en Ingjaldur hafi verið formaður stefnda í 25 ár. Annað hvort hafi stefnandi eða Þorvaldur Jóhannsson skrifað grein þessa. Ingimundur sagðist

halda, að ætlast hafi verið til, að stjórnin skrifaði svargreinar í blaðið, en það hafi stjórnin ekki talið rétt. Stefnandi hafi verið ritstjóri blaðsins frá upphafi. Ekki sagðist Ingimundur muna, um hve langan tíma það hafi verið, að óviðeigandi greinar birtust í blaðinu, en tók fram, að á aðalfundi 1969 hafi verið rætt um blaðið vegna óviðeigandi greina, sem í blaðinu höfðu birst. Þeir Þórður Elíasson og Grímur Runólfsson hafi verið tilnefndir af stjórn stefnda til að semja við ritnefnd um breytta stefnu blaðsins, en það hafi ekki tekist. Eftir framhaldsaðalfund 1969 hafi stefnandi látið skrá í firmaskrá Reykjavíkur nafn Hreyfilsblaðsins, en stjórn stefnda hafi verið búin að banna, að nafn stefnda yrði notað í sambandi við blaðið.

Ekki hafi verið fleiri ástæður fyrir því, að stefnandi var sviptur félagsréttindum en í sambandi við blaðið og afstöðu stefnanda til sjóðanna. Stefnandi muni hafa verið aðvaraður, áður en hann var sviptur félagsréttindum, og hélt Ingimundur, að hann hafi verið aðvaraður bæði munnlega og skriflega og hélt, að það hafi gert annar hvor eða báðir, formaður stefnda og framkvæmdastjóri.

Það hafi komið fyrir áður, að menn hafi verið sviptir félagsréttindum í samvinnufélaginu, en ekki gat Ingimundur upplýst hvers vegna. Komið hafi fyrir, að menn hafi verið sviptir aðstöðu á stöð stefnda og hafi ástæður þá m. a. verið vanskil í sambandi við sjóði félagsins eða vanskil á afgreiðslugjöldum. Einnig hafi komið fyrir, að menn hafi verið sviptir aðstöðu á stöð félagsins, hafi þeir brotið refsilög. Ingimundur hélt, að komið hafi fyrir, að menn hafi verið sviptir aðstöðu á stöð stefnda endanlega, a. m. k. hafi sumir þeirra, sem sviptir hafi verið aðstöðu, ekki komið aftur. Ekki þorði Ingimundur að fullyrða um það, hvort menn hafi verið sviptir félagsréttindum vegna brota á refsilöggjöf, en sagði, að sumir þeirra hafi ekki komið aftur til starfa á stöðinni og horfið úr félaginu. Ekki vissi Ingimundur um aðra en stefnanda, sem sviptir hafa verið félagsréttindum hjá stefnda þau 15 ár, sem hann hefur verið í stjórn stefnda.

Einar Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri stefnda, sagði, að stefnanda hafi borið eins og öðrum félagsmönnum í stefnda að greiða afgreiðslugjöld fyrir júní 1972 fyrir 15. dag júnímánaðar 1972 og hafi þá um leið átt að greiða framlög í tækifærisgjafasjóð og húsbyggingarsjóð. Þessar greiðslur í sjóðina hafi stefnandi neitað að greiða, og sagðist Einar Geir þess vegna hafa hinn 27. júní 1972 átt langar samræður við stefnanda og beðið stefnanda að

endurskoða afstöðu sína í sambandi við sjóðina og sagðist í því sambandi hafa bent stefnanda á, að það að neita að greiða gæti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir stefnanda. Stefnandi hafi ekki verið til viðræðu um að greiða í þessa sjóði. Einar Geir sagðist ekki hafa sagt við stefnanda, að afleiðingarnar gætu orðið þær, að stefnandi yrði rekinn úr stefnda. Það sé ekki í verkahring hans að taka ákvörðun um það, hvort félagsmaður í stefnda sé rekinn eða ekki. Hann hafi einungis tekið fram, að þetta gæti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Einar Geir var spurður um það, hvað hann hafi haft í huga með alvarlegum afleiðingum, og sagðist hann þá hafa m. a. haft í huga, að til þess gæti komið, að stefnandi yrði rekinn, en hann sem framkvæmdastjóri hafi ekki vald til að reka mann úr stefnda, það væri í verkahring stjórnarinnar að taka ákvörðun um slíkt.

Úr tækifærisgjafasjóði sé tekið fé til að styrkja menn, sem veikjast. Á aðalfundi 1972 hafi verið samþykkt að taka fé úr sjóðnum til þess að auglýsa upp stöðina, einnig sé úr sjóðnum varið fé til menningarstarfsemi innan samvinnufélagsins. Aðalfundur stefnda á árinu 1972 muni hafa verið í mars og svo framhaldsaðalfundur í apríl. Almennt sé aðalfundur haldinn í febrúar eða mars ár hvert, en oft hafi það verið þannig, að störfum hafi ekki verið lokið og þá verið boðað til framhaldsaðalfundar á haustin. En svo hafi það ekki verið síðastliðið ár.

Einar Geir sagðist hafa gert það, sem hann gat til þess að leysa ágreining stefnanda við stjórn stefnda, og hafi hann átt tal við Harald Sigfússon og Guðmund Gunnlaugsson og beðið þá að ræða við stefnanda um þessi mál. Ekki mundi hann, hvort þetta var áður en stefnanda var skrifað bréfið 26. ágúst sl. eða síðar. Einnig hafi hann beðið Þorleif Gíslason að reyna að fá stefnanda til að greiða í sjóðina og hélt, að það hafi verið, áður en stefnanda var vísað úr félaginu. Þorleifur hafi talað við stefnanda.

Einar Geir sagði, að þá er hann talaði við stefnanda um greiðslu í sjóðina, hafi talið einnig borist að Hreyfilsblaðinu, og sagðist Einar Geir hafa sagt stefnanda, að hann teldi blaðið, eins og það hafi verið síðast, neikvætt fyrir stefnda og þá sérstaklega út á við, en einnig inn á við. Ekki gat hann talið upp einstakar greinar, sem hann taldi sérstaklega neikvæðar, og sagði, að það væri langt síðan hann hafi lesið þetta blað, en almennt hafi verið fjallað þannig um ágreiningsefnin, að það væri ekki til þess fallið að auka hróður stöðvarinnar út í frá eða að stuðla að samstöðu inn á við.

Einar Geir sagði, að þann tíma, sem hann hafi unnið hjá stefnda, hafi enginn félagsmanna annar en stefnandi verið rekinn úr stefnda.

Fyrir dómi bar stefnandi, að hann hafi byrjað að keyra á bifreiðastöðinni Hreyfli í febrúar 1951 og eitthvað seinna hafi hann orðið félagsmaður í Samvinnufélaginu Hreyfli. Hann hafi aldrei verið í stjórn þess. En Íþróttafélag og Taflfélag Hreyfils hafi gefið út blað frá árinu 1963 og hafi stefnandi verið í ritnefnd blaðsins frá upphafi og formlegur ritstjóri blaðsins hafi hann verið frá 1965 eða fyrr. Síðasta blaðið hafi komið út í maí 1971. Blaðið hafi verið rekið sem sjálfstæð stofnun undir stjórn ritnefndar, en í ritnefnd hafi verið tveir fulltrúar frá taflfélaginu og tveir fulltrúar frá íþróttafélaginu og hafi stefnandi verið annar fulltrúi íþróttafélagsins. Þannig hafi blaðið verið rekið, þar til fulltrúar taflfélagsins hafi hætt störfum í ritnefnd að fyrirlagi stjórnar taflfélagsins og hafi þá ritnefnd eingöngu verið þessir tveir fulltrúar íþróttafélagsins, þ. e. stefnandi og Gunnar Jónsson, sem nú er formaður íþróttafélagsins, en þeir tveir hafi bara staðið að útgáfu eins blaðs, en undirbúningur að blaðinu hafi verið talsvert á veg kominn, þá er fulltrúar taflfélagsins hættu í ritnefnd.

Stefnandi var spurður um, hvers vegna Hreyfilsblaðið hafi verið skráð í firmaskrá, og svaraði hann því til, að þá er taflfélagið hafi látið sína fulltrúa hætta störfum í ritnefnd, hafi þeir Grímur Runólfsson og Guðbjartur Guðmundsson sagt stefnanda, að samvinnufélagið ætlaði að gefa Hreyfilsblaðið út sjálft án tillits til þess, hvað stjórn íþróttafélagsins segði, og til að koma í veg fyrir þetta sagði stefnandi, að Hreyfilsblaðið hafi verið skráð í firmaskrá, en íþróttafélagið hafi þá í níu ár gefið blaðið út ásamt taflfélaginu nema síðasta árið, þá hafi íþróttafélagið staðið eitt að blaðinu.

Hreyfilsblaðið hafi verið stofnað á stjórnarfundi í íþróttafélaginu. Á þessum fundi hafi stefnandi verið, en hann og Þórður Sigurðsson hafi borið fram tillögu um stofnun blaðsins og jafnframt hafi verið ákveðið að bjóða taflfélaginu aðild að blaðinu, þar sem íþróttafélagið hafði ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa eitt að útgáfunni. Blaðið hafi staðið sjálft undir útgáfukostnaði vegna tekna af auglýsingum nema fyrsta tölublaðið, til útgáfu þess hafi verið veitt fé úr sjóðum íþróttafélagsins og taflfélagsins.

Þeir Gunnar Jónsson og Ragnar Sigurðsson, sem ásamt stefnanda reka tímaritaútgáfu undir nafninu Hreyfilsblaðið á vegum

Íþróttafélags Hreyfils samkvæmt tilkynningu til firmaskrár Reykjavíkur 13. janúar 1972, séu báðir félagar í stefnda og í stjórn íþróttafélagsins. Stefnandi sé núna ritari íþróttafélagsins.

Stefnandi sagðist muna eftir viðtali við framkvæmdastjóra stefnda 27. júní 1972. Ekki sagðist hann muna eftir því, að samtal þetta væri langt, og minntist þess ekki, að framkvæmdastjórinn segði, að það gæti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir stefnanda, ef hann ekki greiddi í sjóðina. Framkvæmdastjórinn hafi tekið við afgreiðslugjaldinu og óskað eftir skriflegri greinargerð frá stefnanda um það, hvers vegna hann ekki vildi greiða í sjóðina, en bréfið á dskj. nr. 10 sé sú greinargerð. Stefnandi sagðist hafa verið á aðalfundinum, þar sem samþykkt hafi verið að verja fé úr tækifærisgjafasjóði til þess að auglýsa upp stöðina, og hafi stefnandi verið á móti þessari tillögu og hafi hann greitt atkvæði gegn henni, en mundi ekki, hvort hann tók til máls til að tala gegn tillögunni, en það hafi a. m. k. einn fundarmanna gert.

Stefnandi sagði, að hann hafi enga aðvörun fengið um það, að honum yrði vísað af stefnda, áður en hann fékk bréfið á dskj. nr. 5. Frá því að framkvæmdastjóri stefnda átti tal við stefnanda 27. júní sl., þá hafi hvorki framkvæmdastjórinn né stjórnarmenn stefnda haft samband við stefnanda fyrr en eftir mánaðamót ágúst/september sl.

Af hálfu stefnanda eru kröfur rökstuddar m. a. með því, að brottvikning stefnanda úr stefnda hafi verið fyrirvaralaus og þar af leiðandi ógild.

Einnig að ákvörðun stjórnar stefnda sé að forminu byggð á röngu lagaákvæði og af þeim sökum m. a. ógild. Ákvörðunin sé byggð á a lið 14. gr. samþykkta félagsins. En samkvæmt núgildandi lögum félagsins, eins og þeim hafi verið breytt hinn 14. mars 1945, hljóði a liður 14. gr. þannig: „Nú missir maður skilyrði samkv. 2. gr. og skal hann þá strikast út af félagsskrá 6 mánuðum eftir að hann hættir að eiga bifreið, sem rekin er frá stöð félagsins. Þetta ákvæði tekur þó ekki til fastra starfsmanna eða þeirra manna, sem hætta akstri til þess að gjörast fastir starfsmenn hjá félaginu". Hins vegar hljóði a liður 14. gr. í hinum upphaflegu lögum félagsins frá 11. nóvember 1943 þannig: „Félagsmaður getur sætt brottrekstri úr félaginu a. Ef hann verður ber að því að spilla áliti félagsins eða vekja tortryggni hjá félagsmönnum". Samkvæmt orðalagi greinarinnar verði brot félagsmanna að vera augljóst.

Í fyrrgreindri 14. gr., a lið, hinna upphaflegu laga félagsins sé engin skýring gefin á því, hvers konar athöfn eða athafnarleysi þurfi til, svo að hægt sé að tala um, að félagsmaður hafi spillt áliti félagsins eða valdið tortryggni hjá félagsmönnum. Þó megi vera ljóst, að slík athöfn eða athafnarleysi þurfi að vera mjög alvarlegs eðlis, þar sem hér séu í húfi ekki aðeins félagsréttindi, heldur einnig atvinnuréttindi félagsmanns, sbr. 2. gr. lagana. Hér sé um mjög almennt ákvæði að ræða, sem sýnilega sé ekki í samræmi við 8. gr. laga nr. 46 frá 1937 um samvinnufélög. Beri því að túlka ákvæði þetta mjög þröngt með tilliti til þess, hvernig samvinnufélög eru byggð upp, en þau eigi að vera frjáls fyrir alla, sem fullnægi ákveðnum skilyrðum, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 46 frá 1937.

Með brottvikningu úr félaginu sé stefnandi í raun sviptur réttindum sínum til leigubifreiðaraksturs, þar sem skilyrði fyrir slíkum réttindum sé það, að leigubifreið hafi afgreiðslu á bifreiðastöð, sbr. 1. gr. laga nr. 36 frá 1970 um leigubifreiðar, sbr. og 2. mgr. 1. gr. sömu laga.

Fyrirsvarsmenn stefnda hafi á engan hátt reynt að færa sönnur á fullyrðingar sínar um, að framkoma stefnanda hafi verið „til þess fallin að spilla áliti félagsins út á við og vekja tortryggni og flokkadrætti inn á við, svo að spillist góður félagsandi".

Sjóðir þeir, sem stefnandi hafi neitað að greiða framlög í, hafi verið stofnaðir í samræmi við ákvörðun aðalfundar, án þess að til kæmi lagabreyting, og hafi því stefnanda verið frjálst að neita að greiða í sjóðina. Neitun stefnanda á því að greiða í sjóðina hafi því ekki verið brot á félagssamþykktum stefnda.

Fyrsta tölublað Hreyfilsblaðsins hafi komið út í desember 1963, en síðasta blaðið kom út í maí 1971. Hreyfilsblaðið hafi aldrei verið gefið út af stefnda. Útgefendur hafi verið Taflfélag Hreyfils og Íþróttafélag Hreyfils, en það séu sjálfstæð félög, en ekki deildir innan samvinnufélagsins. Stefndi hafi aldrei veitt Hreyfilsblaðinu fjárstyrk. Stefndi hafi veitt íþróttafélaginu og taflfélaginu styrk. Hreyfilsblaðið hafi staðið sjálft undir sínum útgáfukostnaði nema 1. tölublað.

Af hálfu stefnda eru kröfur rökstuddar með því, að stjórn stefnda hafi heimild til að víkja stefnanda úr stefnda. 14. gr. samþykkta stefnda sé í samræmi við 8. gr. laga nr. 46 frá 1937.

Þar sem stjórn stefnda hafi vísað til a liðs 14. gr. samþykkta stefnda, þá sé þar um misritun að ræða, sbr. dskj. nr. 4. Liður

þessi, sem upphaflega hafi verið a liður greinarinnar, sé nú b liður.

Samkvæmt 14. gr. samþykkta félagsins sé það stjórnar félagsins að meta það, hvenær brot félagsmanna séu það alvarleg, að sæta beri brottvísun, en samkvæmt niðurlagi greinarinnar geti félagsmaður, sem brottrekstri sætir, skotið máli sínu til aðalfundar til endanlegrar ákvörðunar. Hefði það verið rétt málsmeðferð og vafasamt hvort hinir almennu dómstólar megi fara með málið, að minnsta kosti þar til hinni félagslegu meðferð sé lokið.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að aðgerðir stefnda hafi haft áhrif á atvinnuleyfi stefnanda. Honum sé heimilt að ráðast í stöðvarpláss á hvaða bifreiðastöð sem er, annarri en bifreiðastöð Hreyfils. Tilvísun stefnanda til laga nr. 36 frá 1970 eigi því ekki við í þessu tillfelli.

Stefnandi hafi brotið firmalög og lög um varnir gegn ólögmætum verslunarháttum með því að láta skrá Hreyfilsblaðið í firmaskrá. Blaðið hafi í upphafi verið gefið út með vitund og samþykki stjórnar stefnda, enda hafi blaðið fengið styrk frá stefnda.

Í hinum framlögðu eintökum af Hreyfilsblaðinu megi sjá dæmi um óviðeigandi blaðaskrif stefnanda.

Þegar litið er til 14. gr. samþykkta stefnda, segir svo í síðustu málsgrein: „Nú ályktar stjórnin, að félagsmaður sé rækur ger, og skal hún þá tilkynna honum það skriflega. Um félagslega ábyrgð hans fer eftir því, sem fyrir er mælt í undanfarandi greinum, en skotið getur hann máli sínu til næsta aðalfundar". Þetta ákvæði þykir verða að skilja þannig, að það sé heimild til málskots til aðalfundar, en ekki skylda. Samkvæmt samþykktum stefnda skal aðalfundur haldinn fyrir apríllok ár hvert. Stefnanda var vikið úr stefnda 1. september 1972 með bréfi, dags. 26. ágúst 1972. Verða það að teljast eðlileg viðbrögð hjá stefnanda að höfða strax mál á hendur stefnda án þess að bíða fyrst í nokkra mánuði eftir næsta aðalfundi. Verður því ekki fallist á þá skoðun stefnda, að stefnanda hafi verið skylt að skjóta máli sínu til aðalfundar stefnda, áður en hann leitaði til hinna almennu dómstóla með mál sitt.

Þá verður ekki talið, að stjórn stefnda hafi óheft vald til að meta, hverjar ávirðingar eigi að valda brottrekstri úr félaginu, og styðst sú niðurstaða við 3. gr. laga nr. 46 frá 1937 og 4. gr. samþykkta stefnda.

Eftir því, sem fram er komið undir rekstri málsins, þá virðast ávirðingar stefnanda að mati fyrirsvarsmanna stefnda vera tvenns konar, í fyrsta lagi athafnir stefnanda í sambandi við Hreyfilsblaðið og í öðru lagi neitun stefnanda á því að greiða í tvo sjóði stefnda, húsbyggingarsjóð og tækifærisgjafasjóð.

Við munnlega flutning málsins lýstu lögmenn aðilja því yfir, að þeir væru sammála um, að til grundvallar skyldu félagsmanna í s/f Hreyfli til að greiða í húsbyggingarsjóð og tækifærisgjafasjóð liggi aðalfundarsamþykkt. Í samþykktum stefnda eru ekki að finna ákvæði um sjóði þessa. Í bréfi stefnda frá 26. ágúst 1972 eru vanskil ekki talin meðal brottrekstursástæðna, en samkvæmt 14. gr., d lið, upphaflegra samþykkta stefnda, það mun núna vera e liður, er heimild til brottreksturs félagsmanns úr stefnda, ef hann sýnir félaginu ítrekuð vanskil. Samkvæmt skjölum málsins virðist stefnandi fyrst hafa neitað að greiða í sjóði þessa í júní 1972.

Eins og rakið hefur verið, mun Hreyfilsblaðið fyrst hafa komið út á árinu 1963, en síðasta blaðið í maí 1971. Stefnandi mun frá upphafi hafa verið í ritnefnd blaðsins og ritstjóri þess frá 1965 eða fyrr. Útgefendur blaðsins voru Íþróttafélag Hreyfils og Taflfélag Hreyfils, en félög þessi virðast vera áhugamannafélög félagsmanna stefnda, en ekki sé það skilyrði fyrir því að taka þátt í þessum áhugamannafélögum að vera félagsmaður í stefnda.

Á skjölum málsins má sjá, að um nokkurn tíma hefur verið ágreiningur á milli stefnanda og stjórnar stefnda um efni og útgáfu Hreyfilsblaðsins svo og um ýmis málefni stefnda. Á aðalfundi stefnda á árinu 1969 var samþykkt svohljóðandi tillaga:

„Aðalfundur s/f Hreyfils 1969 átelur útgáfu Hreyfilsblaðsins á þessu ári, sem hefur verið mjög neikvæð fyrir félagið og til þess fallin að koma á stað illindum innan þess.

Fundurinn samþykkir því að banna notkun nafns Hreyfils í sambandi við blaðaútgáfu þessa nema því aðeins að samkomulag fáist um nýtt og betra skipulag á útgáfunni, og sé þá jafnframt stjórn Hreyfils tryggð aðild til þátttöku og íhlutunar".

Hinn 13. janúar 1972 var tilkynnt til firmaskrár Reykjavíkur, að þeir Gunnar Jónsson og Ragnar Sigurðsson reki ásamt stefnanda tímaritaútgáfu undir nafninu Hreyfilsblaðið á vegum Íþróttafélags Hreyfils. Stjórn stefnda óskaði eftir því við stefnanda, að hann léti afmá tilkynningu þessa úr firmaskrá Reykjavíkur. Við þeim tilmælum varð stefnandi ekki.

Að því leyti sem um hefur verið að ræða ámælisverða hátt-

semi af hálfu stefnanda og ekki samrýmanlega góðum félagssiðum, en þar virðist einkum koma til álita útgáfa Hreyfilsblaðsins og skrásetning hennar í firmaskrá, eftir að til ágreinings út af henni var komið, þá þykja ávirðingar þessar ekki þess eðlis, að þær geti réttlætt brottrekstur stefnanda, án þess að fyrirfram væri tilgreint, í hverju ávirðingar hans væru fólgnar og hverju þær kynnu að varða. Þegar af þessum ástæðum verður niðurstaða málsins sú, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öðru leyti en krafan um málskostnað, en eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari og meðdómendurnir dr. Gaukur Jörundsson prófessor og Eggert Kristjánsson lögfræðingur.

Dómsorð:

Ákvörðun stjórnar Hreyfils s/f samkvæmt bréfi, dags. 26. ágúst 1972, að svipta Sigurð Flosason félagsréttindum og víkja honum úr Hreyfli s/f svo og að svipta hann rétti til afgreiðslu af bifreiðastöð Hreyfils s/f er ógild.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 5. maí 1975.

Nr. 87/1974. **Gjaldheimtan í Reykjavík**
(Guðmundur Vignir Jósepsson hrl.)
gegn
Rafmagnsveitum ríkisins og gagnsök
(Skúli J. Pálmason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Synjun lögtaksgerðar staðfest. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 6. maí 1974. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir fógeta að gera lögtak í eignum gagnáfrýjanda til tryggingar ógreiddum fasteignaskatti að fjárhæð kr. 306.774 ásamt kr. 16.022 í dráttarvexti til júníloka 1973 og 1½% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 306.774 frá 1. júlí 1973 til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 4. júní 1974. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefur aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda um greiðslu fasteignaskatts til Reykjavíkurborgar vegna fasteignarinnar nr. 2 við Súðarvog hér í borg, en fasteignaskattur þessi var á lagður á árinu 1973. Gagnáfrýjandi mótmælti gjaldskyldu sinni með bréfi 5. júní 1973. Aðaláfrýjandi beiddist lögtaks 1. júlí 1973, og var lögtaksmálið tekið fyrir í fógetarétti 8. ágúst s. á.

Gjaldheimta þessi byggist á ákvæðum II. kafla laga nr. 8/1972. Í 3. mgr. 4. gr. laganna segir: „Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn, og sker þá yfirfasteignamats-

nefnd ríkisins úr. Úrskurði nefndarinnar má skjóta til dómstólanna".

Ágreiningsefni það, sem hér er um fjallað, hefur ekki verið lagt til úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar. Verður það því að svo vöxnu máli eigi borið undir dómstóla, en ákvæði 10. og 11. gr. reglugerðar nr. 320/1972 hagga eigi hinu skýlausa lagaákvæði.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, krefst aðaláfrýjandi lögtaks hjá gagnáfrýjanda fyrir fasteignaskatti til Reykjavíkurborgar, sem á hann var lagður árið 1973 vegna fasteignarinnar Súðavogs 2 samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 8/1972. Með bréfi til aðaláfrýjanda 5. júní 1973 mótmælti gagnáfrýjandi greiðsluskyldu sinni. Skírskotaði hann til þess, að 77. gr. orkulaga nr. 58/1967 undanþægi hann skyldu til að greiða opinber gjöld til ríkis eða sveitarfélaga, og synjaði greiðslu hins álagða fasteignaskatts nema að undangengnum úrskurði eða dómi.

Ágreiningur aðilja um skyldu gagnáfrýjanda til að greiða hinn umdeilda fasteignaskatt hefur ekki verið lagður fyrir yfirfasteignamatsnefnd ríkisins til úrskurðar samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 4. gr. laga nr. 8/1972, er segir svo um fasteignaskatt: „Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn, og sker þá yfirfasteignamatsnefnd ríkisins úr. Úrskurði nefndarinnar má skjóta til dómstólanna". Samkvæmt þessu er athugunarefni, hvort framangreint ákvæði

girði fyrir það, að lögtakskrafa aðaláfrýjanda nái fram að ganga.

Lög nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga leystu af hólmi lög nr. 51/1964 um sama efni. Ákvæði um úrlausn ágreinings um skyldu fasteignareiganda til að greiða fasteignaskatt var að finna í 1. mgr. 4. gr. þeirra laga, er sagði svo: „Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn, og sker þá ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna". Svipuð ákvæði höfðu lengi verið í löggjöf um fasteignaskatta, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 66/1921, 2. mgr. 4. gr. laga nr. 69/1937 og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 67/1945, sbr. enn fremur 65. gr. laga nr. 69/1962. Var lagaframkvæmdin sú, að ágreining um gjaldskyldu mætti bera undir dómstóla, enda þótt honum hefði ekki áður verið skotið til ráðherra til úrskurðar. Í greinargerð þeirri, sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 8/1972, segir skýrum stöfum í athugasemdum við 4. gr., að greinin sé samhljóða 4. gr. hinna eldri laga að öðru leyti en því, að yfirfasteignamatsnefnd skeri úr ágreiningi í stað ráðherra, eins og verið hafi. Er ljóst af þessum ummælum, að það hefur ekki verið tilgangur löggjafans með því að víkja nokkuð við orðalagi í niðurlagi 3. mgr. 4. gr. frá því, sem var í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 51/1964, að skjóta þar með loku fyrir, að dómstólar dæmdu um gjaldskyldu fasteignaskattsgreiðanda, nema því aðeins að aflað hefði verið úrskurðar þess stjórnsýsluaðilja, sem bera mætti málið undir. Og þar sem þetta er ekki beinlínis tekið fram í nefndri 3. mgr., þá er rétt að líta svo á, að slíkan ágreining megi bera undir dómstóla eftir sömu reglum og gilt hafa. Meiri hluti dómenda hefur hins vegar komist að gagnstæðri niðurstöðu. Er því ekki efni til að ég leggi efnisdóm á réttmæti lögtakskröfunnar að svo búnu.

Úrskurður fógetaréttar Rykjavíkur 23. apríl 1974.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, er þess krafist, að lögtak fari fram til tryggingar fasteignaskatti, álögðum 1973 á fasteign gerðarþola, Rafmagnsveitna ríkisins, Súðarvogi 2, kr. 306.774, ásamt dráttarvöxtum, kr. 16.022, sem reiknaðir hafa verið á ógreidd fasteignagjöld gerðarþola á tímabilinu febrú-

ar—júní 1973, og síðan 1½% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 306.774 frá 1. júlí 1973 til greiðsludags, enn fremur til tryggingar kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð.

Einnig er kafist málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Af hálfu gerðarþola er þess krafist, að synjað verði um hina umbeðnu lögtaksgerð, enn fremur er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Fasteignaskattur, álagður fyrir árið 1973 á húseignina nr. 2 við Súðarvog, var kr. 306.774, sbr. gjaldheimtuspjald, sem lagt hefur verið fram í máli þessu sem rskj. 2.

Fasteignagjöld af eigninni nr. 2 við Súðarvog fyrir árið 1973 nema samtals kr. 382.109, sbr. ljósrit af gjaldheimtuspjaldi, sem áður getur. Gjalddagar fasteignaskattanna voru 15. janúar og 15. maí 1973.

Fyrir liggur í máli þessu sem rskj. 3 bréf lögmanns gerðarþola, dags. 5. júní 1973, þar sem mótmælt er réttmæti álagningar fasteignaskatts, og hefur fógetamál þetta verið rekið vegna þessa ágreinings. En ekki er ágreiningur um aðra liði fasteignagjalda, sem eru að fullu greidd, og því hefur ekki verið haldið fram, að réttra formsatriða hafi ekki verið gætt við álagninguna. Í bréfinu á rskj. 3 er sérstaklega vísað til þess, að 77. gr. laga nr. 58/1967 undanþiggi Rafmagnsveitur ríkisins berum orðum greiðslu fasteignaskatts.

Af gerðarbeiðanda hálfu er því haldið fram, að fasteignaskattur á eignina Súðarvog 2 sé réttilega á lagður. Er á það minnt, að sú sé aðalreglan, að svara skuli fasteignaskatti af fasteignum öllum. Sé það og eðlilegt, þegar litið sé á eðli þessa skatts. Hann sé endurgjald fyrir þjónustu, er sveitarfélag láti í té, er fasteign sé byggð, og eigi fasteignin að standa undir þeim kostnaði og án tillits til efnahags þess, er eignina á. Fasteignaskattur sé þannig í eðli sínu mjög frábrugðinn persónusköttum, sem ráðist af tekjum og gjöldum skattþegns á gjaldárinu. Opinberar stofnanir séu yfirleitt undanþegnar persónugjöldum. Með tilliti til þess, sem hér segir, sé óeðlilegt, að fasteign sé undanþegin fasteignaskatti, og sé þar að sjálfsögðu verið að velta kostnaði yfir á aðra aðilja. En vegna mannúðar- og félagssjónarmiða hafi undanþágur verið veittar í 5. gr. laga nr. 8/1972 og segi greinargerð með ákvæðinu, að þar sé um að ræða aðilja, sem telja verði lítt vænlega greiðendur, og sé ákvæði 5. greinar tæmandi. En aftur á móti sé svo um stofnanir þær, er 77. gr. orkulaga nr. 58/1967 nefni, að þær

séu vel bjargálna og engin minnsta ástæða sé til að undanþiggja þær þessum skatti.

Á það er bent, að 77. gr. orkulaga nefni ekki fasteignaskatt, en aðrir skattar eða gjöld séu nefnd, svo sem stimpilgjald, þó ekki fasteignaskattur. Verði að halda með tilliti til þessa orðalags, að ekki hafi verið ætlunin að undanþiggja rafmagnsveiturnar fasteignaskatti. Enn fremur sé á það að líta, að þessi fasteign, Súðarvogur 2, sé undir fasteignamati, og af því leiði, að fasteignaskatt skuli greiða. Í lögum nr. 28/1963, 1. gr., segir, að allar fasteignir á landinu, sem ekki séu undanþegnar sérstaklega samkvæmt 11. gr., skuli metnar til peningaverðs. Þetta sé tekið upp í reglugerð nr. 301/1969, 1. gr., og undanþágur eru teknar upp í 2. gr. Þar sé einkar athugandi ákvæði 3. liðs, þar sem segi, að rafveitur, þ. á m. línur til flutnings raforku, séu undanþegnar fasteignamati, en þó skuli meta eftir venjulegum reglum hús þau, er reist séu fyrir aflstöðvar og spennistöðvar, og þær lóðir, er þau standa á.

Af gerðarþola hálfu er byggt á því, að 77. gr. laga nr. 58/1967 undanþiggi hann greiðslu hvers konar skatta til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga. Sé því umkrafinn fasteignaskattur af húseigninni Súðarvogi 2 rangur og lög nr. 8/1972 breyti þar engu, enda verði á engan hátt af þeim ráðið, að ætlunin hafi verið að svipta gerðarþola þeim skattfríðindum, sem 77. gr. nefndra laga veiti honum. Á það beri að líta, að lög nr. 58/1967 séu sérlög, og til þess að fella niður þar greind fríðindi, hefði þurft að geta þess alveg ótvírætt í almennum lögum svo sem lög nr. 8/1972 séu. Engin ástæða hafi verið til þess, að 5. gr. laga nr. 8/1972 nefndi fasteignaskattsfríðindi gerðarþola, þar eð 77. gr. orkulaga hafi þegar verið búin að tryggja gerðarþola þessi fríðindi. Skipti engu í þessu sambandi, þó fasteignaskattur hafi verið greiddur af eigninni undanfarin ár, sbr. rskj. 5—11. Þar hafi verið um mistök starfsmanna gerðarþola að ræða og eigi það ekki að rýra réttarstöðu stofnunarinnar að lögum.

Að vísu hafi fasteignaskattur upphaflega verið hugsaður sem endurgjald fyrir útlagða þjónustu og hafi þá verið hægt að halda því fram, að ekki væri að ræða um skattlagningu, en nú sé þetta ekki lengur svo. Nú sé aðeins um að ræða almennan tekjustofn. Síður en svo sé fasteignamat eingöngu framkvæmt til að grundvalla heimtu fasteignaskatts, það sé líka almennt hagstjórnartæki og hafi ýmsan tilgang.

77. gr. laga nr. 58/1967 segir, að Rafmagnsveitur ríkisins séu undanþegnar tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og „öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga". Það verður ekki talið, að sýnt hafi verið fram á, að fasteignaskattur falli utan þessarar upptalningar. Þykir því ekki fært annað en að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, enda verður ekki litið svo á, að lög nr. 8/1972 hafi beint eða óbeint raskað þeim fríðindum, sem gerðarþola voru veitt með nefndri grein.

Málskostnaður fellur niður í fógetamáli þessu.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 6. maí 1975.

Nr. 142/1973. **Þrotabú Vátryggingafélagsins h/f**
(Jóhannes L. L. Helgason hrl.)
gegn
Vagni E. Jónssyni hæstaréttarlögmanni
(sjálfur).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Gjaldþrot. Riftun fjárnáms.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. október 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. október s. á. Krefst hann þess, að honum verði greitt allt uppboðsandvirði lausafjármuna, sem seldir voru á nauðungaruppboði 23. maí 1970 að kröfu stefnda samkvæmt fjárnámi, er gert var hjá Vátryggingafélaginu h/f 10. desember 1969. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða uppboðsréttarúrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Hann hefur lýst yfir því, að fjárheimtu þá, sem um er fjallað í málinu, hafi hann með höndum fyrir Eggert Sigurmundsson, Auðsholtshjáleigu, Ölfushreppi.

Skiptaráðandi þrotabús Vátryggingafélagsins h/f var á uppboðsþinginu 23. maí 1970, og gerði hann þar með vísan til 22. gr. laga nr. 25/1929 þann fyrirvara f. h. þrotabúsins, að áfrýjanda yrði ekki greitt uppboðsandvirði hinna fjárnumdu muna, fyrr en lögmætum skiptafundi í þrotabúinu hefði gefist kostur á að tjá sig um, hvort fjárnámið héldi gildi gagnvart því. Á skiptafundi í þrotabúinu 10. nóvember 1970 var leitað álits fundarmanna um það, „hvort búið ætti að gera tilkall til uppboðsfjárins og krefjast úrskurðar um það atriði í uppboðsrétti, ef með þarf". Var samþykkt að gera tilkall til fjárins, og lýsti skiptaráðandi síðan yfir í samræmi við atkvæðagreiðsluna, að gerð yrði krafa í uppboðsandvirðið. Skiptafundur samþykkti að fela Jóhannesi L. L. Helgasyni hæstaréttarlögmanni að fara með málið fyrir hönd búsins, ef til málshöfðunar kæmi. Var ágreiningsefnið því næst tekið fyrir í uppboðsrétti 18. desember 1970.

Krafa áfrýjanda er á því byggð, að samkvæmt ákvæðum 22. gr. laga nr. 25/1929 megi þrotabúið rifta áðurgreindu fjárnámi. Verður að skilja samþykkt skiptafundarins 10. nóvember 1970 svo og kröfur áfrýjanda í máli þessu þannig, að ætlunin sé að fá úrlausn uppboðsréttarins um, hvort fjárnámið haldi gildi gagnvart þrotabúinu.

Samkvæmt 2. gr. uppboðslaga nr. 57/1949 úrskurðar uppboðshaldari öll atriði varðandi uppboð, og samkvæmt 46. gr., sbr. 34. gr. nefndra laga, skal hann úthluta uppboðsandvirði. Þykja reglur 30. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 25/1929, eins og á stendur, ekki vera því til fyrirstöðu, að uppboðsréttur ráði til lykta ágreiningi aðilja.

Þegar bú Vátryggingafélagsins h/f var tekið til gjaldþrotaskipta hinn 13. mars 1970, var ekki liðinn 6 mánaða frestur sá, sem um ræðir í 22. gr., sbr. 19. gr. laga nr. 25/1929, en upphaf hans ber að miða við birtingu stefnu á hendur Vá-

tryggingafélaginu h/f 23. september 1969. Hvorki er því haldið fram, að félagið hafi þá átt fyrir skuldum né að stefndi hafi haft fulla ástæðu til að ætla, að svo væri. Verður því að líta svo á, að sérréttindi þau, sem stefndi öðlaðist með fjárnáminu 10. desember 1969, falli niður. Skal því allt uppboðsandvirði lausafjármuna þeirra, sem seldir voru á nauðungaruppboði 23. maí 1970 að kröfu Vagns E. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, renna til áfrýjanda.

Rétt er, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Framangreint uppboðsandvirði skal renna til áfrýjanda, þrotabús Vátryggingafélagsins h/f.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Rykjavíkur 9. júlí 1973.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 5. þ. m.

Kröfur sóknaraðilja eru þær, að honum verði afhentar af síðargreindu uppboðsandvirði kr. 104.462 auk 7% ársvaxta af kr. 100.000 frá 15. september 1967 til 3. desember 1969 og af kr. 90.000 frá þeim degi til greiðsludags. Verði tekið til varnar af einhvers hálfu í málinu, krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hans hendi.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að sér verði úthlutað hinu umdeilda uppboðsandvirði. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Málavextir eru þeir, að hinn 15. september 1967 gáfu þeir Guðmundur A. Guðmundsson og Svavar Guðmundsson út veðskuldabréf til handhafa að fjárhæð kr. 100.000. Til tryggingar veðskuldinni veðsettu þeir skuldareiganda að sjálfsvörsluveði með 3. veðrétti vélskipið Hildi, RE 380, sem talið var 366 brúttólestir að stærð, ásamt fylgifé. Á 1. og 2. veðrétti máttu hvíla allt að kr. 1.500.000.

Skylt var veðsölum að halda hinni veðsettu eign vel við og hafa hana vátryggða fyrir eldsvoða, en veðrétturinn nær einnig til vátryggingarfjárhæðarinnar, ef eignin brennur.

Hið veðsetta skip fórst á árinu 1968, áður en til nokkurrar

greiðslu kæmi af bréfinu, en skipið hafði verið vátryggt hjá Vátryggingafélaginu h/f.

Eigandi veðskuldabréfsins er Eggert Sigurmundsson, Auðsholtshjáleigu, Ölfushreppi, en sóknaraðili hefur innheimtuumboð fyrir Eggert.

Seint á árinu 1968 krafði sóknaraðili Vátryggingafélagið h/f um greiðslu á skuldabréfsfjárhæðinni ásamt vöxtum. Hinn 3. desember 1968 voru greiddar upp í bréfið kr. 10.000 og hinn 27. janúar 1969 undirritaði Vátryggingafélagið h/f greiðsluloforð, þannig að kr. 25.000 skyldu greiddar 10. febrúar 1969, en afgangurinn ásamt vöxtum og kostnaði fyrir maílok 1969.

Ekki var staðið við greiðsluloforð þetta.

Hinn 9. september 1969 bað sóknaraðili um löghald í eignum Vátryggingafélagsins h/f. Löghald þetta fór fram 18. september 1969, og var lagt löghald á 10 skrifborð, 5 ritvélar og 3 reiknivélar. Ekki fóru vörsluskipti fram á munum þessum.

Hinn 23. september 1969 höfðaði sóknaraðili bæjarþingsmál á hendur Vátryggingafélaginu h/f. Dómur gekk í því máli á bæjarþingi Reykjavíkur 3. október 1969, og var löghaldið þar staðfest.

Að lokinni dómsbirtingu og aðfararfresti var fjárnám gert í þeim sömu munum og löghald hafði verið gert í. Vörsluskipti fóru fram 27. febrúar og 2. mars 1970.

Sóknaraðili bað um uppboð á hinum fjárnumdu munum 13. mars 1970, og fór uppboðið fram 23. maí s. á. Hinir fjárnumdu munir voru seldir á kr. 144.588 nettó. Hefur uppboðsandvirði þetta verið í vörslu uppboðsréttarins síðan.

Bú Vátryggingafélagsins h/f var úrskurðað í skiptarétti Reykjavíkur gjaldþrota hinn 13. mars 1970. Unnsteinn Beck borgarfógeti, sem hefur haft með höndum skiptameðferð þrotabús Vátryggingafélagsins h/f, var viðstaddur uppboðið á eignum þess hinn 23. maí 1970. Hann lét fyrir hönd þrotabúsins færa til bókar, að með tilvísun til 22. gr. laga nr. 25/1929 gerði hann þann fyrirvara, að uppboðsbeiðanda (sóknaraðilja þessa máls) verði ekki greitt andvirði sölu hinna fjárnumdu muna, fyrr en lögmætum skiptafundi í þrotabúinu gæfist kostur að tjá sig um það, hvort fjárnámið haldi gildi gagnvart búinu.

Höfðaði því sóknaraðili, Vagn E. Jónsson hæstaréttarlögmaður, mál fyrir uppboðsrétti og krafðist þess, að uppboðshaldari greiddi sér kröfu sína af uppboðsandvirðinu. Var um þessa kröfu rekið sérstakt uppboðsréttarmál. Var úrskurður felldur í máli þessu hinn 22. júní 1971 með þeim úrslitum, að kröfu sóknaraðilja var

hafnað, en sagt, að uppboðsandvirðið gangi til skiptaráðanda í þrotabúi Vátryggingafélagsins h/f. Málskostnaður var látinn falla niður.

Sóknaraðili áfrýjaði úrskurði þessum til Hæstaréttar. Fyrir þeim rétti gekk dómur hinn 18. maí 1972.

Dómsorð var svohljóðandi:

„Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er málinu vísað aftur til uppboðsréttarins til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður".

Eftir uppsögn dóms Hæstaréttar hefur málið verið tekið fyrir í uppboðsrétti að nýju. Lögmenn aðilja hafa ritað greinargerðir og gert þær réttarkröfur, sem raktar eru hér að framan.

Í forsendum hæstaréttardómsins segir m. a. svo: „Lausafjármunum þeim, sem í málinu greinir, hafði aðaláfrýjandi komið úr vörslum Vátryggingafélagsins h/f innan þess frests, sem settur er í 2. mgr. 50. gr. laga nr. 19/1887, og áður en bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 13. mars 1970. Gekk aðfararréttur aðaláfrýjanda fyrir rétti þrotabúsins, nema riftingarreglur gjaldþrotaskiptalaga nr. 25/1929 leiddu til annarrar niðurstöðu".

Samkvæmt þessum forsendum Hæstaréttar skiptir öllu máli við niðurstöðu þessa máls, hvort riftingarreglur laga nr. 25/1929 eigi hér við eða ekki. Er hér fyrst og fremst um 22. gr. laganna að ræða.

Þar er talað um, að mál hafi verið höfðað á því tímabili, er um er rætt í 19. gr., þ. e. 6 mánaða fresturinn.

Það getur nokkuð orkað tvímælis, við hvað sé átt með, að mál sé höfðað. Rétturinn vill fallast á það með sóknaraðilja, að nægilegt sé í þessum efnum, að fram fari löghald. Löghaldið er upphaf málareksturs, sem staðfesta ber síðan með dómi. Ósanngjarnt væri að krefjast þess, að staðfestingarmálið væri höfðað.

Bú Vátryggingafélagsins h/f var úrskurðað gjaldþrota hinn 13. mars 1970. Ef riftunarreglur laga nr. 25/1929 eiga hér við, þá verður mál að hafa verið höfðað í fyrsta lagi 13. september 1969. Nú er löghaldsbeiðnin dagsett 9. september 1969, en löghaldsgerðin framkvæmd 18. s. m.

Rétturinn lítur svo á, að útgáfa löghaldsbeiðni sé nægileg til að forða löghaldinu, síðara fjárnámi og uppboði frá riftingarreglum gjaldþrotaskiptalaga.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að kröfur sóknaraðilja verða teknar til greina að öllu leyti.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að úrskurða varnaraðilja, skiptaráðandann í Reykjavík vegna þrotabús Vátryggingafélagsins h/f, til að greiða sóknaraðilja kr. 6.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Sóknaraðilja, Vagni E. Jónssyni, skal afhenda kr. 104.462, með 7% ársvöxtum af kr. 100.000 frá 15. september 1967 til 5. desember 1969 og af kr. 90.000 frá þeim degi til greiðsludags, af uppboðsandvirði fjárnuminna muna Vátryggingafélagsins h/f á nauðungaruppboði, sem fram fór 23. maí 1970 samkvæmt uppboðsbeiðni sóknaraðilja.

Varnaraðili, skiptaráðandinn í Reykjavík vegna þrotabús Vátryggingafélagsins h/f, skal greiða sóknaraðilja kr. 6.000 í málskostnað.

Úrskurði þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 6. maí 1975.

Nr. 122/1972. **Sigurður Helgason**
(Guðlaugur Einarsson hrl.)
gegn
Kristni Bergþórssyni
(Gústaf Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Vöruskipti. Gallar. Kvörtun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. október 1972. Krefst hann þess, að stefndi verði

dæmdur til að greiða 123.663 krónur með 7% ársvöxtum frá 15. maí 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að magn rennilása þeirra, sem stefndi afhenti, hafi verið minna en um var samið í vöruskiptum aðilja. Telur áfrýjandi stefnda hafa beitt sig svikum í þessum skiptum, en sú málsástæða áfrýjanda er ekki sönnuð. Kvörtun áfrýjanda um það, að greiðslu stefnda væri áfátt, var of seint fram borin samkvæmt 54. gr., sbr. 50 gr. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 39/1922.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 25.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Helgason, greiði stefnda, Kristni Bergþórssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 25.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Rykjavíkur 5. júlí 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum flutningi 23. júní sl., er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 14. september 1971, af hr. kaupmanni Sigurði Helgasyn, Ránargötu 12 hér í borg, gegn hr. kaupmanni Kristni Bergþórssyni, Grettisgötu 3 hér í borg, til greiðslu á eftirstöðvum vörureiknings, kr. 123.675 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. maí 1966 auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Stefndi krefst algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi samkvæmt mati dómsins.

Sáttatilraunir dómsins urðu árangurslausar.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 15. maí 1966 skiptust aðiljar máls þessa á vörum, þannig að stefnandi lét af hendi gjafavörur af tegundinni Helena Rubinstein, og stefndi lét af hendi rennilása. Fóru skipti þessi

fram í vörugeymslu stefnda að Grettisgötu 3 hér í borg, og var það stefnandi, sem kom sjálfur með gjafasett sín í sendiferðabifreið og afhenti, en tók við rennilásunum, sem voru afhentir af stefnda og starfsmanni hans, Agnari Jóni Jörgenssyni.

Við þetta tækifæri voru ekki undirritaðir samningar né önnur bréf um vöruskipti þessi, en einhvern tíma afhenti stefnandi stefnda kvittun eða kvittaðan reikning, sem hér er í frumriti á dskj. nr. 18, en stefnandi hélt sjálfur eftir afriti af sama blaði, og er það á dskj. nr. 4. Blað þetta samdi stefnandi og skrifaði sjálfur, en það er svohljóðandi:

„Vífill Nr. 50
Heildv. Kristinn Bergþórsson
Grettisgötu 3
1966 Afgr:

15/5	An: 200 gjafasett	98/—	19600.00
	100 st do	300/—	30000.00
	100 — do	200/—	20000.00
		kr.	69600.00
	— 15%		10440.00
		kr.	59160.00

Greitt að fullu
m/rennilásum
Vífill
Sig. Helgason".

Á afrit þessa skjals, þ. e. dskj. nr. 4, er bætt við neðst á skjalið þessum orðum með annari rithönd:

„Reikningurinn er réttur
Jóh. M. Jón..".

Stefnandi samdi einhvern tíma seinna annað skjal, svohljóðandi:

„Heildverslun Kristins Bergþórssonar
Grettisgötu 3
1966

15/5	An: Gjafasett asort	215100.00
	Pr.: Afsláttur 15%	32.265.—

Samkv. nótu 50	59.160.—	
Mismunur	123.675.—	
	Kr. 215.100.00	215.100.00

Skuld: kr. 123.675.00".

Þetta skjal hefur stefnandi lagt fram sem dskj. nr. 3. Hinn 20. júní 1968, eða rúmum tveimur árum eftir að vöruskipti þessi áttu sér stað, skrifaði lögmaður stefnanda bréf til stefnda og krafði hann um kr. 123.675. Afrit kröfubréfs þessa hefur verið lagt fram í máli þessu sem dskj. nr. 5, og má af því sjá, að lögmaðurinn byggir kröfu sína á ofangreindu skjali á dskj. nr. 3, og segir í bréfinu „... en eftirstöðvarnar kr. 123.075.00 áttu að greiðast nokkru síðar, en hafa ekki verið greiddar enn, þrátt fyrir margítrekaðar innheimtutilraunir". Stefndi sneri sér þegar til lögmannsins og tilkynnti honum, að hann skuldaði stefnanda ekki neitt. 13. maí 1970 var síðan gefin út stefna á hendur stefnda og tekið þar fram: „Þar sem krafa þessi er að fyrnast, var óhjákvæmilegt að höfða mál þetta".

Stefnandi heldur því fram, að viðskipti máls þessa hafi orðið þannig, að hann hafi hitt stefnda og hafi stefndi boðið honum 90 til 100 þúsund stykki af rennilásum á kr. 2 stykkið. Hafi þeim samist þannig, að stefnandi fengi rennilásana og stefndi fengi í staðinn Helena Rubinstein snyrtivörur í gjafasettaumbúðum að sama verðmæti. Við vöruskiptin hafi stefnandi gengið út frá því, að þarna væri um níutíu þúsund rennilásar, en hann hafi síðar talið rennilásana og komist þá að raun um, að þeir væru einungis um þrjátíu þúsund, eða þriðjungur af því, sem um hafði verið samið. Hann hafi þá farið til stefnda til að fá leiðréttingu mála sinna, en stefndi hafi slegið úr og í, en aldrei mótmælt því, að stefnandi ætti hjá honum mismuninn. Eftir að lögmaður stefnanda hafi ritað kröfubréf sitt 20. júní 1968, hafi stefndi boðið stefnanda aðrar vörur, en stefnandi hafi viljað fá mismuninn í peningum. Þannig beri að skilja mismuninn á nótunum á dskj. 18 (dskj. 4) og dskj. 3, að á dskj. 18 kvitti stefnandi fyrir að hafa móttekið þá rennilása, sem hann raunverulega fékk, þ. e. þriðjungi minna en hann átti að fá, og reikni hann því einungis 400 gjafasett að verðmæti kr. 69.600 sem greiðslu fyrir rennilása þessa til þess að hafa sama verðmæti. Stefnandi hafi þó raunverulega afhent miklu fleiri gjafasett við þetta tækifæri, eins og dskj. nr. 3 svo og dskj. nr. 6 og 16 beri með sér. Á dskj. nr. 6

megi sjá sundurliðun á allri gjafasettasendingunni og komi sú sundurliðun heim við sundurliðun þá, sem Ágúst Kristmanns, sem hafi keypt gjafasettin af stefnda, hafi gert fyrir sitt leyti, sbr. dskj. nr. 16. Fyrir dóminum hafi Ágúst Kristmanns staðfest að hafa keypt þetta magn af Helena Rubinstein gjafasettum haustið 1966 af stefnda og þannig megi rekja feril þessara gjafasetta úr vöruskemmu Jóhanns Marels Jónassonar samkvæmt vottorði hans á dskj. nr. 6 til stefnda og síðan til vitnisins Ágústs Kristmanns. Þannig sé stoðum rennt undir nótuna á dskj. nr. 3, sem stefnandi byggi kröfu sína á, hvað magn og fjárhæðir snerti, og ljóst sé, hvernig nóturnar á dskj. nr. 18 og 4 sýni einungis hluta af gjafasettunum, enda sé niðurstöðutalan, kr. 59.160, tekin upp í dskj. nr. 3. Sýnt sé, að stefnandi hafi hinn 15. maí 1966 afhent stefnda gjafasett að fjárhæð samtals kr. 215.100. Stefnandi hafi hins vegar einungis fengið rennilása að verðmæti kr. 59.160 og standi krafa sín þá eftir, þegar frá sé talinn afsláttur, kr. 32.265.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að vöruskiptin 15. maí 1966 hafi verið hrein skiptiviðskipti og stefnandi eigi enga kröfu á stefnda vegna þeirra. Stefndi hafi heldur aldrei minnst á það við stefnanda, að þessum viðskiptum væri ekki að fullu lokið. Stefndi hafi fengið kröfubréf lögmannsins, dags. 20. júní 1968, og hafi hann við það snúið sér strax til lögmannsins og tilkynnt honum, að hann skuldaði stefnanda ekki neitt. Skiptin hafi farið þannig fram, að stefnandi hafi boðið 400 gjafasett til kaups og hafi þeim samist þannig, að stefnandi fengi rennilása í staðinn. Aldrei hafi verið talað um, hve margir rennilásarnir væru né um verð á þeim. Stefnandi hafi fengið allt magnið, sem stefndi hafi átt og stefnandi hafi áður skoðað. Stefndi mótmælir alfarið vitnisburði Ágústs Kristmanns og skjölunum á dskj. 6 og 16 sem máli þessu óviðkomandi. Bendir stefndi á, að kvittaði reikningurinn á dskj. nr. 4 (dskj. 18) sé réttur, en reikningurinn á dskj. nr. 3 að fjárhæð kr. 215.100 sé hins vegar rangur og stefnda óviðkomandi. Í heild séu kröfur stefnanda ósannaðar með öllu, enda hafi þær aldrei verið til, enda hafi stefnandi samkvæmt 52. gr. laga nr. 39 frá 1922 átt að kvarta strax, ef hann hafði eitthvað út á magn rennilásanna að setja, þar sem hér hafi verið um verslunarkaup að ræða, og sé því mótmælt, að stefnandi hafi nokkrar athugasemdir gert fyrr en með bréfi lögmannsins, dags. 20. júní 1968.

Mál þetta fjallar um verslunarkaup. Ósannað er af stefnanda hálfu gegn mótmælum stefnda, að hann hafi skýrt stefnda frá

því fyrr en að tveimur árum liðnum, að mergð rennilásanna hafi eigi verið sú, sem hann hafi talið samning þeirra hljóða um. Ber þegar af þeirri ástæðu að taka sýknukröfu stefnda til greina, sbr. 52 og 54. gr., sbr. 50. gr. laga nr. 39 frá 1922.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem með hliðsjón af rekstri málsins þykir hæfilega ákveðinn kr. 7.000.

Dómarar máls þessa eru Garðar Gíslason, Eggert Kristjánsson hæstaréttarlögmaður og Jóhann J. Ólafsson forstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Kristinn Bergþórsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Helgason, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 7.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. maí 1975.

Nr. 53/1975. **Jón Þórir Gunnlaugsson**
gegn
Ákæruvaldinu.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Úrskurður um hald á bifreið úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hefur Þórir Oddsson, aðalfulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, kveðið upp.

Með kæru 21. apríl 1975, sem barst Hæstarétti 22. apríl s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Af hálfu ríkissaksóknara er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Málavextir eru raktir í greindum úrskurði. Eins og málsatvikum er varið, eru eigi skilyrði samkvæmt 43. gr. laga nr. 74/1974 til að leggja hald á bifreiðina R 24705. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Rétt er að dæma sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 12.000, er greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Sóknaraðilja, Jóni Þóri Gunnlaugssyni, ber kærumálskostnaður, kr. 12.000, er greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. apríl 1975.

Ár 1975, mánudaginn 21. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik.

Hinn 7. apríl sl. seldi Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson, Hofteigi 14, Jónasi Antonssyni, Asparfelli 8 hér í borg, bifreið sína R 24705, sem er Cortina, árgerð 1968.

Kaupverðið var ákveðið kr. 180.000, og greiddi Jónas kr. 50.000 í peningum, en samþykkti tvo víxla fyrir eftirstöðvunum, hvorn að fjárhæð kr. 65.000, með gjalddögum 1. og 15. maí nk. Útgefandi og ábyrgðarmaður á víxlunum er Sonja Sigurðardóttir, sambýliskona Jónasar.

Daginn eftir, þann 8. apríl, seldi Jónas bifreiðina R 24705 manni að nafni Jón Þórir Gunnlaugsson, Laufásvegi 10, Reykjavík, fyrir kr. 180.000, og greiddi Jón Þórir bifreiðina út í hönd.

Nokkrum dögum eftir viðskipti þeirra Vilhjálms Þórs og Jónasar fóru að renna tvær grímur á Vilhjálm, enda hafði athygli hans verið vakin á því, að Jónas væri varasamur í viðskiptum.

Vilhjálmur hafði samband við Jónas, og varð niðurstaðan af samtali þeirra sú, að Jónas reyndi að útvega ábyrgðarmann á víxlana. Ekki skýrði Jónas frá því, að hann hefði þegar selt bifreiðina.

Hinn 16. apríl hafði Vilhjálmur samband við Gísla Guðmundsson rannsóknarlögreglumann, og í samráði við hann tók Vilhjálmur bifreiðina í sína vörslu.

Ekki vildi Jón Þórir Gunnlaugsson una þessu og sneri sér til sakadóms Reykjavíkur og krafðist úrskurðar um það, hvort hald skyldi lagt á bifreiðina R 24705, jafnframt því sem hann mótmælti þeirri aðferð, sem viðhöfð var við töku bifreiðarinnar. Þá benti hann á, að víxlar þeir, sem Jónas Antonsson samþykkti vegna kaupanna, væru ekki fallnir í gjalddaga og ætlað brot Jónasar því ekki orðið staðreynd.

Dómari hefur látið afla vottorðs frá skiptaráðandanum í Reykjavík, og hljóðar það svo: „Að gefnu tilefni upplýsist, að Jónas Antonsson, Æsufelli 5, fæddur 17. 7. 1950, var úrskurðaður hér gjaldþrota 23. 4. 1974, skiptalok, eignalaust, 20. 06. 1974.

Skiptaráðandinn í Reykjavík.
Sigurður M. Helgason".

Rétturinn lítur því svo á, að er Jónas Antonsson keypti bifreiðina R 24705 af Vilhjálmi Þór Vilhjálmssyni gegn gjaldfresti á hluta kaupverðsins, hafi bú hans verið tekið til gjaldþrotaskipta. Skiptum lauk 20. júní 1974, og var búið eignalaust. Kærða mátti því vera ljóst, að hann gat ekki staðið við skuldbindingar þær, er hann tókst á hendur gagnvart Vilhjálmi. Þykja og sterkar líkur benda til þess, að hann hafi aldrei ætlað sér að gera það, enda seldi hann bifreiðina daginn eftir gegn staðgreiðslu fyrir sama verð og hann keypti hana, en fénu kveðst hann hafa eytt í ýmis útgjöld.

Samkvæmt framansögðu eru allverulegar líkur fyrir því, að Jónas hafi komist yfir bifreiðina R 24705 í sviksamlegum tilgangi, enda benda tilraunir hans við að útvega ábyrgðarmann á víxlana eindregið í þá átt, að hann sjái fram á getu- eða viljaleysi sitt að greiða víxlana.

Af þessum sökum verður að telja, að Vilhjálmi hafi eftir atvikum verið rétt að taka bifreiðina í sína vörslu, enda var það gert í samráði við rannsóknarlögreglumann og ekkert um það vitað, að bifreiðin hafði verið seld Jóni Þóri Gunnlaugssyni.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið, og þykir því rétt með hliðsjón af framansögðu og með heimild í 43. gr. laga nr. 74/1974 að úrskurða, að hald skuli lagt á bifreiðina R 24705, þar sem ætla má, að hennar hafi verið aflað með refsiverðum hætti.

Úrskurðarorð:

Í þágu rannsóknar málsins skal hald lagt á bifreiðina R 24705.

Miðvikudaginn 14. maí 1975.

Nr. 30/1975. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ingvari Diðrik Júníussyni
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þ. á m. saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og laun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, 20.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ingvar Diðrik Júníusson, greiði allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og laun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. ágúst 1974.

Ár 1974, fimmtudaginn 29. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 408/1974: Ákæruvaldið gegn Ingvari Diðrik Júníussyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 20. maí 1974, gegn ákærða, „Ingvari Diðrik Júníussyni sjómanni,

Brautarholti 22, Reykjavík, fæddum 21. nóvember 1933 í Keflavík, fyrir þjófnað með því að stela föstudagsnóttina 28. desember 1973 frá Sævari Ægissyni, Tangagötu 31, Ísafirði, peningaveski, sem hafði að geyma m. a. kr. 15.000.00 í peningum, og fór takan fram fyrir utan samkomuhúsið Þórscafé í Reykjavík, eftir að ákærði hafði orðið þess var, að Sævar hafði misst veskið í götuna.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða fyrir dómi og öðrum gögnum málsins.

Aðfaranótt föstudagsins 28. desember 1973, um klukkan 1, var ákærði Ingvar Diðrik Júníusson staddur fyrir utan samkomuhúsið Þórscafé í Reykjavík. Hann var talsvert ölvaður. Þarna hitti ákærði Sævar Ægisson, Tangagötu 31 á Ísafirði. Sævar bauð ákærða áfengi að drekka, og þáði hann það. Á meðan þeir ræddu saman, rann Sævar til á svellbunka, og við það, að hann laut áfram, hrökk veski hans úr brjóstvasanum. Ákærði sá þetta og steig ofan á veskið, en tók það síðan upp og stakk því í vasa sinn í þeim tilgangi að slá eign sinni á það. Eftir þetta tók ákærði leigubifreið og fór með henni niður á Hlemmtorg, en þar tók ákærði aðra leigubifreið og fór með henni að Vesturgötu 26. Áður en ákærði tók síðari leigubifreiðina, hafði hann kannað innihald veskisins, en í því voru m. a. 15.000 krónur í þremur fimm þúsund króna seðlum, sem ákærði tók úr því, en sjálfu veskinu henti ákærði út úr síðari bifreiðinni í grennd við Hlemmtorg.

Ákærði gerði upp síðari leigubifreiðina með 200 krónum af einum seðlinum, og í húsinu Vesturgötu 26 greiddi hann Aðalsteini Hjálmarssyni, þar til heimilis, 5.000 króna skuld með öðrum seðli. Ákærði fór eftir þetta niður á bifreiðastæði á mótum Austurstrætis og Aðalstrætis, en þar var hann handtekinn síðar um nóttina. Hann var með afganginn af peningunum á sér við handtökuna.

Ákærði skilaði sjálfur 10.000 krónum, og Aðalsteinn Hjálmarsson skilaði þeim 5.000 krónum, sem ákærði greiddi honum. Komust því allir peningarnir til skila.

Sævar Ægisson hefur ekki haft uppi skaðabótakröfu á hendur ákærða vegna töku veskisins.

Atferli ákærða, sem rakið hefur verið hér að framan, er sannað

með játningu hans sjálfs og öðrum gögnum í máli þessu. Hefur ákærði með því orðið brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1951 11/6 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun á almannafæri.
1952 9/4 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brotn gegn 244. og 247. gr. hegningarlaga, bifreiðalögum og umferðarlögum. Sviptur rétti til ökuskírteinis í 6 mánuði.
1952 16/4 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
1953 16/1 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. áfengislaga.
1953 20/6 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
1953 19/10 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 14. gr. áfengislaga.
1953 20/10 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi 4 mánuði, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 206. gr. hegningarlaga.
1954 8/6 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1954 20/8 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun og áreitni.
1954 28/10 í Reykjavík: Dómur: 1.200 kr. sekt, sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt, fyrir brot á 20. og 23. gr. bifreiðalaga.
1954 25/11 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1954 7/12 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli frá 20/10 1953. Undirréttardómurinn staðfestur.
1956 8/3 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. og 254. gr. hegningarlaga.
1956 23/6 í Reykjavík: Sátt. Ekki gerð refsing vegna dóms frá 8. mars 1956, en greiði 2.250 kr. skaðabætur, fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga.
1956 10/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1957 17/1 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1957 3/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1957 4/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. 1.000 kr. skaðabætur fyrir spellvirki.
1957 7/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1958 2/1 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 20. gr. áfengislaga.
1958 15/2 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1958 13/3 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1959 23/1 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1959 20/2 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, sviptur réttindum, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
1960 21/3 í Reykjavík: Sátt, 1.350 kr. sekt fyrir árás, ölvun og óspektir.
1960 6/10 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1960 8/11 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1961 7/6 í Hafnarfirði: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.
1961 6/9 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1961 21/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1962 24/5 í Reykjavík: Sátt, 7.500 kr. sekt fyrir brot á tolllögum og kansellíbréfi frá 16. september 1796.
1962 18/7 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir ölvun.
1963 26/6 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1963 10/8 í Hafnarfirði: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1963 17/9 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1965 2/3 í Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi fyrir brot á 254. gr. hegningarlaga.
1965 18/3 í Vestmannaeyjum: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1965 24/4 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir ölvun og óleyfilega meðferð skotvops.
1965 21/10 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
1966 1/6 í Reykjavík: Dómur: Sýknaður fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1966 21/9 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi í 3 mánuði fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaga.
1966 13/9 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 78. gr. lögreglusamþykktar.

1966 12/11 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi í 30 daga fyrir brot gegn 259. gr. hegningarlaga, 25. og 27. gr. umferðarlaga.
1967 23/11 í Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
1968 6/12 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brotn gegn 244. gr. hegningarlaga (hegningarauki).
1968 17/12 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
1969 11/4 í Reykjavík: Dómur: 2ja ára og 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.
1972 13/11 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.
1973 20/6 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

Af sakaferli ákærða, sem hér hefur verið rakinn, má ráða, að hann sé vanaafbrotamaður. Þykir refsing hans með tilvísun til 72. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 73/1973 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Ingvar Diðrik Júníusson, sæti fangelsi í 6 mánuði.
Ákærði greiði allan sakarkostnað.
Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. maí 1975.

Nr. 34/1974. **Líneik Guðlaugsdóttir**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Haraldi Hafliðasyni og gagnsök
(Skúli Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1974. Krefst hún þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni 142.000 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1970 til 1. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Enn krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 5. mars 1974, sbr. 3. málsgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda, en til vara staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eins og til hagar í máli þessu, verður að telja, að aðaláfrýjandi hafi mátt treysta því, að húseign sú, sem hún festi kaup á, væri eigi haldin eftirfarandi göllum: 1) vanmúrun undir sólbekkjum, 2) halla á eldhúsgólfi og 3) missmíði á baðherbergi. Göllum þessum er lýst í héraðsdómi. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um fébótaábyrgð gagnáfrýjanda vegna galla þeirra, er greinir í 1. og 2. lið. Galla í baðherbergi er lýst svo í matsgerð, að herbergið sé u. þ. b. 3 cm mjórra við dyravegg en gagnstæðan vegg. Þeirri skýrslu aðaláfrýjanda er ekki hnekkt, að herbergi þetta hafi verið „fullt af dóti, tilheyrandi stefnda“ (þ. e. gagnáfrýjanda), er skoðun fór fram. Verður að ætla, að munir þeir, sem geymdir voru

í herbergi þessu, hafi varnað því, að skoðun, sem að gagni mætti koma, yrði við komið af hendi aðaláfrýjanda. Svo sem hér stendur á, þykir aðaláfrýjandi eiga rétt á bótum vegna galla þessa úr hendi gagnáfrýjanda. Matsgerð sú, sem er grundvöllur undir kröfu aðaláfrýjanda, er að vísu eigi jafnsundurliðuð sem skyldi. Með hliðsjón af henni svo og málflutningi hér fyrir dómi þykja fébætur vegna framangreindra galla hæfilega ákveðnar samtals 40.000 krónur. Ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1970 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, alls 45.000 krónur.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Haraldur Hafliðason, greiði aðaláfrýjanda, Líneik Guðlaugsdóttur, 40.000 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1970 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, alls 45.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 9. nóvember 1973.

Mál þetta sem dómtekið var í dag, hefur Líneik Guðlaugsdóttir, Smyrlahrauni 64, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 10. nóvember 1971, á hendur Haraldi Hafliðasyni, Ásbúðartröð 7, Hafnarfirði.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru, að henni verði dæmdar úr hendi stefnda kr. 142.000 auk 7% ársvaxta frá 1. nóvember 1970 til 1. maí 1973, en 9% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar.

Málavextir.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig í stefnu:

„Með kaupsamningi, dags. 25. júlí 1970, samdi stefnandi við

stefnda um að kaupa af honum húseignina Smyrlahraun 64 í Hafnarfirði fyrir kr. 1.650.000.00. Afhending eignarinnar fór fram 1. nóvember 1970 skv. kaupsamningi. Er kaupandi tók við eigninni, taldi hann sig verða varan við margvíslega leynda galla á hinni seldu eign, sem hann hafði hvorki tekið eftir áður né stefndi skýrt frá. Skýrði stefnandi stefnda þegar frá þessu, en óskaði síðan þegar í stað eftir því, að dómkvaddir væru matsmenn til að meta gallana.

Þann 10. nóvember 1970 dómkvaddi bæjarfógetinn í Hafnarfirði þá Ögmund Jónsson, verkfræðing, Drápuhlíð 15, Reykjavík, og Einar Sveinsson, múrarameistara, Grænuhlíð 10, Reykjavík, til að meta til peningaverðs kostnað við að bæta úr þeim göllum hússins, sem nánar eru raktir í matsbeiðni. Hófu hinir dómkvöddu matsmenn þegar störf, en höfðu ekki lokið, er afsal var gefið út fyrir eigninni þann 10. desember 1970. Við útgáfu afsals gerði stefnandi fyrirvara að því er snertir framkomna galla, sem þá var verið að meta. Þann 20. janúar 1971 luku hinir dómkvöddu matsmenn matsgjörð sinni. Skv. niðurstöðu hennar mátu þeir kostnað við að bæta úr umræddum göllum kr. 124.500.00. Kostnaður við matið var kr. 17.500.00, og greiddi stefnandi þann kostnað".

Af stefnda hálfu hefur þessari málavaxtalýsingu ekki verið andmælt. Í matsbeiðni eru gallar taldir þannig:

„1. Áferð á múrverki og málningu innan húss er víða ábótavant og veggir skakkir. Kostnaður við lagfæringu óskast metinn.

2. Athuga, hvort loft eru rétt, og ef svo er ekki, meta kostnað við lagfæringu þeirra.

3. Athuga, hvort halli er á eldhúsgólfi, og ef svo er, meta kostnað við að bæta úr því.

4. Ástand glugga óskast athugað og metnir gallar, sem finnast kunna. Ennfremur kostnaður við að setja í glugga og gler yfir hurðir í stofu á 1. hæð og herbergi á 2. hæð.

5. Margvíslegan útbúnað vantar á kynditæki hússins. Óskast metinn kostnaður við að koma henni í fullnægjandi ástand.

6. Salernisskál á salerni á 1. hæð er laus. Kostnaður við að lagfæra þetta óskast metinn.

7. Mósaikflísar á salernisveggjum eru skakkar og óskast kostnaður við úrbætur metinn. Krani á handlaug á salerni er bilaður.

8. Eftir er að múrhúða undir sólbekki á gluggum, og óskast kostnaður við það metinn.

9. Eftir er að múrhúða kringum útidyrahurð, og er karmur hennar laus. Kostnaður við að bæta úr þessu óskast metinn.

10. Dyrakarmur í svalahurð er laus og gapir frá. Kostnaður við úrbætur óskast metinn.

11. Skilrúmsveggir úr tré á 2. hæð eru lausir. Kostnaður við að endurbæta skilrúmsveggi og koma þeim í viðunandi ástand óskast metinn.

12. Gerepti á hurðum eru illa fest. Dyrakarm vantar í eldhús. Gólflistar eru víða gapandi frá. Kostnaður við úrbætur óskast metinn.

13. Gallar eru á gólfteppum, gat á einum stað og lagningu teppanna ábótavant, og ennfremur ná þau ekki út í horn undir stiga á 1. hæð. Óskað er, að matsmenn tjái sig um ástand og lagningu gólfteppa og meti kostnað við að bæta úr göllum.

14. Kostnaður við að leggja lagnir fyrir sjónvarp í gangi við stigann óskast metinn, en matsbeiðandi telur seljanda hafa skýrt frá því, að þar væri lagt fyrir sjónvarpi, sem ekki reyndist vera".

Í matsgerðinni segir svo meðal annars:

„Strax við fyrstu skoðun kom í ljós, að múrverki er áfátt og það ófaglega af hendi leyst. Múrhúðun á vesturvegg í dagstofu er gróf og málning líka. Loftkverk á austurvegg í sömu stofu er með áberandi hlykk, loft í skála er áberandi hlykkjótt. Stigabak er illa múrhúðað neðan til. Gólf eru á nokkrum stöðum með dældum, t. d. í stofu á neðri hæð og í eldhúsi. Í eldhúsinu eru gólfflísar einnig illa lagðar. Víðast hvar er ómúrað undir sólbekki. Þeir gallar á múrverki, sem nú hefur verið lýst, sáust við fyrstu sýn, en fleiri fundust við nánari aðgæslu og mælingu, þó að þeir væru ekki eins áberandi. T. d. er baðherbergið á efri hæð ca. 3 cm mjórra við dyravegg en gagnstæðan vegg. Dyraop milli skála og stofu er ca. 4 cm þrengra að neðan en ofan. Málningu er víða áfátt og sumsstaðar ólokið. Hurðir eru illa frágengnar, sumar falla sjálfkrafa að stöfum, og aðrar strjúkast við teppin. Þarf að lagfæra hurðirnar, einnig gólflista.

Þrír milliveggir úr „elementum" eru á efri hæð; þykkt þeirra er ca. 8 cm. Þessir veggir eru losaralegir og opnar rifur við gólf, veggi og loft. Gæðakröfur um slíka milliveggi, t. d. viðvíkjandi hljóðeinangrun, er ekki að finna í byggingarsamþykktinni, en þó teljum við einsætt, að þétta þurfi meðfram veggjum.

Gler vantar í hjaraglugga ofan við svalahurðir bæði uppi og niðri. Í svalahurðum er einfalt gler. Samkvæmt ósk matsbeiðanda höfum við metið tvöfalt mixað gler í þessum hurðum og gluggum.

Fjarkynding er í húsinu. Að sögn var gert ráð fyrir tveim thermostötum. Þá vantar, en dregið hefur verið í fyrir þeim. Lokar eru til. Í ljós kom, að hitakerfi hefur ekki verið stillt, og þarf að gera það. Í skálanum undir stiganum vantar á teppið. Við höfum metið úrbætur á því, en teljum ekki grundvöll til mats á gati, sem er á teppi á efri hæð. Viðgerð á salernisskál er lokið, og verður ekki metin. Áður er vikið að sjónvarpslögn. Upplýsingar um þetta atriði (t. d. um aðra raunhæfa leiðsluleið) voru það óljósar, að við treystum okkur ekki til að leggja mat hér á.

Alvarlegustu gallarnir eru á múrverkinu. Okkur virðist, að ekki sé raunhæft eða gerlegt að bæta úr þeim, þannig að fyllstu faglegar kröfur verði uppfylltar.

Við höfum því við mat okkar gert ráð fyrir, að verstu ágallarnir verði endurbættir, en hinir smærri ekki. Til þess að fá viðmiðun, höfum við fengið viðurkenndan mælingarfulltrúa til að reikna skv. teikningu af húsinu, hvað múrvinna innanhúss hefði kostað hjá faglærðum múrurum. Sú upphæð var kr. 121.729.51, sjá fskj. Af þessari upphæð metum við ca. 30% eða kr. 36.200.00 sem vinnukostnað við endurmúrun og bætur fyrir þau lýti á múrverkinu, sem ekki telst raunhæft að lagfæra. Auk þess höfum við reiknað vinnu við að höggva upp misfellur, efni í viðgerð og handlöngun.

Aðrir liðir í eftirfarandi kostnaðarmati þurfa ekki frekari skýringa við.

Kostnaðarmat:

1.	Vinna við endurmúrhúðun og bætur vegna ýmissa galla og óvandvirkni á múrverki ..	kr. 36.200.00
2.	Höggning, handlöngun, efni og umsjón	— 33.500.00
3.	Mósaiklögn á veggi og gólf í snyrtiherbergi	— 9.000.00
4.	Gólfflísalögn í eldhúsi	— 4.000.00
5.	Frágangur á hurðum og umgerðum	— 7.800.00
6.	Glerjun á tveimur hjaragluggum og endurglerjum á svalahurðum	— 3.200.00
7.	Lagfæring á þremur milliveggjum	— 3.600.00
8.	Festing á gólflistum	— 1.000.00
9.	Viðbót á gólfteppi	— 2.000.00
10.	Málun	— 10.000.00
11.	Endurbætur kyndikerfis og stilling þess ..	— 5.000.00
	Hreinsun ófyrirséð	— 9.200.00
		Alls kr. 124.500.00“.

Dómendur hafa gengið á vettvang og skoðað íbúðina.

Stefnandi kom fyrir dóminn 23. mars 1972, og var þá eftir henni bókað m. a.:

„Hún kveðst hafa skoðað íbúðina þrisvar, áður en kaupsamningur var gerður, fyrst með Kristni Breiðfjörð Guðlaugssyni, síðan með Kristni Breiðfjörð og í þriðja sinn með eiginmanni sínum. Hún kveðst fyrst og fremst hafa athugað íbúðina með hliðsjón af kaupverði og því, sem ógert var í íbúðinni. Hún kveður engan af þeim mönnum, sem komu með henni að skoða íbúðina, vera iðnlærðan, að því er hún viti til.

Aðspurð kveður mætta stefnda ekki hafa vakið athygli sína á göllum.

Aðspurð kveður mætta stefnda ekki hafa nefnt, að fagvinna hafi verið unnin af iðnlærðum mönnum. ...

Hún kveðst hafa farið og athugað húsið, þegar hún tók við lyklum. Hún kveðst þá hafa séð, að ekki hafi verið gert við það, sem hún hafði farið fram á, að lagfært yrði. Hún kveður dyrakarma hafa gapað og ekki hulið nógu vel. Hún kveðst hafa óskað eftir, að opnanlegir gluggar yrðu settir í. Hún kveður gluggana hafa verið til, en segir, að þetta hafi ekki verið gert. Hún tekur fram, að opnanlegir gluggarammar hafi verið til, en ekki glerið...

Aðra galla kveðst hún ekki hafa séð, áður en hún tók við íbúðinni. Hún kveðst munu hafa tekið við lyklum að húsinu 1. nóvember 1970. Eftir að hún hafði orðið vör við, að ekki hafði verið bætt úr framangreindum atriðum, kveðst hún hafa skoðað íbúðina betur og orðið þá vör við þá galla aðra, sem hún gerir kröfur út af í málinu. Hún kveðst hafa séð skekkjur bæði á veggjum og gólfum á múrverki. Hún kveðst síðan hafa fengið múrara til að skoða þetta með sér. Hún segist hafa ætlað að fá málara til að mála íbúðina, og þá kveðst hún hafa orðið vör við ójöfnur á múrverki í loftum. Hún kveður hafa verið eftir að pússa undir sólbekki allsstaðar nema í eldhúsi, baði og þvottahúsi.

Eftir að hún tók við lyklavöldunum, kveðst hún hafa beðið um, að sér yrði kennt á thermostat við hitakerfið. Þá kveður hún hafa komið í ljós, að thermostat vantaði. Hún kveður öll þau tæki hafa vantað við miðstöðina, sem áttu að gera kyndinguna sjálfvirka. Hún kveðst hafa ætlað að setja baðker inn í baðherbergið á efri hæð í desember. Þá kveður hún hafa komið í ljós, að herbergið var mjórra við dyravegg en við gagnstæðan vegg. Hún kveður þetta ekki hafa komið í ljós fyrst, vegna þess að herbergið var fullt af dóti tilheyrandi stefnda.

Hún kveður sjónvarpstæki hafa staðið undir stiga á fyrstu hæð, þegar hún skoðaði íbúðina fyrst. Hún kveðst hafa gert ráð fyrir, að gólfteppi næði inn í hornið, en segir síðan hafa komið í ljós, að teppið náði ekki inn í hornið.

Hún kveður vera lögn fyrir sjónvarp í húsinu, en ekki að þeim stað, þar sem sjónvarpstækið stóð, þegar hún skoðaði íbúðina. Hún kveðst hafa reynt að láta draga í leiðsluna, en segir, að það hafi ekki tekist, og muni það vera vegna þess, að stífla sé í leiðslunni.

Um aðra galla, sem taldir eru í matsbeiðni, segir hún, að hún hafi uppgötvað þá við skoðun, eftir að hún tók við lyklum.

Aðspurð kveður mætta alla eldhúsinnréttingu hafa vantað í eldhús.

Hún tekur fram, að það hafi vantað innréttingu í baðherbergi uppi.

Hún kveður húsið hafa átt að vera vel frá gengið að öðru leyti og segir, að stefndi hafi tekið fram, að það væri vel frá gengið sem búið væri. . . .

Viðvíkjandi göllum á baðherbergi á efri hæð tekur mætta fram, að þegar koma átti baðkerinu fyrir, hafi komið í ljós, að herbergið var þrengra en búist var við að ofan við loft en við gólf. Hún kveður þetta hafa valdið erfiðleikum við að koma baðkerinu fyrir og segir, að það hafi orðið að brjóta úr veggnum til að koma baðkerinu fyrir. Hún kveður hafa komið í ljós, þegar búið var að rýma íbúðina, að dyraop milli skála og stofu var skakkt".

Kristinn Breiðfjörð Eiríksson framkvæmdastjóri hefur komið fyrir dóminn til að bera vitni. Hann kveðst vera systkinabarn við stefnanda, pípulagningamaður að iðn. Hann kveðst hafa skoðað íbúðina með stefnanda með það fyrir augum að athuga, hvað kosta mundi að ljúka því, sem ólokið væri í íbúðinni. Hann kveður hafa verið óhægt um vik við skoðun, vegna þess að íbúðin var full af húsgögnum og myndir á veggjunum. Hann kveðst telja, að skoðunin hafi tekið um það bil hálftíma. Hann kveðst hafa tekið eftir því, að hurðarkarmar á efri hæð voru breiðari en veggurinn, þannig að karmlistar féllu ekki að vegg, og að opnanlega glugga vantaði fyrir ofan svalahurðir. Hann kveðst hafa skoðað miðstöðvarherbergið. Hann kveður sér hafa skilist, að stefndi ætlaði að bæta úr göllunum. Hann segir, að stefndi hafi sagt, að hann væri að vinna í íbúðinni og bæta úr því, sem þyrfti úrbóta við, og að hann mundi halda því áfram. Hann kveðst hafa talað um það við stefnda, að útilokað væri að laga dyrakarm í svefn-

herbergi án þess að taka karminn úr. Hann kveður hafa komið til tals, að ákvæði um þessi atriði yrðu tekin upp í kaupsamningi. Hann kveður sig minna, að það hafi komið fram hjá stefnda, að viðgerð á þessum atriðum yrði lokið.

Kristinn Breiðfjörð Guðlaugsson bifreiðarstjóri hefur borið vitni fyrir dóminum. Hann kveðst vera bróðir stefnanda.

„Hann kveðst hafa komið með stefnanda inn í íbúðina, áður en hún keypti, og litið aðeins á hana. Hann segir, að það hafi verið, þegar stefnandi skoðaði íbúðina fyrst. Hann kveður konu seljanda fyrst hafa vísað þeim inn í eldhús. Þar kveðst hann ekkert hafa séð athugavert. Síðan kveðst hann hafa komið inn í stofu fulla af húsgögnum, blómum og málverkum. Síðan kveðst hann hafa gengið upp stiga með konunum. Hann kveðst hafa haft orð á því, að handriðið væri fallegt. Hann kveður konu stefnda þá hafa sagt, að það, sem gert væri í íbúðinni, væri gott. Hann kveðst hafa litið á efri hæðina. Þegar þau gengu út, kveður hann hafa borist í tal, að útidyrahurðin væri falleg. Þá kveður hann konu seljandans hafa komist að orði á þessa leið: „Það, sem við höfum gert, er gott". Hann kveður frágang á hurðum ábyggilega ekki hafa verið fagmannsverk ...".

Hann kveður aðaltilgang skoðunarinnar hafa verið að athuga, hvað mikið þyrfti að gera, til að íbúðin yrði fullgerð. Hann kveðst ekki vera faglærður, en þó hafa unnið við trésmíði í 9 ár og smíðað tvö steinhús fyrir sjálfan sig á þeim tíma. Hann kveðst ekki hafa litið á múrverk.

Matsmennirnir Einar Sveinsson múrarameistari og Ögmundur Jónsson verkfræðingur hafa komið fyrir dóminn og staðfest matsgerð sína.

Ögmundur Jónsson kvað aðspurður flesta gallana vera augljósa við fyrstu sýn. Hann kveðst telja, að flestir gallarnir hafi verið augljósir ófaglærðum manni. Annað kveður hann hafa komið fram við frekari athuganir og mælingar. Aðspurður kveðst hann ekki hafa komið auga á missmíði í dyraopi við upphaflega skoðun. Hann kveður sér strax hafa verið bent á halla á eldhúsgólfi. Ítarlega aðspurður kveðst hann ekki viss um, að orðið hefði vart við galla á eldhúsgólfi við venjulega skoðun. Hann kveðst telja frágang óvandaðri á íbúðinni að því leyti sem um er fjallað í matsgerð en gengur og gerist. Hann kvaðst telja, að íbúðin hafi borið með sér, að frágangur á múrverki væri óvandvirknislegur.

Skýrsla Einars Sveinssonar er svohljóðandi:

„Aðspurður af dómara kveður matsmaðurinn marga þá ágalla,

sem þeir telja á íbúðinni, hafa verið augljósa venjulegum manni við venjulega skoðun. Þetta kveður hann þó ekki eiga við um halla á eldhúsgólfi. Hins vegar kveður hann hlykk í loftkverk í lofti hafa verið augljósan. Annars kveðst hann ekki muna þetta nákvæmlega, þar sem langt sé um liðið síðan hann skoðaði íbúðina, en vísar til matsgerðarinnar um þetta atriði. Hann er spurður um missmíði á dyraopi. Hann kveður hér fyrst og fremst um útlitsgalla að ræða, en tekur þó fram, að menn hafi mismunandi auga fyrir slíku. Hann kveður hér um sjaldgæfan galla að ræða. Hann er spurður, hvort heildarsvipur íbúðarinnar hafi verið þannig, að venjulegum manni virtist hún óvandvirknislega frágengin. Hann leggur áherslu á, að íbúðin hafi ekki verið fullgerð. Hann kveður galla í múrverki hafa verið augljósa fagmönnum, um almenning kveður hann ekki gott að fullyrða. Aðspurður kveðst hann ekki geta sagt um, hversu mikill hluti matsfjárhæðar í fyrstu kostnaðarhlið, kostnaður vegna viðgerða á gólfi, hafi verið. Hann er spurður um misfellur á baðherbergisveggjum. Hann segir, að ef aðeins hefði átt að mála herbergið, hefðu þessir ágallar ekki verið til mjög mikilla lýta. Hins vegar kveður hann þetta munu valda erfiðleikum við flísalögn. Hann kveður frágang á múrverki hafa verið ófaglegan".

Aðiljaskýrsla stefnda er svohljóðandi:

„Aðspurður af formanni dómsins segist mætti engin fyrirheit hafa gefið um, að bætt yrði úr göllum á íbúðinni.

Fyrir mætta er lesin lýsing á ástandi íbúðarinnar í matsgerð. Hann kveðst ekki hafa sérstakar athugasemdir að gera við þá lýsingu.

Aðspurður kveður mætti sér ekki kunnugt um, hver framkvæmdi múrverk. Hann kveður húsið hafa verið múrað, áður en hann keypti það. Hann kveður hafa legið í augum uppi, að ástand íbúðarinnar var eins og matsmenn lýsa því. Þó kveðst hann, aðspurður, ekki hafa veitt athygli missmíði á dyraopi og baðherbergisveggjum. Hann kveður grófa áferð hafa verið á múrverki. Hann kveðst ekki hafa veitt því sérstaka athygli, að loft var hlykkjótt. Hann kveðst ekki hafa veitt því athygli, að gólfin væru ekki slétt. Hann kveðst ekki hafa vakið athygli stefnanda á þeim atriðum, sem lýst er í matsgerð. Hann kveðst sjálfur hafa málað íbúðina og ekki gert neinar ráðstafanir til að bæta úr grófri áferð á múrverki. Hann kveðst ekki hafa reynt að þræða í sjónvarpslögn og kveður sér hafa verið ókunnugt um, að lögnin var stífluð. Hann tekur fram, að hann hafi aldrei haft sjónvarpið í stofunni.

Aðspurður kveðst hann hafa talið, að lausir milliveggir á efri hæð hafi átt að vera eins og þeir voru frágengnir. Hann kveður trésmiði hafa sett veggina upp á sínum vegum. Hann kveður veggina hafa verið keypta tilbúna í einingum. Hann kveður veggina hafa verið setta upp af Fagi h.f. Hann kveðst hafa gert bótakröfu á hendur félaginu vegna frágangsins. Hann kveður þetta mál hafa fallið niður, áður en hann seldi íbúðina. Hann segist engar bætur hafa fengið. Hann kveður ágreining sinn við Fag h.f. hafa stafað af því, að settir höfðu verið kverklistar á samskeyti milli útveggja og lausu veggjanna, sem hann taldi, að ekki ættu að vera. Hann kveðst sjálfur hafa lagt mósaikflísar í salernisherbergi á neðri hæð.

Aðspurður af lögmanni sínum tekur mætti fram, að ekkert hafi vantað við miðstöðvarkerfið miðað við það, sem upphaflega var ætlast til, annað en thermostat, en rafþræði kveður hann hafa verið ídregna. Aðspurður kveðst hann engin fyrirmæli hafa fengið frá kyndistöð um að setja upp viðbótartæki við kyndikerfið. Hann kveðst hafa verið heima, þegar stefnandi kom með Kristni Breiðfjörð verslunarmanni og konu, sem hann telur eiginkonu Kristins. Hann kveður sér hafa fundist skoðunin taka langan tíma, eða allt að tvo klukkutíma.

Aðspurður af lögmanni stefnda kveðst mætti hafa fengið bréf, þar sem taldir eru upp gallar, áður en matsmenn voru dómkvaddir. Hann kveðst hafa svarað því til, að hann væri reiðubúinn til að láta kaupin ganga til baka, þannig að stefnandi fengi endurgreiðslu með vöxtum".

Vitnið Gunnar Ingi Jónsson hefur komið fyrir dóminn. Skýrsla hans er svohljóðandi:

„Hann kveðst hafa selt Haraldi Hafliðasyni íbúðina að Smyrlahrauni 64. Hann kveðst sjálfur hafa annast múrverk í íbúðinni. Hann kveðst ekki vera lærður múrari, en hafa áður unnið lítilsháttar sem aðstoðarmaður múrara.

Hann kveðst ekki hafa orðið var við galla í uppslætti. Hann kveður hafa komið í ljós, þegar Haraldur hélt áfram við að fullgera íbúðina, að gallar voru í baðherbergi á neðri hæð og í eldhúsi, m. a. of gróf pússning. Hann kveðst sjálfur hafa vitað, að ekki var 100% vinna á þessu. Hann kveður hafa orðið samkomulag milli þeirra Haralds um, að hann slyppi við að greiða hluta afborgana vegna þessara galla. Hann kveður sér hfa talist til, að skaðabætur þessar hafi numið a. m. k. kr. 40.000.00. Hann kveður ekki hafa verið um eiginlegar skaðabætur að ræða, heldur kveður

hann Harald hafa færst undan að greiða vegna galla. Hann kveðst hafa fallist á, að Haraldur leystist undan skyldum sínum eins og að framan greinir.

Aðspurður kveðst vitnið telja, að Haraldi hafi verið kunnugt um, að vitnið hafði sjálfur múrhúðað íbúðina. Hann kveðst hafa lokið múrverkinu að innan".

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar með því, að húsið hafi verið haldið leyndum og verulegum göllum, sem stefnandi hafi ekki vitað um, er hann samdi um kaup á húsinu, og beri stefnda því að greiða kostnað við að bæta úr þessum göllum.

Við munnlegan flutning málsins lagði stefnandi ríka áherslu á, að seljanda beri að skýra frá öllum göllum, sem geta haft áhrif á kaupverð og hann veit um eða má um vita.

Stefnandi telur, að stefndi hafi brugðist í þessu efni.

Af stefnda hálfu er byggt á því, að samkvæmt lögjöfnun frá 47. gr. kaupalaga um lausafjárkaup nr. 39 frá 1922 geti kaupandi ekki borið fyrir sig neina galla, sem hann hefði átt að sjá við rannsókn á söluhlutnum, áður en kaup gerðust.

Stefndi heldur því fram, að allir þeir gallar, sem hann er krafinn bóta fyrir, hafi verið augljósir við skoðun.

Álit dómsins.

Það er samdóma álit dómenda, að flestir gallarnir, sem krafist er bóta fyrir, hefðu átt að koma í ljós við þá skoðun, sem fram fór af hendi stefnanda, áður en kaupin voru ráðin. Þetta álit er stutt við athugun dómendanna sjálfra á vettvangi, framburð matsmannanna og að nokru leyti við framburð vitnanna Kristins Breiðfjörðs Eiríkssonar og Kristins Breiðfjörðs Guðlaugssonar og skýrslu stefnanda, sem virðist strax hafa orðið flestra gallanna vör, þegar hún fór að athuga íbúðina, eftir að hún hafði tekið við henni.

Samkvæmt þeirri meginreglu, sem fram kemur í 47. gr. laga nr. 39 frá 1922 um lausafjárkaup, verður að telja, að stefnandi geti ekki borið fyrir sig þá galla, sem hefðu þannig átt að sjást við skoðun.

Ekki hefur komið fram, að stefndi hafi orðið þess var, áður en kaupin voru ráðin, að augljósir gallar leyndust fyrir stefnanda og fylgdarmönnum hennar við skoðun á íbúðinni. Fyrir því virðist

ekki verða gerð sú krafa til hans, að hann vekti athygli á þessum göllum.

Missmíði á dyraopi telja dómendur ekki augljós. Þessi missmíði virðast ekki koma að sök, nema að því leyti sem þau kunna að teljast útlitsgalli, og þar sem þau eru ekki áberandi, verður hér ekki talið um bótaskyldan galla að ræða.

Dómendur telja, að galli á baðherbergi á efri hæð sé ekki augljós. Hann virðist fyrst hafa komið í ljós, þegar farið var að innrétta herbergið. Leggja verður til grundvallar þá staðhæfingu stefnda, að hann hafi ekki orðið var við þenna galla. Skortir því huglæg skilrði til að ábyrgð verði lögð á stefnda á þessum galla.

Dómendur telja, að ekki verði ætlast til, að það komi í ljós við skoðun, að ekki hafði verið pússað undir sólbekkjum. Verður því talið, að hér sé um galla að ræða, sem stefndi hefði átt að vekja athygli stefnanda á. Stefndi telst bera bótaábyrgð á þessum galla samkvæmt grundvallarreglunni, sem fram kemur í 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Bætur vegna þessa galla þykja hæfilega ákveðnar kr. 2.000.

Dómendur telja, að halli á eldhúsgólfi verði að teljast leyndur galli í þessu sambandi. Hins vegar telja dómendur, að þessi galli hefði ekki getað leynst til langframa. Stefnda hefði átt að vera um hann kunnugt og hann hefði átt að benda stefnanda á hann. Telst stefndi bera bótaábyrgð á þessum galla samkvæmt tilvitnaðri bótareglu.

Bætur fyrir þetta atriði þykja hæfilega ákveðnar kr. 10.000.

Matskostnaður reiknast til málskostnaðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 9.000 í málskostnað.

Dóm þennan kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari, Sigurður Oddsson tæknifræðingur og Haukur Magnússon húsasmíðameistari.

Dómsorð:

Stefndi, Haraldur Hafliðason, greiði stefnanda, Líneik Guðlaugsdóttur, kr. 12.000 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1970 til greiðsludags og kr. 9.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. maí 1975.

Nr. 162/1973. **Jónas Guðlaugsson**
f. h. Svefnbekkjaiðjunnar
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Guðmundi Magnússyni og gagnsök
(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Löghaldsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 13. nóvember 1973. Krefst hann þess, að honum verði einungis dæmt að greiða gagnáfrýjanda 53.050 krónur með 9% ársvöxtum frá 18. apríl 1973 til greiðsludags, en málskostnaður verði niður felldur í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 21. nóvember 1973. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 453.050 krónur ásamt 9% ársvöxtum frá 18. apríl 1973 til greiðsludags. Þá krefst hann staðfestingar löghaldsgerðar, sem framkvæmd var 18. apríl 1973. Enn fremur krefst hann þess, að málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms verði staðfest og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, féll þingsókn niður af hálfu aðaláfrýjanda í héraði, áður en hann skilaði þar greinargerð, og er málið dæmt þar eftir framlögðum skjölum og skilríkjum samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936.

Málsaðiljar eru sammála um, að vangreidd vinnulaun gagnáfrýjanda nemi 53.050 krónum.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur lögreglurannsókn farið fram á atvikum að slysi því, er í málinu greinir, og hafa aðiljar máls gefið skýrslu fyrir lögreglu svo og tveir starfsmenn á starfsstöð aðaláfrýjanda.

Samkvæmt skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins 25. febrúar 1973, er fær stoð í skýrslu rannsóknarlögreglu 20. september 1974, vantaði hlífar á trésmíðavél þá, sem gagnáfrýjandi starfaði við, er hann slasaðist. Rekja má slysfarir þær, er í málinu greinir, til þessa vanbúnaðar, og ber, eins og mál þetta horfir við, að dæma aðaláfrýjanda til að bæta gagnáfrýjanda tjón hans.

Jónas Hallgrímsson yfirlæknir skoðaði gagnáfrýjanda og mat örorku hans. Í skýrslu yfirlæknisins 4. júní 1973 segir m. a. svo:

„Við skoðun sést ör á vinstra þumalfingri, og liggur það á ská frá ytri helming þumalfingursins upp yfir á mediala hlutann, og fer örið yfir interphalangeal liðinn. Aukin fyrirferð er yfir liðnum, og nöglin er afmynduð (óeðlilega mjó). Ytri köggullinn virðist dálítið rýrnaður. Við athugun á hreyfingum kemur í ljós, að flexio í interphalangeal lið vinstra þumals er aðeins 20—30°, en hægra megin er hún 90°. Hann getur náð saman með fingurgómi vinstra þumals og fingurgómum hinna fingranna (oppositio).

Guðmundur segist hafa verið frá vinnu þar til 9. janúar 1973, og fór hann þá að vinna fulla vinnu. Hafði hann umbúðir um fingurinn fyrsta hálfa mánuðinn á eftir.

Niðurstaða:

Guðmundur hefur hlotið tímabundna og varanlega örorku af slysinu. Eru ekki líkur til, að fingurinn lagist mikið úr þessu.

Örorka hans telst sem hér segir:

Frá slysinu í 2 vikur	100%
Síðan í 2 vikur	75%
Síðan í 2 vikur	50%
Síðan í 2 vikur	25%
Loks varanleg örorka	7%“.

Guðjón Hansen tryggingastærðfræðingur hefur 19. júní 1973 reiknað með líkindatölum örorkutjón gagnáfrýjanda miðað við slysdag. Segir svo m. a. í skýrslu hans:

„Sem algengar vinnutekjur iðnaðarmanna nota ég tölur Framkvæmdastofnunar ríkisins (áður Efnahagsstofnunarinnar) samkvæmt úrtaksrannsókn á skattframtölum iðnaðarmanna í Reykjavík. Er stuðst við tekjur 10 ára tímabils, 1962—1971, umreiknaðar með tilliti til kaupbreytinga. Reiknast mér árstekjur með þessu móti verða sem hér segir:

Árið 1972 (frá slysdegi) . . . . . kr. 515.074.00
— 1973 . . . . . — 584.509.00
Eftir þann tíma . . . . . — 607.263.00

Miðað við þennan tekjugrundvöll og tap vinnutekna í samræmi við örorkumatið, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 8 vikur eftir slysið . . . . . kr. 47.879.00
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma — 526.166.00

Samtals kr. 574.045.00

Eins og áður er sagt, hef ég til samanburðar reiknað tap vinnutekna á grundvelli tekna Guðmundar starfsárið 1970 (að tekjum af landbúnaði meðtöldum), umreiknaðra með tilliti til breytinga á vikukaupi trésmiða á verkstæðum, en meginhluti tekna hans umrætt ár eru launagreiðslur frá Breiðholti hf. Umreiknaðar á þann hátt reiknast mér árstekjur verða sem hér segir

Árið 1972 (frá slysdegi) . . . . . kr. 299.253.00
— 1973 . . . . . — 339.628.00
Eftir þann tíma . . . . . — 352.859.00

Miðað við þessar vinnutekjur og tap tekna í samræmi við örorkumatið reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 8 vikur eftir slysið ..... kr. 27.816.00
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma — 305.736.00

Samtals kr. 333.552.00".

Í skýrslu þessari er reiknað „með 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra karla 1951—1960".

Þegar virtar eru upplýsingar um vinnutekjur gagnáfrýjanda, framangreindur örorkutjónsútreikningur og annað það, sem hér skiptir máli, þykja fébætur til gagnáfrýjanda vegna örorkutjóns hans hæfilega metnar 310.000 krónur, og hefur þá verið dregin frá dagpeningagreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins, 8.993 krónur.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda samtals 363.050 krónur (53.050 krónur + 310.000 krónur) ásamt 7% ársvöxtum frá 18. apríl 1973 til 16. maí s. á. og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber að staðfesta löghaldsgerð þá, sem framkvæmd var 18. apríl 1973.

Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 110.000 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Jónas Guðlaugsson f. h. Svefnbekkjaiðjunnar, greiði gagnáfrýjanda, Guðmundi Magnússyni, 363.050 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 18. apríl 1973 til 16. maí s. á. og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Löghaldsgerð sú, sem framkvæmd var í fógetarétti Reykjavíkur 18. apríl 1973, er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 110.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. september 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. september sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 25. apríl sl., af Guðmundi Magnússyni húsgagnasmið, Grettisgötu 5, Reykjavík, gegn einkaeiganda Svefnbekkjaiðjunnar, Jónasi Guðlaugssyni, Höfðatúni 2, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 500.000 með 9% ársvöxtum frá 18. apríl 1973 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati hins virðulega dómara. Þá er og krafist staðfestingar á löghaldsgerð, sem framkvæmd hafi verið í eigum stefnda 18. apríl 1973 í tveim trésmíðavélum, annarri af gerðinni Record með fylgihlutum og hinni af gerðinni D. C. L., pússningavél af ítalskri gerð, en löghald þetta hafi verið gert til tryggingar kr. 200.000 af heildarstefnukröfu þessari. Þess er krafist, að kostnaður dómara við löghaldsgerðina verði metinn með málskostnaði af heildarkröfunni, sem dæmd verður stefnanda í máli þessu.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera annars vegar ógoldin vinnulaun að fjárhæð kr. 100.000 og hins vegar fébætur vegna slyss, sem stefnandi hafi orðið fyrir í starfi hjá stefnda, að fjárhæð kr. 400.000.

Málavexti segir stefnandi þá, að hann hafi verið starfandi um mánaðaskeið sem húsgagnasmiður hjá stefnda við húsgagnasmíðar, þ. á m. svefnbekkja o. fl. húsmuna. Stefndi hafi eigi þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og eftirgangsmuni getað fengið greidd öll vinnulaun sín og telji hann eftirstöðvar kaupkrafna nema allt að kr. 100.000, en það sé þó að öðru leyti óviss fjárupphæðin, svo stefnt sé til öryggis fyrir kr. 100.000 vinnulaunum, meðan nákvæmar upplýsingar liggja ekki fyrir, en þær séu í fórum stefnda, bæði hvað varðar tímalaun og laun fyrir ákvæðisvinnu. Stefnandi hafi orðið fyrir slysi 7. nóvember sl., er hann hafi verið við vinnu hjá stefnda. Hann hafi lent með þumalfingur vinstri handar í sögunarvél stefnda og hlotið af bæði tímabundna og varanlega örorku, sem hafi verið metin 7% varanleg. Stefnandi hafi verið frá vinnu vegna þessa slyss allt fram í miðjan janúar 1973 og hafi hann engar bætur fengið greiddar frá stefnda þrátt fyrir skyldu stefnda til að greiða stefnanda bætur. Hvort tveggja sé hér um að kenna óöruggum búnaði vélarinnar, sem stefnandi hafi lent með fingurinn í, og einnig sé aðstöðupláss til vinnu óbæri-

legt með öllu. Stefndi hafi ekki keypt slysatryggingu fyrir stefnanda. Stefnandi hefur lagt fram á dskj. nr. 2—23 greinargerð og ýmiss skjöl, er varða stefnukröfuna. Í greinargerðinni tekur stefnandi fram, að stefndi hafi viðurkennt að skulda stefnanda vangoldin vinnulaun, kr. 60.000, og beri að leggja þá tölu til grundvallar við dómsálagningu, nema annað sannist síðar undir rekstri málsins. Verður að telja þetta breytingu á þessum lið stefnukröfu.

Stefndi sótti þing við þingfestingu málsins og síðar, en í bæjarþinginu 28. júní sl. sótti lögmaður þing af hans hálfu og fékk frest til greinargerðar til 13. september sl., en þá féll þingsókn niður, án þess að nokkrar varnir hefðu komið fram, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður, þar með talinn löghaldskostnaður, ákveðst kr. 70.000.

Dóminn kvað upp Garðar Gíslason.

Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Stefndi, Jónas Guðlaugsson vegna Svefnbekkjaiðjunnar, greiði in solidum stefnanda, Guðmundi Magnússyni, kr. 460.000 með 9% ársvöxtum frá 18. apríl 1973 til greiðsludags og kr. 70.000 í málskostnað, þar með talinn löghaldskostnaður, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Löghaldsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 18. apríl 1973.

Ár 1973, miðvikudaginn 18. apríl, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Höfðatúni 2 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Jóni P. Emils með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið C 16/1973: Guðmundur Magnússon gegn Svefnbekkjaiðjunni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni. Nr. 1 fylgir með í eftirriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Guðlaugur Einarsson hæstaréttarlögmaður og krefst löghalds fyrir kr. 200.000, málskostnaði samkvæmt gjaldskrá LMFÍ í staðfestingarmáli, kostnaði við gerðina

og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola er mættur Jónas Guðlaugsson, eigandi Svefnbekkjaiðjunnar. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta, lýsti fógeti yfir löghaldi í eign gerðarþola, trésmíðavél af gerðinni Record með fylgihlutum, pússningavél af gerðinni D. C. L., ítölsk tegund.

Fógeti ákvað 40.000 króna tryggingu.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 16. maí 1975.

Nr. 91/1974. **Dánarbú Lúðvíks Á. Jóhannessonar**
Gunnar Björnsson
Ólafur Guðmundsson
Þorkell Pálsson og
Theodór Marinósson
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Vestfold Bil & Karosseri A/S
(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu upphaflega með stefnu 7. júní 1973. Útivistardómur gekk í því máli 3. maí 1974. Áfrýjendur áfrýjuðu málinu af nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 með stefnu 9. maí 1974. Krefjast áfrýjendur

þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefjast áfrýjendur málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur hafa fyrir Hæstarétti viðurkennt aðild sína að málinu og lýst yfir því, að þeim beri að greiða óskipt það fé, sem stefndi eigi rétta kröfu til vegna viðskipta þeirra við Sameinuðu Bílasmiðjuna h/f, er í málinu greinir.

I.

Áfrýjendur reisa ómerkingarkröfu sína á því, að stefndi hafi ekki í öndverðu lagt viðhlítandi grundvöll að málssókn sinni. Svo sem í héraðsdómi greinir, var kröfugerð stefnda eigi glögg í upphafi, en ekki þykir þó næg ástæða til að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu frá héraðsdómi af þeim sökum. Ekki verður heldur fallist á það með áfrýjendum, að héraðsdómur sé haldinn þeim annmörkum, að ómerkingu hans varði. Verður aðalkrafa þeirra því ekki tekin til greina.

II.

Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti eru aðiljar sammála um, að við upphaf viðskipta þessara hafi ekki verið rætt um vexti og bankakostnað af víxlum þeim, er Sameinaða Bílasmiðjan h/f samþykkti sem greiðslu fyrir vörur, er stefndi lét í té.

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að með samkomulagi 19. janúar 1968 hafi Sameinaða Bílasmiðjan h/f skuldbundið sig til að greiða vexti þá, bankakostnað og tryggingariðgjöld, er um er deilt. Þá hafi Sameinaða Bílasmiðjan h/f fengið reikninga vegna kostnaðar þessa án þess að hreyfa andmælum og með því aðgerðarleysi samþykkt greiðsluskyldu sína.

Verða nú könnuð gögn málsins um þessi atriði.

1. Með bréfi 1. desember 1967 sendi stefndi Sameinuðu Bílasmiðjunni h/f reikning að fjárhæð norskar krónur 40.857.00, og var reikningur þessi merktur nr. 15088. Sam-

kvæmt gögnum máls var hér um að ræða vexti og bankakostnað vegna tveggja víxla, sem Sameinaða Bílasmiðjan h/f hafði samþykkt, en stefndi selt banka í Noregi, samtals norskar krónur 28.304.40, vexti er stefndi reiknaði sér af víxlum þessum frá útgáfudegi til söludags, norskar krónur 3.279.60, iðgjald af útflutningslánatryggingu, norskar krónur 7.395.00, og ferðakostnað starfsmanna stefnda, sem hér skiptir eigi máli, norskar krónur 1.878.00. Í bréfinu óskar stefndi hið skjótasta greiðslu á reikningi þessum. Síðari hluta janúarmánaðar 1968 komu tveir starfsmenn stefnda hingað til lands og ræddu um viðskipti þessi við Lúðvík Á. Jóhannesson, sem var fyrirsvarsmaður Sameinuðu Bílasmiðjunnar h/f. Starfsmenn þessir, þeir Gunnar Skomedal og Helge Hov, kveðast hafa átt fund með Lúðvík um kröfu þessa 19. janúar 1968 og hafi hann þá lofað greiðslu á henni. Hafi þeir samið skýrslu um viðræðurnar, er heim kom. Í skýrslu þessari, sem er ódagsett, segir m. a.: „Möte med L. Johannesson 19. 1. Vedr. faktura nr. 15088. Sjekk bliver sent fra Sam. Bilasmidjan etter egen avtale med banken. Ved senere forfall av diskontoen må VBK's bank sende nota på omkostninger til Sam. Bilasmidjans bank". Stefndi heldur því fram, að skýrslan hafi verið send Sameinuðu Bílasmiðjunni h/f, líklega 23. eða 24. janúar 1968. Af hálfu áfrýjanda er því algerlega mótmælt, að Sameinuðu Bílasmiðjunni h/f hafi borist skýrsla þessi. Lúðvík Á. Jóhannesson andaðist í ágústmánuði 1970, og hafði hann þá eigi gefið skýrslu í málinu.

Hinn 1. febrúar 1968 ritaði stefndi bréf til Sameinuðu Bílasmiðjunnar h/f. Í upphafi bréfs þessa segir svo: „Vedr. betalingsbetingelser og rentebelastning. Vi viser til samtale mellom Dem og vår tekniske sjef Gunnar Skomedal vedr. vår faktura nr. 15088. Den posten på Nkr. 7.395.00 vedr. diskonteringsgaranti er et belöb som vi måtte betale for i det hele tatt å få diskontert de to veksler og må derfor sees som en reen rentekostnad og som vi etter avtale skulle belaste Dem med". Hinn 16. maí 1968 ritaði stefndi Sameinuðu Bílasmiðjunni h/f enn bréf um þessi mál og krafðist greiðslu. Loks krafðist stefndi greiðslu á reikningi nr. 15088 með bréfi 6. ágúst 1968

og hótaði sérstökum innheimtuaðgerðum. Þessu bréfi svaraði Sameinaða Bílasmiðjan h/f með bréfi 16. ágúst 1968, sem undirritað er af Lúðvík Á. Jóhannessyni. Segir þar í þýðingu: „Vér minnumst hvorki samkomulags né viðræðna um þetta atriði og vér stóðum þess vegna í þeirri trú, að þessi viðskipti myndu fara fram á sama hátt og önnur viðskipti vor við erlend fyrirtæki án þessa aukakostnaðar". Bréfi þessu svaraði stefndi með bréfi 20. ágúst 1968 og krafðist enn greiðslu. Þá segir svo í bréfinu í þýðingu löggilts skjalaþýðanda: „Varðandi lið þann, sem þér eruð ósamþykkur, útflutningstryggingarþóknun að upphæð N. kr. 7.395.00, getum vér gefið þær upplýsingar, að án ríkisábyrgðar hefðum vér ekki getað boðið yður samþykkta víxla fyrir svo stórum upphæðum, þar sem bankar vorir krefjast slíkrar ríkisábyrgðar. Þetta er að sjálfsögðu vaxtakostnaður, sem sá, er góðs nýtur af gjaldfrestinum, verður að greiða. Það er algjörlega venjulegt, að viðskiptavinurinn greiði þennan útflutningstryggingarkostnað, og vér höfum oft sent slíkar greiðslukröfur öðrum íslenskum viðskiptavinum, án þess að þeir hafi gert nokkrar athugasemdir í því sambandi".

Þegar litið er til skýrslna þeirra Gunnars Skomedal og Helge Hov, sem þeir hafa staðfest fyrir dómi, svo og þess hve seint Sameinaða Bílasmiðjan h/f andmælti kröfum þessum þrátt fyrir brýn tilefni, þá verður að leggja til grundvallar, að Sameinaða Bílasmiðjan h/f hafi samþykkt að greiða vaxta- og bankakostnaðarþætti reiknings nr. 15088, sem fjallað er um hér að framan. Verða þeir kröfuþættir, samtals norskar krónur 31.584.00, því teknir til greina.

Hins vegar er ljóst af bréfum stefnda frá 1. febrúar 1968 og 20. ágúst s. á., að eigi hefur verið af hendi Sameinuðu Bílasmiðjunnar h/f samþykkt að greiða stefnda iðgjald af útflutningslánatryggingu. Verður því sá kröfuþáttur eigi tekinn til greina.

2. Hinir aðrir fimm kröfuliðir í máli þessu, norskar krónur samtals 28.828.78 (4.291.14 + 2.228.06 + 11.357.28 + 8.521.01 + 2.431.29), eru fyrir vexti og bankakostnað vegna víxla samþykktra af Sameinuðu Bílasmiðjunni h/f, er stefndi

tók við sem greiðslu og seldi bönkum í Noregi á tímabilinu frá 20. febrúar 1968 til 3. maí s. á. Er kröfum þessum lýst í héraðsdómi.

Stefndi telur, að Sameinaða Bílasmiðjan h/f hafi á fundinum 19. janúar 1968 skuldbundið sig til að greiða kostnað þennan. Vísar hann um það til skýrslu þeirra Gunnars Skomedal og Helge Hov, sem áður er rakin, þar sem segir: „Ved senere forfald av diskontoen må VBK's bank sende nota til Sam. Bilasmidjans bank".

Víxlar þeir, sem stefndi gaf út vegna viðskiptanna, voru sendir Útvegsbanka Íslands, er aflaði samþykkis Sameinuðu Bílasmiðjunnar h/f á þeim. Bankinn, sem fékk einnig víxlana til innheimtu á gjalddaga, hefur lýst yfir því, að aldrei hafi fylgt innheimtubeiðnum fyrirmæli um að innheimta vexti auk víxilfjárhæðanna. Stefndi hefur engin gögn fært fram fyrir því, að hann hafi sent vaxtakröfur þessar til innheimtu um hendur banka hér á landi.

Jafnvel þótt talið yrði, að á fundinum 19. janúar 1968 hafi orðið samkomulag um, að Sameinaða Bílasmiðjan h/f greiddi vexti þessa og bankakostnað með framangreindu skilyrði, getur stefndi ekki krafið fé þetta nú, þar sem hann hefur ekki sannað, að hann hafi uppfyllt það. Verða því áfrýjendur sýknaðir af þessum kröfuliðum.

Samkvæmt framangreindu verða áfrýjendur dæmdir til að greiða stefnda alls norskar krónur 31.584.00 með 6% ársvöxtum frá 14. febrúar 1969 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest, en áfrýjendur greiði stefnda kr. 75.000 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, dánarbú Lúðvíks Á. Jóhannessonar, Gunnar Björnsson, Ólafur Guðmundsson, Þorkell Pálsson og Theódór Marinósson, greiði stefnda, Vestfold Bil & Karrosseri A/S, óskipt norskar krónur 31.584.00 með 6% ársvöxtum frá 14. febrúar 1969 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 75.000.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 8. mars 1973.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 26. febrúar sl., höfðaði upphaflega Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, f. h. Vestfold Bil & Karosseri A/S í Horten í Noregi, en við lát Gústafs tók Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður við málinu. Málið hefur hið norska firma höfðað með stefnu, birtri 26. maí 1970, á hendur stjórn Sameinuðu Bílasmiðjunnar h/f, þeim Lúðvík Á. Jóhannessyni, Barmahlíð 26, Reykjavík, Gunnari Björnssyni, Langholtsvegi 186, Reykjavík, Ólafi Guðmundssyni, Ljósvallagötu 22, Reykjavík, Þorkeli Pálssyni, Laugarnesvegi 112, Reykjavík, og Theódór Marinóssyni, Vorsabæ 20, Reykjavík, öllum persónulega in solidum og fyrir Sameinuðu Bílasmiðjuna h/f í Reykjavík. Þess er getið í stefnu, að Sameinaða Bílasmiðjan h/f hafi eigi verið skrásett sem hlutafélag, en hafi þó starfað undir þessu nafni í nokkur ár. Því er þannig haldið fram, að stjórnendur félagsins ábyrgist skuldbindingar þess einn fyrir alla og allir fyrir einn. Eftir að málið var höfðað, hefur einn af stefndum, Lúðvík Á. Jóhannesson, látist, og hefur dánarbúið tekið við varnaraðild vegna hans.

Upphaflegar kröfur stefnanda voru þær, að stefndu yrðu allir persónulega og in solidum dæmdir til að greiða stefnanda norskar krónur 77.405.00 með 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 15. maí 1969 til greiðsludags, innheimtukostnað í norskum krónum, 1.500.00, og kostnað sakarinnar að skaðlausu að mati dómsins.

Í þinghaldi þann 12. október 1971, en þá var mál þetta upphaflega flutt, breytti stefnandi kröfu sinni á þann veg, að stefndu yrðu in solidum dæmdir til að greiða norskar krónur 69.164.71 með 6% ársvöxtum frá 14. febrúar 1969 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins. En til vara, að þeir yrðu in solidum dæmdir til greiðslu norskra króna 11.878.00 með vöxtum og málskostnaði svo sem í aðalkröfu. Við munnlegan flutning málsins nú,

26. febrúar sl., féll stefnandi frá varakröfu sinni, þannig að nú stendur aðeins aðalkrafan eftir eins og hún var gerð í þinghaldi 12. október 1971. Samkvæmt yfirlýsingu stefnanda 26. febrúar sl. er nú eingöngu deilt um greiðslu vaxta vegna veitts greiðslufrests og greiðslu „exportsgarantiprovision".

Af hálfu stefndu hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Af hálfu stefnda var því lýst yfir, að það væri rétt, að hið stefnda fyrirtæki væri óskráð.

Sátt var reynd, en án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að á tímabilinu frá haustinu 1967 til vors 1968 seldi stefnandi, Vestfold Bil & Karosseri A/S, Sameinuðu Bílasmiðjunni h/f ýmislegt efni til smíða á strætisvögnum fyrir um 1.200.000.00 norskar krónur. Í málinu liggur frammi samningur eða uppkast að samningi, sem er ódagsettur, en ber þá yfirskrift, að hann sé gerður á milli h/f Bílasmiðjunnar, Reykjavík, og Vestfold Bil & Karosseri A/S í Horten.

Það, sem úr samningi þessum eða uppkasti skiptir máli, er í 4. og 5. gr. samningsins. Segir í 4. gr. hans, sem ber yfirskriftina verð: „Allir hlutir og vörur afhendast gegn fyrirfram umsömdu verði. Hugsanlegar breytingar á verði eiga að tilkynnast skriflega".

Í 5. gr., sem ber yfirskriftina greiðsluskilmálar, segir: „Allar vörur afhendast pr. 30 daga. Innheimta er sjálfvirk með tilvísun til banka, sem samið hefur verið um. Samstæður (seksionsett) eru staðgreiddar (kontant) eða með samþykktum víxlum, og skal nánar samið um, til hve langs tíma þeir eru".

Þá liggur fyrir í málinu bréf frá 9. janúar 1967 frá stefnanda til h/f Bílasmiðjunnar. Varðar bréfið samvinnu við yfirbyggingaverksmiðju stefnda. Í bréfinu er tekið dæmi af yfirbyggingu, sem stefnandi telur henta viðtakanda, og yfirbyggingin sett upp með ákveðnu verði, sem miðað er við „nettó" afhendingu í Horten með umbúðum.

Í bréfinu segir svo m. a.: „Við leggjum til, að nánari umræður fari fram um greiðslufyrirkomulag, en ef þess er óskað, teljum vér öruggt, að vér getum boðið fyrirkomulag með eins til þriggja mánaða samþykktum víxlum".

Þá liggur fyrir bréf frá stefnanda til Lúðvíks Á. Jóhannessonar frá 22. apríl 1967. Segir þar fyrst frá heimsókn fyrirsvarsmanna stefnanda til stefnda og síðan staðfestur samningur, er þeir hafi gert með sér á fundi þann 14. apríl 1967. Segir síðan: „Við látum vinna eins fljótt og unnt er fullkomna lýsingu samkvæmt fyrirspurn S. V. R. Við látum einnig vinna nýja teikningu, byggða á Volvo B-5855, með stólafyrirkomulagi eins og talað var um við S. V. R.

Við reiknum út tillögu um verð á yfirbyggingu og sendum þér ásamt sérlýsingu og teikningum.

Síðan getum við komið okkur saman um það verð, sem Bílasmiðjan og við getum boðið S. V. R.

Samkvæmt þessari umtöluðu sérlýsingu og teikningu eigum við að búa til tillögu um sérgreiningu á þeim hlutum, sem við myndum láta af hendi til ykkar.

Við staðfestum, að við erum samþykkir þeim greiðsluskilmálum, er þú stakkst upp á: tveim samþykktum víxlum til sex og tólf mánaða".

Sameinaða Bílasmiðjan h/f í Reykjavík fékk síðan samninginn við Strætisvagna Reykjavíkur.

Þann 23. október 1967 er „vörupartí" sent frá stefnanda með m/s Tungufossi til Íslands. Með bréfi þann dag sendir stefnandi Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, pappíra varðandi framangreinda sendingu. Nema „faktúrur" samtals norskum krónum 616.277.89. Segir síðan í bréfinu: „Samkvæmt umsömdum afborgunar- og greiðsluskilmálum á að gefa út tvo víxla fyrir upphæðinni, þannig: einn víxil að upphæð norskar krónur 303.138.94 til sex mánaða frá 23. október 1967, einn víxil að upphæð norskar krónur 308.138.95 til tólf mánaða frá 23. október 1967.

Við leyfum okkur að biðja yður að sjá svo um, að kaupandi samþykki þessa pappíra, og má síðan afhenda kaupanda vöruna.

Frumrit af farmskírteinum verða send yður, um leið og við fáum þau frá þeim, er sendinguna annast í Kristiansand.

Einnig látum við fylgja sundurliðun á stykkjatölu og fleira og vonum, að sendingunni reiði vel af.

Víxlarnir, sem nefndir voru hér að framan, óskast sendir til okkar í ábyrgðarbréfi til framsals (diskontering) og seinni innheimtu í gegnum banka yðar".

Þá liggur fyrir í málinu bréf frá 6. nóvember 1967 frá stefnanda til Sameinuðu Bílasmiðjunnar h/f. Þar segir, að þeir þakki fyrir víxil pr. 29. desember 1967 að upphæð norskar krónur

73.238.47 og segjast með venjulegum fyrirvara færa það stefnda fyrirtæki til tekna til greiðslu á „faktúrum" þeirra frá 14. september 1967. Jafnframt tilkynna þeir, að víxillinn hafi verið framseldur (diskontert) til Fellesbanken A/S í Osló og í samræmi við meðfylgjandi nótu sé kostnaðurinn við það norskar krónur 931.40, sem þeir kveðast færa stefnda fyrirtæki til gjalda á viðskiptareikningi hans hjá þeim. Í bréfinu biðja þeir um, að upphæð þessi sé færð á tilsvarandi reikninga þeirra og upphæðin send við tækifæri.

Þetta er hið fyrsta, sem af gögnum málsins sést um, að stefnandi telji stefndu slíka vexti til skuldar. Af þessu bréfi virðist einnig mega ráða, að um einhverjar sendingar hafi verið að ræða fyrir sendinguna með Tungufossi 23. október 1967.

Þá liggur fyrir bréf stefnanda til Lúðvíks Á. Jóhannessonar frá 1. desember 1967. Segir þar í upphafi bréfsins:

„Hjálagt leyfum við okkur að senda yður „faktúru" okkar nr. 15088, norskar krónur 40.857.00. Upphæðin er viðkomandi vaxtakostnaði fyrir tvo samþykkta víxla, útflutningstryggingarþóknun (exportgarantiprovision) fyrir þá sömu og helmingur ferðakostnaður fyrir þrjá menn Osló—Reykjavík—Osló.

Við vonum, að þér komist að raun um, að þessi faktúra sé í samræmi við samkomulag, og við myndum vera þakklátir fyrir greiðslu frá yður sem allra fyrst, þar sem við höfum greitt þennan kostnað út í hönd".

Hér er um vaxtakostnað og útflutningstryggingarþóknun að ræða af víxlunum, sem samþykktir voru vegna sendingarinnar með m/s Tungufossi.

Reikningur þessi skiptist þannig, að vaxtakostnaðurinn nemur norskum krónum 31.584.00, útflutningstryggingarþóknun (exportgarantiprovision) krónum 7.395.00, afgangurinn, krónur 1.878.00, er ferðakostnaðurinn.

Samkvæmt skjölum málsins gerist það næst í málinu, að Gunnar Skomedal, tæknistjóri stefnanda, og Helge Hov, tæknisölustjóri stefnanda, fara til Íslands til fundar við stefndu. Var ferð þeirra farin þriðjudaginn 16. janúar það ár til þess að hjálpa með tæknileg og skipulagsleg vandamál. Þeir fóru aftur til Noregs þann 20. janúar. Samkvæmt framburði Gunnars Skomedal, sem liggur frammi í málinu, áttu þeir auk þessa að nefna vandamál í sambandi við vexti og reikningsfærslu á vörum. Þeir hafi átt að greiða úr vaxtanótuvandamálum fyrir fjárhagsdeild stefnanda. Föstudaginn 19. janúar fyrir hádegi hafi þeir átt viðtal við for-

stjóra Sameinuðu Bílasmiðjunnar, Lúðvík Á. Jóhannesson, á skrifstofu hans og rætt málið. Tvær skýrslur hafi verið skrifaðar eftir ferðina, önnur tæknileg hin efnahagsleg. Ástæðan til þess hafi verið sú, að Strætisvagnar Reykjavíkur áttu að fá afrit af tækniskýrslunni.

Þá hefur Skomedal skýrt svo frá, að þeir hafi haft með sér afrit af „faktúru" nr. 15088 frá 1. desember 1967, þ. e. „faktúru" upp á norskar krónur 40.857.00. Lúðvík Á. Jóhannesson hafi sagt á fundinum, að hann ætti í erfiðleikum með greiðslu á þessari „vaxtafaktúru" vegna gjaldeyrisyfirfærslu, þar sem hann yrði að sanna í bankanum, að þarna væri um að ræða áfallinn kostnað og þar væri verið að tala um verðmæti, sem komin væru til landsins í sambandi við afhendinguna. Jóhannesson sagði auk þess, að framvegis yrði stefnandi að senda frumrit eða ljósrit af vaxtanótum, sem banki stefnanda hefði gefið út.

Þessari sérstöku nótu hafi Jóhannesson sjálfur ætlað að kippa í lag og senda greiðsluna.

Þann 23. eða þann 24. janúar 1968 hafi afrit af skýrslunni verið sent til Íslands. Jóhannesson hafi fengið afrit af báðum skýrslunum, bæði þeirri tæknilegu og efnahagslegu. Strætisvagnarnir hafi aðeins fengið þá tæknilegu. Í skýrslunni standi samþykkt um vaxtagreiðslur í framtíðinni og greiðslufyrirkomulag vaxtanna. Úr efnahagsskýrslunni endurtók hann eftirfarandi um „faktúru" nr. 15088: „Ávísun verður send frá Sameinuðu Bílasmiðjunni samkvæmt eigin samningi við bankann. Þegar áfallinn kostnaður seinna fellur í gjalddaga, verður banki V. B. K. að senda nótu varðandi kostnaðinn til banka Sameinuðu Bílasmiðjunnar". Skýrsla þessi hefur verið lögð fram í málinu og finnst á dskj. nr. 4 og nr. 28. Segir í framburði Skomedal, að skýrslan hafi verið skrifuð strax eftir heimkomuna frá Íslandi og byggð á minnisblöðum frá fundinum. Skifstofustjóri Jóhannessonar hafi stundum verið til staðar í fundarherberginu föstudaginn þann 19. janúar, en hafi ekki tekið þátt í fundinum. Jóhannesson hafi nokkrum sinnum spurt hann ráða. Skomedal vann eið að þessum framburði.

Framburður Helge Hov er í aðalatriðum samhljóða framburði Skomedal, og hefur hann einnig unnið eið að þeim framburði. Segir í hans framburði jafnframt, að í lok fundarins þann 19. janúar hafi verið dregið saman það, sem þeir hafi orðið sammála um. Skomedal hafi orðað í áheyrn Jóhannessonar lokaályktun um vaxtagreiðslu og Hov hafi skrifað hana niður.

Þorvarður Ragnar Jónsson, skrifstofumaður hjá Bílasmiðjunni h/f, hefur borið fyrir réttinum, að hann hafi ekki tekið þátt í viðræðum við þessa menn, þetta hafi verið „tekniskir" menn og hafi þeir komið hingað upp til að ræða um drátt á afhendingu. Hann kvaðst hafa komið inn tvisvar eða þrisvar sinnum, meðan Lúðvík ræddi við menn þessa, og ekki hafa orðið var við neinar fjármálalegar viðræður þeirra í milli. Hann bar það jafnframt, að það, er segir í skýrslunni, hljóti að stafa af málaerfiðleikum, því að Lúðvík muni aldrei hafa lofað þessu, þar sem hann hafi staðið í þeirri meiningu, að aldrei hefði verið um þetta samið.

Eftir þetta eru þessar „faktúrur" sendar frá Noregi yfir vexti: Den norske Creditbank 24. janúar 1968 kr. 4.291.14, sami 20. febrúar 1968 kr. 2.228.00, sami 4. mars 1968 norskar krónur 11.357.28 og sami 8. apríl 1968 krónur 8.521.05, Borre Sparebank 3. maí 1968 norskar krónur 2.431.29 og Fellesbanken A/S 2. maí 1968 norskar krónur 278.10. Samtals gerir þetta með þeim vaxta-„faktúrum", sem áður hafa verið taldar, kr. 70.895.22.

Samkvæmt gögnum málsins gerist það næst, að þann 16. maí 1968 skrifar stefnandi Lúðvík Á. Jóhannessyni forstjóra, og segir þar, að bókhaldsdeild fyrirtækisins hafi beðið hann að skrifa honum varðandi „faktúrur" nr. 15088, sem dags. sé 1. desember 1967, og nr. 15669, dags. 31. desember 1967, sem að upphæðum séu norskar krónur 40.857.00 og norskar krónur 10.000.00. Er vitnað í þessu sambandi í bréf stefnanda frá 1. desember 1967 og 1. febrúar 1968. Segir í bréfinu, að reikningar þessir séu bein útgjöld fyrir þá og varði vexti, umboðslaun og ferðakostnað, og eins og forstjórinn muni örugglega skilja, þá vilji þeir gjarnan heyra frá honum varðandi borgun þessara upphæða. Af þessum tveimur upphæðum varðar aðeins fyrri upphæðin mál þetta.

Þann 6. ágúst 1968 skrifar Odd Aspaas, fjárhagslegur framkvæmdastjóri stefnanda, Bílasmiðjunni h/f varðandi þessar sömu „faktúrur". Kveðst hann í bréfinu vísa til fleiri bréfa og þar að auki til símtala varðandi þessar „faktúrur", sem samtals nemi norskum krónum 50.857.00. „Faktúrurnar" varði fyrst og fremst vexti af tveim fyrstu víxlunum, útflutningstryggingarþóknun og helming ferðakostnaðar og vinnulauna vegna þriggja manna, sbr. bréf frá 1. desember 1967. Segir síðan í bréfinu, að þrátt fyrir að þeir hafi snúið sér til fyrirtækisins oftar en einu sinni varðandi þetta mál, hafi ekkert gerst af þess hálfu og geti þeir nú ekki gefið frekari greiðslufrest á upphæðunum og verði því að fara þess á leit, að bréfi þessu sé svarað innan 14 daga, þannig að

möguleiki sé að koma málinu á hreint. Segir síðan í bréfinu, að ef þeir heyri ekkert frá fyrirtækinu fyrir 20. ágúst, verði þeir að fara með málið fyrir dómstólana og láta Creditreform í Osló annast innheimtuna.

Þessu bréfi svarar stefndi þann 16. ágúst 1968. Vitnar hann í bréf stefnanda og segir síðan, að þeir muni ekki til þess, að nokkurt samkomulag eða umræður hafi farið fram varðandi vexti og kostnað af lánum þeim, er stefnandi hafi veitt, og hafi þeir verið í þeirri trú, að þessi viðskipti mundu verða á sama hátt og þeir væru vanir við önnur erlend firmu án nokkurs aukakostnaðar. Segir síðan, að þeir hafi tekið upp samningaumleitanir við Strætisvagna Reykjavíkurborgar um þessi atriði í sambandi við lokauppgjör þeirra í milli og þeir muni tilkynna stefnanda um niðurstöðu þeirra samningaumleitana. Þann 15. febrúar 1969 biður stefnandi Creditreformforeningen í Noregi að innheimta það, sem þeir eigi hjá Sameinuðu Bílasmiðjunni. Samkvæmt bréfi til Creditreformforeningen, dags. þann dag, telur stefnandi sig þá eiga inni hjá stefnda norskar krónur 99.164.71 og byggir það á viðskiptareikningi fyrirtækisins hjá honum, sem fram hefur verið lagður í málinu, dskj. nr. 8. Til viðbótar gerir hann kröfu upp á 6% vexti af skuldinni, sem til samans gerir norskar krónur 6.195.00. Heildarkrafan gerir þannig norskar krónur 105.359.71. Segir í bréfinu, að á viðskiptareikningnum komi fram, að norskar krónur 19.248.84 varði afhentar vörur, kr. 196.57 sé fyrir afhent verkfæri, kr. 10.000.00 sé fyrir helming vinnulauna þriggja af mönnum stefnanda, sem hafi verið á Íslandi, og kr. 70.895.28 varði vexti, þar af kr. 7.395.00, sem sé útflutningstryggingarþóknun. Frá þessum upphæðum dragist skuld stefnanda hjá stefnda, í allt norskar krónur 1.175.98.

Í bréfi stefnanda til Creditreformforeningen í Noregi frá 13. maí 1969 kemur fram, að Odd Aspaas, fjárhagslegur framkvæmdastjóri stefnanda, hefur verið á Íslandi til þess að reyna að fá uppgjör milli aðiljanna. Þetta hafi heppnast að nokkru leyti. Varðar það að nokkru víxla, sem ekki má blanda inn í þetta mál. Jafnframt kveðst framkvæmdastjórinn í bréfinu hafa fengið samþykktan víxil fyrir norskum krónum 30.000.00 af kröfunni upp á norskar krónur 99.164.71, sem þeir hafi tilkynnt í fyrra bréfi sínu. Afgangurinn af kröfunni sé þannig nú norskar krónur 70.000.00, sem varði vexti + útflutningsábyrgðarþóknun. Í viðbót komi vaxtakrafa upp á norskar krónur 7.405.00, og fylgir síðan, hvernig sú vaxtakrafa sé fundin út. Heildarkrafan, sem

þeir fara fram á, að sé innheimt, er þannig norskar krónur 77.405.00.

Kemur þannig fram af bréfum þessum, að aðeins er deilt um vexti og útflutningsábyrgðarþóknun í viðskiptum aðilja. Kemur þetta einnig fram í bréfi stefnda til hr. Odds Aspaas frá 14. mars 1969.

III.

Á dskj. nr. 54 í málinu kemur gleggst fram, hvernig krafa stefnanda er sundurliðuð. Dómsskjölin þar á eftir stafa frá bönkum og sýna, hvernig þeir víxlar, er í hlut eiga, hafa verið framseldir (diskontert). Sundurliðun þessi hefur sumpart komið áður fram í málinu, en til glöggvunar þykir rétt að endurtaka það hér.

1. Fyrsta nótan varðar víxil að upphæð norskar krónur 73.238.47, með gjalddaga 29. desember 1967, en nótan er dagsett 31. október 1967, og er að upphæð 931.40 og varðar bæði vexti og annan bankakostnað.

2. Liður 2 er „faktúra" frá stefnanda og varðar vexti af tveimur víxlum, 6½% og 7% ársvexti, norskar krónur 31.385.00, útflutningsábyrgðarþóknun (exsportgarantiprovision), norskar krónur 7.395.00, og helming ferðaútgjalda vegna þriggja manna Osló—Reykjavík—Osló, norskar krónur 1.878.00, eða samtals norskar krónur 40.857.00. Á skjölum, sem þessu fylgja, kemur fram, að vaxtanótan frá Fellesbanken A/S gerir aðeins norskar krónur 28.304.40. Segir stefnandi þetta stafa af því, að þeir hafi reiknað sér vexti, áður en þeir fengu nótuna frá bankanum, og þar með hafi fjöldi daganna í vaxtareikningnum orðið mismunandi. Eins og mál þetta er nú komið, fellur niður liðurinn helmingur af ferðaútgjöldum fyrir þrjá menn Osló—Reykjavík—Osló, norskar krónur 1.878.00, úr þessum lið.

3. Nóta frá norska Creditbankanum frá 24. janúar 1968 að upphæð samtals 4.291.14. Hér er um að ræða vexti og annan kostnað af fjórum víxlum, norskar krónur 32.974.70, með gjalddaga 20. maí 1968, og norskar krónur 32.974.70, með gjalddaga 20. nóvember 1968, og norskar krónur 8.867.71, með gjalddaga 8. júní 1968, og norskar krónur 8.867.72, með gjalddaga 8. desember 1968.

4. Nóta frá norska Creditbankanum 20. febrúar 1968, samtals að upphæð norskar krónur 2.228.06. Hér er einnig um bankakostnað að ræða, vexti og fleira af fjórum víxlum að upphæð norskar krónur 11.126.64, með gjalddaga 5. júlí 1968, norskar krónur 11.126.65, með gjalddaga 5. janúar 1969, norskar krónur 9.087.85,

með gjalddaga 19. júlí 1968, og norskar kr. 9.087.90, með gjalddaga 19. janúar 1969.

5. Nóta frá norska Creditbankanum, dags. 4. mars 1968, að upphæð samtals norskar krónur 11.357.28. Er hér einnig um að ræða vexti og annan bankakostnað af tveimur víxlum, norskar krónur 101.023.47, með gjalddaga 1. ágúst 1968, og norskar krónur 101.023.48, með gjalddaga 1. febrúar 1969.

6. Nóta frá norska Creditbankanum frá 8. apríl 1968, samtals 8.521.01, sem einnig eru vextir og annar bankakostnaður af fjórum víxlum, norskar krónur 18.538.51, með gjalddaga 1. mars 1969, norskar krónur 62.949.94, með gjalddaga 15. febrúar 1969, og norskar krónur 62.949.94, með gjalddaga 15. ágúst 1968, og norskar krónur 18.538.50, með gjalddaga 29. ágúst 1968.

7. Nótur frá Borres Sparebank frá 3. maí 1968, samtals að upphæð norskar krónur 2.431.29. Hér er einnig um að ræða vexti og annan bankakostnað af tveimur víxlum, báðum að upphæð kr. 24.650.59, með gjalddögum 29. september 1968 og 29. mars 1969.

8. Nóta frá Fellesbanken A/S 2. maí 1968 að upphæð norskar krónur 278.10, en hér er um að ræða 6½% vexti af norskum krónum 308.138.94, með gjalddaga 23. apríl 1968, sbr. 2. lið, en hér varða vextirnir 5 dráttardaga.

Samtals gerir þetta krónur 70.895.28, sem að frádregnum norskum krónum 1.878.00 vegna helmings ferðakostnaðar fyrir þrjá menn frá Osló—Reykjavík—Osló gerir norskar krónur 69.017.28. Krafa stefnanda er því nokkru hærri en kemur út úr sundurliðuninni þannig gerðri.

IV.

Rökstuðningur stefnanda er sá, að hann hafi fyrst boðið eins til þriggja mánaða víxla, en seinna hafi verið samið um víxla til sex og tólf mánaða, án þess að söluverðinu væri breytt. Ganga verði út frá því, að greiða eigi vexti, ef ekki hefur verið samið um, að enga vexti eigi að greiða. Í öðru lagi hafi þeir reynt að innheimta vaxta-„faktúrur" sínar margsinnis, bæði skriflega og munnlega, í fyrsta skipti 1. desember 1967, án nokkurra andsvara fyrr en 16. ágúst 1968, að íslenska fyrirtækið segi, að ekki hafi verið gerður nokkur samningur um vexti. Í þriðja lagi, að í bréfi til Sameinuðu Bílasmiðjunnar varðandi fund tæknistjóra stefnanda, Skomedal, þann 19. janúar 1968, skrifi þeir: „Varðandi „faktúru nr. 15088. Tékki verður sendur frá Sameinuðu Bílasmiðjunni eftir eigin samningi við bankann. Við seinni gjald-

fall forvaxta verði banki stefnanda að senda nótu um kostnaðinn til banka Sameinuðu Bílasmiðjunnar". Íslenska firmað hafi ekki svarað þessu bréfi og því hafi það samþykkt að greiða vexti (diskonto). Í þessu sambandi hefur verið vitnað til framburða Skomedal og Hov, sem hér hafa verið raktir að framan.

Af hálfu stefndu hefur því verið haldið fram, að enginn samningur hafi verið gerður, hvorki varðandi greiðslu vaxta né útflutningsábyrgðarþóknun. Er í því sambandi vitnað til framburðar Þorvarðs Ragnars Jónssonar, skrifstofumanns hins stefnda fyrirtækis, og því haldið fram, að Lúðvík Á. Jóhannesson hafi aldrei samþykkt greiðslu þessara vaxta. Þá var því haldið fram af hálfu lögmanns stefndu, að það, er hann hefur ritað í greinargerð sinni, sé byggt á frásön Lúðvíks Á. Jóhannessonar, en hann hafi séð um þessi mál fyrir hönd stefndu. Lúðvík hafi algerlega mótmælt því, sem segi í skrifi frá fundi hans með sölustjóra stefnanda frá því í janúar 1968. Þá halda stefndu því fram, að greiðsluskylda vegna vaxta af víxlum hafi ætíð verið mótmælt, bæði á fundinum í janúar 1968 og síðast þegar Odd Aspaas var hér á Íslandi 1969. Hins vegar hefur hann ekki mótmælt útreikningum stefnanda sem slíkum sérstaklega. Segja stefndu, að sýknukrafa þeirra sé á því byggð, að þeir hafi að fullu gert upp við stefnanda vegna þessara viðskipta, sem hér um ræðir, með víxlum, sem séu nú löngu gjaldfallnir og greiddir. Samkvæmt íslenskum verslunarvenjum séu verslunarkaup ávallt vaxtalaus, þannig að kaupandi samþykki víxil til einhvers tíma fyrir upphæðinni, sem keypt er fyrir. Ef hins vegar sé um annað samið, þ. e. a. s. kaupandi eigi að greiða vexti af víxlunum eða annan víxilkostnað, sé þeim vöxtum og kostnaði bætt við skuldarupphæðina, þegar víxillinn er samþykktur.

Í þessu sambandi leyfa stefndu sér að benda á, að víxillög nr. 93/1933, 5. gr., kveði svo á, að aðeins megi hafa ákvæði um vexti á sýningarvíxlum, enda sé vaxtaupphæð þá tilgreind, en í öðrum víxlum skulu slík ákvæði metin sem óskráð. Þaðan af síður ætti að vera hægt að innheimta vexti af þeim víxlum, sem hér um ræðir, þeirra sé ekki getið á víxlinum og stefndu mótmæli, að þeir hafi nokkurn tíma samþykkt að greiða vexti af þeim, hvorki áður en eða um leið og þeir voru samþykktir né síðar.

V.

Mál þetta var upphaflega flutt 12. október 1971, svo sem áður greinir, en í þinghaldi þann 18. október 1971 var það endurupp-

tekið, og gaf dómurinn aðiljum kost á að afla eftirfarandi gagna:

I. Vottorðs Verslunarráðs Noregs.

II. Vottorðs Verslunarráðs Íslands.

I. Vottorð Verslunarráðs Noregs. Hvaða verslunartíska gildir um greiðslu forvaxta af vöruvíxlum í verslunarviðskiptum Norðmanna við erlenda aðilja?

a) Tíðkast að semja um það sérstaklega í hvert skipti, hvort hinn erlendi kaupandi, sem samþykkir víxla fyrir vörum, eigi að greiða forvexti af þeim eða ekki. Er gengið út frá, að kaupandi greiði forvexti eða greiði ekki forvexti, þegar ekkert er samið um það atriði?

b) Ef vextir eru greiddir, er þeim þá bætt við víxilfjárhæðina eða þeir innheimtir sérstaklega?

c) Miða skal svar 1 við þriggja mánaða víxla, 2 við sex mánaða víxla, 3 við tólf mánaða víxla.

II. Verslunarráð Íslands, sömu spurningar, að því er varðar viðskipti Íslendinga við erlenda aðilja. Í þessu þinghaldi var jafnframt lagt fyrir lögmenn aðilja að afla þeirra samninga og þeirra bréfa, er lágu til grundvallar viðskiptum aðilja.

Lagt hefur verið fram bréf Verslunarráðs Íslands, dags. 10. nóvember 1971, er það stílað til Jóns N. Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns. Segir þar: „Verslunarráð Íslands hefur móttekið fyrirspurn yðar, dags. 18. október s.l., um hvaða venjur gildi um greiðslur forvaxta af vöruvíxlum í verslunarviðskiptum við erlenda aðilja.

a. Það má telja almenna reglu, að innflytjandi, sem kaupir vöru erlendis frá með gjaldfresti, semji um, með hvaða skilmálum gjaldfrestur er veittur, þegar kaupin eru gerð. Taki seljandi ekkert fram um vexti, er það almenn skoðun, að þeirra verði ekki krafist. Ástæðuna fyrir þeirri skoðun má rekja til þess, að þegar innflutt vara er greidd gegn afhendingu skjala, er sá háttur algengur, að seljandi veitir staðgreiðsluafslátt, þegar varan er greidd innan ákveðins, skamms tíma. Þegar víxill er samþykktur, fellur þessi afsláttur niður, og er litið á það sem óbeina vaxtagreiðslu.

b. Þegar um það er að ræða, að forvextir séu greiddir, er það ýmist, að seljendur bæti vöxtum við víxilfjárhæð eða sérstakt kröfubréf fylgi víxlinum, sem bankanum er falið að innheimta.

c. Ekki verður séð, að máli skipti, hvort um er að ræða þriggja, sex eða tólf mánaða víxla að öðru leyti en því, að eftir því sem gjaldfresturinn er lengri, minnka líkurnar fyrir því, að hann fáist án greiðslu vaxta".

Í bréfi frá Creditreformforeningen í Noregi kemur fram, að þeir telja, að samsvarandi stofnun við íslenska verslunarráðið sé ekki til í Noregi. Kemur þó fram, að þeir hafa talað við Norges Eksportråd og Norges Handelsstands Forbund, en án þess að þau félög hafi viljað gefa vottorð í dómsmáli. Hins vegar kemur fram, að lögfræðingurinn, sem svarar bréfinu, virðist hafa misskilið spurningar sjó- og verslunardóms Reykjavíkur í þá átt, að verið væri að spyrja um sett lög, en ekki um venjur í viðskiptum. Dómurinn hefur aflað sér upplýsinga um það, að Norges Handelsstands Forbund er aðili að Alþjóðaverslunarráðinu, sem hefur aðsetur sitt í París, svo sem Verslunarráð Íslands.

Síðan mál þetta var endurupptekið, hefur stöðug gagnaöflun farið fram í málinu, og hafa þau gögn að miklu leyti verið rakin hér að framan. Hins vegar er það svo, að vegna þess hvernig gagnaöflun hefur verið háttað, þá hefur ekki verið hjá því komist, að aðiljar hafa lagt fram sum skjöl oftar en einu sinni, og hefur það ekki sérstaklega verið leiðrétt, þar sem skjölin hafa í flestum tilfellum komið inn eins og seríur frá öðrum hvorum aðilja, þannig að umdeilanlegt er, hvort hafi horft til bóta að taka skjöl út úr sem tvívegis hafa verið lögð fram.

VI.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög má hlutafélag ekki taka til starfa, fyrr en það hefur verið skrásett lögum samkvæmt. Fyrr getur það eigi heldur öðlast réttindi á hendur öðrum mönnum með samningum eða þeir á hendur því. Aðiljar eru sammála um, að Sameinaða Bílasmiðjan h/f sé og hafi verið óskrásett, og getur stefnandi þannig ekki hafa öðlast kröfur á hendur því fyrirtæki.

Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna það.

Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög skal tilkynna félag til skrásetningar á mánaðarfresti, eftir að það er löglega stofnað. Tilkynningarskylda hvílir á stjórn þess. Ljóst er af málinu, að þessa skyldu rækti stjórn Sameinuðu Bílasmiðjunnar h/f ekki, en skyldan hvílir á öllum stjórnarmönnum sameiginlega. Þeir stofnuðu til umfangsmikilla viðskipta í nafni fyrirtækis, sem samkvæmt ofanskráðu varð ekki bundið í viðskiptum. Af þessu þykir leiða, að stefnandi geti sem viðsemjandi þeirra haft uppi kröfur sínar í málinu á hendur þeim sameiginlega.

Fram þykir komið, að í upphafi hafi ekkert verið samið til né

frá milli aðiljanna um greiðslu vaxta og annars víxilkostnaðar vegna gjaldfrests þess, er stefnandi veitti stefndu. Stefnandi hefur ekki sannað, að viðskiptavenja sé um greiðslu slíkra vaxta. Hins vegar hefur stefnandi sent fyrirtæki þeirra alveg frá upphafi viðskiptanna „faktúrur" vegna vaxta og annars bankakostnaðar vegna gjaldfrests þessa. Stefndu hafa ekki sannað, að greiðsluskylda vegna þessa kostnaðar hafi verið mótmælt fyrr en með bréfi Lúðvíks Á. Jóhannessonar frá 16. ágúst 1968. Fyrir liggur í málinu fundargerð frá fundi Gunnars Skomedal, tæknistjóra stefnanda, og Helge Hov, tæknisölustjóra stefnanda, með Lúðvík Á. Jóhannessyni frá 19. janúar 1968. Hafa þeir báðir unnið eið að fundargerð þessari, sem þeir segja, að hafi verið send til Lúðvíks Á. Jóhannessonar strax eftir heimkomu þeirra til Noregs. Fundargerðin varðar m. a. „faktúru" nr. 15088, sem svarar öðrum lið í kröfugerð stefnanda. Segir þar: „Tékki verður sendur frá Sameinuðu Bílasmiðjunni eftir eigin samningi við bankann. Við seinna gjaldfall vaxta (diskonto) verður banki stefnanda að senda nótur um kostnaðinn til banka Sameinuðu Bílasmiðjunnar". Stefndu hafa ekki sannað, að fundargerð þessari hafi verið mótmælt. Vitnin hafa borið, að greiðslutregða stefndu hafi stafað af vandræðum þeirra við útvegun gjaldeyris vegna þessara „faktúra". Þegar þetta er virt, þykir stefnandi hafa sýnt nægilega fram á, að samningar hafi tekist milli aðilja um greiðslu allrar „faktúru" nr. 15088 samkvæmt 2. lið í kröfugerð stefnanda (þar með útflutningsábyrgðarþóknun) og síðari vaxta (diskonto), sem féllu á vegna greiðsufrests þess, er stefnandi veitti stefndu. Þar sem ekki er fram komið, að á fundinum frá 19. janúar 1968 hafi verið samið eða yfirhöfuð rætt um vaxtagreiðslu að upphæð norskar krónur 931.40 samkvæmt 1. lið kröfugerðar stefnanda, en „faktúru" þá kveðst stefnandi hafa sent fyrir þennan tíma, þykir hann ekki hafa sýnt nægilega fram á, að stefndu séu greiðsluskyldir vegna þess liðar.

Af nótu þeirri, sem stefnandi hefur lagt fram og á að sýna kostnað hans vegna 8. liðar kröfugerðar hans, verður ekki betur séð en þar sé um aukavexti eftir gjalddaga að ræða, og ósannað er, að þeir séu tilkomnir af orsökum, er stefndu eigi að bera hallann af. Þykir sá liður að upphæð norskar krónur 278.10 heldur ekki verða tekinn til greina.

Niðurstaða máls þessa er því sú, að stefndu skulu greiða stefnanda niðurstöðu útreiknings kröfuliða hans, eins og hann er nú orðinn, að frádregnum 1. og 8. liðnum, norskar krónur 931.40 og

norskar krónur 278.10, eða þannig norskar krónur 67.807.78. Rétt þykir að taka vaxtakröfu stefnanda til greina.

Svo sem áður er að vikið, hefur rekstri máls þessa verið ábótavant. Kröfugerð stefnanda var í upphafi óglögg og hefur verið það lengst af, enda þótt nú þyki ekki nægileg ástæða til þess að vísa því frá dómi ex officio. Þetta hafði í för með sér, að málið dróst, og varð að endurupptaka það. Þá hefur verið erfitt að gera sér grein fyrir málinu og leggja á það dóm. Stafar það mest af því, hvernig málið var lagt fyrir í upphafi, en þess vegna varð gagnaöflun með sérstökum hætti, svo sem áður er rakið.

Þegar þetta er virt og málavextir að öðru leyti, þykir rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Dóm þennan kvað upp Hrafn Bragason borgardómari ásamt meðdómendunum Eggert Kristjánssyni, hæstaréttarlögmanni og endurskoðanda, og Pétri Eiríkssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, dánarbú Lúðvíks Á. Jóhannessonar, Gunnar Björnsson, Ólafur Guðmundsson, Þorkell Pálsson, Theódór Marinósson, greiði persónulega og in solidum stefnanda, Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Vestfold Bil & Karosseri A/S, norskar krónur 67.807.78 með 6% ársvöxtum frá 14. febrúar 1969 til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum. Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Föstudaginn 16. maí 1975.

Nr. 34/1975. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Baldri Heiðdal Heiðdalssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Eiríkur Beck lögreglumaður komið fyrir dóm og staðfest undirritun sína undir lögregluskýrslu. Ákærði var og kvaddur fyrir dóm, og staðfesti hann það, sem haft er eftir honum í varðstjóraskýrslu 20. mars 1973. Hann skýrði frá málsatvikum að nýju á sama veg og áður í rannsókn málsins.

Samkvæmt sakavottorði, dags. 31. ágúst 1973, sem lagt var fram við meðferð máls þessa í sakadómi Reykjavíkur, hafði ákærði eigi sætt refsingu eða öðrum viðurlögum, svo að kunnugt væri. Við útgáfu sakavottorðs þessa hafa orðið mistök, því að samkvæmt sakavottorði frá 20. desember 1974, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti og örugglega á við ákærða, hefur hann sætt þrívegis sektum fyrir umferðarlagabrot á árinu 1961, einu sinni 1962, tvívegis 1965 og einu sinni 1967. Þá sætti hann 10 daga varðhaldi með dómi sakadóms Reykjavíkur 8. janúar 1971 fyrir brot á 2. málsgr., sbr. 4. málsgr., 25. gr., 1. málsgr. 26. gr., 1. málsgr. 37. gr., 2. málsgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og fyrir brot á 1. málsgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Var hann jafnframt sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 5. maí 1970.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi gerst sekur um þrot þau, sem í ákæruskjali greinir. Refsidómur sá, sem ákærði sætti hinn 8. janúar 1971, hefur ítrekunar-

áhrif á brot þau, sem hann er sakfelldur fyrir í þessu máli. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða með ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík 11. maí 1973 í tilefni af rannsókn þess brots, sem fjallað er um í máli þessu. Var ákvörðunin birt ákærða samdægurs. Með hinum áfrýjaða dómi var ákærði sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 11. maí 1973, en fékk að nýju ökuleyfi í maí 1974. Þar sem brot ákærða er ítrekað, ber nú samkvæmt 3. málsgr. 81. gr. laga nr. 40/1968 og 1. málsgr. 24. gr. laga nr. 82/1969 að svipta ákærða ævilangt ökuleyfi frá birtingu dóms þessa að telja.

Úrlausn héraðsdómara um sakarkostnað er staðfest.

Ákærða ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 20.000 krónur. Annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, enda hefur af hálfu ákæruvalds verið fallið frá kröfu á hendur ákærða um greiðslu frekari áfrýjunarkostnaðar en málsvarnarlauna.

Það athugast, að ekki sést af rannsóknargögnum, að sakavottorð frá 31. ágúst 1973 hafi verið borið undir ákærða.

Dómsorð:

Ákærði, Baldur Heiðdal Heiðdalsson, sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur. Annar kostnaður við áfrýjun sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. desember 1973.

Ár 1973, fimmtudaginn 27. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 691/1973: Ákæruvaldið gegn Baldri Heiðdal Heiðdalssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu

13. september 1973, gegn ákærða Baldri Heiðdal Heiðdalssyni framreiðslumanni, Víkurbakka 18, Reykjavík, fæddum 20. maí 1943 á Siglufirði, „fyrir að aka aðfaranótt þriðjudagsins 20. mars 1973 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 25480, vanbúinni til aksturs, frá Hótel Sögu í Reykjavík áleiðis til Njarðvíkur, þar til lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á Kringlumýrarbraut.

Telst þetta varða við 2. mgr. 4. gr., 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 26. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann hvorki sætt kærum né refsingum.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt þriðjudagsins 20. mars 1973, klukkan um 0610, stöðvaði lögreglan í Kópavogi ákærða við akstur bifreiðarinnar R 25480 á Kringlumýrarbraut í Fossvogi, en vinstra framljós bifreiðarinnar var óvirkt. Lögreglu virtist ákærði bera þess merki, að hann hefði neytt áfengis.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi greint sinn ekið bifreiðinni R 25480, svo sem að framan er rakið, enda þótt hann hefði áður neytt áfengis og fyndi til þreytu við aksturinn.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, er sýndi 3.00‰ af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin játningu ákærða um áfengisneyslu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til refsiákvæða. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald 10 daga. Þar sem ákærði hefur aldrei áður gerst sekur um nokkurt lögbrot, telur dómurinn rétt, að hann verði ekk látinn þola óskilorðsbundna refsivist vegna máls þessa, en fullnustu refsingar hans verði frestað og hún falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, enda haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum í 1 ár frá 11. maí 1973 að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Baldur Heiðdal Heiðdalsson, sæti varðhaldi 10 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 ár frá 11. maí 1973 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. maí 1975.

Nr. 144/1974. **Ólafur Þórarinsson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Sigurjóni Sigurðssyni og
Kristrúnu Sigurðardóttur
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Lögbann. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar:

Rúnar Guðjónsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. september 1974. Krefst hann þess, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu lögbannsgerð gegn hæfilegri tryggingu. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, m. a. tvö vottorð frá sýslumanni Rangárvallasýslu. Er annað dagsett 30. apríl 1974, svohljóðandi:

„Að beiðni Þorvalds Lúðvíkssonar, hrl., vottast hér með, að sáttar þeirrar um landskipti, sem gerð var milli Háfshóls og annarra bæja í Háfshverfi hinn 20. janúar 1932 og innrituð var í veðmálabækur embættisins hinn 27. júní 1933 til þinglesturs á næsta manntalsþingi fyrir Ásahrepp, er ekki getið í veðmálaregistri á blöðum viðkomandi jarða og því hæpið, að hennar hafi verið getið í veðbókarvottorðum fyrir jörðina Háf í Djúpárhreppi (áður Ásahreppi)".

Hitt vottorðið er dagsett 7. maí 1975 og hljóðar þannig: „Hér með vottast, að sátt sú, sem gerð var hinn 20. janúar 1932 og fyrirframinnrituð í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu 27. júní 1933, um landskipti Háfshóls og annarra jarða í Háfshverfi hefur eigi verið færð í landamerkjaeða landskiptabækur embættisins, svo séð verði".

Af gögnum máls er ljóst, að ágreiningur er með aðiljum um merki milli jarða þeirra. Stefndu telja, að skurður sá, er þeir hyggjast láta grafa, verði á merkjum, en áfrýjandi telur skurðinn munu verða á sínu landi, enda hafi hann öðlast eignarrétt á landi því, sem framangreind sátt tekur til, fyrir traustfang eða hefð. Ekki verður skorið úr ágreiningi um landamerki í þessu máli. Eins og hér hagar til, þykir eigi næg ástæða til að synja lögbannsbeiðni áfrýjanda, sbr. 2. mgr. 1. gr. og 26. gr. laga nr. 18/1949. Ber því að fella úr gildi hinn áfrýjaða úrskurð og leggja fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu lögbannsgerð gegn þeirri tryggingu, er hann metur gilda.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma hina umbeðnu lögbannsgerð gegn þeirri tryggingu, er hann metur gilda.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og Einars Arnalds.

Ágreiningslaust er í málinu, að skurður sá, er stefndu hyggjast láta grafa, á að liggja á merkjum þeim, sem ákveðin voru í sáttargerð þeirri frá 20. janúar 1932 og lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði. Sáttargerðin var fyrirfram innrituð „í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu L. 12 nr. 61, bls. . . . til þinglesturs á næsta manntalsþingi fyrir Ásahrepp". Með þessari sáttargerð var breytt merkjum þeim, sem ákveðin höfðu verið með landskiptagerð 25. júní 1929. Hefur landamerkjum samkvæmt sáttargerðinni ekki verið hnekkt með dómsúrlausn eða öðrum lögmætum hætti. Er því eigi í ljós leitt að svo vöxnu máli, að fyrirhugaður skurðgröftur raski rétti áfrýjanda með ólögmætum hætti, en aðiljar eiga þess kost að bera ágreining um merkin undir bæra dómstóla. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 25.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ólafur Þórarinsson, greiði stefndu, Sigurjóni Sigurðssyni og Kristrúnu Sigurðardóttur, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Rangárvallasýslu 19. júlí 1974.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 12. júlí sl., hefur Ólafur Þórarinsson bóndi, Háfi, Djúpárhreppi, höfðað fyrir fógetaréttinum með lögbannsbeiðni til sýslumanns Rangárvallasýslu, dags. 21. júní sl.

Af hálfu gerðarbeiðanda er þess krafist, að lagt verði lögbann

við grefti á framræsluskurði, er eigendur Háfshóls, Djúpárhreppi, hyggjast láta grafa í landi Háfs.

Auk þeirrar kröfu, sem að framan getur, krefst gerðarbeiðandi hæfilegs málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Af hálfu gerðarþola, Sigurjóns Sigurðssonar og Kristrúnar Sigurðardóttur, eigenda Háfshóls, er þess krafist, að kröfu gerðarbeiðanda um lögbann verði hafnað og hann dæmdur til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir eru þessir:

Hinn 25. júní 1929 fóru fram landskipti á beitilandi og engjum Háfshverfisjarða í svonefndum Vatnsskákum. Undir þessa landskiptagerð rituðu m. a. þáverandi eigendur jarðanna Háfs og Háfshóls, þeir Sigfús Guðnason, bóndi í Háfi, og Sigurður Sigurðsson, bóndi í Háfshól, fyrir sjálfan sig og meðeiganda sinn að jörðinni.

Hinn 18. desember 1931 gaf Sigurður Sigurðsson, bóndi í Háfshól, út sáttakæru til sáttanefndar Ásahrepps, þar sem hann bað sáttanefndarmenn að kalla sameignarmenn Háfshverfis, þá Ingimund Jónsson, Hala, Sigfús Guðnason, Háfi, og Vigdísi Sigurðardóttur, Háfshjáleigu, ásamt sér f. h. Sigurðar Jósefssonar í Sandhólaferju samkvæmt skriflegu umboði, til að reyna samkomulag með þeim um, að landskiptin frá 25. júní 1929 yrðu úr gildi felld og ný skipti yrðu látin fara fram, þar sem lögð yrðu til grundvallar þau eignarhlutföll, sem matið frá 1845 byggðist á, þannig að Háfshóllinn fengi ⅓ af engjum og beitilandi hverfisins.

Hinn 20. janúar 1932 hélt sáttanefnd Ásahrepps sáttafund með framangreindum aðiljum, og komst sátt á með þeim þannig, að aukið var við land Háfshóls frá landskiptunum 1929, og var sá landauki af Háfslandi, og greiddi Sigurður Sigurðsson Sigfúsi Guðnasyni kr. 200 fyrir land þetta. Í lok sáttargerðarinnar segir svo: „Láta allir hinir mættu aðilar sérstaklega getið, að með þessari sáttargerð sé öllum ágreiningi lokið viðvíkjandi landamerkjum nefndra jarða, og full og óhagganleg sátt komin milli þeirra um allt hvað landamerkjum þessum viðkemur . . .“. Undir sáttagerð þessa rituðu allir fyrrnefndir aðiljar.

Framangreind sáttargerð var innrituð í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu hinn 27. júní 1933 til þinglesturs á næsta manntalsþingi.

Gerðarbeiðandi lét grafa skurð sumarið 1972 eftir línu dreginni samkvæmt landskiptagerðinni frá 1929. Skurð þennan nefnir gerðarbeiðandi markaskurð milli Háfs og Háfshóls. Upplýst er

í málinu og ómótmælt, að u. þ. b. viku áður en sá skurður var grafinn, óskuðu gerðarþolar eftir því við gerðarbeiðanda, að hann gengi með þeim á merki, en hann neitaði því alfarið og kvaðst enga skurði hafa vilja. Gerðarþolar kveðast hafa mótmælt skurðgrefti þessum við fyrsta tækifæri. Gerðarbeiðandi kveður eigendur Háfshóls hafa greitt kostnað af fyrrnefndum merkjaskurði, að hálfu hvorn aðilja, en í greinargerð gerðarþola segir, að þeir hafi aldrei greitt neitt í skurði þessum. Aftur á móti hafi Jón Karlsson, Hala, sem hafi Háfshól á leigu, greitt kostnað við skurðinn að hálfu vegna Háfshóls, en þar hafi hann talið sig vera að greiða hluta Háfshóls í markaskurði milli Hala og Háfshóls, þó annað komi í ljós síðar.

Gerðarþolar hafa í hyggju að láta grafa skurð eftir línu dreginni samkvæmt sáttargerðinni frá 1932, sem þeir hugsa sem markaskurð milli Háfshóls og Háfs, og er það þessi fyrirhugaði skurður, sem gerðarbeiðandi hefur beðið um lögbann gegn grefti á.

Báðar línurnar samkvæmt landskiptagerðinni frá 1929 og sáttargerðinni frá 1932 hefur Valur Þorvaldsson ráðunautur, Selfossi, dregið inn á uppdrátt, gerðan af Ásgeiri L. Jónssyni í september 1928, dskj. nr. 8.

Málsástæður og lagarök.

Gerðarbeiðandi kveður skurð þann, sem fyrirhugað sé að grafa frá Gömlu tóft að Kringlutjörn samkvæmt mælingum Vals Þorvaldssonar ráðunauts, verða inni í landi sínu, en árið 1972 hafi hann sjálfur látið grafa markaskurð milli lands síns og Háfshóls frá Gömlu tóftum að Kringlutjörn, en sá skurður liggi miklu norðar en hinn fyrirhugaði skurður.

Fyrir þeim skurði hafi einnig mælt Valur Þorvaldsson ráðunautur og hafi hann verið í samræmi við landskiptagerð á Háfstorfunni frá 1929 og uppdrátt þann, er Ásgeir L. Jónsson gerði af landinu eftir skiptagerð 1929. Telur gerðarbeiðandi ljóst, að ef hinn fyrirhugaði skurður verði grafinn, sé hann það langt inni í landi sínu, að sneiðast muni af því um 42 ha, og sé honum því nauðsynlegur einn kostur með heimild í 26. gr. laga nr. 18/1949 að láta leggja lögbann við þessari fyrirhuguðu athöfn, er raska mundi rétti hans svo stórlega. Grandleysi sitt um sáttargerðina veiti honum fullkomna vernd, enda beri fógeta að koma í veg fyrir, að fyrirhugaður markaskurður verði grafinn, á meðan málið sé óútkljáð fyrir aukadómþingi.

Gerðarþolar kveða landskiptagerð þá, sem sé burðarás mála-

vaxtalýsingar í gerðarbeiðni, hafa ekki verið í gildi um þau merki, er mál þetta varðar, síðan sáttin komst á hinn 20. janúar 1932, og sýndist gerðarbeiðnin því byggjast á grundvallarmisskilningi gerðarbeiðanda, enda sé hvorki vitnað til nýrra samninga né síðari tíma samkomulags um land þetta eða merki þess.

Þegar af því, sem nú hafi verið rakið, sé ljóst, að hafna beri lögbannsbeiðninni, þar eð skilyrði 26. gr. laga nr. 18/1949 séu ekki fyrir hendi, enda sé ljóst, að gerðarþolar eigi allan rétt til athafna þeirra, sem þeir hafi í huga að framkvæma á landinu, þar sem það sé þeirra eign.

Þá víkja gerðarþolar að nokkrum atriðum í gerðarbeiðni. Í fyrsta lagi, að þegar gerðarbeiðandi lét mæla fyrir „markaskurði" sínum, hafi þeir ekki verið viðstaddir og ekki átt þess kost. Vera megi, að það hafi verið mistök af þeirra hálfu að hafa ekki fyrr gert reka að því að láta gerðarbeiðanda fylla skurðinn aftur eða bæta fyrir landspjöllin á einhvern hátt, en því sé nú lýst yfir, að þeir áskilji sér allan rétt þar að lútandi, þ. á m. að endurkrefja gerðarbeiðanda um það fé, sem hann hafi móttekið fyrir gröftinn. Í öllu falli sé ljóst, að menn geti ekki að lögum eignað sér land með grefti sem þessum. Í öðru lagi, að landuppdráttur sá, sem vitnað sé til í gerðarbeiðni, hafi verið gerður í september 1928, þ. e. fyrir skiptin, og í þriðja lagi, að það skuli leiðrétt, sem standi í gerðarbeiðni, að fyrirhugaður skurður gerðarþola sé hugsaður sem markaskurður, en ekki sem framræsluskurður.

Þá er vísað til skiptagerðar frá 11. desember 1952 milli Háfs og Háfshjáleigu, sem frammi liggur í málinu, en í þeirri skiptagerð sé beinlínis vísað til hornmarks sunnan Kringlutjarnar, sem væri ekkert hornmark, ef það væri ekki endapunktur markalínu Háfs og Háfshólslanda.

Gerðarþolar telja, að nú hafi á ótvíræðan hátt verið rakið, að gerðarbeiðnin hafi við engin rök að styðjast, nema síður væri, því sannað sé af gögnum málsins, að gerðarþolar eigi umrætt land einir og fyrirhugaður skurðgröftur þeirra sé markaskurður, en sú framkvæmd sé þeim að öllu leyti heimil.

Niðurstaða.

Fyrir liggur í máli þessu, að landskiptum á beitilandi Háfshverfis, sem gerð voru 25. júní 1929, var breytt að niðurstöðu til, að því er snertir lönd Háfs og Háfshóls í Djúpárhreppi (áður Ásahreppi til ársins 1935), með sáttargerð milli eigenda þessara jarða m. a., dags. 20. janúar 1932. Með sáttargerð þessari, sem

er öðrum þræði afsal, er nokkru af landi Háfs afsalað til eigenda Háfshóls, og kom full greiðsla fyrir. Sáttargerð þessari var þinglýst á manntalsþingi Ásahrepps á árinu 1933.

Óumdeilt er, að skurður sá, sem gerðarþolar hafa fyrirhugað að grafa, sé rétt dreginn inn á uppdrátt á dskj. nr. 8 samkvæmt framangreindri sáttargerð.

Ljóst virðist vera eftir þeim málavöxtum, sem fyrir liggja, að landskiptagerð sú, sem gerðarbeiðandi byggir lögbannskröfu sína á, hafi ekki verið í gildi um þau merki, sem mál þetta varðar, síðan umgetin sátt komst á hinn 20. janúar 1932, enda hefur gerðarbeiðandi ekki sýnt fram á, að hann hafi öðlast betri rétt til umræddS lands en fyrri eigendur jarðarinnar Háfs höfðu.

Með hliðsjón af því, sem að framan greinir, verður að líta svo á, að fyrirhugaður skurðgröftur gerðarþola í mörkum síns lands væri ekki slíkt réttarbrot gagnvart gerðarbeiðanda í skilningi 26. gr. laga nr. 18/1949, að lögbanni geti varðað.

Ber því að hafna því, að umbeðin lögbannsgerð nái fram að ganga, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Umbeðið lögbann skal eigi ná fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 23. maí 1975.

Nr. 68/1975. **Othar Örn Petersen**
gegn
Guðjóni Ingvarssyni og
Hólmari Víði Gunnarssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Víxill. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 16. apríl 1975, sem barst Hæstarétti 14. maí s. á., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjar-

þigs Reykjavíkur í máli þessu á hendur varnaraðiljum. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja. Reisa þeir kröfu sína á því, að sóknaraðili sé eigi réttur aðili máls þessa, þar sem hann hafi víxilinn til innheimtu fyrir eiganda hans, Jón Valgeirsson.

Sóknaraðili hefur formlega heimild að víxlinum fyrir eyðuframsal. Honum var því rétt að innheimta víxilinn í eigin nafni. Varnaraðiljar hafa ekki haft uppi varnir, sem komið yrði að í víxilmáli, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936, gagnvart Jóni Valgeirssyni. Ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til.

Rétt er, að varnaraðiljar greiði sóknaraðilja kr. 7.000 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Varnaraðiljar, Guðjón Ingvarsson og Hólmar Víðir Gunnarsson, greiði sóknaraðilja, Othari Erni Petersen, kr. 7.000 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 2. apríl sl., hefur Othar Örn Petersen héraðsdómslögmaður, Vesturgötu 17, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 2. maí 1974, gegn Guðjóni Ingvarssyni, Bergstaðastræti 27, Reykjavík, og Hólmari Gunnarssyni, Hverfisgötu 100, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 200.000, stimpilkostnaðar, kr. 480, afsagnarkostnaðar, kr. 190, 1½% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá 28. febrúar 1974 til greiðsludags auk málskostnaðar við löghald og mál þetta

samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Þá er krafist staðfestingar á löghaldi því, er gert var 24. apríl 1974 í réttindum Hólmars Gunnarssonar í jarðhæð að Hverfisgötu 100, Reykjavík.

Stefndu hafa krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og jafnframt að þeim verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Stefnandi segir skuld þessa vera samkvæmt víxli að fjárhæð kr. 200.000, útgefnum í Reykjavík 15. nóvember 1973 af stefnda Hólmari Gunnarssyni og samþykktum af Stefnda Guðjóni Ingvarssyni með gjalddaga 28. febrúar 1974 til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, áböktum af stefnda Hólmari og afsögðum 4. mars 1974.

Leitast hefur verið við að sætta mál þetta, en án árangurs.

Af hálfu stefnanda eru kröfur byggðar á víxlinum og endurriti löghaldsgerðar á dskj. nr. 3.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að í máli þessu verði ekki komið að öðrum vörnum en þeim, sem heimilaðar eru samkvæmt 208. gr. laga nr. 85 frá 1936. Gera verði skýran mun á efnisákvæðum víxillaga og réttarfarsákvæðum 17. kafla einkamálalaganna, sem takmarki enn rétt til varnar frá því, sem í víxillögum greinir.

Í málinu hafi ekki verið sýnt fram á, að hagsmunir stefndu séu þess eðlis, að aðild skipti máli. Engar þær ástæður hafi komið fram í málinu, að stefndu hafi einhverja hagsmuni af því að fá það upplýst, hver sé eigandi víxilsins. Stefnandi sé annað hvort eigandi víxilsins eða hafi hann til innheimtu. Síðasta framsal á víxlinum sé eyðuframsal og þess vegna sé handhöfn stefnanda nægileg.

Af hálfu stefndu hafa fyrir utan greinargerð verið lögð fram m. a. eftirrit af kærum stefndu, dags. 6. mars 1974 og 8. maí 1974, til bæjarfógetans á Siglufirði og eftirrit af kaupsamningi, dags. 15. nóvember 1973, milli Jóns Valgeirssonar sjómanns, Siglufirði, sem seljanda og stefndu Hólmars og Guðjóns sem kaupenda um kaup á m/b Skálafelli.

Í greinargerð stefndu er því haldið fram, að Jón Valgeirsson hafi fengið víxil þann, sem mál þetta er af risið, í hendur með því að selja bát, sem hann átti ekki. Af hálfu stefndu er því haldið fram, að Jón Valgeirsson eigi ennþá víxilinn og þar sem handhöfn hans sé fengin með eins stórkostlegu misferli og raun sé á, þá hafi hann engan rétt til að innheimta hann. Það eina rétta, sem hann geti gert við víxilinn, sé að skila honum til stefndu.

Við munnlegan málflutning var af hálfu stefndu gerð krafa um sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur

málskostnaður að skaðlausu. Jafnframt var gerð krafa um það, að löghald það, sem gert var 24. apríl 1974 í réttindum Hólmars Gunnarssonar í jarðhæð að Hverfisgötu 100, Reykjavík, verði fellt niður.

Jafnframt var vakin athygli á því, að stefnandi hafi neitað að gefa upp, hver sé eigandi víxilsins. Það skipti miklu í víxilmáli, hver sé eigandi víxils.

Víxlinum á dskj. nr. 3 er rétt lýst í stefnu. Síðasta framsal á víxlinum er eyðuframsal, og byggist handhöfn stefnanda því á formlega löglegri heimild.

Því er ómótmælt haldið fram í málinu, að víxill sá, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, sé til orðinn í viðskiptum stefndu við Jón Valgeirsson. Þegar litið er til þeirra gagna, sem lögð hafa verið fram í málinu af hálfu stefndu, þá þykir efnisdómur ekki verða lagður á mál þetta, fyrr en upplýst hefur verið af hálfu stefnanda, hvort Jón Valgeirsson er eigandi víxilsins eða ekki. Skoðun þessi byggist á því, að aðrar varnarástæður fái komist að gagnvart Jóni Valgeirssyni en stefnanda.

Við munnlegan málflutning kvaðst lögmaður stefnanda ekki vilja lýsa því yfir, að stefnandi væri eigandi víxilsins, og kvaðst ekki upplýsa frekar, hver væri eigandi hans, en stefnandi væri löglegur handhafi víxilsins. Ekki gat lögmaðurinn gefið skýringu á því, hvers vegna nafnið Jón Valgeirsson er ritað með blýanti á stefnuna.

Þar sem því hefur verið neitað af hálfu stefnanda að upplýsa, hvort stefnandi er eigandi víxilsins eða ekki, þykir bera að vísa máli þessu frá dómi ex officio, sbr. 116. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Eftir atvikum þykir rétt að fella málskostnað niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 26. maí 1975.

Nr. 120/1973. **Guðmundur Þorsteinn Ólafsson**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Fulltrúaráði Sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði og gagnsök
(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Samningsgerð. Umboð. Krafa um ógildingu löggernings.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. ágúst 1973. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum 200.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 5. júlí 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 31. janúar 1974 að fengnu áfrýjunarleyfi 29. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða héraðsdómi, afhenti Árni Jónsson Barnaheimilissjóði Sjómannadagsins í Reykjavík 200.000 kr. í peningum, sem aðaláfrýjandi fékk honum í hendur vegna umsóknar hans um vistun á Hrafnistu.

Ósannað er, að fyrirsvarsmönnum gagnáfrýjanda hafi mátt vera ljóst, að Árni Jónsson hafi ekki haft heimild aðaláfrýjanda til að ráðstafa ofangreindri peningafjárhæð fyrir hans hönd á þann hátt, sem raun varð á.

Samkvæmt þessu og þar sem ekki verður á það fallist, að ráðstöfunina beri að meta ógilda samkvæmt 32. gr. laga nr. 7/1936, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Í máli þessu hafa nokkrar dómskýrslur verið teknar á

segulbönd, en eigi skráðar í þingbók. Lögmenn aðilja samþykktu, að þessi aðferð yrði höfð, og vefengja eigi efni skýrslnanna. Eru þær lagðar til grundvallar við úrlausn málsins. Um dómskýrslur, sem teknar eru á segulbönd, vísast til athugasemda í dómi Hæstaréttar frá 8. nóvember 1974 um þetta efni.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. maí 1973.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. apríl sl., er höfðað með sáttakæru, birtri 9. september 1972. Sáttakæran var lögð fram á fundi sáttanefndar Reykjavíkur 11. september 1972, en sættir tókust þar ekki. Stefna var gefin út í málinu 13. september 1972, hún birt og málið síðan þingfest 14. september 1972. Greinargerð af hálfu stefnda var lögð fram 12. október 1972, og í því þinghaldi fengu aðiljar málsins sameiginlegan frest til öflunar gagna. Undirritaður dómari fékk málið til meðferðar 8. janúar 1973. Hann þingaði fyrst í málinu 15. janúar s. á., og 2. mars og 23. mars s. á. fóru fram aðilja- og vitnaleiðslur. Í þinghaldi 23. mars lýstu umboðsmenn aðilja því yfir, að gagnaöflun í málinu væri lokið. Munnlegur málflutningur fór fram 26. apríl sl., og var málið þá dómtekið, svo sem áður greinir.

Stefandi í málinu er Guðmundur Þorsteinn Ólafsson, Hrafnistu í Reykjavík, en stefndi fulltrúaráð Sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði. Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 200.000 með 7% ársvöxtum frá 5. júlí 1969 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar í málinu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að stefndi rekur í Reykjavík dvalarheimili fyrir aldraða sjómenn undir nafninu Hrafnista. Á árinu 1968 fal-

aðist stefnandi eftir vist þar svo og einnig árið 1969, að því er hann heldur fram. Hann vistaðist á heimilið 8. júlí 1969 og hefur dvalist þar síðan, haft þar herbergi, fæði og þjónustu.

Um aðdragandann að vistun stefnanda á Hrafnistu greinir aðilja málsins á. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að í sambandi við vistun stefnanda hafi umboðsmaður hans, Árni Jónsson, komið að máli við forráðamenn stefnda og tjáð þeim, að stefnandi hygðist gefa Sjómannadeginum í Reykjavík og Hafnarfirði peningagjöf að fjárhæð kr. 200.000 til ráðstöfunar fyrir einhverja af stofnunum Sjómannadagsins samkvæmt nánari ákvörðun forráðamanna hans. Nefndur Árni Jónsson hafi síðan afhent peninga þessa til Guðmundar H. Oddssonar, gjaldkera stjórnar Fulltrúaráðs Sjómannadagsins, og hafi peningarnir síðan verið látnir renna til Barnaheimilissjóðs Sjómannadagsins í Reykjavík, sem þá hafi verið nýlega stofnaður. Hafi sú ráðstöfun verið í samráði við nefndan Árna. Síðan hafi verið gefið út gjafabréf, dagsett 5. júlí 1969, sem stefnandi hafi sjálfur fengið í hendur. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu stefnanda við þessa málsmeðferð fyrr en þrem árum síðar, er stefndi sé krafinn um endurgreiðslu á fénu á þeirri forsendu, að peningarnir hafi verið hugsaðir sem fyrirframgreiðsla á vistgjaldi. Sú skýring sé hins vegar fráleit þegar af þeirri ástæðu, að samkvæmt starfsreglum Hrafnistu sé aldrei tekið við fyrirframgreiðslum upp í vistgjöld, og hafi því aldrei komið til greina að gera slíkt í þessu tilviki.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum hins vegar lýst þannig, að þar sem hann hafi fengið synjun forráðamanna stefnda á vistplássi, hafi hann leitað til ættmanns síns, Árna Jónssonar, með það fyrir augum, að hann veitti atbeina sinn til þess, að stefnandi fengi vist á Hrafnistu. Þann 10. júní 1969 kveður hann nefndan Árna hafa haft samband við sig og jafnframt tjáð sér, að nú væri þess kostur að fá vistpláss. Sá hængur væri þó á, að ekki yrði hjá því komist að greiða kr. 250.000 upp í væntanlegan dvalarkostnað, ef málið ætti að ná fram að ganga. Hafi stefnandi samþykkt þá tilhögun og hinn 11. júlí 1969 fengið Árna í hendur umræddar kr. 250.000. Þegar hann hafi hins vegar krafið Árna um skriflega viðurkenningu forráðamanna stefnda fyrir því fé, sem Árni hafði móttekið, hafi komið í ljós, að Árni hafi sjálfur „hagnýtt sér kr. 50.000.00 af fjárhæðinni". Eftirstöðvarnar, kr. 200.000, hafi Árni afhent Guðmundi H. Oddssyni, gjaldkera stefnda, ekki sem fyrir-

framgreiðslu upp í væntanlegan dvalarkostnað, heldur, að því er virtist, sem gjöf til stofnunar, sem stefnandi hafi aldrei heyrt getið um, en sú stofnun heiti Barnaheimilissjóður sjómannadagsráðs. Þessi ráðstöfun hafi farið fram án vitundar stefnanda og að óvilja hans. Á viðfestan miða við svonefnt „gjafabréf" á dskj. nr. 5 sé ritað með hendi Guðmundar H. Oddssonar eftirfarandi: „Árni Jónsson, Nesveg 72, móttók kvittun fyrir kr. 200.000.00 vegna gjafabréfs". Umrætt gjafabréf sé dagsett 5. júlí 1969, þ. e. fimm dögum áður en stefnandi hafi fengið dvöl á Hrafnistu. Stefnandi hafi samstundis andmælt þessari ráðstöfun á fjármunum sínum og hafi forráðamenn stefnda þráfaldlega lofað að ráða bót á þessu og endurgreiða „gjafaféð", en jafnan hafi þó verið viðhafður einhver fyrirsláttur í því efni, þegar eftir hafi verið leitað. Nú sé hins vegar langlundargeð stefnanda þrotið og vilji hann því hefjast handa um innheimtu „gjafafjárins". Þess megi þó geta, að nefndur Árni hafi endurgreitt þær krónur 50.000, sem áður hafi verið minnst á.

Verða nú raktir framburðir aðilja og vitna að svo miklu leyti sem þeir teljast skipta máli.

Stefnandi sagði fyrir dómi, að það hafi einungis verið á árinu 1969, að hann leitaði eftir vistun á Hrafnistu. Hann sagði, að áðurnefndur Árni hafi tjáð honum, að ef hann borgaði kr. 250.000 í fyrirframgreiðslu, mundi hann þegar í stað komast inn á Hrafnistu. Hann sagðist aldrei hafa krafið Árna um kvittun fyrir nefndri fjárhæð, en hins vegar Pétur Sigurðsson, formann stjórnar stefnda, og Auðun Hermannsson, forstjóra Hrafnistu. Hafi hann krafið þá um slíka kvittun fyrir þann tíma, sem hann hafi fengið afhent áðurnefnt gjafabréf, en það hafi verið síðast í september eða í byrjun október 1969. Hann sagðist alveg hafa orðið hissa, þegar hann hafi séð umrætt gjafabréf, og þess vegna ítrekað reynt að ná tali af áðurnefndum Pétri og Auðuni svo og Guðmundi H. Oddssyni. Honum hafi alltaf verið tjáð, að hann gæti talað við forráðamenn stefnda, þegar fundur yrði haldinn, og loks hafi honum tekist að ná tali af þeim á slíkum fundi, nokkuð löngu eftir að hann hafi fengið afhent gjafabréfið. Ekki sagðist hann minnast þess, að forráðamenn stefnda hefðu beinlínis lofað endurgreiðslu umræddrs fjár. Stefnandi sagði, að hann hefði aldrei heyrt á það minnst, að umræddir peningar ættu að vera gjöf til stefnda. Hann hefði alltaf staðið í þeirri meiningu, að þarna hefði verið um fyrirframgreiðslu upp í vistgjöld að ræða, enda væri

af og frá, að hann hafi nokkurn tíma lofað Árna Jónssyni því, að hann, þ. e. stefnandi, ætlaði að gefa einhverri stofnun umrædda peninga. Að öðru leyti staðfesti stefnandi fyrir dóminum áðurgreinda málavaxtalýsingu af hans hálfu.

Áðurnefndur Árni Jónsson sagði fyrir dómi, að samkvæmt ósk stefnanda hefði hann fengið fyrir hann vistun á Hrafnistu. Hann hefði sagt við stefnanda, að hægara yrði að fá vist þar, ef lagðir væru fram peningar á einhvern hátt. Hann hefði haldið, að stefnandi ætti enga peninga, en þegar hann hefði farið að tala um að leita eftir peningaaðstoð annars staðar, hefði stefnandi sagt honum, að hann hefði nóga peninga. Stefnandi hafi svo komið til hans fríviljugur með peninga og sagt: „Hérna eru peningar, sem þú getur notað". Þá hafi ekkert verið talað um það, að þessir peningar yrðu að vera gjöf til Hrafnistu. Peningarnir, að fjárhæð kr. 250.000, hafi verið afhentir honum án nokkurra skilyrða, til þess að hægt væri að koma stefnanda inn á Hrafnistu. Hann hafi haft fulla heimild til að ráðstafa fénu, hvernig sem hann vildi. Hann hafi síðan afhent Guðmundi H. Oddssyni kr. 200.000, sem tekið hafi við upphæðinni fyrir hönd Barnaspítalasjóðs Sjómannadagsráðs (sic). Guðm. H. Oddsson hafi þá sagt, að ekki væri tekið við öðru fé en gjafafé. Þegar hann hafi svo hitt stefnanda næst, hafi hann sagt honum, að hann væri búinn að láta þá hjá Hrafnistu hafa kr. 200.000, og hafi hann fengið stefnanda kvittun fyrir því, sem hann hljóti að hafa. Af hálfu Hrafnistu hafi honum verið fengið gjafabréf það, sem liggur frammi í málinu, og einnig kvittun fyrir upphæðinni. Hafi hann fengið stefnanda gjafabréfið. Stefnandi hafi þá ekki haft nein orð um það og ekki minnst á, að hann hefði talið þessa peninga vera fyrirframgreiðslu upp í vistgjöld. Ekki sagðist hann muna, hvenær hann hefði fengið stefnanda gjafabréfið í hendur, en það hljóti þó að hafa verið á sama ári og bréfið var gefið út, án þess þó að hann myndi það. Ólíklegt sé, að það hafi verið ári seinna, því að stefnandi hafi komið til hans á hverjum einasta degi á vinnustað, þá með mikilli ánægju. Undir vitnið var borið eftirfarandi úr greinargerð stefnanda á dskj. nr. 3: „Umbj. m. lofaði aldrei Árna Jónssyni að gefa nokkurri stofnun á vegum stefnda umrætt fé né heldur samsinnti hann þessari ráðstöfun Árna eftir á. Umrædd ráðstöfun var í öllu gerð í blóra við umbj. m. og er því hrein markleysa, enda var aldrei af hálfu forráðamanna stefnda um þennan svokallaða gjafagerning rætt við umbj. m. og ekki eftir samsinni hans leitað". Vitnið sagði þetta vera rangt. Vitnið sagði og, að

stefnandi hefði aldrei leitað eftir neinni kvittun frá honum fyrir kr. 250.000. Vitnið sagði, að stefnandi og hann væru bræðrasynir.

Fyrir dóminn hefur komið Guðmundur Helgi Oddsson. Kvaðst hann fyrst hafa orðið gjaldkeri stjórnar Fulltrúaráðs Sjómannadagsins fyrir 31 ári og væri það enn. Hann sagði svo frá, að vorið 1969 hafi Pétur Sigurðsson, formaður Sjómannadagsráðs, tjáð honum, að í vændum væri gjöf til samtakanna. Hafi síðan verið rætt á stjórnarfundi, að stefnandi mundi gefa til samtakanna kr. 200.000, en því fylgdi ósk um, að hann fengi vistun á Hrafnistu. Frá fyrstu tíð, meðan verið var að byggja upp byggingarsjóð fyrir Hrafnistu, hafi sá háttur verið hafður á að leita eftir gjöfum hjá bæjarfélögum, einstaklingum og útgerðarfélögum, sem gefið hafi vissar upphæðir í sambandi við uppbyggingu Hrafnistu. Í sumum tilfellum hafi fylgt óskir frá gefendum um, að þeir gætu óskað eftir dvöl á Hrafnistu fyrir aðstandendur sína. Þannig hefðu þeir tekið á móti gjöfum í þúsundatali og í mörgum tilfellum hafi aðrir en gefendur komið með gjafirnar. Hafi þeir haft þann hátt á að gefa út kvittun fyrir móttekinni greiðslu sem gjöf til Hrafnistu, en síðan hafi verið gefið út gjafabréf af stjórninni með þökk fyrir viðkomandi gjöf. Í hér umræddu tilfelli hafi aldrei verið rætt um annað en að umræddir peningar væru gjöf frá stefnanda. Hann hafi tekið við peningunum 23. júní 1969 og gefið út gjafabréfið 5. júlí s. á. Hann hafi sent það til Árna Jónssonar, vegna þess að hann hafði þá hvorki séð né heyrt stefnanda. Þá sagði nefndur Guðmundur, að allt frá því að vistanir hófust á Hrafnistu, hafi aldrei verið tekið við fyrirframgreiðslu upp í vistgjöld og engin samþykkt liggi fyrir um, að það verði gert á næstunni. Vistgjöldum sé þannig háttað á Hrafnistu, að þeir, sem ekki eigi neinar eignir og hafi ekki af neinu að taka, fái frá Tryggingastofnun ríkisins eftir umsögn Hrafnistu tvöfaldan ellilífeyri og frá byrjun hafi verið reynt að haga vistgjöldum þannig, að þessi tvöfaldi ellilífeyrir hrykki fyrir vistuninni. Í samræmi við þetta hafi, þegar Guðmundur kom inn á Hrafnistu, verið sótt um tvöfaldan ellilífeyri fyrir hann, vegna þess að hann hefði verið talinn eignalaus. Hafi hann ekki borgað krónu í vistun hjá Hrafnistu, síðan hann kom. Þá sagði Guðmundur, að stefnandi hefði ekki fyrr en löngu seinna borið fram mótmæli við því, að um gjöf frá honum hefði verið að ræða. Ekki sagðist hann þó muna, hversu löngu seinna stefnandi hefði borið fram þessi mótmæli.

Fyrir dóm hefur komið Auðunn Sigurður Hermannsson. Hann kvaðst hafa verið forstjóri Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, Hrafnistu, frá árinu 1964 til áramóta 1972—1973. Hann sagði, að stjórn Sjómannadagsráðs tæki við öllum gjöfum, skrásetti þær og gæfi út gjafabréf. Hins vegar hefði hann algerlega með allt að gera, sem við því kæmi að taka menn inn á heimilið. Stjórn Fulltrúaráðs Sjómannadagsins hefði óskað eftir því, að hann flýtti máli stefnanda, vegna þess að hann ætlaði að gefa gjöf. Af þeirri ástæðu hefði honum þótt sjálfsagt að verða við beiðni stjórnarinnar, enda þótt fyrir lægi langur listi yfir fólk, sem biði eftir vistun á Hrafnistu. Síðan hafi það gerst á árinu 1972, að stefnandi hafi byrjað að tala við hann um, að miklu af peningum hefði verið stolið af sér. Þetta hafi komið honum alveg á óvart, þar sem hann hafi ekki vitað betur en að stefnandi hafi gefið umræddа gjöf og á þeirri forsendu verið tekinn inn á heimilið. Hann hefði aldrei gefið stefnanda neitt loforð um það, að hann fengi umrætt fé endurgreitt. Hann hefði ekki haft nein afskipti af útgáfu nefnds gjafabréfs. Hann hafi afhent stefnanda það, en kvaðst ekki muna, hvenær það hafi verið. Hann sagði, að eftir að stefnandi hefði tjáð honum, að hann hefði alls ekki gefið samtökunum þetta fé, hafi hann ítrekað reynt að ná sambandi við Árna Jónsson, en aldrei tekist það. Þetta hafi hann gert til þess að reyna að hjálpa stefnanda og komast að því, hvort þarna hefði verið um einhvern misskilning að ræða. Stefnandi væri gamall maður og heyrði illa og þess vegna gæti verið, að hann hefði eitthvað misskilið. Hann sagði, að ekki tíðkuðust fyrirframgreiðslur á vistgjöldum hjá Hrafnistu. Undir vitnið voru borin sömu ummæli úr greinargerð stefnanda á dskj. nr. 3, og borin voru upp fyrir vitninu Guðmundi H. Oddssyni. Vitnið sagðist ekki kannast við það, sem þarna stæði.

Fyrir dóm hefur komið Pétur Sigurðsson. Hann kvaðst vera formaður stjórnar stefnda. Hann sagðist minnast þess, að á árinu 1970 og 1971, alla vega einu sinni eða tvisvar, hafi stefnandi átt tal við hann á gangi inni á Hrafnistu og sagt eitthvað á þá leið, að hann vildi fá fé sitt til baka. Honum hafi þá ekki verið kunnugt um túlkun stefnanda á þessu máli og hafi því rætt það við þáverandi forstjóra Hrafnistu, Auðun Hermannsson. Hafi hann sett sig inn í málið, þar sem það hafði þá ekki komið til meðferðar hjá stjórn Sjómannadagsráðs, sem jafnframt sé stjórn Hrafnistu. Þetta hafi verið það fyrsta, sem hann hafi heyrt um þetta mál. Hann sagðist hafa í upphafi verið nokkur milligöngumaður um

umrædda gjöf. Til hans hefði komið kunningi hans, Guðbrandur Árnason, og spurt, hvort nokkur möguleiki væri á vistun fyrir stefnanda á Hrafnistu. Hann hafi tjáð nefndum Guðbrandi, hve áskipað væri, en þá hafi Guðbrandur spurt, hvort það gæti nokkuð greitt fyrir, ef þessi gamli maður gæfi samtökunum peningagjöf. Hann hefði tjáð Guðbrandi, að enginn vafi væri á því, að það flýtti fyrir og að tekið yrði með miklum velvilja á umsókn hans eftir það. Nefndur Guðbrandur hafi sagt honum, að vel kæmi til mála að þetta yrðu 200.000 til 250.000 krónur. Hann hafi síðan vísað Guðbrandi að ræða við gjaldkera samtakanna, sem hefði með þessi mál að gera. Hann hafi svo skýrt frá þessu á stjórnarfundi og þar hafi allir verið sammála um að gefa stefnanda meiri rétt en öðrum af þessu tilefni. Ekki sagðist hann kannast við það, að stefnandi hefði reynt að ná tali af honum eða öðrum forráðamönnum DAS til þess að leiðrétta þann misskilning, að þarna væri um gjöf að ræða, og fá kvittun fyrir þessari fjárhæð. Ekki kveðst hann hafa haft nein persónuleg afskipti af útgáfu gjafabréfsins. Áður en það hafi farið frá gjaldkera, hafi gjaldkerinn sýnt honum það og hann sannprófað, að upphæð gjafabréfsins og sú fjárhæð, sem kvittun hafði verið gefin fyrir, væri hin sama. Undir hann var borið hið sama úr greinargerð stefnanda á dskj. nr. 3 og borið var undir vitnin Guðmund H. Oddsson og Auðun Hermannsson. Hann kvaðst ekki kannast við það, sem þarna segði.

Texti umrædds gjafabréfs á dskj. nr. 5 er svohljóðandi: „Guðmundur Þorsteinn Ólafsson frá Skuld, Reykjavík, hefur gefið til barnaheimilissjóðs Sjómannadagsins kr. 200.000.00, — tvöhundruðþúsundkrónur —. Móttekið með innilegu þakklæti fyrir hönd Sjómannadagsráðs. Guðmundur H. Oddsson, gjaldkeri". Við gjafabréfið er festur svofelldur handskrifaður miði: „Árni Jónsson, Nesveg 70. Móttók kvittun fyrir kr. 200.000.00 vegna þessa gjafabréfs".

III.

Stefnandi styður mál sitt með þeim rökum, að hann hafi aldrei lofað Árna Jónssyni að gefa nokkurri stofnun á vegum stefnda umrætt fé né heldur hafi hann samsinnt þessari ráðstöfun Árna eftir á. Umrædd ráðstöfun hafi með öllu verið gerð í blóra við stefnanda og sé því hrein markleysa, enda hafi aldrei af hálfu forráðamanna stefnda verið rætt um þennan svokallaða gjafagerning við stefnanda og ekki eftir samsinni hans leitað. Stefnda beri ótvírætt skylda til að endurgreiða stefnanda umrætt fé sam-

kvæmt almennum reglum, sbr. og 32. gr. laga nr. 7/1936. Atvik að gerningi þessum séu þannig vaxin, að heiðvirðir menn mundu ekki hafa tekið við gerningnum. Réttarskipanin eigi ekki að veita slíkum gerningum vernd sína. Forráðamönnum stefnda hafi verið og hafi mátt vera kunnugt, að hér hafi verið „einhverjir maðkar í mysunni". Við munnlegan málflutning vitnaði umboðsmaður stefnanda einnig í 18. gr. laga nr. 7/1936, svo og mótmælti hann því sérstaklega, að um nokkurt tómlæti væri að ræða af hálfu stefnanda. ,

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi af fúsum og frjálsum vilja gefið á sínum tíma umrædda fjárhæð til Sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði, enda hafi hann tekið við gjafabréfinu á sínum tíma án athugasemda og ekki gert neinar athugasemdir fyrr en nú fyrir stuttu, að þremur árum liðnum. Á milli aðilja hafi því stofnast fullkomlega lögmætur gjafagerningur og engar ástæður hafi síðar komið fram, sem gefi stefnanda tilefni til riftunar hans.

Í annan stað er sýknukrafa stefnda á því byggð, að Árni Jónsson, sem reiddi peningana af höndum fyrir hönd stefnanda, hafi komið fram sem umboðsmaður stefnanda og hafi hér verið um að ræða umboð, sem samsvari umboði samkvæmt 13. gr. laga nr. 7/1936, enda muni stefnandi hafa tjáð stefnda, að Árni Jónsson kæmi fram fyrir sína hönd í öllu því, er varðaði vistun og önnur samskipti við Hrafnistu. Afhending peninganna sem gjöf hafi verið fullkomlega eðlileg í huga stefnda, enda peningagjafir mjög algengar til stofnana stefnda, ekki síst í sambandi við vistun. Þeir hafi því verið fullkomlega grandalausir og því hafi aðgerðir umboðsmannsins verið bindandi fyrir stefnanda, sbr. 10. gr. og 11. gr., 1. og 2. mgr., laga nr. 7/1936.

Í þriðja lagi er sýknukrafa stefnda rökstudd með því, að hafi stefnandi átt rétt á endurgreiðslu umræddra peninga, þá hafi sá réttur fallið niður fyrir tómlæti, enda þrjú ár liðin frá afhendingu peninganna, þar til hafist var handa um aðgerðir til að fá þá endurgreidda.

IV.

Árni Jónsson var milligöngumaður fyrir stefnanda um vistun hans á Hrafnistu, dvalarheimili stefnda, þar sem stefnandi nú dvelur. Stefnandi fékk Árna í hendur peninga sem „fyrirframgreiðslu upp í vistgjöld", að því er stefnandi heldur fram, en „án nokkurra skilyrða", að því er Árni fullyrðir. Kr. 200.000 af þess-

ari fjárhæð afhenti Árni Guðmundi H. Oddssyni f. h. stefnda, sem tók við fénu sem gjöf til Barnaheimilissjóðs Sjómannadagsráðs, sbr. dskj. nr. 5.

Handhöfn Árna á nefndri peningafjárhæð veitti Guðmundi rétt til að álíta Árna hafa umboð stefnanda til að ráðstafa umræddu fé.

Þegar virtir eru málavextir í heild, telst ósannað, að Árni hafi farið út fyrir heimild sína með ráðstöfun fjárins á þann hátt, sem raun varð á.

Ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda, enda er ekki fram komið, að vond trú hafi verið fyrir hendi af hálfu stefnda um nokkur þau atriði, að varðað gæti ógildi umrædds löggernings.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Það athugist, að í málsmeðferðinni hefur stefndi til þægindaauka verið nefndur Sjómannadagsráð, en eins og fram er komið, er aðilinn Fulltrúaráð Sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði vegna Hrafnistu, Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Björn Þ. Guðmundsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Fulltrúaráð Sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði, skal sýkn vera af kröfum stefnanda, Guðmundar Þ. Ólafssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 26. maí 1975.

Nr. 9/1973. **Steinhús h/f**
(Hafsteinn Hafsteinsson hdl.)
gegn
Samgönguráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins og
Fjármálaráðherra f h. ríkissjóðs
(Kristinn Ólafsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Vegir.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. janúar 1973. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 723.348 með 7% ársvöxtum frá 15. júní 1967 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar bæði héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi eru raktar skoðunar- og álitsgerðir þær, sem fram hafa farið. Ökutæki það, sem í málinu greinir, var bæði breiðara og þyngra en almennt er gert ráð fyrir um ökutæki, sem ekið er á þeim vegum, er leiðin lá um. Hvíldi því sérstök varfærnisskylda á ökumanninum, og ökutækið varð að vera í fullkomnu lagi. Með skoðunargerð þeirra Andrésar Andréssonar og Kristjáns Flygenrings verkfræðinga eru sterkar líkur að því leiddar, að þungi á framöxli hafi orðið óhæfilegur og stýrishæfni ökutækisins skerst við það, að stýrishúsi þess var snúið þannig, að mótvægið var látið vera að framan. Þykir verða við það að miða, að eftir framangreindar aðgerðir á ökutækinu hafi verið mjög varhugavert að aka því á þeim ökuleiðum, sem fyrirhugaðar voru.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 70.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Steinhús h/f, greiði stefnda, samgönguráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. október 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 26. f. m., hefur Steinhús h/f hér í borg höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 20. júní 1970, á hendur samgöngumálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 723.348 auk 7% ársvaxta frá 15. júní 1967 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara er krafist lækkunar á fjárhæð stefnukröfunnar að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var eigandi óskrásettrar kranabifreiðar af gerðinni Loren MC — 414 nr. 2. Er um að ræða stóra kranabifreið með tveimur afturöxlum. Kranabóman sjálf er um 60 fet að lengd og er stjórnað úr sérstöku húsi aftur á grind bifreiðarinnar. Er lyftibúnaðurinn knúinn af sjálfstæðu vélarafli, óháðu vélarafli bifreiðarinnar.

Stefnandi hafði leigt vita- og hafnamálastjórninni umrædda bifreið til afnota við framkvæmdir í Rifshöfn á Snæfellsnesi í júnímánuði 1967. Var ákveðið af fyrirsvarsmönnum stefnanda, að bifreiðinni skyldi ekið þangað. Af því tilefni hafði verið fengið leyfi Vegagerðar ríkisins til akstursins, dags. 9. júní 1967, og er leyfi þetta svohljóðandi:

„Vegagerð ríkisins gefur hér með leyfi fyrir sitt leyti til að keyra bílkrana (númerslaus) að Rifi á Snæfellsnesi.

Breidd bílkrana er 2,74 m og þyngd ekki yfir 30 t (heildarþungi). Flutningaleið skal vera Vesturlandsvegur — Borgarnesbraut — Stykkishólmsvegur um Kerlingarskarð — Grundarfjarðarvegur — Ólafsvíkurvegur.

Flutningur þessi skal ske aðfaranótt þriðjudags 13/6 1967.

Fá verður lögreglufylgd út úr Reykjavík svo langt sem lögregluyfirvöld ákveða.

Telji lögregluyfirvöld eða bifreiðaeftirlit umbúnaði eða öðru í einhverju áfátt, verður undanþága þessi endurskoðuð með tilliti til þess".

Hinn 14. júní veitti Bifreiðaeftirlit ríkisins leyfi til, að umræddri bifreið væri ekið að Rifshöfn á Snæfellsnesi. Er í leyfinu gerð sú athugasemd, að vigta þurfi bifreiðina vel, áður en lagt sé af stað. Hinn 14. júní var bifreiðin vegin á hafnarvoginni í Reykjavík. Reyndist þungi á framöxli vera 3.190 kg, en öll bifreiðin var 23.150 kg að þyngd. Áður en lagt var af stað, hafði kranabóman verið tekin af krananum. Var nú ekið sem leið liggur eftir Vesturlandsvegi, en undir Hafnarfjalli sprungu tveir af afturhjólbörðum bifreiðarinnar, svo sem síðar verður rakið. Er verið var að aka bifreiðinni niður af annarri af síkisbrúnum við Ferjukot í Mýrasýslu, vildi það til, að bifreiðin valt út af veginum og hvolfdi og seig niður í fenið, sem þarna er. Hinn 15. janúar hófst dómsrannsókn fyrir sakadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu út af greindum atburði.

Kópur I. Kjartansson, sem ók kranabifreiðinni, hefur skýrt svo frá, að hann hafi starfað sem viðgerðarmaður á verkstæði stefnanda, en hann hafi yfirleitt alltaf ekið kranabifreiðinni til og frá vinnustöðum. Kveðst hann áður hafa verið búinn að aka bifreiðinni austur á Hvolsvöll, til Keflavíkur og fleiri staða, en þó hafi hann ekki áður ekið bifreiðinni upp í Borgarfjörð. Þá kveðst Kópur hafa ekið öðrum þungum bifreiðum hjá stefnanda. Kveðst hann hafa meirapróf til aksturs bifreiða og kveðst á þessum tíma hafa haft full réttindi til að aka umræddri kranabifreið. Kópur kveður ákveðið hafa verið, að hann æki kranabifreiðinni frá Reykjavík vestur á Rif. Kópur kveðst hafa látið skoða kranabifreiðina og fengið tilskilin leyfi hjá viðkomandi aðiljum, þ. e. Vegagerð ríkisins og Bifreiðaeftirliti ríkisins. Einnig kveðst hann hafa látið vigta bifreiðina. Þá kveður hann lögreglumenn hafa komið heim til sín kvöldið áður, hafi þeir kynnt sér plöggin og

síðan sagt, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að hann hæfi ferðina þá um nóttina. Kópur kveðst síðan hafa lagt af stað frá Reykjavík klukkan rúmlega 0300 ásamt þeim Jóni Halldórssyni og Gesti Axelssyni, en þeir hafi verið í dráttarbifreið, sem dró tengivagn, er flutt hafi kranabómuna og útbúnað þann, sem losaður hafði verið af kranabifreiðinni. Hafi dráttarbifreiðin ekið á eftir kranabifreiðinni. Þegar kranabifreiðinni er ekið með bómunni á krananum, kveður Kópur bómuna liggja fram með stýrishúsi bifreiðarinnar og falli hún þá niður í stýringar þar og snúi þá kranahúsið þannig, að mótvægið, sem er á því, snúi aftur. Kópur kveður það ekki talið heppilegt að aka kranabifreið með bómu um langar vegalengdir, þar sem vegir séu slæmir. Því hafi bóman verið tekin af, áður en lagt var af stað frá Reykjavík, svo og ýmis annar útbúnaður, svo sem útdragarar með hlemmum. Kópur kveður akstursinn hafa gengið vel alla leiðina að Hvítá, að því undanskildu, að stansað hafi verið undir Hafnarfjalli á móts við Borgarnes og teknir undan tveir hjólbarðar, sem höfðu sprungið, ytri hjólbarði á miðöxli hægra megin og ytri hjólbarði á afstasta öxli vinstra megin. Ekki kveður hann hjólbarða hafa verið setta í stað þeirra sem sprungu, en telur víst, að það hefði verið gert, ef varahjólbarðar hefðu verið fyrir hendi. Kópur kveður þá félagana hafa ákveðið að halda beina leið til Borgarness, fá senda hjólbarða frá Reykjavík og setja þá undir í stað hinna. Eftir að sprakk á hjólbörðunum, kveður Kópur kranahúsinu hafa verið snúið þannig, að mótvægið sneri fram. Kveður hann þetta hafa verið gert til að létta bifreiðina að aftan, og einnig kveður hann sér hafa fundist bifreiðin hoppa til að framan á leiðinni frá Reykjavík. Kópur kveður bifreiðina hafa verið á góðum hjólbörðum að framan. Kópur kveðst ekkert hafa séð athugavert við síkisbrýrnar eða veginn við þær, því að ella hefði hann ekki ekið út á þær. Kveðst hann oft hafa ekið um þennan veg og farið yfir brýrnar, bæði á fólksbifreiðum og vöruflutningabifreiðum. Kópur kveðst nú hafa ekið mjög hægt yfir syðri síkisbrúna. Um leið og afturhjólin slepptu brúnni, hafi bifreiðin byrjað að síga hægra megin að framan og hafi það engum togum skipt, að bifreiðin hafi steypst út af veginum hægra megin og lent á hvolfi neðan við vegkantinn, sem þarna sé um þriggja metra hár. Kveður hann kranahúsið allt hafa farið í kaf og stýrishús bifreiðarinnar að hálfu, en þak þess hafi lagst inn. Kveðst Kópur naumlega hafa getað losað sig og komist út. Kópur kveðst hafa athugað vegsummerki eftir atburðinn og telur, að ofaníburður þarna hafi verið

mjög laus í sér og þykkur og því runnið undan þunga kranabifreiðarinnar. Kópur kveður bifreiðina hafa verið eðlilega staðsetta á veginum, en hann kveður breidd vegarins vera allt niður í þrjá metra, þar sem hann er mjóstur.

Gestur Gunnar Axelsson, sem ók á eftir kranabifreiðinni, kveður fjarlægðina milli bifreiðanna hafa verið eitt til tvö hundruð metra. Kveðst hann hafa séð, er kranabifreiðin steyptist út af veginum. Kveður hann kranabifreiðinni hafa verið ekið mjög hægt yfir brúna, þar sem hún fór út af, og hafi hraðinn verið um 5 km miðað við klukkustund.

Við rannsókn málsins í sakadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu voru þeir Jóhannes Guðmundsson verkfræðingur og Hjálmar Þórðarson verkfræðingur dómkvaddir til að skoða þjóðveginn milli síkisbrúnna norðan Hvítár í Borgarfirði, þar sem umræddur atburður varð. Skyldu þeir skoða burðarþol vegarins, gerð ofaníburðar og frágang og láta uppi álit um það, hvort ástand vegarins væri forsvaranlegt „fyrir umferð þungra ökutækja og vinnuvéla, sem og um annað það, sem máli skiptir að þeirra áliti í þessu sambandi".

Efni matsgerðarinnar, sem dagsett er 27. júlí 1967, um athuganir matsmannanna og niðurstöður er svofellt:

„1. Athuganir á staðnum.

Eftirfarandi athuganir voru gerðar á staðnum:

a) Matsmenn gerðu uppmælingu (með tachymeter) af eystri brúnni og vegarköflum báðum megin brúarinnar. Eftir þessari mælingu voru gerðir uppdrættir, sem sýndir eru á fylgiskjölum 1 og 2. Á fylgiskjali 1 er yfirlitsmynd af brúnni í mælikvarða 1:200, en á fylgiskjali 2 er sérmynd af vestari brúarsporðinum og veginum þar vestur af í mælikvarða 1:100 og þversnið og langsnið í veginn í mælikvarða 1:50.

b) Matsmenn tóku 16 ljósmyndir af slysstaðnum og kranabílnum þar, sem hann lá á hvolfi norðan vegarins. Þessar ljósmyndir eru á fylgiskjali 3, hver með sínu númeri frá 1 til 16.

c) Matsmenn tóku sýnishorn af ofaníburðarefni vegarins, sem að sögn Guðmundar Arasonar hafði verið tekið við Heggstaði í Andakíl. Einnig var tekið sýnishorn úr malarhaugum í Gufuá í Borgarhreppi, en þaðan hafði uppfyllingarefni verið tekið í veginn að sögn Guðmundar Arasonar.

2. Lýsing á gerð vegarins.

Þjóðvegurinn yfir Ferjukotssíkið var lagður á árunum 1920—

1925. Á veginum eru tvær stálbitabrýr með timburgólfi og steinsteyptum stöplum. Milli brúnna er vegurinn byggður á uppfyllingu með fláavörn úr grjóti.

Undirstaða vegarins er mjög gljúp mýri. Hefur uppfyllingin sigið smátt og smátt niður, og af þeim sökum hefur nokkrum sinnum verið bætt ofan á veginn, síðan hann var byggður.

Síðast var vegurinn milli brúnna hækkaður upp um mánaðamótin maí—júní sl., en fyrir þá hækkun var hann talsvert lægri en gólf brúnna, og voru allbrattar brekkur af þeim niður á veginn. Á langsniði í veginn á fylgiskjali 2 er sýnt yfirborð vegarins fyrir og eftir hækkunina. Hefur vegurinn verið hækkaður um 40—60 cm.

Hækkunin hefur verið framkvæmd á þann hátt, að fyrst hefur verið ekið í veginn malarefni frá Gufuá í Borgarhreppi 20—40 cm á þykkt og síðan þar yfir um 20 cm lagi af ofaníburðarefni frá Heggsstöðum í Andakíl. Ekki hefur fyllingin verið þjöppuð að öðru leyti en því, að brautir hafa troðist undan hjólum ökutækja.

Á vegfláana hefur verið bætt grjóti til varnar fyllingunni nema á 14 m kafla vestan við austari brúna, þar var viðbótarfyllingin óvarin að öðru leyti en því, að nokkrir hraungjallshnullungar voru fremst á syðri kantinum. Virtist sem þeim hefði verið raðað á vegkantinn til þess að hindra hrun úr fyllingunni, en megnið af þeim síðan hrunið fram af kantinum. Hið næsta brúnni virðast einnig hafa verið notuð timburborð til þess að styðja við fyllinguna. Hafa þau verið skorðuð milli brúarstöplanna og járnhæla á vegköntunum. Járnhælar þessir sjást á ljósmyndum nr. 5 og 6 á fylgiskjali 3 og á grunnmyndum vegarins á fylgiskjölum 1 og 2. Neðsta borðið að sunnanverðu var ennþá til staðar, en hin voru farin forgörðum.

Verulegur munur er á vegbreiddinni eftir því, hvort nýja fyllingin er grjótvarin eða ekki. Á grjótvarða kaflanum er breidd malarfyllingarinnar um 4.0 m og þar fyrir utan um 1.0 m grjótvörn til hvorrar handar. Á vegarkaflanum, þar sem malarfyllingin er ekki grjótvarin, er vegbreiddin milli vegbrúna hins vegar aðeins 3.0 til 3.15 m. Á fylgiskjali 2 eru sýnd þversnið bæði í grjótvarða kaflann og þann óvarða, og sést breiddarmunurinn þar greinilega.

3. Lög og reglugerðir um vegi og umferðarmál.

Matsmenn töldu rétt að kanna, hvort ástand vegarins væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða þar að lútandi. Í því

skyni sneru þeir sér til samgöngumálaráðuneytisins og fengu þar eintak af öllum lögum og reglugerðum, sem nú eru í gildi hér á landi um vegi og umferðarmál. Í gögnum þessum eru engin ákvæði finnanleg um gerð þjóðvega. Í 13. gr. vegalaga frá 30. desember 1963 er hins vegar kveðið á um, að „í reglugerð skulu settar reglur um gerð þjóðvega í hverjum flokki, svo sem um breidd vega, fjarlægð skurða og girðinga, burðarþol og önnur tæknileg efni". Annar matsmanna, Jóhannes Guðmundsson, sneri sér til Sigurðar Jóhannssonar vegamálastjóra í því skyni að fá eintak af þeim reglum, sem samdar hefðu verið um gerð þjóðvega. Vegamálastjóri taldi sér ekki fært að láta þær af hendi, þar sem þær hefðu ekki ennþá hlotið samþykki viðkomandi ráðuneytis.

Hjá vegamálastjóra fengu matsmenn hins vegar kort af landinu, sem sýnir hámarksþunga og breidd bifreiða á þjóðvegum. Fylgir kort þetta matsgerðinni á fylgiskjali 4. Sést á því, að á þeim vegi, sem hér um ræðir, er hámarksbreidd bifreiðar 2.35 m, hámarksþungi á einfaldan öxul 7.0 tonn, á tvöfaldan öxul 11.0 tonn og alls ökutækisins 27 tonn.

4. Álit matsmanna.

Ekki er unnt að leggja dóm á þau atriði, sem farið er fram á í matsbeiðninni, með því að bera ástand vegarkaflans, þar sem slysið varð, saman við reglugerðarákvæði um gerð þjóðvega. En sbr. næsta kafla hér að framan eru þau ekki fyrir hendi. Matsmenn verða því að byggja úrskurð sinn á persónulegu mati á því, hvaða lágmarkskröfur eðlilegt sé að gera til þjóðvegar í þeim flokki, sem hér um ræðir, sbr. fylgiskjal 4.

Til þess að gera matsbeiðninni skil telja matsmenn nægilegt að fjalla um eftirtalin atriði, sem mestu máli skipta varðandi umferðaröryggi á umræddum vegarkafla:

1) Gerð fyllingar- og ofaníburðarefnis.
2) Þjöppun fyllingar- og ofaníburðarefnis.
3) Breidd og lega vegarins.
4) Frágangur og merking vegkanta.

1. atriði.

Matsmenn fólu Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins að rannsaka kornadreifingu og þjöppunareiginleika fyllingar- og ofaníburðarefnisins. Niðurstöður þeirrar athugunar eru á fylgiskjali 5. Má af þeim draga þá ályktun, að úr efnunum megi gera góðan veg, ef þjöppun er nægileg.

2. atriði.

Í öðrum kafla hér að framan er á það bent, að fyllingin, sem bætt var á veginn við síðustu hækkun hans, hefur ekki verið þjöppuð að öðru leyti en því, að brautir hafa troðist undan hjólum ökutækja. Á ljósmyndum nr. 13 til 16 á fylgiskjali 3 má glöggla sjá skil troðins og ótroðins vegaryfirborðs. Einnig eru skilin mörkuð inn á teikningu af veginum á fylgiskjali 2, bæði á grunnmynd og þversnið.

Út við vegbrúnir og um miðju, þar sem þjöppunar frá umferð hafði ekki gætt, var vegurinn mjög laus. Til marks um þéttleikann má nefna, að vegkantarnir létu auðveldlega undan fæti, þegar á þá var stigið. Var greinilegt, að utan við troðnu hjólbrautirnar var burðarþol vegarins allsendis ófullnægjandi fyrir þá umferð, sem hann er gefinn upp fyrir, sbr. fylgiskjal 4.

3. atriði.

Matsmenn líta svo á, að raunveruleg vegbreidd megi ekki vera minni en fjarlægð milli útbrúna á hjólum að viðbættum 1.5 metrum, til þess að umferðaröryggi geti talist viðunandi á vegi með einfaldri akbraut. Með raunverulegri vegbreidd er hér átt við breidd þess hluta vegarins, sem hefur nægilegt burðarþol fyrir leyfilega umferð. Samkvæmt því, sem sagt er um 2. atriðið hér næst á undan, verður raunveruleg vegbreidd á slysstaðnum að teljast fjarlægðin milli útbrúna á troðnum hjólbrautum. Mældist hún um 2.4 m. Samkvæmt fylgiskjali 4 er mesta leyfilega fjarlægð milli útbrúna á hjólum 2.35 m. Raunveruleg vegbreidd þarf því samkvæmt framansögðu að vera minnst 3.85 m. Vegurinn á slysstaðnum er því 1.45 m mjórri en matsmenn telja, að viðunandi geti talist.

Á ljósmynd nr. 1 á fylgiskjali 3 og á langsniði í veginn á fylgiskjali 2 sést, að brúargólfið er nokkuð hærra en vegurinn, þar sem slysið varð. Af brúnni blasir við grjótvarði vegarkaflinn, sem breiðari er, og er hin óeðlilega litla vegbreidd á slysstaðnum því enn hættulegri en ella.

4. atriði.

Rétt austan við eystri síkisbrúna er aðvörunarmerki A 8, sem táknar, að vegur þrengist. Staðsetning merkis þessa er sýnd á fylgiskjali 1.

Engir staurar eða önnur viðvörunarmerki voru á vegbrúnum til þess að vekja athygli á þeim.

Aðvörunarmerki A 8 er venjulegt að setja við þröngar brýr vegfarendum til viðvörunar. Telja matsmenn það merki ekki nægilegt til þess að vekja athygli á hinum óvenjulega mjóa vegarkafla vestan við brúna, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess, að af brúnni blasir við grjótvarði vegarkaflinn, sem er til muna breiðari, eins og áður hefur verið vikið að. Verður að líta svo á, að með tilliti til hæðar vegarins og annarra aðstæðna hafi verið ástæða til að setja stólpa eða önnur viðvörunarmerki á vegkantana, þar sem grjótvörn vantaði.

5. Breytingar á veginum, eftir að vettvangsskoðun fór fram.

Matsmenn telja rétt að skýra frá þeim breytingum, sem þeim er kunnugt um, að gerðar hafi verið á veginum vestan við eystri síkisbrúna eftir 15. júní sl.

Nokkrum dögum eftir að slysið varð, var annar matsmanna, Jóhannes Guðmundsson, staddur á slysstað. Tók hann þá eftir því, að settir höfðu verið upp gulmálaðir stólpar á báðar vegarbrúnir vestan við eystri brúna. Efst voru stólparnir tengdir saman með gulmálaðri fjöl, eins konar handlista.

Hinn 22. júlí sl. var Jóhannes Guðmundsson aftur staddur á slysstað. Höfðu þá timburstólparnir verið fjarlægðir og vegurinn breikkaður og fláarnir alls staðar grjótvarðir milli brúnna. Var svo að sjá, að allur vegarkaflinn milli brúnna væri orðinn svipaður á breidd".

Að beiðni stefnanda voru dómkvaddir tveir matsmenn til að meta til fjár tjón það, sem varð á kranabifreiðinni við umræddan atburð. Niðurstaða mats hinna dómkvöddu matsmanna, Gunnars Björnssonar bifreiðasmíðameistara og Sigurgests Guðjónssonar bifvélavirkja, dags. 20. september 1967, er svohljóðandi:

„1. Smíða nýtt hús á krana 138.620.00
2. Smíða nýtt stýrishús 62.000.00
3. Gera við og endurnýja kranamótor, olíuverk, dinamó, startara, rafgeyma, hásingu, stjórnstengur, hlífar yfir afturhjólum, frambretti, stuðarahlíf, mæla, vírafestingar, ljósabúnað, vatnskassa og spegla 52.100.00

Samtals kr. 252.720.00".

Að beiðni fyrirsvarsmanna stefnda voru dómkvaddir tveir menn

til að skoða kranabifreiðina og láta í ljós álit sitt á eftirfarandi atriðum:

„1. Breytist þyngdarpunktur bílkranans við að breyta umræddum þyngdarklossa? Ef svo er, hversu mikið, og hvar hvíldi þungi sá, sem þannig færðist til á tækinu?

2. Hvaða áhrif hafði það á akstursháefni og eiginleika bílkranans að breyta þyngdarhlutföllum (ef svar við 1. spurningu er jákvætt), svo sem gert var.

3. Að hve miklu leyti má rekja ökuóhapp bílkranans til þess, að þyngdarmótvægi á kranahúsi var snúið fram í stað aftur, eins og það hafði gert, þangað til sprakk á afturhjólbörðum undir Hafnarfjalli?

Álit um þetta þyrfti að gerast með hliðsjón af búnaði bifreiðarinnar, svo sem því, hvort hún var búin vökvastýrisbúnaði eða ekki, og af aðstæðum á slysstað, og þar á meðal, að kranabifreiðin hafði ný ekið eftir láréttu og síðan niður hallandi brúargólf og vegi (sbr. teikningar), er hún lenti út af veginum. Álitsgerðin þyrfti að vera studd tölulegum rökum.

4. Þess er óskað, að matsmennirnir mæli breidd á milli hjóla kranans, bæði að utan og innan, og lengd kranans og lýsi tækinu almennt. Þá er þess óskað, að þungi öxla verði vigtaður annars vegar, er þyngdarmótvægi á kranahúsi vísar fram, og hins vegar, er það vísar aftur. Þá er þess loks óskað, að matsmennirnir gefi álit um, hvers beri sérstaklega að gæta við akstur slíkra tækja, sem hér um ræðir".

Um athuganir sínar og niðurstöður segja matsmennirnir, verkfræðingarnir Andrés Andrésson og Kristján Flygenring, svo í matsgerð sinni, sem dagsett er hinn 20. janúar 1972:

„Fyrir athugun var leitast við að fá kranabifreiðina með sem næst þeim búnaði, sem hún hafði verið vegin með 14. júní 1967. Kranabóma var tekin af svo og útleggjarar og stultur. Þess ber þó að gæta, að töluverð endurnýjun hefur verið gerð á krananum, samanber matsgjörð á dómsskjali nr. 8, og gæti hún hafa raskað þyngdarhlutföllum og heildarþyngd lítillega. Í framangreindu ástandi voru gerðar eftirfarandi athuganir á kranabifreiðinni:

1. Veginn þungi á framöxli með mótvægi aftur.
2. Veginn heildarþungi.
3. Veginn þungi á framöxli og mótvigt látin snúa fram.
4. Mæld breidd framöxuls, þ. e. utanmál hjólbarða.
5. Mæld breidd afturöxla, þ. e. utanmál hjólbarða.

6. Mældar fjarlægðir milli öxla.
7. Mæld fjarlægð milli framhjólbarða.
8. Mæld fjarlægð milli innri afturhjólbarða.
9. Athuguð stýrisverkun með mótvægi aftur.
10. Athuguð stýrisverkun með mótvægi fram.
11. Athuguð bremsuverkun.

Niðurstöður athugana í lið 1 til 8 eru færðar inn á meðfylgjandi teikningu, og skulu nú framangreindar niðurstöður athugaðar í sömu röð og fram kemur í matsbeiðninni á dómsskjali nr. 19.

1. Tilfærsla á þyngdarpunkti bílkranans miðað við mótvægin fram og aftur er sýnd á meðfylgjandi teikningu.

2. Við athugun á stýrisverkun kom fram, að með mótvigt aftur reyndist stýri létt í kyrrstöðu á steyptu plani. Þegar mótvigt var snúið fram á bifreiðinni, mátti heita ógjörningur að leggja á stýrið í kyrrstöðu, en stýrisverkun í þessari mótvigtsstöðu var létt á steyptu plani strax, er hreyfing var á bifreiðinni. Af framangreindu má draga þá ályktun, að afl vökvastýris sé vart nægjanlegt til að stjórna bifreiðinni af fullu öryggi á mjúkum, lausum eða ósléttum vegi, snúi mótvigtin fram.

3. Telja má, að hinn aukni þungi á framöxli hafi átt þátt í því, að vegkantur hafi látið undan og hamlað því, að bifreiðarstjóra tækist að beina bifreiðinni inn á veginn aftur, sjá umsögn um stýrisverkun í lið 2 hér að framan.

Að því er viðvíkur þeirri spurningu, hvort það geti hafa haft áhrif, að bifreiðin hafði ný ekið eftir láréttu og síðan niður halla, er það að segja, að álit okkar er, að svo getur ekki talist miðað við þann hraða bifreiðarinnar, sem uppgefinn er í málsskjölum.

4. Umbeðnar mælingar koma fram á meðfylgjandi teikningu, og kemur þar einnig fram útlit kranabifreiðarinnar. Í liðum 2 og 3 hér að framan hefur komið fram, að bifreiðin er búin vökvastýri og einnig að hún er búin mjög skjótvirkum lofthemlum. Matsmenn telja, að við akstur kranabifreiðarinnar sé það mikilvægt atriði, að auk þess að allur öryggisbúnaður bifreiðarinnar sé í lagi, að bifreiðarstjórinn sé vanur bifreiðinni við svipaðar aðstæður og þekki viðbrögð hennar við óvæntum atvikum".

Matsgerðinni fylgir uppdráttur, og koma þar fram þessar niðurstöður athugana matsmannanna:

Heildarþungi kranabifreiðarinnar: 22.800 kg. Mesta lengd er kranahús snýr þannig, að mótvægi vísar aftur: 7.55 m. Fjarlægð milli framöxuls og fremri afturöxuls: 3.83 m. Fjarlægð milli afturöxla: 1.34 m. Breidd framöxuls, þ. e. utanmál hjólbarða:

2.36 m. Innanmál milli framhjólbarða: 1.62 m. Breidd afturöxla, þ. e. utanmál hjólbarða: 2.70 m. Fjarlægð milli innri afturhjólbarða, þ. e. innanmál: 1.305 m. Þungi á framöxli, er mótvægi snýr aftur: 2.850 kg. Þungi á framöxli, er mótvægi snýr fram: 10.050 kg. Þyngdarpunktur bifreiðarinnar, er mótvægi snýr aftur: 3.94 m fyrir aftan framöxul. Þyngdarpunktur bifreiðarinnar, er mótvægið snýr fram: 2.52 m fyrir aftan framöxul. Tilfærsla þyngdarpunkts: 1.42 m.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að fyrirsvarsmenn hans hafi mátt treysta því, er hann hafi fengið sérstakt leyfi Vegagerðar ríkisins til flutnings kranabifreiðarinnar, að ástand vegarins og burðarþol hans væri fullnægjandi fyrir bifreiðina. Hins vegar sé fram komið samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Jóhannesar Guðmundssonar og Hjálmars Þórðarsonar, að ástand vegarins hafi verið óforsvaranlegt og burðarþol vegarins á þessum kafla allsendis ófullnægjandi fyrir þá umferð, sem leyfð var um veginn, og hafi ekkert verið gert til að vara við þessu ástandi vegarins. Megi til þessa rekja slysið og tjónið, sem af því varð. Er því haldið fram, að í þessu felist stórfellt gáleysi starfsmanna Vegagerðar ríkisins, er beri því fébótaábyrgð á tjóni stefnanda. Þá er því haldið fram, að þar sem ekki hafi verið sett skilyrði um öxulþunga í leyfi vegamálastjóra, hafi í leyfinu falist þegjandi samþykki til þess, að öxulþungi færi fram úr því, sem almennt var leyft. Þá er því og haldið fram, að ástand kranabifreiðarinnar hafi ekki verið óvenjulegt, enda hafi það ekki verið röng ráðstöfun að snúa mótvæginu fram. Þá er því haldið fram, að ekkert orsakasamband sé milli atburðarins og þess, að ferðin var farin aðfaranótt 15. júní í stað 13.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að þegar Vegagerð ríkisins veitti sérstaka undanþágu frá gildandi ákvæðum umferðarlaga um breidd og öxulþyngd ökutækja vegna flutnings vinnuvéla, eins og í tilviki því, sem hér um ræðir, þá séu slíkir flutningar þrátt fyrir það framkvæmdir á ábyrgð eigenda. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að engar lagareglur eða fyrirmæli séu fyrir hendi um gerð vega hér á landi. Aðstæður til vegagerðar séu víða hér á landi óvenju erfiðar og verði vegfarendur að sýna tilhlýðilega varkárni. Er því mótmælt af hálfu stefnda, að ástand vegarins, þar sem slysið varð, hafi verið óforsvaranlegt. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að er umrædd ferð var farin hinn 15. júní 1967, hafi það verið gert án leyfis Vegagerðarinnar. Vegagerð ríkisins hafi veitt leyfi sitt til flutnings krana-

bifreiðarinnar aðfaranótt 13. júní 1967, en ferðin hafi ekki verið farin þá. Af hálfu stefnanda hafi þess síðan ekki verið gætt að fá leyfið endurnýjað, áður en ferðin var farin 15. júní. Af þessum sökum hafi stefnandi látið framkvæma umræddan flutning algerlega á eigin ábyrgð og í óleyfi stefnda. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að útafaksturinn megi rekja til þess, að þyngdarpunktur kranabifreiðarinnar hafi verið fluttur til, er kranahúsinu var snúið við, þannig að mótvægið sneri fram. Af þessum sökum hafi miklu meiri þungi hvílt á framhjólum bifreiðarinnar en eðlilegt var og því hafi framhjólin skorist meir ofan í veginn en þau ella hefðu gert.

Af hálfu stefnanda var aflað leyfis vegamálastjóra til flutnings kranabifreiðarinnar samkvæmt 55. og 56. gr. umferðarlaga. Eigi er ágreiningur um það, að aflað hafi verið heimildar lögreglustjórnarinnar í Reykjavík til fararinnar samkvæmt 55. gr. umferðarlaga. Eigi er fram komið, að aflað hafi verið heimilda sýslumannanna í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu eða Snæfells- og Hnappadalssýslu til fararinnar, en leið kranabifreiðarinnar lá um þessi lögsagnarumdæmi. Eigi er því þó haldið fram af hálfu stefnda, að þegar af þeirri ástæðu sé grundvöllur fébótaábyrgðar hans á tjóni stefnanda eigi fyrir hendi. Samkvæmt hinu skriflega leyfi vegamálastjóra er ráð fyrir því gert, að breidd kranabifreiðarinnar sé 2.74 m og heildarþungi hennar ekki yfir 30 tonn. Máttu fyrirsvarsmenn stefnanda ekki ætla, að undanþáguheimildin tæki til annarra atriða en þessara, og bar þeim því að gæta gildandi ákvæða um öxulþunga. Á þessum tíma var mesta almenn leyfileg breidd ökutækja 2.35 m, en hámarksöxulþungi á einfaldan öxul var 7 tonn samkvæmt auglýsingum, dags. 15. september 1959 og 8. mars 1967, sbr. 3. mgr. 56. gr. umferðarlaga. Það verður að telja í ljós leitt með skoðunargerð þeirra Andrésar Andréssonar og Kristjáns Flygenrings, að öxulþungi á framöxli bifreiðarinnar, er mótvægi var snúið fram, eins og gert var, er umræddur atburður varð, hafi verið 10.050 kg, og var það langt umfram hinn leyfða öxulþunga. Verður að telja, að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki gætt ýtrustu varkárni með því að aka bifreiðinni þannig útbúinni. Þótt hámarksöxulþunga væri ekki getið í leyfi vegamálastjóra, verður að líta svo á, að akstur kranabifreiðarinnar við þessar aðstæður hafi því algerlega verið á áhættu stefnanda og ábyrgð, jafnvel þótt telja verði í ljós leitt, að ástand vegarins á þessum stað hafi ekki verið í samræmi við fyllstu verkfræðilegar kröfur. Þekkti

og ökumaður bifreiðarinnar vel til vegarins á þessum kafla. Þykir því verða að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Braga Þorsteinssyni og Birni Árnasyni verkfræðingum.

Dómsorð:

Stefndi, samgöngumálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. Vegagerðar ríkisins, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Steinhúss h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 2. júní 1975.

Nr. 184/1973. **Guðmundur Þórðarson**
gegn
Bæjarsjóði Sauðárkróks.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. júní 1975.

Nr. 56/1975. **Jóhannes Pálsson**
gegn
Magnúsi Oddssyni og
Maríu Sigurðardóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhannes Pálsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 3. júní 1975.

Nr. 4/1974. **Flosi Halldórsson**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Gæsluvarðhald. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. desember 1973. Krefst hann þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 5.000.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 12. desember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi

til 15. júlí 1974 og með 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann þess til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar ásamt vöxtum eins og greinir í aðalkröfu, og til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Hann krefst og málskostnaðar sér til handa í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að hann samþykkir, að vextir verði dæmdir eins og greinir í aðalkröfu áfrýjanda. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi hækkaði kröfu sína úr 500.000 krónum í héraði í 5.000.000 krónur fyrir Hæstarétti. Stefndi andmælir þessari hækkun, og kemur hún eigi til álita hér fyrir dómi, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Málsaðiljar hafa lýst yfir því, að kostnaður áfrýjanda af málinu fyrir héraðsdómi, annar en málssóknarlaun, hafi numið 3.000 krónum.

Saksóknara ríkisins var stefnt í héraði „til að gæta réttar ríkisvaldsins í málinu, sbr. l. nr. 82/1961, 154. gr., 3. tl.“ Í greinargerð stefnda í héraði er því lýst, að litið sé svo á af hans hálfu, að saksóknara ríkisins sé stefnt í málinu f. h. ríkissjóðs, og var málið flutt á þeim grundvelli.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð frá lögreglunni í Hafnarfirði um aðbúnað gæsluvarðhaldsfanga í fangahúsinu þar.

Stefndi hefur hér fyrir dómi viðurkennt bótaskyldu sína gagnvart áfrýjanda.

Áfrýjandi sat í gæsluvarðhaldi samtals 4 vikur og sætti geðrannsókn þegar á því stigi máls. Þegar þessa er gætt svo og verknaðar þess, sem hann var sakaður um, þykja bætur honum til handa hæfilega ákveðnar 350.000 krónur. Ber að dæma stefnda til að greiða honum þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 12. desember 1961 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 74/

1974, ber að dæma stefnda til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda, 50.000 krónur.

Það athugast, að samkvæmt bókun í þingbók sakadóms Hafnarfjarðar 14. nóvember 1971 kom áfrýjandi eigi fyrir dómara, áður en gæsluvarðhaldsúrskurður var uppkveðinn yfir honum þann dag, og er það andstætt 1. málsgr. 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 og 66. gr. laga nr. 82/1961. Í sama úrskurði mælti dómari fyrir um, að áfrýjandi skyldi sæta geðheilbrigðisrannsókn, og verður eigi séð, að til þess hafi þá verið efni.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Flosa Halldórssyni, 350.000 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 12. desember 1971 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Stefndi greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 4. júlí 1973.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. júní sl., hefur Flosi Halldórsson, til heimilis að Vallargötu 18, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar með kröfugerð fyrir dómi og framlagningu skjala í dóm hinn 23. janúar sl. á hendur fjármálaráðherra f. h. rkissjóðs til greiðslu bóta vegna ólögmætrar gæsluvarðhaldsvistar og gegn saksóknara ríkisins til þess að gæta réttar ríkisvaldsins, sbr. 3. tl. 154. gr. laga nr. 82/1961.

Dómkröfur stefnanda eru þær, „að stefndu verði gert að greiða kr. 500.000.00 auk 7% ársvaxta frá 12. desember 1971 til greiðsludags og að stefndu verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu,

eins og málið væri ekki gjafsóknarmál". Í sókn, er lögð var fram af hálfu stefnanda 20. júní sl., gerir hann þær dómkröfur, að stefnda fjármálaráðherra f. h. rkissjóðs verði gert að greiða honum kr. 500.000 auk 7% ársvaxta frá 12. desember 1971 til 1. maí 1973 og 9% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og að stefnda verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu og að málskostnaður verði látinn niður falla, en til vara er krafist verulegrar lækkunar stefnukröfunnar.

Stefna í málinu er gefin út 2. janúar 1973, og virðist hún birt 12. janúar s. á. Málið var þingfest 23. janúar s. á., svo sem áður getur. Greinargerð af hálfu stefnda var lögð fram á bæjarþingi 20. mars sl. Var þá leitað sátta í málinu án árangurs og munnleg málsmeðferð ákveðin. Í því þinghaldi krafðist umboðsmaður stefnanda þess, að dómari sá, sem með málið fór, viki sæti. Með úrskurði, uppkveðnum 21. mars s. á., vék hinn reglulegi dómari sæti í málinu. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 9. apríl 1973, var undirritaður dómari skipaður til þess sem setudómari í Hafnarfirði að fara með mál þetta. Hann þingaði fyrst í málinu 18. júní sl., og var stefnandi þá yfirheyrður. Er munnlegur málflutningur skyldi fara fram 19. júní sl., var ekki sótt þing af hálfu stefnda og engin forföll boðuð af hans hálfu. Var þá ákveðin skrifleg málsmeðferð, og fékk umboðsmaður stefnanda frest til að skila sókn í málinu, er síðan var lögð fram í þinghaldi 20. júní sl. og málið þá dómtekið að kröfu umboðsmanns stefnanda.

Undirritaður dómari hefur einnig reynt sættir í málinu, en sú viðleitni hefur ekki borði árangur.

II.

Málavextir eru í stuttu máli þeir, að hinn 13. nóvember 1971 kærði faðir S, ... götu ..., Hafnarfirði, fæddrar ... 1961 stefnanda máls þessa vegna meintra kynferðismaka við hana. Samdægurs færðu tveir lögregluþjónar stefnanda til yfirheyrslu á lögreglustöðina í Hafnarfirði. Þar neitaði stefnandi öllum sakargiftum, sem á hann voru bornar í skýrslu, sem nefnd S hafði gefið fyrir rannsóknarlögreglu áður um daginn. Að nefndri yfirheyrslu lokinni var stefnandi settur í fangaklefa í lögreglustöðinni, en daginn eftir úrskurðaði dómari, að stefnandi skyldi sæta gæsluvarðhaldi allt að 14 dögum og hlíta á þeim tíma geðrannsókn. Þann 19. nóvember s. á. var stefnandi færður fyrir rétt, þar sem

hann ítrekaði neitun sína um að hafa haft kynmök við telpuna S eða nokkra aðra telpu. Hinn 24. sama mánaðar yfirheyrði dómari nefnda S, sem í réttinum skýrði frá samskiptum sínum við stefnanda að öllu leyti á sama hátt og í áðurnefndri skýrslu hjá rannsóknarlögreglu. Hinn 28. sama mánaðar var stefnandi aftur færður fyrir rétt, þar sem hann neitaði enn öllum sakargiftum. Í því þinghaldi var hann á ný úrskurðaður í 14 daga gæsluvarðhaldsvist, þ. e. til klukkan 1730 sunnudaginn 12. desember þ. á., svo og til að hlíta á þeim tíma geðrannsókn. Í þinghaldi 12. desember s. á. neitaði stefnandi enn sakaráburði, og var þá gæsluvarðhaldsvist hans aflétt, en áður hafði dómarinn lagt fyrir stefnanda að hlíta áframhaldandi geðrannsókn, sem ekki var að fullu lokið, og samþykkti stefnandi það. Þann 23. maí 1972 var enn þingað í málinu, og lagði þá dómarinn fram skýrslu um niðurstöðu geðrannsóknar.

Í málinu hefur verið lagt fram svofellt bréf saksóknara ríkisins til bæjarfógetans í Hafnarfirði, dags. 11. ágúst 1972: „Eftir viðtöku bréfs yðar, herra bæjarfógeti, dagsetts 9. júní sl., varðandi ásökun um brot Flosa Halldórssonar, bifvélavirkja, Gunnarssundi 1 í Hafnarfirði, gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal hér með fram tekið, að eigi er af ákæruvaldsins hálfu krafist frekari aðgerða í máli þessu". Fyrir dómi hefur stefnandi hins vegar sagt, að hann hafi aldrei fengið af opinberri hálfu tilkynningu um, að eigi yrði um frekari aðferðir í umræddu máli gagnvart honum að ræða, en vitneskja um það, sem fram komi í umræddu bréfi saksóknara ríkisins, hafi honum fyrst borist frá lögfræðingi sínum og muni það hafa verið seint í október 1972.

Í málinu hefur verið lagt fram sakarvottorð stefnanda, dags. 9. febrúar 1973, og kemur þar fram, að stefnandi hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Verða nú málavextir ítarlega raktir, svo sem þeir koma fram í framlögðum gögnum.

Við áðurnefnda yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði 13. nóvember 1971 sagði S, að þá fyrir um það bil þremur til fjórum vikum hafi hún verið hjá stefnanda. Hún hafi komið inn til hans um tíu sinnum. Fyrst hafi það verið árið áður, að hún hafi komið heim til hans ásamt tveim öðrum telpum. Þær hafi þá verið að sendast fyrir hann og hafi hann gefið hverri þeirra 10 krónur fyrir. Stundum hafi stefnandi kallað á hana, en stundum hafi hún farið óbeðin inn til hans og spurt, hvort hún ætti ekki að sendast fyrir hann, til þess að fá aura fyrir. Hún

hafi ca fjórum sinnum farið úr buxunum inni hjá stefnanda. Hann hafi aðeins einu sinni klætt hana úr þeim, en hún hafi sjálf farið úr þeim í hin skiptin og hafi þá stefnandi sagst ætla að gefa henni peninga. Tvisvar eða þrisvar hafi stefnandi beðið hana um að leggjast hjá sér upp í dívan inni hjá honum og hafi hún gert það. Hann hafi þá verið að nugga á sér kynfærin. Henni hafi þótt það vont, af því að hann hafi meitt hana, og stundum hafi hún fundið til í einn eða tvo daga á eftir. Einu sinni hafi stefnandi sett getnaðarlim sinn inn í kynfæri hennar og hafi það verið voða vont. Í þetta skipti hafi komið eitthvað hvítt úr getnaðarlimi mannsins. Stundum hafi stefnandi verið drukkinn og í þetta sinn hafi hann verið undir áhrifum áfengis. Í þetta skipti hafi hann gefið henni 50 krónur, en annars frá 10 til 40 krónur, en auk þess hafi hann oft gefið henni sælgæti og kók, sem hún hafi drukkið í íbúð hans. Fyrir þennan tíma hafi stefnandi tvisvar lagst ofan á hana, en þá hafi hann ekki sett getnaðarlim sinn inn í hana. Hann hafi einungis hreyft sig ofan á henni, en ekki tekið getnaðarliminn út úr buxnaklaufinni. Stefnandi hafi beðið hana að segja ekki vinkonum sínum eða foreldrum frá þessu. Hún hafi fyrst sagt föður sínum frá þessu í hádeginu þennan dag, þ. e. þegar yfirheyrslan fór fram, því að hún hafi ekki þorað að segja frá þessu fyrr. Þá sagði nefnd S, að afi hennar hafi oft gert það sama við hana og stefnandi, og lýsti hún því nánar fyrir rannsóknarlögreglunni. Viðstödd yfirheyrsluna voru foreldrar S. Í lok yfirheyrslunnar sagði móðir hennar, að hún hafi orðið vör við útferð í buxum telpunnar fyrir stuttu síðan, en ekki hafi hún athugað, um hvað væri þar að ræða. Aldrei hafi hún séð blóð í nærbuxum hennar.

Framangreinda skýrslu staðfesti S fyrir dómi 24. nóvember 1971. Fyrir dóminum sagði hún og, að alrangt væri, að hún hefði hótað að kæra stefnanda. Þótt henni væri bent á, að stefnandi neitaði sakargiftum hennar, hélt hún fast við framburð sinn. Hún sagði að lokum, að hún hefði ávallt verið ein hjá stefnanda, er hann hefði haft kynferðisleg afskipti af henni.

R, fædd ... 1958, systir S, sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði 13. nóvember 1971, að hún hafi stundum verið að sendast fyrir stefnanda og þá hafi verið með henni S, systir hennar, og þrjár aðrar telpur. Stefnandi hafi gefið þeim kók og sælgæti og einnig hafi þær fengið að spila „bob“ inni hjá honum tvisvar eða þrisvar sinnum. Mest hafi stefnandi gefið þeim 10 til 20 krónur. Hún hafi aldrei verið ein hjá stefnanda og aldrei

hafi stefnandi gert henni neitt. Hann hafi ekkert káfað á henni eða svoleiðis og hún viti ekki, hvort hann hafi verið að káfa á hinum telpunum. S, systir hennar, segði henni aldrei frá neinu og þar á meðal ekki frá samskiptum hennar við afa þeirra eða að stefnandi hafi verið að káfa á henni, þ. e. S, og láta hana fara úr buxunum. Að öðru leyti snerist skýrsla nefndrar R um kynferðisleg afskipti afa hennar af henni. Ekki verður séð af málsskjölum, að nefnd R hafi komið fyrir dóm til skýrslugjafar.

Jónas Bjarnason læknir framkvæmdi læknisskoðun á systrunum S og R hinn 14. nóvember 1971. Í niðurstöðu vottorðs hans, dags. 16. nóvember 1971, segir orðrétt: „Ekkert óeðlilegt var að sjá við skoðun á ytri kynfærum þeirra. Enginn roði eða þroti í kringum fæðingarvegsop og meyjarhaft órofið hjá báðum. Er meyjarhaftið það þröngt hjá þeim báðum, að mitt álit er, að samlíf hafi ekki átt sér stað".

Svo sem áður er getið, var stefnandi yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði 13. nóvember 1971. Eins og máli þessu er háttað, þykir rétt að taka upp í dóminn orðréttan framburð hans, sem var svohljóðandi:

„Mættur viðurkennir aðsp., að nefnd stúlka, sem kölluð er S, en hann viti ekki hennar fulla nafn, hafi 3—5 sinnum komið ein til sín í herbergi sitt uppi á lofti að Gunnarssundi 1. Aðsp. segir mættur, að hann hafi aldrei beðið S að koma til sín, en þó geti hann ekki fortekið, að er hann var veikur í fyrra, í ágúst, að hafa bankað í glugga hjá sér til að fá stúlkukrakka til að sendast fyrir sig. Hann hafi ekki komist í verslun sjálfur. Mættur kveðst ekki muna, hvort nefnd S var ein af þeim.

Mættur segir, að í þessi skipti, sem S hefur komið ein, hafi hún spurt, hvort hún ætti ekki að sendast fyrir mætta, en hann hafi ekki alltaf þurft á því að halda, en samt hafi hann gefið henni peninga og það gæti verið, að hann hafi gefið henni mest kr. 40.00 og þá til að fara í bíó.

Mættur kveðst aldrei hafa lagst með S upp í dívan og hún hafi aldrei farið úr buxunum hjá sér. Hann hafi aldrei farið fram á að hún gerði það og hún hafi ekki gert það ótilkvödd. Telpan hafi aldrei farið úr buxunum í sinni íbúð og þaðan af síður hafi mættur lagst ofan á hana eða haft mök við hana.

Mættur kveðst ekki hafa sett lim sinn inn í kynfæri telpunnar eða fingurna. Hún hafi ekki lagst upp í dívaninn hjá sér.

Mættur segir, að S hafi komið til sín fyrir ca. mánuði síðan og þá beðið sig um peninga, en hann hafi ekki viljað gefa henni

peninga, en ekki stoppað nema í einar 3—4 mín. Hún hafi ekki sest niður. Hann muni ekki, hvort hún kom inn fyrir hurðina, sem er í stiganum, en ekki upp í íbúðina. Mættur segir, að telpan hafi orðið reið, er hún fékk ekki peninga, og sagt, er hún fór, að þá kærði hún bara mætta. Mættur kveðst ekki vita, hvað telpan átti við eða fyrir hvað hún ætlaði að kæra sig.

Mættur kveðst segja sannleikann í máli þessu, hann skilji ekki, hvaðan telpan hafi þetta.

Mættur kveðst engin mök hafa haft við stúlku þessa, það hafi ekkert verið í þá átt".

19. nóvember 1971 var stefnandi yfirheyrður fyrir dómi, svo sem einnig er áður getið. Svo sem mál þetta er vaxið, þykir enn fremur rétt að taka upp í dóminn orðréttan framburð hans, sem er svohljóðandi:

„Kærði skýrir svo frá, að hann hafi veikst um miðjan júlímánuð í fyrra og eftir um hálfan mánuð verið fluttur að Gunnarssundi 1, Hafnarfirði, þar sem hann hafi haft tvö risherbergi síðan og ekkert unnið, enda verið öryrki vegna bakveiki. Hann kveðst vera ókvæntur og barnlaus.

Kærði skýrir svo frá, að fljótlega eftir að hann fluttist að Gunnarssyndi 1, hafi hann bankað í glugga á stúlkubörn, sem voru fyrir utan og fengið þær til að sendast fyrir sig. Þær hafi verið þrjár eða fjórar. Eftir þetta hafi einkum tvær af stúlkunum, S og R, farið oft í sendiferðir fyrir hann, enda hafi hann átt mjög erfitt með að hreyfa sig sakir veikinda sinna. Hann kveðst alltaf hafa gefið þeim peninga, kr. 10—20 fyrir sendiferðina, eða kóla eða sælgæti og hafi það orsakað, að þær buðust til þess að fyrra bragði. Einnig hafi dregið þær að skipsmódel, sem hann vann að. Hann kveður telpurnar ávallt hafa verið tvær eða fleiri saman. Einhvern tíma seinni partinn í sumar kveður kærði S hafa komið til sín og boðist til að sendast fyrir sig, en hann sagt, að hann þyrfti ekki á því að halda, þar sem hann gæti sjálfur farið í búðir. Hann kveður hana hafa beðið sig um peninga engu að síður og hann gefið henni 10 krónur, en hún verið það ýtin, að hún hafi beðið um að fá aðrar 10 krónur, sem hún sá uppi á skáp.

Hann kveður hana hafa komið óbeðna í þetta sinn og hafi þá verið langt síðan hún hafði síðast komið til að sendast fyrir hann, enda hann löngu orðinn fullfær um það. Nokkru síðar hafi S komið aftur og boðist til að sendast, en hann sagt sem fyrr, að hann þyrfti þess ekki, en samt gefið henni að beiðni hennar kr. 30.00 fyrir bíó og sagt henni, að hún fengi ekki oftar peninga.

Eftir þetta hafi hún komið einu sinni og boðist til að sendast og jafnframt beðið um peninga, en sem fyrr hafi hann afþakkað og nú neitað að gefa henni peninga. Hafi hún þá reiðst mjög og sagt, að hún skyldi kæra hann. Þetta hafi verið fyrir um mánuði síðan og þannig hafi skilnaður þeirra orðið og eftir það hafi hann ekki séð hana.

Kærði kveðst ekki hafa gert sér neina grein fyrir því, fyrir hvað S hygðist kæra hann, enda hafi hann ekki vitað upp á sig neina sök. Hann neitar alfarið, ítrekað aðspurður og áminntur um sannsögli, að hafa haft nokkur kynferðisleg afskipti af S eða nokkurri annarri telpu".

Í áðurnefndu þinghaldi 28. nóvember 1971, er stefnandi var í annað sinn yfirheyrður fyrir dómi, neitaði hann með öllu að hafa haft nokkur kynferðisleg afskipti af nefndri S eða öðrum telpum. Var honum kunngerður framburður S fyrir dómi og sagðist þá ekki skilja, „hvað telpunni hafi gengið til að ljúga öllu þessu". Hann hafi aldrei snert hana, að því undanskildu, að hann hafi eitt sinn hindrað hana í að taka pening, sem hún hafi séð uppi á skáp í herbergi hans.

Er stefnandi var yfirheyrður fyrir dómi í þriðja sinn, 12. desember 1971, gerði hann ekki annað en að staðfesta fyrri framburð sinn í málinu.

Jóhannes Bergsveinsson læknir framkvæmdi geðheilbrigðisrannsókn á stefnanda samkvæmt beiðni í bréfi bæjarfógetans í Hafnarfirði, dags. 18. nóvember 1971. Í skýrslu læknisins, dags. 17. maí 1972, segir, að rannsóknin byggist á upplýsingum frá stefnanda sjálfum, tveimur bræðrum hans, kunningja hans allt frá æskuárum, meistara stefnanda í bifvélavirkjun og úr málsskjölum, sem læknirinn hafi fengið til hliðsjónar við rannsóknina. Í skýrslunni er síðan rakin ætt og uppruni stefnanda, sem fæddur sé í Bakkafirði í Norður-Múlasýslu þann 5. október 1916, einn af sjö systkinum, 5 bræðrum og 2 systrum. Ekki sé vitað um nein tilfelli af geðsjúkdómum í ætt stefnanda. Stefnandi hafi verið pasturslítill og veiklaður á barnsaldri og fjögurra ára gamall hafi hann veikst af berklum og þurft að dveljast á sjúkrahúsi af þeim sökum í samtals 4 ár. Um fermingaraldur hafi stefnandi farið að vinna fyrir sér og stundað meðal annars fiskverkun og sjósókn, þar til hann hafi flust til Reykjavíkur upp úr árinu 1940. Síðan er lýst störfum stefnanda hér syðra, allt þar til hann hafi veikst í byrjun júlímánaðar 1970, en eftir það hafi hann verið óvinnufær vegna bakveiki (ischias) og verið til læknismeðferðar vegna

þess. Þá segir, að stefnandi hafi aldrei verið kvæntur, enda hafi hann forðast bindandi sambönd vegna þess, að hann hafi ekki treyst sér til að taka á sig ábyrgðina á því að stofna heimili og setja börn í heiminn. Kynhvöt hans virtist, eftir því sem næst verði komist, hafa verið eðlilega háttað (heterosexual), en ekkert tiltakanlega sterk. Aldrei hafi hann sýkst af kynsjúkdómi. Þá segir, að stefnanda sé þannig lýst af öllum, sem upplýsingar hafi gefið um hann, að hann sé ákaflega samviskusamur og sérstakt prúðmenni í framkomu. Með afbrigðum óáreitinn. Engin saga sé um þunglyndi eða oflæti og ekkert, sem bendi til hrörnunar persónuleikans. Síðan segir orðrétt í skýrslu læknisins:

„Frásögn Flosa af samskiptunum við S, sem hann hefur verið kærður fyrir að hafa kynmök við, svo og kynnum hans af öðrum þeim telpum, sem tilnefndar eru í málsskjölum, ber við rannsóknina fullkomlega saman við framburð hans, eins og hann kemur fram í skýrslum lögreglunnar. Kynni hans af telpunum hefjast á þann hátt, að hann fær þær til að sendast fyrir sig eftir nauðsynjum, þegar hann er tæplega rólfær vegna einkenna frá ischiasgigtinni í bakinu. Hann gefur þeim aura fyrir sendiferðirnar og veitir þeim gosdrykk. Hann leyfir þeim að leika með bob-spil, sem hann hefur inni hjá sér. Hann hefur nokkra ánægju og félagsskap af nærveru þeirra. Eftir að hann kom til baka í íbúðina í Gunnarssundi 1, Hafnarfirði, um jólaleytið 1970, komu systurnar S og R nokkrum sinnum til þess að selja honum blöð og sníkja peninga. Eitt sinn voru þær systurnar með ærsl. Rak hann þær þá út, og fór sú eldri með góðu, en S, sú yngri, þráaðist við að fara, og varð hann að taka um úlnliðina á henni og toga hana út. Hún reiddist þá og beit hann í úlnliðinn. Segir hann, að sér hafi virst hún verða, í það skiptið, ofsalega reið. Hann hafði áður fundið inn á, að telpan gat orðið allheiftug, en annars var hún yfirleitt róleg. Þær systur hættu þá um tíma að venja komur sínar til hans, þar til haustið 1970, að sú yngri, S, fór að koma ein. Hann gaf henni einhverja aura fyrstu tvö skiptin, en í síðasta skiptið enga og þá hafi hún sagt: „Þá kæri ég þig bara“. Hann kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir, hvað hún meinti. Hann segir, að sér hafi aldrei dottið neitt kynferðislegt í hug í sambandi við samskipti sín við telpurnar og það hafi aldrei hvarflað að sér, að neinum kynni að þykja eitthvað grunsamlegt við, að telpurnar væru að heimsækja sig. Hann segir, að þær hafi aldrei leitað á sig sexualt eða flangsað utan í sér né hafi þær talað um neina kynferðislega hluti við sig. Hann kveðst hafa orðið mjög

undrandi, þegar hann var tekinn fastur af lögreglunni og heyrði, hverjum sökum hann var borinn. Það hafi fengið mjög á sig, sett sig úr jafnvægi og fyllt sig uppgjafartilfinningu".

Enn segir orðrétt í skýrslu læknisins:

„Í samtölum virtist Flosi ekki sérlega spenntur nema rétt til að byrja með. Hann er full áttaður á stað og stundu, en virðist sérlega gleyminn. Hann á mjög erfitt með að tímasetja atburði og halda réttri tímaröð. Hann virðist jafn gleyminn á nýorðna atburði og þá, sem gerst hafa fyrir löngu, og virðist litlu skipta, hvort atburðirnir hafa haft meiri eða minni þýðingu fyrir hann tilfinningalega. Það myndast við hann eðlileg geðtengsl, þótt hann sé nokkuð seinn að mynda þau og eins og á verði í byrjun. Við seinni samtöl er hann frjálslegri en við þau fyrri. Tilfinningar hans virðast hafa eðlilega dýpt. Geðslag virðist nánast hlutlaust. Það eru engin merki um ofskynjanir. Hann kemur ekki fram með neinar ranghugmyndir. Greind hans virðist í góðu meðallagi. Hann virðist eiga erfitt með að tjá reiði eða gremju. Hann talar áberandi vel um alla og ræðst ekki í orði á neinn mann. Árásargirnd hans kemur fyrst og fremst fram í blótsáhersluorðum og „réttlátri" gremju út í aðstöðu á vinnustað. Þrátt fyrir erfiðleika að tjá tilfinningar sínar, hefur hann ríka þörf fyrir það. Hann er mjög leitandi eftir stuðningi". Í skýrslunni segir og, að Gylfi Ásmundsson sálfræðingur hafi framkvæmt sálfræðilega rannsókn á stefnanda á tímabilinu 13.—17. desember 1971 og hafi niðurstöður sálfræðingsins verið þessar: „Við rannsókn koma ekki fram einkenni um meiriháttar geðveiki eða truflanir á greindarfari, sem gerðu hann óábyrgan gerða sinna í lagalegum skilningi.

Hann reyndist vera í meðallagi, hvað snerti starfhæfa greind, en eðlisgreind er að líkindum eitthvað hærri. Nýtist honum ekki greind að fullu vegna einbeitingarerfiðleika eða minniháttar skerðingar á andlegum hæfileikum af vefrænum orsökum, nema hvort tveggja sé.

Flosi er haldinn djúpstæðri taugaveiklun, sem rekja má til barnæsku. Einkennist hún mest af þunglyndi og kvíða, en að baki býr rík ófullnægð ástúðar- og geðtengslaþörf. Afleiðingar þess eru m. a. kynferðisleg og félagsleg vandamál, sem kynnu að koma fram í löngun til kynferðislegra samskipta við smástelpur. Hins vegar eru tilfinningar hans það djúpar og geðstjórn það góð, að mjög ólíklegt er, að hann myndi leyfa sér slíkt nema við óvenjulegar aðstæður, eins og t. d. undir áfengisáhrifum, og þyrfti þá

trúlega einhver provokation frá hinum aðilanum að koma til. Flosi kemur fyrir sem einlægur og hjálparleitandi maður, og sé ég ekki ástæðu til að rengja framburð hans um sakleysi sitt, nema aðrar líkur fyrir sekt hans komi til".

Álit Jóhannesar Bergsveinssonar læknis í lok skýrslunnar er svohljóðandi orðrétt: „Flosi Halldórsson er hvorki geðveikur, geðvilltur né fáviti. Hins vegar koma fram hjá honum einkenni djúpstæðrar taugaveiklunar (neurosis), aðallega kvíði, innri spenna og þunglyndi. Auk þess hefur hann einkenni skapgerðartruflunar (karakterneurosis). Kemur það m. a. fram í því, að hann bælir um of eðlilega árásarhvöt (er anti-agressiv), veitist erfitt að taka á sig ábyrgð eða glíma við vandamál. Þessar skapgerðartruflanir hafa hindrað hann í að nálgast nýja einstaklinga og stofna til kunningsskapar við þá og í því að viðhalda tengslum við eldri vini og kunningja. Þessa gætir einnig í sambandi við kynlíf hans þannig, að hann hefur forðast að stofna til varanlegs sambands við konur og ekki treyst sér til að taka á sig ábyrgð á að sjá heimili farborða eða annast uppeldi barna.

Við rannsóknina kemur ekkert fram, sem bendir til þess, að kynlíf hans sé að öðru leyti truflað. Áttun hans á kynlífssviðinu virðist eðlileg (heterosexual). Hann virðist yfirleitt hafa haft kynlífssambönd við fullþroska og þá fremur miðaldra konur.

Greind flosa er í meðallagi, og bendir niðurstaða greindarprófs til þess, að eðlisgreind sé eitthvað meiri en starfhæf greind.

Minni hans er fremur ónákvæmt, og hann á erfitt með að tímasetja nákvæmlega atburði. Þetta á jafnt við um nýorðna atburði og þá, sem gerst hafa fyrir löngu. Virðist það litlu skipta, hvort þeir voru þýðingarmeiri eða þýðingarminni.

Þessar truflanir á greind og minni gætu hugsanlega verið af völdum byrjandi ellihrörnunar í miðtaugakerfi, en ekki komu fram önnur einkenni hennar við skoðun, í viðtölum eða heilaafriti (EEG).

Tilfinningalíf hans virðist hafa eðlilega dýpt, og geðstjórn hans er góð. Hann neytir að vísu áfengis, en sjaldan og í hófi. Hefur aldrei lent í vandræðum vegna áfengisneyslu, svo vitað sé. Hann fær orð fyrir að vera sérlega áreiðanlegur, samviskusamur, dagfarsprúður, óáreitinn maður, og við rannsóknina kemur ekkert fram, er stríði á móti því áliti.

Flosi Halldórsson hlýtur að teljast sakhæfur.

Þótt ófullnægð ástúðar- og geðtengslaþörf af völdum tauga-

veiklunar og skapgerðartruflana hans gæti hugsanlega komið fram í löngun til kynferðismaka við smátelpur, er þess að gæta, að vegna góðrar geðstjórnar er ólíklegt, að hann myndi leyfa sér slíkt, nema þá við óvenjulegar aðstæður. Ég tel því ekki ástæðu til þess að rengja framburð hans um sakleysi, nema miklar líkur fyrir sekt komi til".

Er stefnandi kom fyrir undirritaðan dómara í áðurnefndu þinghaldi 18. júní sl., staðfesti hann að öllu leyti skýrslur sínar fyrir rannsóknarlögreglu og rannsóknardómara, sem að framan eru raktar. Hann sagðist vera með kölkun og brjósklos í baki og hafa verið frá vinnu af þeim sökum, þegar ransókn sakamáls þess, sem mál þetta stafar frá, hófst, og sé það enn. Úrskurður um örorku hans af þessum sökum verði væntanlega kveðinn upp nú í haust.

Hann sagðist hafa tekið út gæsluvarðhaldsvist sína í sama klefa allan tímann í Hafnarfirði. Um aðbúnað þar sagði hann, að verst hafi verið, að svampdýna sú, er hann hafi haft sem hvílustað, hafi verið svo mjúk, að hann hafi af þeim sökum oft verið illa haldinn vegna bakveiki sinnar. Af þeim sökum hafi hann þurft á læknishjálp að halda, en ekki fengið, þótt hann hefði um beðið, þar á meðal sakadómarann, að því er hann endilega minnti. Hann hafi þó aðeins einu sinni beðið um læknishjálp, en þar sem því hafi verið neitað, hafi hann ekki endurtekið þá bón, enda sé hann ekki slíku vanur. Eftir að hann kom úr gæsluvarðhaldsvistinni, hafi hann leitað læknis, en þó ekki alveg strax, því að hann hafi verið mjög illa haldinn, enda hafi honum stórversnað vegna gæsluvarðhaldsvistarinnar.

Hann sagðist ekki hafa átt þess kost að fara í bað gæsluvarðhaldstímann allan, en einu sinni hafi hann fengið leyfi til þess að fara heim til sín og sækja nærföt. Yfirleitt hafi hreinlætisaðstaðan verið léleg, t. d. eitt óhreint handklæði til að þurrka sér á. Stefnandi tók fram, að sængurföt hafi verið teppi, en engin lök eða annað lín. Hann sagðist ekki geta sagt, að hann hefði orðið fyrir neinum tekjumissi vegna gæsluvarðhaldsvistarinnar. Þá sagði hann, að geðrannsókn hans hafi eigi verið lokið, á meðan gæsluvarðhaldsvist stóð. Hann hafi þurft að fara margar ferðir frá Keflavík til Reykjavíkur, eftir að gæsluvarðhaldsvistinni lauk, til þess að geðrannsókn héldi áfram og hefði hann þurft að kosta þessar ferðir sjálfur. Ekki sagðist hann muna, hve margar þessar ferðir hefðu verið, en hann hafi verið ákveðinn í því að láta ljúka geðrannsókninni, enda hafi honum verið sagt, að til þess bæri honum skylda.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi orðið fyrir mjög alvarlegum miska vegna handtöku sinnar, langvarandi gæsluvarðhalds og vegna geðrannsóknar, sem hann hafi orðið að sæta, og hafi gæsluvarðhaldsvistin orðið enn þungbærari, þar sem hann sé sjúklingur og öryrki. Hann eigi því kröfu til bóta úr ríkissjóði samkvæmt heimild í XVIII. kafla laga nr. 82/1961. Hann hafi setið í gæsluvarðhaldi í alls 28 daga, eða í samtals 30 daga, ef með séu taldir bæði dagurinn, sem hann var settur inn í fangaklefa, og dagurinn, sem hann var látinn laus. Hann hafi alla tíð neitað öllum sakargiftum og engar sannanir hafi komið fram í málinu, sem styddu framburð framannefndrar telpu. Á hinn bóginn hafi komið fram atriði, sem styðji framburð hans um, að sakargiftir telpunnar séu rangar. Megi þar helst benda á, að hún hafi engum sagt frá hinum meintu kynmökum áður. Langalvarlegastar séu hinar sálarlegu kvalir, sem hann hafi orðið að þola við það að sitja allan þennan tíma saklaus í gæsluvarðhaldi. Engum blöðum sé um það að fletta, að honum beri ríflegar bætur úr ríkissjóði vegna þess miska, sem hann hafi orðið fyrir. Í því sambandi megi vekja sérstaklega athygli á því, að hann hafi aðeins lítillega verið yfirheyrður, meðan á gæsluvarðhaldsvistinni stóð, og aldrei verið yfirheyrður allan seinni hluta varðhaldstímans, nema þegar honum var sleppt að lokum.

Með bréfi, dags. 11. ágúst 1972, hafi saksóknari fellt niður ákæru á hendur honum, en vitneskju um niðurfellinguna hafi hann fyrst fengið í október 1972, eða um 11 mánuðum eftir að rannsókn málsins hafi verið lokið. Þannig hafi hann orðið að bíða lengi í óvissu um endalok málsins.

Til stuðnings sýknukröfunni hefur umboðsmaður stefnda eftirfarandi fram að færa í greinargerð sinni:

„Þótt ég vilji enganveginn neita því, að mistök kunni að hafa átt sér stað í rannsókn þessa máls, sem stefnt er út af, enda líklegast, eftir á skoðað, að stefnandi muni saklaus af verknaði þeim, sem á hann var borinn, þá þarf það ekki endilega að leiða til skaðabótagreiðslu, eins og málavöxtum er háttað. Viðbrögð lögreglu og rannsóknarvaldsins voru eðlileg, eins og á stóð, og varð að sjálfsögðu ekki hjá því komist að beita gæsluvarðhaldi. Hitt er annað, að rannsóknin hefði mátt ganga hraðar, en það atriði getur út af fyrir sig ekki valdið bótaskyldu. Verður þetta rakið nánar í munnlegum flutningi málsins.

Til vara er krafist stórfelldrar lækkunar stefnukröfunnar, enda

er hún með öllu órökstudd og ósundurliðuð. Ég tel hugsanlegar bætur aldrei geta farið fram úr 75—100 þús. kr., svo einhverjar fjárhæðir séu nefndar. Stefnandi varð ekki fyrir neinu atvinnueða tekjutjóni og þó hann hafi orðið fyrir nokkrum óþægindum, þá má vel til sanns vegar færa, að hann eigi þar nokkra sök sjálfur.

Í máli þessu má annars hafa í huga, að rannsóknin reyndist ekki að ófyrirsynju, þar sem hún leiddi í ljós stórfellt misferli, enda þótt stefnandi ætti þar ekki hlut að máli".

Í sókn stefnanda, er lögð var fram í þinghaldi 20. júní sl., eru kröfur hans rökstuddar frekar og vitnað til 150. gr. laga nr. 82/1961. Síðan eru talin upp nokkur atriði, sem stefndi telur, að eigi að hafa áhrif á mat dómarans, þegar hann ákvarði stefnanda bætur. Þessi atriði eru svohljóðandi:

„1. Frelsissviptingin sjálf er ákaflega alvarleg. Umbjóðandi minn þurfti að dveljast í eins manns klefa í 30 daga. Hann fékk ekki að sjá dagblöð, útvarp af skornum skammti, heimsóknir fékk hann engar. Þarna þurfti hann að sitja í aðgerðarleysi og leiðindum langan tíma.

2. Sálarangist manns, sem veit sig saklausan, hlýtur að vera mikil reiði gegn þeim, sem valda honum þessari óhamingju, óttinn við að þetta ætli aldrei að taka enda, sérstaklega þegar gæsluvarðhaldsvistin var framlengd um 14 daga til viðbótar, allt hlýtur að hafa mikil áhrif, þegar miskabótafjárhæðin er ákvörðuð.

3. Það er augljóslega mikil smán, sem fylgir því að verða að sitja í gæsluvarðhaldi, sérstaklega svona langan tíma. Gæsluvarðhaldsvistin verkar sem dómur. Almenningur dæmir mann sekan, sem er í gæsluvarðhaldi. Jafnvel þótt saksóknari hafi ekki ákært umbj. minn fyrir neitt brot, þá gerir almenningur það. Fólk hugsar sem svo: Hann hlýtur að vera sekur, það bara sannaðist ekki. Að minnsta kosti var rannsóknardómarinn alveg viss um sekt hans. Annars hefði hann aldrei úrskurðað hann í gæsluvarðhald. Og meira að segja framlengdi hann gæsluvarðhaldsvistina. Þannig verkar gæsluvarðhald á ímynd almennings, og þetta ber sérstaklega að hafa í huga, þegar miskabætur eru ákvarðaðar. Gæsluvarðhaldið stóð yfir í 30 daga, en smánin hún varir ævilangt.

4. Umbjóðandi minn var úrskurðaður til að sæta geðrannsókn, og þessi geðrannsókn hélt áfram, löngu eftir að gæsluvarðhaldsvistinni lauk. Samkvæmt 151. gr. laga um meðferð opinberra mála er gert ráð fyrir, að menn fái sérstakar miskabætur, vegna

þess að þeir þurfa að sæta geðrannsókn. Í þessu sambandi má benda á, að umbjóðandi minn hefur borið, að hann hafi þurft að fara frá Keflavík til Reykjavíkur margar ferðir á eigin kostnað vegna geðrannsóknarinnar. Þetta er nokkurs konar frelsisskerðing, og ber að hafa þetta atriði í huga við ákvörðun miskabóta.

5. Ég vil benda á, að gæsluvarðhaldsvistin var óþarflega löng. Umbjóðandi minn var ekkert yfirheyrður allan síðari helming tímans, sem hann sat inni.

6. Aðbúnaðurinn í varðhaldinu var óhæfur. Virðast greinilega hafa verið brotnar heilbrigðisreglur. Þannig kom fram, að hann fékk aldrei að fara í bað allan gæsluvarðhaldstímann. Aðeins einu sinni hafði hann fengið leyfi til að fara heim til sín og sækja nærföt og yfirleitt hafði hreinlætisaðstaða verið léleg. Til dæmis eitt óhreint handklæði til að þurrka sér á. Sængurföt hafi aðeins verið teppi, en engin lök eða annað lín.

7. Umbjóðandi minn var sjúklingur á þessum tíma og er það enn. Hann kveðst ganga með kölkun og brjósklos í baki og hafi verið frá vinnu af þeim sökum, þegar rannsókn sakamálsins hófst. Hann segist hafa tekið út gæsluvarðhaldsvistina í sama klefa í Hafnarfirði allan tímann. Hann segir, að verst hafi verið, að svampdýna sú, sem hann hafi haft sem hvílustað, hafi verið svo mjúk, að hann hafi af þeim sökum oft verið illa haldinn vegna bakveiki sinnar. Af þeim sökum hafi hann þurft á læknishjálp að halda, en ekki fengið, þó að hann hafi um hana beðið, þar á meðal sakadómarann, að því er hann endilega minnir. Þetta sýnir, að umbjóðandi minn þurfti að sæta sérstaklega harðneskjulegri meðferð í gæsluvarðhaldinu, og ber að hafa þetta í huga við ákvörðun miskabótanna.

8. Samkvæmt gögnum málsins virðist rannsókn málsins hafa verið lokið, að minnsta kosti hvað umbj. minn varðar, 12. desember 1971. Fyrst átta mánuðum síðar felldi saksóknari niður ákæru, en það var ekki tilkynnt umbjóðanda mínum. Ég gróf bréf saksóknara upp í október sama ár, og það var fyrst gegnum mig sem umbjóðandi minn fékk að vita um, að ekki yrði úr neinni málssókn á hendur honum. Þannig þurfti umbjóðandi minn að bíða í óvissu um málalok í 10 mánuði. Þetta er mjög alvarlegt framferði gagnvart umbjóðanda mínum, og ber að hafa þetta í huga við ákvörðun miskabóta".

Í nefndri sókn er þeirri fullyrðingu af hálfu stefnda sérstaklega mótmælt, að viðbrögð lögreglu og rannsóknarvalds hafi verið eðlileg eins og á hafi staðið. Nægilegt hafi verið að yfirheyra

stefnanda og komast þannig strax að raun um, að hann hafi verið saklaus og gæsluvarðhaldsvist því algerlega óþörf. Einnig sé því alfarið mótmælt, að stefnandi eigi nokkra sök á því sjálfur, að hann hafi orðið fyrir óþægindum. Loks er á það bent, að af hálfu stefnda sé því ekki neitað, að mistök hafi átt sér stað í sambandi við mál þetta.

IV.

Svo sem áður er getið, varð útivist af hálfu stefnda í þinghaldi 19. júní sl. Verður þá samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma mál þetta eftir framkomnum kröfum, skilríkjum og sókn stefnanda og með tilliti til þess, sem fram er komið af hálfu stefnda.

Rannsókn sú, er beindist að stefnanda og mál þetta er risið af, var felld niður með bréfi saksóknara ríkisins, dags. 11. ágúst 1972. Af hálfu stefnda er viðurkennt, að mistök kunni að hafa átt sér stað við þá rannsókn, og líklegast talið, að stefnandi muni saklaus af verknaði þeim, sem á hann er borinn.

Gegn staðfastlegum neitunum stefnanda er ósannað, að hann hafi gerst sekur um þann verknað, er var tilefni þess, að hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald, fyrst 14. nóvember 1971 og aftur 28. nóvember s. á., í 14 daga hvort sinn. Af þeim sökum og með tilvísun til þess, sem að framan er rakið, á stefnandi rétt til bóta fyrir gæsluvarðhald að ósekju samkvæmt 150. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 152. gr. sömu laga, er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 3. tl. 154. gr. og 155. gr. nefndra laga, enda liggur ekkert fyrir um það, að stefnandi hafi sjálfur átt sök á þeim aðgerðum, sem hann reisir kröfur sínar á.

Þegar virtur er verknaður sá, sem stefnandi var sakaður um, tími sá, er hann sat í gæsluvarðhaldi að ósekju, og aðbúnaður hans þar, með hliðsjón af heilsufari hans, þykja bætur honum til handa að öðru leyti eftir aðstæðum öllum hæfilega ákveðnar kr. 250.000.

Af hálfu stefnanda var sótt um gjafsóknarleyfi við rekstur þessa máls. Í bréfi, dags. 6. desember 1972, sem lagt hefur verið fram í málinu, tekur dómsmálaráðuneytið fram, að samkvæmt ákvæði í 154. gr. laga nr. 82/1961 sé hér um lögbundna gjafsókn að ræða og fari því um greiðslu málskostnaðar í samræmi við ákvæði fyrrnefndrar lagagreinar. Með vísan til greinds lagaákvæðis á stefnandi rétt á gjafsókn við rekstur máls þessa.

Niðurstaða málsins er þá sú, að fjármálaráðherra f. h. ríkis-

sjóðs verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 250.000 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. desember 1971 til greiðsludags, svo sem krafist er í stefnu, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 43.000, en af þeirri fjárhæð hljóti lögmaður stefnanda, Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, kr. 40.000 í málssóknarlaun.

Björn Þ. Guðmundsson setudómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Flosa Halldórssyni, kr. 250.000 með 7% ársvöxtum frá 12. desember 1971 til greiðsludags svo og gjafsóknarkostnað, kr. 43.000, þar með talin málflutningslaun lögmanns stefnanda, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. júní 1975.

Nr. 57/1975. **Jón Bjarnason**
gegn
Valdimar Þórðarsyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Lögmannsþóknun. Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Stjórnarmenn í Lögmannafélagi Íslands, hæstaréttarlögmennirnir Guðjón Steingrímsson, Ragnar Aðalsteinsson, Skúli Pálsson og Sveinn H. Valdimarsson svo og Sigurður Georgsson héraðsdómslögmaður, kváðu 2. apríl 1975 upp hinn kærða frávísunarúrskurð.

Sóknaraðili, sem fékk vitneskju um framangreindan úr-

skurð hinn 10. apríl 1975, hefur kært hann hinn 21. apríl s. á. samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Barst kæran Hæstarétti 6. maí s. á. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands að taka til úrskurðar, hver sé hæfileg þóknun vegna starfa þeirra, sem Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður innti af hendi fyrir varnaraðilja og greind eru í úrskurðinum. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðilja vegna flutnings málsins fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands. Enn fremur krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 2. apríl 1975.

Með bréfi, dags. 18. nóvember 1969, óskuðu þeir Sigurðliði Kristjánsson og Valdimar Þórðarson, að stjórn LMFÍ úrskurðaði um 2 reikninga, er Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður og Páll Magnússon, cand. juris, höfðu sent þeim fyrir málflutningslaun í svokölluðum stóreignaskattsmálum.

Samkomulag varð um, að tvö mál væru rekin um þetta efni fyrir stjórn LMFÍ, þannig að Sigurliði væri aðili að öðru málinu, en Valdimar að hinu.

Mál Sigurliða gegn Gústaf A. Sveinssyni var sótt og varið og úrskurður kveðinn upp í því máli hinn 17. desember 1970. Sú varð niðurstaða þess máls, að því var vísað frá stjórn LMFÍ, og er sá úrskurður byggður á vanreifun málsins og á því, að stjórn félagsins væri ekki bær um að úrskurða málið, þar sem Félag stóreignaskattsgreiðenda væri hinn rétti aðili að málinu, en stjórn LMFÍ hefði ekki úrskurðarvald yfir því félagi.

Úrskurður stjórnar LMFÍ frá 17. desember 1970 í máli Sigur-

liða Kristjánssonar gegn Gústaf A. Sveinssyni var kærður til Hæstaréttar, en dánarbú Gústafs A. Sveinssonar féll frá kærumálinu með bréfi, dags. 21. febrúar 1972, en Gústaf féll frá 5. janúar 1971.

Greinargerð af hálfu Gústafs A. Sveinssonar í máli því, sem hér liggur fyrir, var lögð fram á fundi stjórnar LMFÍ hinn 20. janúar 1970, og eru þar af hans hálfu gerðar þær kröfur, að laun hans fyrir flutning hinna svonefndu stóreignaskattsmála fyrir sóknaraðilja séu rétt reiknuð kr. 616.172. Jafnframt var áskilinn réttur til að krefjast málskostnaðar.

Í greinargerðinni er tilhögun málsins þannig lýst, að með lögum nr. 44 frá 1957 um skatt á stóreignir hafi fjölmörgum félögum og einstaklingum verið gert að greiða svonefndan skatt á stóreignir. Hafi síðan risið talsverð málaferli af þessum lögum og hafi þau upphaflega verið í höndum nefndra lögfræðinga, er hafi valið prófmál, sem höfðuð hafi verið gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Að gengnum dómum í héraði og fyrir Hæstarétti muni lögfræðinganefndin ekki hafa talið unnt að aðhafast meira í málum þessum, en hvatt menn til að greiða hinn álagða skatt.

Ýmsir aðiljar hafi þó verið því mótfallnir að láta sitja við svo búið, þar á meðal sóknaraðili, og hafi þeir bundist samtökum um að skjóta málinu til mannréttindanefndar Evrópuráðsins og hafi það verið gert í apríl 1959.

Jafnframt og samhliða þessu hafi fjölmörg mál verið höfðuð á bæjarþingi Reykjavíkur gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og síðar einnig fyrir fógetarétti, uppboðsrétti svo og fyrir Hæstarétti.

Hafi Gústaf A. Sveinsson að mestu farið með þessi mál.

Hafi mál þessi verið ákaflega flókin og vandasöm, sérstaklega málsskotið til mannréttindanefndarinnar, sem muni sennilega vera með því vandasamasta í málflutningsstarfi, sem lögmanni hafi verið falið hér á landi.

Hafi allt starf Gústafs A. Sveinssonar verið leyst af hendi með hinum mestu ágætum, enda hafi hann lagt í það geysilega vinnu.

Hafi árangur af starfi hans orðið stórkostlegri en hinir bjartsýnustu menn hafi þorað að vona.

Málsskotið til mannréttindanefndarinnar og hin víðtæku málaferli hér á landi hafi frestað allri innheimtu á stóreignaskattinum um 10 ára skeið og sé nú gjaldið meir en uppunnið með vaxtahagnaði, skattafrádrætti og lækkuðu verðgildi íslensku krónunnar.

Greinargerð af hálfu sóknaraðilja var lögð fram 28. apríl 1970.

Þar krefst hann sýknu af kröfu Gústafs A. Sveinssonar, og jafnframt krefst hann hæfilegs málskostnaðar.

Í greinargerðinni segir, að við álagningu samkvæmt lögum um stóreignaskatt frá 1957 hafi sóknaraðilja verið gert að greiða kr. 2.332.304 í stóreignaskatt. Hafi sóknaraðili gerst félagi í „Félagi stóreignaskattsgreiðenda", sem stofnað var á árinu 1961. Markmiðið með þessari félagsstofnun hafi verið að reka prófmál vegna álagningarinnar.

Hafi sóknaraðili fyrir löngu greitt félaginu sinn hlut í sambandi við málarekstur félagsins.

Hins vegar hafi sóknaraðili aldrei falið Gústaf A. Sveinssyni að fara með mál fyrir neinum dómstóli.

Með bréfi, dags. 22. júlí 1974, tilkynnti Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður (en hann var lögmaður Gústafs A. Sveinssonar í málinu) stjórn LMFÍ, að hann hafi keypt kröfu þá, sem mál þetta snýst um, á opinberu uppboði, sem haldið var í dánarbúi Gústafs A. Sveinssonar heitins hinn 3. júlí 1974.

Jafnframt krafðist lögmaðurinn þess, að munnlegur málflutningur yrði ákveðinn í málinu.

Málið hafði allt til þess að bréf lögmannsins var ritað legið niðri, þar sem talið var af fyrri stjórnum LMFÍ, að málið væri úr sögunni með samkomulagi málsaðilja.

Eftir að núverandi stjórn LMFÍ tók málið upp á ný, kom fram krafa sóknaraðilja um, að málið yrði hafið.

Fór fram munnlegur málflutningur um þetta atriði fyrir stjórn félagsins hinn 20. nóvember sl., og 18. desember 1974 kvað meiri hluti stjórnar LMFÍ, þeir Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður og Sigurður Georgsson héraðsdómslögmaður upp úrskurð þess efnis, að kröfu sóknaraðilja, Valdimars Þórðarsonar, um niðurfellingu málsins væri hafnað.

Var málinu frestað til munnlegs málflutnings um efnisatriði þess til 6. mars 1975 og flutt fyrir stjórn félagsins þann dag.

Lögmaður sóknaraðilja gerði þær kröfur fyrir stjórn LMFÍ, að stjórnin úrskurðaði þá kröfu skjólstæðings síns, Valdimars Þórðarsonar, að hann yrði úrskurðaður sýkn af kröfum gagnaðilja um að greiða honum kr. 553.172 vegna meintra lögfræðistarfa í þágu skjólstæðings síns.

Þá krafðist lögmaður sóknaraðilja málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Lögmaður varnaraðilja gerði þær kröfur fyrir stjórn LMFÍ,

að laun Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns fyrir flutning hinna svonefndu stóreignaskattsmála yrðu, að því er varðaði Valdimar Þórðarson, talin rétt reiknuð kr. 616.172.

Til vara krafðist lögmaður varnaraðilja þess, að sóknaraðilja yrði gert að greiða í þessu máli kr. 553.172, en til þrautavara kr. 216.172. Í öllum tilvikum krafðist lögmaðurinn málskostnaðar að mati stjórnarinnar.

Að loknum munnlegum málflutningi var málið tekið til úrskurðar.

Tilgangur 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 er sá að fá stjórn LMFÍ úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana.

Þar sem hér er um algera sérreglu að ræða, verður að skýra hana þröngt, þannig að úrlausn ágreinings um, hvort málflutningsstarf hafi verið innt af hendi í þágu ákveðins aðilja, eins og hér er um deilt, ber ekki undir stjórn LMFÍ.

Þegar af þeirri ástæðu er rétt að vísa máli þessu frá stjórn LMFÍ.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá stjórn Lögmannafélags Íslands.
Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 5. júní 1975.

Nr. 56/1974. **Dagmar Árnadóttir**
Karen Árnadóttir og
Guðný Árnadóttir
(Hörður Einarsson hrl.)
gegn
Ríkisútvarpinu og
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
Sverri Kristjánssyni og gagnsök
(Sigurður Baldursson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Flutningur sjónvarpsefnis. Lögbannsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 14. mars 1974. Dómkröfur aðaláfrýjenda eru þessar:

I. Aðallega, að dæmt verði óheimilt að sýna í sjónvarpi þann hluta viðtalsþáttar Péturs Péturssonar við gagnáfrýjanda Sverri Kristjánsson, er sýna átti 2. nóvember 1973, þar sem fjallað er um föður þeirra, Árna Pálsson prófessor.

Til vara, að dæmt verði óheimilt að sýna í sjónvarpi þann hluta nefnds viðtals, sem hefst á orðunum „Jú, hann kom sumarið eða vorið 1937 ...“ og lýkur með orðunum „... þegar við förum að keppa um prófessoratið eftir Árna Pálsson“.

Til þrautavara, að dæmt verði óheimilt að sýna í sjónvarpi þann hluta nefnds viðtals, sem hefst á orðunum: „Og þeir höfðu víst vandrað ...“ og lýkur með orðunum „... þegar við förum að keppa um prófessoratið eftir Árna Pálsson“.

Enn til vara, að dæmt verði óheimilt að sýna í þættinum mynd af Árna heitnum Pálssyni prófessor eftir Örlyg Sigurðsson listmálara.

II. Aðallega, að staðfest verði lögbann það, sem lagt var

við því 2. nóvember 1973, „að minnst yrði á Árna heitinn Pálsson prófessor í viðtalsþætti Péturs Péturssonar og Sverris Kristjánssonar í sjónvarpinu í kvöld".

Til vara, að lögbann þetta verði staðfest, að því er varðar þá hluta framangreinds viðtals, sem dæmt verði óheimilt að sýna.

III. Í öllum tilvikum krefjast aðaláfrýjendur þess, að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 28. mars 1974. Krefjast þeir sýknu af kröfum aðaláfrýjenda og málskostnaðar óskipt úr þeirra hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómendur Hæstaréttar hafa horft á sjónvarpsþátt þann, sem um er fjallað í málinu.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf 16. maí 1975 frá Ríkisútvarpinu — Sjónvarpi — varðandi vinnubrögð við gerð sjónvarpsþáttar slíks sem í málinu greinir.

Árni Pálsson prófessor andaðist 7. nóvember 1952. Aðild aðaláfrýjenda að máli þessu er eigi vefengd, sbr. 25. gr. laga nr. 19/1940.

Málssókn þessi beinist að því, að gagnáfrýjanda Ríkisútvarpinu verði dæmt óheimilt að sýna í sjónvarpi viðtalsþátt Péturs Péturssonar við gagnáfrýjandann Sverri, þar sem nokkuð er rætt um Árna Pálsson. Aðiljar eru sammála um, að þau ummæli, sem lúta að Árna Pálssyni séu tæmandi greind í hinum áfrýjaða dómi.

Af þeim ástæðum, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, er ósannað, að fyrirsvarsmenn Ríkisútvarpsins, sem til þess voru bærir, hafi skuldbundið stofnunina um það, að gagnáfrýjandinn Sverrir yrði ekki látinn fjalla um Árna Pálsson í hljóðvarpi eða sjónvarpi.

Þeir hlutar sjónvarpsþáttar þess, sem um er deilt í málinu, þykja hvorki að efni, orðfæri, tjáningarformi, myndrænni gerð né ytra búningi að öðru leyti vera með þeim hætti, að fullnægjandi rök séu til að telja þá brjóta í bága við lagareglur um æruvernd og friðhelgi einkalífs eða grundvallar-

reglur um persónuvernd, þannig að birting verði dæmd óheimil. Þá verður eigi talið, að rök liggi til þess að banna sýningu á mynd þeirri, sem kröfur í málinu lúta að.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Lögbann það, sem á var lagt 2. nóvember 1973, var víðtækara en lög leyfa. Fógeti gætti eigi ákvæða 27. gr., sbr. 9. gr. og 1. mgr. 12. gr. laga nr. 18/1949. Þá kvaddi hann gerðarþola ekki til samkvæmt 2. mgr. 28. gr. sömu laga, er lögbannið var á lagt, en engin rök hafa verið að því leidd, að þess hafi eigi verið kostur.

Í málinu hafa nokkrar dómskýrslur verið teknar á segulbönd, en eigi skráðar í þingbók. Málflytjendur aðilja í héraði samþykktu, að þessi háttur yrði á hafður, og efni skýrslnanna er eigi vefengt. Eru þær því lagðar til grundvallar við úrlausn málsins. Um dómskýrslur, sem teknar eru á segulbönd, vísast til athugasemda í dómi Hæstaréttar 8. nóvember 1974 um þetta efni.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. þ. m., hafa þær systurnar Dagmar og Karen Árnadætur, Vesturgötu 50 A, og Guðný Árnadóttir, Faxaskjóli 16, allar í Reykjavík, höfðað á hendur Ríkisútvarpinu, Skúlagötu 4, og Sverri Kristjánssyni, Seljavegi 11, báðum í Reykjavík, með réttarstefnu, útgefinni 8. nóvember 1973 og birtri fyrir stefndu 9. s. m.

Dómkröfur stefnenda eru þessar:

1) Dæmt verði óheimilt að sýna í sjónvarpi þann hluta viðtalsþáttar Péturs Pétursonar við stefnda Sverri Kristjánsson, er sýna átti 2. nóvember 1973, þar sem fjallað er um föður stefnenda, Árna heitinn Pálsson prófessor.

2) Staðfest verði lögbann, sem hinn 2. nóvember 1973 var lagt

við því, „að minnst yrði á Árna heitinn Pálsson í viðtalsþætti Péturs Péturssonar og Sverris Kristjánssonar í Sjónvarpinu í kvöld".

3) Stefndu verði dæmdir til að greiða stefnendum málskostnað eftir mati dómsins, þar á meðal lögbannskostnað.

Stefndu gera þær dómkröfur, að framangreint lögbann verði fellt niður og þeir verði sýknaðir af kröfum stefnenda í máli þessu og stefnendur verði dæmdir til þess að greiða stefndu málskostnað að mati dómsins.

Báðir hinna stefndu hafa uppi áskilnað um að koma síðar að fébótakröfum á hendur stefnendum vegna lögbannsins.

Við munnlegan flutning málsins setti lögmaður stefnenda fram varakröfu um það, að dæmt yrði óheimilt að sýna í sjónvarpi að minnsta kosti þann hluta viðtalsins, sem kemur fram á 2. síðu á dskj. nr. 6 og hefst á orðunum: „Jú, hann kom sumarið eða vorið 1937 ..." og aftur að neðstu greinarskilunum á síðunni. Enn fremur krafðist lögmaður stefnenda þá til vara, að fellt yrði niður á sömu síðu dskj. nr. 6 frá orðunum: „Og þeir höfðu víst vandrað ..." og niður að neðstu greinaskilunum á síðunni.

Þá setti lögmaður stefnenda fram þá varakröfu, að því er staðfestingu lögbannsins snertir, að ef það yrði ekki staðfest í heild, þá yrði það að minnsta kosti staðfest, að því er ofangreinda kafla varðar.

Að endingu krafðist lögmaður stefnenda þess við munnlegan flutning, að bannað yrði að sýna í sjónvarpsþættinum skopmynd af Árna heitnum Pálssyni prófessor eftir Örlyg Sigurðsson listmálara.

Lögmenn stefndu samþykktu, að varakröfur stefnenda kæmust að í málinu, en kröfðust þó sýknu af þeim.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavexti kveða stefnendur þá, sem hér greinir:

Hinn 22. júlí 1973 var útvarpað í hljóðvarpi viðtali, sem Vilmundur Gylfason átti við stefnda Sverri. Í útvarpsþætti þessum var rætt um föður stefnenda, Árna heitinn Pálsson prófessor. Telja stefnendur ýmis ummæli stefnda Sverris í umrætt sinn hafa verið mjög meiðandi fyrir minningu föður þeirra. Hinn 6. desember 1973 þingfestu stefnendur sérstakt mál á hendur stefnda Sverri til þess að fá hin meiðandi ummæli dæmd dauð og ómerk.

Stuttu eftir framangreindan útvarpsþátt fóru stefnendur á

fund Hjartar Pálssonar, dagskrárstjóra Ríkisútvarpsins (hljóðvarps), og kvörtuðu undan þættinum. Halda stefnendur því fram í stefnu, að dagskrárstjórinn hafi þá gefið þeim loforð um það, að stefndi Sverrir yrði ekki látinn fjalla aftur um föður þeirra á vegum Ríkisútvarpsins, hvorki í hljóðvarpi né sjónvarpi. Vitni að þessu loforði segja stefnendur, að hafi verið Torfi Hjartarson, fyrrverandi tollstjóri, frú Anna Jónsdóttir, eiginkona hans, svo og Kristján Albertsson rithöfundur.

Hjörtur Pálsson dagskrárstjóri hefur komið fyrir réttinn og borið, að hann hafi setið téðan fund með stefnendum og fleira fólki, þar sem útvarpsstjóri hafi eigi getað komið því við að mæta á fundi þessum. Kvaðst Hjörtur hafa orðið þess áskynja, að stefnendum hafi mislíkað framangreint viðtal Vilmundar Gylfasonar við stefnda Sverri hinn 22. júlí 1973, og þar sem honum hafi verið orðið það ljóst, hversu mikið tilfinningamál þetta væri afkomendum og venslamönnum Árna heitins Pálssonar prófessors, hafi hann talið, að það væri best í ljósi þessarar reynslu að reyna að forðast, að slík óánægja kæmi upp aftur, eftir því sem föng væru á. Af þessum ástæðum kvaðst Hjörtur hafa heitið því, að meðan hann starfaði við Ríkisútvarpið, skyldi hann ekki kveðja Sverri Kristjánsson til þess að fyrra bragði að tala sérstaklega um Árna heitinn Pálsson prófessor, en með því kvaðst hann hafa átt við það, að hann mundi ekki, ef svo skipaðist, að ástæða væri talin til þess að láta flytja erindi um Árna Pálsson eða setja saman dagskrárþátt, sem sérstaklega fjallaði um hann, þá mundi hann ekki biðja Sverri Kristjánsson þess að sjá um þann þátt eða flytja það erindi eða hafa neitt frumkvæði um það. Þetta loforð kveðst Hjörtur Pálsson ekki á nokkurn hátt hafa gefið fyrir hönd sjónvarpsins, því að til þess hafi hann enga heimild. Ekki mundi Hjörtur, hvort hann hefði notað orðið hljóðvarp í umrætt sinn, en hann gat þess, að sér væri það orð ekki tamt að jafnaði og kunni hann að hafa sagt útvarp, en þá gildi það eingöngu fyrir hljóðvarpið, enda sé réttarstöðu hans sem starfsmanns Ríkisútvarpsins þannig farið, að hann hafi ekkert um efni sjónvarpsins að segja og hefði aldrei látið sér detta í hug að fara að skipta sér af dagskrá þess á nokkurn hátt og ekki getað gefið nein bindandi loforð fyrir þess hönd.

Stefnandinn Karen Árnadóttir hefur borið, að eftir framangreindan útvarpsþátt hafi hún átt símtal við Andrés Björnsson útvarpsstjóra og farið fram á það við hann, að stefndi Sverrir yrði ekki látinn tala oftar um Árna Pálsson í útvarpið og hafi

útvarpsstjóri lofað því, að stefndi Sverrir yrði ekki látinn fjalla aftur um föður þeirra stefnendanna.

Hinn 16. október 1973 segir Karen Árnadóttir, að Pétur Pétursson þulur hafi átt símtal við sig og tjáð sér, að hann væri að vinna að viðtalsþætti við Sverri Kristjánsson fyrir sjónvarpið og óskaði eftir samvinnu við hana, þar sem rætt yrði m. a. um föður hennar, Árna heitinn Pálsson. Þessari beiðni Péturs kveðst Karen hafa hafnað vegna loforðs framangreindra fyrirsvarsmanna Ríkisútvarpsis frá sumrinu áður þess efnis, að stefndi Sverrir yrði ekki framar látinn fjalla um föður þeirra stefnenda í Ríkisútvarpinu. Sneru stefnendur sér til útvarpsstjóra með ósk um, að ekki yrði rætt við stefnda Sverri um föður þeirra. Segja stefnendur, að útvarpsstjóri hafi reynt að fá þessu til leiðar komið, en án árangurs.

Framangreindur viðtalsþáttur Péturs Péturssonar þuls við Sverri Kristjánsson var auglýstur á dagskrá sjónvarpsins að kvöldi föstudagsins 2. nóvember 1973. Stefnendur kveða sér hafa verið kunnugt um það, að stefndi Sverrir mundi ræða um föður þeirra, Árna heitinn Pálsson, í sjónvarpsþættinum.

Hinn 2. nóvember 1973 mættu stefnendur fyrir Jóni P. Emils, fulltrúa yfirborgarfógeta í Reykjavík, í fógetarétti Reykjavíkur að Skólavörðustíg 11 og skýrðu fulltrúanum frá því, að þá um kvöldið væri fyrirhugað að sýna framangreindan þátt í sjónvarpinu. Kváðust þær systurnar hafa rökstuddan grun um, að í þessum þætti mundi stefndi Sverrir ræða um föður þeirra, Árna heitinn Pálsson prófessor, ef að líkum léti miðað við útvarpserindi sama fyrirlesara hinn 22. júlí 1973. Þær systur vildu fá lagt lögbann við því, að í þessum þætti yrði minnst á Árna Pálsson prófessor. Gat fógetinn þess, að hann sæi „ekkert til fyrirstöðu, að lögbann það, sem hér um ræðir, nái fram að ganga gegn tryggingu". Fógeti lagði nú lögbann við því, „að minnst yrði á Árna heitinn Pálsson prófessor í viðtalsþætti Péturs Péturssonar og Sverris Kristjánssonar í sjónvarpinu í kvöld".

Ákvað fógeti, að gerðarbeiðendur settu tryggingu að fjárhæð kr. 30.000, sem gerðarbeiðandinn Dagmar Árnadóttir greiddi.

Eftir þetta var fógetarétturinn fluttur að Laugavegi 176 í húsakynni sjónvarpsins, og var þar mættur framkvæmdastjóri þess, Pétur Guðfinnsson, og með honum lögfræðingur Ríkisútvarpsins, Þór Vilhjálmsson prófessor. Lögfræðingurinn óskaði bókað, að hann mótmælti því, að gerð þessi færi fram. Í fyrsta lagi vegna þess, að hann teldi, að Ríkisútvarpið þyrfti ekki almennt at sæta

slíku lögbanni. Í öðru lagi sagði lögfræðingurinn, að Pétur Pétursson teldi, að engin ólögmæt ummæli væru í þættinum um Árna heitinn Pálsson. Enn fremur tók lögfræðingurinn það fram, að bæði í gær og í dag hefði gerðarbeiðendum staðið til boða að hlýða á umræddan þátt. Tók þá fógetinn fram, „að umrætt lögbann væri þegar á lagt".

Er mál þetta höfðað m. a. til staðfestingar á lögbannsgerð þessari, svo sem rakið er í upphafi dómsins.

Hinn 14. janúar 1974 fóru fram yfirheyrslur í máli þessu fyrir bæjarþinginu. Komu þá stefnendur málsins fyrir rétt svo og Hjörtur Pálsson dagskrárstjóri og gáfu skýrslu. Síðan var málinu frestað til 4. febrúar 1974, og hugðist lögmaður stefnenda þá leiða fyrir rétt til vitnisburðar þau hjónin Torfa Hjartarson, fyrrverandi tollstjóra, og Önnu Jónsdóttur, frú hans.

Þegar málið var tekið fyrir framangreindan dag, lýsti lögmaður stefnenda því yfir, að Torfi Hjartarson hefði ekki getað mætt til vitnisburðar sakir starfa sinna sem ríkissáttasemjari þennan dag. Óskaði lögmaðurinn eftir fresti til þess að kveðja þau hjónin fyrir rétt til vitnisburðar um það loforð, sem stefnendur halda fram, að Hjörtur Pálsson dagskrárstjóri hafi gefið þeim á framangreindum fundi. Lögmaður stefnenda krafðist þess, að málinu yrði frestað um óákveðinn tíma í framangreindu skyni, þó ekki lengur en til ákveðins dags, er dómarinn tiltæki.

Af hálfu stefndu var frekari fresti í málinu synjað. Fór málið því í úrskurð um hinn umbeðna frest í þinghaldi 4. febrúar 1974.

Hinn 7. febrúar 1974 var kveðinn upp úrskurður í málinu, þar sem synjað var frestsins. Ákvað dómarinn síðan, að munnlegur málflutningur skyldi fram fara hinn 14. febrúar 1974, og fór málflutningur fram samkvæmt þeirri ákvörðun.

Hinn umdeildi sjónvarpsþáttur, er flytja átti 2. nóvember 1973, kallast „Maður er nefndur — Sverrir Kristjánsson". Í málinu hefur verið lagður fram vélritaður úrdráttur úr þættinum af þeim stöðum, þar sem stefndi Sverrir Kristjánsson ræðir um Árna heitinn Pálsson prófessor. Eru ummælin svohljóðandi:

„— Ég fór að stúdera Brandes og verk hans í fjórða bekk, og fór jafnan á Landsbókasafnið til þess að lána rit hans. Og þar afgreiddi mig Árni Pálsson, síðar prófessor. Þá var hann landsbókavörður. Og kynni okkar hófust eiginlega via Brandes. Árni undraðist það, að stráklingur í skóla skyldi alltaf vera að panta verk Brandesar. Þau virðast hafa legið óhreyfð þarna um áratugi, held ég. Og þá komst ég að því, að Árni hafði sjálfur verið

Brandesianer, eða Brandesarsinni á sínum Hafnarárum. Hann sagði einu sinni við mig: „Ég elti Brandes á götu". Og hann var nú af þeirri kynslóð, sem var undir ríkum áhrifum Brandesar, en þegar ég var að vaxa þarna úr grasi, þá voru áhrif hans orðin lítil, enda taldi hann sig vera mest einmana mann í öllu Danmerkurríki, eins og haft er eftir honum á banastundinni.

— Voru það ekki helst íslenskir stúdentar, sem voru vinir hans og aðdáendur?

— Það voru helst íslenskir stúdentar o. s. frv. . . .

— Ég var um þetta leyti orðinn ákaflega heitur í andanum, að því er kommúnismann varðaði, en ég held sem sagt kyrru fyrir næsta vetur og var við Háskólann hér og tók próf í fílunni — heimspekinni. Nú, rétt eftir að ég var orðinn stúdent, þá kom Árni Pálsson að máli við mig og eggjaði mig mikið á að fara til Kaupmannahafnar og lesa sögu, og hafði þau orð um, að það væri kannski hægt at útvega mér einhvern styrk. En ég var svo heitur, að ég svaraði nokkuð hvatskeytilega, að ég ætlaði mér nú ekki að vera að sækja um neina borgaralega styrki. Ég heyrði það síðar, að Árni varð dálítið sár yfir þessu. Einn bekkjarbræðra minna sagði frá því, að Árni hefði komið að máli við mig og ég hefði tekið svona heldur þunglega undir þetta — ja, svo þunglega, að í raun og veru jaðraði við ókurteisi við þennan ágæta mann. Nú, en sumarið '29 þá er ég ráðinn í því að fara til Kaupmannahafnar, og kom þá að máli við Árna Pálsson um þetta. Og hann tók vel í að reyna að hjálpa mér um styrk síðar — hann gat það náttúrlega ekki alveg strax. Og svo hafði ég unnið á Sámsstöðum um sumarið og er kominn seint í ágúst til Reykjavíkur og er að ganga eftir Laufásveginum. Og þá mæti ég Árna Pálssyni og ég segi honum, að ég sé að fara til Kaupmannahafnar með Gullfossi daginn eftir. Og Árni segir: „Mikið lifandis ósköp öfunda ég yður af þessu. — Í Kaupmannahöfn lifði ég mín fegurstu og bestu ár". Svo tekur hann í höndina á mér og segir: „Jæja, Sverrir, ekki veit ég hvort þér verðið nokkurn tíma að manni, en ég veit að þér eruð manneskja. Og verið þér nú sælir". . . .

— Svo kemur gamall lærifaðir þinn, prófessor Árni Pálsson, til Kaupmannahafnar á námsárum þínum þarna við Háskólann, **er það ekki?**

— Jú, hann kom sumarið eða vorið 1937, og þar varð mikill fagnaðarfundur með okkur stúdentum og Árna Pálssyni. Og það er skotið á stúdentafundi, og Árni Pálsson var beðinn um að

flytja eitthvert erindi eða ræðu. Svo er fundurinn settur, og Árni kemur ekki, og við bíðum og drekkum úr bjórkollunum okkar. Og ég man vel eftir þessum fundi. En aftur á móti man ég ekki þá sögu sem þarna gerðist, og það var — svo ég noti Jón Helgason prófessor sem heimild mína, — að hann minnti mig á þennan fund, þegar ég hitti hann núna í septembermánuði þegar ég brá mér út til Hafnar. Og sagan var þannig, að þegar við höfðum beðið um stund, þá birtist Árni Pálsson og kollega, Skúli Þórðar. Og þeir höfðu víst vandrað um daginn um nokkrar knæpur, því að þú, kollega minn (Sverrir snýr sér að viðstöddum Skúla Þórðar), varst svona dálítið reikull í spori, sýndist mér. En það bar ekkert á Árna, hann var þarna eins og foldgnátt fjall. Svo setjumst við við borðið, og Árni Pálsson er í miðju, kollega er honum til hægri handar og ég til vinstri. Og þegar líður svona á kvöldið og drykkjuna, þá hafði Árni lokið stuttri ræðu, hreinni perlu. Þá segir Jón Helgason, prófessor, mér, að Skúli hafi lagt svona handlegginn yfir herðarnar á Árna, og náð í öxlina á mér, og segir við mig: „Jæja, Sverrir, hvernig heldurðu að fari nú með vináttu okkar þegar við förum að keppa um prófessoratið eftir Árna Pálsson?“

— Hvar bjóstu á Hafnarárum þínum o. s. frv.“.

Stefnendur rökstyðja dómkröfur sínar með því, að af hálfu Ríkisútvarpsins hafi því verið lofað eftir útvarpsþáttinn hinn 22. júlí 1973, að stefndi Sverrir yrði ekki látinn fjalla aftur um Árna heitinn Pálsson prófessor á vegum Ríkisútvarpsins. Þetta loforð hafi verið gefið af Hirti Pálssyni dagskrárstjóra fyrir hönd útvarpsstjóra. Á þeim fundi, sem nefnt loforð var gefið, hafi dagskrárstjórinn komið fram sem staðgengill útvarpsstjóra, þar sem hann hafi ekki getað komið því við sjálfur að sitja fundinn og því sent dagskrárstjórann í sinn stað. Enn fremur er því haldið fram af stefnandanum Karen Árnadóttur, að útvarpsstjórinn hafi gefið henni loforð í síma um það, að stefndi Sverrir yrði ekki látinn fjalla um Árna heitinn Pálsson í útvarpinu. Útvarpsstjóri hafi ekki komið fyrir rétt til skýrslugjafar þrátt fyrir áskorun þar um af hálfu stefnenda og verði því að leggja frásögn stefnandans Karenar í þessu efni til grundvallar dómi í máli þessu, sbr. 116. gr. laga nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði, svo sem áskilið hafi verið, þegar áskorun var beint til útvarpsstjóra um að mæta fyrir rétti til skýrslugjafar. Við munnlegan flutning málsins gekk lögmaður stefnenda enn lengra og krafðist þess, að til grundvallar dómi í máli þessu yrði enn fremur byggt

á því, að útvarpsstjóri hefði haft samþykki útvarpsráðs til að gefa það loforð, er stefnandinn Karen Árnadóttir heldur fram.

Stefnendur halda því fram, að útvarpsviðtalið frá 22. júlí 1973 hafi verið mjög meiðandi fyrir minningu Árna heitins Pálssonar. Það hafi verið morandi af missögnum og þar fyrir utan nánast ekkert verið annað heldur en samsafn af ómerkilegum kjaftasögum um drykkjuskap og fyllerí. Þess vegna hafi verið fyllsta ástæða til að vænta þess, að orðræður stefnda Sverris Kristjánssonar og Péturs Péturssonar yrðu í sama dúr og í greindu útvarpsviðtali. Í framhaldi af útvarpsviðtalinu geti frásagnir stefnda Sverris af föður stefnenda ekki orðið til annars en að varpa skugga á minningu hans og raska friði um einkamálefni hans. Að minnsta kosti eitt atriði í frásögn stefnda Sverris í hinum óbirta sjónvarpsþætti, er varðar Árna heitinn Pálsson, sé brot in concreto gegn 229. gr. almennra hegingarlaga, ef birt yrði, það sé frásögn af knæpurandi Árna heitins og Skúla Þórðarsonar og afleiðingum þess. Með lögbanninu hafi verið komið í veg fyrir þetta lögbrot, svo sem sjálfsagt hafi verið, og beri því að staðfesta það, svo sem krafist sé. Auk þess feli nefnd frásögn í sér brot gegn 234. gr. og 235. gr. almennra hegningarlaga. Varðandi þá kröfu stefnenda, að bannað verði að birta í sjónvarpsþættinum málverk af Árna heitnum Pálssyni prófessor eftir Örlyg Sigurðsson listmálara, þá rökstyðja stefnendur þá kröfu sína með því, að hér sé um skopmynd að ræða, hún sé ólík Árna heitnum Pálssyni og ekki í nokkru sambandi við efnið og því til þess fallin að varpa skugga á minningu hans.

Helstu varnarástæður af hálfu stefndu eru þessar:

Að framangreindur viðtalsþáttur Vilmundar Gylfasonar við Sverri Kristjánsson, sem var á dagskrá hljóðvarpsins 22. júlí 1973, sé þessu máli óviðkomandi.

Af hálfu Ríkisútvarpsins er því haldið fram, að Hjörtur Pálsson dagskrárstjóri hafi hvorki sjálfur né í umboði útvarpsstjóra gefið neitt loforð um, að Sverrir Kristjánsson yrði ekki látinn fjalla um Árna Pálsson í Ríkisútvarpinu, svo sem haldið er fram af stefnendum. Útvarpsstjórinn, Andrés Björnsson, hafi heldur ekki gefið slíkt loforð. Og þó slík loforð hefðu verið gefin, þá væru þau ógild að stjórnarfarsrétti, þar sem hvorugur þessara manna sé bær um að gefa slík loforð. Það sé útvarpsráð eitt, sem bært sé um að taka endanlegar ákvarðanir um útvarpsefni, sbr. 6. gr. útvarpslaga nr. 19 frá 5. apríl 1971. Hin meintu loforð geti því ekki verið lögmætur grundvöllur lögbannsins.

Í sjónvarpsþættinum, sem sýna átti 2. nóvember 1973, séu engin ummæli um Árna heitinn Pálsson, er brjóti gegn 229. gr., 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga eða öðrum lagaboðum. Beri því að fella lögbannið niður og sýkna af kröfum stefnenda. Þegar stefnendur hafi komið í skrifstofu sjónvarpsins 2. nóvember 1973, hafi þeim og fógeta verið boðið, að þeim væri sýndur þátturinn, en því boði hafi verið hafnað. Þegar gerðinni hafi verið mótmælt f. h. Ríkisútvarpsins, hafi fógeti tekið fram, að „umrætt lögbann væri þegar lagt á". Hinn 14. nóvember 1973 hafi tveir af stefnendum horft á sjónvarpsþátt þennan og þó að þá hafi komið í ljós, að í þættinum væri að finna meiðandi ummæli, sem hefðu getað réttlætt lögbann, ef á þau hefði sérstaklega verið bent við gerðina, verði að fella hana niður, þar sem það hafi þá ekki verið gert. Til að slíkt lögbann verði á lagt, þurfi að benda á sérstök ummæli eða annað sérstakt atriði varðandi það efni, sem lögbannið tekur til. Þetta hafi ekki verið gert og því beri að fella lögbannsgerðina niður án tillits til þess, hvort krafa stefnenda um það atriði, sem fram kemur í 1. kröfulið þeirra hér að framan, verði tekin til greina.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að Sverrir Kristjánsson hafi í framangreindum sjónvarpsþætti einungis borið lof á Árna heitinn Pálsson að því leyti sem hans sé þar getið. Frásögn af stúdentafundi í Kaupmannahöfn fyrir 36 árum geti ekki fallið undir einkamálefni í skilningi 229. gr. almennra hegningarlaga. Atburðir þeir, sem frá er skýrt, hafi ekki farið leynt og gátu ekki farið leynt. Samkomur Hafnarstúdenta hafi aldrei verið neinar bindindissamkomur, heldur fremur hið gagnstæða. Talað sé um í þættinum, að Skúli Þórðarson, sem sjálfur hafi komið þar fram, hafi verið orðinn valtur á fótunum, en ekki hafi séð á Árna heitnum Pálssyni. Hann hafi verið „eins og foldgnátt fjall". Stefndi Sverrir ræði um það í sjónvarpsþættinum, að Skúli og Árni heitinn muni hafa komið við á knæpum framangreindan dag, en orðið „knæpurand" sé orðalag stefnenda sjálfra. Dvöl Hafnarstúdenta á knæpum og skemmtistöðum hafi hingað til ekki verið talið neitt leynimakk, sem óheimilt sé að skýra frá eða eitt út af fyrir sig feli í sér ærumeiðingu eða móðgun. Þá geti frásögn af slíku ekki talist ærumeiðandi aðdróttun.

Að endingu mótmæla stefndu því, að bönnuð sé sýning á málverki af Árna heitnum Pálssyni prófessor eftir Örlyg Sigurðsson listmálara í framangreindum sjónvarpsþætti. Hér sé ekki um skopmynd að ræða, heldur listaverk, sem fráleitt sé að banna

sýningu á. Þetta listaverk hafi auk þess verið birt opinberlega á margan hátt áður.

Niðurstaða dómsins.

Viðtalsþáttur Vilmundar Gylfasonar við Sverri Kristjánsson í hljóðvarpinu hinn 22. júlí 1973 er þessu máli óviðkomandi, og hefur verið höfðað sérstakt mál út af honum, svo sem fyrr getur.

Í 26. gr. laga nr. 18 22. mars 1949 um kyrrsetningu og lögbann segir m. a. svo:

„Lögbann má leggja við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar, er raskar eða raska myndi með ólögmætum hætti rétti gerðarbeiðanda". Samkvæmt þessari grein verður að telja heimilt að leggja lögbann við flutningi talaðs orðs í sjónvarpi, ef það raskar eða mundi raska með ólögmætum hætti rétti gerðarbeiðenda. Sé beiðst slíks lögbanns, þá verður að krefjast þess, að ummæli þau, sem lögbannið á að beinast gegn, séu skýrt og greinilega tiltekin í lögbannsbeiðninni, þannig að fógeti geti að einhverju leyti, áður en til lögbanns kemur, metið það, hvort það hafi líkurnar með sér, að slík beiðni hafi við rök að styðjast. Það liggur ljóst fyrir, að þannig var ekki að farið í þessu máli. Beiðnin var borin fram munnlega og án þess að tilgreind væru þau ummæli, sem krafist var lögbanns gegn. Fógeti horfði ekki á sjónvarpsþáttinn, áður en hann lagði lögbannið á. Hann vissi því ekki, hvaða ummæli hann var að leggja lögbann við, er hann framkvæmdi gerð sína. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, hefur lögbannið ekki beinst að ákveðnum ummælum, er fógeti teldi, að raska mundu með ólögmætum hætti rétti gerðarbeiðenda, heldur beindist lögbannið almennt gegn því, „að minnst yrði á Árna heitinn Pálsson prófessor í viðtalsþætti Péturs Péturssonar og Sverris Kristjánssonar í sjónvarpinu í kvöld". Svo víðtækt lögbann gegn hinu talaða orði fær ekki staðist. Það er brot gegn 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33 17. júní 1944, er fjallar berum orðum um rétt manna til að láta í ljós hugsanir sínar á prenti og einnig verndar hið talaða orð. Tálmanir gegn þessu frelsi er brot gegn téðri grein stjórnarskrárinnar. Framangreint lögbann er því stjórnarskrárbrot, og ber því þegar af þeirri ástæðu að fella það úr gildi í heild.

Kemur því næst til athugunar sú málsástæða stefnenda, að Hjörtur Pálsson dagskrárstjóri og Andrés Björnsson útvarpsstjóri hafi gefið þeim loforð um, að Sverrir Kristjánsson mundi ekki látinn tala um Árna heitinn Pálsson prófessor í útvarpinu. Í

því efni er þar fyrst til að taka, að samkvæmt 116. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði verður að leggja þann framburð stefnandans Karenar Árnadóttur, að útvarpsstjóri hafi gefið téð loforð, til grundvallar dómi í máli þessu, þar sem hann hefur ekki komið fyrir rétt til skýrslugjafar þrátt fyrir áskorun þar um af hendi stefnenda. Hins vegar er eigi fært að byggja á því, að þetta loforð útvarpsstjóra hafi verið gefið með samþykki útvarpsráðs, svo sem lögmaður stefnenda krafðist við munnlegan flutning málsins, þar sem stefnandinn Karen Árnadóttir hefur aldrei haldið því fram í sínum framburði hér fyrir dóminum.

Hitt er annað mál, að nefnd loforð ofangreindra embættismanna hafa enga þýðingu fyrir úrslit þessa máls, hvorki samkvæmt stjórnarfarsrétti né stjórnskipunarrétti. Hjörtur Pálsson er dagskrárstjóri hljóðvarps og hefur ekkert yfir dagskrá sjónvarps að segja, og samkvæmt 6. gr. in fine útvarpslaga nr. 19/1971 er það útvarpsráð, en ekki útvarpsstjóri, sem tekur endanlegar ákvarðanir um útvarpsefni.

Dómarinn hefur kynnt sér gaumgæfilega hin umstefndu ummæli og horft á margnefndan sjónvarpsþátt. Telur hann, að ekkert, sem þar kemur fram, sé ærumeiðandi eða til þess fallið að varpa skugga á minningu þess látna.

Frásögn Sverris Kristjánssonar af stúdentafundinum í Kaupmannahöfn 1937 felur ekki í sér uppljóstran á „einkamálefnum annars manns“ í skilningi 229. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hér er skýrt frá því, sem gerst hefur á opinberum stúdentafundi í Höfn, og því, að hinn látni og annar maður hafi þá áður sama dag vandrað á knæpur, sem einnig eru opinberir staðir. Það, sem gerist á slíkum stöðum, fellur ekki undir hugtakið „einkamálefni annars manns“ í skilningi 229. gr. almennra hegningarlaga. Frásögn af slíkum atburðum varðar því ekki við téða hegningarlagagrein. Ekki er heldur frásögn Sverris Kristjánssonar af þessum fundi á þann veg, að ærumeiðandi sé fyrir hinn látna. Þvert á móti er frásögnin lofsamleg, því að Sverrir segir m. a.: „það bar ekkert á Árna, hann var þarna eins og foldgnátt fjall“, og enn fremur, að hann hafi flutt stutta ræðu, sem hafi verið „hrein perla“.

Að því er varðar þá kröfu stefnenda, að bannað verði að sýna í sjónvarpsþættinum málverk af Árna heitnum Pálssyni prófessor eftir Örlyg Sigurðsson listmálara, þá ber að hafa í huga, að hér er um listaverk að ræða, sem áður hefur birst opinberlega, og

þar sem rétturinn telur birtingu þessa málverks í sjónvarpsþættinum ekki ærumeiðingu gegn hinum látna, þá ber að synja þessarar kröfu stefnenda.

Úrslit málsins verða því þau, að framangreint lögbann er úr gildi fellt, og ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnenda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Lögbann það, er lagt var á í fógetarétti Reykjavíkur 2. nóvember 1973 gegn því, „að minnst yrði á Árna heitinn Pálsson prófessor í viðtalsþætti Péturs Pétursson og Sverris Kristjánssonar í sjónvarpinu í kvöld", er fellt úr gildi. Stefndu, Ríkisútvarpið og Sverrir Kristjánsson, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnenda, þeirra Dagmar Árnadóttur, Karenar Árnadóttur og Guðnýjar Árnadóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Lögbannsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 2. nóvember 1973.

Ár 1973, föstudaginn 2. nóvember, setti Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfógeta, fógetarétt Reykjavíkur að Skólavörðustíg 11 og hélt hann með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Lögbannsmálið C — 53/1973: Karen, Dagmar og Guðný Árnadætur gegn Ríkisútvarpinu — sjónvarpi.

Gerðarbeiðendur skýra svo frá, að í kvöld verði sýndur í sjónvarpinu þáttur, þar sem Pétur Pétursson ræðir við Sverri Kristjánsson sagnfræðing. Gerðarbeiðendur hafa rökstuddan grun um, að í þessum þætti muni Sverrir ræða um föður þeirra, Árna Pálsson prófessor, ef að líkum lætur, miðað við útvarpserindi sama fyrirlesara hinn 22. júlí sl.

Gerðarbeiðendur vilja fá lagt lögbann við því, að í þessum þætti verði minnst á Árna Pálsson.

Fógeti sér því ekkert til fyrirstöðu, að lögbann það, sem hér um ræðir, nái fram að ganga gegn tryggingu.

Fógeti lagði nú lögbann við því, að minnst yrði á Árna heitinn Pálsson prófessor í viðtalsþætti Péturs Pétursson og Sverris Kristjánssonar í sjónvarpinu í kvöld.

Fógeti ákvað, að gerðarbeiðendur settu fram tryggingu að fjár-

hæð kr. 30.000, sem gerðarbeiðandi Dagmar Árnadóttir greiddi.

Upplesið, staðfest.

Karen Árnadóttir. Dagmar Árnadóttir. Guðný Árnadóttir.

Rétturinn var ná fluttur að Laugavegi 176 í húsakynni sjónvarpsins, og var þar mættur framkvæmdastjóri þess, Pétur Guðfinsson, og með honum lögfræðingur Ríkisútvarpsins, Þór Vilhjálmsson prófessor.

Lögfræðingurinn óskaði bókað, að hann mótmælti því, að gerð þessi fari fram. Í fyrsta lagi vegna þess, að hann telur, að Ríkisútvarpið þurfi almennt ekki að sæta slíku lögbanni. Í öðru lagi segir hann, að Pétur Pétursson telji, að engin ólögmæt ummæli séu í þættinum um Árna heitinn Pálsson.

Hann óskar að taka fram, að bæði í gær og dag hafi gerðarbeiðendum staðið til boða að hlýða á umræddan þátt.

Fógeti tók fram, að umrætt lögbann væri þegar lagt á.

Lögfræðingur Ríkisútvarpsins bendir á, að þáttur þessi væri á dagskrá klukkan 2035—2144 í kvöld og nú væri klukkan 1615 og því tæknilegir erfiðleikar og erfiðleikar samkvæmt höfundarrétti að koma breytingum á þættinum fram.

Þriðjudaginn 10. júní 1975.

Nr. 15/1974. **Guðbjartur Kristinsson vegna sín og ófjárráða barna sinna: Guðbjargar, Hafþórs, Kristins og Jóhönnu**
gegn
Sigurbergi Baldurssyni
Friðbergi Þór Leóssyni og
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Óskað álitsgerðar Læknaráðs.

Urskurður Hæstaréttar.

Í máli þessu krefja áfrýjendur stefndu um skaðabætur vegna fráfalls Þóru G. Kristjánsdóttur, er beið bana í bif-

reiðaslysi á Vatnsskarði 3. júlí 1971 um eða laust eftir klukkan 0200. Þóra var farþegi í bifreiðinni Ö 1470, en ökumaður var stefndi Friðbergur Þór Leósson. Hann hefur skýrt svo frá, að hann hafi neytt áfengis af tegundinni Dubonnet á tímabilinu frá því að bifreiðin var stödd við Bifröst í Borgarfirði, að því er virðist um klukkan 2200 hinn 2. júlí, uns hann tók við stjórn hennar á Blönduósi um klukkan 0030 um nóttina. Í blóðsýni, sem tekið var úr ökumanni á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki klukkan 0600 hinn 3. júlí, reyndist magn „reducerandi" efna samsvara 0.53‰ af alkóhóli samkvæmt vottorði prófessors Jóns Steffensens 12. júlí 1971. Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Rannsóknastofu í lyfjafræði um bruna alkóhóls í mannslíkama, dags. 12. nóvember 1969.

Rétt þykir með skírskotun til 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942 að æskja umsagnar Læknaráðs um eftirtalin atriði:

1. Fellst Læknaráð á framangreint vottorð Rannsóknastofu í lyfjafræði? Ef ekki, hvert er álit Læknaráðs á sama efni?
2. Hve mikið magn „reducerandi" efna má ætla, að verið hafi í blóði Friðbergs Þórs Leóssonar, er hann hóf akstur bifreiðarinnar Ö 1470 á Blönduósi um klukkan 0030 hinn 3. júlí 1971?
3. Telur Læknaráð, að skýrslur Friðbergs Þórs Leóssonar um áfengisneyslu hans samrýmist niðurstöðu blóðrannsóknarinnar?

Á l y k t a r o r ð :

Læknaráð láti í té álitsgerð samkvæmt framangreindu.

Mánudaginn 16. júní 1975.

Nr. 39/1975. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Gunnari Þórmundssyni
(Hörður Einarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldspróf voru háð í máli þessu í sakadómi Kópavogskaupstaðar hinn 28. maí 1975. Kom umráðamaður bifreiðar þeirrar, sem ákærði ók hinn 4. ágúst 1973, þá fyrir dóm.

Í héraðsdómi er ákærði réttilega sakfelldur fyrir brot á þar greindum ákvæðum umferðarlaga nr. 40/1968, en í ákæruskjali er hann eigi sóttur til saka fyrir brot á 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Ákærði var 16 ára að aldri, er hann framdi brot sitt. Með vísan til þessa er refsing hæfilega ákveðin 10 daga varðhald, og þykir mega fresta fullnustu refsingar og hún falla niður að 2 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Svipta ber ákærða ökuleyfi sínu samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja, en eigi er heimilt að vísa til 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969, svo sem ákæruskjal er úr garði gert. Stendur orðalag ákæruskjals því eigi í vegi, að slík svipting ökuleyfis verði dæmd, sbr. 3. málsgr. 118. gr. laga nr. 73/1973, nú laga nr. 74/1974.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun talsmanns hans, 20.000 krónur.

Héraðsdómari hefur í sakadómi Kópavogskaupstaðar hinn

5. desember 1974 ákveðið, að ákærði skuli halda ökuréttindum sínum, uns dómur Hæstaréttar gangi í máli þessu, og er vísað í því efni til 178. gr. laga nr. 74/1974. Þessi niðurstaða fær eigi staðist, sbr. 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem er sérákvæði, er gengur framar hinu almenna ákvæði 178. gr. laga nr. 74/1974.

Það athugast, að skipuðum talsmanni ákærða var eigi gert viðvart, er ofangreind framhaldspróf voru háð í máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Gunnar Þórmundsson, sæti varðhaldi 10 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákærði er sviptur ökuleyfi sínu í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hans, Harðar Einarssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og Björns Sveinbjörnssonar.

Í héraðsdómi er ákærði réttilega sakfelldur fyrir brot á þeim ákvæðum umferðarlaga nr. 40/1968, er þar greinir. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 10 daga varðhald, en eigi standa sakfræðileg rök til þess, að skilorðsbinda refsinguna.

Að öðru leyti erum við sammála atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Gunnar Þórmundsson, sæti varðhaldi 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi sínu í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hans, Harðar Einarssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 27. nóvember 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. október 1974, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru rkissaksóknara, dags. 11. desember 1973, „á hendur Jóni Gunnari Þórmundssyni, verkamanni, Bræðratungu 7, Kópavogi, fæddum 21. september 1956 í Reykjavík, fyrir að aka laugardaginn 4. ágúst 1973 undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda bifreiðinni Y 259 stuttan spöl aftur á bak við Varmahlíð í Skagafirði, þar sem lögreglumenn stöðvuðu akstur hans, en ákærði hugðist aka til Sauðárkróks.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málsatvik eru þessi:

Er lögregluþjónarnir nr. 113 og 175 voru staddir við Varmahlíð í Skagafirði laugardaginn 4. ágúst 1973, klukkan 1750, stöðvuðu þeir bifreiðina Y 259, þar sem henni var ekið gáleysislega aftur á bak um veginn. Er lögregluþjónarnir ræddu við ökumanninn, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, fundu þeir áfengisþef leggja frá vitum hans, og viðurkenndi hann áfengisneyslu.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa ökuréttindi, enda ekki orðinn sautján ára gamall.

Klukkan 1825 sama dag gaf ákærði skýrslu hjá varðstjóra, og skýrði hann svo frá, að hann hefði ekki ökuréttindi.

Kvaðst hafa ekið bifreiðinni Y 259 frá tjaldstæði við Miðgarð og verið á leiðinni í söluskálann, er hann var stöðvaður af lögreglunni, en það var skömmu eftir að hann lagði af stað. Þá kvaðst ákærði hafa drukkið tvær blöndur af anisbrennivíni frá klukkan 1700 til klukkan 1800 í tjaldi sínu. Ekki kvaðst ákærði hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Kvaðst hafa sofið um 12 tíma nóttina áður og ekkert umræddan dag.

Um útlit og önnur einkenni ákærða var eftirfarandi getið: Áfengisþefur af andardrætti talsverður. Öndunarprufa sýndi IV. stig. Andlit (litarháttur) þrútið, fatnaður velktur, framkoma kurteis- kærulaus, augu vot- dauf, jafnvægi óstöðugt, málfar skýrt, framburður greinargóður.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, og með gasgreiningu á súlu reyndist vera 1.97‰ magn alkóhóls í blóði hans.

Hinn 25. október 1973 mætti ákærði fyrir rétti og viðurkenndi hann áfengisneyslu fyrir akstur greint sinn. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en eftir að hann var kominn til yfirheyrslu hjá lögreglunni og á leið til blóðtöku, kvað hann, að svifið hefði á sig af áfengi því, er hann drakk fyrir akstur sinn.

Hinn 14. febrúar sl. var ákæran birt ákærða og honum jafnframt kynnt önnur gögn málsins. Gerði hann þá athugasemd við ákæruna, að hann hefði ekki ætlað sér að aka til Sauðárkróks umrætt sinn, eins og í ákæru greinir, heldur hafi verið ætlunin að aka að söluskálanum, sem var neðan við Varmahlíð eða við vegamótin. Að öðru leyti gerði ákærði ekki athugasemdir við gögn málsins. Að lokum upplýsti ákærði, að hann hefði fengið ökuréttindi 5. október 1973 og sýndi ökuskírteini sitt því til staðfestu.

Að ósk ákærða var honum veittur frestur til að skila vörnum í máli þessu til 14. mars sl.

Hinn 29. mars sl. var Óttar Yngvason héraðsdómslögmaður skipaður verjandi ákærða og honum veittur frestur til að skila vörn sinni til 15. apríl sl.

Hinn 14. september sl. var ítrekað við lögmanninn að skila vörn sinni.

Hinn 28. október sl. lagði verjandinn fram skipunarbréf sitt

ásamt skriflegri vörn og lýsti yfir, að hann teldi rannsókn málsins lokið af sinni hálfu. Var málið því dómtekið.

Gerir verjandi þá kröfu, að refsing verði látin falla niður, sbr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verði sýknaður af kröfu um sviptingu réttinda til þess að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og málskostnaður verði látinn niður falla.

Til vara er krafist skilorðsbundinnar refsingar samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga, sýknu af kröfu um sviptingu réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og niðurfellingar málskostnaðar.

Síðan rekur verjandi málavexti í stuttu máli og segir síðan: „Ákærði fann ekki til áfengisáhrifa við aksturinn, enda var hann nýbúinn að neyta áfengisins og akstursleiðin var örstutt. Hinn ákærði var samvinnuþýður við lögregluna og fór umyrðalaust til blóðtöku á Sauðárkróki. Var hún framkvæmd kl. 19.00. Niðurstaða alkóhólákvörðunar reyndist 1.97‰ við blóðtökuna kl. 19.00, en ekki hægt að fullyrða, hvert alkóhólmagnið var, þegar ákærði var stöðvaður af lögreglunni kl. 17.50. Líkur virðast þó fyrir því, að þá hafi alkóhólmagn verið langtum minna heldur en það, sem síðar mældist.

Ekkert tjón varð af akstri ákærða né nein röskun á hagsmunum nokkurs aðila.

Til frekari rökstuðnings kröfugerðar umbj. m. skal á það bent, að hann hefur aldrei sætt ákæru fyrr, samanber sakavottorð það, sem lagt hefur verið fram á dskj. nr. 3 í máli þessu.

Krafa umbj. m. um sýknu af kröfu ákæruvaldsins um sviptingu réttar til þess að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga byggist á því, að umbj. m. hefur nú þegar fengið útgefið ökuleyfi, fékk það reyndar hinn 5. október 1973, þannig að svipting réttar til þess að öðlast ökuleyfi er ómöguleiki og hrein markleysa og var það reyndar við útgáfu ákæru hinn 11. des. 1973.

Ef til refsiákvörðunar kynni að koma, vísast til 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem mörg atriði gætu átt við í máli þessu, eins og t. d. sú staðreynd, að enginn aðili varð fyrir neinu tjóni, lítil hætta á ferðum, ungur aldur hins ákærða, góð hegðun hans fyrir og eftir brot og hálf tilviljunarkenndur tilgangur hans.

Mætti e. t. v. segja, að brot hins ákærða hafi verið eins konar óhapp eða misgáningur, sem enginn varð fyrir tjóni af, og engin hagsmunaröskun átti sér stað".

Niðurstaða.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin játningu ákærða, sem er samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til nefsiákvæða, nema telja verður ósannað, að ákærði hafi ætlað sér að aka til Sauðárkróks umrætt sinn, svo sem í ákæruskjali er látið að liggja.

Ákærði er sakhæfur og hefur ekki sætt kærum eða refsingum, svo kunnugt sé.

Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga, en með tilliti til þess, að ákærði hefur eigi áður gerst brotlegur, svo og ungs aldurs hans og með skírskotun til málsatvika þykir rétt að fresta fullnustu refsingar hans, og skal hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. greinar almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, haldið.

Í vörn sinni bendir verjandi á, að líkur virðist fyrir því, að alkóhólmagn hafi verið langtum minna, er ákærði var stöðvaður af lögreglunni (kl. 1750) heldur en það, sem síðar mældist. Í þessu sambandi er vísað til 9. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, en þar segir, „að hafi ökumaður neytt áfengis við akstur eða fyrir hann, þannig að vínandamagn í blóði hækkar eftir að akstri lauk, og skal þá litið svo á, sem hið aukna vínandamagn hafi verið í blóði hans við aksturinn". Af þessum sökum þykir nefnd málsástæða verjandans ekki koma til álita við úrlausn máls þessa.

Í ákæruskjali er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. grein umferðarlaga, en eins og áður var greint frá, öðlaðist ákærði ökuréttindi 5. október 1973, eða áður en ákæruskjal var útgefið. Af þessum sökum krefst verjandi sýknu af þessum kröfulið og telur þessa kröfu ákæruvaldsins „ómöguleika og hreina markleysu, og var það reyndar við útgáfu ákæru hinn 11. des. 1973".

Samkvæmt 2. mgr. 115. greinar laga nr. 74/1974, 3. tl., skal greina í ákæruskjali, svo eigi verði um villst, þær kröfur, sem gerðar eru á hendur sökunaut, svo sem kröfu um réttindamissi, og samkvæmt 118. grein sömu laga má ekki dæma aðrar kröfur á hendur honum en þær, sem í ákæruskjali greinir.

Ekki þykja þessar greinar standa í vegi fyrir því að svipta ákærða í máli þessu þegar fengnum ökuréttindum þrátt fyrir nefnt orðalag í ákæruskjali. Enda verður ekki séð, að það fari gegn því þýðingarmikla hlutverki ákæruskjala, „að tryggja frá

upphafi, eftir því sem kostur er, réttan grundvöll saksóknar og dóma í opinberum refsimálum".

Af þessum sökum ber að svipta ákærða ökuréttindum í 1 ár frá dómsbirtingu að telja, svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt 81. grein umferðarlaga og 1. mgr. 24. greinar áfengislaga.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Óttars Yngvasonar héraðsdómslögmanns, kr. 15.000.

Sigurberg Guðjónsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Gunnar Þórmundsson, sæti varðhaldi í 10 daga, en fullnustu refsingar hans skal fresta og niður skal hún falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. greinar almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 23/1955, haldið.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa að telja sviptur ökuleyfi í 1 ár.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 15.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. júní 1975.

Nr. 23/1974. **Ásgeir Hannes Eiríksson**
(Hafsteinn Hafsteinsson hdl.)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík
f. h. borgarstjórnar Reykjavíkur
(Helgi V. Jónsson hdl.)
Heilbrigðismálaráðherra
f. h. heilbrigðismálaráðuneytisins og
Dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Stjórnsýsla. Bann við hundahaldi í Reykjavík staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. janúar 1974. Krefst hann þess, að viðurkennt verði með dómi, að ólögmæt sé synjun borgarstjórans í Reykjavík með bréfi 9. apríl 1973 um leyfi fyrir áfrýjanda til að halda hund af íslensku fjárhundakyni á heimili sínu, Flókagötu 39, Reykjavík. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi allra stefndu.

Stefndu krefjast allir staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Með 1. gr. laga nr. 8/1924 var bæjarstjórnum og hreppsnefndum heimilað að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum með reglugerð, sem staðfest væri af stjórnarráðinu. Með reglugerð nr. 61/1924, sem sett var samkvæmt framangreindri lagaheimild, var kveðið svo á í 1. gr., að á kaupstaðarlóð Reykjavíkur megi enginn hafa hund, en annars staðar í lögsagnarumdæminu geti borgarstjóri leyft þarfahunda. Bann við hundahaldi í Reykjavík var

áréttað með 1. mgr. 65. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Var þar sérstaklega skírskotað til nefndra laga sem heimildar fyrir þessu ákvæði samþykktarinnar.

Lög nr. 8/1924 voru í gildi, uns lög nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki leystu þau af hólmi. Með hinum síðargreindu lögum var bæjarstjórnum og hreppsnefndum þó eftir sem áður veitt heimild til að banna hundahald í sveitarfélagi með samþykkt staðfestri af heilbrigðismálaráðuneyti. Hvorki 1. gr. reglugerðar nr. 61/1924 né 1. mgr. 65. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur hafa verið afnumdar. Verður því hiklaust að telja, að enn sé í fullu gildi bann það, sem lagt var við hundahaldi í Reykjavík með nefndum ákvæðum og sæki þau nú fullnægjandi lagastoð í 1. gr. laga nr. 7/1953. Verður ekki talið, að það hafi raskað gildi þeirra, að nefnd 1. gr. laga nr. 7/1953 mælir svo fyrir, að samþykktir, er settar verði samkvæmt lögunum, skuli staðfestar af heilbrigðismálaráðuneyti. Eigi verður heldur fallist á þá röksemd áfrýjanda, að ákvæðin séu úr gildi fallin vegna þess, að ekki hafi verið framfylgt banni því, sem þau leggja við hundahaldi í Reykjavík. Loks verður ekki á það fallist með áfrýjanda, að framangreindar réttarreglur brjóti gegn 66. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33 frá 17. júní 1944 eða að virða beri þær að vettugi, vegna þess að þær séu andstæðar 8. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 og fullgiltur af Íslands hendi 29. júní 1953, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Hefur sáttmálinn ekki öðlast lagagildi á Íslandi, en auk þess fer bannið við hundahaldi í Reykjavík ekki í bága við nefnt ákvæði hans.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, var stefnda borgarstjóranum í Reykjavík hvorki skylt né heimilt að veita áfrýjanda undanþágu til að mega halda hund á heimili sínu samkvæmt umsókn hans 31. janúar 1972, sem ítrekuð var 6. apríl 1973, enda er ekki fullnægt undantekningarákvæði 1. gr. reglugerðar nr. 61/1924. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sýknu stefnda borgarstjórans í Reykjavík af kröfum áfrýjanda.

Áfrýjandi gerir sömu kröfur á hendur stefndu heilbrigðismálaráðherra og dómsmálaráðherra og á hendur stefnda borgarstjóranum í Reykjavík. Enginn lagagrundvöllur er fyrir þeirri kröfugerð. Ber því einnig að sýkna þá af kröfum áfrýjanda í málinu.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæsarétti, sem ákveðst 90.000 krónur til stefnda borgarstjórans í Reykjavík f. h. borgarstjórnar og 40.000 krónur til stefndu dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis og heilbrigðismálaráðherra f. h. heilbrigðismálaráðuneytis.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ásgeir Hannes Eiríksson, greiði stefnda borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarstjórnar 90.000 krónur og stefndu dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis og heilbrigðismálaráðherra f. h. heilbrigðismálaráðuneytis 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. október 1973.

1.0.

1.1. Mál þetta var höfðað með stefnu, þingfestri 19. febrúar 1973. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 7. maí sl. var máli þessu vísað frá dómi. Með dómi Hæstaréttar 22. júní sl. var frávísunardómurinn felldur úr gildi og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Í framhaldi af því var mál þetta flutt munnlega og dómtekið þann 17. október sl.

Stefnandi máls þessa heitir Ásgeir Hannes Eiríksson, til heimilis að Flókagötu 39, Reykjavík. Er hann varaformaður Hundavinafélagsins.

Stefndu eru borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarstjórnar

Reykjavíkur, heilbrigðismálaráðherra f. h. heilbrigðismálaráðuneytisins og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins.

Í stefnu segir, að málið sé höfðað „til þess að fá skorið úr um gildi þeirra ákvæða í eftirtöldum reglugerðum, sem kveða á um bann við hundahaldi í Reykjavík:

1. Reglugerð nr. 61 frá 12. sept. 1924.
2. Reglugerð nr. 11 frá 20. jan. 1950, 161. gr.
3. 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 frá 7. janúar 1930 ásamt áorðnum breytingum".

Fyrir dóminum kveðst stefnandi gera þessar dómkröfur: „Að viðurkennt verði með dómi, að synjun borgarstjórans í Reykjavík með bréfi, dags. 9. apríl 1973, um leyfi til handa stefnanda að mega halda hund af íslensku fjárhundakyni á heimili sínu, Flókagötu 39, Reykjavík, sé ólögmæt".

Jafnframt gerir stefnandi kröfu um málskostnað úr hendi allra stefndu in solidum að mati dómsins.

Stefndi borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarstjórnar Reykjavíkur gerir enn kröfu um sýknu sér til handa og málskostnað úr hendi stefnanda.

Heilbrigðismálaráðherra f. h. heilbrigðismálaráðuneytisins og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en viðleitni í þá átt hefur engan árangur borið.

2.0.

2.1. Atvik máls þessa koma einkum fram í greinargerð stefnanda. Segir þar, að þann 22. júlí 1969 hafi verið stofnaður í Reykjavík félagsskapur, sem hafi hlotið nafnið Hundavinafélagið. Skyldi markmið félagsins m. a. vera að stuðla að því, að hundahald yrði leyft í þéttbýli og að settar yrðu reglur um hundahald af hálfu hins opinbera. Í samræmi við þennan tilgang félagsins hafi það leitað eftir því með bréfi til borgarstjórans í Reykjavík, dags. 21. október 1970, að borgarstjórn Reykjavíkur heimilaði hundahald í borginni á grundvelli reglna um hundahald, sem félagið hafi látið gera. Borgarráð hafi vísað erindi félagsins til umsagnar heilbrigðisráðs Reykjavíkur, lögreglustjórans í Reykjavík og Dýraverndunarfélags Reykjavíkur. Í greinargerðinni segir, að þegar umsagnir ofantalinna aðilja hafi borist borgarráði um erindi Hundavinafélagsins, hafi borgarráð samþykkt eftirfarandi

álýktun: „Að fengnum umsögnum heilbrigðismálaráðs, lögreglustjóra og Sambands dýraverndunarfélaga Íslands, sbr. einnig bréf landlæknis, dags. 3. þessa mánaðar (þ. e. des. 1970) og bréf yfirdýralæknis, dags. 5. fyrra mánaðar (þ. e. nóv. 1970), mælir borgarráð ekki með því að breytt verði gildandi reglum um bann við hundahaldi í Reykjavík, sbr. bréf Hundavinafélagsins, dags. 21. október s.l. Borgarráð beinir þeim tilmælum til lögreglustjóra, að um framkvæmd bannsins verði höfð hliðsjón af því, að nokkurt hundahald hefur viðgengist í borginni að undanförnu, og telur borgarráð eðlilegt, að eigendum þeirra hunda, sem nú eru í borginni, verði veittur frestur til 1. september næstkomandi til að hætta hundahaldi, þó þannig, að hundar verði ekki leyfðir á almannafæri á þeim tíma og að réttmætum kvörtunum vegna ónæðis af hundahaldi verði sinnt".

Þann 18. desember var framangreind álýktun borgarráðs afgreidd á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur og samþykkt þar með 14 atkvæðum gegn 1. Þá segir í greinargerðinni, að er líða hafi tekið að þeim tíma, sem tilgreindur hafi verið í álýktun borgarstjórnar frá 17. desember 1970, hafi Hundavinafélagið ritað bréf til borgarráðs, dags. 14. ágúst 1971, þar sem þess var farið á leit, að borgarstjórn endurskoðaði afstöðu sína í ljósi upplýsinga, sem félagið hafði aflað hjá heimskunnum erlendum sérfræðingum á þeim staðhæfingum, sem fram kæmu í skýrslu heilbrigðisráðs Reykjavíkur og áður er getið og borgarstjórn grundvallað samþykkt sína á.

Bréfi þessu hafi borgarstjórinn í Reykjavík svarað með bréfi, dags. 1. september 1971, og þar hafi verið tilkynnt, að borgarráð mælti ekki með því, að gerð yrði breyting á samþykkt borgarstjórnar frá 17. desember 1970.

Í greinargerðinni segir, að stefnandi hafi ekki viljað una því, að honum væri meinað að halda hund á heimili sínu. Hann hafi því sent umsókn til borgarstjóra í Reykjavík, dags. 31. janúar 1972. Umsóknin hljóðar svo: „Ég leyfi mér hér með að sækja um leyfi til að halda hund af íslenzku fjárhundakyni, á heimili mínu, samkv. rgj., 61/1924, sbr., L. 8/1924 (nú L. 7/1953). Ég skuldbind mig til þess að hlíta öllum reglum er varða skráningu og hreinlæti í meðferð hunda".

Borgarstjóri svaraði þessu erindi með bréfi, dags. 3. febrúar 1972, en þar segir: „Eigi er unnt að verða við tilmælum yðar í bréfi, dags. 31. f. m., um leyfi til að halda hund að heimili yðar, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 61 frá 12. september 1924 um hunda-

hald í Reykjavík, sbr. einnig ákvæði 161. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík frá 25. janúar 1950".

Stefnandi ítrekaði umsókn sína með bréfi 6. apríl 1973 á þeim grundvelli, að borgarstjóraskipti hafi orðið. Segir svo í bréfinu: „Með bréfi, dags. 31. janúar 1972, sótti ég undirritaður um leyfi til fyrrverandi borgarstjóra, Geirs Hallgrímssonar, til að halda hund af íslenzku fjárhundakyni á heimili mínu Flókagötu 39 hér í borg, en var synjað með bréfi hans, dags. 3. febrúar 1972.

Með tilliti til þess að borgarstjóraskipti urðu þann 1. desember s.l. leyfi ég mér hér með að ítreka umsókn mína um leyfið.

Með því að fyrirhugaður er munnlegur málflutningur miðvikudaginn 11. þ. m., bæjarþingsmáls þess, er ég hefi höfðað af tilefni synjunar frá 3/2 1972, leyfi ég mér að vænta svars við umsókn þessari fyrir þann tíma".

Svarbréf borgarstjóra er dagsett 9. apríl 1973. Er það efnislega á sömu leið og tilgreint bréf borgarstjóra frá 3. febrúar 1972.

Í málinu hefur verið lagt fram óstaðfest vottorð, undirritað af Sigríði Pétursdóttur, Ólafsvöllum, Skeiðahreppi, Árnessýslu, hinn 15. mars 1973. Í því segir svo: „Af gefnu tilefni vottast hér með, að Ásgeir Hannes Eiríksson, Flókagötu 39, Reykjavík, formaður Sambands dýraverndunarfélaga á Íslandi, hefur síðastliðin tvö ár haft í geymslu hjá mér hund af íslenzku fjárhundakyni".

Ekki þykir ástæða að rekja gögn málsins frekar en nú hefur verið gert.

3.0.

3.1. Sóknarástæður stefnanda eru einkum á því reistar, að ákvæði reglugerðar nr. 61 frá 12. september 1924 um hundahald í Reykjavík, sbr. einnig ákvæði 161. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík frá 20. janúar 1950 svo og 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 frá 7. janúar 1930 ásamt síðari breytingum, séu ógild, að því er varðar hundahald í Reykjavík. Stefnandi heldur því fram, að framangreindar réttarheimildir brjóti í bága við 66. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. í Evrópuráðssamningi um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem kveði á um friðhelgi einkalífs manna, heimilis þeirra og fjölskyldu. Verði ekki á móti mælt, að í þessum rétti sé fólginn tvímælalaus réttur til þess að halda hund eða annað húsdýr á heimili. Einasta undantekningin, sem geti komið til, sé sú, að bann við hundahaldi sé nauðsynlegt, t. d. af heilbrigðisástæðum, og styðjist við lög. Stefnandi vefengir, að framangreindar reglugerðir hafi nægjanlega stoð í lögum, þar sem samkvæmt lögum nr. 7/1953

sé ekki heimilt að banna hundahald í Reykjavík nema í heilbrigðisskyni og að nauðsynlegt sé til varnar útbreiðslu á sullaveiki eða í það rýmsta til verndar heilbrigði. Heldur stefnandi því fram, að félagslegar ástæður hafi ráðið við setningu reglugerðanna um bann við hundahaldi, en slíkt sé óheimilt.

Þá hefur stefnandi hreyft því, að reglugerð nr. 61 frá 12. september 1924 hafi fallið úr gildi, um leið og lög nr. 8/1924 hafi verið felld úr gildi, og hann vefengir sérstaklega, að 8. kafli lögreglusamþykktar nr. 2 frá 1930 eigi nægjanlega lagastoð. Þá er því haldið fram, að téð reglugerðarákvæði séu niður fallin sakir notkunarleysis. Er á það bent, að reglum þessum hafi aldrei verið beitt. Loks er því hreyft, að stefnandi gjaldi þess að búa í þéttbýli á þann hátt að fá ekki að hafa hund, en slík mismunun brjóti í bága við jafnréttisákvæði 14. gr. mannréttindasáttmálans.

3.2. Stefndi borgarstjórinn í Reykjavík hefur haldið því fram, að téð reglugerðarákvæði hafi nægjanlega lagastoð svo og 65. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Bent er á, að synjun borgarráðs á umsókn stefnanda um að halda hund á heimili sínu styðjist við landslög. Því er mótmælt, að með því hafi á nokkurn hátt verið brotið í bág við 66. gr. stjórnarskrárinnar eða 8. gr. Evrópuráðssamningsins. Ekki verði heldur fundin nein rök fyrir því, að skert hafi verið friðhelgi heimilis stefnanda með umræddri synjun, bæði af því, að réttur til hundahalds geti ekki talist til þeirra réttinda, sem vernduð séu með 8. gr. Evrópuráðssamningsins, svo og vegna þess, að stefnandi eigi engan hund.

3.3. Stefndu dómsmálaráðherra og heilbrigðismálaráðherra hafa í fyrsta lagi vefengt, að stefnandi geti fengið úrlausn dómstóla um gildi og/eða lögmæti þeirra atriða almennt, sem mál þetta fjalli um. Stefnandi eigi engan hund og hafi því ekki orðið fyrir neinni skerðingu á friðhelgi einkalífs eða mannréttinda og dómkrafa stefnanda sé takmörkuð við húsnæði það, sem hann nú hafi á Flókagötu 39. Stefnandi sé ekki skráður eigandi að því húsi. Ekki sé upplýst, hve margar fjölskyldur eða heimili séu í húsinu og ekki sé ljóst, hvort stefnandi takmarki kröfu sína við einn hund eða fleiri.

Varnarástæður stefndu heilbrigðisráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins eru svipaðar og raktar voru í 3.2. Ekki er talinn vafi á því, að umrædd reglugerðarákvæði og áminnst ákvæði lögreglusamþykktar Reykjavíkur séu í samræmi við lagaákvæði og stjórnskipulega gild. Því er mótmælt, að með þessum heimildum hafi 66. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. Evrópuráðssamn-

ingsins verið brotnar eða 14. gr. mannréttindasáttmálans. Loks er því mótmælt sem röngu, að umrædd ákvæði í hinum tilvitnuðu reglugerðum séu niður fallin sakir notkunarleysis.

4.0.

4.1. 65. gr.—67. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33 frá 17. júní 1944 setja handhöfum ríkisvaldsins tilteknar skorður við skerðingu eignarréttar, persónufrelsis og friðhelgis heimilis. Ekki verður talið, að þær sérstöku skorður, sem þarna eru settar, taki til þess réttar, sem stefnandi telur hafa verið á sér brotinn með áðurnefndu bréfi borgarstjórans 9. apríl 1973 (sbr. bréf borgarstjóra sama efnis 3. febr. 1973) og stefnt er um í máli þessu.

Að því verður nánar vikið í 4.2., að ákvæði 161. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík nr. 11 frá 20. janúar 1950 hafi næga lagastoð og séu að öðru leyti stjórnskipulega gild.

Hvorki einstakar greinar stjórnarskrárinnar né þær grundvallarreglur, sem stjórnskipunin byggir á, eru því gildi 161. gr. umræddrar heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík til fyrirstöðu.

4.2. Í 161. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík nr. 11 frá 20. janúar 1950 segir: „Hundahalt er óheimilt, að undanteknum þarfahundum í sambandi við búskap á lögbýli, enda sé það háð eftirliti heilbrigðisnefndar".

Þessi heilbrigðissamþykkt hafði upphaflega lagastoð í 3. gr. laga nr. 35 frá 12. febrúar 1940 um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir. Þessi lög voru leyst af hólmi með lögum nr. 12 frá 17. mars 1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Umrætt ákvæði 161. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík nr. 11 frá 20. janúar 1950 hafði næga lagastoð í lokamálsgrein 19. gr. nýnefndra laga nr. 12 frá 17. mars 1969, svohljóðandi: „Þar til sett verður heilbrigðisreglugerð samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu staðfestar heilbrigðissamþykktir einstakra sveitarfélaga halda gildi sínu, en við gildistöku heilbrigðisreglugerðar falla þær úr gildi".

Í 10.—11. gr. síðastnefndra laga er auk þess að finna almenna heimild til þess að skipa með heilbrigðisreglugerð eða heilbrigðissamþykktum m. a. slíkum efnum og hér um ræðir.

Loks var sett heilbrigðisreglugerð fyrir landið allt nr. 45 frá 8. febrúar 1972. Í VI. kafla þeirrar reglugerðar, en kafli þessi fjallar um meindýr og ónytjadýr, segir svo í 2. mgr. 83. gr.: „Sveitarstjórn er heimilt að ákveða með samþykkt, er heilbrigðis-

málaráðuneytið staðfestir, að takmarka eða banna hundahald í umdæminu".

Nefnd heilbrigðisreglugerð tekur ekki af skarið um heimild til hundahalds, og nýjar samþykktir um það efni, sem hér skipta máli, hafa ekki verið settar.

Með 213. gr. umræddrar reglugerðar var m. a. numin úr gildi áminnst reilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík nr. 11 frá 20. janúar 1950 (ásamt breytingum, sem ekki skipta hér máli). Á þessu voru þó tveir fyrirvarar, sem þýðingu hafa í þessu sambandi. Annan er að finna í 2. mgr. 213, gr. umræddrar reglugerðar nr. 45 frá 8. febrúar 1972, svohljóðandi: „Jafnframt eru úr gildi numdar eftirfarandi heilbrigðissamþykktir, að undanteknum þeim ákvæðum einstakra samþykkta, sem ganga lengra en samsvarandi ákvæði þessarar heilbrigðisreglugerðar".

Hinn er að finna í 84. gr. sömu reglugerðar, en þar segir svo: „Að öðru leyti skal gætt ákvæða 26. gr. þessarar reglugerðar, ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, ákvæða laga um eyðingu á minkum og refum, svo og annarra laga, reglugerða og samþykkta um meindýr og ónytjadýr, sem í gildi eru í umdæminu".

Þessar síðastnefndu greinar ber að skilja þannig, að ákvæði 161. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík nr. 11 frá 20. janúar 1950 sé enn gild lagaheimild.

Lokamálsgrein 19. gr. laga nr. 12 frá 17. mars 1969 segir að vísu, að staðfestar heilbrigðisreglur einstakra sveitarfélaga haldi gildi sínu, en við gildistöku heilbrigðisreglugerðar falli þær úr gildi.

2. mgr. 9. gr. laga nr. 12 frá 17. mars 1969, sbr. 10. og 11. gr. laganna, svo og 2. mgr. 83. gr. reglugerðar nr. 45/1972 heimila hins vegar einstökum sveitarfélögum að setja ákvæði í samþykktir um það efni, sem hér um ræðir.

Nefnd lokamálsgrein 19. gr. laga nr. 12 frá 17. mars 1969 þykir ekki eiga við um þau ákvæði einstakra heilbrigðissamþykkta, sem héldu gildi sínu samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisreglugerðar fyrir landið allt, nr. 45 frá 8. febrúar 1972, svo sem raunin varð á með 161. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík samkvæmt ofangreindu.

Ekki verður heldur talið, að umrætt ákvæði 161. gr. heilbrigðissamþykktarinnar sé víðtækara en lög stóðu til. Þvert á móti er í 7. tl. 3. gr. laga nr. 35 frá 12. febrúar 1940 beinlínis vitnað í lög nr. 8 frá 4. júlí 1924, sem heimiluðu bæjarstjórnum og hrepps-

nefndum að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum með reglugerð, sem stjórnarráðið staðfesti.

161. gr. umræddrar reglugerðar hefur því næga lagastoð, og ekki hefur verið sýnt fram á, að henni eða þeim heimildum, sem hún byggir á, sé í einhverju stjórnskipulega áfátt.

4.3. Evrópuráðssamningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis nr. 11 frá 9. febrúar 1954 ásamt síðari viðbótum hefur ekki verið lögtekinn hér á landi. Ákvæði hans hafa því ekki lagagildi. Af því leiðir, að 8. gr. og 18. gr. samningsins, en í þær greinar hefur stefnandi vitnað sérstaklega, eru gildi 161. gr. umræddrar heilbrigðissamþykktar nr. 11 frá 20. janúar 1950 ekki til fyrirstöðu. Í 4.1. er tekin afstaða til þessa álitamáls, að því er íslensk lög varðar.

Ekki hafa verið færð haldbær rök fyrir því, að umrætt reglugerðarákvæði hafi fallið úr gildi fyrir notkunarleysi, og ekki verður séð, að aðrar réttarheimildir hafi vikið henni til hliðar.

4.4. Eins og fyrr greinir, er 161. gr. heilbrigðissamþykktarinnar fyrir Reykjavík gild lagaheimild. Synjun borgarstjóra í Reykjavík studdist m. a. við þessa lagaheimild og var því á fullum rökum reist. Að svo vöxnu máli er ekki næg ástæða til að prófa gildi annarra ákvæða, sem kunna að setja skorður við hundahaldi í Reykjavík, enda hefur slík prófun ekki þýðingu í sambandi við úrslit þessa máls.

Af framangreindum sökum ber að sýkna stefndu af stefnukröfum máls þessa.

Málskostnaður milli aðilja á að falla niður.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarstjórnar Reykjavíkur, heilbrigðismálaráðherra f. h. heilbrigðismálaráðuneytisins og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar, í máli þessu.

Málskostnaður á að falla niður.

Miðvikudaginn 18. júní 1975.

Nr. 161/1972. **Stefán Eiríksson**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Bjarna Júlíussyni
(Ingi R. Helgason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Fasteignakaup. Riftun vegna greiðsludráttar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 4. desember 1972. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.

Aðalkrafa stefnda er samkvæmt héraðsdómsstefnu, að viðurkennd verði með dómi riftun hans á kaupsamningi málsaðilja frá 7. nóvember 1970 með bréfi hans til áfrýjanda, dags. 10. júní 1971, „gegn endurgreiðslu þeirra verðmæta, er stefnandi hefur tekið við úr hendi stefnda vegna kaupanna". Endurgreiðslur þær, sem hér er vikið að, koma fram í gögnum máls. Kröfur þær um húsaleigu, sem greinir í héraðsdómsstefnu, eru eigi dómhæfar, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936.

Héraðsdómari ákvað að ósk málsaðilja að skipta sakarefni svo, að í fyrstu atrennu yrði aðeins fjallað um kröfu stefnanda um, að viðurkennd yrði réttmæti riftunar hans. Svo sem mál þetta horfir við, verður leyst úr því á þessum grundvelli, þótt skipting sakarefnis hafi eigi verið heppileg.

Fallast ber á, að veruleg vanefnd hafi verið orðin hinn 10. júní 1971 af hálfu áfrýjanda á greiðslu kaupverðs samkvæmt framangreindum kaupsamningi. Heimilaði hún stefnda riftun á samningnum með bréfi hans til áfrýjanda þann dag.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 30.000 krónur.

Í málinu hafa verið lagðar fram skýrslur málsaðilja fyrir dómi. Eru þær teknar á segulbönd með samþykki lögmanna málsaðilja, er eigi vefengja efni þeirra. Verða þær lagðar til grundvallar við úrlausn málsins. Í endurriti af dómskýrslum þessum, þar sem málsaðiljar eru samprófaðir, eru aðiljar auðkenndir bókstafnum A, án þess að greint sé, frá hvorum málsaðilja ummæli stafi. Er það aðfinnsluvert. Um dómskýrslur, sem teknar eru á segulbönd, vísast til athugasemda í dómi Hæstaréttaar 8. nóvember 1974 um það efni.

Dómsorð:

Viðurkennt er, að stefnda, Bjarna Júlíussyni, hafi verið heimilt að rifta framangreindum kaupsamningi hinn 10. júní 1971.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað á að vera óraskað.

Áfrýjandi, Stefán Eiríksson, greiði stefnda 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. nóvember 1972.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. nóvember sl., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 24. september 1971, af Bjarna Júlíussyni, Fornhaga 15, Reykjavík, gegn Stefáni Eiríkssyni, Hraunbæ 34, Reykjavík, til riftunar á kaupsamningi aðilja, dagsettum 7. nóvember 1970, um kaup stefnda á íbúð stefnanda í húsinu nr. 34 við Hraunbæ í Reykjavík. Krefst stefnandi þess aðallega, að viðurkennt verði réttmæti riftunar þeirrar á nefndum kaupsamningi aðilja, er stefnandi hafi gert með bréfi, dags. 10. júní 1971, gegn endurgreiðslu þeirra verðmæta, er stefnandi hafi tekið við úr hendi stefnda vegna kaupanna, en til vara, að réttur stefnanda til riftunar verði viðurkenndur miðað við stefnubirtingardag gegn endurgreiðslu viðtekinna fjármuna á sama hátt og í aðalkröfu. Jafnhliða framangreindum kröfum krefst

stefnandi þess aðallega, að stefnda verði gert að greiða honum hæfilega húsaleigu frá afhendingardegi umræddrar íbúðar, 16. nóvember 1970, til rýmingardags, en til vara húsaleigu frá 10. júní 1971 til rýmingardags og til þrautavara frá stefnubirtingardegi til rýmingardags. Loks krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda að mati réttarins.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi eftir mati dómsins.

Ítarlegar sáttaumleitanir í málinu hafa eigi borið árangur.

Í þinghaldi 18. október sl. lýstu lögmenn aðilja yfir því samkomulagi sínu að óska þess við dóminn, að málið yrði aðeins flutt um það atriði, hvort stefnandi hafi mátt rifta nefndum kaupum, og féllst dómurinn á þessa málsmeðferð með vísun til 71. gr. laga nr. 85/1936. Í sama þinghaldi lýstu lögmenn því yfir, að gagnaöflun í málinu væri lokið að þessu leyti.

Við munnlegan málflutning hinn 17. nóvember sl. voru dómkröfur stefnanda þannig orðaðar, aðallega, „að staðfest verði með dómi riftun sú, er stefnandi gerði með bréfi til stefnda, dags. 10. júní 1971, þar sem rift var kaupum hans og stefnda um íbúð í Hraunbæ 34 hér í borg“, og til vara, „að réttur stefnanda til riftunar verði viðurkenndur miðað við birtingardag stefnu í máli þessu eða eitthvert annað tímamark að mati réttarins“. Þá var krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins.

II.

Málavextir eru þeir, að 7. nóvember 1970 gerðu aðiljar máls þessa kaupsamning, þar sem stefnandi selur stefnda íbúð sína til vinstri á 1. hæð í húsinu nr. 34 við Hraunbæ í Reykjavík, en nánar tiltekið er íbúðin 5 herbergi, eldhús og bað ásamt sérherbergi í kjallara, sérgeymslu á sama stað svo og tilheyrandi hlutdeild í sameign og leigulóðarréttindum auk bílastæðis fyrir einn bíl á lóðinni, svo sem nánar getur í framlögðum kaupsamningi. Umsamið kaupverð var kr. 1.400.000, sem stefndi skuldbatt sig til að greiða samkvæmt ákvæðum nefnds kaupsamnings, þannig:

1. Við undirskrift kaupsamnings ..... kr. 50.000
2. Í síðasta lagi 15. desember 1970 ..... — 100.000
3. Í síðasta lagi 20. febrúar 1971 ..... — 250.000
4. Í síðasta lagi 20. júní 1971 ..... — 250.000

Auk þess tók stefndi að sér að greiða áhvílandi veðskuld við veðdeild Landsbanka Íslands samkvæmt veðbréfum, útgefnum 22. desember 1966 og 16. ágúst 1967 að eftirstöðvum kr. 310.820.68 við undirskrift kaupsamnings. Eftirstöðvar kaupverðsins skyldu greiðast með skuldabréfi til 10 ára. Samkvæmt ákvæðum kaupsamnings átti öll eignin að vera laus til afnota 16. nóvember 1970, en 15. nóvember flutti stefndi í umrætt húsnæði. Samkvæmt kaupsamningnum skyldi afsal gefið út 20. febrúar 1971, en slíkt afsal hefur ekki verið lagt fram í málinu.

Í málinu hefur verið lagt fram hraðbréf, dags. 10. júní 1971, frá lögmanni stefnanda til stefnda, þar sem m. a. segir svo orðrétt: „Umbj. m. Bjarni Júlíusson, sem er viðsemjandi yðar skv. greindum samningi, hefur tjáð mér, að verulegar vanefndir hafi orðið á greiðslu frá yður og hafi hann því ákveðið að rifta samningnum. Hefur hann falið mér að tilkynna yður um þetta. Vanefndir þær, sem umbj. m. vill bera fyrir sig, eru þær, sem hér segir:

A. Greiðslurnar skv. 1. og 2. tl. kaupsamningsins voru ekki inntar af hendi á réttum tíma og með réttum hætti, heldur eftir mikla eftirgangsmuni.
B. 250.000.00 skv. 3. lið samningsins eru enn ógreiddar.
C. Ekki hefur verið staðið í skilum með greiðslur til Veðdeildar Landsbankans 1. maí 1971 skv. 5. lið kaupsamningsins.

Samkvæmt framansögðu tilkynnist yður, að áðurnefndum samningi er rift, og ber yður að víkja tafarlaust úr hinu selda húsnæði gegn endurgreiðslu þess fjár, sem umbj. m. hefur tekið við úr hendi yðar vegna kaupanna. Yður skal sérstaklega bent á, að umbj. m. á vafalausan rétt til einhliða riftunar á samningnum eins og vanefndum yðar er háttað, og munuð þér því verða gerður ábyrgur fyrir sérhverri töf, er verða kann á því, að þér víkið úr húsnæðinu, svo og kostnaði, er af slíkum töfum kann að leiða. Héðan í frá telur umbj. m. sig óbundinn af nefndum kaupsamningi sínum við yður og samninginn niðurfallinn fyrir riftun, en áskilur sér allan rétt til lögmæltra skaðabóta og aðgerða samfara riftun þessari".

Aðiljar málsins hafa báðir komið fyrir dóm. Verða framburðir þeirra einungis raktir í samræmi við það, hvernig mál þetta hefur nú verið lagt í dóm.

Stefnandi sagði, að greiðsla samkvæmt 1. tl. í kaupsamningnum hafi verið inn af hendi nokkrum dögum seinna en hún átti

að fara fram, greiðsla samkvæmt 2. tl. sömuleiðis eftir gjalddaga, svo nokkrum dögum munaði, en greiðsla samkvæmt 3. tl. hafi eigi farið fram og af því sé málið risið. Stefnandi sagði, að í maí 1971, eftir að hann hafi margkrafið stefnda um greiðslu síðastnefndu afborgunarinnar og ætíð fengið þau svör hjá honum, „að þetta væri alveg að koma“, hafi verið haldinn fundur með stefnda og lögfræðingi stefnanda á skrifstofu lögmannsins til þess að reyna sættir í málinu. Af hálfu stefnda hafi þá verið boðin fram bankabók, sem þó hafi ekki náð fjárhæð afborgunar með vöxtum, og sagðist stefnandi því hafa hafnað henni. Sagðist hann minna, að í bókinni hefðu verið kr. 220.000. Stefnandi sagðist hvorki fyrir fundinn né á honum hafa minnst á riftun við stefnda. Á fundinum hafi stefndi ekki sagst geta útvegað þá peninga, sem á vantaði. Ekki sagðist hann muna, hvort hann hefði rætt þessi mál við stefnda frekar fram að því, að honum var sent áðurnefnt riftunarbréf. Stefnandi sagði rangt vera, að hann hefði veitt stefnda greiðslufrest og algerlega væri úr lausu lofti gripið að segja, að hann hafi ekki vantað peninga. Stefnda hafi verið fullkunnugt um, að hann hafi ætlað að kaupa sér aðra fasteign, en úr því hafi ekki orðið enn þann dag í dag, einmitt vegna vanskila stefnda. Stefnandi sagðist kannast við, að stefndi hefði boðið honum einhverjar inngreiðslur eftir því sem stefnda hafi safnast fé, en ekki sagðist stefnandi geta sagt til um hæð þeirra fjárhæða, en hitt væri rétt, að hann hefði hafnað slíkum greiðslum. Stefnandi sagðist alltaf hafa vonast til, að stefndi gerði skil á afborgunum samkvæmt áðurnefndum 3. tl. og því hafi hann ekki beitt hann neinum harðræðum. Stefnandi sagðist hafa ætlað í námsferð til útlanda um sumarið og af því tilefni, „til þess að reyna að fá málið útkljáð“, hafi áðurnefndur fundur í maí verið haldinn. Loks sagðist stefnandi ekki minnast þess, að nefnd afborgun hafi verið boðin fram fyrr en á gjalddaga afborgunar samkvæmt 4. tl., þ. e. 20. júní 1971.

Stefndi sagði fyrir dómi, að greiðsla samkvæmt 1. tl. kaupsamnings hafi við undirskrift hans verið greidd með víxli „frá Guðmundi Karlssyni“, en hann hafi ekki fylgst með því, hvenær greiðslan samkvæmt víxlinum hafi komið frá Guðmundi. Greiðsla samkvæmt 2. tl. kaupsamnings hafi hins vegar farið fram á gjalddaga, „og það er eina greiðslan, sem þarna fór fram alveg á réttum degi að mér vitanlega“. Greiðslan samkvæmt 3. tl. kaupsamnings hafi hins vegar dregist. Sagðist stefndi hafa ætlað að inna hana af hendi með greiðslum, sem hann fengi frá áðurnefndum

Guðmundi Karlssyni, sem hafi keypt af honum (þ. e. stefnda) íbúð. Þær greiðslur hafi hann átt að fá á sömu gjalddögum og hann hafi átt að greiða stefnanda samkvæmt kaupsamningnum í þessu máli. Til þess að fullnægja ákvæði margnefnds 3. tl. kaupsamningsins sagðist stefndi hafa ætlað að nota þrjá 100.000 króna víxla, sem hann fengi greidda úr hendi nefnds Guðmundar Karlssonar. Þær greiðslur hafi hins vegar dregist og hafi Guðmundur ekki greitt fyrsta 100.000 króna víxilinn fyrr en rúmum mánuði eftir gjalddaga, að því er stefndi sagðist halda. Sagðist stefndi allan tímann hafa haft samband við stefnanda og sagt honum, í hvaða vandræðum hann væri út af greiðsludrætti Guðmundar, og hafi stefnandi ætíð tekið honum vel og sagt, að hann skyldi ekki hafa neinar stóráhyggjur af þessum greiðsludrætti. Stefnandi hafi hins vegar ekki viljað taka við áðurnefndum 100.000 krónum, þegar stefndi hafi boðið honum þær, og hafi stefnandi sagt, að hann vildi helst fá alla fjárhæðina, þ. e. kr. 250.000, á einu bretti. Stefndi sagðist hafa lagt þær fjárhæðir, sem hann fékk frá áðurnefndum Guðmundi, inn í bankabók og þá bankabók hafi hann boðið fram sem greiðslu á áðurnefndum fundi með lögmanni stefnanda. Hafi þá verið í bókinni rúmar 230.000 krónur. Á fundinum hafi stefnandi hafnað greiðsluboðinu og á sama fundi hafi stefnandi og lögmaður hans rætt um það, „að það gæti orðið þarna um riftunarmöguleika að ræða, ef þetta héldi áfram". Stefndi sagði, að eftir þennan fund hafi stefnandi a. m. k. einu sinni, ef ekki tvisvar, komið í heimsókn til hans og þá hafi hann (stefndi) endurtekið, að stefnanda stæði alltaf til boða þessi bók og þeir peningar, sem upp á vantaði, enda væri hann (stefndi) með þá handbæra. Stefndi sagðist hins vegar ekki hafa boðið stefnanda kr. 250.000 í lausum peningum, enda sagðist hann ekki hafa séð neinn mismun á því, hvort hann afhenti honum bankabók með innstæðu í eða peningana lausa. Þá sagði stefndi orðrétt: „Á þessu stigi málsins, þegar málið var komið út í þetta, og ég fer að hugsa til baka, þá finnst mér allt í einu eins og hann hafi ekki viljað taka neina greiðslu. Það eina, sem maðurinn vildi á þessum tíma, það var eins og hann hefði séð eftir því að hafa selt íbúðina og hann vildi rifta þessum kaupum fyrir alla muni. Málið ber þá alveg með sér, að hann hafði engan áhuga á peningunum á þessu stigi málsins ...".

Við samprófun aðilja sagði stefndi ekki rétt vera, að stefnandi hafi margkrafið hann um greiðslu afborgunar samkvæmt margnefndum 3. tl. kaupsamningsins, heldur hafi hann haft samband

við stefnanda og sagt honum frá gangi mála og hafi þá stefnandi sagt, að þetta mundi verða í lagi og hann mundi vilja taka greiðsluna á einu bretti, þegar hún kæmi. Sagðist stefndi hafa talið af háttarlagi stefnanda á þessum tíma, að hann hefði veitt sér greiðslufrest. Ítrekað aðspurður við samprófun sagði stefndi, að hann hefði ekki boðið fram áðurnefnda innstæðu í bankabók að viðbættu því, sem á vantaði, fyrr en eftir að riftunin hafi átt sér stað.

III.

Kröfu sína um viðurkenningu á réttmæti riftunarinnar frá 10. júní 1971 byggir stefnandi á því, að vanefndir af hálfu stefnda hafi þá verið orðnar svo stórfelldar, að réttlætt gæti riftun af hálfu stefnanda. Þegar hinar fyrstu greiðslur samkvæmt kaupsamningi aðilja hafi fallið í gjalddaga, hafi orðið greiðslufall af hálfu stefnda. Greiðslur samkvæmt 1. og 2. tl. kaupsamningsins, samtals að fjárhæð kr. 150.000, hafi þó fengist greiddar með eftirgangsmunum og eftir nokkurn greiðsludrátt. Greiðsla samkvæmt 3. tl. kaupsamningsins, kr. 250.000, hafi ekki verið greidd á gjalddaga og hafi verið ógreidd, er riftun hafi komið fram af hálfu stefnanda, og sé raunar ógreidd enn. Þegar riftun hafi verið gerð, hafi auk þess verið fyrirsjáanleg vanefnd á greiðslu að fjárhæð kr. 250.000 samkvæmt 4. tl. nefnds kaupsamnings. Þá sé enn á það að líta, að stefndi hafi ekki staðið í skilum með greiðslu afborgunar af hinu yfirtekna veðdeildarláni, sem verið hafi á nafni stefnanda, og hafi sú vanefnd stefnda verið bagaleg fyrir stefnanda og til þess fallin að rýra lánstraust hans og álit út á við. Með tilliti til framangreindra vanefnda eigi stefnandi vafalausan rétt til riftunar á samningi aðilja. Riftun sé fram komin með lögverkunum frá samningsdeginum, 7. nóvember 1970, þannig að öll réttindi og skyldur aðilja samkvæmt aðalefni samningsins séu niður fallin, eða í síðasta lagi með lögverkunum frá þeim degi, er áðurnefnt riftunarbréf barst stefnanda. Ef litið sé á reglur lausafjárkaupalaganna, sbr. meginreglu 28. gr. laganna, um riftun og úrlausn dómstóla í málum um riftun fasteignakaupa, sé ljóst, að framangreindar vanefndir séu þess eðlis og svo stórfelldar, að stefnanda hafi verið tvímælalaust rétt að rifta umræddum kaupum, enda sé ósannað, að stefnandi hafi veitt stefnda nokkurn gjaldfrest. Sömuleiðis sé ósannað, að lögleg greiðsla hafi verið boðin, fyrr en eftir að riftun átti sér stað.

Kröfu sína um sýknu styður stefndi þeim rökum, að ekki hafi verið um veruleg vanskil að ræða af hans hálfu og reyndar hafi

stefnandi veitt honum gjaldfrest og neitað að taka við greiðslum upp í kaupsamninginn, er þær hafi verið fram boðnar. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að um vanskil hafi verið að ræða á greiðslum samkvæmt 1. og 2. tl. kaupsamningsins. Þegar að því hafi komið, að greiðsla á kr. 250.000 samkvæmt 3. tl. samningsins hafi átt að fara fram, hinn 20. febrúar 1971, hafi staðið þannig á, að stefndi hafi átt sama dag að fá greidda þrjá víxla vegna sölu húseignarinnar, er hann áður átti, samtals kr. 300.000. Víxlarnir hafi eigi verið greiddir á gjalddaga og hafi hann tjáð stefnanda það og spurt jafnframt, hvort það kæmi honum ekki illa, en stefndi hafi verið hinn rólegasti og sagt, að sér lægi ekki á peningunum. Er fyrsti víxillinn hafi svo verið greiddur þann 5. mars 1971, hafi stefndi strax boðið stefnanda þá fjárhæð, þ. e. kr. 100.000, en stefndi hafi þá sagst heldur vilja fá greiðslu allrar fjárhæðarinnar, kr. 250.000, enda lægi sér ekki á greiðslu. Stefndi hafi síðan ítrekað greiðslutilboð sín eftir því sem víxlar hans innheimtust, en stefnandi hafi enn neitað viðtöku greiðslu. Því miður hafi stefndi ekki lagt fé þetta í greiðslugeymslu, en í sparisjóðsbók hafi hann lagt í þrennu lagi kr. 230.741 og sé þessi bók í vörslum lögmanns hans. Síðan hafi það alt í einu gerst 10. júní 1971, að stefnandi hafi tilkynnt stefnda, að hann óskaði að rifta kaupunum, en síðast hafi stefndi boðið stefnanda full skil greiðslunnar samkvæmt 3. tl. kaupsamningsins hinn 20. maí 1971. Ótti stefnanda við áframhaldandi greiðsludrátt hafi reynst ástæðulaus. Um mistök af hálfu stefnda hafi verið að ræða að greiða ekki af umræddu veðdeildarláni á réttum tíma. Það hafi þó ekki áhrif á riftunarrétt stefnanda og hafi raunar verið úr þessu bætt. Stefnda hafi missést um þetta, þar sem tilkynning um gjalddaga hafi eigi verið send honum.

Varakröfu sína um riftun miðað við málshöfðunardag styður stefndi þeim rökum, að skilyrði riftunar hafi því síður þá verið fyrir hendi, að tilboði um fullar efndir kaupsamningsins hafi stefnandi þá hafnað, þó að fast væri leitað eftir að fá að greiða.

IV.

Við munnlegan málflutning var viðurkennt af hálfu stefnanda, að hann hefði tekið við víxli sem greiðslu samkvæmt 1. tl. umrædds kaupsamnings. Í sama þinghaldi var af hálfu stefnda lögð fram kvittun, dags. 16. desember 1970, fyrir greiðslu á kr. 100.000 upp í kaupverð umræddrar íbúðar, og var eigi mótmælt af hálfu

stefnanda, að um væri að ræða greiðslu samkvæmt 2. tl. kaupsamningsins.

Af hálfu stefnda er viðurkennt, að greiðsludráttur hafi orðið, að því er varðar afborgun samkvæmt 3. tl. kaupsamningsins, að fjárhæð kr. 250.000, svo og að hann hafi eigi greitt af umræddu veðdeildarláni á réttum gjalddaga. Ósannað er, að stefndi hafi boðið stefnanda á lögmætan hátt greiðslu samkvæmt 3. tl. nefnds kaupsamnings, fyrr en eftir að umræddum kaupum var rift, sbr. framburð stefnda sjálfs hér fyrir dómi. Einnig er ósannað, að stefnandi hafi veitt stefnda nokkurn greiðslufrest. Þegar virtir eru málavextir í heild, lítur dómurinn svo á, að hér hafi verið um svo verulega vanefnd af hálfu stefnda að ræða, að stefnanda hafi verið rétt að rifta umræddum kaupum. Það gerði hann með bréfi, dags. 10. júní 1971. Aðalkrafa hans hér fyrir dómi er, að sú riftun verði staðfest. Sú krafa er samkvæmt framansögðu tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu.

Björn Þ. Guðmundsson borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Tekin er til greina krafa stefnanda, Bjarna Júlíussonar, um riftun á kaupsamningi hans og stefnda, Stefáns Eiríkssonar, dags. 7. nóvember 1970, um 5 herbergja íbúð til vinstri á 1. hæð í húsinu nr. 34 við Hraunbæ í Reykjavík.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu.

Mánudaginn 23. júní 1975.

Nr. 2/1975. **Kyndill h/f**
(Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni
(sjálfur).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1975. Krefst hann þess aðallega, að meðferð málsins frá og með þinghaldi 21. október 1974 verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til vara krefst hann sýknu. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Engir þeir annmarkar þykja vera á meðferð máls í héraði, að ómerkingu varði.

Stefndi hefur lýst yfir því hér fyrir dómi, að Á. H. Magnússon & Co. sé eigandi víxla þeirra, sem um ræðir í máli þessu. Stefndi er handhafi þeirra samkvæmt eyðuframsali til innheimtu, og er honum því rétt að innheimta þá í eigin nafni.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að undanskildu málskostnaðarákvæði hans.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þykir hæfilega ákveðinn 300.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að undanskildu málskostnaðarákvæði hans.

Áfrýjandi, Kyndill h/f, greiði stefnda, Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 21. október 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi í dag, hefur Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, Hverfisgötu 14, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur með stefnu, útgefinni 25. september sl. og birtri 26. september sl., á hendur Kyndli h/f í Keflavík til greiðslu víxilskuldar að fjárhæð kr. 1.647.474 auk 1.5% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 219.200 frá 4. febrúar 1973 til 12. febrúar 1974, af kr. 438.400 frá þeim degi til 16. febrúar 1974, af kr. 657.600 frá þeim degi til 3. mars 1974, af kr. 1.101.200 frá þeim degi til 20. mars 1974, af kr. 1.396.200 frá þeim degi til 28. apríl 1974 og af kr. 1.647.474 frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 15. júlí 1974 til greiðsludags, kr. 1.290 í bankakostnað og kr. 1.200 í afsagnarkostnað og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo: Skuld þessi er vegna 6 víxla, sem allir eru útgefnir og ábaktir af Á. H. Magnússyni & Co. og allir samþykktir til greiðslu af Kyndli h/f, Keflavík.

Víxlarnir eru sem hér segir:

1. Kr. 219.200, útgefinn 1. janúar 1974, samþykktur til greiðslu 4. febrúar 1974 í Verslunarbanka Íslands h/f í Keflavík, afsagður 6. febrúar 1974.
2. Kr. 219.200, útgefinn 13. desember 1973, samþykktur til greiðslu 12. febrúar 1974 í Verslunarbanka Íslands h/f í Keflavík, afsagður 14. febrúar 1974.
3. Kr. 219.200, útgefinn 30. desember 1973, samþykktur til greiðslu 16. febrúar 1974 í Verslunarbanka Íslands h/f í Keflavík, afsagður 19. febrúar 1974.
4. Kr. 443.600, útgefinn 3. janúar 1974, samþykktur til greiðslu 3. mars 1974 í Útvegsbanka Íslands h/f í Keflavík, afsagður 5. mars 1974.
5. Kr. 295.000, útgefinn 21. desember 1973, samþykktur til greiðslu 20. mars 1974 í Verslunarbanka Íslands h/f í Keflavík, afsagður 22. mars 1974.

6. Kr. 251.274, útgefinn 1. mars 1974, samþykktur til greiðslu 28. apríl 1974 í Verslunarbanka Íslands h/f í Keflavík, afsagður 30. mars 1974 (sic).

Stefnandi segir og í stefnu, að allir víxlarnir hafi verið afsagðir sökum greiðslufalls, eins og að ofan greinir. Í greinargerð sinni segir stefnandi, að útgefandi víxlanna, Á. H. Magnússon & Co., hafi látið þá í banka í þeirri von, að samþykkjandi mundi greiða þá. Sú von hafi brugðist, hann hafi þá leyst til sín víxlana og síðan afhent stefnanda þá. Stefnandi kveðst því leggja víxlana fram í máli þessu til innheimtu á hendur samþykkjanda.

Stefnandi byggir kröfu sína um sýknu á því, að víxlarnir séu greiddir. Hann hafi samkvæmt tilmælum forstöðumanns firmans Á. H. Magnússonar & Co. í Reykjavík, þrátt fyrir það að víxlarnir væru ekki komnir í gjalddaga, leyst til sín fyrir firmað Á. H. Magnússon & Co. vörureikninga og farmskírteini fyrir vörum frá firmanu J. A. Pennington & Co. í Englandi, en skjöl þessi hafi legið í Útvegsbanka Íslands í Keflavík. Stefndi kveður sig hafa gert þetta hinn 18. febrúar og hafi krafan numið kr. 2.893.055 og sé dómsskjal nr. 10 kvittun fyrir þessari greiðslu til bankans. Daginn eftir hafi hann sent hin útleystu skjöl til firmans Á. H. Magnússonar & Co. með bréfinu á dómsskjali nr. 11. Jafnframt hafi hann í sama bréfi á dómsskjali nr. 11 talið upp alla víxlana 6, sem stefnt sé fyrir í máli þessu, að upphæð kr. 1.647.474, og auk þess séu þar nefndir aðrir 2 víxlar að upphæð kr. 250.000 hvor, eða samtals kr. 500.000. Víxlarnir, sem stefnt sé fyrir í þessu máli, nemi kr. 1.647.474, eða samtals kr. 2.147.474. Í bréfinu á dómsskjali nr. 11 sé þessi upphæð dregin frá greiðslunni samkvæmt dómsskjali nr. 10 og verði þá eftir kr. 745.581. Í bréfinu sé skorað á firmað Á. H. Magnússon & Co. að greiða þessa upphæð og bréfsafritin á dómsskj. nr. 12, 13 og 14 séu ítrekanir á þessum kröfum að skila víxlunum og greiða kr. 745.581. Peningaupphæðina hafi firmað Á. H. Magnússon & Co. greitt, en víxlunum hafi það ekki skilað.

Stefndi segir í greinargerð sinni, að í máli þessu sé stefnandi Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, og ef um venjulegt málfærsluumboð væri að ræða og firmað Á. H. Magnússon & Co. væri eigandi víxlanna, þá væri málssókn að vísu ástæðulaus, en eðlileg málslok yrðu þá, að stefnandi yrði skyldaður til þess að afhenda umbjóðanda hans, þ. e. a. s. stefnda, víxla þessa án endurgjalds, með því að hann sé búinn að greiða þá.

Vitnið Ásgeir Haukur Magnússon stórkaupmaður, fæddur 23.

júní 1936, til heimilis Háaleitisbraut 119, Reykjavík, kom fyrir réttinn í dag, og kvaðst vitnið hafa gefið út víxla þá, sem stefnt sé fyrir í máli þessu, f. h. fyrirtækisins Á. H. Magnússonar & Co., en vitnið kvaðst vera eini prókúruhafi þess fyrirtækis, en það fyrirtæki sé sameignarfélag. Vitnið kvaðst hafa framselt víxlana til Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns til fullra umráða, en kvaðst ekki svara því, hvort þeir hefðu verið framseldir til eignar, en vísaði til Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns með svar á þeirri spurningu. Vitnið kvaðst hafa leyst til sín úr banka alla þá víxla, sem stefnt er fyrir, og kvaðst hafa leyst þá til sín, eftir að þeir voru gjaldfallnir, eins og víxlarnir beri með sér. Vitnið kvaðst áður hafa selt víxlana í Útvegsbanka Íslands í Reykjavík og Verslunarbanka Íslands h/f í Reykjavík og leyst þá síðan til sín aftur, eftir að þeir voru gjaldfallnir. Vitninu var kynnt greinargerð stefnda á dómsskjali nr. 9 og lýsti því yfir, að það, sem þar kæmi fram, væri „ómerkur þvættingur, sem honum beri ekki skylda til að svara og vísar til lögmanns síns". Vitnið sagði aðspurt, að stefndi hefði greitt skjöl í Útvegsbanka Íslands, sem hafi verið á nafni fyrirtækis vitnisins, en hann hefði gert þá greiðslu upp við stefnda, sem honum hefði borið að gera, og varði sú greiðsla ekkert þá víxla, sem hér væri stefnt út af, þeir væru ógreiddir. Vitninu var sýnt dómsskjal nr. 10, kvittun frá Útvegsbanka Íslands, og mundi vitnið ekki eftir því að hafa séð kvittunina, en ekki væri ólíklegt, að kvittun þessi stemmdi við þau skjöl, sem stefndi hefði greitt og vitnið hafði fengið í hendurnar. Vitnið kvaðst hafa greitt stefnda það, sem honum hefði borið að greiða, á skrifstofu hans í Keflavík og fengið þá stimpluð frumrit reikninganna og farmbréfanna. Vitninu var kynnt afrit bréfa dómsskjala nr. 11—14 og kvaðst aldrei hafa fengið þessi bréf og reikningana hafi hann fengið afhenta, eins og áður greinir, en ekki fengið þá senda í pósti.

Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa fengið sérstaka kvittun frá stefnda, en hann hefði fengið frumrit allra reikninganna og farmbréfanna stimpluð greiðslustimpli Útvegsbankans í Keflavík, þegar hann greiddi stefnda á skrifstofu hans. Vitnið kvaðst hafa greitt helming vörureikninganna samkvæmt samkomulagi við framkvæmdastjóra stefnda, Jósafat Arngrímsson, og félaga hans, Jóhann Stefánsson, Bústaðavegi 99 í Reykjavík, en samkomulag hefði verið um það, að vitnið greiddi helming af kostnaði varanna, þar sem ákveðið hefði verið að selja vöruna sameiginlega til verslunarinnar Casanova, Bankastræti 9, Reykjavík, og hefði

það verið gert, en vörurnar hefðu verið „tollklareraðar" af Jóhanni Stefánssyni og afhentar af Jóhanni til verslunarinnar. Vitnið kvaðst hafa greitt helming vörureikninganna á skrifstofu stefnda, eins og áður greinir. Vitnið sagði, að greiðslur fyrir vörurnar, en það hefðu verið víxlar frá Casanova, hefði verið skipt í samræmi við samkomulagið og skipt til helminga milli vitnisins annars vegar og stefnda og Jóhanns Stefánssonar hins vegar. Vitnið sagði, að Jóhann Stefánsson hefði verið vitni að því, að vitnið greiddi sinn helming vörunnar á skrifstofu stefnda í Keflavík.

Í þessu þinghaldi kom fram krafa um það frá stefnda, að hann fengi frekari frest í málinu til þess að leiða vitni og aðilja. Stefnandi neitaði stefnda um þennan frest, og var kveðinn upp úrskurður um það ágreiningsatriði í því réttarhaldi. Niðurstaða þess úrskurðar var sú, að stefnda var synjað um umbeðinn frest.

Varnarástæða stefnda í máli þessu er sú, að umræddir víxlar, sem stefnt er út af, séu greiddir. Víxlarnir bera það ekki með sér, að þeir séu greiddir. Samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936, sem skýra ber þröngt, getur stefndi ekki haft uppi þá vörn í máli þessu, að víxlarnir séu greiddir. Stefndi hefur því engar lögfullar varnir fært fram gegn víxlunum, og verður því að dæma málið eftir framlögðum gögnum stefnanda. Þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxlanna með eyðuframsali til sín svo og afsagnargerð, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti, enda eru engir þeir gallar á málatilbúnaði, er frávísun varða.

Málskostnaður tildæmist kr. 250.000.

Jón Eysteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kyndill h/f, greiði stefnanda, Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 1.647.474 með 1.5% dráttarvöxtum á mánuði og fyrir brot úr mánuði af kr. 219.200 frá 4. febrúar 1974 til 12. febrúar s. á., af kr. 438.400 frá þeim degi til 16. febrúar 1974, af kr. 657.600 frá þeim degi til 3. mars 1974, af kr. 1.101.200 frá þeim degi til 20. mars 1974, af kr. 1.396.200 frá þeim degi til 28. apríl 1974, af kr. 1.647.474 frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 2.490 í banka- og afsagnarkostnað og kr. 250.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. júní 1975.

Nr. 26/1975. **Kyndill h/f**
(Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Flugmó h/f og gagnsök
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. febrúar 1975. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. mars 1975. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Kyndill h/f, greiði gagnáfrýjanda, Flugmó h/f, 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 9. janúar 1975.

Mál þetta, sem þingfest var 20. nóvember 1974 og dómtekið 7. janúar sl., hefur Magnús Fr. Árnason hæstaréttarlögmaður, Austurstræti 5, Reykjavík, f. h. Flugmó h/f, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 13. nóvember sl., gegn versluninni Kyndli h/f, Hafnargötu 21, Keflavík, til greiðslu víxilskuldar að fjárhæð kr. 545.842 með 1.5% mánaðarvöxtum af kr. 272.842 frá

28. febrúar 1974 til 14. mars 1974 af kr. 545.842 frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 2% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 420 í afsagnarkostnað og málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndi sótti þing við þingfestingu máls þessa 20. nóvember 1974 og skilaði síðan greinargerð í málinu 4. desember sl. Stefndi gerir þær kröfur í greinargerð sinni, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins. Stefndi kveður víxla þá, sem stefnt sé fyrir í máli þessu, vera greidda og hafi stefnandi átt að vera búinn að afhenda honum víxla þessa. Hann segir, að dómsskjal nr. 5, en það er kvittun Péturs Filippussonar, dags. 19. mars 1974, hljóði svo: „Í dag hefur undirritaður móttekið víxla fyrir kr. 1.546.296.00 til greiðslu upp í víxla pr. 31. 3. kr. 460.000.00, pr. 14. 3. kr. 273.000.00, pr. 28. 2. kr. 272.842.00, samtals kr. 1.005.842.00, samþykkta af Kyndli h.f. kr. (sic) og samþykkt tvo víxla samtals að upphæð kr. 540.455.00 fyrir mismuninum. Rv. 19. mars 1974, Pétur Filippusson". Stefndi kveður sig þegar hafa afhent stefnanda víxil pr. 31. mars að fjárhæð kr. 460.000 og verði hann lagður fram í máli þessu til sönnunar. Auk þess hafi stefnandi greitt víxlana tvo, samtals að upphæð kr. 540.455, en þá hafi hann greitt í Samvinnubanka Íslands, Keflavík, útibúi. Stefndi kvað stefnanda ekki hafa getað skilað strax þeim tveim víxlum, sem stefnt sé fyrir í máli þessu, þar eð þeir hafi verið í Búnaðarbankanum í Reykjavík, en stefnandi hafi sagst mundu skila þeim, er hann væri búinn að selja víxla þá, sem stefndi hafi afhent honum 19. mars 1974, en þá mundi hann borga þá og senda stefnda. Það gerði hann hins vegar ekki og sé nú stefnt fyrir þeim í þessu máli, en þeir hafi báðir verið nefndir í móttökukvittuninni pr. 14. mars, kr. 273.000, og pr. 28. febrúar, kr. 272.842. Stefndi segir í greinargerð sinni, að hann hafi sent lögmanni stefnanda bréf, þar sem hann hafi tjáð lögmanninum, að hann mundi fjalla um mál þetta á öðrum grundvelli, og sé þar að sjálfsögðu átt við það, að hann muni kæra misferli þetta fyrir sakadómi. Það hafi hann hins vegar ekki gert, en trúir því ekki að óreyndu, að stefnandi og lögmaður hans felli ekki mál þetta niður og afhendi honum víxla þá, sem stefnt er fyrir í máli þessu sem greidda, þar sem skrifleg sönnunargögn liggi fyrir því, að víxlar þessir séu greiddir.

Hinn 10. desember fór fram aðiljayfirheyrsla í máli þessu fyrir bæjarþingi Keflavíkur. Kom þá fyrir réttinn framkvæmdastjóri

stefnanda, Pétur Filippusson, Selási 3, Reykjavík. Honum var sýnt dskj. nr. 6 (kvittun undirrituð Pétur Filippusson) og kvaðst ekki hafa undirritað þessa yfirlýsingu, en aftur á móti sé hans skrift á nafnrituninni á kvittuninni, en telur helst þá skýringu að finna á nafnritun sinni á þessu blaði, að hann hafi verið að rita nafn sitt í einhverju fikti, þegar hann var að tala í síma, og hefði blaðið þá verið autt. Hann kvaðst yfirleitt ekki rita nafn sitt þannig, er hann undirritaði eitthvað, hann vandaði sig yfirleitt ekki þá eins mikið og komi þarna fram. Hann kvaðst ekkert hafa fengið greitt upp í þá víxla, sem stefnt væri útaf í máli þessu. Hann sagði, að dskj. nr. 8 (greiddur víxill) væri algerlega óviðkomandi þeim víxlum, sem stefnt er fyrir í þessu máli. Hann sagði aðspurður, að þeir tveir víxlar, sem nefndir væru síðast á dskj. nr. 6 að fjárhæð kr. 540.455 hefðu verið samþykktir og útgefnir af honum og seldir Samvinnubankanum í Keflavík og síðan hafi hann greitt þá á gjalddaga þeirra. Hann kvaðst aðspurður hafa tekið við ávísun vegna framangreindra víxla frá Samvinnubankanum í Keflavík.

Þá kom einnig fyrir réttinn sama dag framkvæmdastjóri stefnda, Jósafat Arngrímsson, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík. Hann kvaðst hafa ritað dskj. nr. 6 á verkstæði Flugmó h/f, Selási 3, Reykjavík, þann 19. mars 1974. Hann kvað Pétur hafa síðan undirritað yfirlýsinguna, um leið og þau viðskipti hefðu gerst, er yfirlýsingin greindi frá. Hann sagðist hafa móttekið víxla að fjárhæð kr. 540.455 og hann hefði síðan afhent þá Guðbjarti Pálssyni, sem hefði selt þá í Samvinnubanka Íslands h/f í Keflavík og látið Örn Clausen fá andvirðið. Hann sagði, að víxlar þeir, sem hann afhenti Pétri greint sinn, hefðu verið samþykktir af ýmsum aðiljum, og kvaðst muna eftir víxlum á verslunina Casanova, sem hann kveðst vita til, að Pétur hefði síðan fengið greidda. Hann sagði, að Pétur hefði ætlað að selja þá víxla, sem hann hefði afhent, en nota andvirðið til að innleysa þá þrjá víxla að fjárhæð kr. 1.005.842, sem Búnaðarbankinn hefði á Kyndil h/f. Hann kvað enga skrá hafa verið gerða yfir þá víxla, sem hann hefði afhent Pétri greint sinn.

Pétur Filippusson kom að nýju fyrir réttinn og sagðist hafa fengið einn víxil á Casanova að fjárhæð kr. 260.000 afhentan sem greiðslu frá Jósafat Arngrímssyni, en hann hefði verið til greiðslu á öðru en þeim víxlum, sem hér væri stefnt fyrir. Aðra víxla kvaðst hann ekki hafa fengið frá Jósafat Arngrímssyni. Hann ítrekaði, að hann hefði enga greiðslu fengið frá stefnda upp í

víxla þá, er hér væri stefnt fyrir. Ekki þykir ástæða til að rekja frekar framburði aðilja í réttarhaldi þessu.

7. janúar sl. var þingað í máli þessu. Var það þinghald boðað með símskeyti til lögmanna aðilja. Í þinghald þetta var ekki mætt af hálfu stefnda í málinu, og krafðist stefnandi þá þess, að málið yrði dómtekið. Þar sem þingsókn féll niður af hálfu stefnda í máli þessu, verður að dæma mál þetta eftir þeim gögnum og skilríkjum, sem stefnandi hefur lagt fram í málinu, og með tilliti til þess, sem fram hefur komið af hálfu stefnda, sbr. 118. gr. laga nr. 85/1936. Þær varnir, sem stefndi hefur haft uppi um efni máls í máli þessu, eru ekki ein þeirra varna, sem hafa má uppi um efni máls í víxilmálum, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Dómurinn lítur svo á, að dskj. nr. 6, þ. e. a. s. kvittun undirrituð „Pétur Filippusson", geti ekki komið til álita í þessu máli, þar sem hér er um víxilmál að ræða. Eins og áður segir, verður að dæma mál þetta eftir framkomnum gögnum og skilríkjum stefnanda, og þar sem ekkert hefur komið fram af hálfu stefnda í máli þessu, er hnekki kröfum hans, og stefnandi hefur lagt fram frumrit víxlanna svo og afsagnargerð, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti, enda engir þeir gallar á málatilbúnaði, er frávísun varða.

Málskostnaður tildæmist kr. 75.000.

Jón Eysteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kyndill h/f, greiði stefnanda, Flugmó h/f, kr. 545.842 með 1.5% dráttarvöxtum á mánuði og fyrir brot úr mánuði af kr. 272.842 frá 28. febrúar 1974 til 14. mars 1974, af kr. 545.842 frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 2% dráttarvöxtum á mánuði og fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 420 í afsagnarkostnað og kr. 75.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. júní 1975.

Nr. 154/1974. **Kyndill h/f**
(Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Kristjáni Vilhelmssyni
(Einar Viðar hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1974. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með stefnu 30. apríl 1974 höfðaði stefndi mál fyrir bæjarþingi Keflavíkur á hendur áfrýjanda til greiðslu skuldar að fjárhæð 284.333 krónur auk vaxta og kostnaðar. Skuld þessi var samkvæmt víxli, útgefnum af stefnda 17. september 1973, en samþykktum af áfrýjanda með gjalddaga 24. desember 1973. Málið var þingfest á bæjarþingi Keflavíkur 8. maí 1974, og á bæjarþinginu 5. júní s. á. var gerð með aðiljum svofelld sátt:

„Stefndi, Kyndill h.f., Keflavík, greiði stefnanda, Kristjáni Vilhelmssyni, Breiðási 1, Garðahreppi, kr. 284.333.00 ásamt 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 24. desember 1973 til greiðsludags, kr. 920.00 í banka- og afsagnarkostnað og kr. 37.000.00 í málskostnað, allt þann 5. júlí n. k.

Greiðslustaður er skrifstofa Einars Viðar hrl., Hafnarstræti 11, Reykjavík.

Sátt þessi er aðfararhæf.

F. h. stefnanda: Garðar Garðarsson hdl.
F. h. stefnda: Bjarni Þór Jónsson".

Sátt þessi er grundvöllur hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar.

Krafa áfrýjanda um, að fjárnámsgerðin verði felld úr gildi, er á því byggð, að Bjarni Þór Jónsson, cand. juris, sem undirritaði sáttina fyrir hann, hafi ekki haft umboð til þess.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð ber með sér, að framkvæmdastjóri og prókúruhafi áfrýjanda, Jósafat Arngrímsson, lýsti yfir því í fógetaréttinum, að áðurnefnd sátt hefði verið gerð „í sínu umboði, en án sinnar vitundar".

Nefndur framkvæmdastjóri kom fyrir dóm á bæjarþingi Keflavíkur 28. apríl 1975 og staðhæfði þá, að lögfræðingur sá, sem undirritaði sáttina fyrir hönd áfrýjanda, hefði ekki haft umboð til þess, „enda hafi hann bætt við í fógetaréttinum „án minnar vitundar"." Yfirlýsingu framkvæmdastjóra áfrýjanda fyrir fógetarétti um, að lögfræðingur sá, er undirritaði sáttina fyrir áfrýjanda, hafi haft til þess umboð, hefur eigi verið hnekkt, og verður hún lögð til grundvallar dómi í málinu, sbr. og 45. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjandi, Kyndill h/f, greiði stefnda, Kristjáni Vilhelmssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Keflavíkur 12. júlí 1974.

Ár 1974, föstudaginn 12. júlí, var fógetaréttur Keflavíkur settur í húsakynnum Kyndils h/f, Hafnarfirði, og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta Guðmundi Kristjánssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 159/1974: Kristján Vilhelmsson gegn Kyndli h/f.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Einar Viðar hæstaréttarlögmaður og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 birta sátt

bæjarþings Keflavíkur, gerða 5. júní 1974, og krefst fjárnáms til tryggingar sáttinni, kr. 284.333 auk 1½% mánaðarvaxta frá 24. desember 1973 til greiðsludags, kr. 920 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 37.000 í málskostnað, kr. 2.030 fyrir endurrit og fjárnámsbeiðni og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Forstjóri gerðarþola, Jósafat Arngrímsson, er sjálfur mættur í réttinum. Hann segir sáttina gerða í sínu umboði, en án sinnar vitundar og segir einnig, að víxlinum, er liggur til grundvallar sáttinni, hafi verið stolið.

Skoraði fógeti á hann að greiða umkrafða skuld, en hann kveðst ekki greiða/geta greitt.

Skoraði fógeti á mætta að benda á eignir gerðarþola til fjárnáms og brýndi fyrir honum að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mætti bendir á eftirtalda muni til fjárnáms: Víxil að upphæð kr. 460.000, með gjalddaga þann 20. nóvember nk., samþykktan af Garðari Sigmundssyni, víxil að upphæð kr. 64.957, með gjalddaga þann 1. nóvember nk., samþykktan af Jóni E. Jakobssyni, og víxil með gjalddaga 1. nóvember nk., að upphæð kr. 151.200, samþykktan af Pétri Filippussyni. Fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í framangreindum víxlum til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Gerðarbeiðandi tók víxlana í sína vörslu.

Miðvikudaginn 25. júní 1975.

Nr. 212/1974. **Kyndill h/f og Jósafat Arngrímsson**
(Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Stefáni Jónssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 11. desember 1974. Krefjast þeir þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Kröfur sínar byggja áfrýjendur á því, að sátt sú, sem gerð var 4. júní 1974 og er grundvöllur fjárnámsins, sé ógild og óbindandi fyrir þá, þar sem lögmann þann, sem sáttina gerði af þeirra hendi, hafi skort umboð til sáttargerðarinnar.

Þegar hin áfrýjaða fjárnámsgerð fór fram, var sótt þing af hendi áfrýjenda, en engin andmæli komu fram af þeirra hendi gegn gildi sáttarinnar. Þar sem málsástæðu þessari var ekki hreyft í fógetarétti, kemur hún ekki hér til álita, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 35.000 krónur.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjendur, Kyndill h/f og Jósafat Arngrímsson, greiði

óskipt stefnda, Stefáni Jónssyni, 35.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Keflavíkur 30. október 1974.

Ár 1974, miðvikudaginn 30. október, var fógetaréttur Keflavíkur settur að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta Jóni G. Briem með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 200/1974: Stefán Jónsson gegn Kyndli h/f og Jósafat Arngrímssyni.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Róbert Árni Hreiðarsson fyrir Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmann og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 sátt bæjarþings Reykjavíkur, gerða 4. júní 1974, og krefst fjárnáms til tryggingar skuldinni, kr. 150.000 auk 1.5% mánaðarvaxta frá 3. maí 1974 til greiðsludags, kr. 879 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 27.000 í málskostnað og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, að frádregnum kr. 19.000, sem greiddar voru 26. júlí 1974.

Lögmaður gerðarþola, Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, er mættur í réttinum og samþykkir fyrirtekt hér, og skoraði fógeti á hann að greiða umkrafða skuld, en hann kvaðst ekki greiða/geta greitt.

Skoraði fógeti á mætta að benda á eignir gerðarþola til fjárnáms og bryndi fyrir honum að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mætti bendir á eftirtalda húseign til fjárnáms, 3. hæð húseignarinnar að Hafnargötu 31, Keflavík. Lögmaður gerðarbeiðanda krefst þess, að gert verði fjárnám í lausafé fremur en fasteigninni.

Lögmaður gerðarþola bendir þá á verslunarinnréttingar á 1. hæð að Hafnargötu 31, Keflavík. Fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í framangreindum innréttingum til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Bryndi fógeti fyrir mætta að tilkynna gerðarþola gerðina og að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa, að viðlagðri refsiábyrgð að lögum.

Miðvikudaginn 25. júní 1975.

Nr. 213/1974. **Kyndill h/f og Jósafat Arngrímsson**
(Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Tryggva Hannessyni (Jón E. Ragnarsson hrl).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 11. desember 1974. Krefjast þeir þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Kröfur sínar byggja áfrýjendur á því, að sátt sú, sem gerð var 4. júní 1974 og er grundvöllur fjárnámsins, sé ógild og óbindandi fyrir þá, þar sem lögmaður sá, sem sáttina gerði af þeirra hendi, hafi skort umboð til sáttargerðarinnar.

Þegar hin áfrýjaða fjárnámsgerð fór fram, var sótt þing af hendi áfrýjenda, en engin andmæli komu fram af þeirra hendi gegn gildi sáttarinnar. Þar sem málsástæðu þessari var ekki hreyft í fógetarétti, kemur hún ekki hér til álita, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 30.000 krónur.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjendur, Kyndill h/f og Jósafat Arngrímsson, greiði

óskipt stefnda, Tryggva Hannessyni, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Keflavíkur 30. október 1974.

Ár 1974, miðvikudaginn 30. október, var fógetaréttur Keflavíkur settur að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta Jóni G. Briem með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 198/1974: Tryggvi Hannesson, Reykjavík, gegn Kyndli h/f og Jósafat Arngrímssyni.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Róbert Árni Hreiðarsson vegna Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 sátt bæjarþings Reykjavíkur, gerða 4. júní 1974, og krefst fjárnáms til tryggingar skuldinni, kr. 100.000 auk 1.5% mánaðarvaxta af kr. 50.000 frá 3. apríl 1974 til 3. maí 1974, en af kr. 100.000 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 480 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 15.000 í málskostnað, kr. (sic) í birtingar- og endurritskostnað og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, að frádreginni innborgun 27. júní, kr. 12.000.

Lögmaður gerðarþola, Áki Jakobsson, er mættur í réttinum og samþykkir fyrirtekt hér, og skoraði fógeti á hann að greiða umkrafða skuld, en hann kveðst ekki greiða/geta greitt.

Skoraði fógeti á mætta að benda á eignir gerðarþola til fjárnáms og bryndi fyrir honum að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mætti bendir á eftirtalda húseign til fjárnáms, 3. hæð húseignarinnar að Hafnargötu 31, Keflavík. Lögmaður gerðarbeiðanda telur, að hún standi ekki fyrir ofangreindri kröfu og krefst þess, að gert sé fjárnám í lausafé. Lögmaður gerðarþola bendir þá á verslunarinnréttingar á 1. hæð að Hafnargötu 31, Keflavík. Fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í framangreindum innréttingum til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Bryndi fógeti fyrir mætta að tilkynna gerðarþola gerðina og að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa, að viðlagðri refsiábyrgð að lögum.

Miðvikudaginn 25. júní 1975.

Nr. 214/1974. **Kyndill h/f og Jósafat Arngrímsson**
(Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Ólafi Ólafssyni (Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 11. desember 1974. Krefjast þeir þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Kröfur sínar byggja áfrýjendur á því, að sátt sú, sem gerð var 4. júní 1974 og er grundvöllur fjárnámsins, sé ógild og óbindandi fyrir þá, þar sem lögmaður sá, sem sáttina gerði af þeirra hendi, hafi skort umboð til sáttargerðarinnar.

Þegar hin áfrýjaða fjárnámsgerð fór fram, var sótt þing af hendi áfrýjenda, en engin andmæli komu fram af þeirra hendi gegn gildi sáttarinnar. Þar sem málsástæðu þessari var ekki hreyft í fógetarétti, kemur hún ekki hér til álita, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 35.000 krónur.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjendur, Kyndill h/f og Jósafat Arngrímsson, greiði

óskipt stefnda, Ólafi Ólafssyni, 35.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Keflavíkur 30. október 1974.

Ár 1974, miðvikudaginn 30. október, var fógetaréttur Keflavíkur settur að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta Jóni G. Briem með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 206/1974: Ólafur Ólafsson gegn Kyndli h/f og Jósafat Arngrímssyni.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Róbert Árni Hreiðarsson vegna Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 sátt bæjarþings Reykjavíkur, gerða 4. júní 1974, og krefst fjárnáms til tryggingar skuldinni, kr. 150.000 auk 1.5% mánaðarvaxta frá 3. apríl 1974 til greiðsludags, kr. 645 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 27.000 í málskostnað og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, að frádregnum kr. 12.000, sem greiddar voru 26. júlí.

Lögmaður gerðarþola, Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, er mættur í réttinum og samþykkir fyrirtekt hér, og skoraði fógeti á hann að greiða umkrafða skuld, en hann kveðst ekki greiða/geta greitt.

Skoraði fógeti á mætta að benda á eignir gerðarþola til fjárnáms og brýndi fyrir honum að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mætti bendir á eftirtalda húseign til fjárnáms, 3. hæð fasteignarinnar að Hafnargötu 31, Keflavík. Lögmaður gerðarbeiðanda krefst þess, að gert verði fjárnám í lausafé fremur en fasteigninni. Lögmaður gerðarþola bendir þá á verslunarinnréttingar á 1. hæð að Hafnargötu 31, Keflavík. Fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í framangreindum innréttingum til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta að tilkynna gerðarþola gerðina og að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa, að viðlagðri refsiábyrgð að lögum.

Miðvikudaginn 25. júní 1975.

Nr. 215/1974. **Kyndill h/f og Jósafat Arngrímsson**
(Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Kristjáni St. Kristjánssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 11. desember 1974. Krefjast þeir þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Kröfur sínar byggja áfrýjendur á því, að sátt sú, sem gerð var 4. júní 1974 og er grundvöllur fjárnámsins, sé ógild og óbindandi fyrir þá, þar sem lögmaður sá, sem sáttina gerði af þeirra hendi, hafi skort umboð til sáttargerðarinnar.

Þegar hin áfrýjaða fjárnámsgerð fór fram, var sótt þing af hendi áfrýjenda, en engin andmæli komu fram af þeirra hendi gegn gildi sáttarinnar. Þar sem málsástæðu þessari var ekki hreyft í fógetarétti, kemur hún ekki hér til álita, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 30.000 krónur.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjendur, Kyndill h/f og Jósafat Arngrímsson, greiði óskipt stefnda, Kristjáni St. Kristjánssyni, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Keflavíkur 30. október 1974.

Ár 1974, miðvikudaginn 30. október, var fógetaréttur Keflavíkur settur að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta Jóni G. Briem með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 208/1974: Kristján St. Kristjánsson gegn Kyndli h/f og Jósafat Arngrímssyni.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Róbert Árni Hreiðarsson vegna Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 dómssátt bæjarþings Reykjavíkur, gerða 4. júní 1974, og krefst fjárnáms til tryggingar skuldinni, kr. 100.000 auk 1.5% mánaðarvaxta frá 3. apríl 1974 til greiðsludags, kr. 720 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 15.000 í málskostnað, kr. (sic) í birtingar- og endurritskostnað, og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, að frádregnum kr. 12.000, sem greiddar voru 26. júlí 1974.

Lögmaður gerðarþola, Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, er mættur í réttinum og samþykkir fyrirtekt hér, og skoraði fógeti á hann að greiða umkrafða skuld, en hann kveðst ekki greiða/geta greitt.

Skoraði fógeti á mætta að benda á eignir gerðarþola til fjárnáms og brýndi fyrir honum að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mætti bendir á eftirtalda húseign til fjárnáms, 3. hæð fasteignarinnar að Hafnargötu 31, Keflavík. Lögmaður gerðarbeiðanda krefst þess, að gert verði fjárnám í lausafé fremur en fasteigninni. Lögmaður gerðarþola bendir þá á verslunarinnréttingar á 1. hæð að Hafnargötu 31, Keflavík. Fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í framangreindum innréttingum til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta að tilkynna gerðarþola gerðina og að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa, að viðlagðri refsiábyrgð að lögum.

Fimmtudaginn 26. júní 1975.

Nr. 54/1974. **Bæjarútgerð Reykjavíkur**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Ingólfi Péturssyni og gagnsök
(Sigurður Helgason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 14. mars 1974. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 4. apríl 1974. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér kr. 2.116.552, en til vara aðra lægri fjárhæð, í báðum tilvikum með 7% ársvöxtum frá 12. desember 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og hann hefði ekki haft gjafsókn í héraði, en gjafvörn fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál þar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Það er mat héraðsdóms, sem var skipaður vélfróðum samdómendum, að slysið verði rakið til ófullnægjandi loftræstingar og hins óbrúaða bils, sem gagnáfrýjandi féll niður um. Umbúnaður þessi var ótryggilegur, enda var byggt yfir opið eftir slysið. Aðaláfrýjandi hefur eigi hnekkt þessu mati héraðsdóms með álitsgerð sérfróðra manna eða öðrum sérfræðilegum gögnum. Að svo vöxnu ber með vísun til raka héraðsdóms að staðfesta niðurstöðu hans um, að aðaláfrýjandi sé fébótaskyldur gagnvart gagnáfrýjanda út af tjóni því, er hann sækir aðaláfrýjanda um í máli þessu.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð fram ný áætlun Þóris Bergssonar tryggingafræðings um atvinnutjón gagnáfrýjanda vegna slyssins. Er áætlunin dagsett 4. maí 1975, og segir þar m. a. svo:

„Verðmæti vinnutekjutaps.

Við útreikning verðmætis vinnutekjutaps hafa verið notaðar tvær mismunandi forsendur um vexti:

Aðferð I: Notaðir eru 7% vextir p. a. frá slysdegi til 16. maí 1973 og síðan 9% til frambúðar.

Aðferð II: Til 15. júlí 1974 eru notaðir sömu vextir og í aðferð I, en eftir það 13% vextir p. a. til frambúðar.

	Aðferð I:	Aðferð II:
Vegna tímabundinnar örorku .	kr. 561.590	kr. 561.590
Vegna varanlegrar örorku . . .	— 2.212.684	— 1.941.032
Samtals	kr. 2.774.274	kr. 2.502.622“

Þykir mega staðfesta ákvörðun héraðsdóms um heildarfjárhæð bóta, málskostnað og gjafvarnarkostnað.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, 200.000 krónur, er renni í ríkissjóð. Allur gjafvarnarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, 200.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, 200.000 krónur, er renni í ríkissjóð. Allur gjafvarnarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, Ingólfs Péturssonar, fyrir Hæstarétti, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 11. janúar 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 11. desember sl., hefur Ingólfur Pétursson vélstjóri, Miðbraut 16, Seltjarnarneshreppi, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 2. september 1971, gegn Bæjarútgerð Reykjavíkur aðallega, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæslu, til greiðslu á slysatjóni, er hann hafi orðið fyrir um borð í togaranum Ingólfi Arnarsyni, og áætlar hann í stefnu, að tjón hans nemi kr. 1.500.000, en áskilur sér rétt til framhaldsstefnu, ef örorkumat hans verði hærra, þegar það liggi fyrir. Stefnandi krefst 7% ársvaxta af kr. 1.500.000 frá 12. desember 1969 til greiðsludags og greiðslu málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ og til viðurkenningar á sjóveðrétti í togaranum m/b (mun eiga að vera b/v) Ingólfi Arnarsyni, sbr. 4. mgr. 216. gr. laga nr. 66 frá 1963, fyrir allri kröfunni og kostnaði öllum við málssóknina.

Með framhaldsstefnu, sem þingfest var 24. nóvember 1972, stefndi stefnandi Bæjrútgerð Reykjavíkur, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæslu, til greiðslu á kr. 666.749 ásamt 7% ársvöxtum til greiðsludags (sic) og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ svo og til viðurkenningar á sjóveðrétti, sbr. 4. mgr. 216. gr. laga nr. 66 frá 1963 fyrir allri kröfunni og kostnaði við málssóknina. Stefnandi segir heildarfjárhæð í aðalstefnu og framhaldsstefnu nema kr. 2.166.769 (mun væntanlega eiga að vera kr. 2.166.749) ásamt vöxtum og málskostnaði.

Við munnlegan málflutning gerði lögmaður stefnanda þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 2.119.552 með 7% ársvöxtum frá 12. desember 1969 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ eða mati dómsins svo og til að þola viðurkenningu sjóveðréttar stefnanda, sbr. 4. mgr. 216. gr. laga nr. 66 frá 1963, fyrir allri kröfunni og kostnaði öllum við málssóknina.

Í seinni ræðu sinni við munnlegan málflutning féll lögmaður stefnanda frá kröfu sinni um kr. 3.000 vegna kostnaðar við örorkumat Stefáns Guðnasonar læknis, og er þá endanleg dómkrafa stefnanda kr. 2.116.552 ásamt vöxtum og kostnaði, eins og krafist hefur verið, svo og krafa um viðurkenningu sjóveðréttar.

Stefndi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og jafnframt, að Bæjarútgerð Reykjavíkur verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Á hendur réttargæslustefnda, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, eru engar kröfur gerðar, og af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar í málinu.

Mál þetta var þingfest 3. september 1971. Lögmaður stefnanda fékk fresti til frekari málatilbúnaðar allt til 24. nóvember 1972. Lögmaður stefndu fékk fresti til þess að skila greinargerð til 9. febrúar 1973. Þann dag var málinu frestað um óákveðinn tíma til gagnaöflunar. Undirritaður dómsformaður fékk málið til meðferðar 14. maí 1973, og tók hann málið fyrst fyrir 19. júní 1973. Hinn 15. október sl. lýstu lögmenn aðilja yfir, að gagnaöflun væri lokið, og var málinu þá frestað óákveðið, þar sem lögmaður stefnanda ætlaði að láta dómsformann vita, hvenær togarinn yrði næst í Reykjavíkurhöfn, en þá var ætlunin að vettvangsskoðun færi fram. Hinn 22. nóvember sl. fóru dómarar málsins um borð í skipið, þar sem það var í Reykjavíkurhöfn, og skoðuðu vettvang. Málflutningur fór síðan fram, eins og áður er greint, 11. desember sl.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu, en án árangurs.

Málavextir virðast vera þeir, að stefnandi hafi verið lögskráður á togarann Ingólf Arnarson 31. júlí 1962. Stefnandi hafði undanþágu atvinnumálaráðuneytisins til þess að starfa sem 3. vélstjóri á þessu skipi. Stefnandi mun hafa unnið samfellt sem 3. vélstjóri á Ingólfi Arnarsyni, frá því að hann var lögskráður og þar til hann varð fyrir slysi hinn 12. desember 1969. Þá er stefnandi varð fyrir slysinu, var hann að vinna við þvott í vélarúmi skipsins. Stefnandi var að þvo aftarlega í vélarúmi efst á grindum við dælumótor stýrisvélar, stjórnborðsmegin. Stefnandi stóð á rist, sem sést á ljósmyndum á dskj. nr. 20, en af rist þessari mun stefnandi hafa náð upp í loft vélarúmsins. Með stefnanda við þvottinn var kyndari á skipinu, Garðar Eyjólfsson, en þá er slysið varð, hafði kyndarinn farið í kaffi, og var stefnandi einn, þá er slysið varð, en það mun hafa orðið með þeim hætti, að stefnandi féll niður á gólf í vélarúminu. Þá er stefnandi rankaði við sér eftir fallið, hrópaði hann á hjálp, og var stefnandi síðan losaður, en við fallið hafði annar fótur stefnanda festst. Sökum erfiðra aðstæðna, var búið um stefnanda á gólfi vélarúmsins og síðan siglt með hann til Þórshafnar í Færeyjum, en þar var hann lagður á sjúkrahús, og þar lá hann í 3 mánuði og 10 daga. Eftir það var hann fluttur heim til Íslands, en þá er hann kom heim, var hann lagður strax á Borgarsjúkrahúsið. Þar var hann skorinn

upp, en seinna fór hann á Heilsuverndarstöðina, en fór heim af Heilsuverndarstöðinni 30. september 1970.

Nokkru eftir að slysið varð, var rist sú, er stefnandi stóð á, þá er hann varð fyrir slysinu, stækkuð þannig, að opið, sem stefnandi mun hafa fallið niður um, er nú lokað, sbr. ljósmynd á dskj. nr. 18.

Hinn 25. júní 1970 og 20. janúar 1971 fóru fram sjópróf í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur vegna slyss þessa. Í sjóprófi bar Sigurjón Stefánsson, skipstjóri á togaranum Ingólfi Arnarsyni, að enginn sjónarvottur hafi verið að slysinu og hafi stefnandi verið einn í vélarúminu, þegar slysið varð. Í dagbók skipsins var skráð: „Kl. 04.00 vindur V4, létt sk. Kl. 08.00 vindur SV4, létt sk., og kl. 12.00 SV4, létt sk.". Skipstjórinn bar, að aðstaða hafi verið slæm til að ná hinum slasaða úr vélarúmi og því hafi það verið tekið til bragðs, þar sem stutt var til hafnar, að búa um hinn slasaða á dýnu, þar sem hann var kominn í vélarúminu. Skipstjórinn sagðist hafa haft samband við lækni í Þórshöfn og hafi hann ráðlagt að gefa stefnanda annað hvort morfínsprautu eða morfíntöflu, og kvaðst skipstjórinn síðan hafa gefið honum morfíntöflur. Ekki mundi skipstjórinn, hversu margar þær hafi verið, en hann hafi farið eftir ráði læknisins. Þegar til Þórshafnar kom, þá hafi læknir komið um borð í skipið og lagt á ráðin um það, hvernig hinum slasaða manni skyldi náð úr vélarúminu. Skipstjórinn sagði, að töluverður veltingur hafi verið, þá er slysið varð, og meiri sjór heldur en vindstyrkur sagði til um, en skipið hafi verið ólestað á leið heim úr söluferð. Skipstjórinn sagði, að þá er hann kom á vettvang, hafi stefnandi hangið á öðrum fætinum á grind aftan til í vélarúminu og hafi hann legið með höfuðið á borði, sem þar var. Það hafi ekki verið fóturinn, sem brotnaði, sem stefnandi hékk á. Skipstjórinn sagði, að hann, kokkurinn og kyndarinn, en hann hafi verið í kaffi, þá er slysið varð, þeir hafi þrír hjálpast að því að ná stefnanda niður. Skipstjórinn sagði, að það hefði strax sést, þegar að var komið, að stefnandi var lærbrotinn.

Í sjóprófi bar Eyjólfur Guðmundsson, 1. vélstjóri á Ingólfi Arnarsyni, að hann hafi komið á vettvang, eftir að slysið varð, og þá hafi verið búið að búa um stefnanda á vélarúmsgólfinu. 1. vélstjóri sagðist hafa falið stefnanda að hreinsa í vélarúminu og hafi stefnandi verið að þvo þiljur þar. Ekki hafi verið notaðir „stillansar", en 1. vélstjóra hafi verið sagt af þeim, sem áður komu á slysstað, að stefnandi muni hafa staðið á rist. 1. vélstjóri sagði, að hann og

stefnandi hafi unnið saman á togaranum Ingólfi Arnarsyni í nokkur ár. Hafi stefnandi verið góður starfsmaður og hafi hann ekki verið ógætinn. Ekki var 1. vélstjóra kunnugt um neina líkamlega annmarka hjá stefnanda og sagði, að sér væri ekki kunnugt um, að stefnandi hafi átt vanda til að fá yfirlið eða aðsvif. Ekki sagði 1. vélstjóri, að sér væri kunnugt um, að stefnandi hafi á neinn hátt verið illa fyrirkallaður, og hafi hann enga ástæðu til að ætla, að stefnandi hafi verið drukkinn. Í þessari ferð skipsins hafi verið full tala vélstjóra.

Í sjóprófi bar Garðar Eyjólfsson, vélstjóri á Ingólfi Arnarsyni, að hann hafi verið kyndari á Ingólfi Arnarsyni í þeirri ferð skipsins, er stefnandi slasaðist. Hafi þeir Garðar og stefnandi unnið við það um morguninn að þvo loft og þiljur í vélarúmi, en aðallega loftið. Stefnandi hafi verið að vinna við að þvo aftasta þilið af loftinu stjórnborðsmegin við uppgönguna. Þá er kominn var kaffitími, hafi stefnandi sagt Garðari að fara í kaffi. Garðar sagðist örugglega ekki hafa verið búinn að vera lengur en 10 mínútur í kaffi, er hann hafi heyrt köll úr vélarúminu. Hafi hann hlaupið niður og þá séð, að stefnandi hafi legið með herðarnar á borði, sem þarna er, en vinstri fótur hans hafi verið fastur við þilið milli röra. Garðar sagðist nú hafa hlaupið upp til að sækja hjálp, en í sömu andrá hafi matsveinninn og skipstjórinn komið niður. Þeir hafi lyft Ingólfi og losað fótinn, síðan lagt hann á gólfið, þar sem búið hafi verið um hann og hann látinn liggja þar, þar til komið var til Færayja. Garðar sagði, að það, sem hann hafi síðast séð til stefnanda fyrir slysið, hafi hann staðið á rist, sem þarna er, og hafi stefnandi þá verið að þvo loftið. Garðar sagðist ekki hafa tekið eftir neinu sérstöku í fari Ingólfs, er hann kom til vinnu um morguninn, er slysið varð, og hafi stefnandi ekki verið ölvaður. Þá er slysið varð, hafi verið lítils háttar veltingur, en ekki það mikill, að það þyrfti varasemi við. Garðar sagði, að ekki mundi hafa verið olía á ristinni, sem stefnandi stóð á, en tók fram, að þessar ristar séu alltaf hálar og það þurfti að vara sig á þeim.

Við sjóprófið bar stefnandi, að hann hafi komið á vakt um klukkan 0630, og sagði, að þá hafi legið fyrir fyrirmæli um að halda áfram að gera hreint í vélarúmi skipsins, en á því verki hafi verið byrjað áður. Stefnandi sagði, að Garðar Eyjólfsson kyndari hafi verið að starfa með sér í vélarúminu í umrætt sinn. Þá er stefnandi hafi komið á vakt, hafi hann litið eftir því, að allar vélar væru í lagi, eins og venja sé að gera, þegar komið sé á vakt, síðan hafi hann farið að laga lút og muni það hafa verið

um klukkan 0715 sem byrjað hafi verið á því að þvo. Hafi stefnandi byrjað að þvo aftarlega í vélarúmi, efst á grindum við dælumótor stýrisvélar stjórnborðsmegin. Hafi hann byrjað að þvo loftið fyrir ofan dælumótorinn. Hafi hann staðið á grindinni og kvaðst þannig hafa náð upp í loft. Kyndarinn hafi skömmu áður verið byrjaður að þvo nokkru framar, eða við ljósatöfluna. Kyndarinn hafi farið upp í kaffi um klukkan 0800. Skömmu síðar hafi slysið orðið. Hafi stefnandi staðið á grindinni og verið að þvo loftið og verið kominn alveg að uppgangsstiganum, en skyndilega hafi hann ekki vitað fyrr til en hann hafi rankað við sér niðri á gólfinu. Hafi sér verið litið á klukkuna í vélarúminu og hafi hana vantað 10 mínútur í átta. Stefnandi sagðist hafa legið á bakinu á gólfinu og hafa setið á hægri fæti, en vinstri fótur hafi verið klemmdur fastur við steðja, sem sé á gólfinu. Hann hafi strax tekið eftir því, að hægri lærleggur var brotinn. Stefnandi hafi í umrætt sinn verið á venjulegum götuskóm með leðursólum, en stefnandi kjósi að vera við vinnu sína á skóm með leðursólum, enda telji hann það best við þær aðstæður, sem fyrir hendi séu í vélarúminu. Þar sé oft hálka vegna olíu og vatns. Við vinnu sem þessa verði maður að halda sér, ef veltingur sé. Í umrætt skipti hafi verið sæmilega gott veður og ekki mikill veltingur og hafi stefnandi haldið sér í handrið við stigann með annarri hendinni. Stefnandi sagði, að á grindinni sem hann stóð á, sé alltaf olíusull frá dælumótor stýrisvélar. Einnig mun einhver hálka hafa verið af vatni eða lút þeim, sem hann hafi unnið með, en við vinnuna hafi stefnandi notað uppþvottakúst til að bera lútinn á og svo tusku til að þvo með. Enginn sérstakur loftblásari sé fyrir vélarúm skipsins, en venjulegir loftventlar séu í vélarúmi og kyndirúmi. Ekki hafi stefnandi orðið var við neina sérstaka veltu, er umræddur atburður varð. Skipið hafi hreyfst eins og venjulegt sé, og kvað stefnandi sæmilegt vinnuveður hafa verið, því annars mundi ekki hafa verið unnið við þetta. Þá er stefnandi rankaði við sér og fann, að hann var fastskorðaður, hafi hann séð, að ekki var annað að gera en að hrópa á hjálp og hafi kyndarinn komið eftir augnablik, en hlaupið frá til að ná í hjálp og skömmu síðar hafi skipstjórinn komið niður ásamt fleiri mönnum. Þrír menn hafi þurft að lyfta stefnanda upp til að losa hann. Síðan hafi hann verið dreginn fram á gólfið og búið um hann á dýnu fyrir framan stigann. Skipstjórinn hafi breytt um stefnu og hafi verið haldið til Þórshafnar og þar hafi læknir komið út í skipið. Á leiðinni í

land hafi skipstjórinn gefið stefnanda morfíntöflur og einnig hafi læknirinn gefið sér sprautu, er hann kom. Vegna þrengsla hafi ekki verið hægt að koma við sjúkrabörum og hafi hann verið vafinn í teppi og borinn upp. Síðan hafi hann verið fluttur á sjúkrahús í Þórshöfn. Þar hafi stefnandi legið í 3 mánuði og 10 daga. Þar hafi verið borað í legginn og hann settur í teygju. Áður en stefnandi fór af sjúkrahúsinu í Þórshöfn, hafi verið búið að setja legginn í gifsumbúðir. Stefnandi hafi komið heim með Gullfossi 24. mars 1970 og þá strax farið á Borgarsjúkrahúsið. Þar hafi hann verið skorinn upp 4. apríl, en síðan fluttur í Heilsuverndarstöðina 11. maí, en farið heim 30. september 1970. Stefnandi var spurður að því, hvort hann hefði getað gert sér grein fyrir því, eftir að hann var farinn að jafna sig eftir slysið, hver orsök slyssins hafi verið. Stefnandi kvaðst helst halda, að hann hafi skyndilega fengið aðsvif eða liðið hafi yfir sig, en tók fram, að hann hafi hvorki fyrr né síðar orðið fyrir því að fá aðsvif eða falla í yfirlið, en mjög hafi verið heitt, þar sem hann var að vinna í vélarúminu.

Hinn 5. október sl. kom stefnandi fyrir dóm til yfirheyrslu vegna máls þessa og sagði þá, að hann teldi, að betra hefði verið, að rist sú, sem nú hefur verið sett upp í vélarúminu, hefði verið alla tíð, en hann hafi aldrei haft orð á því við neinn þarna á skipinu. Stefnandi sagðist oft hafa kvartað við 1. og 2. vélstjóra yfir tilhögun á loftventlum, en þeir hafi haft aðra skoðun en stefnandi á því, hvernig loftventlar skyldu snúa. Þeir hafi viljað láta loftventlana snúa upp í vindinn, en stefnandi viljað láta op loftventlanna snúa undan vindi, en þannig telji hann, að sog myndist í loftventlunum og hreint loft hafi getað komið niður, en þegar op loftventlanna snúi upp í vindinn, þá geti slegið niður í vélarúmið gasi, sem myndist við brennslu af olíunni í katlinum. En 1. og 2. vélstjóri hafi ráðið þessari tilhögun. Stefnandi sagðist ekki vita, hvernig op á loftventlum hafi snúið, þá er slysið varð, það hafi verið myrkur, þegar hann kom til vinnu, og hann hafi strax farið að vinna við hreingerningu. Almennt sé heitt í vélarúminu, en á staðnum, þar sem hann var að vinna, þá er hann slasaðist, hafi verið mjög heitt, en á þessum stað safnist saman kyrrstætt loft. Ljósavélar hafi verið í gangi, þá er slysið varð, og aftari ljósavélin hafi verið rétt hjá þeim stað, sem stefnandi var að vinna á. Loftventlar séu mikið hreyfðir, þegar skip sé á veiðum, en á siglingu haldi skipið sömu stefnu, þá séu loft-

ventlar ekki hreyfðir, nema vindátt breytist miðað við siglingastefnu. Stefnandi sagði, að hann vissi til þess, að í öðrum togurum af svipaðri gerð og aldri og Ingólfur Arnarson hafi verið vélknúin loftræsting, en hún sé betri að áliti stefnanda. Svo hafi ekki verið á Ingólfi Arnarsyni. Stefnandi sagði, að fyrir slysið hafi hann verið hraustur og ekki haft tilhneigingu til að falla í yfirlið. Hann hafi aldrei fallið í yfirlið áður. Eftir slysið hafi hann aldrei fallið í yfirlið. Stefnandi sagðist ekki hafa náð sér eftir slysið, hann þreyttist enn mikið við stöður og gang, og taldi stefnandi ólíklegt, að þetta ætti eftir að lagast. Stefnandi sagðist, þá er hann kom fyrir dóm 3. október sl., vinna sem vélstjóri hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Hinn 22. mars 1971 var beðið um dómkvaðningu tveggja hæfra og óvilhallra manna til þess að meta aðstæður í vélarúmi togarans Ingólfs Arnarsonar svo og til að segja álit sitt á því, hvort ekki teljist ófullkomin vinnuaðstaða hjá 3. vélstjóra, er hann framkvæmdi samkvæmt tilmælum 2. vélstjóra hreinsun vélarúms, einnig til þess að matsmenn láti í ljós álit sitt á því, hvort ekki hafi getað myndast kolsýrlingseitrun í vélarúminu.

Í málinu hefur ekki verið lögð fram dómkvaðning matsmann, en á dskj. nr. 7 er matsgerð, dags. 11. maí 1971 og undirrituð af Guðmundi Péturssyni vélstjóra og Þórði Gröndal verkfræðingi. Í matsgerðinni segir svo:

„Að beiðni borgardómarans í Reykjavík hafa undirritaðir skoðað vélarúm togarans Ingólfs Arnarsonar RE 201 vegna slyss III. vélstjóra, sem hann varð fyrir 12/12 árið 1969. Við höfum einnig séð ljósmyndir, sem teknar voru af Tæknideild Rannsóknarlögreglunnar á slysstað, svo og framburð hins slasaða fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur 20. jan. 1971. Viðstaddir skoðun okkar voru Sig. Helgason hrl. og Ingólfur Pétursson vélstjóri. Samkvæmt dómkvaðningu var Arnljóti Björnssyni hdl. og Benedikt Blöndal hrl. tilkynnt um skoðunartímann, en hvorugur þeirra kom.

Eins og sjá má á ljósmyndum no. 1 og no. 2, náði ristin ekki að þili við stiga, þegar slysið skeði, en nú hefur hún verið stækkuð til þess að brúa þetta bil. Hinsvegar teljum við það litla möguleika að hafa fallið niður um þetta óbrúaða bil með fullri rænu, þar sem það er mjög þröngt og víða er tækifæri til þess að grípa í, áður en fallið er niður á gólf. Við teljum samt, að stækkun ristarinnar sé til bóta.

Samkvæmt framburði hins slasaða í málsskjölum kemur í ljós, að hann veit ekki af sér fyrr en hann liggur hjálparvana á gólfi.

Á ristinni, þar sem hinn slasaði var við vinnu, er vitað, að lofthiti hafi verið mjög hár og maðurinn vinnur upp fyrir sig. Ekkert loftop er í nálægð ristarinnar.

Ekki er hægt að fullyrða um eiturmengun loftsins í vélarúminu. Hins vegar verðum við að benda á, að: a) Ljósavél skammt frá ristinni er í gangi og hafi hún verið óþétt, þá myndast eiturloft frá henni. b) Nálægt ristinni eru geymd logsuðuhylki, þ. e. accetylen gas og súrefnishylki. Hafi verið leki á accetylen hylkinu, mundi eiturloft hafa getað safnast fyrir á vinnustað hins slasaða. c) Hafi olíubrennsla í katli verið ófullnægjandi og loftventlar við kyndistöð snúið þannig, að loft frá kyndistöðinni hafi leitað aftur í vélarúm, má telja líkur á, að um gasmengun hafi verið að ræða yfir ofangreindri rist.

Ofangreind atriði, a), b) og c), eru aðeins ábendingar um möguleika til loftmengunar, en ekki hægt að fullyrða neitt um það nema með nákvæmum rannsóknum, sem ekki er hægt að framkvæma nema skipinu sé siglt við sem líkust skilyrði og voru þegar slysið varð".

Hinn 5. október sl. komu matsmennirnir Guðmundur Pétursson og Þórður Gröndal fyrir dóm og staðfestu efni matsgerðarinnar sem rétt.

Fyrir dómi bar matsmaðurinn Guðmundur Pétursson, að loftventlar í vélarúmi séu þannig, að op þeirra myndi 90° horn við lóðrétta línu, og sé þeim oft snúið þannig, að loft leiti niður á loftventlana, þannig að opið snúi á móti vindi, og sé þetta gert til þess að fá hreint loft í vélarúmið. Matsmaðurinn tók fram, að ekki sé vitað, hvernig loftventlar hafi snúið gagnvart vindi, þá er slysið varð, en þar sem stefnandi var við vinnu, þá er hann slasaðist, sé mjög mikill hiti og lítil loftræsting. Matsmaðurinn sagði, að togarinn Ingólfur Arnarson sé systurskip margra annarra togara, svokallaðra nýsköpunartogara, og sagði matsmaðurinn, að honum væri ekki kunnugt um, að Ingólfur Arnarson sé öðru vísi en þau skip, að því er varðar vinnuaðstöðu í vélarúmi. Erfitt sé að segja um, hvað sé fullnægjandi loftræstikerfi. Á nýjum togurum sé séð fyrir loftræstingu með vélsúg og sé það miklu betra en eins og það var í gömlu togurunum. Það muni vera í verkahring þeirra, sem vinna í vélarúmi, að sjá um stillingu á loftventlum. Matsmaðurinn sagði, að ef svo hafi verið, að ljósavél hafi verið óþétt, en það viti hann ekkert um, þá telji hann staðinn, sem stefnandi var að vinna, þá er hann slasaðist, líklegan til, að þar hafi eiturmengað kyrrstætt loft getað safnast fyrir. Sú

mengun, sem skapist af óþéttri ljósavél, sé kolsýrlingsmettað loft.

Matsmaðurinn Þórður Gröndal bar fyrir dómi, að eftir því sem hann muni þá hafi staðurinn, sem stefnandi var við vinnu á, þá er hann slasaðist, verið uppi undir lofti og þar þröngt um, þannig að líkindi séu á því, að þar hafi safnast saman kyrrstætt loft.

Af hálfu stefnanda eru kröfur rökstuddar með því, að Bæjarútgerð Reykjavíkur beri skilyrðislausa bótaábyrgð vegna lélegs öryggisútbúnaðar og slæmra vinnuskilyrða, en eins og sjá megi af hinum framlögðu ljósmyndum, þá hafi rist sú, sem stefnandi stóð á, þá er hann þvoði loftið í vélarúminu, aðeins náð að hluta yfir opið og hafi því myndast bil milli ristarinnar og þilsins við stigann, en þar hafi stefnandi dottið. Nú hafi bil þetta verið brúað. Þarna hafi verið um óverulega framkvæmd að ræða, sem fyrirbyggt hefði, að slysið hefði getað borið að höndum, og verði að telja það vítavert gáleysi af hálfu útgerðarfélags togarans, að þessar ráðstafanir skyldu ekki hafa verið gerðar í tíma, þ. e. að stækka ristina, en á skorti þessum á öryggisbúnaði og þessum slæmu vinnuskilyrðum, sem þarna hafi verið, beri útgerðin ábyrgð. Stefnandi hafi verið starfsmaður Bæjarútgerðar Reykjavíkur og hafi þeir því borið húsbóndaábyrgð á honum auk þess sem þeir bergi ábyrgð vegna þess, að um sérstaklega hættulegan atvinnurekstur sé að ræða. Jafnframt eru kröfur stefnanda rökstuddar með vísan til matsgerðarinnar, en þar komi fram, að ýmsar orsakir hafi legið til þess, að eiturmyndun hafi getað orðið í vélarúmi, en hún hafi getað orsakast m. a.:

A. Ljósavél skammt frá slysstað gat myndað eiturloft.
B. Logsuðuhylki stóðu einnig skammt frá og gat myndað acetylengas, sem orsakað gat eiturloft.
C. Olíubrennsla í katli gat einnig verið ófullnægjandi og orsakað kolsýring og beri sérstaklega að hafa í huga, að loftventlar í skipinu hafi snúið þannig, að eðlileg loftræsting hafi ekki átt sér stað, og gasmengun gat auðveldlega myndast.
D. Lofthiti var mikill og ekkert loftop nálægt ristinni.

Öll framangreind atriði bendi eindregið til þess, að yfirlið stefnanda hafi orðið vegna slæmrar aðstöðu um borð, sem hafi orðið þess valdandi, að slysið hafi borið að höndum. Stefnandi hafi engu ráðið um þessar aðstæður og aðfinnslum hans um tilhögun loftventla hafi í engu verið sinnt. Slysið hafi því verið honum algerlega ógerlegt að forðast, en stefnandi sé vanur sjómaður, reglusamur og eftirsóttur í vinnu og ekkert bendi til þess, að hann hafi

sýnt gáleysi í starfi eða á nokkurn hátt verið valdur að slysinu. Beri því Bæjarútgerð Reykjavíkur alla ábyrgð á slysinu og hafi alla sönnunarbyrði á því, að tjónið eða slysið sé stefnanda að kenna.

Af hálfu stefnda Bæjarútgerðarinnar eru sýknukröfur rökstuddar með því, að slysið verði ekki á nokkurn hátt rakið til vanbúnaðar í vélarúmi skipsins, og jafnframt er því mótmælt, að skaðabótaábyrgð verði lögð á stefnda samkvæmt reglunni um hættulegan atvinnurekstur, þar sem þær reglur eigi ekki við í þessu tilviki, en samkvæmt dómvenju hér á landi sé sjómennska ekki talin hættulegur atvinnurekstur. Í hinni framlögðu matsgerð komi fram, að ekki hafi stærð ristarinnar eða skortur á handriði verið orsök slyssins. Hafi ristin verið hál, þá hafi það verið í verkahring stefnanda að passa upp á það, en stefnandi hafi verið þaulvanur öllum aðstæðum þarna og hafi verið að vinna verk, sem hann hafi oft unnið áður. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að af hinni framlögðu matsgerð verði ekki dregin ályktun um skaðabótaábyrgð stefnda, og er enn fremur á það bent, að stefnandi hafi sjálfur borið, að honum sé óljóst um það, hvernig slysið hafi viljað til, en líkleg ástæða sé, að skyndilega hafi liðið yfir stefnanda eða hann fengið aðsvif, en þá beri stefnanda að sanna, að yfirliðið hafi orðið fyrir vanrækslu stefnda, en um það verði ekkert dregið af hinni framlögðu matsgerð og enginn geti séð yfirlið fyrir og því sé ekki hægt að fyrirbyggja það. Af hálfu stefnda var því haldið fram, að fyrningarfrestur vegna sjóveðréttar væri liðinn, að því er kröfur í framhaldssök varðaði.

Af hálfu stefnda er fjárhæð bótakröfu vegna örorkutjóns mótmælt sem allt of hárri og grundvelli hennar sem röngum. Mati Stefáns Guðnasonar læknis er mótmælt sem of háu, röngu og óstaðfestu. Síðar féll lögmaður stefnda frá mótmælum vegna þess, að örorkumat væri óstaðfest. Líkindareikningi Þóris Bergssonar er af þeirri ástæðu mótmælt sem of háum, að örorkumat væri rangt og of hátt. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ef til komi, að bætur verði ákvarðaðar eftir þessum kröfulið, þá beri að hafa í huga til lækkunar hagræði af eingreiðslu og skattfrelsi skaðabóta sem þessara og svo beri að meta til frádráttar laun stefnanda frá slysdegi til 15. mars 1970, kr. 49.855, svo og dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 128.727, og eingreiðslu örorkubóta frá sama, kr. 124.327, og loks bætur samkvæmt slysatryggingu frá Tryggingu h/f, kr. 80.000.

Kröfu um miskabætur er mótmælt sem of hárri og að krafan sé í ósamræmi við dómvenju.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að matskostnaður eigi að heyra til málskostnaði.

Örorkumat sé þegar greitt af Tryggingu h/f.

Kostnaði Þóris Bergssonar sé ekki mótmælt tölulega, en hann eigi að heyra til málskostnaði.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi enga grein gert fyrir síðasta lið kröfu sinnar, og sé honum því mótmælt að svo stöddu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að sjóveðréttur sé niður fallin fyrir þeim hluta af kröfum stefnanda, sem fólginn sé í framhaldssök.

Lögmenn aðilja voru sammála um það, að togarinn, sem slysið varð í, hafi heitið Ingólfur Arnarson, en skipt hafi verið um nafn á togaranum og heiti hann nú Hjörleifur.

Samkvæmt dómvenju hér á landi fellur starf það, sem stefnandi vann við, þá er hann slasaðist, ekki undir hættulegan atvinnurekstur.

Dómarar málsins hafa farið á vettvang og kynnt sér aðstæður í vélarúmi togarans.

Eins og rakið hefur verið, hafði stefnandi, þá er hann varð fyrir slysinu 12. desember 1969, unnið sem 3. vélstjóri á þessu sama skipi frá 31. júlí 1962. Samkvæmt framburði 1. vélstjóra, sem bar, að hann og stefnandi hafi unnið saman á þessu skipi í nokkur ár, var stefnandi góður starfsmaður og ekki ógætinn. Ekkert hefur komið fram um, að stefnandi hafi verið illa fyrirkallaður í umrætt skipti.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að þarna, sem stefnandi stóð við vinnu sína, þá er hann datt og slasaðist, sé mikil hætta á, að safnist kyrrstætt loft. Þarna verði mjög heitt, þá er vélar skipsins eru í gangi.

Við skoðun dómaranna sást, að ristin, sem stefnandi stóð á við vinnu sína, nær nú yfir allt opið, samanber ljósmynd á dskj. nr. 18, og hefur ristin því verið stækkuð eftir slysið, samanber ljósmyndir af slysstað á dskj. nr. 20, en það eru ljósmyndir teknar af tæknideild rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. Að áliti dómsins er stækkun ristarinnar til mikilla bóta, hvað varðar öryggi starfsmanna, sem vinna uppi á ristinni, og er þá höfð í huga hin lélega loftræsting, sem þarna er. Dómarar eru sammála því, sem fram kemur í matsgerð, að litlir möguleikar hafi verið á því, að

maður með fullri meðvitund félli niður um opið, sem þarna var fyrir stækkun ristarinnar. Öðru máli gegnir, ef um er að ræða meðvitundarlausan eða meðvitundarlítinn mann.

Eftir því, sem fram er komið, verður að rekja slysið til ófullnægjandi loftræstingar og hins óbrúaða bils, sem stefnandi féll niður um, en á þessum umbúnaði ber stefndi sem vinnuveitandi ábyrgð.

Með því að ekki er upplýst, að stefnandi hafi verið meðvaldur að slysinu vegna gáleysis, verður skaðabótaábyrgðin lögð óskipt á stefnda.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1.	Örorkutjón, útreiknað 16. október 1973 af Þóri Bergssyni tryggingafræðingi	kr. 2.143.496
2.	Bætur fyrir miska, þjáningu og lýti	— 300.000
3.	Kostnaður við matsgerð	— 8.000
4.	Kostnaður við útreikning örorkutjóns	— 8.500
5.	Föt og læknisaðstoð, áætlað	— 15.000
		Samtals kr. 2.474.996

Frá þessari fjárhæð dragist:

1.	Laun frá Bæjarútgerð Reykjavíkur, sbr. dskj. nr. 19	kr. 49.855
2.	Dagpeningar og örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins	— 228.589
3.	Greiðslur frá Tryggingu h/f vegna samningsbundinna slysatrygginga, sbr. dskj. nr. 14	— 80.000
		Samtals kr. 358.444

Mismunurinn á þessum tveim fjárhæðum, eða kr. 2.116.552, er dómkrafa stefnanda.

Verður nú tekin afstaða til hinna einstöku liða í kröfu stefnanda.

Um 1.

Til stuðnings kröfum sínum vegna örorkutjóns hefur stefnandi lagt fram örorkumat gert af Stefáni Guðnasyni lækni og örorkutjónsútreikninga gerða af Þóri Bergssyni, cand. act.

Í örorkumatinu, sem dagsett er 3. nóvember 1971, segir svo: „Slasaði, sem er vélstjóri, datt í vélarúmi í togara í nánd við Færeyjar. Hann var lagður í sjúkrahús í Þórshöfn um 6 klst.

síðar, þar sem hann dvaldi til 22/3 1970, en kom í Borgarspítalann í Rvík 24/3 1970 og dvaldi þar til 30/9 1970.

Fyrir liggur vottorð Sverris Haraldsson læknis þar, dags. 10/3 1971, svohljóðandi:

„Þann 24. 3. '70 var Ingólfur Pétursson lagður inn á Skurðlækningadeild Borgarspítalans. Ingólfur kom flugleiðis frá Færeyjum, þar sem hann hafði verið lagður inn á sjúkrahús í Þórshöfn eftir slys um borð í togara. Sjúklingur hafði við slysið fengið brot á hægra lærlegg (fract. femoris dx.). Brotið var í Færeyjum meðhöndlað með strekki og hann síðan fluttur í gipsi til Reykjavíkur.

Kom í ljós við röntgenskoðun á lærleggnum, að brotið hafði ekki gróið saman og talsverð fjarlægð á milli brotenda. Þar sem öruggt var talið, að brotið myndi aldrei gróa undir slíkum kringumstæðum, var lærleggurinn spengdur.

Þegar sjúkl. fór að hressast, var hann sendur til frekari meðferðar og þjálfunar niður á Heilsuverndarstöð og er útskrifaður þaðan 30/9 1970. Gat þá gengið með einum staf. Síðan hefur sjúklingur þjálfað sig og farið allvel fram. Röntgenmyndir, síðast teknar í mars, sýna, að brotið er nokkurn veginn gróið. Áformað er að fjarlægja spöng og nagla frá lærlegg eftir u. þ. b. 2 mánuði, og verður sjúklingur þá lagður inn á sjúkrahús í sambandi við þá aðgerð.

Í dag, þann 10/3 1971, er ástand sjúklingsins í stórum dráttum sem hér segir:

Sjúklingur kvartar yfir verk í hægri hnélið og lærvöðvum hægra megin og einnig yfir þreytu við gang í hægra ganglim. Að sjá: Gangur sjúklings nokkuð hægur og óöruggur, og hann gengur örlítið haltur.

Hægri mjöðm og læri: Sjá meðfylgjandi rannsókn á vöðvum og liðum.

Samandregið: 55 ára gamall sjómaður, sem verður fyrir slysi við vinnu sína á togara þ. 12/12 1969 og er fyrst lagður inn á sjúkrahús í Þórshöfn og síðan fluttur á Skurðlækningadeild Borgarspítalans þ. 24/3 1970 með lærbeinsbrot hægra megin, sem gerð var aðgerð á. Sjúklingur hefur síðan verið óvinnufær, en ástand farið batnandi og gengur nú óstuddur og án hjálpartækja. Hann hefur talsvert rýrðan kraft í lærvöðvum og nokkuð hindraðar hreyfingar í hnélið hægra megin. Eftir 2 mánuði mun sjúklingurinn gangast undir nýja aðgerð til að fjarlægja spöng og nagla, sem sett var á lærlegginn. Hvað varanlega örorku snertir, mundi

ég telja of snemmt að fullyrða neitt um það, en rannsókn að fjórum til fimm mánuðum liðnum mundi ég telja að gæfi verulega ýtarlegri upplýsingar, hvað það snertir".

Slasaði kom til undirritaðs til skoðunar 21/5 1971. Slysfara- og sjúkrasögu ber saman við það, sem áður greinir. Kvartar um stirðleika í hægra hné og óþægindi og öryggisleysi í hægra fótlim, einkum lærinu. Það er 26 cm langt skurðör utan á hægra læri. Það finnst fyrir brotstaðnum við þreifingu. Gangur er dálítið stirðlegur og eins og að slasaði treysti ekki á hægri fótlim. Lætur líkamsþunga hvíla fremur á vinstri en á hægri ganglim. Hann kveðst hafa byrjað vinnu sem iðnverkamaður síðast í apríl sl.

Skv. vottorði Óskars Jónssonar læknis, Rvík, var slasaði lagður í Borgarspítalann á ný 31/8 1971, dvaldi þar til 13/9 1971, og var þar numin burtu sú spöng, sem áður var sett í hægri lærlegg.

Fyrir liggur vottorð Sverris Haraldssonar læknis, dags. 26/10 1971, svohljóðandi:

„Sjúkrasaga Ingólfs er í stórum dráttum: Slys um borð í togara og var lagður inn á sjúkrahús í Þórshöfn í Færeyjum með lærbeinsbrot hægra megin 12/12 1969. Kom á Borgarspítalann 23/3 1970, og var þá spengdur lærleggur.

Sjúklingur byrjar vinnu í apríl 1971.

Liggur á Borgarspítalanum í annað skiptið 31/8 til 13/9 1971, og var þá tekin spöng og naglar úr lærbeini. Áætlað er, að sjúkl. taki upp vinnu sína þ. 1/11 1971.

Subj.: Helstu kvartanir sjúklings eru: Verkur og þreyta í mjóbaki og ganglimum, aðallega vinstri, en þeim ganglim beitir hann að mestu fyrir sig. Þessi þreytuverkur er við stöður og einnig við gang, en hann kveðst í mesta lagi geta gengið 500 m í einu með eðlilegum hraða vegna ofannefndra óþæginda. Verkur og stirðleiki í hægra hné. Bólgur á báðum fótum og fótleggjum. Hann kveðst einnig hafa átt í stríði við vaxandi taugaveiklun eftir slysið, og háir þetta honum mjög.

Obj.: Sjúkl. gengur yfirleitt mjög hægt eins og af varkárni, en ber fætur til eðlilega. Hann er greinilega mjög „taugaslappur".

Hryggur: Nokkur scoliosa.

Ganglimir: Fjarlægð spina iliaca anterior superior malleolus medialis 92 cm hægra megin = vinstra megin. Lærþykkt hægra megin 10 cm fyrir ofan hnéskel 41½ cm hægra megin og 43 cm vinstra megin. Mesta ummál kálfa sama báðum megin. Dálítill bjúgur neðan til á sköflungi og yfir öklaliðum og talsvert af varicum. Hreyfingar í liðum vinstra ganglimar eðlilegar, en á

hægra hné 180—75 gráður. Ör eftir aðgerð utanvert á hægra læri vel gróið eymslalaust.

Sjúklingi þessum hefur verið ráðlagt að stunda ekki þunga vinnu og forðast störf, sem hafa í för með sér miklar stöður. Sjúkl. hefur einnig verið ráðlagt að taka ekki til við fyrri störf á sjónum vegna hans ástands eins og það er í dag".

Slasaði kom á ný til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum 1/11 1971. Hann kvartar enn um þreytuverki í baki og fótlimum, þolir illa gang og stöður og stirðleiki og sárindi eru í hægra hné að sögn. Einnig kveðst hann taugaslappari en fyrir slysið. Skoðun nánast óbreytt frá fyrri skoðun hér. Það er dálítil vöðvarýrnun á hægra læri, en hægra hné mælist um 1 cm gildara en það vinstra. Hreyfingar í því eru 180—75 gr. Fótlimir mælast jafnlangir. Hann telst nú vinnufær á ý eftir síðari aðgerðina frá og með deginum í dag.

Ályktun: Það er um að ræða 56 ára gamlan vélstjóra, sem slasaðist við vinnu sína á sjó fyrir bráðum 2 árum. Hann hlaut brot á hægra lærlegg.

Slasaði dvaldi á sjúkrahúsum frá slysdegi í 9½ mánuð, gekkst undir spengingu á brotinu og dvaldi á ný í sjúkrahúsi í ½ mánuð á árinu 1971, þegar spöngin var tekin.

Hann var óvinnufær í 1 ár og 4½ mánuð frá slysdegi talið og síðar í 2 mánuði vegna afleiðinga slyssins. Starfsgeta telst hafa verið verulega skert í 4 mánuði milli aðgerðanna og síðan nokkuð skert varanlega.

Varanlegar afleiðingar slyssins eru stirðleiki og þreytuverkir í hægra fótlim, óþægindi við gang og stöður, hreyfingartakmarkanir í hægra hné og vöðvarýrnun á hægra læri, auk nokkurs taugakvellis, sem sennilega má rekja til afleiðinga slyssins, að minnsta kosti að nokkru leyti.

Tæpast er að vænta frekari bata en þegar er fenginn, svo að verulegu nemi, og þykir því tímabært að meta nú þá tímabundnu og varlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem nú greinir:

Frá slysdegi í 14½ mánuð 100%
Eftir það í 4 mánuði 50%
Eftir það í 2 mánuði 100%
Eftir það varanlega .. .. 20%".

Í örorkutjónsútreikningi, dags. 7. desember 1971, segir svo: „Slysið.

Ingólfur Pétursson slasaðist 12. desember 1969 við vinnu sína um borð í b.v. **Ingólfi Arnarsyni.**

Hann féll niður af grind í vélarúmi skipsins með þeim afleiðingum, að hægri lærleggur brotnaði. Í ályktun örorkumats Stefáns Guðnasonar, tryggingayfirlæknis, dags. 3. nóv. 1971, segir: „Varanlegar afleiðingar slyssins eru stirðleiki og þreytuverkir í hægri fótlim, óþægindi við gang og stöður, hreyfingartakmarkanir í hægra hné og vöðvarýrnun á hægra læri, auk nokkurs taugakvellis, sem sennilega má rekja til afleiðinga slyssins, að minnsta kosti að nokkru leyti".

Örorkumat.

Læknirinn hefur metið orkumissi Ingólfs vegna afleiðinga slyssins þannig:

„Frá slysdegi í 14½ mánuð 100%
Eftir það í 4 mánuði 50%
Eftir það í 2 mánuði 100%
Eftir það varanlega .. .. 20%"

Ath. Ég vil í þessu sambandi benda á eftirfarandi orð í ályktun örorkumatsins: „Hann var óvinnufær í 1 ár og 4½ mánuð frá slysdegi talið og síðar í 2 mánuði vegna afleiðinga slyssins. Starfsgeta telst hafa verið verulega skert í 4 mánuði milli aðgerðanna og síðan nokkuð skert varanlega". Samkvæmt þessu ætti 100% örorkan að hafa verið í 16½ mánuð frá slysdegi, en ekki 14½.

Aldur.

Ingólfur er sagður fæddur 6. júní 1915 og hefur því verið 54 ára á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Samkvæmt afritum af skattframtölum Ingólfs árin 1967 og 1968 og upplýsingum yðar um árið 1968 hafa vinnutekjur Ingólfs þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

Árið 1966 .. .. .. kr. 253.415.57
— 1967 .. .. .. — 300.559.66
— 1968 .. .. .. — 357.570.61

Tekna þessara hefur Ingólfur aflað sem vélstjóri á togurum hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur. Ég hef því umreiknað þær til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á kjörum sjómanna og nota til þess úrtakstölur Efnahagsstofnunarinnar yfir vinnutekjur kvæntra sjómanna. Nýjustu úrtakstölur eru frá árinu 1970,

en Efnahagsstofnunin hefur áætlað, að hækkunin frá 1970 til 1971 nemi 28.4% og frá 1971 til 1972 18.0%. Í síðari áætluninni mun reiknað með 4% aflaaukningu á sjómann. Ég tel ekki rétt að taka svo óvisst atriði með í áætlun framtíðartekna og nota því 14%.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 20% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi, en tímabundna tapið sé sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um að frádregnum 20%.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap	
		Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 451.670.00	kr. 361.335.00	kr. 90.334.00
2. — — — ..	— 580.087.00	— 232.037.00	— 116.018.00
Síðan árlega	— 657.983.00		— 131.597.00

Verðmæti vinnutekjutaps.

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 552.146.00
Vegna varanlegrar örorku	— 1.109.533.00
Samtals	kr. 1.661.679.00

Athugasemd.

Ef gert er ráð fyrir 100% örorku í 16½ mánuð fyrst eftir slysið í stað 14½ mánaðar, svo sem framangreind tilvitnun í ályktun örorkumatsins bendir til, hækkar áætlað tímabundið vinnutekjutap á öðru ári eftir slysið úr kr. 232.037.00 í kr. 309.370.00. Verðmæti taps vegna tímabundinnar örorku hækkar úr kr. 552.146.00 í kr. 620.499.00.

Frádráttur.

1. Ekki hefur verið dregið frá það, sem Ingólfur kann að hafa fengið greitt frá atvinnurekanda fyrst eftir slysið.
2. Frá Tryggingastofnun ríkisins hefur Ingólfur fengið greidda dagpeninga fyrir tímabilið frá 16. 3. 1970 til 31. 10. 1971, samtals kr. 128.727.00, og er verðmæti þeirra á slysdegi kr. 120.008.00. Einnig hefur hann fengið örorkubætur með eingreiðslu 5. 11. 1971 kr. 124.000.00 og verðmæti þeirra á slysdegi kr. 108.581.00.
3. Sem sjómaður á Ingólfur rétt á bótum frá samningsbundinni

slysatryggingu sjómanna 20% af kr. 400.000.00, eða kr. 80.000.00.

4. Ekki hefur verið athugað, hver eðlilegur frádráttur vegna opinberra gjalda er.

Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu".

Í örorkutjónsútreikningi, dags. 14. nóvember 1972, segir svo: „Í útreikningi, dagsettum 7. desember 1971, reiknaði ég út örorkutjón Ingólfs Péturssonar vegna slyss hans 12. desember 1969. Við áætlun framtíðartekna notaði ég vinnutekjur Ingólfs þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið umreiknaðar til kauplags á slysdegi og fram til ársins 1970 samkvæmt breytingum á úrtakstölum Efnahagsstofnunarinnar yfir vinnutekjur kvæntra sjómanna, og síðan var notuð áætlun stofnunarinnar um hækkun vinnutekna árið 1971 og til frambúðar. Nú eru komnar úrtakstölur fyrir árið 1971, og sýna þær 26.3% hækkun frá 1970, en Efnahagsstofnunin hafði gert ráð fyrir 28.4%. Hækkunin frá 1971 til 1972 var áætluð 14%. Nú er ljóst, að þessi áætlun var verulega of lág, þar sem fiskverð hækkaði um 10% um sl. áramót og aftur um 15% 1. okt. sl. Með tilliti til þessara nýju upplýsinga hef ég endurreiknað örorkutjón Ingólfs.

Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap verður nú:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið ..	kr. 451.670.00	kr. 361.335.00	kr. 90.334.00
2. — — — ..	— 570.563.00	— 228.227.00	— 114.113.00
3. — — — ..	— 664.312.00		— 132.862.00
Síðan árlega	— 736.344.00		— 147.269.00

Verðmæti þessa taps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku .. .. kr. 548.779.00
Vegna varanlegrar örorku .. .. — 1.215.741.00

Samtals kr. 1.754.520.00

Ef gert er ráð fyrir 100% örorku í 16½ mánuð í stað 14½, verður áætlað vinnutekjutap á öðru ári kr. 304.288.00 í stað kr.

228.227.00, og verðmæti taps vegna tímabundinnar örorku verður kr. 616.008.00 í stað kr. 548.779.00.

Um forsendur og annað, sem máli skiptir, vísast til fyrri útreiknings".

Í örorkutjónsútreikningi, dags. 16. október 1973, segir svo:

„Ég hef tvívegis áður reiknað út örorkutjón Ingólfs Péturssonar, síðast með útreikningi dagsettum 14. nóvember 1972. Síðan hafa orðið mjög verulegar hækkanir á fiskverði. Þér óskið því enn nýs útreiknings.

Niðurstaðan nú verður eftirfarandi áætlun á vinnutekjum og vinnutekjutapi.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið ..	kr. 451.670.00	kr. 361.335.00	kr. 90.334.00
2. — — — ..	— 570.563.00	— 228.223.00	— 114.113.00
3. — — — ..	— 664.312.00		— 132.862.00
Síðan árlega	— 1.042.958.00		— 208.592.00

Verðmæti þessa vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 548.779.00
Vegna varanlegrar örorku	— 1.594.717.00
Samtals	kr. 2.143.496.00

Um reiknigrundvöll og aðrar forsendur, sem máli skipta, vísast til fyrri útreiknings míns, dags. 7. desember 1971".

Eins og rakið hefur verið, segir Stefán Guðnason læknir í örorkumati sínu, að stefnandi hafi verið óvinnufær í 1 ár og 4½ mánuð frá slysdegi og síðar í 2 mánuði vegna afleiðinga slyssins. Síðar metur læknirinn örorku stefnanda 100% í 14½ mánuð eftir slysið, eftir það 50% í 4 mánuði og eftir það 100% í 2 mánuði og svo varanlega 20%.

Eitt ár og fjórir og hálfur mánuður gerir sextán og hálfan mánuð, en ekki fjórtán og hálfan mánuð, en þar sem kröfur stefnanda eru byggðar á útreikningi, sem miðar við 100% örorku í 14½ mánuð, þá þykir þetta ósamræmi ekki skipta máli.

Af hálfu stefnda hefur örorkumati verið mótmælt sem of háu og röngu og örorkutjónsútreikningnum sem of háum af þeim sökum. Mótmæli þessi eru órökstudd, og verður örorkumat Stefáns Guðnasonar því lagt til grundvallar við niðurstöðu máls-

ins. Örorkutjónsútreikningur Þóris Bergssonar, cand. act., er líkindareikningur, og verður hann hafður til hliðsjónar við ákvörðun örorkubóta til handa stefnanda.

Þegar litið er til launa þeirra, sem stefnandi fékk greidd frá stefnda eftir slysið, dagpeninga og örorkubóta, sem stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, og greiðslu frá Tryggingu h/f vegna samningsbundinna slysatrygginga, enda hefur stefnandi lækkað kröfur sínar um það, sem þessum greiðslum nemur, svo og skattfrelsis bótanna og hagræðis af eingreiðslu, þá þykja bætur til stefnanda vegna örorkutjóns hæfilega ákveðnar kr. 1.300.000.

Um 2.

Þegar litið er til sjúkrasögu stefnanda og annars þess, sem fram er komið um afleiðingar af slysi stefnanda, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 200.000.

Um 3. og 4.

Liðir þessir, sem eru kostnaður við matsgerð og útreikning örorkutjóns, þykja eiga að falla undir málskostnað, og verður tekið tillit til þeirra við ákvörðun málskostnaðar.

Um 5.

Liður þessi hefur ekki verið studdur neinum gögnum og verður því ekki tekinn til greina gegn andmælum stefnda.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber stefnda, Bæjarútgerð Reykjavíkur, að greiða stefnanda kr. 1.500.000 (kr. 1.300.000 + kr. 200.000) með vöxtum eins og krafist var.

Krafa stefnanda um viðurkenningu á sjóveðrétti stefnanda í m/b (mun eiga að vera b/v) Ingólfi Arnarsyni verður ekki tekin til greina, þar sem sjóveðréttur var fallinn niður vegna fyrningar samkvæmt 232. gr. laga nr. 66 frá 1963, þá er stefna var birt í máli þessu, 2. september 1971, en eins og rakið var, varð slys það, sem mál þetta er af risið, 12. desember 1969.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 4. maí 1972, var stefnanda veitt gjafsókn „allt að kr. 30 þúsund". Samkvæmt ákvæðum 173. gr. laga nr. 85 frá 1936 eru hlunnindi gjafsóknarhafa fjórþætt. Auk þess sem gjafsóknarhafi er undanþeginn greiðslu réttargjalda fyrir dómsathafnir þær, sem gjafsókn nær til samkvæmt 1. og 2. tl. greinarinnar, er honum skipaður talsmaður, nema þess þyki ekki þörf, og greiðir ríkissjóður talsmanninum ferðakostnað og þóknun fyrir málflutninginn eftir ákvörðun dómara samkvæmt 3. tl. greinarinnar, en samkvæmt 4. tl. greiðir ríkissjóður fyrir gjafsóknarhafa ýmis gjöld í sambandi við rekstur málsins, þ. á m.

þóknun til mats- og skoðunarmanna. Í máli þessu hefur ekki verið lagður fram málskostnaðarreikningur, en útlagður kostnaður við þingfestingu aðalsakar og framhaldssakar er kr. 1.000, þóknun til matsmanna kr. 8.000 og kostnaður við útreikning örorkutjóns kr. 8.500. Í XI. kafla laga nr. 85 frá 1936 eru ekki ákvæði um takmarkaða gjafsókn, svo sem ákveðið er í gjafsóknarleyfi máls þessa. Ekki er í leyfinu gerð grein fyrir því, hvernig ætlast er til, að takmörkun þessari sé beitt gagnvart hinum ýmsu þáttum kostnaðar, sbr. 173. gr. laga nr. 85 frá 1936. Með hliðsjón af hinum ótvíræðu ákvæðum hinnar tilvitnuðu lagagreinar, og þá sérstaklega 3. tl., þykir skorta lagagrundvöll til þess að beita takmörkunum þeim, sem felast í gjafsóknarleyfi stefnanda.

Samkvæmt efnisúrlausn málsins þykir rétt, að stefndi greiði í málskostnað, er renni í ríkissjóð, kr. 209.500, og er þar með talinn kostnaður við útreikning örorkutjóns, kr. 8.500, og þóknun til matsmanna, kr. 8.000.

Málskostnaður stefnanda, kr. 209.500, þar með talin þóknun til talsmanns stefnanda, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðst kr. 192.000, greiðist úr ríkissjóði.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna formanns dómsins, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari, en meðdómendur voru Guðmundur Björnsson prófessor og Andrés Guðjónsson skólastjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði stefnanda, Ingólfi Péturssyni, kr. 1.500.000 með 7% ársvöxtum frá 12. desember 1969 til greiðsludags. Stefndi greiði kr. 209.500 í málskostnað, er renni í ríkissjóð. Kostaður stefnanda af rekstri máls þessa, kr. 209.500, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 192.000.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. júní 1975.

Nr. 78/1975. **Björgúlfur Kristjánsson**
gegn
Spindli h/f.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Þingbækur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. júní 1975, sem Hæstarétti barst 13. s. m. Kröfur sóknaraðilja þykir verða að skilja svo, að hann krefjist þess, að felldur verði úr gildi úrskurður, uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 21. maí 1975, og að bókun í máli þessu fari fram í bæjarþingsbók, eins og lög standi til samkvæmt 3. mgr. 42. gr. laga nr. 85/1936. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili telur, að kæra þessi beinist á engan hátt að sér, en hann krefst kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Skýra ber 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 svo, að kæra þessi sé heimil.

Í hinum kærða úrskurði er gerð grein fyrir þeim hætti, sem tíðkast hefur síðan 1967 á bæjarþingi Reykjavíkur um skráningu dómskýrslna. Ákvæði 42. gr. laga nr. 85/1936 þykja eigi standa því í vegi, að slíkur háttur sé á hafður.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 21. maí 1975.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar í þinghaldi 7. maí sl. um framkomna kröfu lögmanns stefnanda um, „að bókun fari framvegis fram í dómsmálabók, bæjarþingsbók, eins og lög standa skv. 3. mgr. 42. gr. einkamálalaganna", enda hafði lögmaðurinn mótmælt því, að notuð væri eingöngu ritvél, þar sem bókað væri það, sem fram færi í réttarhaldinu.

Lögmaður stefnda kvaðst ekki taka afstöðu til kröfu lögmanns stefnanda um bókun framvegis í þingbók og kvaðst leggja það á vald dómara.

II.

Málið er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 23. janúar 1969, af Björgúlfi Kristjánssyni, þá til heimilis að Bergþórugötu 23 hér í borg, en nú til heimilis að Kaplaskjólsvegi 11, gegn Spindli h/f, þá til heimilis að Skúlagötu 55, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 78.500 með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1968 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati réttarins. Hinn 13. febrúar 1969 lagði stefndi fram greinargerð og krafðist algerrar sýknu og ríflegs málskostnaðar úr hendi stefnanda at mati dómarans. Málavöxtum og málsástæðum lýsir stefnandi þannig í stefnu:

„Með húsaleigusamningi, undirrituðum 1. desember 1967, tók stefnandi á leigu hjá stefnda steinsteyptan kjallara í miðbyggingu hússins „Rauðará" við Skúlagötu í Reykjavík. Leigutímabilið var ákveðið 2—3 ár og leigugjald á mánuði hverjum kr. 1.750.00. Húsnæðið var upphitunarlaust, og tók leigutaki að sér að gera við hitalögnina og koma hitun í húsnæðið við fyrstu hentugleika. Ekki skyldi leigutaki þó greiða opinber gjöld, er stöfuðu af lagfæringu hitalagnarinnar. Leigutaki hafði rétt til framleigu. Stefnandi hófst þegar handa um að gera við hitalögnina í hinu leigða húsnæði. Nam kostnaður hans við þá viðgerð kr. 25.000.00. Í þágu stefnda greiddi stefnandi aukakerfisgjald til Hitaveitu Reykjavíkur, kr. 3.000.00, en sú upphæð skyldi ganga upp í húsaleigugreiðslur. Síðarnefnd greiðsla var af hendi innt 11. janúar 1968, en stefnandi hafði þá goldið húsaleigu fyrir desembermánuð, kr. 1.750.00. Hinn 1. janúar 1968 leigði stefnandi fyrirtækinu Trétækni s/f margnefnt húsnæði fyrir kr. 4.000.00 pr. mánuð. Hinn 20. febrúar 1968 ritaði stjórnarformaður Spindils h/f, Sæmundur Kristjánsson, stefnanda bréf, þar sem stefndi telur stefnanda hafa

fyrirgert rétti sínum skv. húsaleigusamningnum sökum vanskila, og kveðst stefndi munu semja við hinn nýja leigutaka, þ. e. Trétækni s/f um áframhaldandi leigu. Þessu mótmælti stefnandi þegar og síðan bréflega 2. apríl 1968, enda taldi hann leiguvanskil ekki hafa átt sér stað. Eins og fyrr segir, hafði stefnandi goldið í húsaleigu kr. 4.750.00 og jafnframt boðist til að greiða það, sem á vantaði, kr. 500.00, en því greiðsluboði var hafnað. Stefnandi telur stefnda hafa riftað leigusamningnum án nokkurs tilefnis og í þeim tilgangi einum að notfæra sér framlag stefnanda til lagfæringar og endurbóta hins leigða húsnæðis".

Sýknukröfu sína styður stefndi þannig í greinargerð:

„Eins og fram kemur af dómsskjali nr. 3, gerðu aðiljar máls þessa með sér húsaleigusamning um steinsteyptan kjallara í húsinu Rauðará við Skúlagötu hér í borg.

Stefndi var ekki eigandi að húsnæði þessu, og var stefnanda kunnugt um það.

Húsnæði þetta var upphitunarlaust með öllu, og tók stefnandi að sér, eins og segir í samningnum: „að gera við hitalögnina og koma á hitun í húsnæðinu ...". Skyldi stefnandi að sjálfsögðu greiða allan kostnað af þessu.

Leigutíminn hófst 1. desember 1967 og skyldi standa óákveðinn tíma, en uppsagnarfrestur var 3 mánuðir. Leigufjárhæðin var kr. 1.750.00 á mánuði, og skyldi hún greidd 1. hvers mánaðar fyrir fram. Greiddi stefnandi við undirritun samningsins, hinn 1. desember 1967, leiguna fyrir desember mánuð 1967 með kr. 1.750.00.

Eftir þetta greiddi stefnandi enga húsaleigu, og hinn 20. febrúar 1968 ritaði stefndi stefnanda bréf og skýrði honum frá því, að þar eð engin leiga hefði verið greidd fyrir janúar og febrúar 1968, væri það skoðað sem brot á samningi þeirra aðila og hann því fallinn niður.

Ekkert svar barst við bréfi þessu frá stefnanda fyrr en í aprílmánuði 1968. Var það bréf lögmanns stefnanda, dagsett 2. apríl 1968.

Í bréfi þessu er engin leigugreiðsla boðin fram og riftun stefnda á leigusamningnum er heldur ekki mótmælt.

Hinsvegar er talið, að stefndi skuldi stefnanda andvirði kostnaðar við að gera við hitalögnina og koma hitun á í húsnæðinu, og er kostnaður þessi talinn nema samtals kr. 28.000.00.

Í bréfi þessu er skýrt tekið fram, að stefnandi telji það refsivert athæfi hjá stefnda að taka leigu hjá framleiguhafanum, Auð-

uni Blöndal, og muni verða gerðar viðeigandi ráðstafanir í því tilliti.

Eins og að framan getur, bar stefnanda að greiða allan kostnað við að koma hitun á í húsnæðinu, enda er það viðurkennt í stefnu, að því er tekur til vinnu og efnis. Gjaldið til Hitaveitu Reykjavíkur er einungis einn liður í því að koma á hitun í húsnæðinu, og gildir því auðvitað sama um þann lið og annan kostnað.

Því er eindregið andmælt, að stefndi hafi viðurkennt að honum bæri að greiða gjald þetta.

Það er mikill misskilningur hjá stefnanda, sem segir í greinargerð, að stefndi hafi hagnast um mismun á kr. 29.750.00 og kr. 3.500.00. Eins og fyrr getur, er stefndi ekki eigandi að húsnæðinu, og er þar því ekki um neina auðgun stefnda að ræða.

Riftun samningsins stafaði eingöngu af vanskilum stefnanda, og getur hann því kennt sér einum, hvernig fór".

III.

Undirritaður dómari fékk mál þetta til meðferðar 1. október sl., en þá hafði það ekki verið tekið fyrir síðan 13. febrúar 1969 þrátt fyrir tilmæli þáverandi lögmanns stefnanda.

Stefnandi gaf skýrslu sína fyrir dóminum 5. mars sl., og þá kom einnig fyrir dóminn fyrrverandi framkvæmdastjóri stefnda, Spindils h/f, Sæmundur Kristjánsson. Ákveðið var að hafa samprófun 12. mars sl. Guðlaugur Einarsson hæstaréttarlögmaður mætti þá af hálfu stefnanda vegna Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns. Setti hann í upphafi þinghalds út á það, að aðeins einn þingvottur væri viðstaddur, þ. e. þingritari, og krafðist þess, að tveir vottar væru í þinginu. Úr þessu var bætt, og fór samprófun þá fram. 9. apríl var þingað í málinu að nýju, og voru þá tveir þingvottar viðstaddir, þ. e. þingritari og annar vottur. Af hálfu stefnanda mætti enn Guðlaugur Einarsson hæstaréttarlögmaður vegna Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns. Þá var ákveðið, að vitni kæmu fyrir dóminn 7. maí. Fyrir þinghaldið 7. maí sl. bárust dómaranum tvö bréf. Kristinn Einarsson hæstaréttarlögmaður tilkynnti, að hann mundi eigi framvegis gæta hagsmuna stefnanda í málinu, en lögmaður hans væri nú Guðlaugur Einarsson hæstaréttarlögmaður. Í bréfi, dags. 19. apríl sl., tilkynnti Guðlaugur Einarsson hæstaréttarlögmaður dómaranum hið sama. Í bréfi þessu voru auk þessa þrjú efnisatriði um meðferð málsins hér fyrir dóminum. Í fyrsta lagi, að ákveðnu vitni hefði verið vitnastefnt til að mæta klukkan 10 miðvikudaginn 7.

maí, í öðru lagi, að lögmaðurinn skilji ákveðna yfirlýsingu Sæmundar Kristjánssonar hér fyrir dóminum 12. mars sl. þannig, að Sæmundur sé persónulega ábyrgur í málinu gagnvart stefnanda, en enginn annar og þá eigi heldur hið stefnda hlutafélag sem slíkt, og samkvæmt þessu geri lögmaðurinn þá kröfu f. h. stefnanda, að dómarinn með tilvísan í 2. mgr. 115. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 og annarra ákvæða tilgreindra laga kalli Sæmund Kristjánsson fyrir dóm klukkan 10 7. maí. Í þriðja lagi lauk bréfi lögmannsins með þessari málsgrein:

„Að öðru leyti stendur fyrirvari minn um skýrslutöku yðar af aðilum, enda sýnist mér vanta a. m. k. eina setningu, sem var að vísu yfirstrikuð af yður, ef ég man rétt, og þar utan er ég svo lánsamur að fá ekki skilið, hvað þér sem ábyrgur dómari ætlist fyrir með þessari hringrás af spurningum og svörum aðila um atriði, sem annaðhvort voru áður upplýst, ellegar óviðkomandi málinu sem slíku. Þér minntuð mig á einkamálalögin, herra dómari".

Þar sem dómarinn taldi lögmanninn með þessari athugasemd gefa í skyn, að eigi hefði verið afgreitt rétt endurrit til lögmanna af þinghaldi 12. mars sl., var þetta athugað hjá þingritara. Í ljós kom, að í þinghaldinu 12. mars sl. höfðu verið vélritaðar fimm blaðsíður. Eftir þinghaldið hafði þingritari vélritað að nýju blaðsíður 1, 2 og 4 vegna ritvillna á þeim, en geymt hjá sér síður þær, sem vélritaðar voru í þinghaldinu sjálfu. Þingritarinn afhenti dómaranum þessar þrjár blaðsíður, og ákvað dómari að leggja þær fram sem dómsskjöl, þar sem útstrikun á bls. 1, sem dómarinn hafði látið gera í þinghaldinu til leiðréttingar á bókun sinni, hafði ekki, andstætt ákvæðum 3. mgr. 42. gr. laga nr. 85/1936, verið tekin með, þegar blaðsíðan var vélrituð að nýju. Í upphafi þinghalds 7. maí sl. lagði dómari fram ofangreint bréf Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, sem varð dskj. nr. 14, og ofangreindar þrjár blaðsíður, sem urðu dskj. nr. 15—17, og bókaði skýringar sínar á framlagningu skjala þessara. Að því loknu bar lögmaður stefnanda, Guðlaugur Einarsson hæstaréttarlögmaður, fram ofangreinda úrskurðarkröfu, en hún var bókuð þannig:

„Ég mótmæli því, að notuð sé eingöngu ritvél, þar sem bókað er, að það, sem fram fer í réttarhaldinu að gefnu tilefni, og krefst þess, að bókun fari framvegis fram í dómsmálabók, bæjarþingsbók, eins og lög standa skv. 3. mgr. 42. gr. einkamálalaganna og krefst úrskurðar um þetta atriði".

IV.

Árið 1967 var tekin upp sú nýbreytni hér við embættið að halda vélritaðar bæjarþingsbækur og sjó- og verslunardómsbækur. Gerð bókanna er þannig, að í þinghöldum, þar sem aðiljar eða vitni koma fyrir dóminn til skýrslugjafar, les dómari bókanir sínar fyrir vélritara, sem skráir þær jafnóðum með ritvél. Efstu blaðsíðurnar í ritvélinni eru úr góðum pappír, en auk þess eru með kalkipappír slegin eins mörg afrit og þurfa þykir. Aðiljar undirrita skýrslur sínar og vitni oft einnig, en í lok þinghalds undirrita dómari, lögmenn og vottar það, sem bókað hefur verið. Efstu blaðsíðurnar eru varðveittar og í lok hvers starfsárs bundnar saman í bók, en afritin fá dómari, lögmenn og/eða aðiljar í sínar hendur. Oftast eru afritin útbúin í lok þinghalds, þ. e. kápa er vélrituð, blaðsíður eru heftar saman og dómari staðfestir endurritið, gjöld eru reiknuð og greidd, en hitt gerist einnig, að vélritari gangi frá afritunum og setji þau, eftir að dómari hefur staðfest þau, í möppur lögmanna í afgreiðslu, þar sem þeir nálgast þau og greiða fyrir. Fyrir kemur, að vélritari, að eigin ósk, vélritar að nýju blaðsíður, sem á eru vélritunarskekkjur, og er þá gætt fyllstu varúðar, að rétt sé vélritað, og frumblaðsíðurnar varðveittar til öryggis.

Heimild til að halda slíkar vélritaðar bæjarþingsbækur og sjó- og verslunardómsbækur hefur verið talin felast í 42. gr. laga nr. 85/1936, og hefur aldrei verið efast um lögmæti þeirra af dómurum né lögmönnum fyrr en nú, að hæstaréttarlögmaður hefur krafist úrskurðar um þetta atriði.

Dómari ákveður í hverju þinghaldi, hvaða dómsmálabók sé notuð fyrir bókanir í þinghaldinu, og hafa aðiljar ekki forræði í því efni, enda verður eigi séð, hvaða réttarhagsmuni aðiljar hafi af slíkri ákvörðun. Þegar af þessari ástæðu verður krafa lögmanns stefnanda um, „að bókun fari framvegis fram í dómsmálabók, bæjarþingsbók, eins og lög standa skv. 3. mgr. 42. gr. einkamálalaganna", en ekki með ritvél, ekki tekin til greina.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafist í þessum þætti málsins.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp þennan úrskurð.

Úrskurðarorð:

Framangreind krafa lögmanns stefnanda er ekki tekin til greina.

Mánudaginn 18. ágúst 1975.

Nr. 102/1975. **Ákæruvaldið**
gegn
Samúel Oddgeirssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Einar Arnalds.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 11. ágúst 1975, sem barst Hæstarétti 12. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrrskurður verði úr gildi felldur.

Greinargerð hefur ekki borist af hendi varnaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. ágúst 1975.

Ár 1975, mánudaginn 11. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Aðfaranótt síðastliðins sunnudags var brotist inn í húsakynni Bílaleigunnar Fals við Rauðarárstíg hér í borg. Var stolið þar verðmætri reiknivél, lyklum að bensíndælu og nokkrum krónupeningum. Við rannsókn á vettvangi fundust fingrafarapartar á innanverðum gluggapósti, sem er beint fyrir neðan opnanlegan glugga, sem farið hafði verið inn um. Við rannsókn í tæknideild rannsóknarlögreglunnar kom í ljós, að fyrrgreind fingraför eru eftir löngutöng og græðifingur vinstri handar Samúels Oddgeirssonar, Freyjugötu 36 hér í borg.

Samúel var handtekinn í gær, og við yfirheyrslur hjá rann-

sóknarlögreglu þá og eins fyrir dómi í dag hefur hann neitað að hafa verið þarna að verki. Kvaðst hann hafa verið með Kristmundi Sigurðssyni að skemmta sér umrætt kvöld og skilið við hann skammt frá heimili sínu þessa nótt einhvern tíma ekki löngu eftir klukkan eitt.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og ber nauðsyn til að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, svo rannsókn málsins megi fara óhindruð fram. Kærði er sakaður um brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og getur brotið varðað hann fangelsisrefsingu, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 varðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Kærði, Samúel Oddgeirsson, er vanaafbrotamaður. Hann hefur á árunum 1971—1973 hlotið sex dóma, samtals fangelsi í 25 mánuði, og hefur hann afplánað alla dómana að fullu. Hann hefur frá síðastliðnum áramótum verið kærður fyrir 7 innbrot og ölvun við akstur. Þessi mál eru öll hjá ríkissaksóknara, og hefur ekki verið gefin út ákæra í neinu þeirra.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 60 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Samúel Oddgeirsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 60 dögum.

Föstudaginn 5. september 1975.

Nr. 105/1975. **Ákæruvaldið**
gegn
Bjarna Leifi Péturssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 26. ágúst 1975, sem barst Hæstarétti 27. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172 gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Greinargerð hefur ekki borist frá varnaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. ágúst 1975.

Ár 1975, þriðjudaginn 26. ágúst, var úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara.

Bjarni Leifur Pétursson, Njálsgötu 20, fæddur 15. júní 1958, var hinn 28. maí sl. úrskurðaður í allt að 90 daga gæsluvarðhald, en hann hafði verið kærður fyrir rán og játað það brot. Í úrskurðinum var frá því greint, að hann hefði síðan á árinu 1974 alls framið 24 brot (þjófnað, svik, skemmdarverk, árás og áfengislagabrot) og tvisvar sætt gæsluvarðhaldi, síðast dagana 21.—26. maí.

Síðan hafa tvö mál verið höfðuð á hendur Bjarna Leifi fyrir hegningarlagabrot, hið síðara 31. f. m. Sama dag krafðist ríkissaksóknari dómsrannsóknar út af kæru þeirri um rán, sem frá hefur verið greint.

Þegar litið er til ferils Bjarna Leifs, verður að telja brýna hættu

á, að hann haldi áfram brotum, ef hann verður laus. Hann er sakaður um stórfelld brot, er fangelsisvist liggur við. Þykir samkvæmt 5. tl. 67. gr. laga 74/1974 verða að framlengja gæsluvarðhaldsvistina og miða lengd varðhaldsins við það, að Bjarni verði eigi leystur úr því, fyrr en lokið hefur verið málum hans. Samkvæmt þessu verður gæslan framlengd um 60 daga.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhaldsvist Bjarna Leifs Péturssonar er framlengd um 60 daga.

Föstudaginn 19. september 1975.

Nr. 106/1975. **Fiskiðjan h/f**
gegn
Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Jón G. Briem, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. ágúst 1975. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur að öðru leyti en því, að málskostnaður verði ákveðinn kr. 251.966. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Fyrir fógetarétti féll varnaraðili frá öllum kröfum sínum í málinu, og andmælti sóknaraðili því ekki, að málið yrði hafið. Ákvæði 3. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1973 er því eigi til

fyrirstöðu, að mál þetta sé borið undir Hæstarétt með kæru samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 21. gr. þeirra laga.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður fógetaréttar Keflavíkur 31. júlí 1975.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 30. júlí, krefst gerðarbeiðandi, Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, þess, að lögtak verði gert hjá gerðarþola, Fiskiðjunni h/f, Keflavík, til tryggingar ógreiddum vogargjöldum árið 1973, kr. 85.714, og árið 1974, kr. 192.056, auk vaxta og kostnaðar.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar og krafist greiðslu málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Þingað var í máli þessu fimm sinnum. Í þinghaldinu 30. júlí sl. lýsti lögmaður gerðarbeiðanda því yfir f. h. umbjóðanda síns, að fallið væri frá öllum kröfum í máli þessu á hendur gerðarþola. Lögmaður gerðarþola lýsti því yfir, að hann krefðist greiðslu málskostnaðar að mati fógeta.

Með samkomulagi aðilja er því mál þetta hafið, og telst málskostnaður til handa gerðarþola hæfilega ákveðinn kr. 30.000.

Úrskurðarorð:

Mál þetta er hafið. Gerðarbeiðandi, Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, greiði Fiskiðjunni h/f, Keflavík, kr. 30.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. september 1975.

Nr. 113/1975. **Ákæruvaldið**
gegn
Birni Þórðarsyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Ingibjörg Benediktsdóttir, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Samkvæmt yfirlýsingu héraðsdómara, dags. 19. þ. m., skaut varnaraðili hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar við uppkvaðningu hans hinn 27. ágúst sl., sbr. 3. tl. 172 gr. laga nr. 74/1974, en skjöl málsins bárust Hæstarétti 8. þ. m.

Krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en af hálfu skipaðs réttargæslumanns hans hefur Hæstarétti engin greinargerð borist.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. ágúst 1975.

Ár 1975, miðvikudaginn 27. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið var í hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að þriðjudaginn 26. ágúst sl. var óskað lögregluaðstoðar að Hraunbæ 30 hér í borg vegna manns, er hafði verið að elta 5 ára stúlkubarn í stigagangi hússins. Var hann með buxurnar niður um sig og kynfærin útbyrðis. Stúlkan varð ofsahrædd við þessa sjón. Kærði, Björn Þórðarson, neitar sakargiftum, en tveir sjónarvottar hafa borið, að hann hafi verið hér að verki.

Á árinu 1974 var kærði tvívegis kærður fyrir grófa hegðun af sama tagi gagnvart börnum. Rúmlega fimmtíu íbúar að Hraunbæ

30, en þar býr kærði, og íbúar nærliggjandi fjölbýlishúsa skrifuðu þá undir lista, þar sem þeir kröfðust, að kærði sætti refsiábyrgð vegna ósiðsamlegs athæfis gagnvart börnum og fullorðnum.

Rannsókn máls þessa er enn á frumstigi.

Með hliðsjón af því og með vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að úrskurða kærða, Björn Þórðarson, til að sæta gæsluvarðhaldi, enda eru skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu, þar sem brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu, sbr. XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Gæsluvarðhaldstíminn ákveðst allt að 60 dögum.

Rétt þykir, að kærði gangi undir geðheilbrigðisrannsókn, á meðan á gæsluvarðhaldinu stendur, sbr. d lið 2. tl. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 74/1974.

Úrskurðarorð:

Kærði, Björn Þórðarson, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 60 dögum. Kærði sæti geðheilbrigðisrannsókn, á meðan á gæsluvarðhaldinu stendur.

Þriðjudaginn 23. september 1975.

Nr. 39/1974. **Guðbjörn Guðmundsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Sigmundi P. Lárussyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Verktakar. Sameiginlegt tilboð. Skipting hagnaðar og taps.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 19. febrúar 1974. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Áfrýjandi heldur því fram, að aðiljar hafi hvor um sig átt að bera tap og ágóða af sínum verkþætti við byggingu þá, sem í málinu greinir. Hann hefur þó hvorki sannað, að svo hafi verið um samið milli aðilja né að slík skipting taps og ágóða byggist á venju, þegar eins stendur á og hér. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 40.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðbjörn Guðmundsson, greiði stefnda, Sigmundi P. Lárussyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 21. nóvember 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 30. október sl., hefur Sigmundur P. Lárusson múrarameistari, Langagerði 86 hér í borg, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 5. apríl sl., á hendur Guðbirni Guðmundssyni byggingameistara, Glaðheimum 20 hér í borg.

Í máli þessu kveðst stefnandi krefja stefnda um endurgreiðslu skuldar eða skaðabóta samtals að fjárhæð kr. 187.855 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags og greiðslu málskostnaðar að skaðlausu, þó eigi lægri en samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, aukatekjulögum, svo og um útlagðan kostnað.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær kröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans.

Sátt hefur verið reynd, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að samkvæmt tilboðsblaði, dags. 14. apríl 1966, gera aðiljar máls þessa sameiginlega tilboð í að byggja

þvottastöð í Reykjavík fyrir Strætisvagna Reykjavíkur. Tilboð þeirra sundurliðast þannig:

1. Heildarupphæð, efni og vinna	kr. 5.972.253
Þar af:	
1. Rafmagnslögn, efni og vinna	— 307.860
2. Hita-, vatns-, skolp- og hreinlætistækjalagnir, efni og vinna	— 754.450

Í tilboðsupphæðinni var meðtalinn söluskattur, launaskattur, tryggingar á mönnum, efni og mannvirkjum svo og önnur gjöld, er fylgja því að hafa menn í vinnu og selja efni og þjónustu, þar til afhending hefur farið fram.

Svo fór, að tilboð aðilja var lægsta tilboðið, og var gerður verksamningur milli þeirra og borgarstjórnar Reykjavíkur um byggingu þvottastöðvarhúss fyrir Strætisvagna Reykjavíkur. Segir í upphafi þess samnings, að borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarstjórnar undirriti vegna Strætisvagna Reykjavíkur sem verkkaupi, en hins vegar Guðbjörn Guðmundsson trésmíðameistari, Glaðheimum 20, og Sigmundur P. Lárusson múrarameistari, Langagerði 86, báðir í Reykjavík, in solidum sem verksalar.

Samkvæmt bréfi Iðnaðarbanka Íslands h/f til borgarstjórans í Reykjavík, dags. 13. maí 1966, ábyrgist bankinn samkvæmt beiðni aðilja máls þessa allt að kr. 597.000 efndir skuldbindinga þeirra samkvæmt verksamningi, gerðum við Reykjavíkurborg, um byggingu þvottastöðvarhúss Strætisvagna Reykjavíkur. Fram er komið, að til þess að fá ábyrgð þessa setti stefnandi bankanum að veði húseign sína að Langagerði 86, og stefndi setti að veði íbúð, er hann átti.

Þann 14. júní 1968 lýsa aðiljar málsins því yfir, að borgarsjóður hafi leyft þeim að fella úr gildi ofannefnda bankatryggingu frá þeim degi að telja. Staðfesta þeir því, að þeir taki á sig greiðslur, sem stafað geti af göllum, sem fram kunni að koma á verkinu, og standi sú ábyrgð í 12 mánuði frá úttektardegi að **telja, þ. e. til 8. desember 1968.**

Aðiljar gerðu ekki skriflegan samning sín á milli um framkvæmdir tilboðs síns. Tilboðið var þannig gert, að stefndi reiknaði út allt tréverkið og alla útvegun til þess og allt, er varðaði undirverktaka. Stefnandi sá aftur á móti um útreikning vegna steypu,

múrverks og flísalagnar. Komu þeir síðan saman og ákváðu sín á milli, hvert heildartilboð þeirra ætti að vera.

Í málinu deila þeir um, hvernig skipta hafi átt gróða, ef gróði yrði, og tapi, ef tap yrði. Stefnandi heldur því fram, að skipta hafi átt jafnt, en stefndi, að skipta hafi átt í hlutfalli við upphæðir hluta hvors þeirra í heildartilboðinu. Upphæð hluta stefnda var allmiklum mun hærri.

Á árinu 1966 fór stefndi fram á það við Hjört Pétursson, löggiltan endurskoðanda, en stefndi hafði verið viðskiptavinur hans mörg undanfarin ár, að hann setti upp og leiðbeindi dóttur stefnda með bókhald fyrir þvottastöð SVR.

Segir Hjörtur Pétursson, að hann hafi rætt við báða aðilja og sett upp bókhaldið á eftirgreindan hátt með samþykki þeirra beggja. Þessu mótmælir stefnandi. Að sögn Hjartar var uppsetningin þessi:

„a) Færð var sjóðdagbók með reikningum, sem fram koma á reikningsyfirliti mínu, dags. 21. janúar 1969 (dskj. nr. 4).

b) Allar inn- og útborganir skyldu fara gegnum ávísanareikning nr. 5184 í Iðnaðarbanka Íslands h.f. Útborgun mátti því aðeins fara fram, að reikningar væru áritaðir af þeim þeirra tveggja, sem útborgun snerti, þ. e. a. s., að greiðslan félli undir tilboðshluta hans. Undirverktakar voru þrír, eins og fram kemur í téðu reikningsyfirliti, og mátti Guðbjörn greiða þeim samkvæmt áðurgerðum tilboðum af þeim.

c) Allur beinn kostnaður á verkið var númeraður á gjaldaliði, en ætlunin var að sjá, hvernig áætlanir þeirra Guðbjörns og Sigmundar hvors um sig kæmu út í lokin".

Segir Hjörtur, að reikningsuppgjör sitt á dskj. nr. 4 sé sett upp í samræmi við þetta og sýni það beinan hagnað af verkinu kr. 207.720.23 auk vaxtatekna, kr. 5.541.00, eða samtals kr. 213.261.23. Enn fremur sjáist af því, að hagnaður stefnda af hans tilboði nemi kr. 348.997.64, en aftur á móti sé tap á tilboði stefnanda, kr. 141.277.41. Miðað við þetta uppgjör hafi því stefndi lagt fram reikninga og greiddir hafi verið reikningar vegna tilboðshluta hans fyrir lægri upphæð en honum hafi borið samkvæmt sjálfri tilboðsáætluninni. Það, sem á vanti, að hann fái hana greidda, sé hagnaðurinn að frádreginni úttekt hans, kr. 125.000.00, eða kr. 223.997.64. Með sama hætti hafi stefnandi fengið greiddar kr. 75.000.00 að viðbættum reikningum, sem tapi hans nemur, eða samtals kr. 216.277.41. Séu þá óuppgerðar kr. 7.720.23, sem þannig fást:

Bankainnstæða	kr.	4.551.25
Borgarsjóður	—	1.642.00
Greitt upp í endurskoðun o. fl. (ekki fært til gjalda)	—	7.067.98
eða samtals	—	13.261.23
÷ bókaðar vaxtatekjur	—	5.741.00
Mismunur	—	7.720.23

Kveðst Hjörtur hafa talið, að þeir mundu gera upp í lokin með þessum hætti, en við reikningsuppgjör hafi komið fram mótbárur frá stefnanda.

Hjörtur Pétursson hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að aðiljar hafi komið til hans, eftir að þeir gerðu tilboð í verkið, og beðið hann að setja bókhaldið upp. Þeir hafi beðið hann að setja bókhaldið þannig upp, að þeir gætu séð, hvernig tilboð hvors um sig kæmi út. Þeir hafi ekki verið búnir að gera samning sín í milli, en endurskoðandinn kveðst hafa kvatt þá til þess að gera það og á þann hátt, er bókhaldið var sett upp. Þeir hefðu þá ekki verið búnir að gera það upp við sig, hvernig þeir ætluðu að skipta tapi eða gróða. Það hefði ekki verið rætt í hans viðurvist. Þá sagði endurskoðandinn stefnanda hafa þó nokkrum sinnum komið á skrifstofu hans út af ýmsum atriðum og að stefnandi hefði áritað alla sína reikninga til greiðslu. Enn fremur hefði stefnandi fengið hjá honum niðurstöðutölur um áramótin 1966—1967, 1967—1968 og yfirlitið á dskj. nr. 4, sem er dags. 31. desember 1968, í sambandi við skattframtöl sín. Þessu er ekki mótmælt af stefnanda, og hefur stefnandi talið fram í samræmi við þær tölur, sem endurskoðandinn hefur gefið honum upp. Hins vegar heldur stefnandi því fram, að hann hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvernig tapi og gróða var skipt í bókhaldinu fyrr en með uppgjöri á dskj. nr. 4, dags. 31. desember 1968.

Þá hefur Hjörtur Pétursson endurskoðandi sett upp kröfu stefnanda, eins og endurskoðandinn telur, að hún ætti að vera.

Stefnandi byggir kröfu sína á útreikningi Hjartar, sem stefndi er tölulega samþykkur.

Útreikningur þessi fer hér á eftir:

„A. Liður 1. Nettóágóði	kr.	213.261.23
Liður 3. Mótatimbur og Breiðfjörðsuppistöður	—	301.800.00
Liður 4. Úttekt Gautlands 7	—	10.649.35
Heildarágóði	kr.	525.710.58

B. Samkvæmt stefnukröfu ætti Sigmundur að fá helming ágóðans, kr. 262.855.29, að frádreginni úttekt, kr. 75.000.00. Inneign Sigmundar kr. 187.855.29.

C. Á sama grundvelli liti reikningur Guðbjörns þannig út:

Liður 2. Útteknir peningar	kr. 125.000.00
Liður 3. Sbr. að framan	— 301.800.00
Liður 4. Sbr. að framan	— 10.649.35
	Kr. 437.449.35
Frá dregst helmingur ágóðans	— 262.855.29
	Skuld Guðbjörns kr. 174.594.06

D. Sameign til að mæta kostnaði við endurskoðun o. fl. — 13.261.23

Samtals kr. 187.855.29

Sameignin er þannig:

Bankainnstæða	kr. 4.551.25
Borgarsjóður	— 1.642.00
Greitt upp í endurskoðun o. fl.	— 7.067.98
	Kr. 13.261.23“

Krafa stefnanda er í samræmi við inneign hans, sbr. lið B.

Aðiljar hafa komið fyrir dóm. Skýrði stefndi svo frá, að hvor þeirra um sig hafi reiknað út sitt tilboð óháð hinum og hafi hvor um sig átt að vera ábyrgur fyrir sinni tölu. Hann sagði það vera venju í þeim verktilboðum, sem hann hefði gert með múrarameistara, að hvor sæi um sitt. Hann kvaðst hafa tekið að sér slík verk um 20—30 ára tímabil. Þá skýrði hann svo frá, að í hans huga hefðu þeir hvor um sig átt að bera ábyrgð á sínum hluta og þola tap eða gróða af honum.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dóminum, að stefndi hefði spurt hann að því, hvort hann vildi bjóða í þetta verk með sér. Stefndi hefði þá verið búinn að fá menn til að taka að sér raflögn og pípulögn og blikksmiði, en það hefðu verið einu undirverktakarnir. Þeir hefðu síðan hvor um sig reiknað út sitt verk. Hann áleit, að eftir að hann kom með reikning sinn til stefnda, hefði hann lækkað hann um um það bil kr. 100.000. Hann minnti einnig, að stefndi hefði lækkað sinn hluta útreikninganna. Hann kvað sig hafa farið yfir útreikninga stefnda. Stefndi hefði lesið útreikn-

inga hans lauslega, en ekkert athugað þá nánar. Þá skýrði hann svo frá, að ekkert hefði verið rætt um, hvernig tap ætti að skiptast, ef tap yrði, eða hvernig gróða skyldi skipt. Þetta hefði ekkert verið rætt, fyrr en verkinu var lokið og farið var að flytja efni af staðnum á vegum stefnda. Hann skýrði svo frá, að það hefði alltaf verið hans meining, að tapi og gróða skyldi skipt jafnt. Hann kvað stefnda hafa gengið frá endanlegu tilboði. Þeir hefðu ákveðið að vera ekki yfir kr. 6.000.000. Næsta tilboð fyrir ofan hafi reynst vera kr. 50.000 hærra, þannig að ekki hefði á milli mátt sjá, hver hlyti verkið. Hann kvaðst ekki áður hafa boðið í slíkt verk og sagði stefnda hafa borið veg og vanda af gerð tilboðsins og samningsins.

Kristinn Auðunsson pípulagningameistari, einn undirverktakanna, hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að kvöldið áður en tilboðin voru opnuð og sama morgun og þau voru opnuð, hafi hann heyrt á tal stefnda og stefnanda um það, hvernig þeir mundu skipta tapi, ef tap yrði, eða ágóða. Hafi það komið fram, að þeir skyldu skipta í hlutfalli við verkmagn hvors um sig.

Stefndi kom síðan aftur fyrir dóminn, eftir að Kristinn Auðunsson hafði gefið framburð sinn, og kvaðst þá vera viss um, að Kristinn hefði heyrt þá Sigmund tala um það sín í milli, hvernig þeir mundu skipta gróða, ef hann yrði, og tapi, ef það yrði.

Stefnandi kom þá einnig aftur fyrir dóminn og kvaðst ekki muna til þess, að hann hefði séð tilboð Kristins. Hann kvaðst ekki muna eftir Kristni þarna, áður en tilboðið var gert, og ekki heldur, að Kristinn gæti í annan tíma hafa heyrt á tal þeirra stefnda varðandi samning þeirra í milli. Hann hefði aldrei rætt um það við nokkurn mann, að gróði eða tap af verkinu ætti að skiptast eftir hlutföllum eða um skiptingu þessa yfirleitt. Hann hafi reiknað með helmingaskiptum og ekki gert tilboðið, ef svo hefði ekki verið.

Stefnandi heldur því fram, að ekkert hafi verið samið milli aðiljanna um skiptingu gróða eða taps. Hann byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt verksamningnum hafi þeir verið in solidum ábyrgir gagnvart Reykjavíkurborg. Samkvæmt bréfi Iðnaðarbankans sé ábyrgð bankans sett fyrir þá báða sameiginlega og þeir hafi báðir orðið að setja húseignir sínar að tryggingu fyrir þeirri ábyrgð. Þá sé það ekki sundurliðað í tilboðinu, hvað sé trésmíðaverk og hvað sé múrverk. Þá hafi þeir reiknað sér kaup allan tímann, eins og þeir hefðu unnið hjá öðrum, og sé því hér aðeins deilt um skiptingu ágóða af verkinu í heild. Af málinu

verði ekki annað ráðið en áhættunni hafi átt að skipta jafnt og því ágóða einnig. Hjörtur Pétursson hafi verið ráðinn fyrir tilstilli stefnda, en stefndi hafi verið gamall viðskiptavinur hans, og að sú venja við uppgjör, sem bókhaldsuppsetning Hjartar Pétursson ar geri ráð fyrir, sé ósönnuð.

Af hálfu stefnda er byggt á uppgjöri Hjartar Pétursson ar og því haldið fram, að aðiljar hafi samið um þá skiptingu taps og ágóða, sem fram kemur í þeim útreikningi. Aðiljar hafi verið sammála um að setja bókhaldið upp að fyrirsögn Hjartar. Mjög sé hæpið, að helmingaskipti eigi að eiga sér stað. Tilboðið sé algerlega byggt á fyrirfram áætluðum tölum, byggðum á verklýsingu og þar sem reiknað sé með undirverktökum, sem samið hafi verið við fyrirfram. Hagnaður og tap undirverktakanna hafi verið þeirra mál og óviðkomandi málsaðiljum. Sama máli hafi átt að gegna um tilboð stefnanda og stefnda. Annar þeirra eigi hvorki að tapa né hagnast á því, að hinn hafi gert skekkju í útreikningum sínum, heldur beri honum að hlíta þeim úrslitum, sem ráðast af hans eigin útreikningum. Þá bendir stefndi á, að stefnandi hafi í reynd farið eftir útreikningum Hjartar, þar sem hann hafi talið fram til skatts í samræmi við tölur, sem Hjörtur hafi gefið honum upp.

Álit dómsins.

Í tilboði er ekki sundurgreint verkmagn aðilja hvors um sig. Með verksamningi þeim, sem aðiljar málsins gerðu við borgarstjórn Reykjavíkur vegna Strætisvagna Reykjavíkur, tóku þeir in solidum að sér byggingu þvottastöðvarinnar á Kirkjusandi. Þannig er ljóst, að gagnvart verkkaupa var ábyrgð beggja sú sama. Ábyrgð Iðnaðarbanka Íslands h/f, dags. 13. maí 1966, er tekin fyrir aðilja málsins sameiginlega, og ekki hefur annað fram komið en þau veð, sem þeir settu bankanum til þess að fá þá ábyrgð, hafi verið álíka góð. Áhætta aðilja gagnvart öðrum er því jöfn. Með þetta í huga þykir stefndi ekki hafa sannað gegn mótmælum stefnanda, að um það hafi verið samið þeirra í milli í upphafi, að tap skyldi skiptast í hlutfalli við verkmagn. Þá hefur stefndi ekki sannað, að venja sé fyrir því að skipta ágóða og tapi eftir verkmagni hvors eða hvers byggingameistara. Hvor þeirra tók líka meistaraþóknun af sínum hluta verksins, og hlaut stefndi á þann hátt umbun vegna meira verkmagns. Ósannað er, að stefnandi hafi mátt gera sér grein fyrir því fyrr en með uppgjöri, sbr. dómsskj. 4, hvernig stefndi hugðist gera upp þeirra í milli.

Þegar öll ofangreind atriði eru metin, þykir eiga að taka kröfu

stefnanda til greina, og er þá á því byggt, að eins og mál þetta er vaxið, leiði jöfn áhætta til jafnrar ágóðaskiptingar. Stefndi hefur ekki mótmælt vaxtakröfu sérstaklega, og er hún tekin til greina. Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Eggert Kristjánssyni, hæstaréttarlögmanni og endurskoðanda, og dr. Ragnari Ingimarssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, Guðbjörn Guðmundsson, greiði stefnanda, Sigmundi P. Lárussyni, kr. 187.855 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags og kr. 50.000 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. september 1975.

Nr. 161/1974. **Hreppsnefnd Mosfellshrepps**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Borgarsjóði Reykjavíkur vegna Hitaveitu Reykjavíkur
(Páll Líndal hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Arnljótur Björnsson.

Fasteignaskattur. Synjun lögtaksgerðar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. september 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir fógeta að gera lögtak í eignum stefnda til tryggingar ógreiddum fasteignaskatti álögðum 1972, að fjárhæð kr. 3.120.000 „auk áfallinna og áfallandi dráttarvaxta frá

gjalddaga til greiðsludags, auk alls kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til kemur". Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður fyrir báðum dómum verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með bréfi 14. júní 1974 lagði áfrýjandi ágreiningsefnið fyrir yfirfasteignamatsnefnd ríkisins. Hinn 5. september 1974 úrskurðaði yfirfasteignamatsnefnd, að stefnda væri óskylt að greiða viðbótarfasteignaskatt þann, sem um er deilt í málinu.

Gjaldheimta þessi byggist á ákvæðum II. kafla laga nr. 8/1972. Í 3. mgr. 4. gr. laganna segir: „Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn, og sker þá yfirfasteignamatsnefnd ríkisins úr. Úrskurði nefndarinnar má skjóta til dómstólanna". Ákvæði 10. og 11. gr. reglugerðar nr. 320/1972 hagga eigi hinu skýlausa lagaákvæði.

Samkvæmt þessu bar að fá úrlausn yfirfasteignamatsnefndar um ágreiningsefnið, áður en það var borið undir fógetarétt.

Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 50.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Mosfellshrepps vegna hreppsins, greiði stefnda, borgarsjóði Reykjavíkur vegna Hitaveitu Reykjavíkur, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara og Arnljóts Björnssonar prófessors.

Ágreiningur aðilja um skyldu stefnda til að greiða hinn umdeilda fasteignaskatt var eigi lagður fyrir yfirfasteigna-

matsnefnd ríkisins til úrskurðar samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 4. gr. laga nr. 8/1972, áður en áfrýjandi bar málið undir fógetarétt Reykjavíkur. Í nefndu ákvæði segir svo um fasteignaskatt: „Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn, og sker þá yfirfasteignamatsnefnd ríkisins úr. Úrskurði nefndarinnar má skjóta til dómstólanna". Samkvæmt þessu er athugunarefni, hvort framangreint ákvæði girði fyrir það, að lögtakskrafa áfrýjanda nái fram að ganga.

Lög nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga leystu af hólmi lög nr. 51/1964 um sama efni. Ákvæði um úrlausn ágreinings um skyldu fasteignareiganda til að greiða fasteignaskatt var að finna í 1. mgr. 4. gr. þeirra laga, er sagði svo: „Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn, og sker þá ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna". Svipuð ákvæði höfðu lengi verið í löggjöf um fasteignaskatta, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 66/1921, 2. mgr. 4. gr. laga nr. 69/1937 og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 67/1945, sbr. enn fremur 65. gr. laga nr. 69/1962. Var lagaframkvæmdin sú, að ágreining um gjaldskyldu mætti bera undir dómstóla, enda þótt honum hefði ekki áður verið skotið til ráðherra til úrskurðar. Í greinargerð þeirri, sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 8/1972, segir skýrum stöfum í athugasemdum við 4. gr., að greinin sé samhljóða 4. gr. hinna eldri laga að öðru leyti en því, að yfirfasteignamatsnefnd skeri úr ágreiningi í stað ráðherra, eins og verið hafi. Er ljóst af þessum ummælum, að það hefur ekki verið tilgangur löggjafans með því að víkja nokkuð við orðalagi í niðurlagi 3. mgr. 4. gr. frá því, sem var í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 51/1964, að skjóta þar með loku fyrir, að dómstólar dæmdu um gjaldskyldu fasteignaskattsgreiðanda, nema því aðeins að aflað hefði verið úrskurðar þess stjórnsýsluaðilja, sem bera mætti málið undir. Og þar sem þetta er ekki beinlínis tekið fram í nefndri 3. mgr., þá er rétt að líta svo á, að slíkan ágreining megi bera undir dómstóla eftir sömu reglum og gilt hafa. Meiri hluti dómenda hefur hins vegar komist að gagnstæðri niðurstöðu. Er því ekki efni til, að við leggjum efnisdóm á réttmæti lögtakskröfunnar að svo búnu.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 29. maí 1974.

Mál þetta var tekið til úrskurðar hinn 24. þ. m.

Með bréfi gerðarbeiðanda til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu var þess krafist, að gert yrði lögtak hjá gerðarþola til tryggingar greiðslu á 4% skatts af hlunnindum í Mosfellshreppi, álögðum 1972 og 1973. Samkvæmt reikningi gerðarbeiðanda nam skattur þessi kr. 3.120.000 fyrir hvort árið.

Með bréfi sýslumannsins í Kjósarsýslu frá 4. febrúar 1974 framsendi hann beiðni þessa til þessa embættis.

Undir rekstri málsins hefur gerðarbeiðandi fallið frá kröfunni að svo stöddu um skattinn fyrir árið 1973, og er því lögtakskrafan kr. 3.120.000.

Ákveðið var að flytja mál þetta munnlega fyrir fógetaréttinum mánudaginn 8. apríl klukkan 1330. Skömmu áður en málflutningurinn átti að hefjast, hringdi lögmaður gerðarþola, Páll Líndal borgarlögmaður, til fógeta og kvaðst ekki geta flutt málið sökum embættisanna. Lögmaður gerðarbeiðanda, Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, mætti á tilteknum tíma til málflutnings og mótmælti, að lögmanni gerðarþola yrði veittur nokkur frestur til málflutnings. Krafðist lögmaðurinn þess, að málið yrði tekið til úrskurðar um efnishlið, eins og það stæði. Fógeti tók þetta atriði til úrskurðar og úrskurðaði, að lögmaður gerðarþola fengi frest til munnlegs málflutnings til þriðjudags 16. apríl. Þennan úrskurð kærði lögmaður gerðarbeiðanda til Hæstaréttar.

Hæstiréttur ómerkti þennan úrskurð og vísaði málinu heim í hérað.

Hinn 24. þ. m. lýsti lögmaður gerðarþola því yfir, að hann sæi ekkert því til fyrirstöðu, að málið yrði tekið til úrskurðar án málflutnings. Var því kröfu lögmanns gerðarbeiðanda fullnægt og málið tekið til úrskurðar.

Lögmaður gerðarþola hefur krafist þess, að málinu yrði vísað frá fógetadómi, þar sem ekki liggur fyrir úrskurður yfirfasteignamatsnefndar um gjaldskyldu gerðarþola, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 8/1972. Þessari kröfu mótmælti lögmaður gerðarbeiðanda.

Þegar virt er ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og tilorðning þess, virðist ljóst, að lögin ætlast til þess, að yfirfasteignamatsnefnd skeri úr um gjaldskuldir eða gjaldstofn, áður en málinu er vísað til dómstóla.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða réttarins sú, að synja beri um hina umbeðnu lögtaksgerð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 20.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurð þennan kvað upp Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfógeta.

Því úrskurðast:

Hinni umbeðnu lögtaksgerð er synjað.

Gerðarbeiðandi, Mosfellshreppur, greiði gerðarþola, Borgarsjóði Reykjavíkur vegna Hitaveitu Reykjavíkur, kr. 20.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 30. september 1975.

Nr. 35/1974. **Bifreiðar og Landbúnaðarvélar h/f**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Grími Halldórssyni Laxdal
(Ólafur Ragnarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Lausafjárkaup. Gallar. Ábyrgðarskírteini. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 12. febrúar 1974. Krefst hann aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að sér verði aðeins dæmt að greiða stefnda 27.000 krónur með vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir, og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Viðgerðar áfrýjanda á gírkassa í bifreið stefnda báru ekki fullan árangur. Áfrýjandi hefur ekki hnekkt þeirri úrlausn héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum samdómendum, að nauðsynlegt hafi verið að skipta um gírkassa, ef ráða átti að fullu bót á gallanum. Áfrýjandi synjaði fyrir skyldu sína til þessa. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 25.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bifreiðar og Landbúnaðarvélar h/f, greiði stefnda, Grími Halldórssyni Laxdal, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. nóvember 1973.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. þessa mánaðar, er höfðað með sáttakæru, birtri 16. nóvember 1972, og var málið þingfest hér fyrir dómi hinn 30. nóvember 1972.

Stefnandi málsins er Grímur Laxdal háskólanemandi, Löngubrekku 20, Kópavogi.

Stefndi er Bifreiðar- og Landbúnaðarvélar h/f, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda kr. 140.000 með 9% ársvöxtum af kr. 60.000 frá 11. júlí 1973 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða stefnda málskostnað samkvæmt taxta LMFÍ.

Sáttaumleitanir dómsins hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að í byrjun októbermánaðar 1971 keypti stefnandi nýja Moskwitch bifreið, árgerð 1971, af stefnda, en stefndi hefur einkaumboð á innflutningi og sölu á Moskwitch bifreiðum hér á landi.

Bifreiðin var afhent 5. október 1971, og sama dag undirritaði stefnandi ábyrgðarskírteini, þar sem m. a. segir, að ábyrgð stefnda renni út eftir 6 mánuði frá afhendingardegi, en þó gildi hún aldrei fram yfir 10.000 km akstur.

Í ábyrgðarskírteininu segir auk þess: „Fyrir hönd framleiðenda ábyrgjast Bifreiðar & Landbúnaðarvélar h/f (hér eftir nefnt fyrirtæki) bifreið þá, er skírteini þetta hljóðar á, gegn framleiðslu og/eða efnisgöllum, þannig að fyrirtækið mun sjá um viðgerð á hinum gallaða hlut eða útvegun og ísetningu nýs hlutar í stað hins gallaða, enda hafi verið tilkynnt um meintan galla svo fljótt sem auðið er og því til staðfestingar komið með bifreiðina til fyrirtækisins eða til þess aðila, er það vísar til, áður en ábyrgð þessi rennur út, sem er 6 mánuðir frá afhendingardegi, eða ef bifreiðinni hefur verið ekið 10.000 km innan þess tíma".

Í ábyrgðarskírteininu er það tekið fram, að það taki gildi, þegar fyrirtæki og kaupandi hafi undirritað skírteinið við afhendingu bifreiðarinnar. Þá segir einnig svo í skírteini þessu: „Fram yfir ofangreinda skilmála getur kaupandinn ekki gert neinar ábyrgðar- eða skaðabótakröfur á hendur fyrirtækinu né heldur er hægt að gera fyrirtækið og/eða framleiðanda ábyrga á nokkurn hátt vegna beinna eða óbeinna afleiðinga, sem kunna að verða vegna framleiðslu-, efnis- eða byggingargalla".

Stefnandi skýrir svo frá, að fljótlega hafi komið fram galli í gírkassa bifreiðarinnar og hafi stefndi jafnan gert við bifreiðina þannig, að gamall gírkassi hafi verið settur í stað þess, sem fyrir var, eða gert við gírkassann, sem fyrir var. Hinn upphaflegi gírkassi hafi aðeins dugað í 2000 km, en hinir mjög stutt, t. d. sá fjórði aðeins 300 km. Hafi starfsmenn á verkstæði stefnda ávallt sagt, að um sama galla hafi verið að ræða, þ. e. framleiðslugalla á hluta gírkassans. Kveðst stefnandi hafa þurft að fara um það bil 8—10 sinnum með bifreiðina á verkstæði stefnda vegna ofangreinds galla og hafi bifreiðin verið í viðgerð um það bil tvo daga í hvert sinn. Stefnandi kveður stefnda ekki hafa gefið frekari upplýsingar um bilanir hverju sinni, en tekið bifreiðina alltaf til viðgerðar, þegar óskað var. Stefnandi kveðst hafa undirritað kvittun við móttöku bifreiðarinnar að lokinni viðgerð í hvert skipti. Kveðst hann síðar hafa óskað eftir að fá afrit af 5—6 af þessum kvittunum, en stefndi hafi ávallt neitað þeirri beiðni. Stefnandi var mjög óánægður með viðgerðirnar á gírkassanum, enda taldi stefnandi, að viðgerðir stefnda hefðu ekki borið árangur.

Í febrúar 1972 leitaði stefnandi til lögfræðings, sem hinn 28.

febrúar 1972 ritaði stefnda bréf með kröfu um að fá skriflegt loforð stefnda „um afhendingu nýs gírkassa, þegar endurbættur og gallalaus gírkassi hefur verið framleiddur, og að hann fái nýjan gírkassa næst, þegar gírkassinn bili og framvegis þar til gallalaus gírkassi hefur verið framleiddur". Þessu bréfi svaraði stefndi með bréfi, dags. 3. mars 1972, þar sem stefnanda var bent á að koma með bifreiðina á verkstæði stefnda „20 dögum áður heldur en að ábyrgðin rennur út, þannig að hægt sé að skoða og yfirfara bifreiðina og lagfæra, ef um einhverja verksmiðjugalla er að ræða".

Lögmaður stefnanda ritaði stefnda bréf aftur hinn 23. mars 1972 og óskaði eftir afriti áðurgreindra kvittana. Jafnframt var gerð krafa þess efnis, að stefnandi fengi „nýjan bíl sér að kostnaðarlausu, ef gírkassabilun verður aftur. Ef þér samþykkið ekki ofangreinda ósk hans, verður höfðað riftunarmál vegna kaupanna".

Stefndi ritaði lögmanninum bréf hinn 28. mars 1972, þar sem öllum kröfum, sem fram komu í bréfi lögmannsins, var neitað.

Lögmaður stefnanda óskaði þá eftir dómkvaðningu matsmanna með bréfi, dagsettu 14. apríl 1972. Verður nánari grein gerð fyrir því í kafla III hér á eftir.

Hinn 15. ágúst 1972 krafði lögmaður stefnanda stefnda um „nýjan gírkassa af endurbættri gerð" svo og útlagðan kostnað, kr. 6.000, og ómaksbætur og bætur fyrir afnotamissi, kr. 50.000.

Með bréfi, dagsettu 25. ágúst 1972, óskaði stefndi eftir fresti til að kanna kröfur stefnanda.

Höfðaði stefnandi því næst mál þetta.

Stefnandi seldi bifreiðina hinn 11. júlí 1973, og var söluverðið kr. 150.000.

III.

Í matsbeiðni stefnanda er óskað eftir dómkvaðningu tveggja matsmanna „til að meta til bóta, þannig að umbj. m. fái að fullu bætt eftirfarandi galla á Moskwitch bifreiðinni Y 3214: Gírkassi bílsins hefur bilað 6—7 sinnum á þeim ca 5 mánuðum, sem bíllinn hefur verið keyrður. Hefur fyrirtækið Bifreiðar- & Landbúnaðarvélar alltaf gert við bilunina endurgjaldslaust, en ábyrgðartími er í 6 mánuði, sbr. ábyrgðarskírteini. Grímur hefur ávallt kvittað fyrir móttöku bílsins hverju sinni, en á kvittuninni hefur alltaf staðið, hvað gert var hverju sinni við bílinn. Segir Grímur, að um sömu gírkassaviðgerð hafi verið að ræða í öll skiptin, og

er hér ótvírætt um galla að ræða. Þess má geta, að þessi gírkassagalli er á öllum nýjum Moskwitch bifreiðum, en þegar umbj. m. keypti bifreiðina, gat seljandi þess sérstaklega, að nú væri ekki lengur gírkassagalli á Moskvitch bifreiðunum".

Hinn 19. apríl 1972 voru dómkvaddir matsmenn, þeir Bent Jörgensen og Finnbogi Eyjólfsson bifvélavirkjameistarar, til að framkvæma matið. Matsgerð þeirra er dagsett í júlí 1972. Þar segir svo:

„Við fyrstu prófun bifreiðarinnar var ekkert athugavert við gírkassann, enda hafði þá nýlega farið fram viðgerð á gírkassanum hjá umboðinu. Var því ákveðið að láta eigandann aka bifreiðinni meira til þess að fá umræddan galla fram í bifreiðinni.

Eftir að bifreiðinni hafði verið ekið 3 þús. km, var hún prófuð aftur. Kom þá í ljós, að gírskifting úr þriðja gír niður í annan gír reyndist ekki í lagi, og eftir aðra prófun þann 13. júlí hafði þetta ágerst enn meira.

Samkvæmt framansögðu og þar sem ítrekaðar viðgerðir hafa farið fram hjá umboðinu án varanlegra bóta, teljum við, að umboðið, Bifreiðar- og Landbúnaðarvélar, beri skylda til að láta eiganda umræddrar bifreiðar í té nýjan gírkassa af endurbættri gerð í bifreiðina.

Matið fór fram 19. maí 1972".

Matsmenn skiluðu viðbótarmatsgerð, sem dagsett er 25. október 1972, og er hún svohljóðandi:

„Samkvæmt dómkvaðningu Valgarðs Kristjánssonar, borgardómara, þann 6. september 1972, um að matsnefnd boði aftur deiluaðila í reynsluakstur umræddrar bifreiðar, Y 3214, höfum við nú framkvæmt þessa skoðun að viðstöddum þeim Grími Laxdal, Jóni Guðjónssyni og Ingibergi Elíassyni, verkstjóra hjá Bifreiðum- og Landbúnaðarvélum.

Skoðun þessi fór fram 11. október 1972 og leiddi til sömu niðurstöðu og greint er frá í matsgjörð okkar, dags. í júlí 1972. Til frekari áréttingar vísum við því til þeirrar matsgjörðar".

IV.

Jón Vilberg Guðjónsson, verslunarstjóri stefnda, gaf skýrslu hér fyrir dómi 18. október 1973. Þar segir svo: „Mætti kveðst hafa starfað við bílaverslun síðan 1946, en ekki hafa tekið neitt próf í bílgreinaiðnum. Mætti kveðst hafa látið stefnanda aka sér oftar en einu sinni í umræddum bíl og jafnframt séð hann aka bifreiðinni. Virtist mætta stefnandi nokkuð harðleikinn

við bifreiðina í akstri, án þess að mætti geti nefnt ákveðnar dags. í því sambandi. Mætti segir, að langt þrep sé á milli annars gírs og þriðja gírs á þessari bifreiðartegund og þurfi því að sýna mikla gætni í því að skipta bifreiðinni úr þriðja gír í annan gír, sérstaklega ef bifreiðin er á nokkurri ferð. Í Englandi var mætti á fundi með tæknimönnum, sem fjölluðu um þessa bifreiðartegund. Þar var honum tjáð, að í Englandi væri eigendum slíkra bifreiða ráðlagt að „tvíkúpla", þegar slíkum bifreiðum er skipt úr þriðja í annan gír, vegna þess hve bilið er langt á milli þessara þrepa, enda þótt bifreiðin sé samhæfð með koparsamhæfingarhring úr þriðja gír í annan. Mætti kveðst strax hafa leiðbeint stefnanda um að fara að á sama hátt við skiptingu úr þriðja gír í annan gír, þegar stefnandi kvartaði fyrst um bilun í gírkassa. Virtist mætta, að stefnandi gæfi þessu lítinn gaum. Vél umræddrar bifreiðar hefur 5700 snúninga á mínútu. Stefnandi fékk með bílnum ítarlegan leiðarvísi á ensku, og telur mætti vafalaust, að stefnandi, sem hafi stúdentspróf, muni hafa getað lesið leiðarvísinn. Aðspurður af lögmanni stefnanda kveðst mætti mundu hafa leiðbeint stefnanda rækilegar, ef hann hefði ekki verið viss um, að hann gæti vel bjargað sér í ensku. Einnig myndi hann þá hafa látið stefnanda fá úrdrátt úr leiðarvísinum, en úrdráttur þessi hafi verið til fjölritaður á þeim tímum. Mætti segir, að engin skrá sé til um þær kvartanir, sem um getur í síðustu mgr. á dskj. nr. 19. Á árinu 1970 komu fyrstu bílarnir af þessari gerð. Þá komu kvartanir, sem byggðust m. a. á því, að á þessum nýju bílum þurfti að beita öðru ökulagi, en kvartanirnar hafi farið stöðugt fækkandi miðað við selda bíla. Voru koparsamhæfingarhringir af sterkari gerð, að sögn framleiðanda, settir í bifreiðar, sem komið var með með gallaða gírkassa, þar á meðal bifreið stefnanda. Þessir nýju hringir komu að gagni í öllum öðrum bifreiðum eftir því sem mætta minnir, nema bifreið stefnanda. Mætti tekur fram, að stefnandi hafi ávallt sýnt mikla kurteisi í viðskiptum við fyrirtækið og hafi það verið gagnkvæmt. Mætti skoðaði umrædda bifreið 1. október sl. ásamt Gylfa Þ. Sigurjónssyni, deildarstjóra í varahlutadeild stefnda, og Brynjólfi Brynjólfssyni, bifvélavirkjameistara fyrirtækisins. Nýi eigandinn, Tómas Einarsson, kvaðst hafa keypt bifreiðina fyrir kr. 150.000.00, og var þá bifreiðin greidd út í hönd. Bifreiðin var skemmd að utan: Stuðari að aftan beiglaður, vinstra frambretti dældað, vélarhlíf dældað á tveim stöðum og vinstri framhurð var dældað. Að innan vantaði stokka milli sæta og hlíf yfir miðstöð, og þurrkurofi hafði

verið fluttur til, svo að lýti var að. Einnig hafði verið settur rofi, sem var ósjálegur. Þannig útlítandi keypti hinn nýi eigandi bifreiðina. Aðspurður um gírkassann sagði hinn nýi eigandi: „Það er allt í lagi með gírkassann. Ég þarf bara að tvíkúpla honum, þegar ég skipti úr þriðja gír". Mætti ók með hinum nýja eiganda í bifreiðinni og sá, að hann þurfti að tvíkúpla, enda telur mætti það hafa verið betra ökulag. Hinn nýi eigandi taldi sig hafa gert ágætis kaup. Mætti telur, að ofangreint söluverð og greiðsluskilmálar hafi verið nálægt markaðsverði, og miðar mætti þá m. a. við, að söludeild fyrirtækisins seldi sömu tegund bifreiðar af sama lit, en án skemmda, fyrir sama verð. Mætti telur, að nýr gírkassi kosti um kr. 20.000.00 og ísetningarkostnaður við gírkassa 1.000.00—2.000.00".

Stefnandi hefur hér fyrir dómi hinn 31. október 1973 skýrt svo frá, „að hann hafi selt umrædda bifreið sl. vor Tómasi Einarssyni fyrir kr. 150.000.00, og var þá nýbúið að gera við bifreiðina fyrir kr. 50.000.00, og var það aðallega um viðgerð á vél að ræða ásamt fleiri viðgerðum og endurnýjuðum hlutum bifreiðarinnar. Í þessari viðgerð var ekki hreyft við gírkassanum. Stefnandi skýrði kaupanda frá því, hvernig í málum lægi með gírkassann. Gírkassinn var þá í lagi. Sami ágalli, sem alltaf hafði verið á honum, þ. e. galli á bremsuhjóli í öðrum gír, þ. e. að ekki er hægt að skipta úr þriðja gír í annan gír með góðu móti. Stefnanda virtist gangverð á samskonar bílum vera um kr. 230.000.00 og hafi verðrýrnun því verið kr. 80.000.00. Stefnandi kveðst hafa fengið leiðarvísi á ensku með bifreiðinni, þar sem leiðbeiningar eru m. a. um, hvernig eigi að skipta bifreiðinni. Stefnandi kveðst hafa lesið þessar leiðbeiningar og kveðst hafa skilið þær, en hann minnist þess ekki, að starfsmenn stefnda hafi gefið honum sérstakar leiðbeiningar um meðferð bifreiðarinnar. Þegar stefnandi seldi bifreiðina, var afturstuðari dældaður eftir ákeyrslu, og var loforð frá Samvinnutryggingum um greiðslu á því tjóni. Vinstra framstuðarahorn var beyglað, og lítil dæld var á vélarhlíf. Vinstri framhurð hafði fokið upp og hafði beyglast. Stokk vantaði framan við sæti og hlíf yfir miðstöð. Og þurrkurofi hafði verið fluttur til og þar með til bóta, en rafmótor var settur til þess að sprauta vatni á rúðurnar í stað handpumpu, sem var áður. Búið var að hreinsa gólfið upp og ryðverja það og síðan klæða það, fyrst með sérstöku þykku plasti og síðan með rýjateppi með gúmmíundirlagi. Við þessa klæðningu varð að taka áðurgreindan stokk burtu. Skýrsla Jóns Vilbergs í þinghaldi 18. þ. m. var lesin fyrir stefn-

anda. Stefnandi kveðst vera talinn frábær ökumaður, enda kveðst hann nú þegar hafa keyrt um 1.000.000 km á ævinni. Stefnandi telur hugsanlegt, að Jón Vilberg hafi setið í bílnum hjá mætta, þegar annar bíll var prufukeyrður, en aldrei í umræddum bíl. Þó hafi Jón ekið með mætta í margnefndum bíl, þegar mat fór fram.

Kveðst stefnandi eitt sinn hafa lent í umferðaróhappi út af því, að bifreið keyrði á umrædda Moskwich bifreið, þar sem hún stóð á milli eyja á gatnamótum. Dældaðist bifreiðin þá á vinstra framhorni. Telur mætti ekki útilokað, að hægt væri að finna einhverja sök hjá honum, en hann kveðst ekki hafa átt sök í öðrum umferðaróhöppum, sem hann minnist. Stefnandi segir, að hann hafi ekki látið gera við gírkassann annars staðar en hjá stefnda".

V.

Í stefnu sundurliðaði stefnandi kröfu sína þannig:

1. Nýr gallalaus ísettur gírkassi eða skaðabætur ..	kr.	60.000
2. Ómaksbætur og afnotamissir — miski	—	80.000
	Kr.	140.000

Við hinn munnlega málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að hann vildi nú skilgreina fyrri kröfuliðinn sem „bætur vegna lækkaðs söluverðs", en síðari kröfuliðinn sem „afnotamissi og skert afnot".

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að bifreiðin hafi verið haldin leyndum galla, sem hafi verið verulegur. Stefndi beri sem seljandi ábyrgð á öllu tjóni stefnanda, sem af galla þessum leiðir, samkvæmt þeim kafla kaupalaganna nr. 39/1922, sem fjalli um það, þegar seldum hlut sé áfátt. Beri að túlka ábyrgðarskírteinið, sem stefnandi undirritaði, í samræmi við þau lagaákvæði. Skaðabæturnar samkvæmt fyrri kröfuliðnum séu hæfilega metnar kr. 60.000, enda komi það heim við þann afslátt, sem stefnandi hafi þurft að veita hinum nýja kaupanda vegna gallans á gírkassanum. Er því haldið fram af stefnanda, að gangverð á sams konar bíl hafi verið kr. 210.000 og hafi tjón stefnanda, sem hafi orðið að selja bifreiðina á kr. 150.000, því numið kr. 60.000.

Stefnandi kveðst hafa orðið fyrir verulegu tjóni vegna skertra afnota af bifreiðinni, en afnotamissi þennan megi beint rekja til

hins leynda galla. Hann kveðst hafa unnið í Radíóbúðinni, Klapparstíg 26 í Reykjavík, sem verslunarmaður þar og þá notað bifreiðina við starfið. Hann hafi einnig stundað nám í læknisfræði við Háskóla Íslands. Hann hafi verið búsettur í Kópavogi og hafi honum því verið brýn nauðsyn að eiga bíl til afnota. Afnotin hafi verið verulega skert vegna gallans og beri því einnig að taka þennan kröfulið til greina.

VI.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi staðið við skyldur sínar samkvæmt þeim skilmálum, sem fram komi í ábyrgðarskírteininu, en eftir þeim skilmálum beri að fara, enda segi svo í 1. gr. lausafjárkaupalaganna nr. 39/1922, að ákvæðum þeirra laga skuli þá aðeins beita, er ekkert annað sé um samið berum orðum.

Stefndi leggur á það áherslu, að samkvæmt matsgerð „var ekkert að athuga við gírkassann", eins og matsmennirnir komist að orði, þegar matið fór fram 19. maí 1972, þ. e. tæpum 8 mánuðum eftir að stefnandi fékk bifreiðina afhenta. Við þetta álit verði að miða, en ekki niðurstöðu matsmanna, sem sé markleysa. Matsmenn hafi ekki látið opna gírkassann til þess að kynna sér innihald hans, en slíkt hefði verið eðlilegt. Sérstaklega þar sem matsmenn telji sig þess umkomna að láta í ljós það álit í matsgerðinni, að stefnda beri skylda til án alls fyrirvara að láta stefnanda í té nýjan gírkassa í bifreiðina. Í þessu sambandi er á það bent af stefnda, að það sé misskilningur, sem haldið hafi verið fram af stefnanda, að stefndi hafi skipt um gírkassa og gamlir gírkassar hafi verið settir í staðinn. Enginn gírkassi hafi verið settur í bifreiðina, sem geti talist „gamall", og enginn kassi hafi verið settur í bifreiðina, sem hafi verið eldri en gírkassi sá, sem upphaflega var tekinn úr bílnum. Stefnandi hafi ekki sannað, að stefndi beri frekari skyldur en stefndi hafi þegar innt af hendi. Þá hefur verið látið að því liggja, að stefnandi hafi sjálfur átt sök á bilunum í gírkassanum með rangri meðferð bifreiðarinnar í akstri.

VII.

Dómendur skoðuðu margnefnda bifreið hinn 31. október 1973. Var hún þá enn haldin galla í gírkassa.

Ætla verður, að galli sá, sem kom fram í þeim upphaflega gírkassa, sem var í bifreiðinni, þegar stefnandi tók við henni, hafi

verið verksmiðjugalli, enda er ósannað gegn mótmælum stefnanda, að stefnandi eigi sök á bilunum þeim, sem á gírkassanum urðu. Fellur galli þessi undir ákvæði söluskilmálanna, sem fram koma í áðurgreindu ábyrgðarskírteini. Við þessa skilmála er stefnandi bundinn, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Stefndi gerði ítrekaðar tilraunir til að bæta úr gallanum á gírkassanum á ábyrgðartímanum með því að taka bifreiðina inn á verkstæði sitt til viðgerðar. Eigi lánaðist stefnda að lagfæra gallann, svo sem honum var skylt samkvæmt ákvæðum söluskilmálanna. Verður að líta svo á, að stefnandi hafi ekki fyrrt sig rétti til fullra efnda á kaupunum samkvæmt söluskilmálunum.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að eigi sé tryggt, að úr umræddum galla verði að fullu bætt, nema settur verði nýr gírkassi í bifreiðina. Telja þeir, að andvirði nýs gírkassa og kostnaður við að setja hann í bifreiðina nemi samtals kr. 27.000.

Lítur dómurinn svo á, að stefnda sé skylt að greiða stefnanda þessa fjárhæð í bætur vegna gallans, og verður fyrri kröfuliður stefnanda því tekinn til greina með þeirri fjárhæð, enda hefur stefnandi, sem gat látið setja nýjan gírkassa í bifreiðina, áður en hann seldi hana, ekki sannað, að hann eigi rétt á frekari bótum samkvæmt fyrri kröfuliðnum.

Stefndi hefur ekki þrátt fyrir áskoranir stefnanda afhent glögga lýsingu á þeim viðgerðum, sem stefndi framkvæmdi á gírkassanum, né lagt fram afrit af kvittunum þeim, sem stefnandi undirritaði að viðgerðum loknum.

Stefndi fullnægði ekki skyldu sinni samkvæmt söluskilmálunum, og telja verður, að tilraunir hans til að bæta úr göllunum hafi verið tímafrekari en efni stóðu til. Að svo vöxnu máli verður að dæma stefnda til að greiða stefnanda bætur fyrir skert afnot bifreiðarinnar. Eins og sönnunarreglum er háttað, þykja bætur fyrir afnotamissinn hæfilega ákveðnar kr. 5.000, og verður síðari kröfuliður stefnanda tekinn til greina með þeirri fjárhæð.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefna verður dæmt að greiða stefnanda kr. 32.000 (27.000 + 5.000).

Við hinn munnlega flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að vaxta væri aðeins krafist af bótafjárhæð samkvæmt fyrri kröfulið. Verður stefnda því dæmt að greiða 9% ársvexti af kr. 27.000 frá 11. júlí 1973 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 25.000.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan

ásamt meðdómendunum Jan Jansen bifvélavirkjameistara og Ragnari Jónssyni bifreiðaeftirlitsmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Bifreiðar- og Landbúnaðarvélar h/f, greiði stefnanda, Grími Laxdal, kr. 32.000 með 9% ársvöxtum af kr. 27.000 frá 11. júlí 1973 til greiðsludags og kr. 25.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. október 1975.

Nr. 93/1975. **Kyndill h/f**
gegn
Plast og stálgluggum Selfossi h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kyndill h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 400 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. október 1975.

Nr. 94/1975. **Jósafat Arngrímsson og Kyndill h/f**
gegn
Nesi h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Jósafat Arngrímsson og Kyndill h/f, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 400 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. október 1975.

Nr. 13/1975. **Guðmundur Helgi Sigurðsson**
gegn
Eigendum fasteignarinnar nr. 24 við Laugaveg, þeim Magneu J. Þ. Ólafsdóttur Sigríði Ólafsdóttur Ólafíu Guðbjörtu Ólafsdóttur Jónu Oddrúnu Ólafsdóttur Ólafi M. Ólafssyni Börk Þóri Arnljótssyni Kolfreyju Arnljótsdóttur Höllu Arnljótsdóttur Grímkeli Arnljótssyni Jóhönnu V. Haraldsdóttur Ólafi Erni Haraldssyni Matthíasi Birni Haraldssyni og Þrúði Guðrúnu Haraldsdóttur.

Hafning máls. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm í dag, var þess krafist af hálfu áfrýjanda, að málið yrði hafið.

Af hálfu stefndu var sótt dómþing og krafist ómaksbóta. Samkvæmt þessu verður mál þetta hafið og stefndu dæmdar ómaksbætur úr hendi áfrýjanda, 10.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. október 1975.

Nr. 136/1975. **Ákæruvaldið**
gegn
Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 23. september 1975, er barst Hæstarétti 25. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar í því skyni, að úrskurður héraðsdómara verði úr gildi felldur.

Þegar litið er til kæruefna á hendur varnaraðilja fyrir refsiverð brot, sem nú sæta rannsókn, svo og til þess, sem í ljós er leitt um atvinnuhagi hans og brotaferil, þykir rétt með vísan til þeirra ákvæða laga nr. 74/1974, er greinir í úrskurði héraðsdómara, að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 23. september 1975.

Ár 1975, þriðjudaginn 23. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Síðastliðið laugardagskvöld kom Geir Gunnlaugsson, Hörgshlíð 28, heim til sín um klukkan 2130. Er hann kom í íbúð sína, sátu þar inni þrír ókunnugir menn. Er menn þessir urðu varir við komu hans, tóku þeir til fótanna og hlupu út í myrkrið. Í íbúðinni var búið að róta mikið í flestöllum hirslum, og hafði verið stolið þar u. þ. b. 3.000 krónum. Geir hefur skoðað mynda-

safn rannsóknarlögreglunnar. Hann tók þar út mynd nr. 1372 og taldi, að sá, sem á þeirri mynd er, líktist mjög einum þeirra manna, sem inni í íbúð hans sátu síðastliðið laugardagskvöld. Mynd þessi er af Óskari Elíasi Héðni Guðmundssyni, Framnesvegi 18 hér í borg.

Óskar Elías Héðinn Guðmundsson hefur í dag hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi neitað að hafa verið þátttakandi í umræddu innbroti. Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og þarf meðal annars að fara fram sakbending.

Brot það, sem Óskar Elías Héðinn Guðmundsson er grunaður um, varðar við XXVI. kafla almennra hegningarlaga. Kærði hefur margoft verið dæmdur fyrir brot á þessum kafla almennra hegningarlaga, og getur því brot það, sem hann er nú grunaður um, varðað hann fangelsisrefsingu. Þykir því skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæsluvarðhald fullnægt.

Óskar Elías Héðinn Guðmundsson er vanaafbrotamaður. Hann hefur hlotið 8 refsidóma, samtals fangelsi í 43 mánuði, og hefur hann afplánað dómana að fullu. Hjá ríkissaksóknara eru nú til meðferðar 5 mál, þar sem Óskar Elías er kærður fyrir auðgunarbrot. Hjá rannsóknarlögreglu eru nú til meðferðar 4 kærur á Óskar Elías fyrir auðgunarbrot. Dómaranum er kunnugt um það, að í nótt var Óskar Elías handtekinn á innbrotsstað í Kópavogsapóteki, og er það mál til meðferðar hjá rannsóknarlögreglunni i Kópavogi. Auk þess, er að framan er talið, eru til rannsóknar hjá lögreglunni í Árnessýslu tvö innbrot, sem kærði framdi.

Óskar Elías Héðinn Guðmundsson hefur ekki unnið síðastliðna 6 mánuði, aðallega vegna drykkjuskapar.

Nauðsyn þykir með vísan til 1., 3. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974, að Óskar Elías Héðinn verði nú úrskurðaður í gæsluvarðhald, þar sem telja verður verulega hættu á, að hann haldi áfram brotum, ef hann gengur laus, auk þess sem telja má, að hann hafi ekki möguleika á að hafa ofan af fyrir sér löglega, þar sem hann ekki stundar neina vinnu. Nauðsynlegt er nú, að brotaferill hans verði stöðvaður, á meðan meðferð mála hans fyrir dómstólum stendur yfir. Með hliðsjón af framansögðu ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 90 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Óskar Elías Héðinn Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 90 dögum.

Miðvikudaginn 1. október 1975.

Nr. 190/1974. **Ólafur Steinþórsson**
(Vilhjálmur Árnason hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Slys á fimleikaæfingu. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 31. maí 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Útivistardómur gekk í því máli 1. nóvember 1974, en áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 5. s. m. samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.283.746 krónur með 7% ársvöxtum frá 24. mars 1969 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi hafði gjafsókn í héraði og hefur einnig fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti með gjafsóknarleyfi 17. apríl 1974.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur stefnt menntamálaráðherra fyrir Hæstarétt til réttargæslu, en ekki gert sjálfstæðar kröfur á hendur honum.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, var áfrýjandi góður leikfimimaður og hafði æft leikfimistökk það, sem hann tók, er hann slasaðist. Hefur ekki verið sýnt fram á með álitsgerð sérfróðra manna um fimleika, að Hermann Alfreð Nielsson íþróttakennari hafi látið undir höfuð leggjast að gæta venjulegra varúðarreglna, og þykir varhugavert að

meta honum til sakar, að hann var ekki sjálfur viðbúinn til aðstoðar við Magnús Viðar Friðbergsson, er tók á móti áfrýjanda í stökkinu, ef áfrýjanda kynni að fatast, eins og raun varð á. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, og kemur þá eigi til álita, hvernig háttað var ábyrgð stefnda á störfum íþróttakennarans í umrætt sinn.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, sem ákveðin eru 80.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Vilhjálms Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. október 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 18. september sl., höfðaði Steinþór Magnússon, Hjartarstöðum, Eiðaþinghá, Suður-Múlasýslu, vegna ófjárráða sonar síns, Ólafs Steinþórssonar, sama stað, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs Íslands og menntamálaráðherra f. h. menntamálaráðuneytisins til réttargæslu.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir, að Ólafur Steinþórsson væri orðinn lögráða og hefði tekið við forræði málsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.004.135 auk 8% ársvaxta frá 24. mars 1969 til greiðsludags, útlagðan kostnað að fjárhæð kr. 21.455 og málskostnað að mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 3. maí 1972, var stefnanda veitt gjafsóknarleyfi.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að honum verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er gerð krafa

um stórlega lækkun bótafjárhæðar og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar, og ekki eru gerðar kröfur af hans hálfu.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu, en án árangurs.

Málið er höfðað til greiðslu skaðabóta vegna slyss, sem stefnandi varð fyrir á fimleikaæfingu í Eiðaskóla 24. mars 1969.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, Ólafur Steinþórsson, sem fæddur er 1. apríl 1953, var veturinn 1968—1969 við nám í Eiðaskóla.

Íþróttakennari skólans, Hermann Alfreð Níelsson, æfði sérstakan fimleikaflokk meðal pilta í skólanum. Fimleikaflokkur þessi æfði fyrir sýningu á hátíð 1. desember og svo aftur fyrir sýningu á árshátíð skólans 30. mars. Stefnandi æfði með fimleikaflokknum frá upphafi og var að áliti íþróttakennarans annar af bestu fimleikamönnum skólans. Eftir 1. desember féllu niður æfingar, en eftir áramót byrjuðu þær aftur. Stefnandi hélt áfram æfingum eftir áramót og var einn áhugasamasti nemandinn í fimleikum að áliti kennarans, og hafði stefnandi ætlað sér að fara í Íþróttakennaraskólann. Fyrst eftir áramót, þá er æfingar hófust að nýju, voru æfingar á sunnudagsmorgnum, en þá mættu fáir, en stefnandi mætti alltaf, þegar æfingar voru. Þegar líða tók að árshátíð, voru æfingar iðulega á hverju kvöldi. Kvöldið 24. mars 1969 var flokkurinn að æfingu, og við eina æfinguna varð stefnandi fyrir slysi því, sem mál þetta er risið af.

Að beiðni Steinþórs Magnússonar, föður stefnanda, fór fram dómsrannsókn í sakadómi Suður-Múlasýslu á orsökum slyss þessa svo og um meðferð á hinum slasaða, tilkynningu um slysið til læknis og foreldra. Vegna dómsrannsóknar þessarar gáfu eftirtaldir aðiljar skýrslu fyrir sakadómi Suður-Múlasýslu: stefnandi, Ólafur Steinþórsson, faðir hans, Steinþór Magnússon, íþróttakennari Eiðaskóla, Hermann Alfreð Níelsson, skólastjóri Eiðaskóla, Þorkell Steinar Ellertsson, Jón Jóelsson, kennari í Eiðaskóla, og nemendurnir Emil Bjarkar Björnsson, Magnús Viðar Friðbergsson, Magnús Jóhannsson, Nikulás Róbertsson, Kristján Ásgrímsson, Pétur Valdimar Jónsson og Magnús Björnsson.

Þykir rétt að rekja nokkuð það, sem fram kom við yfirheyrslur þessar varðandi aðdraganda slyssins og slysið sjálft, en ekki þykir ástæða til að rekja úr framburðum varðandi meðferð á stefnanda eftir slysið, þar sem kröfur stefnanda eru ekki á því byggðar.

Að sögn íþróttakennarans var æfing sú, sem stefnandi slasaðist

við, í því fólgin, að leikfimikista var látin standa þvert á gólfi. Voru í kistunni sex skúffur. Kistan var 1 m að hæð. Stökkmegin kistunnar var sveigjanlegt stökkbretti ca 25—35 cm hátt frá gólfi, þar sem það er hæst. Piltar komu hlaupandi að stökkbrettinu, stukku jafnfætis á brettið, upp og fram, síðan í íhvolfri stillingu yfir kistuna án viðkomu við hana. Í íhvolfu stillingunni voru handleggir framréttir. Hinum megin kistunnar stóð piltur, er tók á móti þeim, er yfir sveif, þannig að sá, er sveif, beindi handleggjum og höndum að öxlum þess, er á móti tók, og fékk þar tak. Jafnframt greip sá, er á móti tók, með framréttum handleggjum og höndum undir og ofan við mið læri þess, er sveif, þannig að jafnvægi fékkst, og sá, er sveif, stöðvaðist. Réttara sé þó að segja, að sá, er sveif, hafi svifið í hálfboga, þannig að ferð hans var niður á við, rétt áður en á móti honum var tekið. Kennarinn segist sjálfur hafa margsýnt piltunum æfinguna og hafi hann lagt mikla áherslu á, að stökkið væri í hálfboga, en ekki lárétt, til þess að auðveldara væri að taka á móti þeim og til þess að þeir stöðvuðust örugglega. Eftir að tak beggja var öruggt og ferð stöðvuð, var æfingunni lokið, þannig að sá, er á var haldið og var nú í láréttri stillingu, fór með fætur sundur yfir höfuð þess, er á hélt, og kom síðan jafnfætis á dýnu, er var þeim megin kistunnar. Kennarinn sagðist í upphafi æfingar þessarar hafa staðið fyrir aftan þann, er á móti tók, og sagðist hann stundum hafa þurft að stöðva pilta, sem ekki tókst að stöðvast í stökkinu.

Á æfingu þeirri, er slysið varð, sagðist kennarinn ekki hafa staðið til móttöku, enda sagðist hann ekki hafa gert það undanfarnar æfingar, þar sem piltar hafi verið búnir að ná góðri leikni. Kennarinn sagðist hafa séð greinilega, þegar slysið varð. Nýlokið hafi verið annarri æfingu á kistunni, og sagðist kennarinn þá hafa staðið við kistuna. Síðan hafi hann gengið til baka ca 3 metra og staðið þar. Það hafi hann gert, til þess að fimleikamennirnir treystu ekki allt of mikið á nærveru hans. Stökk þetta hafi verið æft nokkur kvöld fyrir þessa æfingu, sem slysið varð á. Hafi komið fyrir, að fimleikamennirnir hafi stokkið, án þess að kennarinn hafi staðið við hlið móttökumanns. Kennarinn sagði, að í huga hans hafi verið í sambandi við þessa æfingu og að hann gekk frá, að fimleikamennirnir vendust því að stökkva þessa æfingu einir, enda hafi það verið meining sín að láta þá stökkva án nærveru hans á væntanlegri sýningu.

Þegar æfingin fór fram, hafi verið þar krakkar úr þjóðdansaflokki skólans. Kennarann minnti, að krakkarnir væru með ein-

hver læti, og sagðist muna, að hann hastaði á þá. En mikils sé um vert, að alger þögn sé í salnum, þegar vandasamar æfingar eru gerðar og yfirleitt allar æfingar. Fimleikamenn verði að geta einbeitt sér að æfingunum.

Kennarinn tók fram, að ekki sé útilokað, að hann hafi yrt á krakkana í þjóðdansaflokknum, um leið og hann gekk aftur á bak. En hann hafi haft augun á fimleikamönnunum og hafi hann séð allt stökk stefnanda, bæði tilhlaupið og stökkið sjálft.

Æfingin hafi hafist með því, að fyrsti maður, Magnús Friðbergsson, stökk yfir kistuna af stökkbrettinu, jafnfætis og kom jafnfætis niður hinum megin kistunnar. Þá hafi Magnús snúið sér við til þess að taka á móti mönnum úr stökki. Stefnandi hafi tekið eðlilegt tilhlaup, hafi stokkið upp af stökkbrettinu, farið í heldur of lárétta stillingu og hafi því ferðin orðið of mikil áfram, og þegar hendur hans námu við axlir Magnúsar, hafi ferðin verið svo mikil, að handleggir hans gáfu eftir og Magnús hafi ekki náð taki á líkama hans, og hafi stefnandi svifið yfir Magnús, snúist í fallinu þannig, að hann kom á efri hluta baks eða axlir í gólfið með höfuð beygt undir sig og hafi fætur hans numið við gólf nær Magnúsi, síðan hafi hann fallið alveg á bakið og með fætur fram.

Kennarinn sagðist ekki hafa séð neitt athugavert við stökk stefnanda, fyrr en hann sá, að hann náði ekki taki á öxlum Magnúsar. Kennarinn sagðist strax hafa hlaupið til. Ekki hafi hann reynt að ná til stefnanda. Þetta hafi skeð á sekúndubrotum. Stefnandi hafi verið fallinn á dýnuna, þegar kennarinn kom að honum.

Kennarinn sagði, að eftir slysið hafi hann staðið við, þá er öll stökk voru gerð. Á sýningunni hafi hann staðið við hlið Magnúsar Friðbergssonar, þá er þetta stökk var farið. Í flest skipti hafi hann ekki þurft að aðstoða, en þó hafi hann gripið í handlegg einhverra, ef honum fannst ferð of mikil í stökkinu.

Fyrir dómi hefur stefnandi borið, að æfingar í fimleikaflokknum hafi hafist um haustið undir stjórn íþróttakennarans. Flokkurinn hafi sýnt á hátíð skólans 1. desember, einnig hafi flokkurinn sýnt á Egilsstöðum og á Fáskrúðsfirði. Eftir nýjár hafi æfingar hafist að nýju. Stefnandi sagði, að stökk það, sem hann slasaðist í, hafi verið búið að æfa þó nokkurn tíma, sennilega a. m. k. tvær vikur áður en slysið varð. Ekki sagðist stefnandi hafa verið búinn að ná fullu valdi yfir stökkinu. Honum hafi fundist það heldur erfitt stökk og hann sjálfur ef til vill of þungur fyrir stökkið. Íþróttakennarinn hafi sýnt stökkið, þá er æfingar hófust á því. Kennarinn hafi oftast staðið við hlið móttökumanns

í stökkinu, þó ekki alltaf. Stundum hafi piltarnir í fimleikaflokknum verið einir á æfingu. Stefnandi sagðist í upphafi æfinganna hafa rætt um stökkið við íþróttakennarann og sagt honum, að honum fyndist stökkið erfitt, og taldi stefnandi, að piltunum í fimleikaflokknum hafi gengið erfiðlega að ná valdi á stökkinu. Stefnandi sagðist þó nokkrum sinnum hafa farið stökk þetta, án þess að íþróttakennarinn tæki á móti sér. Stefnandi sagðist alltaf hafa verið frekar „nervus" fyrir þessu stökki.

Stefnandi lýsti stökkinu, sem slysið varð í, þannig, að þegar komið var að stökkinu yfir kistuna, hafi Magnús Friðbergsson stokkið fyrstur yfir kistuna, jafnfætis, snúið þar við til þess að taka á móti stefnanda, sem var fyrstur í röðinni til þess að fara stökkið. Íþróttakennarinn hafi staðið um það bil þrjá metra frá Magnúsi Friðbergssyni, og minnti stefnanda, að kennarinn hafi verið að ræða við einhverja pilta og hafi hálfsnúið baki í stefnanda. Stefnandi sagðist hafa gefið Magnúsi Friðbergssyni merki um, að hann væri tilbúinn, og hafi honum skilist af Magnúsi, að hann væri og tilbúinn. Þeir hafi ýmist gefið merki með bendingu eða höfuðbeygingu eða með beinum orðum. Ekki sagðist hann muna ljóst, hver háttur hafi verið hafður á í þetta skipti.

Stökkið hafi í þetta sinn verið í lok æfingar. Hann hafi verið orðinn þreyttur. Hann hafi lagt of mikinn kraft í stökkið, hraðinn hafi því orðið of mikill. Hann hafi auk þess stokkið heldur of hátt. Hann hafi ekki náð taki á öxlum Magnúsar Friðbergssonar, en Magnús hafi náð einhverju taki á lærum hans. Stefnandi sagðist hafa snúist í loftinu og hafi hann komið á herðar niður, samanbrotinn með fætur að kistunni. Hann hafi ekki misst meðvitund. Hann hafi fallið á hliðina og misst andann og hafi hann komið í krampasogum, og taldi stefnandi, að hann hafi verið upp undir hálftíma að jafna sig með andardráttinn. Hann hafi fundið ónot í öllu bakinu.

Íþróttakennarinn hafi komið strax að stefnanda, er hann féll. Skólastjórinn hafi komið þarna mjög fljótlega og hafi hann sagt, að ekki mætti hreyfa stefnanda og hann skyldi ekki hreyfa sig. Teppi hafi verið sótt og hafi því verið komið undir hann, án þess að hann væri hreyfður að ráði. Svo hafi hann verið borinn upp í herbergi sitt og látinn þar í rúmið. Ekki hafi hann orðið fyrir miklu hnjaski á leiðinni upp, en þó nokkru. Heldur hafi það verið óþægilegt, þegar hann var látinn í rúmið, en þá hafi hann verið farinn að finna töluvert til á ákveðnum stað á miðju baki um það bil.

Þorkell Steinar Ellertsson skólastjóri hefur skýrt svo frá, að meðal nemenda í Alþýðuskólanum á Eiðum sé skólafélag skipað nemendum. Stjórn þessa félags geri tillögur til skólastjóra um tilhögun á árshátíðum og skemmtunum skólans. Svo athugi skólastjóri tillögurnar og hafi hann síðan fundi með stjórn skólafélagsins. Í tillögum skólafélagsstjórnar hafi verið bæði í haust svo og eftir nýjár tillaga um fimleikasýningu. Það sé hefð við skólann að hafa fimleikasýningu á árshátíðum og ýmsum skemmtunum. Síðan hafi stjórn skólafélagsins haft samband við íþróttakennarann um væntanlega fimleikasýningu, sem í þessu tilfelli átti að vera á árshátíð skólans. Íþróttakennarinn hafi svo valið til æfinga og sýninga ákveðna pilta. Leyfi hafi verið veitt til æfinga á kvöldin og á sunnudögum.

Kvöldið 24. mars hafi skólastjórinn verið staddur í forstofu í húsinu. Þá hafi komið tveir piltar og tjáð skólastjóranum, að óhapp hafi orðið í leikfimisalnum. Þegar skólastjórinn kom í leikfimisalinn, sá hann, hvar Ólafur lá þar á leikfimidýnu, og leikfimikennarinn stumraði yfir honum.

Skólastjórinn hafi spurt um, hvað borið hefði við. Íþróttakennarinn hafi svo lýst því fyrir honum. Ólafur hafi verið að gera ákveðið stökk, mistekist, sveiflast yfir sig og fallið á bak eða axlir. Ólafur hafi átt erfitt með andardrátt og hafi hann kvartað yfir verk í baki.

Vitnin Emil Bjarkar Björnsson, Magnús Viðar Friðbergsson, Nikulás Róbertsson og Kristján Ásgrímsson hafa lýst æfingu þeirri, sem stefnandi slasaðist við, mjög á svipaðan hátt og íþróttakennarinn.

Vitnið Emil Bjarkar bar, að íþróttakennarinn hafi alltaf staðið við hlið þess, er á móti tók, og gripið um hægri handlegg þess, er sveif, um leið og hann lenti með handleggi og hendur á öxlum þess, er á móti tók. Íþróttakennarinn hafi sagt þeim fimleikamönnum að stökkva ekki, nema hann væri til þess að aðstoða. Þegar stefnandi stökk og slasaðist, hafi íþróttakennarinn ekki staðið við hlið þess, er á móti tók. Minnti Emil, að íþróttakennarinn hafi staðið upp við sviðið í þeim enda salarins, er stokkið var til. Emil taldi, að stefnandi hafi stokkið of hátt. Sá, er á móti tók, hafi ekki náð öruggu taki á stefnanda og stefnandi hafi rétt komið við axlir Magnúsar. Stefnandi hafi hálfsnúist í fallinu og komið niður á dýnuna á herðar, samanbrotinn með höfuð undir sér. Hafi hann svo oltið til hliðar. Stefnandi hafi sennilega misst andann, því hann hafi legið í hnipri og beygt sig

saman. Stefnandi hafi rekið upp óp, um leið og hann féll. Emil sagði stefnanda vera góðan fimleikamann.

Vitnið Magnús Viðar bar, að íþróttakennarinn hafi alltaf staðið við hlið Magnúsar, en hann hafði það hlutverk að taka á móti svifmönnum. Þetta umrædda kvöld hafi komið krakkar úr þjóðdansaflokknum, og þegar ein umferð var búin í stökkinu, hafi íþróttakennarinn farið frá og að sviðinu í salnum og rætt þar við þjóðdansarana. Stefnandi hafi kallað til vitnisins, að hann ætlaði að stökkva, en vitnið sagðist hafa beðið stefnanda að bíða eftir leikfimikennaranum, en stefnandi hafi sagst ætla að stökkva og hafi stokkið. Stökkið hafi algerlega misheppnast. Það hafi verið allt of hátt og ferðin of mikil. Ekki hafi Ólafur náð taki á öxlum vitnisins, rétt aðeins komið við þær. Vitnið hafi engu taki náð á lærum Ólafs, rétt komið við þau. Vitnið sagðist ekki hafa séð, hvernig stefnandi kom niður, en sagðist hafa heyrt óp, og þegar hann leit við, sá hann stefnanda liggja á dýnunni, og virtist hann ekki ná andanum.

Vitnið Nikulás bar, að stökk það, sem stefnandi slasaðist í, hafi ekki verið búið að æfa lengi. Minnti vitnið, að byrjað hafi verið að æfa það kvöldið áður. Ekki minntist vitnið þess, að íþróttakennarinn hafi brýnt fyrir þeim, að stökkið væri hættulegt. Íþróttakennarinn hafi brýnt það fyrir þeim leikfimimönnunum að fara ekki stökkið, nema hann stæði við hlið þess, er á móti tók, til aðstoðar, ef með þyrfti. Þegar stefnandi stökk og slasaðist, þá hafi íþróttakennarinn eitthvað snúið sér frá til þess að tala eitthvað við krakkana í þjóðdansaflokknum. Stökk stefnanda hafi misheppnast. Ferðin hafi verið of mikil og hann hafi orðið of láréttur í svifinu. Ekki hafi stefnandi náð taki á öxlum Magnúsar Friðbergssonar, en hann tók á móti. Ekki hafi Magnús náð öruggu taki á lærum stefnanda, þannig að hann gæti stöðvað hann. Ferðin hafi verið það mikil. Stefnandi hafi fallið aftur fyrir Magnús, samanbrotinn á herðar, svo hafi hann fallið á hliðina. Skólastjóri hafi þegar verið sóttur og teppi til þess að bera stefnanda í. Stefnandi hafi ekki náð andanum fyrst. Hafi hann stunið og sagst geta gengið sjálfur.

Vitnið Kristján bar, að ekki hafi verið búið að æfa stökkið nema stutt, þá er stefnandi slasaðist, ef til vill tvisvar eða þrisvar, þó vildi vitnið ekki fullyrða hve oft. Íþróttakennarinn hafi alltaf staðið við hlið Magnúsar Friðbergssonar, en hann tók á móti. Íþróttakennarinn hafi aðstoðað, þegar mistök urðu. Íþróttakennarinn hafi verið búinn að sýna þeim stökkið a. m. k. tvisvar. Ekki

minntist vitnið þess, að íþróttakennarinn hafi brýnt það fyrir þeim fimleikamönnum að fara ekki stökkið, nema hann stæði við hlið Magnúsar Friðbergssonar, aftur á móti hafi íþróttakennarinn sagt, að stökkið væri hættulegt, ef það væri ekki rétt gert. Þegar þessi æfing fór fram, hafi verið þarna á sviðinu í salnum krakkar úr þjóðdansaflokki skólans. Íþróttakennarinn hafi snúið sér við og verið að hasta á krakkana, en í því hafi stefnandi stokkið. Vitnið taldi stefnanda hafa stokkið of hátt og of hratt. Hann hafi ekki haft handleggi framteygða, heldur bogna. Hafi hann því ekki náð taki á öxlum Magnúsar og Magnús aðeins getað náð til stefnanda, en engu taki. Íþróttakennarinn hafi snúið sér við í sömu andránni og reynt að stöðva stefnanda í fallinu, en ekki náð nema lausu taki á honum og ekki getað stöðvað hann. Ekki sagðist vitnið hafa séð, hvernig stefnandi féll.

Af hálfu stefnanda eru kröfur rökstuddar með því, að ástæða fyrir slysinu hafi verið gáleysi leikfimikennarans. Leikfimikennarinn hafi verið starfsmaður ríkisins, en ríkisvaldið beri fébótaábyrgð á skaðaverkum starfsmanna sinna.

Leikfimi sé skyldunámsgrein, leikifimikennarar ákveða, hvaða æfingar nemendur leggi stund á, og beri því ríkisvaldinu að bæta það tjón, sem fimleikar í skólum hafi í för með sér.

Í þessu tilviki hafi stefnandi verið að æfa erfitt stökk, sem hafði verið æft stuttan tíma. Leikfimikennarinn hafi fært sig viljandi frá þeim nemandanum, sem átti að taka á móti stefnanda. Það hafi verið gáleysi hjá leikfimikennaranum að standa ekki hjá þeim, sem á móti tók. Enda hafi leikfimikennarinn alltaf staðið hjá þeim, sem á móti tók, eftir slysið.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ekki skipti máli, að slysið varð utan leikfimitíma samkvæmt stundaskrá. Það sé venja í skólum landsins að halda leikfimisýningar, og fari þær fram í skólanum og á vegum skólanna. Stefnandi hafi verið í heimavistarskóla og æfingar fimleikaflokksins fyrir sýningu á árshátíð skólans einungis liður í skólastarfinu.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

Örorkutjón:		
Vegna tímabundinnar örorku	kr. 34.823	
Vegna varanlegrar örorku	— 669.312	
		kr. 704.135
Miskabætur		— 300.000
		Kr. 1.004.135

Af hálfu stefnda er sýknukrafan rökstudd með því, að skilyrði til bótaábyrgðar séu ekki fyrir hendi.

Slysið hafi orðið fyrir eigin vangá stefnanda og óheppni, en ekki fyrir gáleysi leikfimikennarans. Í því sambandi er tekið fram, að stefnandi hafi þótt mjög efnilegur fimleikamaður og hafi leikfimikennarinn sagt, að stefnandi hafi verið „annar af bestu fimleikamönnum skólans". Það sé því ljóst, að hér hafi ekki verið á ferðinni klaufi, sem att var út í erfiðar æfingar, án þess að hann hefði hæfileika til þess, heldur hafi hér verið á ferðinni leikinn fimleikamaður, sem hafi lagt sig sérstaklega fram um að ná sem mestri leikni. Fimleikum fylgi alltaf nokkur áhætta. Sú áhætta eigi að vera hverjum meðalgreindum manni ljós, enda liggi hún í hlutarins eðli. Leikfimikennarinn hafi skýrt svo frá, að hann hafi margsýnt fimleikamönnunum, hvernig fara ætti umrætt stökk, og lagt mikla áherslu á, að stökkið væri í hálfboga, en ekki lárétt, til þess að auðveldara væri að taka á móti þeim og til þess að þeir stöðvuðust örugglega. Það komi fram í vitnaframburði, að leikfimikennarinn hafi brýnt það fyrir fimleikamönnum að fara ekki stökkið, nema hann stæði við hlið þess, er á móti tæki, til aðstoðar, ef með þyrfti. Sé þetta rétt, sé augljóst, að stefnandi hafi óhlýðnast fyrirmælum leikfimikennarans og hafi því hlotið að fara stökkið á eigin áhættu. Af þessu sé augljóst, að ekki sé um að ræða neitt gáleysi starfsmanns stefnda, sem hægt sé að byggja bótaskyldu á.

En enda þótt leikfimikennarinn væri talinn eiga einhverja sök á slysinu, þá beri stefndi ekki ábyrgð á því, þar eð æfingar þær, er stefnandi slasaðist við, voru algerlega utan stundaskrár og ekki liður í kennslustörfum skólans, heldur einkaæfingar valdra fimleikamanna, sem þjálfuðu sig sérstaklega til sýninga með aðstoð kennara utan skyldustarfa. Kennarinn hafi æft nemendur í frítíma sínum og án þess að fá greiðslu fyrir þetta starf sitt. Skilyrði fyrir húsbóndaábyrgð sé, að skaðaverk sé unnið í vinnutíma og sé hluti af starfskyldum starfsmanns.

Sá, sem taki þátt í fimleikum, taki sjálfur á sig áhættu. Næstum 16 ára piltur eigi sjálfur að gera sér grein fyrir áhættunni við fimleika.

Eins og rakið hefur verið, æfðu nokkrir nemendur í Eiðaskóla veturinn 1968—69 fimleika til sýninga á skemmtunum skólans. Þessar æfingar voru haldnar í samráði við stjórn skólafélagsins og með samþykki skólastjóra, sem veitti leyfi til æfinga á kvöldin og sunnudagsmorgnum. Íþróttakennari skólans stjórnaði æfingum

þessum utan reglulegs vinnutíma og án þess að taka sérstaka greiðslu fyrir. Það þyki þó ekki skipta máli varðandi bótaábyrgð stefnda, að íþróttakennarinn fékk ekki greiðslu fyrir þetta starf sitt, þar sem það verður að telja það, að stjórna æfingum fimleikamanna þessara, enda þótt það væri gert utan reglulegs vinnutíma kennarans, í svo nánum tengslum við starfsskyldur íþróttakennarans almennt, að þar verði ekki á milli greint.

Ekkert er fram komið um það, að stefnandi hafi af skólans hálfu verið hvattur til þess að taka þátt í æfingum þessum. Þarna virðist hafa verið um æfingar áhugamanna að ræða, og eftir því, sem fram er komið, hefur stefnandi verið góður fimleikamaður, mjög áhugasamur um fimleika og alltaf mætt á æfingum.

Samkvæmt framburði stefnanda var búið að æfa stökk það, sem hann slasaðist við, í sennilega a. m. k. tvær vikur, áður en slysið varð, og hafði stefnandi þó nokkrum sinnum farið stökk þetta, án þess að íþróttakennarinn tæki á móti. Stefnandi hafi verið orðinn þreyttur, þá er hann stökk stökk það, sem hann slasaðist í, en það hafi verið í lok æfingar. Stefnanda var ljóst, að íþróttakennarinn stóð í um það bil þriggja metra fjarlægð frá þeim, sem á móti tók. Virðist stefnandi sjálfur hafa tekið ákvörðun um að stökkva þrátt fyrir þreytu og það, að íþróttakennarinn var ekki við hlið móttökumanns, a. m. k. er ekkert fram komið um, að fimleikamennirnir hafi verið þvingaðir eða þeim att til þess að gera æfingar, sem þeir ekki treystu sér til.

Íþróttakennarinn bar, að hann hafi með vilja ekki staðið hjá þeim fimleikamanninum, sem tók á móti stökkmönnunum, og hafi hann gert það til þess að þeir treystu ekki of mikið á nærveru hans. Þegar til þess er litið, að þarna var um valda fimleikamenn að ræða, sem æfðu sig fyrir sýningu kvöld eftir kvöld og höfðu æft þá æfingu, sem slysið varð við, í a. m. k. tvær vikur, þá þykir það, að íþróttakennarinn færði sig frá þeim fimleikamanninum, sem tók á móti stökkmönnunum, ekki aðfinnsluvert, og þykir því slysið ekki verða rakið til gáleysis íþróttakennarans. Enda er það svo, að íþróttum fylgir alltaf nokkur áhætta, sem þeir, er leggja stund á íþróttir af frjálsum vilja, hljóta að taka.

Af því, sem fram er komið, þykja ekki efni til að sakast við neinn um slys þetta, hvorki íþróttakennara Eiðaskóla né stefnanda sjálfan. Verður slysið eigi til annars rakið en hreinnar slysni. Að svo vöxnu máli eru ekki skilyrði til að leggja á stefnda fé-

bótaábyrgð á slysinu og tjóni stefnanda af þess völdum. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Málskostnaður stefnanda, kr. 64.480, greiðist úr ríkissjóði, en af þeirri fjárhæð hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Vilhjálmur Árnason hæstaréttarlögmaður, kr. 50.000 í málflutningslaun.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ólafs Steinþórssonar, í máli þessu. Málskostnaður falli niður. Málskostnaður stefnanda, kr. 64.480, greiðist úr ríkissjóði, en af þeirri fjárhæð hljóti skipaður talsmaður stefnanda, Vilhjálmur Árnason hæstaréttarlögmaður, kr. 50.000 í málflutningslaun.

Þriðjudaginn 7. október 1975.

Nr. 182/1973. **Stefán Ólafsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Samvinnutryggingum g/t
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Bifreiðar. Vátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 17. desember 1973. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum 213.587 krónur með 8% ársvöxtum frá 14. júní 1971 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í blóðsýni, sem var tekið úr áfrýjanda eftir slysið, mældust „reducerandi“ efni, sem svara til 0.37‰ af alkóhóli. Þegar gætt er tímalengdar frá slysinu, uns blóðsýnið var tekið, má að vísu ætla, að áfengismagn í blóði áfrýjanda hafi verið mun meira, er slysið varð. Ekki hefur stefndi þó sýnt fram á það með læknisfræðilegum gögnum, að það áfengismagn hljóti að hafa verið svo mikið, að fullvíst verði að telja, að áfrýjandi hafi þá verið ölvaður. Samkvæmt þessu og þar sem vitni þau, sem sáu áfrýjanda um og eftir slysið, telja sig ekki hafa séð á honum áfengisáhrif, brestur sönnun fyrir því, að áfrýjandi hafi valdið slysinu í ölæði, sbr. 20. gr. laga nr. 20/1954. Verður af þessum ástæðum eigi fallist á það með stefnda, að g liður 9. gr. vátryggingarskilmála hans, sem rakinn er í héraðsdómi, heimili honum að synja greiðslu á vátryggingarbótum til áfrýjanda, þar sem stefndi getur ekki borið fyrir sig þetta ákvæði vátryggingarskilmálanna að því leyti sem það fer í bága við nefnda 20. gr.

Stefndi hefur enn fremur reist kröfur sínar á því, að áfrýjandi hafi valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi, en samkvæmt e lið 9. gr. vátryggingarskilmálanna eigi hann ekki rétt á vátryggingarbótum, þegar þannig standi á. Ekki er fullljóst, hvað olli því, að áfrýjandi ók út af veginum, en þar sem ekki þykir sannað, að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, verður þessi sýknuástæða ekki heldur tekin til greina.

Áfrýjandi kveðst hafa keypt bifreið þá, sem um er fjallað í málinu, í maímánuði 1970 fyrir 237.319 krónur. Telur hann hæfilega verðrýrun bifreiðarinnar til slysdags 10% og krefur því stefnda um 213.587 krónur. Stefndi hefur mótmælt þessari fjárhæð sem of hárri. Fjárhæð kröfu áfrýjanda verður ekki talin óeðlileg með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 37. gr. laga nr. 20/1954. Henni hefur ekki verið hnekkt af stefnda með matsgerð eða á annan hátt. Verður krafa áfrýjanda því tekin til greina að fullu með vöxtum, svo sem krafist er, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954, en upphafstíma þeirra hefur eigi verið mótmælt.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 110.000 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar g/t, greiði áfrýjanda, Stefáni Ólafssyni, 213.587 krónur með 8% ársvöxtum frá 14. júní 1971 til greiðsludags og 110.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Mál þetta var upphaflega flutt munnlega og dómtekið á bæjarþingi Reykjavíkur 4. júlí 1973. Hinn 30. s. m. endurupptók héraðsdómarinn, Auður Þorbergsdóttir borgardómari, málið með skírskotun til 120. gr. laga nr. 85/1936 og þess, að honum hefði sýnst rétt eftir dómtöku máls að kveðja sérfróða meðdómendur til dómstarfa í því. Endurupptaka þegar dómtekins máls af framangreindum ástæðum hefur ekki stoð í nefndri 120. gr., en auk þess er sakarefni þessa máls ekki þannig vaxið, að þörf væri á, að héraðsdómari færi með og dæmdi málið samkvæmt 3. tl. 200. gr. laga nr. 85/1936. Ber af þessum ástæðum að ómerkja héraðsdóminn og málsmeðferðina frá 4. júlí 1973 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Þessi úrlausn hefur ekki hlotið samþykki meiri hluta dómenda. Mun ég því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 greiða atkvæði um efni máls.

Með skírskotun til forsendna í atkvæði meiri hluta dómenda um efni málsins er ég samþykkur dómsorðinu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. nóvember 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 1. nóvember sl., höfðaði Stefán Ólafsson, Túngötu 12, Patreks-

firði, fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. júní 1972, gegn Samvinnutryggingum g/t, Ármúla 3, Reykjavík, til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 213.587 ásamt 8% ársvöxtum frá 14. júní 1971 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og jafnframt málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir virðast vera eftirfarandi:

Stefnandi var eigandi bifreiðarinnar B 107, Skoda 110 L, árgerð 1970. Bifreiðina hafði hann keypt nýja af Tékkneska bifreiðaumboðinu á Íslandi h/f hinn 24. júlí 1970. Kaupverð bifreiðarinnar var samtals kr. 237.319. Stefnandi ábyrgðar- og kaskótryggði bifreiðina hjá stefnda.

Hinn 14. júní 1971 var stefnandi á leið á Örlygshafnarvegi skammt fyrir utan býlið Hvalsker í Rauðasandshreppi. Var hann á leið frá flugvellinum til Patreksfjarðar, er bifreið stefnanda fór út af veginum. Við útafaksturinn lenti bifreiðin niður í fjöru og skemmdist það mikið, að hún var talin ónýt.

Í bifreiðinni með stefnanda voru Hrafnhildur Haraldsdóttir, 14 ára, Þórunn Haraldsdóttir, 16 ára, báðar til heimilis að Strandgötu 11 A, Patreksfirði, og Ásdís Ingólfsdóttir, 10 ára, til heimilis að Túngötu 12, Patreksfirði. Allir þeir, sem í bifreiðinni voru, slösuðust meira eða minna, og hlaut stefnandi opið beinbrot á vinstra fæti.

Eftir slysið komu lögreglumenn, læknir og hjúkrunarkona á vettvang. Lögreglumenn þeir, sem komu á vettvang, töldu sig finna áfengislykt af stefnanda. Stefnandi var látinn í sjúkrakörfu, farið með hann út á flugvöll og flogið með hann til Reykjavíkur. Í Reykjavík var tekið blóðsýni úr stefnanda vegna alkóhólprófunar, og fundust í því „reducerandi" efni samsvarandi 0.37‰ af alkóhóli. Blóðsýnið var tekið 14. júní klukkan 1800, en útafakstur inn átti sér stað skömmu fyrir klukkan 1210 sama dag.

Stefnandi krafði stefnda um greiðslu á verðmæti bifreiðarinnar B 107 á slysdegi. Stefndi hafnaði kröfu stefnanda, vegna þess að fram kom í lögregluskýrslu, að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið undir áhrifum áfengis.

Í málinu hefur verið lagt fram endurrit úr sakadómsbók Barðastrandarsýslu, endurrit úr aukadómþingsbók Barðastrandarsýslu og endurrit úr sakadómsbók Hafnarfjarðar. Einnig hefur stefnandi komið fyrir dóm til yfirheyrslu.

Þykir rétt að rekja nokkuð það, sem fram hefur komið við yfirheyrslur þessar.

Í sakadómi Barðastrandarsýslu viðurkenndi stefnandi að hafa neytt áfengis á tímabilinu frá því um klukkan 23 kvöldið fyrir 14. júní 1971 og þar til klukkan 2 um nóttina. Hafi hann drukkið sem svarar tæplega einum pela af áfengi í umrætt sinn. Hann hafi farið að sofa klukkan 4—5 um nóttina. Hafi hann vaknað um klukkan 9 um morguninn. Hann hafi ekki neytt áfengis um morguninn eða eftir að hann hóf akstur bifreiðarinnar og ekki hafi hann fundið til neinna áfengisáhrifa við aksturinn eða yfirleitt verið þá öðruvísi en hann eigi að sér að vera.

Stefnandi sagðist hafa ekið mágkonu sinni, Auði Marisdóttur, í bifreiðinni B 107 inn á flugvöll þennan dag og hafi þau lagt af stað frá Patreksfirði klukkan rúmlega 10 um morguninn, en þurft að bíða nokkuð á flugvellinum. Með í förinni hafi verið dóttir Auðar, Ásdís að nafni, og tvær ungar frænkur stefnanda, Hrafnhildur og Þórunn Haraldsdætur, og hafi þær verið í bifreiðinni, er óhappið vildi til. Hafði bifreiðinni þá verið ekið skamman spöl frá flugvellinum.

Stefnandi sagðist hafa ekið bifreiðinni með um 50 km hraða miðað við klukkustund, þegar óhappið vildi til. Stefnandi sagðist ekki geta gert sér glögga grein fyrir orsök útafkeyrslunnar, þetta hafi gerst svo snöggt, en allt í einu hafi bifreiðin ekki látið að stjórn og hann hafi misst hana út af veginum. Ekki hafi hann verið að mæta bifreið, þegar þetta gerðist, og ekki sagðist stefnandi vita til þess, að nokkur umferð hafi verið á þjóðveginum í næsta nágrenni.

Fyrir bæjarþingi Reykjavíkur bar stefnandi, að hann teldi, að ástæðan fyrir útafkeyrslunni hafi verið bilun í stjórntækjum bifreiðarinnar, en tók fram, að þarna hafi líka verið lausamöl. Stefnandi kvaðst hafa beðið Pál Janus Pálsson að athuga, hvort stjórntæki bifreiðarinnar hafi ekki bilað. Stefnandi sagðist hafa heyrt, að litið hafi verið á bifreiðina, en sagðist ekki vita um niðurstöðu þeirrar athugunar.

Umboðsmaður stefnda hafi tekið bifreiðina í sína vörslu strax eftir slysið. Stefndi muni hafa greitt kostnað við björgun bifreiðarinnar af slysstað. Hvorki hafi umboðsmaður stefnda óskað eftir því, að stefnandi greiddi kostnað af björgun bifreiðarinnar né tæki bifreiðina í sína vörslu.

Fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu staðfesti Guðmundur Þorleifsson Sigurðsson lögregluþjónn lögregluskýrslu á dskj. nr.

3 sem rétta. En þar segir m. a.: „. . . . ekki var annað séð en þarna hafi verið um útafkeyrslu að ræða, þar sem vegurinn þarna er vel breiður og beinn á þessum kafla og hjólför eftir bifreiðina mjög greinileg. Eftir að við höfðum lagt ökumanninn í bifreið okkar, fundum við sterkan vínþef af vitum ökumanns".

Guðmundur lögregluþjónn kvaðst hafa ekið lögreglubifreiðinni á slysstað og síðan þaðan á flugvöllinn vegna flutnings stefnanda til Reykjavíkur. Með Guðmundi fór í ferð þessa Páll J. Pálsson lögregluþjónn, Þóra Magnúsdóttir hjúkrunarkona og Helgi Ísaksson, en hann var læknanemi og gegndi læknisstörfum á Patreksfirði um stuttan tíma, er þetta gerðist.

Með áætlunarvélinni frá Reykjavík í umrætt sinn hafi komið sjúkrakarfa. Þegar lögreglubifreiðin kom á staðinn, hafði stefnandi verið látinn í sjúkrakörfu þessa, sem komið hafði verið fyrir á neðri vegarbrún nær sjónum. Hjá hinum slasaða hafi þá verið Lilja Harðardóttir hjúkrunarkona, sem starfaði við sjúkrahúsið á Patreksfirði um skeið. Á slysstaðnum hafi verið Hermod Ingemar J. Lund, Norðmaður, sem búsettur sé þarna.

Læknir og hjúkrunarkona hafi strax hugað að hinum slasaða og sprautað hann, en síðan hafi þeir lögreglumennirnir tekið körfuna með hinum slasaða og látið í lögreglubifreiðina til flutnings á flugvöllinn. Stefnandi hafi virst mjög þjáður eftir slysið, skorinn og hruflaður og mikið blóðugur í andliti.

Þegar þeir lögreglumennirnir báru körfuna með stefnanda inn í bifreiðina á slysstaðnum, hafi Guðmundur haldið undir höfðalag körfunnar og þá þegar fundið áfengislykt frá vitum stefnanda. Eftir að stefnandi hafði verið látinn inn í bifreiðina, þar sem hiti var hafður á, hafi Guðmundur, sem ók bifreiðinni, fundið greinilegan áfengisþef frá vitum stefnanda, þar sem hann lá í körfunni.

Þeir lögregluþjónarnir hafi athugað stýrisbúnað bifreiðarinnar og fóthemla bifreiðarinnar, og hafi hvort tveggja reynst vera í lagi.

Guðmundur sagðist hafa haft samband við umboð stefnda á Patreksfirði símleiðis úr flugvallarskýlinu og talað við starfsmann stefnda, Matthías Garðarsson, sem hafi komið fljótlega á slysstað og tekið myndir. Að beiðni Matthíasar hafi Guðmundur gert ráðstafanir til flutnings bifreiðarinnar af slysstaðnum og til geymslu í fiskverkunarhúsi Odda h/f, Patreksfirði.

Fyrir dómi bar Páll Janus Pálsson lögregluþjónn, að þá er hann kom á slysstað ásamt Guðmundi Þ. Sigurðssyni lögreglu-

þjóni, hafi Herbert Guðbrandsson bifreiðarstjóri ásamt farþegum úr langferðabifreið, er var á leið frá flugvellinum, verið komnir á slysstað. Með lögreglumönnunum hafi komið á slysstað Þóra Magnúsdóttir hjúkrunarkona og Helgi Ísaksson, þá læknir á Patreksfirði. Bifreiðin B 107 hafi þá verið niður undir sjávarmáli og greinilega verið ekið út af veginum. Þá er Páll lögreglumaður kom á slysstað, hafði stefnandi verið fluttur upp á veginn og lá þar á börum.

Eftir að stefnandi hafði verið tekinn á börunum og látinn inn í lögreglubílinn og fluttur á flugvöllinn, hafi Páll lögreglumaður fundið greinilegan áfengisþef frá vitum stefnanda. Strax hafi verið gerðar ráðstafanir til þess að fá sjúkraflugvél til að flytja stefnanda til Reykjavíkur. Læknirinn og hjúkrunarkonan hafi annast um stefnanda, sem hafi virst þjáður eftir slysið.

Fyrir sakadómi Hafnarfjarðar bar Auður Marisdóttir, mágkona stefnanda, að hún hafi farið með stefnanda í bifreið hans út á flugvöll mánudagsmorguninn 14. júní 1971 og hafi stefnandi ekið. Ekki sagðist Auður hafa merkt, að hann væri undir áhrifum áfengis og ekki hafi hún fundið af honum vínlykt. Henni hafi fundist hann aka eðlilega, þ. e. eins og venja hans var að aka. Ekki hafi hann ekið óeðlilega hratt, en Auður sagðist vera bílhrædd og kvarta, ef henni finnist ekið of hratt, en til þess hafi ekki komið þarna. Auður sagðist oft hafa séð stefnanda undir áhrifum áfengis og taldi útilokað, að hún hefði ekki merkt það, ef hann hefði verið undir áhrifum umræddan morgun, er akstur-inn út á flugvöll átti sér stað.

Sigurþóra Magnúsdóttir hjúkrunarkona bar fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu, að hún hafi að beiðni lögreglumanna farið á slysstað ásamt Helga Ísakssyni læknanema og lögreglunni, en á þeim tíma var Sigurþóra yfirhjúkrunarkona við sjúkrahúsið á Patreksfirði. Þá er hún kom á slysstaðinn, hafi verið búið að láta stefnanda í sjúkrakörfu og hafi hann virst mjög þjáður og vankaður. Þegar Sigurþóra og læknaneminn komu á slysstaðinn, hafi stefnanda strax verið gefið deyfilyf í vöðva, nánar tiltekið pethidin. Þar hafi verið um að ræða venjulegan skammt, 1½—2 ml. Eftir að komið var með stefnanda í flugvallarskýlið, hafi honum verið gefin vökvagjöf, sem gert sé til að fyrirbyggja lost.

Sigurþóra sagðist hafa fundið áfengislykt leggja frá vitum stefnanda, eftir að hann hafi verið látinn inn í bifreiðina, en Sigurþóra og læknaneminn sátu þá hjá körfunni í bifreiðinni. Sigurþóra sagðist hafa farið með stefnanda í flugvélinni til

Reykjavíkur og hafi þá ekki getað merkt af tali hans neitt, er gæti verið í sambandi við áfengisáhrif.

Lilja Harðardóttir hjúkrunarkona, sem kom með áætlunarflugvélinni, muni hafa sinnt stefnanda á slysstað, áður en Sigurþóra kom þangað.

Þórunn Haraldsdóttir nemandi, 15 ára að aldri, bar fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu, að hún hafi verið farþegi í bifreið stefnanda, þá er umrætt slys varð.

Þórunn sagðist ekki hafa séð áfengisáhrif á stefnanda. Stefnandi hafi hagað akstri sínum mjög líkt og þegar Þórunn hafi áður verið með honum í bifreiðinni.

Herbert Jóhannes Guðbrandsson bifreiðarstjóri bar fyrir dómi, að hann hafi verið með þeim fyrstu, er komu á slysstað, er umrætt slys varð. Ekki sagðist Herbert hafa séð beint, að stefnandi væri undir áhrifum áfengis, er að var komið á slysstað, en kvaðst hins vegar ekki geta neitað því, að hann hafi fundið áfengislykt frá vitum stefnanda. Herbert sagðist hafa tekið þátt í því að ná stefnanda út úr bifreiðinni og bera hann í sjúkrakörfu upp á veginn.

Fyrir sakadómi Barðastrandarsýslu bar Jón Þorsteinn Arason málarameistari, að hann hafi hitt stefnanda fyrir utan húsið Túngötu 12, Patreksfirði, þar sem stefnandi á heima, að morgni 14. júní 1971, líklega klukkan 10—11. Þeir hafi tekið tal saman, og minnti Jón, að stefnandi hafi sagst ætla að fara fljótlega inn á flugvöll. Ekki sagðist Jón hafa fundið áfengislykt af Stefáni og ekki heldur merkt það á háttum hans eða máli, að hann væri þá undir áhrifum áfengis.

Hermod Ingemar Jakob Lund verkamaður bar fyrir sakadómi Barðastrandarsýslu, að hann hafi hinn 14. júní 1971 hitt stefnanda á flugvellinum við Patreksfjörð, og hafi þeir talað saman um eitt og annað nokkra stund. Ekki hafi Hermod getað séð, að stefnandi væri undir áhrifum áfengis, né heldur fundið af honum áfengislykt. Hafi hann nokkrum sinnum séð stefnanda undir áfengisáhrifum og taldi það merkilegt, ef hann hefði ekki veitt því athygli, að Stefán væri undir áfengisáhrifum, ef svo hefði verið í umrætt sinn. Stefnandi hafi sagst hafa neytt áfengis kvöldið áður. Er tali þeirra lauk, hafi stefnandi farið ásamt börnunum í bifreið sína, og sá Hermod hann aka af stað frá flugvellinum. Hermod fór hins vegar með rútunni, sem lagði af stað frá flugvellinum rétt á eftir bifreið stefnanda. Bifreið stefnanda hafi ekki verið ekið á mikilli ferð frá flugvellinum í umrætt sinn, heldur

hafi það verið venjulegur þjóðvegahraði, 50 km á klukkustund eða svo.

Fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu bar Svavar Jóhannesson bankastjóri, að stefndi hafi, að höfðu samráði við föður stefnanda, gert ráðstafanir til flutnings bifreiðarinnar B 107 af slysstaðnum, fyrst og fremst til að forða því, að sjór félli upp á bifreiðina, þar sem hún lá í fjörunni á slysstaðnum. Þetta hafi verið gert án allra skuldbindinga af hálfu stefnda og það sérstaklega tekið fram, áður en flutningur fór fram. Þetta hafi verið tekið fram, eftir að haft hafði verið samband við lögregluna og að grunur lék á, að um ölvun við akstur væri að ræða. Reikningur yfir kostnað við flutning bifreiðarinnar hafi verið greiddur af umboði stefnda á Patreksfirði með sama fyrirvara og áður um getur, en stefndi í Reykjavík hafi ekki fengist til að endurgreiða reikninginn enn. Bifreiðin hafi verið flutt með kranabifreið Patrekshrepps.

Ekki sagðist Svavar muna glöggt, hvernig hafi verið háttað tilmælum um geymslustað fyrir bifreiðina, en tók fram, að af hálfu stefnda hafi ekki verið greitt neitt fyrir geymsluna, og jafnframt tekið fram, að bifreiðin væri ekki í geymslu í fiskverkunarstöð Odda h/f á ábyrgð stefnda. Ekki sagðist Svavar vita, hvar bifreiðin væri niðurkomin 24. apríl 1973.

Svavar sagði, að honum væri ókunnugt um ástand stýrisbúnaðar bifreiðarinnar, er slysið vildi til.

Jón Magnússon útgerðarmaður, framkvæmdastjóri Odda h/f, bar fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu, að hann hafi ekki verið viðstaddur, þegar falast var eftir geymsluplássi fyrir bifreiðina B 107, og hafi hann af hvorugum aðilja málsins milliliðalaust verið beðinn um geymsluplássið. Hann hafi fengið skilaboð frá föður stefnanda, að því er Jón minnti, um það, hvort setja mætti bifreiðina inn í húsið til bráðabirgða. Hafi Jón heimilað, að svo yrði gert. Ekki sagðist Jón muna nú, hver hafi borið honum fyrrnefnd skilaboð. Bifreiðin hafi ekki verið tekin til geymslu samkvæmt beiðni stefnda, svo Jóni væri kunnugt. Bifreiðin hafi verið í húsinu á annað ár, eða þar til taka þurfti húsið í notkun vegna fiskverkunar. Hvorugur málsaðilja hafi viljað hafa afskipti af bifreiðinni eða veita henni móttöku, þar til Jón óskaði eftir, að hún yrði fjarlægð úr húsinu. Jón sagðist enga greiðslu hafa fengið vegna geymslu bifreiðarinnar í húsinu.

Af hálfu stefnanda eru kröfur rökstuddar með því, að stefnandi hafi húftryggt bifreiðina B 107 hjá stefnda og þar sem bifreiðin

hafi eyðilagst fyrir óhapp, þá beri stefnda að greiða stefnanda andvirði bifreiðarinnar eins og það var á slysdegi. Stefnandi telur tjón sitt nema kr. 213.587, en það er kaupverð bifreiðarinnar, kr. 237.319, að frádregnum 10%, en stefnandi telur bifreiðina hafa fyrnst um 10% á þeim tíma, sem hann átti bifreiðina.

Skaðabótaábyrgð stefnda byggist á vátryggingarsamningi stefnanda og stefnda, sbr. dskj. nr. 8. Því eigi hér við lög nr. 20 frá 1954, og er vaxtakrafan byggð á 3. mgr. 24. gr. sömu laga.

Það sé rangt og ósannað, að stefnandi hafi verið ölvaður eða að öðru leyti illa á sig kominn, enda hafi vitni borið, að þau hafi ekki séð áfengisáhrif á stefnanda. Sönnunarbyrði um ölvun stefnanda hvíli á stefnda.

Úrskurður Læknaráðs á dskj. nr. 9 eigi ekki við um mál þetta. Af hálfu stefnanda er á það bent, að það geti hafa haft áhrif á niðurstöðu alkóhólmælingar, að stefnanda hafi verið gefin pethidin sprauta og vökvagjöf.

Ákvörðun saksóknara ríkisins um að höfða ekki mál á hendur stefnanda útiloki, að stefndi geti skotið sér undan ábyrgð vegna meintrar ölvunar stefnanda.

Akstur stefnanda hafi verið í alla staði eðlilegur, enda sé stefnandi mjög gætinn bifreiðarstjóri. Orsaka slyssins sé fyrst og fremst að rekja til bilunar, sem orðið hafi í stjórntækjum bifreiðarinnar. Rannsókn á því atriði hafi ekki farið fram, enda hafi rannsókn slyssins eingöngu beinst að því að reyna að sanna á stefnanda ölvunarakstur. Annar af tveim lögreglumönnum, sem komu fyrir dóm vegna máls þessa, hafi ekki verið spurður um stjórnunartæki bifreiðarinnar og ekki hafi bifreiðaeftirlitsmanninum á Patreksfirði verið falin athugun á þessu.

Umboðsmaður stefnda á Patreksfirði hafi viðurkennt bótaskyldu stefnda með því að taka bifreiðina í vörslu sína.

Af hálfu stefnda er sýknukrafan rökstudd með því, að stefnandi hafi verið ölvaður og að öðru leyti illa á sig kominn, meðal annars vansvefta, er umrætt tjón varð. En samkvæmt g lið 9. gr. vátryggingarskilmálanna valdi slíkt ástand ökumanns því, að tryggingartaki eigi ekki bótarétt á hendur félaginu. Stefndi hafi skýrt og ótvírætt undanþegið sig bótaábyrgð á tjónum, þegar þannig standi á. Þessi undanþága ábyrgðar sé bæði eðlileg og nauðsynleg.

Það sé nægilega leitt í ljós, að stefnandi hafi verið ölvaður umrætt sinn. Í því efni sé fyrst til að nefna vitnisburð lögregluþjónsins Guðmundar Þ. Sigurðssonar, en hann hafi fundið sterkan

áfengisþef úr vitum stefnanda. Í öðru lagi komi hér til niðurstaða alkóhólrannsóknar á blóðsýni úr stefnanda. Því fari fjarri, að niðurstaða rannsóknarinnar um 0.37‰ alkóhól í blóðinu taki ein út af fyrir sig af skarið í því efni. Að sjálfsögðu komi jafnframt til álita, hver tími leið frá slysinu til þess, er rannsóknin átti sér stað. Þar sé um 6 klukkustundir að ræða. Læknaráð hafi látið uppi í dómsmáli álit á sams konar álitaefni. Þar komi fram, að ætla megi, að slíkur dráttur valdi því, að alkóhólmagn í blóði mælist lægra en orðið hefði þegar eftir slys. Almennt megi telja, að eftir alkóhólneyslu brenni líkaminn að jafnaði 0.1 g af alkóhóli/kg/klst. En það mundi svara til 0.15‰ lækkunar á alkóhólmagni í blóði á klukkustund. Samkvæmt því megi ætla, að alkóhólmagn í blóði stefnanda hafi verið um 90‰ meira, er slysið varð um klukkan 12 á hádegi en klukkan 6 síðdegis, er blóðprufa var tekin, þ. e. a. s. 1.27‰ alkóhólmagn. Samkvæmt 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga teljist ökumaður óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki, nemi vínandamagn í blóði hans meira en 1.20‰.

Stefnandi hafi viðurkennt að hafa neytt áfengis frá því um klukkan 11 kvöldið fyrir slysið og fram til klukkan 2 um nóttina. Hafi hann drukkið sem svarar tæplega einum pela af áfengi. Hins vegar hafi hann ekki neytt áfengis morguninn eftir og eigi fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann hafi verið einn að áfengisneyslu um nóttina, farið að sofa klukkan 4—5 um nóttina, en vaknað um klukkan 9 um morguninn. Þessi frásögn stefnanda sé ein út af fyrir sig ærið sönnunargagn gegn stefnanda. Sé miðað við upplýsingar stefnanda um áfengismagn það, sem hann drakk, svo og svefntíma hans á eftir áfengisneyslunni, sem fastlega megi gera ráð fyrir, að eigi séu orðum auknari en efni stóðu til, þá liggi það í augum uppi, að mjög hljóti að bresta á færni þess bifreiðarstjóra, sem drukkið hafi áþekkt magn af áfengi og sofið á eftir í 4 klukkustundir. Hann hljóti að vera allsendis ófær til aksturs bifreiðar miðað við, að aksturinn eigi að geta orðið sæmilega öruggur.

Hér beri og að líta til þess, að öll aksturskilyrði voru eins góð og best varð á kosið. Veður hafi verið ágætt og skyggni svo og færi og vegurinn beinn og breiður. Ekkert hafi truflað eða torvaldað akstur stefnanda og engin umferð nálæg. Skýring á hrakföllum stefnanda verði vandfundin, þegar sleppi ástandi hans sjálfs við aksturinn. Stefnandi hafi og enga aðra skýringu getað gefið. Sú skýring, sem lögmaður hans hreyfi, að bilun hafi orðið í stjórntækjum bifreiðarinnar, sé fyrst fram komin eftir höfðun málsins. Sé

henni algerlega vísað á bug. Í sambandi við hana megi benda á, að bifreið stefnanda hafi verið nýleg og ekkert fram komið, er bendi til þess, að hún hafi ekki verið í fullkomnu lagi. Stefnandi hafi og enga tilraun gert til að færa rök að þessari fullyrðingu.

Til vara er því haldið fram af hálfu stefnda, að akstur stefnanda hljóti að teljast hafa verið stórkostlega gálauslegur og að hann hafi fyrir þá sök fyrirgert bótarétti sínum samkvæmt e lið 9. gr. vátryggingarskilmálanna. Í öllu falli hafi hann með vísun til þess ákvæðis fyrirgert rétti til óskertra bóta.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stefndi hafi tekið bifreið stefnanda í vörslur sínar þegar eftir slysið, og sé bifreiðin enn í vörslum stefnanda. Umboðsmaður stefnda á Patreksfirði, sem sé persónulega kunnugur stefnanda og hans fólki, hafi sem slíkur gert stefnanda þann greiða að ná bifreiðinni af tjónstað og koma henni í geymslu. Þetta hafi hann ekki gert sem starfsmaður stefnda. Hafi og stefnda ekki verið reiknaður kostnaður við björgun bifreiðarinnar.

Við athugun, sem fram hafi farið á stjórntækjum bifreiðarinnar, hafi ekkert verið, sem benti til bilunar í stjórntækjum bifreiðarinnar.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að verðmat stefnanda á bifreiðinni sé of hátt, og er mótmælt hærra verði á bifreiðinni en kr. 170.000—180.000, sem sé markaðsverð slíkra bifreiða. En samkvæmt dskj. nr. 8 eigi að leggja markaðsverð til grundvallar.

Samkvæmt lögregluskýrslu varð slysið í sólskini um bjartan dag á sléttum, malbornum, föstum, þurrum vegi. Stefnandi segist sjálfur hafa ekið á um 50 km hraða, og er þessi framburður hans studdur framburði vitna. Stefnandi hefur borið, að hann hafi ekki verið að mæta bifreið, þegar þetta gerðist, og sagðist ekki vita til þess, að nokkur umferð hafi verið á þjóðveginum í næsta nágrenni.

Samkvæmt ljósmyndum á dskj. nr. 11 hafa akursskilyrði þarna verið góð.

Í málinu er ekkert fram komið, er styðji fullyrðingar stefnanda um bilun í stjórntækjum bifreiðarinnar. Guðmundur Þorleifsson Sigurðsson lögregluþjónn bar, að þeir lögregluþjónarnir hafi athugað stýrisbúnað og fóthemla bifreiðarinnar og hvort tveggja reynst vera í lagi. Af hálfu stefnanda hefur ekki verið hlutast til um, að frekari rannsókn færi fram á þessu atriði.

Í lögregluskýrslu segir, að tilkynnt hafi verið um slys þetta klukkan 1210 hinn 14. júní 1971, en slysið hafi orðið skömmu

áður. Blóðsýni var tekið úr stefnanda á Borgarspítalanum í Reykjavík klukkan 1800 sama dag, en í því fundust „reducerandi" efni samsvarandi 0.37‰ af alkóhóli. Þegar þetta er virt og það álit Læknaráðs, að eftir alkóhólneyslu brenni líkaminn að jafnaði 0.1 g af alkóhóli/kg/klst., sem mundi svara til 0.15‰ lækkunar á alkóhólmagni (koncentration) í blóði á klukkustund, þykir fram komið, að stefnandi hafi, þá er slysið varð, haft meira áfengismagn í blóði en 0.5‰, enda þótt tekið sé tillit til þeirrar skekkju, sem ætíð verður að reikna með við slíkar mælingar.

Undir rekstri málsins hefur ekki komið fram, að stefnanda hafi verið gefin nein þau lyf, sem gætu hafa haft áhrif á niðurstöðu alkóhólmælingar.

3. mgr. 25. gr. laga nr. 40/1968 telur mann, sem hefur þetta áfengismagn í blóði sínu, ekki geta stjórnað ökutæki örugglega, og 2. mgr. þessarar sömu greinar bannar slíkum manni að aka bifreið. Í tryggingarskírteini því, sem stefnandi fékk hjá stefnda, segir í g lið 9. gr., að skemmdir, sem verða, þegar ökumaður er ölvaður, undir áhrifum örvunar- eða deyfilyfja eða illa fyrirkallaður á annan hátt, séu undanskildar ábyrgð. Í þessari grein tryggingarskilmálanna er vísað til 24. og 25. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 1958. Þessar tilvitnuðu lagagreinar eru samhljóða 24. og 25. gr. laga nr. 40 frá 1968.

Í 20. gr. laga nr. 20 frá 1954 um vátryggingarsamninga segir: „Eigi verður, svo gilt sé, samið svo um, að félagið skuli laust úr ábyrgð, er því, að vátryggingaratburðurinn gerðist, hefur verið valdið af vangá, er ekki verður talin stórkostleg. Ákvæði þetta er því þó eigi til fyrirstöðu, að samið sé um það, bæði að félagið skuli leyst úr ábyrgð, er vátryggður hefur valdið vátryggingaratburðinum í ölæði, er honum verður sjálfum gefin sök á, og að félagið megi draga allt að 5% frá bótunum, er vátryggingaratburðurinn stafar frá vangá, sem eigi verður talin stórkostleg". Lögin nr. 20 frá 1954 eru árangur af norrænni samvinnu um löggjöf á þessu sviði. Í Danmörku gilda um þessi efni lög nr. 129 frá 1930. Í 20. gr. þeirra laga er svohljóðandi ákvæði: „Denne bestemmelse er ikke til hinder for, at det aftales, dels at selskabet skal være fri for ansvar for forsikringsbegivenheder, som den sikrede har forårsaget under selvforskyldt beruselse . . .". Í Noregi er samsvarandi ákvæði í 20. gr. laga nr. 20 frá 1930, en það hljóðar svo: „. . . Denne bestemmelse er ikke til hinder for at det i avtalen betinges at selskabet skal være uten ansvar for forsikringstilfelle den sikrede har voldt på grunn af selvforskyldt beruselse".

Eðlilegt þykir að túlka ákvæði 20. gr. laga nr. 20 frá 1954 á þann veg, að tryggingarfélögum sé heimilt að semja um, að tryggingarfélög skuli laus úr ábyrgð, er það, að vátryggingaratburðurinn skeður, verður rakið til ölvunar vátryggða, a. m. k. þá er um tryggingar á bifreiðum í akstri er að ræða, og styðst sá skilningur við 35. gr. sömu laga, sbr. 24. og 25. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 1968.

Í máli þessu er ekkert fram komið um aðrar orsakir slyss stefnanda en ástand stefnanda, en eins og rakið hefur verið, hefur stefnandi viðurkennt að hafa drukkið áfengi nóttina fyrir slysið og jafnframt að hann hafi farið að sofa klukkan 4—5 um nóttina og á fætur um klukkan 9.

Það, að saksóknari ríkisins féll frá refsikröfu á hendur stefnanda vegna slyss þessa, hefur ekki áhrif á niðurstöðu máls þessa.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þá var stefnda rétt að synja um greiðslu húftryggingar bifreiðarinnar B 107 samkvæmt g lið 9. gr. tryggingarskírteinisins.

Það er upplýst í málinu, að umboðsmaður stefnda hafi látið taka bifreiðina af slysstað og greitt flutningskostnað bifreiðarinnar. Bifreiðinni var síðan komið í geymslu á Patreksfirði. Það, að umboðsmaður stefnda lét flytja bifreiðina af slysstað og kostaði flutning hennar, þykir þó ekki eiga að hafa áhrif á bótaskyldu stefnda, þar sem hann hafði samið sig undan bótaskyldu á tilvikum sem slíkum, sem mál þetta er af risið.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Þorvaldi Veigar Guðmundssyni lækni og Birgi Þormar lögfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar g/t, skal sýkn af kröfum stefnanda, Stefáns Ólafssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 8. október 1975.

Nr. 140/1975. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurgeir Einari Karlssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Andrés Valdimarsson, sýslumaður í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. september 1975 í því skyni, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Gögn máls bárust Hæstarétti 2. október s. á., og greinargerð af hálfu varnaraðilja er dagsett 7. október s. á.

Varnaraðili, sem fæddur er 11. nóvember 1956, er sakaður um að hafa orðið Rafni Svavarssyni að bana í Ólafsvík aðfaranótt 14. maí 1975. Hófst rannsókn í máli varnaraðilja þegar hinn 14. maí s. á. Varnaraðili var þann dag úrskurðaður í gæsluvarðhald í sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu allt að 60 dögum. Hinn 14. júlí s. á. var úrskurðað í sama dómi, að varnaraðili skyldi sæta allt að 45 daga gæsluvarðhaldi frá 13. júlí 1975 að telja. Hinn 27. ágúst s. á. var úrskurðað í sama dómi, að gæsluvarðhaldsvist varnaraðilja skyldi framlengd allt að 30 dögum. Með hinum kærða úrskurði, er gekk 25. september sl., er varnaraðilja úrskurðuð gæsluvarðhaldsvist allt að 90 dögum. Rannsóknargögn bera með sér, að rannsókn máls þessa er eigi lokið. Með vísun til 1. og 4. töluliðs 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Í hinum kærða úrskurði er sakarefni eigi greint, andstætt því, sem boðið er í 164. gr. laga nr. 74/1974. Er það aðfinnsluvert.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 25. september 1975.

Fyrir liggur umfangsmikil dómsrannsóknarkrafa samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dags. 13. ágúst sl., sbr. dómsskjal nr. 21. Rannsókn þessi er ekki hafin enn, en gæsluvarðhaldsvist kærða rennur út á morgun, og þykir því nauðsyn bera til að framlengja gæsluvarðhaldsúrskurð, uppkveðinn 27. ágúst 1975.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, svo og eðli þess brots, sem kærði er sakaður um, þykir rétt með vísan til 1. og 4. töluliðs 1. mgr. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála að framlengja gæsluvarðhaldsvist kærða um 90 daga frá og með 27. september 1975 að telja.

Því úrskurðast:

Kærði, Sigurgeir Einar Karlsson, sæti gæsluvarðhaldi allt að 90 dögum frá 27. september 1975 að telja.

Miðvikudaginn 8. október 1975.

Nr. 141/1975. **Carl J. Eiríksson**

gegn

Emil Ágústssyni borgardómara.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. september 1975, sem barst réttinum 3. þ. m. Krefst hann þess, að frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 26. ágúst 1975, verði úr gildi felldur.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst 10.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Carl J. Eiríksson, greiði varnaraðilja, Emil Ágústssyni, kærumálskostnað, 10.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. ágúst 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 16. f. m., hefur Carl J. Eiríksson, Rauðalæk 3, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 17. janúar 1975, á hendur Emil Ágústssyni borgardómara, Reynimel 62, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru óbreyttar frá stefnu, en þar segir svo: „Fyrir dómi geri ég eftirfarandi kröfur um aðfinningar á hendur Emil:

1) Að leiðrétt verði öll þau tilvik í dómi borgardóms 4. júní 1974 í málinu nr. 2/1971, þar sem rangt er farið með staðreyndir, sbr. aths. mínar til borgardóms, skriflega, dags. 26/9 '74 og 17/10 '74.

2) Að leiðrétt verði öll þau tilvik í sama dómi, þar sem orðalagið er óljóst eða tvírætt, með því að nota í staðinn ótvírætt orðalag.

3) Að leiðrétt verði öll hlutdrægni Emils í dómnum, sem kemur fram á nokkrum stöðum í dómnum, sbr. áðurnefndar aths. mínar til borgardóms.

Framangreindar kröfur um aðfinningar eru settar fram í samræmi við 195. gr. laga nr. 85/1936 og 38. gr. laga nr. 75/1973.

4) Ennfremur fer ég fram á að mér verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Til vara geri ég sömu kröfur og hér að framan greinir, að undanskildum tölulið nr. 3)".

Stefndi gerir þær dómkröfur, að málinu verði vísað frá dómi

og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Í fylgiskjali með greinargerð sinni, sem lagt var fram sem dskj. nr. 3, segir stefnandi m. a.:

„Þær helztu ritvillur og þær helztu skekkjur, sem ég krefst að leiðréttar séu, eru þær sem nú skal greina:

1) Á bls. 291 í endurriti dómsins segir svo: „3. að félagið sjái um, að hlíft sé eftir því sem unnt er af gróðri þeim sem nú er á lóðinni". Hér á réttilega að standa „hlynnt" „að" í stað „hlíft af".

2) Á bls. 302: Í línu 19 á að standa „áramót 1973—1974" í stað áramót 1973".

3) Á bls. 292 er smávilla í línu 24: les „leit" í stað „leið".

4) Á bls. 303, línur 8 og 9, eiga að vera svohljóðandi: „Engu framanraktra bréfa hefur verið mótmælt" (eða annað orðalag sömu merkingar). Ég hef borið þetta atriði undir úrskurð íslenzkusérfræðings og kennara, og hann hefur aftur leitað álits nokkurra annarra íslenzkumanna, og það er álit sérfræðingsins, að línur 8 og 9 í dómnum séu ekki nægilega skýrar til að ekki sé unnt að misskilja þær.

5) Á bls. 303, línur 11 og 12, eiga að vera svohljóðandi: „að hin þinglýstu skilyrði gjafabréfsins frá 11. apríl 1949 fyrir gjöfinni hafi ekki öll verið haldin". (Orðalagið: „Öllum hefur ekki verið mótmælt" er setningafræðilega hliðstætt við: „Öll hafa ekki verið haldin". Þó á dómarinn við það, í fyrra tilvikinu, að alls engu þeirra hafi verið mótmælt, en í síðara tilvikinu á hann aftur á móti við það, að ekki hafi öll skilyrðin verið haldin, heldur aðeins sum þeirra. Þannig notar dómarinn samskonar orðalag til að tákna tvö ólík hugtök).

6) Á bls. 303, lína 23, á að vera þannig: „... þessa þá hafi stefndi svo verulega brotið sum ..." o. s. frv.

7) Á bls. 304 sleppir dómarinn að taka fram, að ég tók það skýrt fram í málinu, að lóðin var skert 1967 eða síðar langt umfram það sem neinar skipulagsbreytingar kröfðust, sbr. ljósmynd á dskj. 24 o. fl., og að ekkert land kom í staðinn fyrir mest af þeirri skerðingu. Þó setur dómarinn hið gagnstæða (sem er ósatt) fram í línum 24—27 á bls. 305, án athugasemda. Með þessu dregur dómarinn stórlega taum stefnds, og gerir þar með á hluta minn.

8) Á bls. 304 á lína 26 að vera svona: „við skerðingu þess. Af öllu þessu sé því ljóst, að sum ..." o. s. frv.

9) Á bls. 305 ofarlega sleppir dómarinn að taka fram, að ég margítrekaði í málinu, að ekki væri tómlæti að höfða mál með

stefnu 1970, þar sem ég vissi ekkert um sumar af vanefndunum við hina stærstu skerðingu á landinu (10.000 m² skerðingu) 1967 eða síðar, fyrr en 1970. Engum gat heldur verið ljóst fyrr en 1968 eða einu ári eftir skerðinguna, að ekki yrði sett nein girðing „innan eins árs", eins og var skilyrði fyrir gjöfinni. Frá 1968 og til sumars 1970, er ég kvartaði við Sumargjöf, væri of stuttur tími til að ég tapaði neinum rétti vegna „aðgerðarleysis", einkum þegar um fasteign væri að ræða. Það er sérstaklega gert á minn hlut, af hálfu dómarans, að sleppa framangreindum athugasemdum mínum, sem koma öll fram í málinu, einkum er það órétt-mætt gagnvart mér að sleppa þessu í dómnum, þar sem dómarinn dæmdi mér tap í málinu eingöngu vegna „aðgerðarleysis" og „langs tíma", og miðar þá við liðinn tíma frá 1949 eða 1950. Dómarinn hafði þó lofað mér því hátíðlega, áður en dómur var kveðinn upp, að ég þyrfti engar áhyggjur að hafa af því að ekki kæmu öll mín sjónarmið fram í málinu, því að þau kæmu öll greinilega fram í dómnum.

10) Á bls. 305 er smávilla í línu 12, þar á að standa „séð" í stað „sé".

11) Á bls. 305 minnist dómarinn athugasemdalaust á „óskir fyrrverandi eigenda", í línu 14. Dómarinn nefnir hvergi, að ég tók það sérstaklega fram í málinu, að þetta væru skilyrði en ekki „óskir".

12) Á bls. 305 sleppir dómarinn ennfremur því, að ég tók skýrt fram í málinu, að ef Sumargjöf teldi sig ekki geta kennt 3—6 ára börnum trjárækt og matjurtarækt, þá hefði átt að hafa þar eldri börn, því að gefendur settu engin aldursmörk. Ég tel það gert á minn hlut að minnast ekkert á þetta í dómnum, en láta þess í stað líta svo út sem ekki mættu vera eldri börn en 6 ára í Steina-hlíð. Sjá línur 20 og 21, bls. 305.

13) Á bls. 306 segir í línum 27—28: „Dómarinn hefur kannað vettvang, fyrst í maí 1973 og síðan aftur eftir dómtöku málsins". Þetta er rangt. Dómarinn, sem leiðbeindi mér í málinu, og sem bar lagaskylda til þess, tjáði mér, að óþarfi væri að kveðja fyrir dóminn vitni til að lýsa ástandi gömlu girðingarinnar, sem var um lóðina 1970—1972, vegna þess, að hann sjálfur (dómarinn) hefði kynnt sér ástand gömlu girðingarinnar veturinn 1971—1972 og hann hefði séð hvernig girðinguna vantaði alveg á köflum og hvernig hún lá alveg niðri á jörðinni (hallaðist ekki) á köflum, og að þetta myndi koma fram í dómnum. Vitni væru því óþörf. Dómarinn skoðaði þannig girðinguna veturinn 1971—72. Það er

því rangt að dómarinn hafi fyrst kannað vettvang í maí 1973. Í maí 1973 var búið að fjarlægja algerlega gömlu girðinguna og nýja girðingin komin upp að öllu leyti nema því, að klæðningu vantaði á langböndin á smáköflum. Aðeins var smáop fyrir innkeyrslu við norðurhornið. Í maí 1973 fór dómarinn í Steinahlíð ásamt mér og lögmanni Sumargjafar, til að yfirheyra forstöðukonuna, en er því var lokið, þá gengum við út. Ég bað dómarann að ganga um landið og skoða það með mér, því að ég vildi sýna honum viss verksummerki, en hann afþakkaði það og ók burt. Ég ítreka það, að í maí 1973 var fyrir löngu búið að fjarlægja alla gömlu girðinguna, sbr. yfirlýsingu garðyrkjustjóra Reykjavíkurborgar á dskj. nr. 25, sjá bls. 302 í endurriti dómsins. Þar sést, að 7. apríl 1973 varð vinnustöðvun vegna efnisskorts, en það eina, sem vantaði, var klæðning á smákafla. Gamla girðingin var horfin fyrir 7. apríl 1973.

14) Á bls. 307, í línum 4—7, kemur enn gleggra í ljós, að dómarinn vill ekki láta það koma fram, sem ég tók fram, að börnin í Steinahlíð hefðu átt að vera eldri en 6 ára, sbr. lið 12) hér ofar.

15) Á bls. 307, í línum 9—16, lýsir dómarinn því sem fyrir augun bar í Steinahlíð mörgum árum eftir málshöfðun mína, þegar Sumargjöf er að reyna að slá ryki í augu dómarans með því að breyta aðstæðum. Þetta gerðist þegar dómarinn fór í Steinahlíð, en hafði tilkynnt Sumargjöf komu sína fyrirfram, með símtali. Dómarinn sleppir að segja frá þeim afar mikilvæga hlut, sem ég benti sérstaklega á í málinu, að með framburði forstöðukonunnar var sannað, að börnin dvöldust ekkert að ráði utan hins sérafgirta, gróðurlausa malarleikvallar við Gnoðavog, því að forstöðukonan hélt því fram við yfirheyrslu hjá dómaranum, að óþarfi væri að hafa girðingu um gróðurlandið, við hliðið, vegna þess, að girðing væri í staðinn við Gnoðavog (um malarleikvöllinn). En á gróðurlausum malarvelli læra börnin ekki neina trjárækt né matjurtarækt.

16) Á bls. 307, í línum 24—25, segir dómarinn, að gamla girðingin hafi víða verið „léleg". Eins og sést á lið 13) hér að framan, treysti ég því, að dómarinn gæfi þá lýsingu á girðingunni í dómnum, sem hann hafði lofað mér, er hann sagði að óþarfi væri að kalla vitni fyrir réttinn til að lýsa girðingunni og ástandi landsins 1971—1972, sem þá var nærri óbreytt frá 1970. Það er alls ekki rétt að girðingin hafi aðeins verið „léleg". Hún var miklu verri en það.

17) Á bls. 307 neðst og á bls. 308 efst er lýsing á því sem gerðist

mörgum árum eftir að málið er höfðað. Óþarft ætti að vera að reyna að fegra málstað Sumargjafar með því að tína til hluti, sem gerðir eru eftir málshöfðun, einungis af ótta Sumargjafar við að missa ⅓ hluta í eigninni. Slíkt á auðvitað ekki að hafa nein áhrif á málið, þetta var gert allt of seint og var auk þess alls ófullnægjandi og hefði alls ekki átt að eyða orðum að því í dómnum".

Nánari útlistun stefnanda í greinargerð hans er á þessa leið: „Atriði nr. 2, 4, 5, 6 og 8 í dskj. nr. 3 þarfnast ekki nánari skýringa.

Um atriði nr. 7 vil ég útskýra nánar, að það er krafa mín að felld verði niður úr dómnum þau ósannindi á bls. 305, að lóðin hafi „ekki verið skert umfram það, sem allra brýnasta tilfæring vegna skipulagsbreytinga hefur krafist og þá annað land verið látið í té endurgjaldslaust í staðinn" (sbr. norðurhorn lóðarinnar, sem var tekið að þarflausu, og aftur sett innan girðingar 1972—73, sbr. dóminn, bls. 308 efst). Einnig krefst ég þess að sagt verði frá því í dómnum, að ég tók fram í málinu, sem var skriflega flutt, sjá hdskj. nr. 8, að lóðin var skert 1967 eða síðar langt umfram það, sem neinar skipulagsbreytingar kröfðust, sbr. ljósmynd á dskj. nr. 24 í málinu nr. 2/1971 o. fl., og að ekkert land kom í staðinn fyrir mest af þeirri skerðingu (fyrr en 1972).

Um atriði nr. 9 í hdskj. nr. 3 krefst ég þess, að sagt verði frá því í dómnum, sem í atriði 9 segir, að dómarinn sleppi að segja frá, varðandi það sem ég tók fram ítrekað, í skriflegum málflutningi, um að ekki væri um aðgerðarleysi né tómlæti að ræða af minni hálfu. Þetta rökstuddi ég mjög rækilega í málflutningi, sjá hdskj. nr. 8.

Um atriði nr. 11 í hdskj. nr. 3 krefst ég þess, að í dómnum verði skilyrðin nefnd skilyrði, en hvergi óskir. Í stað orðanna: „virtar hafi verið óskir" (á bls. 305 í dómnum) komi orðin: „haldin hafi verið skilyrði" o. s. frv.

Um atriði nr. 12 í hdskj. nr. 3 krefst ég þess, að sagt verði frá því í dómnum, sem í atriði 12 segir að dómarinn sleppi. Sjá hdskj. nr. 8.

Um atriði nr. 13 í hdskj. nr. 3 krefst ég þess, að í stað orðanna: „Dómarinn hefur kannað vettvang fyrst í maí 1973 ..." komi orðin: „Dómarinn hefur skoðað gömlu girðinguna veturinn 1971—1972 og síðan kannað vettvang í maí 1973 og aftur eftir dómtöku málsins".

Um atriði nr. 14 í hdskj. nr. 3 vísast til atriðis nr. 12 og þess sem um það segir hér að framan.

Um atriði nr. 15 í hdskj. nr. 3 krefst ég þess, að sagt verði frá því í dómnum, sem í atriði 15 segir að sleppt sé. Sjá hdskj. nr. 8. Einnig krefst ég þess, að sagt verði frá því, að dómarinn tilkynnti Sumargjöf komu sína í maí 1973 fyrirfram, með símtali.

Um atriði nr. 16 í hdskj. nr. 3 vísa ég til yfirlýsingar Hafliða Jónssonar, garðyrkjustjóra Reykjavíkurborgar, dags. 14. nóv. 1974, og krefst þess að dómarinn lýsi nánar því, sem hann sá, er hann skoðaði girðinguna veturinn 1971—1972.

Um atriði nr. 17 í hdskj. nr. 3 krefst ég þess, að sleppt verði úr dómnum öllum fögrum lýsingum á aðstæðum í Steinahlíð eftir að málið nr. 2/1971 var höfðað, t. d. krefst ég þess, að á bls. 307 í dómnum verði felldar niður setningarnar: „Af vettvangsskoðunum varð ... sé blómleg" og „Á hinn bóginn aftur á móti er ljóst ... aftur sett innan girðingar". Varðandi þessa seinni setningu krefst ég þess til vara, að felld verði niður orðin: „Á hinn bóginn aftur á móti", þar sem þessi orð gefa í skyn að það sé einhver málsbót fyrir Sumargjöf að fegra aðstæður í Steinahlíð löngu eftir að ég höfðaði málið.

Ég vil sérstaklega taka fram, að í dómsgerðum málsins nr. 2/1971 segir þ. 11/2 1974, að dómarinn hafi kynnt sér ástand girðingar og lóðar árið 1971. Þetta er undirritað athugasemdalaust af Emil Ágústssyni, og er því viðurkenning hans á því, að það var ekki í maí 1973, sem hann fór í fyrsta sinn á vettvang, eða skoðaði girðinguna í fyrsta sinn. Gamla girðingin var horfin í maí 1973. Í hdskj. nr. 6 segir, að gamla girðingin hafi verið tekin niður jöfnum höndum og sú nýja var sett upp. En á bls. 302 í dómnum segir í yfirlýsingu Hafliða, að girðingarvinnan hafi stöðvast vegna efnisskorts frá 7/4 '73 til 7/10 '73. Það, sem þá vantaði, var aðeins klæðning á smákafla girðingarinnar og örstuttur kafli, þar sem engin gömul girðing var fyrir, enda sést hvergi gamla girðingin á neinni hinna 6 ljósmynda á hdskj. nr. 7, en þær myndir eru allar teknar þ. 19/9 '73, þ. e. á meðan ekkert var unnið við girðingar í Steinahlíð skv. upplýsingum Hafliða og hans starfsmanna. Hinar 6 ljósmyndir sýna því nákvæmlega það sama um girðingar eins og var í maí 1973".

Forsaga máls þess, sem hér er til úrlausnar, er sú, að hinn 23. desember 1970 höfðaði stefnandi máls þessa mál á hendur Barnavinafélaginu Sumargjöf í Reykjavík og hafði uppi dómkröfur „til staðfestingar á eignarrétti sínum á ⅓ hluta í eigninni Steinahlíð við Suðurlandsbraut (Kleppsmýrarblettur XVI, erfðafestuland)".

Stefndi í málinu, Barnavinafélagið Sumargjöf, krafðist algerrar

sýknu af dómkröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans.

Dómari í málinu var Emil Ágústsson borgardómari, stefndi í máli þessu. Kvað hann upp dóm hinn 4. júní 1974.

Í dóminum segir svo, eftir að málshöfðun og kröfugerð hefur verið lýst:

„Málsatvik eru þau, að með gjafabréfi, dags. 11. apríl 1949, gáfu einkaerfingjar í dánarbúi Halldórs Eiríkssonar stórkaupmanns, þau Inge Johnson, Elsa E. Guðjónsson og stefnandi, Carl J. Eiríksson, í minningu foreldra sinna og eftir ósk föður þeirra stefnda í máli þessu eign þeirra Steinahlíð við Suðurlandsbraut. Þau skilyrði voru sett fyrir gjöfinni í bréfinu:

„1. að Barnavinafélagið Sumargjöf skuldbindi sig til að eignin sé starfrækt eingöngu sem barnaheimili, þar sem sérstök áherzla sé lögð á að kenna börnunum trjárækt og matjurtarækt.

2. að félagið tryggi samþykki bæjarstjórnar fyrir því, að land það, sem fylgir eigninni, sé ekki skert og að ekki verði lagðir vegir um það né lóðum úthlutað af því, eftir að breyting hefur verið gerð á því nú með því að skera sneið af norðausturhorni þess, en leggja aðra sneið að vestan og norðan til landsins í staðinn. Landið verði umgirt þannig og lagað innan árs.

3. að félagið sjái um, að hlíft sé eftir því sem unnt er af gróðri þeim, sem nú er á lóðinni.

4. að eignin haldi núverandi nafni sínu STEINAHLÍÐ".

Gjafabréfið undirrita Lárus Jóhannesson f. h. Inge Johnson, Elsa E. Guðjónsson og stefnandinn, Carl J. Eiríksson, en undir hans nafnritun undirritar Lárus Jóhannesson samþykki sem fjárráðamaður að áskildu samþykki Stjórnarráðs. Á gjafabréfið er áritað samþykki Barnavinafélagsins Sumargjafar um að taka við gjöfinni með framanrituðum skilmálum, og er það undirritað sama dag. Þá er og á gjafabréfinu svofelld áritun: „Á fundi bæjarstjórnar Reykjavíkur 7. apríl var gerð svofelld samþykkt:

„Bæjarstjórnin samþykkir að gefa Barnavinafélaginu Sumargjöf fyrirheit um að starfrækja megi um ókomin ár barnaheimili á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. XVI (Steinahlíð), þar sem skilyrði geti verið til að kenna börnunum trjárækt og matjurtarækt.

Heitir bæjarstjórnin því að skerða ekki landið meira en leiðir af breikkun Suðurlandsbrautar (lagningu Gnoðarvogs) og lagningu fyrirhugaðs Elliðaárvogs um austurhluta landsins.

Í stað lóða-skáka, sem þannig verða sneiddar af landinu, mun

bæjarstjórnin gefa félaginu kost á viðbótarlandi norðvestan við Steinahlíðarlandið, ca. 1.4 ha að flatarmáli“.“

Áritunin er undirrituð f. h. borgarstjórans í Reykjavík 27. maí 1949.

Gjafabréfinu er þannig þinglýst þann 31. maí 1949.

Telur stefnandi, að hið stefnda félag hafi svo verulega vanrækt að uppfylla skilyrði gjafarinnar samkvæmt gjafabréfinu, að forsendur fyrir gjöfinni séu brostnar. Að því er sig varðar, eigi gjöfin því að ganga til baka, þ. e. hans hluti, eða ⅓ samkvæmt framansögðu.

Til frekari skýringar málssókninni verða nú raktir vitnaframburðir, að svo miklu leyti sem máli skiptir, og skjöl rakin með sama hætti, sem fram hafa verið lögð í málinu.

Vitnið Lárus Jóhannesson, fyrrverandi hæstaréttardómari, skýrði svo frá fyrir dómi, að eftir að hann fékk vitneskju um hér umrædd málaferli, eða nokkru áður, hafi hann farið að leita í gögnum sínum varðandi stefnanda til þess að leita upplýsinga um, hvort samþykki Stjórnarráðs lægi fyrir varðandi gjöfina. Kvaðst vitnið við þá leit ekki hafa fundið neitt það varðandi, hvorki bréf frá sér til Stjórnarráðsins né heldur bréf frá Stjórnarráðinu. Taldi vitnið mestar líkur vera til þess, að hann hafi aldrei skrifað Stjórnarráðinu beiðni um staðfestingu. Tók vitnið fram, er hann fór að hugsa mál þetta betur, að hann telji vel hafa kunnað að vera, að Sumargjöf hafi átt að sjá sjálf um að fá samþykki Stjórnarráðsins, þannig að það hafi ekki verið starf sitt að afla smþykkisins. Vitnið kveðst telja sig muna það rétt, að hann hafi eitthvað verið búinn að ræða við Stjórnarráðið, og þá líklegast við Gústav A. Jónasson, þáverandi ránuneytisstjóra, um þessi atriði, áður en gengið var frá gjafabréfinu, en þar sem svo langt sé um liðið, þá kvaðst vitnið ekki vilja neitt um þetta fullyrða. Vitnið kvaðst hafa litið svo á, er hann gekk frá gjafabréfinu, að með gjöfinni væri verið að uppfylla óskir foreldra gefenda, þeirra Halldórs Eiríkssonar og Elly Schepler Eiríksson.

Í málinu liggur fyrir vottorð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 15. desember 1970, svar við fyrirspurn stefnanda um það, hvort samþykkis ráðuneytisins hefði verið aflað, er eignin Steinahlíð við Suðurlandsbraut á sínum tíma var gefin Barnavinafélaginu Sumargjöf, er tekið fram, að athugun á skjölum ráðuneytisins frá því tímabili, sem hér um ræðir, hafi ekki leitt í ljós, að samþykkis ráðuneytisins hafi verið aflað.

Vitnið Ida Ingólfsdóttir kvaðst hafa byrjað sem forstöðukona

barnaheimilisins í Steinahlíð haustið 1949 og verið stanslaust síðan. Hún kvað í upphafi hafa verið byrjað með börn frá aldrinum eins og hálfs árs til sex ára og hafi þau dvalið á heimilinu allan daginn frá klukkan 0730 til 1800, en nú sé opið til klukkan 1830. Sú breyting hafi á orðið síðustu þrjú til fjögur árin, að yngstu börnin séu þriggja ára. Spurningu stefnanda um það, hvort sérstök áhersla hafi verið lögð á að kenna börnunum trjárækt og matjurtarækt, á meðan þau störfuðu í Steinahlíð, svaraði vitnið: „Það fer eftir því, hvað kallað er að kenna. Við erum ekki með sérstök námskeið fyrir börnin, en ef þau fylgjast með því, sem er að gerast, læra þau af því. Ég mundi segja, að börnunum væri kennd matjurtarækt. Það er unglingavinna hér á sumrin, frá því í júní fyrir börn á aldrinum 13 til 14 ára. Börnin hreinsa lóðina, stinga upp garðana og setja niður kartöflur og grænmeti. Þessi unglingavinna er á vegum borgarinnar, þ. e. undir leiðsögn sérstaks kennara. Börnin setja niður sumarblóm, og farið er með börnin út í náttúruna til að tína blóm, sem sett eru niður við húsið hérna, það er í hraunbrekku. Dvalarbörnin fylgjast með þessari unglingavinnu og taka þátt í starfinu". Ida kvaðst ekki vita betur en að slíkt hafi farið fram á hverju ári og sé það „Vinnuskólinn", sem auglýsi námskeiðin. Spurningu stefnanda um það, hvað gert hafi verið við öll blómin og trén, sem árið 1949 hafi verið á svæðinu milli íbúðarhússins og bílskúrsins, þar sem nú sé bílastæði, svaraði vitnið á þá leið, að hún hafi ekki komið til starfa í Steinahlíð, fyrr en búið hafi verið að byggja viðbyggingu, og þá hafi beðið ugglaust verið í veginum og trén verið flutt og sett annars staðar á lóðina. Frekar kvaðst hún ekki geta sagt um gróður á svæði þessu. Ida kvaðst telja, að það hafi ekki verið neinar plöntur utan við gömlu girðinguna um landið, en eitthvað af plöntum séu utan girðingarinnar, síðan nýja girðingin hafi verið sett upp veturinn 1972—73. Um það, hvað verði um þann gróður, sem þannig lenti utan hinnar nýju girðingar, kvað hún verða að telja mjög óljóst, þar sem girðingin sé svo ný til komin. Hún kvaðst ekki vita til þess, að neinum plöntum hafi verið hent. Það sé búið að planta hundruðum eða þúsundum nýrra plantna í landinu, síðan hún hafi komið, en hins vegar hafi auðvitað gömlum og ónýtum plöntum verið hent. Spurningu stefnanda um það, hvort girðing um land Steinahlíðar hafi ekki legið á hliðinni á margra metra löngum og mörgum köflum á árunum 1970—1972, t. d. sunnan og suðvestan megin um landið, og að enn fremur hafi girðingu alveg vantað á margra metra köflum (t.

d. rétt vestan við innkeyrsluhliðið) á þessum sömu árum og að innkeysruhliðið hafi verið ónýtt eða alveg vantað og stöplarnir skakkir, svaraði vitnið á þá leið, að girðingin hafi víða verið mjög léleg og beðið hafi verið eftir girðingu, sem Reykjavíkurborg átti að setja upp. Girðingin hafi hallað sunnan og suðvestan megin. Vestanverðu við hliðið hafi girðingin verið tekin niður vegna þess, að hennar hafi ekki verið þörf vegna girðingar við Gnoðarvog. Einn veturinn hafi mjólkurbifreið ekið á annan hliðarstólpann, en gert hafi verið við hann um vorið. Hliðið hafi því ekki verið í á þessum tíma, og enn fremur sagði hún, að hliðið væri ýmist opið eða lokað. Ida Ingólfsdóttir kvaðst ekki minnast þess, að frú Elsa Guðjónsson, systir stefnanda, hafi við sig rætt um það, að skilmálarnir í gjafabréfinu hafi ekki verið haldnir. Heldur ekki kvað hún sér kunnugt um það, að innan félags stefnda eða innan Steinahlíðar, t. d. meðal starfsfólks eða ráðamanna félags stefnda, hafi verið um það rætt, að skilmálar gjafabréfsins hafi ekki verið haldnir.

Vitnið Ragnar Júlíusson skólastjóri skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hafi verið forstöðumaður vinnuskóla Reykjavíkur síðastliðin 10 ár, en 5 ár þar á undan yfirverkstjóri. Spurningu stefnanda um það, hvort nokkur ákvæði séu eða hafi verið um það í kennsluáætlun eða starfsreglum kennara vinnuskólans varðandi barnaheimilið Steinahlíð, að kennarinn eða kennararnir, sem störfuðu þar, skyldu kenna dvalarbörnunum trjárækt og matjurtarækt og leggja á það sérstaka áherslu, svaraði vitnið, að það gildi að sjálfsögðu sömu reglur um alla flokkstjóra vinnuskólans, hvar sem þeir starfa, og að sjálfsögðu engar sérreglur fyrir Steinahlíð. Hins vegar sé aðstaðan þar ólík mörgum öðrum vinnustöðum, þar sem það sé barnaheimili og börn að leik innan um vinnandi unglinga, sem komast þá ekki hjá því að taka eftir þeirra störfum. Bætti vitnið því við, að dvalarbörnunum í Steinahlíð sé ekki sérstaklega kennd trjárækt og matjurtarækt á vegum vinnuskólans, þó þau fylgist með starfsemi skólans, eins og áður getur. Vitnið kvað sér ekki vera kunnugt um það, að sérstök fyrirmæli hafi verið gefin til vinnuskólans að þessu leyti varðandi dvalarbörnin, enda hafi hann ekki verið starfandi við skólann frá upphafi hans. Spurningu stefnanda: „Við hvað áttuð þér, nákvæmlega, þegar þér sögðuð við mig í síma fyrir nokkrum dögum síðan, að þér ætluðuð ekki að hjálpa mér til að ná aftur Steinahlíð? Áttu þér við, að framburður yðar fyrir bæjarþinginu kynni að mótast af þessari afstöðu yðar til mín?“, svaraði vitnið á

þessa leið: „Að sjálfsögðu læt ég þessi orð, séu þau rétt eftir höfð, ekki hafa áhrif á framburð minn, en þau eru, eins og Carl veit, ekki sögð að ástæðulausu. Skýringin er sú, að skömmu eftir að ég var kosinn varaformaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur af borgarstjórn Reykjavíkur sumarið 1970, sá Carl Eiríksson ástæðu til að hringja til mín oftar en einu sinni og hafa í hótunum við mig, ef ég ekki greiddi atkvæði í nefndinni eins og honum best líkaði, en færi ekki eftir skynsemi minni". Spurningu stefnanda um, hvers konar hótanir hann ætti við af sinni hálfu, svaraði vitnið: „Ég sé ekki ástæðu til þess að blanda þessu tvennu saman" og tók fram, að barnaverndarnefnd sé bundin þagnarskyldu. Vitnið Ragnar Júlíusson vann eið að framangreindum framburði sínum.

Í bréfi borgarverkfræðings í Reykjavík til félags stefnda, dagsett 1. febrúar 1967 og undirritað er af Ellert B. Schram, segir svo:

„Hér með tilkynnist yður, að vegna lagningar Elliðavogar, sem ætlunin er að tengja við Suðurlandsbraut á næstunni, er nauðsynlegt að skerða land það, er þér hafið til umráða.

Samkvæmt ákvörðun borgarráðs er þessi skerðing heimil, en í stað þess landskika, sem taka verður vegna götulagningarinnar, skal koma jafnstórt svæði vestan megin lóðarinnar, Kleppsmýrarbletts 16, sem Steinahlíð stendur á.

Lausleg mæling sýnir, að taka verður 10.000 m^2 v/vegarins og sýnist mögulegt að bæta þann skika með því svæði, sem liggur með lóð yðar að vestanverðu.

Starfsmenn okkar munu sjá um að girða landið af í samræmi við enduruppmælingu lóðarinnar".

Í bréfi til hins stefnda félags, dags. 21. desember 1970 og að því er virðist skrifað af Ellert B. Schram, þó það sé óundirritað, segir svo:

„Bréf yðar, dags. 28. 2. '70, hefur verið móttekið, og hefur mælingadeild unnið að mælingum á þessu ári, bæði á þeim hluta, sem tekinn var af landinu í Steinahlíð, vegna lagningar Elliðavogar, og eins á framtíðarlóðarmörkum.

Samkvæmt þeim mælingum var landið skert um 1.21 ha, en skv. hjálögðu mæliblaði hefur verið bætt við það 1.32 ha, þar af 1.05 ha vestan megin lóðarinnar, sbr. bréf undirritaðs, dags. í febr. '67.

Með hliðsjón af samþykkt bæjarstjórnar 7. apríl 1949, um að gefa félagi yðar kost á viðbótarlandi norðvestan við Steinahlíðar-

landið, ca. 1.4 ha að flatarmáli, í stað þess lóðarskika, sem sneiddur er af landinu vegna gatnaframkvæmda — vantar því enn ca. 800 m^2 til að fullnægja nefndri samþykkt.

Ekki er hægt að bæta þeim skika við vestan eða norðan megin núverandi lands utan það, sem mæling sýnir nú, og er það tillaga mín, að gengið verði frá lóðarmörkum og mæliblaði skv. hinni nýju mælingu, með þeim fyrirvara, að 800 m^2 sé bætt við landið, þegar endanlega hefur verið gengið frá gatnamótum Elliðavogs og Miklubrautar og/eða hugsanlegri viðbótarlóð yður til handa sunnan megin.

Girðingarframkvæmdir munu væntanlega hefjast strax og mögulegt verður næsta vor, enda hafi þá lóðarmörk verið ákveðin og samþykkt af yður".

Þá hefur og verið lagt fram bréf borgarverkfræðings í Reykjavík til borgarráðs Reykjavíkur, dags. 4. janúar 1971 og undirritað af Ellert B. Schram, á þessa leið:

„Á fundi borgarráðs 29. desember s.l. var vísað til minnar umsagnar erindi Carls J. Eiríkssonar, dags. 21. f. m., varðandi upplýsingar um land Steinahlíðar við Suðurlandsbraut.

Í fyrsta lagi er spurst fyrir um „hvenær samþykki bæjarstjórnar Reykjavíkur hafi verið veitt fyrir því, að land það, sem fylgdi eigninni, yrði ekki skert og að ekki yrðu lagðir vegir um það né lóðum úthlutað af því, eftir að breyting hefði verið gerð á landinu þá (1949) með því að skera sneið „af norðausturhorni þess", en leggja aðra sneið að vestan og norðan til landsins í staðinn".

Ekki er hægt að sjá, að bæjarstjórn hafi gert samþykkt um að skerða ekki frekar landið.

Í öðru lagi óskast einnig upplýst, „hvar viðbótarland það er staðsett, ca. 1.4 ha að flatarmáli, sem bæjarstjórn Reykjavíkur lofaði að gefa Varnavinafél. Sumargjöf kost á, norðvestan við Steinahlíðarlandið með samþykki í bæjarstjórn þann 7. apríl 1949".

Þessari fyrirspurn er svarað með því að leggja fram bréf undirritaðs til Sumargjafar, dags. 21. desember 1970".

Í bréfi sama aðilja, dags. 21. janúar 1971 (dskj. nr. 14), vegna fyrirspurnar stefnanda þar um, segir svo í niðurlagi, að „borgaryfirvöld hafa ekki gert neina samþykkt um, að landið skyldi ekki skert á hvorugan veginn".

Í bréfi frá skrifstofu Reykjavíkurborgar til stefnanda málsins, dags. 9. febrúar 1971, segir svo:

„Með bréfi, dagsettu 8. febrúar s.l., er spurt, hvort Barnavina-

félagið „Sumargjöf" hafi sótt um leyfi borgaryfirvalda eða skrifstofu minnar til að umgirða land Steinahlíðar á árunum 1949—1950, eða síðar. Skrifleg umsókn til byggingarnefndar um girðingu kringum land Steinahlíðar hefur ekki borist til byggingarnefndar, en lengi hefur staðið til að breyta lóðinni í sambandi við nýjar götur, og munu borgaryfirvöld sjá um girðingu um landið í því sambandi, samanber hjálögð ljósrit af bréfum Ellerts B. Schram, skrifstofustjóra borgarverkfræðings, til Barnavinafélagsins Sumargjafar, dagsettum 1. febrúar 1967 og 21. desember 1970".

Í bréfi Páls Líndals borgarlögmanns til lögmanns stefnda, dags. 28. febrúar 1972 (dskj. nr. 12), segir m. a., að á fundi borgarráðs 24. þess sama mánaðar hafi verið rætt bréf lögmannsins til sín, dags. 9. febrúar 1972, varðandi málssókn stefnanda á hendur stefnda til riftunar á gjafabréfi fyrir eigninni Steinahlíð. Með bréfi þessu er sent samrit af umsögn borgarlögmannsins um bréf stefnanda, dags. 12. febrúar 1972, en í bréfinu segir borgarlögmaður, að borgarráð hafi fallist á þá umsögn á framangreindum fundi. Þessi umsögn borgarlögmannsins fylgir bréfi hans, en hún hljóðar svo:

„Með bréfi, dags. 21. þ. m., hefur háttv. borgarráð óskað umsagnar minnar um erindi Carls J. Eiríkssonar, dags. 12. þ. m. Bréfritari á sem kunnugt er í máli við Barnavinafélagið Sumargjöf, og er það skv. bréfi hans „til staðfestingar á eignarrétti mínum á ⅓ hluta í eigninni Steinahlíð við Suðurlandsbraut (Kleppsmýrarblettur XVI, erfðafestuland), vegna brota á gjafaskilmálum, sem settir voru, er Steinahlíð var gefin, og vegna þess, að gjöf fasteignar var bönnuð með lögum vegna lögræðisskorts (ég var ófjárráða)".

Í bréfinu er spurst fyrir um það, hvort borgarstjórn mundi samþykkja fyrir sitt leyti, að erfðafesturétturinn að Kleppsmýrarbletti 16 yrði skráður að ⅓ hluta á hans nafn, ef svo færi, að dómur félli honum í vil.

Ég leyfi mér að leggja til, að bréfritara verði svarað á þá leið, að borgarstjórn mundi ekki samþykkja umrædda skráningu, ef dómur gengi honum í vil, heldur yrði landið þegar í stað tekið úr erfðafestu samkvæmt ákvæðum erfðafestubréfsins, dags. 28. maí 1928".

Lagður hefur verið fram í málinu uppdráttur af Steinahlíðarlandi, sem stefnandi gerði sjálfur í september 1970 og sýnir legu girðingar umhverfis það þá (dskj. nr. 5). Samkvæmt uppdrættinum hefur verið tekin sneið af norðausturhorni landsins og enn

fremur norðurhorni, sem nær 22.5 m af norðvesturlóðarmörkum, en samtals nemur þessi afsneiðing 1.21 ha. Uppdrátturinn sýnir viðbót við landið, ferhyrnda spildu út frá vesturmörkum lóðarinnar, sem nemur 0.36 ha.

Í bréfi borgarverkfræðingsins í Reykjavík, dags. 11. febrúar 1971, en með því fylgir framangreindur uppdráttur, segir svo: „Það staðfestist hér með samkvæmt beiðni, að lega girðingar austanvert að Kleppsmýrarbletti 16, Reykjavík (Steinahlíð), sem sýnd er á viðfestu ljósriti af uppdrætti merktum „Steinahlíðarland í september 1970", er í megin atriðum rétt, þannig að skekkja á málunum 101 m, 182 m, 35 m og 22.5 m fer hvergi fram úr 0.8 m, samkvæmt mælingum, sem gerðar voru af starfsmönnum mælingardeildarinnar á nefndri girðingu haustið 1970. Um önnur atriði uppdráttarins er mælingadeildinni ókunnugt".

Þá liggur og fyrir í málinu bréf garðyrkjustjóra Reykjavíkur, dags. 22. janúar 1974, en þar segir, að vinna við girðingu í Steinahlíð við Suðurlandsbraut hafi hafist 15. október 1972 og staðið þá samfleytt yfir til 7. apríl 1973, en þá hafi verkið tafist vegna efnisskorts til 7. október um haustið, en verkinu hafi verið lokið fyrir áramót 1973.

Að lokum liggur fyrir uppdráttur af landinu, gerður af mælingadeild borgarverkfræðings í júlí 1972 (dskj. nr. 30). Á þeim uppdrætti er sagt, að:

„Landið talið	3.9 ha
Landið reynist hafa verið	40085 m²
Tekið af landinu skv. sþ. bæjarstjórnar 7. 4. 1949	12102 m²
Bætt við landið að norðvestan og meðfram Suðurlandsbraut	+ 12983
Landið verður	40966 m²".

Uppdrátturinn sýnir síðan legu hinnar nýju girðingar umhverfis landið. Samkvæmt því hefur skásneiðin á austanverðu landinu verið færð austur fyrir norðurhornið, þannig að það horn er innan girðingarinnar. Bætt hefur verið við landið meðfram allri vesturhlið þess, svo sem fram með Suðurlandsbraut. Var uppdráttur þessi í samræmi við síðustu vettvangsskoðun.

Öllum framanröktum bréfum hefur ekki verið mótmælt.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á því, að öll hin þinglýstu skilyrði gjafabréfsins frá 11. apríl 1949 fyrir gjöfinni hafi

ekki verið haldin. Hefur hann bent á það í fyrsta lagi, að gjafagerningurinn hafi verið ólöglegur, að því er hans eignarhluta varðaði, samkvæmt ákvæðum 37. gr. lögræðislaga nr. 95/1947, síðari mgr. aðallega. Hann hafi verið á 20. aldursári, er hann undirritaði gjafagerninginn, og því ófjárráða. Samþykki Stjórnarráðs hafi ekki fengist, svo sem fjárhaldsmaður hans hafi áskilið við undirskrift sína á gjafagerninginn, en jafnvel þótt samþykki Stjórnarráðs hefði fengist, hefði það samþykki verið ólöglegt samkvæmt framanrituðu lagaákvæði. Auk þessa þá hafi stefndi svo verulega brotið öll skilyrði gjafabréfsins. Að því er varðar 1. skilyrði, þá sé upplýst í málinu, að dvalarbörnunum á barnaheimilinu hafi ekki verið kennd trjárækt og matjurtarækt, svo sem þar er áskilið. Skiptir í því sambandi engu, þótt unglingar hafi unnið að slíkum störfum á vegum Reykjavíkurborgar, þar sem í því starfi felist engin kennsla til dvalarbarnanna. Að því er 2. skilyrði gjafabréfsins varðar, þá hafi skerðing á landinu orðið með öðrum hætti en skilyrðið setur. Aðeins hafi verið heimilt að skerða sneið af norðausturhorni landsins. Hins vegar hafi, er málshöfðunin hófst, bæði austurhornin verið tekin af landinu. Sú skerðing hafi samtals numið 1.21 ha, en þrátt fyrir ákvæði í skilyrðinu um að leggja aðra sneið að vestan og norðan til landsins í staðinn hafi á sama tíma eingöngu verið lagt til 0.36 ha. Skipti hér engu um, þótt nú, meðan á málinu stóð, hafi öðru horninu verið skilað aftur til landsins. Samkvæmt skilyrðinu skyldi allt landið, eftir að hin heimilaða skerðing hafði verið gerð og nýju landi við bætt í staðinn, verða umgirt og lagað innan eins árs. Þetta skilyrði hafi algerlega verið vanrækt af hálfu stefnda. Upprunalegu girðingunni hafi verið illa við haldið, og á köflum svo, að hún hafi á mörgum stöðum legið niðri um lengri tíma. Varði engu, þótt nú sé komin ný girðing umhverfis landið. Þá hafi stefndi og brotið ákvæði 3. skilyrðisins um það, að stefndi hlynnti að gróðri þeim, sem á lóðinni var við útgáfu gjafabréfsins, eftir því sem unnt væri. Bendir stefnandi á það, að blómabeð, sem hafi verið vestan við íbúðarhúsið, hafi verið upprætt, en bílastæði gert í staðinn. Enn fremur að tré hafi verið skilin eftir utan landsins við skerðingu þess. Af öllu þessu sé því ljóst, að öll skilyrði gjafabréfsins hafi verið brotin og það með vitund stefnda. Komi því eigi til álita, að stefndi geti öðlast eignarrétt á landinu fyrir hefð samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 46 frá 1905. Um tómlæti af sinni hálfu hafi alls ekki verið um að ræða. Hann hafi eitt sinn verið samþykkur gjöfinni, á meðan hann hafi haldið,

að stefndi vildi halda skilyrðin, og hafi það þá verið af góðvild af sinni hálfu til stefnda. Hann kvaðst hafa kvartað yfir brotum á skilyrðunum, bæði við formann og framkvæmdastjóra stefnda og við forstöðukonu barnaheimilisins, um sumarið 1970 og aftur um það haust, en síðan hafi hann höfðað mál þetta í desember það sama ár.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann telji sig hafa, eftir því sem föng hafi verið á og hægt hafi verið með sanngirni að krefjast, séð til þess yfir 20 ára skeið, að virtar hafi verið óskir fyrrverandi eigenda eignarinnar, svo sem þær hafi verið upptaldar í gjafabréfinu. Í fyrsta lagi hafi stefndi séð til þess, að eignin hafi eingöngu verið starfrækt sem barnaheimili og í því skyni hafi sérstaklega verið hlúð að húseigninni með viðauka og breytingum, gerðum þegar á árinu 1949. Allir megi vita, að 3ja—6 ára börn geti lítið aðhafst við trjárækt og matjurtarækt á svo miklu gróðursvæði. Þau störf hafi verið unnin af unglingum á sumrum undir leiðsögn og með því starfi hafi dvalarbörnin fylgst. Í annan stað hefur lóðin ekki verið skert umfram það, sem allra brýnasta tilfæring vegna skipulagsbreytinga hefur krafist, og þá annað land verið látið í té endurgjaldslaust í staðinn. Það verði ekki annað séð en að gróður sá, sem á lóðinni er, sé þroskavænlegur og að hann hafi hlotið eðlilega aðhlynningu þá 2 áratugi, sem liðnir séu frá því, að stefndi fékk umráð landsins. Þannig hafi árin liðið og nú sé viðurkennt af hálfu stefnanda, að honum hafi verið ljóst og hann hafi litið svo á sem ýmsum skilyrðum hafi þegar frá upphafi verið illa fram fylgt að hálfu stefnda. Þó hafi hann ekki séð ástæðu til athafna né heldur tilkynnt stefnda hugsanlega riftun, ef eigi yrði úr tilteknum ágöllum bætt, fyrr en liðin voru meira en 20 ár frá því að bréfið var afhent. Slík aðvörun eða tilkynning hlaut að vera forsenda þess, að riftunarmál væri hafið. Einnig bendir stefndi á, að þau frávík, sem orðið hafa frá skilyrðum gjafarinnar, þá hafi þau verið svo óveruleg allan tímann, að engan veginn gæti sætt riftun. Eftir að stefnandi öðlaðist lögræði, rúmu hálfu öðru ári eftir undirskrift gjafabréfsins, bar honum að gera ráðstafanir þegar í stað til riftunar vegna samþykkisskorts síns, ef hann hafi viljað bera það fyrir sig. Það sé með öllu fráleitt að bera fyrir sig vanhæfisskort til samþykkis eftir meira en 20 ára tímabil. Mótmælir stefndi því, að Stjórnarráðið hefði sett sig upp á móti því að verða við ósk gefenda og bendir á, að samþykki ráðuneytisins geti hafa verið fyrir hendi, þótt það hefði eigi fundist í desember 1970.

Auk þessa alls þá hafi stefndi unnið fullan hefðarrétt á eignarhlutanum.

Í Steinahlíð hefur verið starfrækt dagvistunarheimili fyrir börn frá því árið 1949 og er enn.

Dómarinn hefur kannað vettvang, fyrst í maí 1973 og síðan aftur eftir dómtöku málsins.

Þótt eigi liggi fyrir um það fullkomin sönnun, þá bendir allt til þess, að samþykkis Stjórnarráðs hafi aldrei verið leitað til gjafarinnar, að því er stefnanda varðaði, svo sem áskilið var í gjafabréfinu og lög mæltu fyrir um.

Eins og fram kemur hér að framan, eru dvalarbörn á heimilinu að Steinahlíð á aldrinum 3ja til 6 ára. Verður naumast til þess ætlast, að svo ung börn geti unnið að matjurta- eða trjárækt. Hins vegar er ljóst, að unglingar starfa að þeim störfum á sumrum á vegum Reykjavíkurborgar undir leiðsögn. Af fyrri vettvangsskoðun dómarans má ætla, að dvalarbörnin fylgist að einhverju leyti með þeim störfum, þar sem mörg þeirra voru þá að leik á landsvæðinu, þótt þeim sé eigi sérstaklega kennd sú starfsemi, enda vart að slíkt bæri árangur hjá svo ungum börnum. Af vettvangsskoðunum varð eigi annað séð en að öll ræktun á landinu sé blómleg.

Ljóst er, að á árunum fyrir og um 1967 hafði landið verið skert um 1.21 hektara á þann veg, að tekin hafði verið sneið af norðausturhorni og enn fremur norðurhorni, en í staðinn hafði verið bætt við landið 0.36 hekturum við vesturhlið þess. Var upprunaleg girðing umhverfis landið notuð til afmörkunar, nema ef vera má, að ný girðing hafi verið umhverfis umrædda 0.36 hektara. Af fyrri vettvangsskoðun varð séð, að girðingin var víða léleg. Á hinn bóginn aftur á móti er ljóst, að á tímabilinu október 1972 til áramóta 1973 hefur allt landið verið girt nýrri girðingu og við það bætt að norðvestan og meðfram Suðurlandsbraut rúmum 1.29 hekturum, sbr. dómsskjal nr. 30, þannig að landið hefur fengið sína upprunalegu stærð. Þess ber þó að geta, að við þá framkvæmd var norðurhorn landsins aftur sett innan girðingar. Í þessu sambandi má geta þess, að við skerðingu landsins fyrir og um 1967 urðu mörg tré utan girðingar og eru enn. Einnig er ljóst, að blómabeð norðan við húsið og við hlað þess hefur verið numið brott og bílastæði gert í staðinn. Þykir hið síðastnefnda ekki óeðlileg breyting miðað við breyttar aðstæður.

Af þessu framansögðu er ljóst, að brestur hefur verið á því af hálfu stefnda að fullnægja skilyrðum gjafabréfsins. Af þeim

sökum getur stefndi eigi öðlast eignarrétt að eigninni fyrir hefð, þótt skilyrði kynnu ella að vera til slíks, að því er tímalengd varðar.

Stefnandi er fæddur 29. desember 1929 og varð því fjárráða sama dag árið 1950, eða rúmu hálfu öðru ári frá dagsetningu gjafabréfsins. Stefna í málinu var birt 23. desember 1970, eða tæpum 20 árum eftir að stefnandi varð fjárráða og rúmu tuttugu og einu og hálfu ári eftir útgáfu gjafabréfsins. Þótt ljóst sé samkvæmt framansögðu, að stefndi fullnægði ekki skilyrðum gjafabréfsins í mörgum atriðum, og þá sérstaklega að eigi liggur fyrir sannanlegt samþykki Stjórnarráðs fyrir gjöfinni, þá þykir hið langa aðgerðarleysi stefnanda og hinn langi tími að öðru leyti, sem liðinn er, eiga að leiða til þess, að hann fái ekki komið fram kröfum sínum í málinu. Ber því að dæma stefnda sýknu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan, en vegna óviðráðanlegra ástæðna og þess, að málið er nokkuð óaðgengilegt, hefur uppsaga dregist fram yfir venju.

Dómsorð:

Stefndi, Barnavinafélagið Sumargjöf, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Carls J. Eiríkssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Emil Ágútsson".

Stefnandi vildi ekki una þessum dómi og hóf nú tvíþættar aðgerðir. Í fyrsta lagi áfrýjaði hann málinu í heild til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, birtri 3. september 1974. Dómur Hæstaréttar liggur ekki enn fyrir. Í öðru lagi hófst hann handa um að fá forsendum héraðsdómsins breytt án þess þó að krefjast breytinga á dómsorði, þ. e. niðurstöðu dómsins. Af því tilefni ritaði stefnandi hinn 28. september 1974 borgardómi Reykjavíkur bréf, og hljóðar fyrri hluti þess svo:

„Með tilvísun til 195. gr. laga nr. 85/1936 geri ég undirritaður aðili að málinu nr. 2/1971: Carl J. Eiríksson gegn Barnavinafélaginu Sumargjöf, hér með kröfu til þess, að í dómi máls þessa, uppkveðnum 4. júní s.l. hjá embætti yðar, verði gerðar leiðréttingar á nokkrum ritvillum og bersýnilegum skekkjum, sem í dómnum eru. Kröfu þessa hef ég sett fram munnlega við dómarann skömmu eftir uppkvaðningu dómsins og fengið vilyrði fyrir

nokkrum leiðréttingum, en nýlega var mér synjað um þær, og ber ég kröfu þessa fram nú skriflega samkvæmt umtali við Björn Ingvarsson og Garðar Gíslason hjá embætti yðar í gær. Í 195. gr. laga nr. 85/1936 er gert ráð fyrir „leiðréttingum", „eftir kröfu aðilja", m. a. á „ritvillum" og á „bersýnilegum skekkjum í dómi", eins og segir í 195. gr. Þar segir ennfremur: „eftirrit ..." „af dómi ..." „skal afhenda ..." „til leiðréttingar ..." o. s. frv. Það er því rangt, sem haldið hefur verið fram, að ekki sé unnt að leiðrétta skekkjur í dómum. Segir í 195. gr., að kveðja skuli aðilja eða lögmenn þeirra fyrir dóminn til að leiðrétta skekkjurnar, nema ef um bersýnilegar ritvillur sé að ræða. Þannig gerir 195. gr. augljóslega ráð fyrir því, að leiðrétta beri, í dómi, alvarlegri villur en „bersýnilegar ritvillur". Í 196. gr. sömu laga kemur vel fram, hversu alvarlegur hlutur það er að synja um leiðréttingar á villum, sem í dómum eru".

Bréf þetta er lagt fram sem dskj. nr. 3 í máli þessu, og er síðari hluti þess tekinn upp hér að framan, í þeim hluta forsendna dóms þessa, þar sem lýst er kröfugerð stefnanda.

Dómarinn, Emil Ágústsson borgardómari, svaraði stefnda með þremur bréfum. Hið fyrsta er dagsett 23. september 1974 og hljóðar svo::

„Að gefnu tilefni viðurkenni ég undirritaður dómari í málinu nr. 2/1971: Carl Eiríksson gegn Barnavinafélaginu Sumargjöf, að stefnandi mótmælti því aldrei, að 4. skilyrði gjafabréfsins, sem um ræðir í málinu, hafi verið brotið af hálfu stefnda".

Annað bréfið er dagsett 1. október 1974 og er svohljóðandi:

„Undirritaður dómari málsins nr. 2/1971:

Carl J. Eiríksson

gegn

Barnavinafélaginu Sumargjöf

hefi kynnt mér bréf stefnanda, dags. 26. sept. 1974, til embættis borgardómarans í Reykjavík.

Ég tel, að atriði, sem þar koma fram, gefi að svo stöddu ekki tilefni til aðgerða af minni hálfu".

Þriðja bréf dómarans er dagsett 4. október 1974. Í því segir:

„Með vísan til samtals okkar hr. Carl J. Eiríksson, eftir hinn 1. þ. m., fellst ég á, að leiðréttar verði þær augljósu ritvillur, sem orðið hafa í endurriti af dómi í máli yðar gegn Barnavinafélaginu Sumargjöf. Er þar um að ræða atriðin í tölul. 1, 3 og 10 í bréfi yðar 26. sept. sl.

Varðandi liði 6 og 8 vil ég vísa til yfirlýsingar, sem ég hefi gefið yður um þau atriði, og tel rétt, að þér leggið hana fram við flutning málsins í Hæstarétti.

Sé um að ræða missagnir í dómi málsins í öðrum þeim tilvikum, sem getið er í bréfi yðar, tel ég þau þess eðlis, að mér sé óheimilt að breyta þeim, en um þau verður að sjálfsögðu fjallað við væntanlegan flutning málsins í Hæstarétti.

Vegna fjarveru minnar verða framangreindar leiðréttingar samkv. töluliðum 1, 3 og 10 framkvæmdar af embætti yfirborgardómarans í Reykjavík.

Óskast endurrit það af dóminum, sem þér hafið með höndum, afhent til leiðréttingar þessara atriða".

Í 2. mgr. bréfs þessa mun dómarinn eiga við bréf sitt frá 23. september, sem rakið er hér að framan.

Þessum undirtektum dómarans vildi stefnandi ekki una. Skaut hann synjun dómarans um frekari breytingar á dóminum til Hæstaréttar. Greinargerð stefnanda með kærunni hljóðar svo:

„Ég undirritaður, Carl J. Eiríksson, leyfi mér hér með að ítreka kæru mína til Hæstaréttar Íslands, dagsetta 1. október s.l., sem afhent var Birni Ingvarssyni, yfirborgardómara, sama dag. Ég vísa í þessu sambandi til hæstaréttarlaga nr. 75/1973, aðallega 21. gr., 22. gr. og 23. gr.

Sérstök athygli skal vakin á eftirfarandi atriðum: Nokkru eftir uppkvaðningu dómsins þ. 4. júní s.l. fór ég þess munnlega á leit við Emil Ágústsson, borgardómara, að hann leiðrétti nokkrar villur og skekkjur, sem í dómnum eru. Hann tók því líklega, en þrátt fyrir margar ítrekanir af minni hálfu voru villurnar ekki leiðréttar. Er ég ítrekaði þetta enn við hann þ. 23. sept. s.l., kvaðst hann hafa ráðfært sig við samstarfsmenn sína í Borgardómi Reykjavíkur og kvaðst ekki vilja leiðrétta neitt í dómnum. Ég mótmælti því þá sérstaklega við hann, að 4. skilyrði gjafabréfsins hafi verið brotið af hálfu stefnda. Skilyrði nr. 4 var aldrei brotið, svo ég viti, enda hef ég aldrei haldið því fram. Þó segir ranglega, í dómnum, á tveim stöðum, að ég hafi haldið því fram, að öll skilyrðin hafi verið brotin af hálfu stefnda. Emil viðurkenndi, að þetta væru villur í dómnum, en taldi þær engu máli skipta. Einnig sagði hann mér að honum væri óheimilt að leiðrétta þær. Eftir nokkrar umræður féllst Emil þó á að leiðrétta þessar villur með yfirlýsingu, sem hann afhenti mér. Er hún dagsett 23. sept. og fylgir hjálagt. Er ég las yfirlýsinguna, sá ég mér til undrunar, að í henni stóð, að ég hefði aldrei mótmælt því, að

4. skilyrðið hefði verið brotið. En það var einmitt það sem ég var að mótmæla við Emil þ. 23. sept. Ég gerði mér nú ljóst, að Emil Ágústsson leggur aðra merkingu í íslenzkt mál en aðrir gera, stundum öfuga merkingu, og hann notar stundum óljóst og tvírætt orðalag, án þess að hann geri sér grein fyrir því. Sjá liði nr. 4) og 5) í bréfi mínu til embættis Borgardómara, dags. 26. sept. s.l., en það fylgir kæru þessari. Ég hef rætt þessi atriði við Helga Halldórsson cand. mag., og er hann mér sammála í því, að umrætt orðalag í liðum 4) og 5) sé óljóst, og nokkrir sérfræðingar, sem Helgi hefur ráðfært sig við, eru á sama máli. Ég vísa að öðru leyti til framangreinds bréfs, dags. 26. sept., en vil enn ítreka það hér, að 195. gr. laga nr. 85/1936 gerir beinlínis ráð fyrir því, að leiðrétta beri í dómi bæði bersýnilegar ritvillur og einnig skekkjur, sem ekki eru bersýnilegar ritvillur. Aðeins í síðara tilvikinu er nauðsynlegt að kveðja aðila eða lögmenn þeirra fyrir dóminn til að leiðrétta skekkjurnar. Svo segir skýrt í 195. gr. Ég tel, að dómara beri siðferðileg skylda, ef ekki lagaleg skylda, til að leiðrétta slíkar skekkjur í dómi, enda eru sumar þeirra bein ósannindi, sjá liði nr. 6), 8) og 13). Það er því ekki rétt, sem Emil Ágústsson telur í bréfi sínu til mín, dags. 4. okt. s.l., í 3. mgr., að honum sé „óheimilt" að breyta missögnum í dómi sínum. Eins og áður segir, er beinlínis gert ráð fyrir slíkum leiðréttingum í 195. gr. laga nr. 85/1936. Framangreint bréf Emils, ásamt synjun hans, dags. 1. okt. s.l., fylgja einnig kæru þessari.

Ég tel það vera blett á embætti Borgardóms Reykjavíkur að mál þetta skuli hafa dregizt í þrjú og hálft ár fyrir dómnum, nærri eingöngu vegna tregðu dómsins á að þinga í málinu, vegna „annríkis" að sagt var. Þetta gaf stefnda tækifæri allan þennan tíma til að breiða yfir brot sín á skilyrðum gjafabréfsins og olli m. a. því, að í dómnum var málstaður stefnda fegraður með lýsingu á aðstæðum mörgum árum eftir málshöfðun. Sjá liði 15) og 17) í meðfylgjandi bréfi mínu, dags. 26. sept. s.l. Þannig hefur dráttur málsins að líkindum valdið því, að ég tapaði málinu í héraði, og byggi ég þessa ályktun á því, að Emil Ágústsson hefur tjáð mér, að mál þetta hafi staðið það tæpt, að það hefði getað farið á hvorn veginn sem var.

Ég tel, að margra ára dráttur máls fyrir dómi, sem nærri eingöngu er sök dómsins sjálfs, þar sem synjað er um fyrirtöku málsins samfleytt í meira en eitt ár og síðan aftur synjað mörgum sinnum í marga mánuði í senn, sé það mikil skerðing á réttaröryggi, að við svo búið megi ekki standa. Ekki bætir það úr skák,

þegar dómurinn sjálfur heldur fast við þær villur og skekkjur, sem hann hefur sett í dóm sinn vegna ónákvæmni eins dómara, sem e. t. v. hefur sérstöðu í starfi sínu.

Það skal tekið fram að lokum, að ég tel ekki nægilegt, að umræddar skekkjur í dómi Borgardóms verði látnar óleiðréttar nú, í trausti þess, að þær verði leiðréttar við áfrýjun málsins. Dæmi er þess, að slík skekkja sé einfaldlega ekki leiðrétt af Hæstarétti, þrátt fyrir það að bent hafi verið á skekkjuna í málflutningi og því ómótmælt af gagnaðilja, og skekkjan auk þess viðurkennd af gagnaðila fyrir dómara undirréttar í vitnamáli, áður en hæstaréttardómur féll. (Sjá hrm. nr. 135/1967). Skekkjurnar stæðu því e. t. v. áfram, um aldur og ævi, eins og skekkjan í áðurnefndu dæmi".

Hæstiréttur kvað upp dóm í kærumálinu hinn 5. nóvember 1974, og eru dómforsendurnar svohljóðandi:

„Sóknaraðili hefur með kæru 1. október 1974, sem barst Hæstarétti 28. s. m., kært „þá ákvörðun Emils Ágústssonar borgardómara, dags. 1. október 1974, að synja um leiðréttingu á skekkjum og villum í dómi ... uppkveðnum 4. júní 1974".

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn 4. júní 1974 kvað varnaraðili upp dóm í máli, er sóknaraðili höfðaði gegn Barnavinafélaginu Sumargjöf. Sóknaraðili áfrýjaði dómi þessum til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1974, og málinu var gagnáfrýjað með stefnu 13. s. m. Hafa mál þessi verið sameinuð og rekin hér fyrir réttinum.

Með bréfi til embættis borgardómara 26. september 1974 krafðist sóknaraðili þess með skírskotun til 195. gr. laga nr. 85/1936, að leiðrétt yrðu alls 17 atriði í nefndum dómi. Var hér bæði um að ræða „ritvillur og ... skekkjur", að því er í bréfinu segir.

Hinn 1. október 1974 ritaði varnaraðili bréf, þar sem hann kveðst hafa kynnt sér bréf sóknaraðilja frá 26. september 1974. Í bréfinu segir svo: „Ég tel, að atriði, sem þar koma fram, gefi að svo stöddu ekki tilefni til aðgerða af minni hálfu". Með bréfi 4. október 1974 tilkynnti varnaraðili sóknaraðilja, að hann væri reiðubúinn að leiðrétta þrjár ritvillur í endurriti af dóminum, en varðandi tvö atriði vísaði varnaraðili til sérstakrar yfirlýsingar, er hann hafði áður gefið sóknaraðilja. Þá segir í bréfi þessu: „Sé um að ræða missagnir í dómi málsins í öðrum þeim tilvikum, sem getið er í bréfi yðar, tel ég þau þess eðlis, að mér sé óheimilt að breyta þeim, en um þau verður að sjálfsögðu fjallað við væntanlegan flutning málsins í Hæstarétti".

Lagaheimild skortir til kæru máls þessa. Ber því að vísa því frá Hæstarétti".

Málsástæður þær, sem stefnandi byggir nú á hér fyrir dómi, koma í aðalatriðum fram í þeim sóknarskjölum hans, sem þegar hafa verið rakin, og þó einkum í greinargerð hans til Hæstaréttar í kærumálinu, sem tekin er upp hér að framan.

Í munnlegum málflutningi lagði stefnandi auk þess ríka áherslu á, að hann teldi, að einhverjar leiðir hlytu að vera færar fyrir íslenska þegna til að fá fram leiðréttingar á skjölum, jafnþýðingarmiklum og dómum. Dómur hefði samkvæmt 1. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 fullt sönnunargildi um þau málsatvik, er í honum greinir, þar til hið gagnstæða sannaðist. Því yrðu að vera möguleikar á því að fá villur og missagnir í dómum leiðréttar, því annars væri hætta á því, að á þeim yrði byggt. Stefnandi kvað málssókn þessa af sinni hálfu byggjast alfarið á því, að dómur hefði sönnunargildi og héraðsdómurinn kæmi auk þess óbreyttur í dómasafni Hæstaréttar, jafnvel þótt sýnt hefði verið fram á það við málsmeðferð í Hæstarétti, að í héraðsdóminum væru villur og missagnir.

Málsástæður stefnda koma í aðalatriðum fram í greinargerð hans, en þar segir m. a.:

„Dómur í málinu nr. 2/1971 var uppkveðinn hér á bæjarþinginu af mér hinn 4. júní 1974. Strax eftir það fór stefnandi að gera kröfur um ýmsar leiðréttingar á dóminum. Svaraði ég honum til, að þar sem um bersýnilegar vélritunarvillur (stafavillur) væri að ræða í endurriti, skyldu þær fúslega leiðréttar. Ennfremur gaf ég honum yfirlýsingu, dags. 23. sept. 1974 (dskj. nr. 13), þess efnis, að hann hefði í málflutningi sínum ekki haldið því fram, að stefndi í málinu, Barnavinafélagið Sumargjöf, hefði brotið 4. skilyrði gjafabréfsins. Hafði stefnandi þá með stefnu, dags. 3. sept. 1974, áfrýjað málinu til Hæstaréttar, og var yfirlýsingin gefin honum til væntanlegrar framlagningar í Hæstaréttarmálinu. Önnur atriði í kröfum stefnanda taldi ég þess eðlis, að mér væri óheimilt að breyta, t. d. mínu eigin orðalagi í sumum tilvikum eða orðalagi, sem beint voru tekin eftir lögmanni stefnda í málinu.

Enn heldur stefnandi áfram að krefja um leiðréttingar með bréfi, dags. 26. september 1974 (dskj. nr. 3), og eru kröfurnar settar fram í 17 liðum. Svaraði ég þessu bréfi hans með bréfi, dags. 1. október 1974 (dskj. nr. 14), enda hafði ég engu við að

bæta fyrri yfirlýsingar mínar um þessi atriði. Þurfti ég síðan enn að gefa stefnanda þetta bréflega hinn 4. okt. 1974 (dskj. nr. 15).

Hinn 1. okt. 1974 kærir stefnandi til Hæstaréttar synjanir mínar á leiðréttingum og gerir þar þær kröfur, að mér verði gert að framkvæma leiðréttingarkröfur hans í framantöldum 17 liðum. Meðan kærumálið var til meðferðar hjá Hæstarétti, ritar stefnandi bréf til „embættis borgardómarans í Reykjavík", dags. 17. okt. 1974, sem hefir að geyma einhvers konar málflutning í kærunni og ávirðingar í garð minn, embætti borgardómara og Hæstaréttar. Hinn 5. nóvember 1974 er kveðinn upp dómur í kærumálinu í Hæstarétti. Var kærumálinu vísað frá dómi, þar sem lagaheimild skorti fyrir kærunni (dskj. nr. 16).

Ég tel engan vafa vera um það, að máli þessu eigi að vísa frá dómi. Eins og rakið er hér að framan, er mál það, sem krafist er leiðréttingar á, komið til meðferðar Hæstaréttar, og þar er að sjálfsögðu vettvangur fyrir stefnanda að koma að „aðfinningum" sínum, svo sem ég hefi marg oft bent honum á. Um 3. kröfulið af hinum 17 er það að segja, að honum hefir staðið til boða leiðrétting á þeim, og var því óþarfi að stefna út af þeim. Um aðrar leiðréttingarkröfur er það að segja, að mér er óheimilt að gera þær breytingar. Vísa ég um það til 2. mgr. 195. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 (sbr. staflið a, tölul. 1, staflið B á bls. 284 í riti Einars Arnórssonar „Almenn meðferð einkamála í héraði, fjölritað 1941").

Ég frábið mér aðdróttanir stefnanda í 3. lið stefnukrafna, sem ég tel ekki svaraverðar".

Álit réttarins.

Í 195. gr. laga nr. 85/1936 er mælt fyrir um heimild dómara til leiðréttingar á dómi og einnig þá aðferð, sem viðhafa á við slíkar leiðréttingar, en í 2. mgr. 195. gr. segir: „Dómur er bindandi fyrir dómara, er hann hefur verið uppkveðinn, samkvæmt 2. málsgr. 194. gr. Þó getur dómari, bæði af sjálfsdáðum og eftir kröfu aðilja, leiðrétt ritvillur, reikningsskekkjur, nafnskekkjur og aðrar bersýnilegar skekkjur í dómi ...".

Hið tilvitnaða ákvæði verður að skýra svo, að það sé alfarið á mati dómarans, hvaða leiðréttingar hann telur sér skylt eða heimilt að gera á dómi. Með gagnályktun verður niðurstaðan sú, að sá, er vill fá fram leiðréttingar umfram það, sem dómari telur réttmætt og heimilt, eigi ekki tiltæk önnur réttarfarsúrræði en áfrýjun. Samkvæmt því ber að vísa frá dómi máli, sem höfðað

er til að fá fram leiðréttingar eða breytingar á forsendum hlíðsetts dómstóls, sbr. einnig 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936.

Þegar af þessari ástæðu verður að fallast á kröfu stefnda um frávísun máls þessa.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari, sem með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 24. júní 1975, var skipaður setudómari í máli þessu, eftir að yfirborgardómarinn í Reykjavík hafði með úrskurði 21. mars sl. vikið sæti, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 10. október 1975.

Nr. 22/1974. **Sveinn Benediktsson**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Agnari Bogasyni og gagnsök
(Örn Clausen hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Ærumeiðingar. Fégjald.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 28. janúar 1974. Hann hefur uppi þessar kröfur fyrir Hæstarétti:

1. Að gagnáfrýjanda verði refsað samkvæmt 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og refsing verði þyngd.

2. Að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla „og greiðslu kostnaðar við birtingu dóms í málinu".

3. Að gagnáfrýjanda verði dæmt skylt „að birta forsendur

héraðsdóms og forsendur og niðurstöðu dóms Hæstaréttar í fyrsta tölublaði Mánudagsblaðsins, sem út kemur eftir birtingu dóms í máli þessu".

4. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða aðaláfrýjanda 320.000 króna fégjald samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga.

5. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 30. ágúst 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. ágúst s. á. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda nema kröfu hans um ómerkingu ummæla. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu gagnáfrýjanda samkvæmt 235. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 72. gr. sömu laga og lög nr. 14/1948, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Enn fremur ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla þeirra í heild sinni, sem stefnt er út af. Dæma ber gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda 10.000 krónur til þess að standast kostnað af birtingu dóms í máli þessu í opinberum blöðum. Fallast ber á kröfu aðaláfrýjanda í 3. kröfulið og dæma gagnáfrýjanda skylt samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 að birta forsendur héraðsdóms og forsendur og dómsorð hæstaréttardóms í máli þessu í fyrsta eða öðru tölublaði Mánudagsblaðsins, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa, og með þeim hætti, er greinir í 2. málsgr. 22. gr. nefndra laga. Staðfesta má ákvæði héraðsdóms um fébætur samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt þessum úrslitum máls ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda samtals 50.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ómerkingu ummæla, refsingu gagnáfrýjanda, Agnars Bogasonar, og greiðslu

fébóta samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga af hans hendi til aðaláfrýjanda, Sveins Benediktssonar, eru staðfest, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 10.000 krónur til að standa straum af kostnaði við birtingu dóms í máli þessu í opinberum blöðum.

Gagnáfrýjanda er skylt að birta forsendur héraðsdóms og forsendur og dómsorð hæstaréttardóms í máli þessu í fyrsta eða öðru tölublaði Mánudagsblaðsins, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 50.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. desember 1973.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með sáttakæru, birtri 17. apríl 1971. Málið var þingfest 29. júní 1971. Munnlegur flutningur fór fram 6. desember 1973, og var málið dómtekið að honum loknum. Sáttatilraunir dómsins hafa reynst árangurslausar. Stefnandi máls þessa er Sveinn Benediktsson, Miklubraut 52, Reykjavík. Stefndi er Agnar Bogason, Tjarnargötu 39, Reykjavík.

Mál þetta er höfðað vegna ummæla um stefnanda í 6. tölublaði 23. árgangs Mánudagsblaðsins (dags. mánudaginn 22. febrúar 1971). Ummælin birtust í nafnlausri grein á forsíðu blaðsins undir fyrirsögninni: „Sveinn Ben. og Haförnin". Ritstjóri og ábyrgðarmaður Mánudagsblaðsins er tilgreindur stefndi, Agnar Bogason. Útgefanda er ekki getið. Á þeim tíma, sem hér um ræðir, var stefnandi, Sveinn Benediktsson, stjórnarformaður Síldarverksmiðja ríkisins.

Hin umdeilda grein í Mánudagsblaðinu hljóðar annars svo:

„Sveinn Ben. og Haförnin.

Kostar 40 milljónir að standsetja skipið? — Bundið í höfn í óratíma. —

Vegna fjölda bréfa og fyrirspurna um hið raunverulega ástand flutningaskips Síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði, Hafarnarinnar, þá langar blaðið aðeins að fá sannleikann. Ýmsar dylgjur, sem voru í bréfunum, hafa verið teknar í burtu, því hér er ekki verið að ráðast á sérstakan mann, þó ekki verði hjá komizt að beina spurningum til fyrirsvarsmannsins. Nú virðist að hér sé ekki allt með felldu og mál til komið að hreinsa til.

Stjórnleysi.

Það er óhætt að fullyrða, að fádæma stjórnleysi hefur ríkt hjá Síldarverksmiðjum ríkisins um langt árabil, og er þar fyrir máske um að kenna stjórnarformanninum Sveini Benediktssyni, sem vegna embættis síns er allsráðandi.

Þokkaleg sölulaun.

Fyrir nokkrum árum á meðan síldin var og hét, þá var ákveðið að kaupa flutningaskip til þess að flytja síldina austan úr hafi til Siglufjarðar. Í boði voru 2 minni skip, nýleg og á allgóðu verði. Ennfremur 1 skip nokkuð stærra, sem S.B. stjórnarformaður hafði að sögn söluumboð fyrir. Flestir stjórnarmenn S.V.R. voru þeirrar skoðunar, að kaupa bæri fyrr greind 2 skip, en Sveinn Benediktsson var nú aldeilis ekki á þeim buxunum. Skip Sveins var því keypt, þrátt fyrir alla galla, sem lítill gaumur var gefinn. Sölulaun Sveins voru smá, kr. 3.2 milljónir að sögn.

Tærðir geymar.

Sveinn fór með einn mann með sér til þess að skoða skipið; — það er að segja þeir fóru aldrei niður í geyma skipsins, sem síðar kom í ljós að voru stórkostlega tærðir eftir einhvern lög, sem fluttur hafði verið í geymunum.

Sérfræðingar eða ekki.

Þegar farið var að ræða um hina stóru galla á skipinu í blöðum bæjarins, þá var Sveinn fljótur að segja að þeir hefðu fengið 2 sérfræðinga frá Noregi til að skoða skipið, en því miður komu þeir aldrei að sögn vélstjóra þeirra, sem á Haferninum voru. Sveinn mun hafa verið á öðru máli.

40 milljónir.

Mál þetta er forvitnilegt og ætti að falla undir opinbera rannsókn, svo að loftið yrði hreinna og hið sanna fengist fram.

Nú spyrja menn, hvað lengi á „Haförninn" að liggja hér við bryggju og ekkert er gert. Það mun kosta um 40 milljónir að gera við skipið, en naumast mun kaupandi fáanlegur að því, fyrir það verð".

Stefnandi gerir þessar kröfur í málinu:

a) Að stefnda verið refsað fyrir ummælin og útbreiðslu þeirra samkvæmt 108., 234., 235. og 236., sbr. 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt.

b) Að ummælin verði dæmd ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

c) Að stefnda verði gert að greiða kr. 10.000 til að standast kostnað af birtingu dóms í málinu samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 og jafnframt að birta forsendur dómsins og dómsorð á forsíðu blaðsins, Mánudagsblaðsins, í 1. tölublaði þess, eftir að dómur hefur verið birtur honum, og með jafnstórri fyrirsögn og höfð var á hinum umstefndu ummælum, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt.

d) Að stefnda verði gert að greiða honum kr. 320.000 í fégjald samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

e) Að stefnda verði gert að greiða honum hæfilegan málskostnað að mati bæjarþingsins.

Stefndi gerir eftirtaldar kröfur í málinu:

a) Hann krefst þess að verða sýknaður af öllum refsikröfum í málinu.

b) Hann vefengir ekki, að dæma eigi ómerk hin umstefndu ummæli.

c) Krafist er sýknu af kröfu stefnanda um kr. 10.000 til að standa straum af birtingu dómsins, enda kveðst stefndi bjóðast til að birta forsendur á dómsorði 1. tölublaðs Mánudagsblaðsins, sem út kemur eftir birtingu dóms og uppkvaðningu, allt stefnanda að kostnaðarlausu og fyrirhafnarlausu.

d) Krafist er sýknu af skaðabótakröfu.

e) Þess er krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

2.0.

2.1. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að nefnd grein í Mánudagsblaðinu feli í sér staðhæfulausar aðdróttanir og ærumeiðingar um stefnanda. Þessar aðdróttanir kveðst stefnandi hafa hrakið lið fyrir lið í grein, sem birtist á 15. bls. Morgunblaðsins 25. febrúar 1971.

Stefnandi bendir á, að samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt sé ótvírætt, að stefndi beri alla ábyrgð í máli þessu, enda hafi enginn höfundur verið tilgreindur að nefndri blaðagrein. Stefnandi sé formaður stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins og því opinber sýslunarmaður. 108. gr. almennra hegningar-

laga nr. 19/1940 eigi því við í máli þessu auk þess sem brotið hafi verið gegn 234.—236. gr. sömu laga. Þá er talið ljóst, að 72. gr. hegningarlaganna eigi einnig við í málinu.

Stefnandi telur óhjákvæmilegt, að hin umstefndu ummæli séu ómerkt í heild, enda sé erfitt að finna einstakar setningar í þeim, sem ekki séu á einhvern hátt meiðandi í garð stefnanda. Heimild til ómerkingar telur stefnandi 1. mgr. 241. gr. hegningarlaga.

Kröfu um greiðslu til að standast kostnað af birtingu dóms kveður stefnandi styðjast við 2. mgr. 241. gr. hegningarlaga, og krafa um birtingu dóms í blaði stefnanda er sögð eiga stað í 22. gr. laga nr. 57/1956.

Um miskabótakröfu vísar stefnandi til 1. mgr. 264. gr. hegningarlaga. Bendir hann á, að fjárhæð slíkra bóta hljóti að vera matsatriði, en fjárhæðinni sé þó í hóf stillt.

2.2. Stefndi getur þess, að hann hafi verið í orlofi í útlöndum, meðan greinin var rituð. Stefndi telur þó ljóst, að hann beri ábyrgð á skrifunum.

Stefndi viðurkennir, að hin umdeildu ummæli séu röng. Hann kveðst því ekki sjá neitt athugavert við það, að þau verði dæmd dauð og ómerk.

Hins vegar telur stefndi fráleitt, að honum verði ákveðin refsing eða hann dæmdur til greiðslu skaðabóta, þar sem stefnandi hafi með orðalagi sínu í fyrrgreindri Morgunblaðsgrein goldið líku líkt. Í þessu sambandi bendir stefndi á eftirtalin ummæli í greininni:

„Agnar nokkur Bogason hefur á þriðja áratug haft tilburði til þess að leika siðgæðispostula í blaði sínu og virðist telja sjálfan sig einskonar Sólon Íslandus. ... Ekki verður með sanni sagt, að honum hafi tekizt að leika þetta hlutverk öllu hönduglegar en Sölva Helgasyni forðum, enda er Agnar manna ólíklegastur til þess að siðbæta þjóðfélagið. Ekki breytir eðlið sér. ... Þá er leitað til Agnars. Hann er alltaf tilbúinn og þrífst bezt, eins og púkinn í fjósinu í Odda forðum, á ljótu orðbragði. ...

Einhver, sem virðist kenna mér um lánleysi sitt, hefur nú ennþá einu sinni leitað ásjár hjá Agnari Bogasyni og hann eftir hleðsluna gripið til rógsiðjunnar og leikið goskarlinn. ...

Af bókunum þessum er ljóst, að álygar Agnars um að ég hafi keypt skipið þvert ofan í óskir og vilja meirihluta stjórnar S.R. eru tilhæfulausar. ...

Eftir að ég hef birt framangreindar tilvitnanir í fundargerðir stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins og lýst málavöxtum, stendur

þessi nýi Sólon Íslandus enn einu sinni afhjúpaður sem ósannindamaður og rógberi".

3.0.

3.1. Telja verður, að stefndi, sem er og var ritstjóri og ábyrgðarmaður Mánudagsblaðsins, beri bæði refsi- og skaðabótaábyrgð á þeim ummælum, sem dómsmál þetta snýst um, samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt, enda er eigi um það deilt í málinu.

Þegar umrædd grein birtist í Mánudagsblaðinu, var stefnandi stjórnarformaður Síldarverksmiðja ríkisins og því opinber starfsmaður. Fallast má á það með stefnanda, að framangreind ummæli séu meiðandi fyrir hann. Í greininni í heild felast aðdróttanir í garð stefnanda, ýmist um vítaverða framkomu hans í umræddu starfi sínu eða grófa vanrækslu hans í því. Ummæli þessi hafa í engu verið réttlætt. Þvert á móti hefur stefndi nú viðurkennt, að þau séu röng.

Brot stefnda ber að heimfæra undir 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en hins vegar er ekki sannað, að 236. gr. eigi hér við.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi jafnframt gerst brotlegur við 108. gr. laga nr. 19/1940. Hér er þess að gæta, að stefnandi rekur mál þetta sem einkarefsimál samkvæmt XXV. kafla laga nr. 19/1940. Af þeim sökum verður nefndri 108. gr. ekki beitt í máli þessu.

Sakavottorð stefnda liggur frammi í málinu. Af því kemur fram, að hann hefur verið dæmdur í 19 málum fyrir brot gegn 108., 229., 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga. Þá er fram komið, að 31. mars 1965 voru kveðnir upp á bæjarþingi Reykjavíkur tveir dómar, þar sem stefnda var refsað fyrir brot gegn 234. og 235. gr. laganna, en þessara dóma er ekki getið á sakavottorði hans. Af þeim málum, sem vottorðið getur um, var eitt dæmt á árinu 1966 og annað á árinu 1968. Eins og hér er ástatt, þykir rétt að hafa hliðsjón af 72. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar stefnda.

Ummæli þau, sem stefnandi hafði um stefnda í fyrrgreindri grein Morgunblaðsins og rakin eru nánar í 2.2. hér að framan, eru sumpart nokkuð hvöss. Hins vegar ber að líta á það, að þau eru höfð uppi sem andsvar stefnanda við vítaverðum aðdróttunum í hans garð. Ummælin þykja ekki þess eðlis, að unnt sé að beita hér 239. gr. almennra hegningarlaga til refsilækkunar.

Að öllu athuguðu þykir refsing stefnda hæfilega ákveðin kr. 30.000, og skal sektin renna í ríkissjóð. Varðhald í 10 daga komi í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan aðfararfrests í málinu.

Samkvæmt 241. gr. almennra hegningarlaga þykir mega ómerkja greinina í heild, enda má fallast á það með stefnanda, að erfitt sé að undanskilja einstakar setningar.

Þá ber samkvæmt 2. mgr. 241. gr. sömu laga að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 10.000 til þess að standast kostnað við birtingu dóms þessa í dagblaði (dagblöðum) í Reykjavík, en fjárhæðinni hefur ekki verið tölulega mótmælt. Þá verður enn samkvæmt 22. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956 tekin til greina krafa stefnanda um, að stefnda sé skylt að birta forsendur dómsins og dómsorð í Mánudagsblaðinu í fyrsta tölublaði, er út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa. Ber að prenta dóminn með sama letri og meginmál blaðsins.

Loks má taka til greina kröfu stefnanda um bætur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga. Er ljóst, að hann hefur orðið fyrir miska. Eru bætur af þessum sökum hæfilega ákveðnar kr. 50.000. Vaxta hefur ekki verið krafist.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem er hæfilega ákveðinn kr. 25.000.

Umboðsmaður stefnanda hefur upplýst, að ekki hafi verið hafist handa um opinbera rannsókn út af sakarefni því, sem hér er til meðferðar. Brot stefnda gat þó varðað við XII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 24. gr. sömu laga. Eins og á stendur þykja ákvæði laga ekki standa í vegi fyrir efnisdómi í máli þessu, sbr. einnig 1. tl. 81. gr. laga nr. 19/1940.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli eru ómerk.

Stefndi, Agnar Bogason, greiði stefnanda, Sveini Benediktssyni, kr. 50.000 í miskabætur, kr. 10.000 til þess að standast kostnað við birtingu dóms þessa í dagblaði (dagblöðum) og kr. 25.000 í málskostnað.

Stefndi, Agnar Bogason, greiði kr. 30.000 sekt til ríkissjóðs. Varðhald í 10 daga komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan aðfararfrests í málinu.

Stefnda, Agnari Bogasyni, er skylt að birta forsendur dómsins og niðurstöðu í fyrsta tölublaði Mánudagsblaðsins, sem

út kemur eftir birtingu dóms þessa. Ber að birta dóminn með sama letri og meginmál blaðsins.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. október 1975.

Nr. 36/1973. **Ole N. Olsen f. h.**
Niðursuðuverksmiðju O. N. Olsen
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Steinari Guðmundssyni
(Jón Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Vinnusamningur. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. febrúar 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum 414.597 krónur ásamt 8% ársvöxtum frá 31. desember 1970 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, og hafa málsaðiljar komið fyrir dóm.

Af hálfu áfrýjanda hefur verið lögð fram ný reikningsgerð út af viðskiptum hans við stefnda, þeim er mál þetta fjallar um. Nema þær fjárhæðir, sem áfrýjandi telur hafa runnið til stefnda samkvæmt reikningsgerð þessari, 723.969

krónum. Fellst stefndi á þessi reikningsskil, að undanskildum einum lið að fjárhæð 148 krónur, og nema þá greiðslur, sem stefndi viðurkennir, alls 723.821 krónu. Stefndi andmælir skaðabótakröfu áfrýjanda, að fjárhæð 95.628 krónur, hér fyrir dómi svo og kröfu hans um húsaleigu, 15.000 krónur. Stefndi krefst þess, að mánaðarlaun sín frá 1. janúar 1971 til 1. júlí s. á. verði talin 40.000 krónur. Þá hefur hann uppi kröfur um, að honum verði dæmd laun allt til 1. maí 1972. Skal nú tekin afstaða til þessara ágreiningsefna.

Áfrýjandi hefur eigi í málatilbúnaði sínum fært viðhlítandi rök fyrir skaðabótakröfu sinni, og ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms, er dæmir stefnda sýknu af þeirri kröfu. Krafa áfrýjanda að fjárhæð 148 krónur er eigi studd viðhlítandi gögnum, og ber að sýkna stefnda af þeim lið í kröfugerð áfrýjanda.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að mánaðarlaun stefnda hafi verið 40.000 krónur frá 1. janúar 1971 til 30. júní s. á. Kröfu hans um laun frá 1. júlí 1971 til 1. maí 1972 tók héraðsdómari eigi til greina, og kemur hún eigi til álita hér fyrir dómi, með því að stefndi hefur eigi áfrýjað málinu af sinni hálfu. Stefndi átti að njóta húsnæðis á Ísafirði leigulaust, meðan hann starfaði hjá áfrýjanda, auk nokkurra annarra hlunninda. Telur stefndi í greinargerð í héraði, að þessi hlunnindi hafi samtals verið „metin á kr. 5.000 á mánuði ...“. Af hálfu áfrýjanda er eigi gerð nein grein, sem hald er í, fyrir húsaleigukröfu þessari, þ. á m. er eigi lýst húsnæði því, sem stefndi bjó í, eða gögn lögð fram um fjárhæð húsaleigu í sambærilegu húsnæði á Ísafirði á þeim tíma, sem hér er um að ræða. Krafa áfrýjanda um húsaleigu er mjög vanreifuð, og ber að vísa henni frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins, að dæma ber stefnda til að greiða áfrýjanda alls 243.821 krónu (723.821 ÷ 480.000). Ber stefnda að gjalda 7% ársvexti af þeirri fjárhæð frá birtingu héraðsdómsstefnu í málinu, hinn 3. febrúar 1972, til 16. maí 1973 og 8% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt þykir að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 70.000 krónur.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Steinar Guðmundsson, greiði áfrýjanda, Ole N. Olsen f. h. Niðursuðuverksmiðju O. N. Olsen, 243.821 krónu ásamt 7% ársvöxtum frá 3. febrúar 1972 til 16. maí 1973 og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 70.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. október 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 9. október 1972, hefur Ole N. Olsen framkvæmdastjóri, Ísafirði, höfðað fyrir hönd einkafyrirtækis síns, Niðursuðuverksmiðju O. N. Olsen, Sundstræti 20 á Ísafirði, með stefnu, birtri 3. febrúar 1972, á hendur Steinari Guðmundssyni, Leifsgötu 9, Reykjavík.

Upphaflegar kröfur stefnanda voru þær, að stefnda yrði gert að greiða honum kr. 285.000 með 8% ársvöxtum frá 31. desember 1970 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Í þinghaldi þann 25. september sl. hækkaði stefnandi kröfur sínar með samþykki lögmanns stefnda, þannig að stefnukrafa hans nemur nú kr. 414.597 með 8% ársvöxtum frá 31. desember 1970 til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda, Steinars Guðmundssonar, hefur verið sótt þing og þær kröfur gerðar, að hann yrði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati réttarins. Jafnframt hefur stefndi með stefnu, birtri 29. september sl., höfðað gagnsök á hendur stefnanda, þar sem þær kröfur eru gerðar, að hann verði dæmdur til að greiða honum kr. 229.179 með 8% ársvöxtum frá 1. maí 1972 til greiðsludags auk málskostnaðar í gagnsök að skaðlausu.

Stefnandi krefst sýknu í gagnsök og að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu í gagnsök.

Sátt var reynd, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að þann 1. maí 1970 réðst stefndi í þjónustu stefnanda með munnlegum samningi aðilja. Ráðningartími hans var til tveggja ára, eða til 30. apríl 1972. Starf hans var fólgið í því að annast bókhald ásamt erlendum bréfaskriftum og að aðstoða stefnanda í vandamáli, er hann átti við að stríða, þ. e. drykkjuskap. Heldur stefndi því fram, að hann hafi upphaflega verið ráðinn til stefnanda aðallega til að aðstoða hann við þetta vandamál hans. Stefnandi heldur því aftur á móti fram, að þetta hafi verið aukastarf stefnda.

Ráðningarkjör stefnda voru þau, að kaup hans var ákveðið kr. 30.000 á mánuði og auk þess frítt húsnæði og sími. Stefnandi telur, að greiða hafi átt fastagjald af síma, en ekki annan símakostnað. Þá hefur stefndi haldið því fram, að kaup hans hafi átt að hækka upp í kr. 40.000 á mánuði frá áramótum 1970/1971. Þessu er mótmælt af stefnanda, en aðspurður fyrir dómi þann 25. september sl. kvaðst hann ekki þora að fullyrða, að þetta gæti ekki verið rétt, en kveðst ekki muna eftir þessu. Stefndi kvaðst í réttarhaldi þessu halda fast við þessa málsástæðu sína.

Stefndi starfaði síðan hjá fyrirtæki stefnanda bæði á Ísafirði og í Keflavík. Meðal annars færði hann upp dagbók fyrirtækisins fyrir árið 1970. Þá byrjaði hann að færa bókhald fyrirtækisins fyrir árið 1971 og tók það heim til sín. Eitt sinn, er hann var að heiman, hringdi kona hans í hann og sagði honum, að bróðir stefnanda, Marthen Olsen, vildi fá bókhaldið. Hann sagði henni að láta hann fá það, en hún skyldi taka úr bókinni þau blöð, er hann hafði fært. Voru blöðin fjarlægð úr bókinni. Aðiljar eru ekki sammála um það, hvort hér var um að ræða lausblaðabók eða bók með tölusettum blaðsíðum og heldur ekki, hvernig þær voru fjarlægðar úr bókinni. Segir stefnandi, að blaðsíðurnar hafi verið skornar úr. Stefndi reif síðan þau blöð, sem þessar færslur voru á, en fylgiskjölin með þeim munu flest vera hjá fyrirtæki stefnanda, en stefnandi heldur því þó fram, að eitthvað af þeim hafi horfið. Atburðir þessir áttu sér stað í byrjun júlí 1971. Um mánaðamótin júní/júlí 1971 fór stefndi í viku sumarfrí í Kerlingarfjöll. Þegar hann kom vestur aftur í byrjun júlí 1971, kveðst hann ekki vegna venslafólks stefnanda hafa fengið að aðstoða hann í veikindum hans eins og áður, en stefnandi kveðst þá hafa sagt stefnda upp. Eftir þetta starfaði stefndi ekki í þágu fyrirtækis stefnanda, en umdeilt er, hvort hann starfaði í hans eigin þágu. Í máli þessu sækir stefnandi stefnda um mismun á þeim

greiðslum, sem hann telur hann hafa móttekið, og því kaupi, er hann telur hann hafa átt að fá frá 1. maí 1970 til 30. júní 1971, en þá hafi stefnda verið löglega sagt upp. Þá krefst hann kr. 100.000 í skaðabætur af stefnda vegna svika og fyrir að fjarlægja bókhaldsblöð úr bókhaldi. Stefnandi finnur kröfur sínar út á eftirfarandi hátt:

„Hér fer á eftir upptalning á sannanlegum greiðslum til Steinars Guðmundssonar. Ávísanir eru á Landsbanka Íslands, útibúið á Ísafirði.

Kr.	10.000.00	áv. nr. 261547
—	30.000.00	— — 278089
—	50.000.00	— — 281992
—	26.945.00	— — 285814
—	130.000.00	— — 285830
—	150.000.00	— — 285845
—	148.00	— — 293659
—	7.000.00	flutningur á búslóð
—	10.000.00	áv. nr. 293686
—	10.000.00	— — 296109
—	10.000.00	— — 293111
—	5.000.00	— — 293125
—	504.00	gr. flutningsgjald á húsgögnum F. Í.
—	30.000.00	áv. nr. 298793
—	30.000.00	— — 303584
—	15.000.00	— — 306683
—	25.000.00	— — 307233
—	40.000.00	— — 308529
—	40.000.00	— — 313024
—	10.000.00	— — 304353
—	20.000.00	— — 304309
—	40.000.00	— — 304396
—	30.000.00	— — 305522
Kr.	719.597.00	

Í kaup frá 1/5 1970 til 30/6 1971 . . . . . kr. 420.000.00
Mismunur er þá skuld Steinars . . . . . — 299.597.00
Ennfremur kr. 5.000.00 á mánuði vegna húsnæðis frá 30/6 til 1/10 . . . . . — 15.000.00
Samtals er þá skuld Steinars . . . . . — 314.597.00

Ennfremur krefst ég skaðabóta frá Steinari vegna svika og að fjarlægja úr bókhaldi kr. 100.000.00".

Áður hafði verið lagt fram annað yfirlit yfir úttekna peninga stefnda. Ber yfirlitum þessum ekki að öllu leyti saman. Samkvæmt því yfirliti, sem saman er tekið af bróður stefnanda, Marthen Olsen, voru úttektir stefnda á tímabilinu frá 1. maí 1970 til 30. júní 1971 kr. 705.821. Stefndi hefur viðurkennt úttektir samkvæmt yfirliti þessu að frádregnum kr. 20.000, sem samkvæmt yfirlitinu er áætlaður símakostnaður fyrir bæði árin. Öðrum úttektum, sem fram koma í aðiljaskýrslu stefnanda, hefur stefndi mótmælt. Einnig hefur hann haldið því fram, að hann hafi átt að fá frían flutning á búslóð frá Reykjavík til Ísafjarðar, en í aðiljaskýrslu er hann skuldfærður fyrir einhverjum slíkum flutningi. Enn fremur hefur hann sérstaklega mótmælt skaðabótakröfu stefnanda að upphæð kr. 100.000.

Stefndi finnur gagnkröfu sína þannig út:

„Kaup það, er umbj. mínum bar frá stefnanda, sundurliðast því þannig:

Kaup frá 1. 5. 1970 til 31. 12. 1970, kr. 30.000.00 pr. mán.	kr. 240.000.00
Kaup frá 1. 1. 1971 til 31. 12. 1971, kr. 40.000.00 pr. mán.	— 480.000.00
Kaup frá 1. 1. 1972 til 30. 4. 1972, kr. 40.000.00 pr. mán.	— 160.000.00
Hlunnindi í peningum frá 1. 10. 1971 til 30. 4. 1972, kr. 5.000.00 pr. mán.	— 35.000.00
	Kr. 915.000.00

Upp í þessa upphæð telur umbj. minn, að hann hafi fengið kr. 685.821.00, en það eru úttektir hans, sbr. rskj. 2. Áætluðum símakostnaði á rskj. 2 er mótmælt, þar sem umbj. minn hafði frían síma".

Er þar reiknað með hækkuðu kaupi frá áramótum 1970—1971.

Bú stefnda mun hafa verið undir gjaldþrotaskiptum, þá er hann réðst í þjónustu stefnanda. Úttektir hans munu hafa stafað af því, að hann stóð í bílakaupum á því tímabili, sem um getur í málinu, svo og fleiri orsökum.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm, og lagði hann þar fram aðiljaskýrslu, þar sem hann segir frá því, að þá er stefndi átti að

vinna í hans þágu í Keflavík, hafi hann stundað vinnu mjög illa og hafi hann oft á tíðum verið fjarverandi í sambandi við sín einkamál, ýmist í Reykjavík, Ólafsvík eða annars staðar. Það hafi ekki komið fyrir, að hann bæði um frí frá vinnu, heldur hafi hann hreinlega horfið. Þegar hann hafi hafið störf á Ísafirði á ný eftir Keflavíkurdvölina, hafi hann byrjað á bókhaldsvinnu, en hagað sér eins og hann þyrfti ekki að vinna nema endrum og eins. Þegar fram í júlí kom, hafi mátt heita, að hann væri algerlega hættur störfum og hafi honum þá verið sagt upp. Á þessum tíma hafi hann tekið bókhald fyrirtækisins heim til sín, en þegar sækja átti það til hans, hafi hann fjarlægt allt úr því, sem hann hafði unnið, frá því hann kom frá Keflavík. Stefnandi sagði það hafa valdið stórum skaða og vandræðum, að stefndi fjarlægði úr bókhaldinu.

Þá sagði stefnandi, að stefndi hefði átt að vera fastur starfsmaður fyrirtækisins og ekki hafi verið um það samið, að hann mætti vera laus frá. Hann kvað sig minna, að hann hefði sagt stefnda upp starfinu í síma. Hann hefði eiginlega strax á eftir sent Marthen Olsen, bróður sinn, eftir bókhaldi fyrirtækisins til stefnda, en þá hafi ekkert bókhald verið til, þ. e. a. s. ekkert sem stefndi afhenti. Hann kvaðst hafa vitað, að stefndi hefði verið búinn að færa þrjá eða fjóra mánuði. Stefndi hefði skorið blöð úr dagbók þeirri, sem hann hefði haft undir höndum, og jafnframt hefðu horfið fylgiskjöl. Bókhaldinu hefði ekki verið mögulegt að koma í lag fyrir þennan tíma. Hann kvaðst ekki geta um það sagt, hvort hann hefði skaðast á þessu fjárhagslega, öðru vísi en þessi vinna stefnda hafi verið honum ónýt, svo og ef til vill eitthvað í sköttum. Hann sagði ekkert hafa verið um það rætt í upphafi þeirra í milli, hvernig segja mætti stefnda upp á ráðningartímabilinu. Stefndi hefði í raun sagt sér upp sjálfur.

Hann kvaðst hafa lánað stefnda það fé, sem hann greiddi honum umfram kaup. Hann hefði lánað honum fé til að kaupa bifreið, sem stefndi keypti notaða frá Þýskalandi. Einnig hafi hann lánað honum fé handa Magnúsi, syni stefnda.

Stefndi, Steinar Guðmundsson, hefur komið fyrir dóminn. Hann sagði, að í upphafi hefði verið um það rætt, að hann réðist til tveggja ára tímabils, þ. e. frá byrjun maí 1970. Kaup hafi í upphafi átt að vera kr. 30.000 á mánuði. Að auki koma ýmis hlunnindi, svo sem frítt húsnæði og sími, flutningur á búslóð aðra leiðina. Í byrjun febrúar 1971 hefði verið um það rætt, að hann fengi hærra kaup. Um þetta hafi verið rætt í sambandi við

það, að hann reyndi að fá sig lausan, bæði hafi hann verið orðinn uppgefinn á starfinu og einnig hafi honum boðist starf á Selfossi fyrir betra kaup. Stefnandi hafi fallist á að greiða honum kr. 40.000 frá áramótum 1971.

Hann sagði, að um mánaðamótin júní—júlí 1971 hefði komið til mála, að hann tæki við framkvæmdastjórn við fyrirtækið. Hann hafi neitað því og sagst ekki geta það, í fyrsta lagi af persónulegum ástæðum og í öðru lagi hefði hann fólk stefnanda á Ísafirði á móti sér. Hann kvaðst hafa verið beðinn um þetta af Sigurði Stefánssyni endurrskoðanda. Sigurður hefði jafnframt beðið hann að erinda nokkuð fyrir sig, þá er hann kæmi vestur til Ísafjarðar. Hann kvaðst hafa rækt erindið, þegar hann kom vestur. Hann kvaðst telja þetta vera ástæðuna fyrir því, að hann var látinn hætta í þjónustu fyrirtækisins. Hann hafi hætt í þjónustu stefnanda þann 22. september 1971. Hafi hann þá afhent lykla að íbúð þeirri, er hann hafði til umráða, til bankastjóra Landsbankans á Ísafirði og hafi Sæmundur Bjarkan, sem þá var orðinn framkvæmdastjóri fyrirtækisins O. N. Olsen, skoðað íbúðina í því tilefni.

Hann kvaðst mest hafa aðstoðað stefnanda persónulega og hafi það verið hans aðalstarrf. Eftir að upp úr slitnaði milli hans og venslafólks stefnanda, kvaðst hann hafa farið suður til Reykjavíkur til að fá stefnanda lagðan inn á hæli vegna veikleika hans, en það hafi ekki tekist. Allt þetta umstang hafi tekið mikinn tíma. Hann kvaðst hafa gert þetta í krafti ráðningarsamningsins, en hvorki samkvæmt beiðni stefnanda né venslamanna hans. Hann kvaðst æ ofan í æ hafa haft samband við stefnanda eftir 22. september 1971 og boðið fram vinnu sína.

Stefnandi kom að gefnu tilefni aftur fyrir dóminn og sagði þá, að hann hefði haft einu sinni samband við stefnda, eftir að stefndi hvarf úr þjónustu hans, og spurt hann, hvers vegna hann hefði skorið blöðin úr dagbókinni. Stefndi hafi þá sagt, að hann hefði ekki viljað afhenda Marthen blöðin. Hann kvaðst ekki halda fast við það, að hann hefði sagt stefnda upp formlega, en stefndi hafi a. m. k. farið úr bænum mjög fljótlega, og kvaðst hann hafa vitað, að stefndi tók það sem uppsögn, að bókhaldið var tekið af honum, enda hafi hann ekki reynt að koma í vinnu til hans eftir það. Við samprófun hélt stefnandi því fram, að aldrei hefði verið um það talað, að stefndi ætti að fá frían flutning á búslóð sinni vestur, en stefndi hélt fast við það og benti á, að hann væri ekki rukk-

aður fyrir kr. 12.000, sem áður höfðu verið greiddar fyrir búslóðarflutninginn. 7.000 króna flutningurinn hefði komið mörgum mánuðum seinna, eða í mars 1971.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á því, að stefndi hafi gerst sekur um stórfellt samningsrof gagnvart honum. Hann hafi skorið burt blöð úr dagbók bókhalds hans og látið fylgiskjöl hverfa. Þetta athæfi stefnda varði við 17. gr., 2. mgr., laga nr. 51/1968 og 158. gr. almennra hegningarlaga. Af þessum sökum hafi mátt segja stefnda fyrirvaralaust upp. Þá mótmælir stefnandi því, að ráðningarsamningur stefnda hafi verið óuppsegjanlegur, og einnig, að kaupið hafi átt að hækka á samningstímabilinu úr kr. 30.000 í kr. 40.000. Kröfu sína í málinu byggir stefnandi á upptalningu úttekta stefnda í aðiljaskýrslu, svo sem að framan er rakið.

Stefndi byggir málatilbúnað sinn á því, að ráðningarsamningurinn hafi verið óuppsegjanlegur. Hann hafi átt að fá í kaup fyrir ráðningartímabilið frá 1. maí 1970 til 30. apríl 1972 kr. 915.000, en hafi aðeins fengið kr. 685.821. Hann krefjist því mismunarins í gagnsök. Honum hafi að heldur aldrei verið sagt upp formlega, heldur hafi honum verið gert ógerlegt að starfa. Þá telur hann sig alla vega eiga þriggja mánaða uppsagnarfrest, ef dómurinn kæmist að þeirri niðurstöðu, að segja hafi mátt honum upp. Sérstaklega mótmælir stefndi því, að honum sé samkvæmt reikningum stefnanda gert að greiða flutningskostnað, sem hann hafi átt að fá ókeypis. Hann heldur fast við það, að kaupið hafi átt að hækka á ráðningartímabilinu, og mótmælir þeim greiðslum, sem stefnandi telur hann hafa fengið og fram koma í aðiljaskýrslu stefnanda, en ekki yfirliti Marthens Olsens.

Ekki er í ljós leitt, að stefnda hafi verið sagt upp starfi formlega, en fram er komið, að um mánaðamótin júní—júlí 1971 var bókhald fyrirtækis stefnanda tekið af stefnda. Stefndi heldur því sjálfur fram, að hann hafi eftir þessi mánaðamót ekki fengið að aðstoða stefnanda í veikindum hans vegna venslafólks hans. Þykir af þessu leiða, að eftir þessi mánaðamót hafi stefndi mátt telja sig farinn úr þjónustu stefnanda. Ósönnuð eru frekari störf hans í þjónustu stefnanda. Það þykir þannig vera til úrlausnar í málinu, hvort segja mátti stefnda upp starfi hans á ráðningartímabilinu, og þá með hvaða fyrirvara.

Stefnandi þykir ekki hafa fært sönnur á, að uppsagnarástæður hafi verið til staðar, áður en bókhaldið var tekið af stefnda.

Stefndi lét hins vegar fjarlægja blöð úr dagbók stefnanda, þegar hann frétti, að taka ætti af honum bókhaldið, en stefnandi er samkvæmt 2. gr., B, 14. tl., laga nr. 51/1968 bókhaldsskyldur og háttsemi stefnda því andstæð 17. gr., 1. mgr., þeirra laga. Stefndi hefur játað að hafa síðar eyðilagt þau og þar með a. m. k. gert að engu árangur hluta vinnu sinnar í þjónustu stefnanda. Hann hefur ekki sýnt fram á ástæður, sem réttlætt geta þessa breytni hans. Af þessum sökum þykir hann hafa fyrirgert rétti til hugsanlegra bóta fyrir ólögmæta uppsögn. Stefndi hefur viðurkennt úttektir samkvæmt yfirliti Marthens Olsens að upphæð kr. 705.821 að frádregnum kr. 20.000 í símakostnað. Rétt þykir þannig að taka úttektir að upphæð kr. 685.821 til greina. Símakostnaður er samkvæmt yfirlitinu áætlaður. Játað er, að stefndi átti að fá fastagjald síma greitt. Reikningar hafa ekki verið lagðir fram fyrir þessum símakostnaði. Hann er því ekki tekinn til greina. Stefndi hefur mótmælt öðrum úttektum. Samræmi hefur ekki fengist milli úttekta samkvæmt aðiljaskýrslu stefnanda og yfirlits Marthens Olsens. Fylgiskjöl, sem varpa kynnu ljósi á úttektir samkvæmt aðiljaskýrslu, hafa ekki verið lagðar fram. Af þessu leiðir, að skýrsla stefnanda verður ekki lögð til grundvallar úttektum stefnda. Krafa stefnanda um húsaleigu, kr. 5.000 á mánuði frá 30. júní—1. október 1971, þykir ekki nægilega rökstudd. Bæði er óupplýst, með hversu hárri húsaleigu aðiljar reiknuðu í samskiptum sínum, svo og þykir verða að áætla stefnda einhvern tíma til að taka sig upp.

Skaðabótakrafa stefnanda verður ekki tekin til greina þegar af þeirri ástæðu, að þótt líkur séu að því leiddar, að stefnandi hafi orðið fyrir fjárhagstjóni af völdum stefnda, verður ekki af gögnum málsins séð, hversu miklu það nam. Þegar metið er, hversu mikið kaup stefnda bar fram til 30. júní 1971, þykir verða að leggja til grundvallar fullyrðingu hans um það, að kaupið hafi átt að hækka frá áramótum 1970—1971, enda treysti stefnandi sér ekki til að fullyrða, að þetta gæti ekki verið rétt. Niðurstaða sakar og gagnsakar verður því sú, að aðalstefnda ber að greiða aðalstefnanda mismun þess, sem hann hefur sannanlega úttekið, eða kr. 685.821, og þess kaups, er hann átti að bera úr býtum fram til 30. júní 1971, eða kr. 480.000, þannig samtals kr. 205.821.

Rétt þykir að miða vexti við 30. apríl 1972, en þá átti aðalstefndi að hverfa úr þjónustu aðalstefnanda, og ákveðast þeir 7% á ári.

Samkvæmt úrslitum máls þessa þykir rétt, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda kr. 30.000 í málskostnað.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Steinar Guðmundsson, greiði stefnanda, Ole N. Olsen f. h. einkafyrirtækis hans, Niðursuðuverksmiðju O. N. Olsen, kr. 205.821 með 7% ársvöxtum frá 30. apríl 1972 til greiðsludags og kr. 30.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri ábyrgð lögum samkvæmt.

Fimmtudaginn 16. október 1975.

Nr. 144/1975. **Emma Þorsteinsdóttir og Jón Þorsteinsson**
gegn
Þorsteini Aðalsteinssyni
Gunnari og Þorsteini Þorsteinssonum og
Sýslumanninum í Þingeyjarsýslu.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Kærumál. Dómkvaðning. Réttarneitun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 25. september 1975, sem barst Hæstarétti 8. október s. á., hafa sóknaraðiljar kært „úrskurð" sýslumannsins í Þingeyjarsýslu í bréfi hans 18. september 1975. Krefjast þeir þess, að synjun héraðsdómara um dómkvaðningu landskiptamanna verði hrundið og að lagt verði fyrir hann að dómkveðja þrjá óvilhalla menn til að framkvæma landskipti, en til vara að dómkveðja fjóra eða fimm yfirlandskiptamenn í sama skyni. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi

varnaraðilja Þorsteins Aðalsteinssonar og Gunnars og Þorsteins Þorsteinssona.

Hvorki hefur borist kröfugerð né greinargerð frá varnaraðiljum.

Málavextir eru þessir samkvæmt gögnum máls.

Hinn 18. október 1973 kvaddi sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu að kröfu sóknaraðilja oddamann til þess að framkvæma ásamt úttektarmönnum Skútustaðahrepps landskipti á landi Geiteyjarstrandar II. Hinn 9. október 1974 kvöddu landskiptamenn þessir aðilja á fund að Geiteyjarströnd. Í fundargerð frá fundi þessum segir m. a. svo: „Fyrir fundinum lá að skipta 1/16 hluta jarðarinnar út úr, samkvæmt kröfu Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns f. h. Emmu Þorsteinsdóttur og Jóns Þorsteinssonar. Emma og Jón eru eigendur að hluta af lögbýlinu Geiteyjarströnd II. Skiptamenn líta svo á, að landskiptalög nr. 46 frá 27. júní 1941, 1. gr., heimili ekki skipti nema á milli lögbýla og að eigendur að hluta úr lögbýli geti því ekki fengið sínum hluta út skipt. Skiptamenn eru því sammála um að hafna framkominni skiptakröfu".

Sýslumaður Þingeyjarsýslu sendi lögmanni sóknaraðilja fundargerð landskiptamanna með bréfi 16. janúar 1975.

Lögmaðurinn ritaði sýslumanni bréf 21. s. m., og segir þar m. a. svo:

„Ég verð því að beiðast þess, að þér, herra sýslumaður, leggið fyrir landskiptamennina að láta af mótmælum sínum og framkvæma skiptin eins og þeim ber skylda til. Ef ekki reynist auðið að fá þessa landskiptamenn til að gegna skyldu sinni, þá neyðist ég til að beiðast þess, að þér hlutist til um að dómkveðja aðra þrjá óvilhalla og hæfa menn til að framkvæma umbeðin landskipti".

Hinn 5. júní 1974 spurðist lögmaðurinn fyrir um það í bréfi til sýslumanns, hvort hann mætti vænta svars við bréfi þessu, og hinn 20. júní s. á. ritaði lögmaðurinn sýslumanni enn bréf. Segir þar í upphafi: „Með vísan til vinsamlegs viðtals við yður, herra sýslumaður, þann 5. þ. m., leyfi ég mér hér að beiðast þess, að þér hlutist til um, að fram fari yfir-

landskipti á jörðinni Geiteyjarströnd II í Skútustaðahreppi. Er þess beiðst, að þér dómkveðjið 4 óvilhalla og hæfa menn til að framkvæma yfirlandskipti samkvæmt 6. gr. laga nr. 46/1941".

Hinn 18. september 1975 ritaði sýslumaður lögmanni sóknaraðilja bréf, þar sem m. a. segir svo:

„Ég vísa til bréfa yðar, dags. 21. jan. 1975 og 5. júní 1975, og svo símtala þeirra, er við höfum átt um landskipti á Geiteyjarströnd.

Eins og okkur er báðum kunnugt, varð niðurstaða landskiptamannanna Stefáns Skaftasonar, Helga Jónassonar og Sigurðar Þórissonar, sbr. landskiptafund þeirra 9. október 1974, að landskiptalög nr. 46 frá 27. júní 1941, 1. gr., heimili ekki skipti nema á milli lögbýla, og að eigendur að hluta úr lögbýli geti ekki fengið sínum hluta út skipt. . . .

Með bréfinu, dags. 21. jan. s. l., beiddust þér, að ég kveddi til nýja þrjá óvilhalla og hæfa menn til að framkvæma skiptin. Ég lét ekki af því verða að kveðja nýja þrjá menn til að framkvæma skiptin, þar sem ég taldi mig ekki á þann hátt geta ógilt umboð löglegra skiptamanna.

Hins vegar taldi ég yfirlandskiptagerð geta komið til greina. En beiðni yðar um slíka yfirlandskiptagerð kom ekki fram, fyrr en eftir að 6 mánaða frestur samkvæmt 5. gr. i. f. var liðinn. Ég taldi samt orka nokkuð tvímælis, hvort yfirmat ætti ekki að geta farið fram, þrátt fyrir að fresturinn væri liðinn, þar sem engin skipti höfðu farið fram við undirskiptagerðina. Rétt taldi ég þó að láta ákvörðun um það velta á afstöðu undirmatsmanna. Þeir töldu réttara að láta úrslit málsins velta á úrskurði dómstóla fremur en áliti yfirmatsmanna. . . .

Að þessu athuguðu tel ég rétt, að umbjóðandi yðar leiti réttar síns fyrir dómstólum, ef hann telur undirlandskiptamenn hafa gert sér órétt með ákvörðun sinni 9. okt. 1974".

Bréf þetta verður eigi skilið á annan veg en þann, að sýslumaður neiti að taka til meðferðar hina umbeðnu dómsathöfn.

Kærumál þetta er dæmt í Hæstarétti samkvæmt lokaákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973.

Héraðsdómara ber að taka beiðni sóknaraðilja um dómkvaðningu til meðferðar á dómþingi og taka afstöðu til hennar í úrrskurðarformi, sbr. ákvæði 190. gr. laga nr. 85/1936.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Sýslumanninum í Þingeyjarsýslu ber að taka beiðni sóknaraðilja, Emmu Þorsteinsdóttur og Jóns Þorsteinssonar, um dómkvaðningu landskiptamanna til meðferðar á dómþingi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 17. október 1975.

Nr. 87/1975. **Sigurður Jónsson**
gegn
Hrafni Bragasyni borgardómara.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Kærumál. Dómarar. Þinghöld.

Dómur Hæstaréttar.

Með bréfi til varnaraðilja 14. maí 1975 kærði Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður vegna sóknaraðilja til Hæstaréttar „meðferð" varnaraðilja í þinghaldi 7. maí s. á. á bæjarþingsmálinu nr. 5574/1974: Jón V. Guðjónsson gegn Sigurði Jónssyni og gagnsök. Kærubréfinu fylgdi lögmælt kærugjald. Varnaraðili endursendi hæstaréttarlögmanninum kærubréfið ásamt kærugjaldinu sama dag og tók fram í bréfi, er fylgdi, að honum væri veittur kostur „á að leiðrétta mis-

sagnir í kærunni eða draga hana til baka". Eigi verður séð, að hæstaréttarlögmaðurinn hafi svarað bréfi þessu eða gert frekari reka að kærunni.

Ljósrit af eftirriti fyrrgreinds kærubréfs frá 14. maí 1975 barst Hæstarétti 23. maí s. á. og þá undirritað af sóknaraðilja. Er þess þar krafist, að í Hæstarétti verði varnaraðilja „veitt áminning" eða hann verði „dæmdur í sekt til ríkissjóðs".

Í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti 20. júní 1975 ítrekar sóknaraðili kröfur sínar í kærubréfinu og krefst þess að auki, að varnaraðili verði víttur fyrir meðferð sína á kærumálinu.

Varnaraðili hefur í greinargerð vísað á bug öllum kröfum sóknaraðilja.

Samkvæmt skýrslum sóknaraðilja eru atvik máls þessa þau, að hinn 7. maí 1975 var á bæjarþingi Reykjavíkur háð þinghald í fyrrgreindu bæjarþingsmáli, og sat varnaraðili í dómarasæti. Sóknaraðili, sem var gagnstefnandi í málinu, kveðst hafa verið kvaddur í dómsalinn, og hafi sættir þá verið reyndar í málinu. Hafi hann gert grein fyrir, hvers vegna hann vildi eigi tak sáttaboði, er varnaraðili hafi hreyft. Varnaraðili hafi þá skyndilega risið á fætur, gert hróp að sér, lamið í borðið og boðið sér að víkja úr dómsalnum. Síðan hafi varnaraðili krafist þess, að lögmaður sóknaraðilja viki sóknaraðilja úr dómsalnum. Að svo búnu hafi varnaraðili látið bóka, að bæjarþingi væri slitið og horfið á braut, án þess að lögmönnum aðilja gæfist kostur á að andmæla „slíkri málsmeðferð".

Í bréfi sínu 14. maí 1975 til lögmanns sóknaraðilja bendir varnaraðili á, að þegar aðalstefnandi í fyrrgreindu bæjarþingsmáli hafi lokið við að gefa aðiljaskýrslu, hafi sóknaraðili verið kvaddur að nýju í dómsal í því skyni að reyndar yrðu sættir með aðiljum, en ekki hafi þessa verið getið í þingbók. Sóknaraðili hafi hafnað sáttatillögum dómarans (varnaraðilja) og hafið „utan dagskrár mikil ræðuhöld ... og varð ekki stöðvaður þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir dómara". Hafi sér því verið „nauðugur einn kostur að víkja honum úr þinghaldi, sbr. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 85/1936". Þar

sem sóknaraðili hafi þá tekið að meiðyrða sig, hafi varnaraðili neyðst til að slíta þinghaldinu. Þá bendir varnaraðili á, að lögmenn aðilja hafi undirritað þingbók án athugasemda.

Svo sem að framan er rakið, endursendi varnaraðili lögmanni sóknaraðilja kærubréf hans, en afgreiddi eigi kæruna til Hæstaréttar ásamt lögmæltum gögnum, svo sem honum bar, sbr. 24., 27. og 28. gr. laga nr. 75/1973. Þegar þessa er gætt, verður að telja, að kæran hafi komið fram nægilega tímanlega, sbr. 22. gr. laga nr. 75/1973. Svo sem kæruefni þessu er háttað, er kæra heimil samkvæmt lokaákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973.

Skýrslu sóknaraðilja um framkomu varnaraðilja á bæjarþingi Reykjavíkur er andmælt efnislega af varnaraðilja. Skýrsla þessi er ekki studd neinum gögnum. Er því eigi sannað, að varnaraðili hafi sýnt af sér óviðurkvæmilega háttsemi á dómþingi 7. maí 1975, svo sem sóknaraðili ber honum á brýn. Þegar af þessari ástæðu eru eigi efni til að taka til greina kröfur sóknaraðilja í máli þessu.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist.

Dómsorð:

Kröfur sóknaraðilja, Sigurðar Jónssonar, á hendur varnaraðilja, Hrafni Bragasyni borgardómara, eru eigi teknar til greina.

Mánudaginn 20. október 1975.

Nr. 37/1974. **Pálmar Magnússon og**
Aðalheiður Steinþórsdóttir
(Jóhann H. Níelsson hrl.)
gegn
Byggingarsamvinnufélaginu Lundi
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Byggingarsamvinnufélög. Reikningsskil. Byggingarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 15. febrúar 1974. Krefjast þau sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að þeim verði aðeins dæmt að greiða honum 55.000 krónur. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Fram hafa verið lögð nokkur ný gögn. Kemur þar m. a. fram, að félagsmálaráðuneytið staðfesti samþykktir stefnda 11. október 1968.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur óskipt til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Pálmar Magnússon og Aðalheiður Steinþórsdóttir, greiði óskipt stefnda, Byggingarsamvinnufélaginu Lundi, 50.000 krónur í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 16. nóvember 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 25. október sl., hefur Byggingarsamvinnufélagið Lundur, Akureyri, höfðað með stefnu, útgefinni 23. nóvember 1972, á hendur Pálmari Magnússyni kennara, Fálkagötu 1, Reykjavík, og Aðalheiði Steinþórsdóttur, Espilundi 3, Akureyri, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 263.870.40 með 10% ársvöxtum frá 1. júní 1971 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Undir rekstri málsins lækkaði stefnandi kröfu sína þannig, að hún nemur kr. 254.006.30 með 7% ársvöxtum frá 1. júní 1971 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu hafa aðallega krafist sýknu af kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur hans verði stórlega lækkaðar. Jafnframt krefjast þau málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir.

Haustið 1967 var Byggingarsamvinnufélagið Lundur, Akureyri, stofnað, og eru samþykktir félagsins dagsettar 7. september það ár. Eigi verður séð, að þær hafi hlotið staðfestingu félagsmálaráðuneytis. Tilgangur félagsins var að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína í samræmi við ákvæði laga um byggingarsamvinnufélag, að safna eignarframlögum félagsmanna og að reka lánastarfsemi.

Framkvæmdir á vegum félagsins hófust vorið 1968. Var þá byrjað að reisa 6 einbýlishús við Espilund á Akureyri, nr. 1, 3, 5, 7, 9 og 11, í sérstökum byggingarflokki og tekið við byggingu hússins nr. 5 við Hamragerði á Akureyri, sem byrjað var að reisa, einnig í sérstökum byggingarflokki.

Fyrirhugað var að afhenda væntanlegum kaupendum húsin við Espilund sem næst fullfrágengin, og var áætlaður kostnaður við byggingu hvers þeirra kr. 1.200.000.00 til 1.300.000.00. Fjárhagsvandræði steðjuðu þegar að félaginu, og var þá ákveðið að afhenda húsin fokheld.

Stefndi Pálmar flutti til Akureyrar í septembermánuði 1968 ásamt eiginkonu sinni, meðstefndu Aðalheiði Steinþórsdóttur. Leitaði hann fljótlega til framkvæmdastjóra stefnanda, Níelsar Hanssonar, sem jafnframt er formaður stjórnar félagsins, eftir

að hafa séð félagið auglýsa íbúðir til sölu. Upplýsti framkvæmdastjórinn, að húseignin nr 3 við Espilund væri til sölu, og kveður stefndi, að framkvæmdastjórinn hafi jafnframt sagt, að verð á eigninni fokheldri með tveimur útidyrahurðum og gleri í gluggum mundi verða 500 til 550 þúsund krónur.

Ákvað stefndi að festa kaup á eigninni, og lét hann rita samning um kaupin fyrir sig og fór síðan með hann til framkvæmdastjóra félagsins. Rituðu þeir undir samninginn þann 9. september 1968, og innti stefndi þá af hendi greiðslu, sem honum bar að greiða við undirskrift samningsins.

Nauðsyn þykir bera til að tilfæra hér meginefni samningsins.

„Bsf. Lundur, hér nefndur seljandi, og Pálmar Magnússon, Kvíabólsstíg 1, Neskaupstað, félagi í ofanskráðu félagi, hér nefndur kaupandi, gera með sér svofelldan SAMNING.

Seljandi skuldbindur sig til að byggja húseignina nr. 3 við Espilund á Akureyri og afhenda hana kaupanda til eignar fokhelda fyrir kostnaðarverð (áætlað verð kr. 550.000.00). Skal byggingaframkvæmdum hraðað svo sem unnt er og þeim hagað á sem hagkvæmastan hátt fyrir kaupanda.

Kaupandi greiði við undirskrift samnings þessa kr. 200.000.00 — tvöhundruðþúsundkrónur $^{00}/_{100}$ —. Eftirstöðvar verðsins, eins og það kemur til með að reynast á húsinu fokheldu, fær seljandi greiddar, er lán Húsnæðismálastjórnar verður veitt út á húsið, og tekur seljandi við þeim lánum, en endurgreiðir kaupanda það, sem fram yfir kostnaðarverð kann að verða.

Hin selda fasteign skal færð á nafn kaupanda, þegar er fyrri hluti láns Húsnæðismálastjórnar hefur verið veittur út á hana.

Kaupandi skuldbindur sig til að skipta við seljanda með áframhald byggingarinnar, eftir að hún er fokheld, enda lofar seljandi að taka þær framkvæmdir að sér fyrir kostnaðarverð á reikning kaupanda.

Réttindi og skyldur aðila samkvæmt samningi þessum fara í einu og öllu eftir samþykktum bsf. Lundar og lögum nr. 36/1952, enda hefur kaupandi áður gengist undir greindar samþykktir, er hann gerðist félagi".

Stefndi Pálmar kveður húsið hafa verið uppsteypt með gluggagrindum, þaki og steyptum sökklum bifreiðargeymslu, þegar samningurinn var undirritaður. Hafi hann þá þegar byrjað að vinna og láta vinna við framhald byggingarinnar, en af hálfu stefnanda hafi lítið eða ekkert verið unnið við hana, hins vegar hafi stefnandi tekið út eitthvað af efni í þágu hússins. Samkvæmt

vottorði byggingarfulltrúa Akureyrarbæjar varð húsið Espilundur 3 fokhelt þann 26. september 1968. Sama dag urðu húsin nr. 1 og 5 fokheld. Húsin nr. 7 og 9 urðu fokheld þann 30. sama mánaðar og húsið nr. 11 þann 23. október sama ár.

Stefndi Pálmar kveðst hafa spurt framkvæmdastjórann, hvort áætlaða verðið, sem tilgreint er í samningnum, gæti ekki breyst um 10%, en framkvæmdastjórinn hafi sagt það af og frá og að það mundi ekki einu sinni breytast um 5%. Framkvæmdastjórinn hefur hins vegar staðhæft, að hann hafi sagt öllum félagsmönnum, að áætlaða verðið gæti að minnsta kosti breyst um 10%.

Vitnið Gunnar Randversson, kaupandi hússins nr. 1 við Espilund, kvaðst hafa gerst félagsmaður í byggingarsamvinnufélaginu og ákveðið kaup á nefndu húsi vorið 1968. Hafi átt að afhenda húsið fokhelt með bifreiðargeymslu og verð þess verið áætlað kr. 500 til 520 þúsund.

Vitnið Gústaf Oddsson, kaupandi hússins nr. 9 við Espilund, kvaðst hafa ákveðið kaup nefnds húss, áður en byggingarframkvæmdir hófust vorið 1968. Afhenda hafi átt húsið fokhelt og verð þess verið áætlað kr. 550 til 600 þúsund.

Vitnið Sigurður Emil Ragnarsson, kaupandi hússins nr. 11 við Espilund, kvaðst hafa gerst félagi í byggingarsamvinnufélaginu og kaupandi nefnds húss þann 4. september 1968. Kvað hann framkvæmdastjóra félagsins hafa sagt, að verð hússins fokhelds með uppsteyptum grunni bifreiðargeymslu væri áætlað kr. 550 til 600 þúsund. Fram hefur verið lagt myndrit af samningi stefnanda og Sigurðar Emils, dags. 4. september 1968. Í samningnum segir, að Bsf. Lundur skuldbindi sig til þess samkvæmt reglugerð félagsins að byggja húsið Espilund 11 algerlega fyrir kostnaðarverð og hraða byggingarframkvæmdum eins og unnt er og sem hagkvæmast fyrir kaupanda. Kaupandi greiði kr. 200.000.00 við undirritun samnings og síðan eftir þörfum. Áætlaðs verðs hússins er ekki getið í samningnum.

Óumdeilt er, að stefndu fengu húsið afhent fokhelt með gleri í gluggum, tveim útidyrahurðum, tvöföldu pappalagi á þaki, frágenginni skolp- og vatnslögn og steyptum sökklum bifreiðargeymslu. Hefur framkvæmdastjóri félagsins haldið því fram, að í áætluðu verði hússins hafi ekki verið reiknað með gleri í gluggum, útidyrahurðum eða frágenginni skólp- og vatnslögn. Hins vegar hafi verið gert ráð fyrir því, að bifreiðargeymsla yrði afhent fokheld.

Með yfirlýsingu, útgefinni 5. nóvember 1968, lýsti stjórn stefnanda því yfir, að bæði stefndu væru „réttir og skilyrðislausir eigendur að íbúðarhúsinu nr. 3 við Espilund á Akureyri, enda hafa þau að fullu staðið við umbeðnar greiðslur fyrir eignina fokhelda, en sannanleg efnisúttekt og vinna fengin hjá Bsf. Lundi umfram fokhelt ástand greiðist samkvæmt framlögðum reikningum.

Ennfremur staðfestist það hér með, að ábyrgð eigenda á lánum við byggingarsamvinnufélagið nær aðeins til láns Húsnæðismálastjórnar, kr. 390.000.00 — kr. þrjúhundruðogníutíuþúsundkrónur $^{00}/_{100}$“.

Framkvæmdastjóri félagsins og þrír stjórnarmenn þess, þeir Ármann Þorgrímsson, Ingvi Rafn Jóhannsson og Jón Viðar Guðlaugsson, sem yfirlýsinguna undirrituðu, halda því fram, að þeir hafi undirritað hana samkvæmt beiðni stefnda Pálmars og hafi henni verið ætlað að gera honum kleift að hefja lán út á húsið.

Stefndi Pálmar hefur hins vegar haldið því fram, að hann hafi verið búinn að leggja það mikið fé í húsbygginguna, að hann hafi talið nauðsynlegt að fá viðurkenningu stjórnar félagsins á því, að hann ætti húsið. Hafi hann þess vegna leitað til framkvæmdastjóra félagsins með yfirlýsinguna og fengið hana undirritaða af stjórn þess.

Samkvæmt áritun á nefnda yfirlýsingu var hún móttekin til innfærslu í veðmálabækur Akureyrar þann 18. september 1969.

Viðskiptareikningur stefnda hjá stefnanda, dagsettur 1. ágúst 1972, ber það með sér, að hann hafi greitt kr. 200.000.00 inn á reikning sinn, þegar nefnd yfirlýsing var undirrituð, en jafnframt kvaðst stefndi hafa verið búinn að veita stjórn stefnanda heimild til þess að hefja lán hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins á hans nafni að upphæð kr. 390.000.00 eða kr. 400.000.00.

Í desemberrmánuði 1968 sendi framkvæmdastjóri stefnanda kaupendum húsanna við Espilund áramótauppgjör, sem dagsett er 15. þess mánaðar. Í uppgjörinu kemur fram, að heildarkostnaður við byggingu húsanna nemur ca kr. 4.450.000.00, þ. e. kr. 740.833.33 á hvert hús. Niðurstaða uppgjörsins varðandi Espilund nr. 3 er á þann veg, þegar tekið hafði verið tillit til væntanlegs láns Húsnæðismálastofnunar ríkisins og innborgunar stefnda, að eftir standa ógreiddar kr. 275.063.00. Til grundvallar uppgjörinu kvaðst framkvæmdastjórinn hafa lagt reikninga, sem hann vissi, að tilheyrðu byggingarkostnaði húsanna, auk þess sem hann hafi áætlað einhvern kostnað. Bókhald félagsins hafi hann ekki haft

til hliðsjónar. Hafi hann ætlað að gefa félagsmönnum einhverja, en ekki nákvæma, hugmynd um, hvernig málin stæðu og sérstaklega, hvað þeir þyrftu að greiða fyrir áramótin.

Stefndi Pálmar segir, að kaupendur húsanna hafi orðið mjög óánægðir, þegar þeim barst áramótauppgjörið, sem áður er nefnt, og þeir rætt málið mikið sín á milli. Kvaðst hann hafa gengist fyrir því, að þeir óskuðu eftir útnefningu matsmanna til að meta húseignir þeirra til peningaverðs. Matsbeiðnin er undirrituð 13. júní 1969 af fimm kaupendum, þeirra á meðal stefnda Pálmari. Í matsbeiðninni segir m. a.: „Í byrjun var okkur tjáð, að kaupverð yrðu um kr. 550.000.00, en engir skriflegir samningar voru um það gerðir, nema við einn okkar, Pálmar Magnússon.

Á stjórnarfundi félagsins, höldnum að Hótel K.E.A. 28. desember 1968, upplýstist samkvæmt bókun á fundargerð, að hvert hús mundi kosta um kr. 600.000.00 fokhelt".

Síðar í matsbeiðninni segir: „Matið óskast miðað við eðlilegt kostnaðarverð á byggingartímanum með hliðsjón af aðstæðum, s. s. að byggð voru mörg hús, hlið við hlið með sömu mótum, af sömu mönnum, teikningar allar eins og undirbúningsvinna öll unnin samhliða við húsin.

Matsbeiðni þessi byggist á því, að uppgefið kostnaðarverð er allmiklu hærra en samið var um í fyrstu".

Í matsgerð útnefndra matsmanna, dags. í ágúst 1969, segir m. a., að kostnaðaráætlunin (matsgerðin) sé miðuð við eitt hús og það byggingarstig, sem húsin áttu að afhendast í, þ. e. húsin uppsteypt, steyptar rásir fyrir bílskúra, gluggar án glerja og engar útihurðir, þök úr timbri með áneglдum undirlagspappa. Niðurstöðutölur matsins eru kr. 605.000.00.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að neitt hafi gerst í málefnum aðilja fyrr en fimmtudaginn 20. maí 1971, en þá var haldinn fundur í byggingarsamvinnufélaginu. Fundinn sóttu stjórnarmenn félagsins og nokkrir kaupenda. Á fundinum var þetta bókað m. a.: „Frammi liggur reikningsyfirlit frá því í gær. Er það lesið upp og samþykkt af öllum viðstöddum, nema Pálmari Magnússyni, sem viðurkennir eigi skuldina svo háa. Kveðst hann að svo komnu ekki vilja gera upp, en láta reyna á fyrir dómi gildi þeirra gerninga, sem hann hefur gert við Bsf. Lund". Síðar á fundinum er m. a. bókað eftir stefnda Pálmari, að hann bjóðist til að greiða við fyrstu hentugleika kr. 100.000.00 til 150.000.00.

Samkvæmt efnahagsreikningi stefnanda, dags. 19. júní 1971, var bókfærð skuld stefnda Pálmars miðað við 1. maí 1971 kr.

372.554.40. Á viðskiptareikningi stefnda Pálmars hjá stefnanda nam bókfærð skuld hans miðað við 1. júní 1971 kr. 263.870.40, eða upphaflegri stefnufjárhæð málsins. Á viðskiptareikninginn höfðu þá verið færðar til gjalda kr. 41.316.00, en til tekna innborganir að upphæð kr. 150.000.00, frá því efnahagsreikningurinn frá 1. maí s. á. var gerður.

Vitnið Kjartan Jónsson færði bókhald stefnanda frá upphafi. Kvaðst það hafa byrjað reikningsfærslur í desembermánuði 1968, en þá lá eitthvað fyrir af ófærðum reikningum. Byggingarkostnaður hvors byggingarflokks, þ. e. annars vegar um byggingu húsanna við Espilund og hins vegar um byggingu hússins nr. 5 við Hamragerði, hefur verið færður sérstaklega.

Sameiginlegur kostnaður félagsins hafi verið færður á sérstakan reikning, rekstrarsjóð, og hafi honum fyrst verið skipt og jafnað niður á kaupendur, um það leyti sem byggingarframkvæmdum félagsins lauk. Við skiptingu á sameiginlegum kostnaði, sem síðar féll til, hafi verið fundnar vaxtatölur, reiknaðar eftir viðskiptastöðu hvers kaupanda á hverjum tíma, og hlutfallsleg skipting sjóðsins ákvörðuð samkvæmt þeim. Skiptingin hafi verið miðuð við 1. júní 1971.

Vitnið sagði, að öllum kaupendum hefði hvenær sem var verið heimilt að kynna sér allar reikningsfærslur félagsins og fylgiskjöl og hafi flestir kaupenda notfært sér það. Eftir að framkvæmdum lauk, hafi allir kaupendur nema einn skoðað reikninga og fylgiskjöl í sameiningu og hafi sú skoðun þeirra leitt til nokkurra leiðréttinga á færslum. Fannst vitninu, að stefndi Pálmar hefði forystu um þessa athugun af hálfu kaupenda.

Eins og áður var getið, nam bókfærð skuld stefnda Pálmars á viðskiptareikningi hans hjá stefnanda kr. 263.870.40, eða upphaflegri stefnufjárhæð, þann 1. júní 1971. Undir rekstri málsins lækkaði stefnandi þessa fjárhæð um kr. 9.864.10 með þeim skýringum, að reikningur að upphæð kr. 6.455.05 væri offærður á viðskiptareikning stefnda og innborgun hans að upphæð k.r 3.409.05 ófærð.

Að fengnum þessum leiðréttingum staðfesti stefndi Pálmar, að innborganir hans, samtals kr. 682.071.05, þar með talið lán Húsnæðismálastofnunar ríkisins að upphæð kr. 200.000.00, veitt 11. október 1969, væru rétt færðar á viðskiptareikninginn hjá stefnanda. Skuldfærslur, aðrar en verð húss og rekstrarsjóður, samtals að upphæð kr. 77.858.24, væru einnig rétt færðar. Af verði

húss og rekstrarsjóði, bókfært samtals kr. 858.219.11, viðurkenndi hann kr. 550.000.00.

Að tilhlutan stefnanda voru dómkvaddir tveir menn til þess að endurskoða lokareikningsskil byggingarsamvinnufélagsins, en samþykkt hafði verið á árinu 1971 að slíta félaginu. Greinargerð hinna dómkvöddu endurskoðenda, Hermanns Árnasonar, löggilts endurskoðanda, og Rúnars Sigmundssonar viðskiptafræðings, hefur verið lögð fram í málinu. Í henni segir m. a., að þeir hafi fengið í hendur öll bókhaldsgögn félagsins frá upphafi og fram til ársloka 1971 ásamt reikningsskilum fyrir sömu ár. Fyrir hafi legið endurskoðuð reikningsskil áranna 1968 og 1969, staðfest af þar til kjörnum endurskoðendum, og hafi því ekki þótt ástæða til að taka þau til frekari endurskoðunar. Töldu endurskoðendurnir meginverksvið sitt að sannreyna sameiginlegan kostnað áranna 1970 og 1971 og skiptingu hans á einstaka félagsmenn svo og sannreyna eignir og skuldir pr. 31. desember 1971, eins og þær voru tilgreindar í lokauppgjöri.

Benda endurskoðendur á, að í nokkrum tilvikum vanti fylgiskjöl fyrir færslum eða fullnægjandi skýringar, en athugasemdir við færslur eða niðurstöður eru að öðru leyti ekki gerðar.

Um rekstrarsjóð segir í greinargerðinni, að meginuppistaða hans sé fjármagnskostnaður félagsins ásamt öðrum sameiginlegum rekstrarkostnaði, svo sem vinnulaunum framkvæmdastjóra og bókhaldara, sameiginlegum efniskostnaði o. fl. Þá aðferð, sem félagið beitti við skiptingu rekstrarsjóðs á kaupendur, telja þeir í alla staði eðlilega.

Bókhaldsgögn byggingarsamvinnufélagsins eru í vörslum dómsins.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndu beri solidariska ábyrgð gagnvart honum á skuldbindingum vegna húseignarinnar Espilundar 3, þótt stefndi Pálmar hafi einn verið félagsmaður, enda hafi þau verið hjón og átt húseignina í óskiptri sameign.

Samkvæmt 6. gr. samþykkta byggingarsamvinnufélagsins beri félagsmenn ábyrgð einn fyrir alla og allir fyrir einn á sameiginlegum lánum í sínum lánaflokki. Skuldbindingar félagsins vegna byggingar húsanna við Espilund falli undir þetta ákvæði. Kostnaðarverð húss stefnda sé fundið á nákvæmlega sama hátt og verð annarra húsa í sama byggingarflokki. Aðrir kaupendur hafi gert upp reikninga sína við félagið og eigi þar innstæður.

Áætlað verð í samningi, dags. 9. september 1968, sé ekki bindandi fyrir stefnanda. Ekki hafi reynst mögulegt að standa við það verð vegna verðbólguþróunar og ytri aðstæðna, sem leitt hafi til hækkunar á byggingarkostnaði.

Eignaryfirlýsingin eða afsalið til stefndu, dags. 5. nóvember 1968, hafi stjórn félagsins aðeins gefið út til málamynda. Stefndi Pálmar hafi í verki viðurkennt samstöðu með öðrum félagsmönnum í hans byggingarflokki með því að beiðast útnefningar matsmanna til þess að meta kostnaðarverð húsanna í byggingarflokknum, greiða fyrir þetta mat og una því, þar til á fundi í félaginu 20. maí 1971.

Af hálfu stefndu Aðalheiðar er því lýst yfir, að hún hafi samáðild með stefnda Pálmari í máli þessu.

Kröfu sína um sýknu reisa stefndu á því, að þau hafi að fullu greitt kostnaðarverð Espilundar 3 og fengið löglegt afsal fyrir eigninni. Þau hafi fest kaup á eigninni, um það leyti sem hún varð fokheld, og hafi þau þess vegna mátt treysta því, að áætlaða verðið væri rétt. Matsmenn hafi metið verð eignarinnar kr. 605.000.00, en sé einn liður málsins „ófyrirséð kr. 61.180.00" dregin frá niðurstöðunni, verði matsverðið lægra en áætlaða kostnaðarverðið.

Varakrafa stefndu um lækkun á stefnukröfu er á því reist, að stefnandi hafi ekki greitt þau útgjöld, sem hann telur, vegna byggingar hússins.

Þá er því mótmælt af hálfu stefnda Pálmars, að hann hafi með samningi undirgengist skyldur sem félagsmaður í byggingarsamvinnufélaginu, enda hafi stjórn félagsins lýst því yfir þegar þann 5. nóvember 1968, að ábyrgð hans næði aðeins til láns Húsnæðismálastofnunar ríkisins að upphæð kr. 390.000.00.

Álit dómsins.

Dómurinn telur, að Pálmar hafi gerst félagsmaður í Byggingarsamvinnufélaginu Lundi við undirritun kaupsamningsins þann 9. september 1968, en stefndi hafði látið rita samninginn. Hafi hann þá öðlast réttindi og gengist undir skyldur sem fullgildur félagsmaður í byggingarsamvinnufélaginu.

Samkvæmt kaupsamningnum var umsamið kaupverð eignarinnar kostnaðarverð hennar, og er það í samræmi við gildandi reglur um byggingarsamvinnufélög. Átti stefndi rétt á afsali fyrir eigninni, þegar fyrri hluti láns Húsnæðismálastofnunar ríkisins hafði verið veittur út á hana. Gert var ráð fyrir því, að lánið næmi kr. 390.000.00 og að andvirði þess og greiðsla stefnda við

undirritun samnings, kr. 200.000.00, nægði til þess að greiða kostnaðarverð hússins. Allt að einu virðist stefndi hafa átt rétt á afsali, um leið og lánið hafði verið veitt, þótt kostnaðarverð hússins væri þá ekki að fullu greitt.

Yfirlýsing um eignarheimild stefndu eða afsal, sem stefndi lagði fyrir stjórn stefnanda, var undirrituð þann 5. nóvember 1968. Þar er lýst yfir því, að stefndu hafi að fullu staðið við umbeðnar greiðslur fyrir eignina fokhelda.

Samkvæmt gögnum málsins hafði stefndi Pálmar þá greitt kr. 200.000.00 inn á viðskiptareikning sinn hjá stefnanda. Lán Húsnæðismálastofnunar ríkisins var ekki greitt fyrr en 11. október 1969 og nam þá kr. 200.000.00. Ekki var byrjað að færa bókhald félagsins og því tæpast vitað, hverju kostnaðarverð eignarinnar næmi.

Þegar framangreint er virt með hliðsjón af viðskiptum stefnda Pálmars og stefnanda, eftir að afsal var gefið út, telur dómurinn, að afsalinu hafi einungis verið ætlað að veita stefnda formlega eignarheimild fyrir eigninni fyrr en honum var rétt samkvæmt kaupsamningi. Hins vegar verður ekki talið, að afsalið hafi raskað ákvæðum kaupsamningsins að öðru leyti, enda virðist ekki hafa verið til þess ætlast.

Ljóst er, að kostnaður við byggingu húss stefndu fór langt fram úr áætlun. Þannig nam bókfærður byggingarkostnaður að meðtalinni hlutdeild stefnda Pálmars í skuld rekstrarsjóðs félagsins samtals kr. 858.219.11, en þar af nam hlutdeild í skuld rekstrarsjóðs kr. 120.518.09.

Eigi verður séð, að stefnandi hafi notið lánafyrirgreiðslu í formi fastra lána hjá lánastofnunum, á meðan byggingarframkvæmdir stóðu yfir, heldur fyrst og fremst hlotið greiðslufrest hjá viðskiptavinum sínum. Þegar séð varð, að byggingarkostnaður færi verulega fram úr áætlun, hafa kaupendur haldið að sér höndum, en um leið hafa fjárhagserfiðleikar félagsins farið vaxandi og vanskilavextir og innheimtukostnaður orðið óhóflegir. Þessi kostnaður var færður til skuldar á rekstrarsjóð félagsins. Skuld rekstrarsjóðs var endanlega skipt á kaupendur, eftir að ákveðið var að slíta félaginu, en áður hafði varasjóður félagsins verið færður til lækkunar á skuld rekstrarsjóðs svo og tekjur af sölu efnis o. fl. Eftir skiptinguna hafa nokkrar færslur verið færðar á rekstrarsjóð, og nemur skuld hans nú samkvæmt bókhaldi félagsins kr. 7.373.80, þ. e. bókfærð skuld umfram eignir félagsins.

Skiptingu rekstrarsjóðs, eins og hún var framkvæmd af hálfu stefnanda, töldu dómkvaddir endurskoðendur í alla staði eðlilega.

Starfsemi stefnanda var í einu og öllu og eingöngu bundin við byggingu húsanna í byggingarflokkunum tveim, eins og að framan er rakið. Þess vegna telur dómurinn eðlilegt að skipta skuld rekstrarsjóðs á byggingarflokkana við lok þeirrar starfsemi og síðan á kaupendur sem byggingarkostnaði, enda var skuld rekstrarsjóðs að meginstofni kostnaður við fjármögnun byggingarframkvæmda.

Dómurinn telur, að skiptingin hafi verið framkvæmd á eðlilegan hátt.

Stefnendur hafa ekki mótmælt einstökum færslum á rekstrarsjóð.

Ekki hafa þau heldur mótmælt einstökum færslum varðandi eiginlegan kostnað við byggingu hússins.

Með því að stefnda Pálmari ber samkvæmt kaupsamningi við stefnanda að greiða kostnaðarverð hússins miðað við það byggingarstig, sem hann fékk það afhent á, verður að telja framangreindar færslur, samtals að upphæð kr. 858.219.11, rétt færðar á viðskiptareikning hans, og nemur skuld hans á viðskiptareikningnum því kr. 254.006.30, eða breyttri stefnufjárhæð.

Niðurstaða.

Samkvæmt framangreindu og með því að stefnda Aðalheiður hefur lýst yfir samaðild með stefnda Pálmari í máli þessu verða stefndu dæmd til þess að greiða stefnanda in solidum kr. 254.006.30 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júní 1971 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilegur kr. 74.000.00.

Dóm þennan kvað upp Bogi Nílsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Dómsorð:

Stefndu, Pálmar Magnússon og Aðalheiður Steinþórsdóttir, greiði in solidum stefnanda, Byggingarsamvinnufélaginu Lundi, kr. 254.006.30 auk 7% ársvaxta frá 1. júní 1971 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 74.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. október 1975.

Nr. 7/1975. **Skálafell h/f**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Erlendi Jónssyni
(Haukur Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Sjómannalög.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. janúar 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi hefur stefndi lýst því, að hann byggi ekki kröfur sínar á því, að hann hafi verið endurráðinn til starfa á skipi áfrýjanda eftir 1. október 1972.

Samkvæmt vottorði Þórhalls B. Ólafssonar læknis vitjaði hann stefnda 5. september 1972. Læknirinn vísaði stefnda til röntgenrannsóknar 13. september s. á. og síðar „eftir þ. 25/9 '72" til sérfræðings í skurðlækningum. Þá segir í vottorði þessa læknis: „Ég ráðlagði sjúkl. í upphafi að hefja vinnu aftur, þegar hann treysti sér til þess, enda var ekki fullljóst hvaða sjúkdómi hann var haldinn". Kristján Baldvinsson, sjúkrahúslæknir á Selfossi, segir í vottorði sínu, að stefndi hafi beðið eftir sjúkrahúsvist frá 26. september 1972 og hafi verið vistaður á sjúkrahúsið á Selfossi 16. október s. á.

Samkvæmt siglingavottorði var stefndi lögskráður sem stýrimaður á skip áfrýjanda frá 21. júlí 1972 til 1. sptember s. á. og frá 25. september 1972 til 2. október s. á.

Í 20. gr. kjarasamnings þess, er gilti um kaup og kjör stefnda hjá áfrýjanda á þeim tíma, sem hér skiptir máli, segir, að verði skipstjórar eða stýrimenn frá verki vegna

veikinda og slysa, skuli „útgerðarmaður greiða þeim full laun samkvæmt sjómannalögum". Ákvæði 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 eiga því við um málsefni það, er hér um ræðir. Skýra ber ákvæði þetta svo, að skipverji eigi því aðeins rétt til launa úr hendi útgerðarmanns á veikindatíma, að hann verði óvinnufær, meðan á ráðningartíma stendur. Ráðningartíma stefnda hjá áfrýjanda lauk 2. október 1972. Með vísan til þess, er að framan greinir um sjúkrasögu stefnda, getur hann því eigi sótt áfrýjanda til greiðslu launa samkvæmt þeim heimildum, sem hann byggir málssókn sína á. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Skálafell h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Erlends Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Rykjavíkur 7. október 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 1. þ. m., hefur Erlendur Jónsson stýrimaður, N. götu 16, Þorlákshöfn, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 8. júní 1973, á hendur Skálafelli h/f, Þorlákshöfn, til greiðslu á kauptryggingu að fjárhæð kr. 93.269 ásamt 7% ársvöxtum frá 14. desember 1972 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta LMFÍ. Enn fremur krefst stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Skálafelli, ÁR 20, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Í febrúarmánuði 1971 réðst stefnandi í þjónustu stefnda. Fór hann þá sem stýrimaður á vegum stefnda til Noregs til að sækja

þar skip fyrir hann. Skip þetta er m/b Skálafell, ÁR 20. Var stefnandi síðan stýrimaður á skipinu það sem eftir var ársins.

Stefnandi er svo skráður stýrimaður á skipið hinn 14. janúar 1972, og 2. október 1972 er hann endanlega afskráður.

Með bréfi, dagsettu 25. júní 1972, sagði stefndi stefnanda upp störfum miðað við 1. október 1972. Segir í uppsögninni, að hún sé gerð vegna þeirrar óvissu, sem ríki í útgerðarmálum.

Hinn 5. september 1972 veikist stefnandi. Þórhallur B. Ólafsson héraðslæknir vitjaði hans þennan dag. Í vottorði læknisins segir, að hér sé um innvortis sjúkdóm að ræða, en ekki fullljóst hvaða sjúkdóm. Ráðlagði hann stefnanda að hefja vinnu aftur, þegar hann treysti sér til þess. Stefnandi kveðst hafa verið frá vinnu af þessum sökum í 6 daga. Síðan hafi hann farið að vinna um borð. Hinn 13. september sama ár fór stefnandi í röntgenmyndatöku að tilvísan héraðslæknis, og hinn 25. sama mánaðar kveður hann héraðslækninn hafa tjáð sér, að hann þyrfti að fara á spítala til aðgerðar vegna gallkvilla. Hafi læknirinn pantað fyrir sig spítalapláss. Kveðst stefnandi strax hafa látið útgerðina vita um þetta og hafi skipstjórinn spurt sig, hve lengi hann yrði frá vinnu. Tjáði stefnandi honum það eftir að hafa ráðfært sig við lækninn.

Stefnandi vann nú um borð í skipinu, og hinn 25. september 1972 var hann lögskráður á bátinn eins og aðrir skipverjar. Síðar í þeirri viku var farið á veiðar (í útilegu), en komið aftur til hafnar 2. október 1972 vegna óhagstæðrar veðráttu. Þann dag var stefnandi afskráður af bátnum eins og aðrir skipverjar. Greiddi stefndi stefnanda kauptryggingu fyrir dagana 1. og 2. október 1972.

Hinn 10. október 1972 bað Knútur Bjarnason útgerðarmaður, forsvarsmaður stefnda, stefnanda um að vinna með sér í netjum í verbúð skipsins. Féllst stefnandi á það og vann að því verki í þrjá daga, þ. e. 11., 12. og 13. október 1972, gegn tímakaupi verkamanna. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki hafi þá verið á það minnst, að stefnandi yrði ráðinn á bátinn á ný. Greiðslu fyrir verk þetta fékk stefnandi greidda hinn 16. október 1972 með þágildandi tímavinnulaunum. Þann sama dag mun stefnandi svo hafa verið lagður inn á sjúkrahús. Var hann á sjúkrahúsi til loka októbermánaðar, en var ekki skorinn upp. Var honum tjáð, að hann mætti ekki vinna og yrði óvinnufær að minnsta kosti til næstu áramóta. Kemur þetta fram í læknisvottorði Kristjáns Baldvinssonar, yfirlæknis sjúkrahússins á Selfossi, dags. 1. des-

ember 1972. Enn kemur fram í þessu læknisvottorði, að stefnandi hafði „gallblöðrubólgu og magabólgur á mjög háu stigi".

Ekki vildi stefndi greiða stefnanda kaup eftir 13. október 1972. Stefnandi hefur ekki viljað fallast á þetta, en telur sig eiga rétt á tveggja mánaða veikindakaupi frá 13. október að telja samkvæmt 18. gr., 3. mgr., sjómannalaga nr. 67/1963. Gerir stefnandi kröfu til tveggja mánaða kauptryggingar ásamt fastakaupi og orlofi þennan tíma, sem gerir samtals kr. 93.269. Jafnframt getur stefnandi þess, að á téðu tímabili hafi báturinn fiskað fyrir mun meira heldur en sem nemi kauptryggingu.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að uppsögnin frá 25. júní 1972 hafi verið fallin niður, er hér hafi verið komið sögu, þar sem lögskráð hafi verið á bátinn hinn 25. september 1972 og farið í útilegu nokkrum dögum síðar. Hins vegar hafi báturinn þurft að koma til hafnar vegna veðurs 2. október 1972 og þá verið afskráð, en því jafnframt lýst yfir af skipstjóra, að það væri „eingöngu vegna ágreinings um vátryggingu skipshafnar".

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að ráðningarsamningi stefnanda hafi verið slitið og stefnandi ekki lengur skipverji á m/b Skálafelli, ÁR 20, þegar hann varð óvinnufær af veikindum sínum. Og telur stefndi því, að stefnandi geti ekki átt rétt á veikindakaupi samkvæmt ákvæðum sjómannalaganna. Hinn 16. október 1972 hafi stefnandi fengið greidda kauptryggingu fyrir 1. og 2. október 1972 auk verkamannakaups vegna vinnu í netjum þann 11. til 13. október 1972. Um nýja ráðningu stefnanda hafi aldrei verið að ræða, en augljóst, að ráðningarsamningi hans hafi verið slitið hinn 2. október 1972 þrátt fyrir tilraunir stefnanda til að halda því fram, að „uppsögnin væri fallin niður".

Samkvæmt 13. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 sé uppsagnarfrestur 3 mánuðir. Endi ráðningartími, á meðan skip er í ferð, skal samningurinn gilda, þar til skipið kemur til hafnar eða þar sem skip hættir siglingu, sbr. 12. gr. sömu laga.

Af þessu sé það augljóst, að öllum ákvæðum sjómannalaga hafi verið fullnægt við ráðningarslitin, og þar sem ráðning hafi ekki farið fram á ný, geti stefnandi enga kröfu átt á hendur stefnda um veikindakaup samkvæmt ákvæðum sjómannalaganna.

Niðurstaða réttarins.

Með bréfi fyrirsvarsmanns stefnda til stefnanda, dags. 25. júní 1972, var stefnanda á löglegan hátt sagt upp störfum hjá stefnda frá og með 1. október 1972, sbr. 2. mgr. 13. gr. sjómannalaga nr.

67 31. desember 1963. Ekki felldi það úr gildi uppsögn þessa, þótt skipið kæmi eigi úr veiðiferð sinni fyrr en 2. október 1972, né skapaði það nýjan ráðningarsamning, heldur gilti sá fyrri, þar til skipið kom úr veiðiförinni, sbr. 12. gr. sjómannalaganna. Sama máli gegnir um þá vinnu, er stefnandi vann á verkamannakaupi að netjum skipsins 11., 12. og 13. október 1972, hún skoðast heldur ekki sem ný ráðning.

Í 3. mgr. 18. gr. nefndra sjómannalaga segir m. a. svo: „Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur, á hann rétt til kaups, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði, ef um er að ræða stýrimann ...“.

Af gögnum málsins þykir nægilega sannað, að stefnandi hafi fengið sjúkdóm, meðan á ráðningartíma hans stóð. Stefnandi varð að vísu ekki óvinnufær, fyrr en eftir að ráðningartíminn var úti, en þar sem rétturinn lítur svo á, að það sé ekki skilyrði til veikindakaups, að stefnandi verði einnig óvinnufær, meðan ráðningartíminn stendur, þá verður að telja, að hann eigi rétt til tveggja mánaða veikindakaups samkvæmt tilvitnaðri lagagrein.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð, enda hefur hún ekki sætt tölulegum andmælum.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að gjalda stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 27.000.

Samkvæmt 2. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66 31. desember 1963 á stefnandi sjóveðrétt í m/b Skálafelli, ÁR 20, fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt Halldóri Sigurþórssyni stýrimanni og Hrafnkeli Guðjónssyni stýrimanni.

Dómsorð:

Stefndi, Skálafell h/f, greiði stefnanda, Erlendi Jónssyni, kr. 93.269 með 7% ársvöxtum frá 14. desember 1972 til greiðsludags og kr. 27.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Skálafelli, ÁR 20, til tryggingar hinum tildæmdu fjárhæðum.

Fimmtudaginn 23. október 1975.

Nr. 29/1974. **Börkur h/f**
(Jóhann H. Níelsson hrl.)
gegn
Trésmiðju Þorkels Skúlasonar og gagnsök
(Sigurður Helgason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 23. janúar 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. desember 1973. Útivistardómur gekk í því máli 2. desember 1974, og áfrýjaði gagnáfrýjandi málinu að nýju 10. s. m.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 1. febrúar 1974. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Til vara krefst hann þess, að honum verði einungis dæmt að greiða gagnáfrýjanda 25.000 krónur og til þrautavara 114.500 krónur, hvort tveggja með vöxtum eins og greinir í kröfugerð gagnáfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum 466.132 krónur með 7% ársvöxtum af 414.500 krónum frá 19. júní 1970 til 17. febrúar 1972 og af 466.132 krónum frá þeim degi til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómendur sjó- og verslunardóms skoðuðu margsinnis flekavegg þann, sem í málinu greinir. Er það álit þeirra, að ójöfnuður á flekunum séu ekki slíkar, að lýtum valdi á húsi gagnáfrýjanda. Þessu hefur ekki verið hnekkt, og verður það því lagt til grundvallar dómi í málinu.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til for-

sendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að aðaláfrýjandi verður eigi dæmdur til að greiða hluta matskostnaðar.

Rétt er, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

Það athugast, að formaður sjó- og verslunardóms kvaddi meðdómendur ekki til, þegar hann háði dómþing til að taka aðilja- og vitnaskýrslur. Er þetta andstætt ákvæðum 1. mgr. 205. gr. laga nr. 85/1936.

Í máli þessu hafa nokkrar vitnaskýrslur og aðiljaskýrslur verið teknar á segulbönd, en eigi skráðar í þingbók. Lögmenn aðilja samþykktu, að þessi aðferð yrði höfð, og vefengja ekki efni skýrslnanna. Eru þær lagðar til grundvallar við úrlausn málsins. Um dómskýrslur, sem teknar eru á segulbönd, vísast til athugasemda í dómi Hæstaréttar 8. nóvember 1974.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Börkur h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Trésmiðju Þorkels Skúlasonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði fellur niður, en gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 22. maí 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 27. f. m., hefur Sigurður Helgason hæstaréttarlögmaður, Kópavogi, höfðað fyrir hönd Trésmiðju Þorkels Skúlasonar, Nýbýlavegi 6, Kópavogi, á hendur Berki h/f, Hafnarfirði, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð samtals kr. 466.500 auk 1% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 414.500 frá 19. júní 1970 til greiðsludags og af kr. 51.632 frá 17. febrúar 1972 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara, að hann verði

einungis dæmdur til að greiða stefnanda kr. 25.000 í bætur. En til þrautavara krefst stefndi þess, að dómkröfurnar verði stórlega lækkaðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu, hernig sem málið fer.

Leitast hefur verið við að ná sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Á árunum 1966 til 1967 reisti stefnandi hús á lóðinni nr. 6 við Nýbýlaveg í Kópavogi. Á norðurhlið hússins var komið fyrir 16 einangrunarflekum. Flekarnir sjálfir voru smíðaðir í verkstæði stefnanda. Flekar þessir eru þannig gerðir, að þeir eru eins konar kassi úr 9 mm krossviði, sem myndar innra byrði, lóðrétta endafleti og lárétta hliðarfleti hvers fleka, og er honum síðan lokað með 3 mm litaðri asbest-sementsplötu (eternit-glasal), sem myndar ytra byrðið. Innanmál milli byrðanna var 8 cm, en lengd og breidd flekanna er 215 cm × 105 cm. Ekki voru flekar þessir teiknaðir eða smíðaðir í samráði við fyrirsvarsmenn stefnda. Hins vegar færði stefnandi flekana, eftir því sem þeir urðu til hjá honum, í verksmiðju stefnda, þar sem holrúm flekanna var fyllt með einangrunarefninu polyurethan-frauði. Áfylling flekanna í verksmiðju stefnda mun hafa átt sér stað á tímabilinu frá 27. ágúst til 6. september 1967. Við móttöku flekanna brá Þorkell Skúlason réttskeið á þá. Kveður hann flekana þá hafa verið slétta eins og rúðugler. Veitti hann flekunum móttöku athugasemdalaust nema tveimur, sem eitthvað munu hafa aflagast við áfyllingu. Þeir voru lagfærðir af stefnda.

Reikning yfir þessa áfyllingu að fjárhæð kr. 15.600 greiðir stefnandi 6. september 1967.

Þegar flekarnir höfðu verið fylltir á framangreindan hátt, voru þeir felldir í norðurhlið útveggjargrindar hússins, sem gerð er úr tré og ryðfrýju stáli. Föls milli fleka og grindar eru þéttuð með kítti. Flekarnir eru undir allri gluggaröð annarrar hæðar á norðurhlið hússins, er veit að götu.

Er stefnandi færði fleka þessa til áfyllingar hjá stefnda, voru þeir óhólfaðir með öllu.

Þáverandi verkstjóri stefnda, Gunnar Þór Þórhallsson, hefur borið, að hann hafi sagt við Þorkel Skúlason, er hann sá, að flekarnir voru óhólfaðir, að mjög væri hæpið að fylla á flekana, eins og þeir væru smíðaðir. Ef einhver árangur ætti að nást, yrði að hólfa þá, því að annars væri hætta á að gallar kæmu fram á þeim. Hafi Þorkell Skúlason talið, að ekki væri veruleg hætta

á slíku. Kvaðst Gunnar muna vel eftir þessu og eiginlega hafi allir þarna verið sammála um það, að hérna væri um tilraunastarfsemi að ræða. Gunnar kvaðst minnast þess, en þó ekki glöggt, að hann hafi rætt við Gunnar Björnsson efnaverkfræðing, ráðunaut stefnda á þessum tíma, um hólfun á flekunum. Hafi komið fram, að hér væri um vandamál að ræða og að fullnægja þyrfti skilyrði um hólfun, til þess að þetta yrði í lagi.

Hann kvað réttskeið hafa verið brugið á flekana, þegar stefnandi sótti þá í verksmiðju stefnda. Minnti hann, að flekarnir hefðu yfirleitt ekki verið nákvæmlega sléttir, en Þorkell Skúlason hafi veitt þeim móttöku athugasemdalaust, utan einum eða tveimur flekum, sem lagfærðir hafi verið vegna þess, að efni hafi komist á milli ytra byrðis á flekunum og pressuplans.

Gunnar K. Björnsson efnaverkfræðingur, tæknilegur ráðunautur stefnda, hluthafi og stjórnarmaður, hefur komið fyrir réttinn og borið, að það muni hafa verið fyrri hluta árs 1967, sem Þorkell Skúlason hafi komið að máli við sig út af fyrrgreindum einangrunarflekum og innt sig eftir því, hvort stefndi gæti fyllt þessa fleka með polyurethan-einangrun. Kvaðst Gunnar hafa svarað því játandi. Hins vegar kvaðst hann hafa brýnt það fyrir Þorkeli, að hann yrði að hafa samráð við starrfsmenn stefnda, þegar Þorkell færi í sjálfa smíðina á flekunum. Þetta hafi Þorkell ekki gert. Það næsta, sem Gunnar kvaðst hafa heyrt í þessu máli, hafi verið það, að verkstjóri stefnda, Gunnar Þór Þórhallsson, hafi hringt í sig og sagt sér eitthvað á þá leið, að nú væru flekarnir komnir frá Þorkeli og þeir væru lokaðir, en ekki hólfaðir. Það, sem þarna hafi farið á milli mála, hafi verið það, að Þorkell hafi ekki haft samband við sig aftur, fyrr en hann hafi verið búinn að smíða flekana. Þetta kvað Gunnar K. Björnsson skipta meginmáli í sambandi við áfyllingu á flekana, vegna þess að hugmynd sín hafi verið sú að kljúfa flekana niður í æði mörg hólf með milligerðum úr einangrunarefni, það hefði hentað betur fyrir þá framleiðsluaðferð, sem stefndi hafi getað notað í umrætt sinn. Með þeirri aðferð, sem hann hafi hugsað sér, hafi þeir getað í svokallaðri lóðréttri pressu fyllt hvert hólf og ólagskipt út af fyrir sig. Hins vegar hafi flekarnir verið komnir þarna á staðinn óhólfaðir og þeir hafi þurft að hafa flekana í þessari sömu pressu. Boruð hafi verið nokkur göt á efri kantinn á flekunum og einangrunarefninu síðan verið rennt fljótandi niður í flekana, þar sem þennsla og „reaksjón“ fari fram. En þar sem flekarnir voru óhólfaðir, hafi orðið að fylla þá í láréttum lögum og setja

fyrst skammt í öll götin, sem hafi þýtt það, að efnið þandi sig upp í tiltekna hæð neðst í flekanum. Síðan, eftir ákveðinn tíma, sennilega um það bil hálftíma, hafi verið hægt að fylla á aftur og síðan koll af kolli, þangað til flekinn var orðinn fullur. Þetta sé í meginatriðum allt önnur aðferð heldur en hafi verið ráðgerð.

Í framangreindu símtali sínu við verkstjórann segir Gunnar, að þeir hafi rætt, hvað væri til ráða í þessu máli. Kveðst Gunnar muna það rétt, að það hafi orðið úr, að fyrst Þorkell Skúlason væri búinn að smíða flekana og kominn með þá í verksmiðju stefnda, þá hafi þeir ákveðið að gefa Þorkeli kost á því að fá flekana fyllta á eigin ábyrgð. Vegna fyrri aðferðar við fyllingu flekanna, sem nú hefur verið lýst, hafi verið lögð áhersla á það strax að láta Þorkel Skúlason grannskoða flekana og taka þá út og samþykkja, að þeir væru góðir, nógu sléttir. Þetta muni Þorkell Skúlason hafa gert með réttskeið.

Þorkell Skúlason hefur komið fyrir réttinn og borið, að þeir Gunnar K. Björnsson efnaverkfræðingur hafi spjallað um það, hvernig gera skyldi flekana, áður en Þorkell hóf smíði þeirra. Hafi Gunnar aldrei nefnt það við sig, að setja ætti hólf í flekana, og það hafi ekki verið fyrr en tveimur árum seinna, að farið var að hólfa fleka. Hafi það verið í sambandi við 14 frystihurðir.

Þorkell Skúlason kvaðst ekki muna það nákvæmlega, hvort Gunnar K. Björnsson efnaverkfræðingur hafi beðið sig um að hafa samband við sig, áður en hann hæfi smíði flekanna. Þorkell kvaðst muna „voða" lítið eftir því, hvað þeim Gunnari Þór Þórhallssyni, þáverandi verkstjóra stefnda, hafi farið á milli, þegar Þorkell kom með flekana. Hann kvaðst muna eftir því, að þeir hafi borið réttskeið á flekana og hafi þeir allir verið ágætir nema einn, sem hafi verið yfirpressaður, og annar fleki, sem asbestplatan hafi brotnað á. Þorkell kvaðst alls ekki muna eftir því, að Gunnar Þór Þórhallsson, verkstjóri stefnda, hafi haft orð á því við sig, að flekarnir væru óhólfaðir. Þorkell Skúlason sagði, að flekarnir hefðu verið sléttir eins og rúðugler, er hann veitti þeim viðtöku í upphafi. Þegar veturinn var liðinn, hafi tekið að bera á dældum í flekunum. Vorið 1968 kvaðst Þorkell hafa kvartað munnlega út af þessu við Gunnar K. Björnsson efnaverkfræðing og Runólf Halldórsson, framkvæmdastjóra stefnda. Hafi Runólfur strax tekið vel í að bæta þetta, og kvaðst Þorkell hafa skilið það svo, að honum yrði bætt þetta að kostnaðarlausu, með því að það yrði endurnýjað, sem endurnýjunar þyrfti við. Kvað Þorkell bæði þá Runólf og Gunnar K. Björnsson

hafa viðurkennt munnlega skaðabótaskyldu stefnda í þessu máli gagnvart stefnanda.

Runólfur Halldórsson hefur borið, að skaðabótaskylda Barkar h/f í þessu máli hafi aldrei verið viðurkennd og aldrei hafi af hálfu stefnda verið boðin fram bótagreiðsla til stefnanda. Hins vegar hafi af hálfu stefnda verið boðið, án skyldu, til þess að gera viðskiptavininn ánægðan að fylla á þrjá fleka upp á nýtt, og kvaðst Runólfur telja, að stefndi mundi eigi hafa gert stefnanda reikning fyrir það.

Runólfur kvaðst ekki muna það nákvæmlega, hvenær stefnandi hafi fyrst kvartað út af flekunum, en verið gæti, að það hafi verið vorið 1968, eða jafnvel fyrr. Þá hafi stefnandi fyrst og fremst kvartað undan því, að flekarnir mundu ekki hafa nægilegt einangrunargildi, hins vegar hafi kvörtun út af útlitslýtum á flekunum ekki komið fram af hálfu stefnanda fyrr en síðar.

Gunnar K. Björnsson efnaverkfræðingur hefur borið, að af hálfu stefnda hafi skaðabótaskylda aldrei verið viðurkennd gagnvart stefnanda vegna þessarra fleka, og Gunnar kveður það á misskilningi byggt, er stefnandi heldur því fram, að Gunnar hafi boðið fram 25.000 króna skaðabætur. Gunnar taldi stefnanda fyrst hafa kvartað út af flekunum einhvern tíma á árinu 1968. Þá hafi stefnandi kvartað undan því, að einangrunin væri ónýt, en ekkert talað um sléttleika flekanna.

Stefnandi hefur ritað stefnda þrjú kvörtunarbréf, sem dagsett eru 26. september 1968, 31. desember 1968 og 5. febrúar 1969. Í þessum bréfum krefur hann stefnda bóta á framangreindum göllum, og í síðasta bréfinu býður hann stefnda að ljúka málinu með því að greiða sér kr. 25.000, „sem er kostnaður nýrra samskonar ytri spjalda skorin á stærð". Í niðurlagi bréfsins tekur stefnandi fram, að þetta tilboð sé ekki skuldbindandi fyrir sig lengur en til mánaðamóta febrúar—mars 1969. Að þeim tíma liðnum muni hann höfða mál og byggja kröfugerð sína á matsgerð.

Af hálfu stefnda var engu þessara bréfa svarað skriflega.

Með bréfi til bæjarfógetans í Kópavogi, dagsettu 19. júní 1970, beiðist stefnandi dómkvaðningar tveggja matsmanna til að láta í ljós álit sitt á eftirtöldum atriðum:

„1. Hvort hægt sé á einhvern hátt að ganga svo frá þessum flekum, að þeir geti verið til frambúðar með sem minnstum lagfæringum og í því sambandi lýsi þeir, hvernig verkið skuli unnið, svo og meti þeir til peningaverðmætis, hve mikill kostnaðurinn verði.

2. Verði það skoðun hinna dómkvöddu matsmanna, að rífa þurfi flekana frá og fylla þá að nýju með poly-urethan-frauðplasti og sett ný asbestplata, að þá áætli þeir tjónið til peningaverðs og taki fullt tillit til alls kostnaðar í því sambandi, svo sem gerð stillansa, flutning á flekum og allan kostnað við ísetningu".

Dómkvaddir matsmenn, þeir Guðmundur Magnússon byggingaverkfræðingur og Óskar Maríusson efnaverkfræðingur, hafa skilað matsgerð, sem dagsett er 10. febrúar 1972. Hér er um ítarlega matsgerð að ræða, og fylgir henni rannsóknarskýrsla frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, dagsett 20. júlí 1971, undirrituð af doktor Guðmundi Guðmundssyni. Í matsgerð hinna dómkvöddu manna segir meðal annars á þessa leið:

„1. Einangrunargildi.

Niðurstöður Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins skv. skýrslu, dags. 20. júlí 1971, leiddi í ljós, að einangrunargildi flekanna verður að teljast fullnægjandi.

Einangrunin fullnægir ákvæðum byggingarsamþykktar um einangrun útveggja (k = 0,7, sbr. byggingarsamþykkt fyrir Kópavogskaupstað, gr. 13.1).

Einangrunargildið er innan þeirra marka, sem vænta má um veggjareiningu af þeirri gerð, sem hér um ræðir, jafnvel miðað við, að upphafleg þykkt polyurethanfrauðsins hefði haldist óskert, sbr. eftirfarandi útreikninga: „Praktisk" varmaleiðnitala fyrir freonþanið polyurethanfrauð er talin vera (sbr. t. d. „Regler for bygningers varmetab", DIF frá 1965): $\lambda = 0{,}03$.

Eðlileg kólnunartala fyrir fleka af umræddri gerð með 8 cm polyurethanlagi fæst skv. því:

$$\frac{1}{k} = 0{,}20 + \frac{0{,}03}{0{,}6} + \frac{0{,}08}{0{,}03} + \frac{0{,}009}{0{,}20} = 2{,}92$$

$$k = \frac{1}{2{,}92} = \underline{0{,}34 \text{ kcal/hm}^2 \text{ °C}}$$

Sé reiknað með, að þykkt einangrunar í mælistað flekans, sem tekinn var til rannsóknar, hafi verið 6,5 cm (skv. mælingum voru mestu frávik 1,5 og 0,5 cm, þannig að 6,5 cm er öryggismegin), fæst varmaleiðnitala (λ — gildi) polyurethansins í flekanum:

$$\lambda = \frac{0{,}065}{\frac{1}{0{,}36} - 0{,}20 - \frac{0{,}003}{0{,}6} - \frac{0{,}009}{0{,}20}} = 0{,}0257 \text{ kval/mh °C}$$

Sé reiknað með, að meðalrýrnun einangrunar flekans hafi verið 1 cm, verður kólnunartalan, miðað við þetta, λ — gildi:

$$\frac{1}{k} = 0{,}25 + \frac{0{,}07}{0{,}0257} = 0{,}297$$

$$k = 0{,}337 = 0{,}34$$

þ. e. hið sama og áður var reiknað fyrir 8 cm einangrun með „praktisku" λ — gildi.

2. Hætta á frekari rýrnun.

Varðandi hættu á frekari rýrnun einangrunarinnar, sem minnst er á í matsbeiðni og bent á sem hugsanlega í skýrslu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, dags. 15. des. 1969, eru matsmenn sammála um eftirfarandi: Mælingar þær, sem gerðar hafa verið með alllöngu millibili á dældum í flekabyrðunum, gefa til kynna, að rýrnunin sé stöðvuð.

Allar líkur benda til, að samband sé milli rýrnunar einangrunarinnar og þeirra lagskipta, er í ljós komu í urethanfrauðinu. Ástæða er til að ætla, að þau lög, sem óþéttari eru og þannig með lægri rúmþyngd, hafi ekki verið nægilega sterk til að standast þann undirþrýsting, sem verður í frauðinu, þegar hluti þensluefnisins (freonsins) þéttist að þenslu lokinni. Rýrnun, sem af þessu stafar, ætti jafnframt að stöðvast, svo sem mælingar staðfesta.

3. Útlit.

Það er samdóma álit matsmanna, að um útlitsgalla sé að ræða, þar sem er margnefnd bungun ytra byrðis flekanna. Það fer að sjálfsögðu nokkuð eftir birtu, hve áberandi gallinn er.

4. Tillögur um úrbætur skv. fyrirspurnum í matsbeiðni.

Samkvæmt framangreindum niðurstöðum um einangrunargildi og hættu á frekari rýrnun er það samdóma álit matsmanna, að ekki sé þörf á að endurnýja polyurethan-frauðplast flekanna.

Til þess að bæta úr umræddum útlitsgalla þarf að setja nýtt byrði úr eternit-glasal utan á flekana. Til þess þarf að losa hvern fleka úr útveggjargrindinni. Ný eternit-glasal-plata er síðan lögð í kítti í falsið og flekinn síðar lagður í kítti innan á hana og festur með lista við tréuppistöður eins og áður.

Við framkvæmd verksins mun þurfa að reisa vinnupalla við norðurhlið hússins.

5. Kostnaðarmat.

Við höfum í samræmi við matsbeiðni metið til peningaverðs

framangreindar viðgerðir og teljum heildarkostnað við þær hæfilega metinn á kr. 114.500.00 — eitthundraðogfjórtánþúsundogfimmhundruð krónur.

Heildarkostnaður þessi sundurliðast sem hér segir:

1)	Nýjar eternit-glasal-plötur (efni)	kr. 32.900.00
2)	Kostnaður vegna vinnupalla (efni og vinna)	— 12.000.00
3)	Vinna áður ótilgreind, þar með talin frátekning og endurtenging ofna og raflagna, svo og málun ásamt tilheyrandi efni áður ótilgreindu	— 65.600.00
4)	Viðbótarkostnaður vegna nýs fleka í stað þess, sem skemmdist við rannsókn	— 4.000.00
		Kr. 114.500.00".

Matsmenn hafa báðir komið fyrir réttinn og staðfest matsgerð sína og gefið svör við ýmsum spurningum, sem til þeirra var beint.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

1.	Kostnaður samkvæmt matsgerð	kr. 114.500
2.	Matskostnaður	— 51.632
3.	Bætur vegna vanmetinna útlitsgalla	— 150.000
4.	Skaðabætur vegna margvíslegra óþæginda	— 150.000

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að hér hafi verið um gallaða vöru að ræða, sem stefndi beri fébótaábyrgð á. Stefnandi hafi þegar í stað kvartað og hann varð gallanna var. Samningaviðræður við forráðamenn stefnda hafi engan árangur borið. Því hafi stefnandi fengið dómkvadda matsmenn til þess að meta gallana til fjár og krafa hans á hendur stefnda sé hvorki fyrnd né heldur fallin niður fyrir tómlæti. Stefnandi bendir sérstaklega á það, að hann krefur 150.000 króna bóta vegna ómetinna útlitsgalla, þar sem augljóst sé, að þrátt fyrir þær viðgerðir, sem matsmenn leggi til, að gerðar verði, þá verði um að ræða veruleg og varanleg lýti á útliti hússins. Að lokum telur stefnandi, að hann hafi orðið fyrir tjóni og margvíslegum óþægindum vegna hinna framkomnu galla á gæðum verks og vöru frá stefnda, sem meðal annars hafi leitt til þess, að eigi hafi verið unnt að leigja út húsið um eins árs skeið. Fyrir þetta krefur stefnandi 150.000 króna skaðabóta.

Stefndi byggir sýknukröfu sína aðallega á því, að krafa stefn-

anda sé fyrnd. Verk það, sem stefnandi byggi bótakröfu sína á, hafi verið unnið í verksmiðju stefnda fyrir 6. september 1967, en þann dag hafi verið skrifaður reikningur á stefnanda að fjárhæð kr. 15.600, sem stefnandi hafi greitt án fyrirvara. Stefna í máli þessu sé hins vegar gefin út 2. mars 1972 og málið þingfest 17. mars 1972.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að hann sé ekki skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda, enda hafi hann hvorki haft hönnun flekanna á hendi og ekkert samráð hafi verið haft við hann um gerð þeirra. Stefnandi hafi komið með flekana fullbúna í verksmiðju stefnda og hafi stefndi einungis séð um að fylla þá með polyurethan-einangrunarefni. Hins vegar ráði gerð flekanna mestu, einkum innri gerð þeirra, hvernig yfirborð þeirra verður. Flekarnir hafi verið gerðir úr trérömmum, sem háðir séu talsverðum breytingum, og ekkert hafi verið gert til að verja þá rakaflæði úr húsinu og orsakir breytinga á yfirborði flekanna geti legið í því. Þá hafi flekarnir ekki verið hólfaðir og því hafi þurft að fylla á þá í áföngum. Stefnanda hafi verið bent á, að þetta gæti verið áhættusamt, en hann viljað taka áhættuna, enda hafi verk þetta verið unnið á hans ábyrgð.

Stefndi hafi einungis lagt til einangrunarefni í flekana, en enga ábyrgð tekið á flekunum að öðru leyti, enda hafi stefnandi tekið við þeim athugasemdalaust, þó að útlitsgallar væru komnir fram, þegar afhending átti sér stað. Þá bendir stefndi á það, að flekarnir hafi verið framleiddir í áföngum og hefði því stefnandi getað komið fram kvörtunum strax og stöðvað frekari framleiðslu, ef hann hefði haft í huga að bera fyrir sig útlitsgalla. Það sé ljóst af matsgerð, að einangrunargildi flekanna sé ekki ábótavant, hins vegar telji matsmenn, að um útlitsgalla sé að ræða, en láti ómælt um það, hverjar séu orsakir þeirra. Mótmælir stefndi því sérstaklega, að hann beri nokkra ábyrgð á framangreindum útlitsgöllum, enda hafi hann ekki framleitt flekana.

Af matsbeiðni verði heldur ekki séð, að stefnandi hafi haft í huga útlitsgalla, er hann beiddist mats, en hann hafi hreyft því atriði á fundi með matsmönnum 11. janúar 1972.

Mótmælir stefndi því, að nokkuð sé fram komið í matsgerð eða öðrum skjölum, er sanni, að útlitsgallar verði raktir til þáttar stefnda í gerð flekanna.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að með bréfi, dagsettu 5. febrúar 1969, hafi stefnandi boðið stefnda að ljúka máli þessu með 25.000 króna greiðslu.

Til þrautavara krefst stefndi stórlegrar lækkunar á kröfum stefnanda. Mótmælir stefndi kröfufjárhæðum öllum sem of háum, og kröfum um bætur vegna vanmetinna útlitsgalla, kr. 150.000, og vegna margvíslegra óþæginda, kr. 150.000, mótmælir stefndi algerlega sem órökstuddum. Að endingu mótmælir stefndi vaxtakröfunni sem of hárri.

Að lokum heldur stefndi því fram, að af hans hálfu hafi bótaskylda aldrei verið viðurkennd í þessu máli. Komist rétturinn hins vegar að þeirri niðurstöðu, að stefndi hafi verið bótaskyldur vegna flekanna, þá sé sú krafa löngu niður fallin sakir tómlætis stefnanda.

Niðurstaða dómsins.

Dómendur hafa farið á vettvang og skoðað flekana. Var það í sólarlausu veðri, og gátu dómendur þá ekki komið auga á neinar ójöfnur á flekunum. Síðan hafa dómendur farið margsinnis á vettvang til þess að skoða flekana í sólskini á ýmsum tímum dagsins. Svo sem rakið er í upphafi dómsins, er flekum þessum komið fyrir á norðurhlið hússins. Á þeirri hlið nýtur ekki sólar frá því um klukkan 0800 að morgni til um klukkan 1900 að kvöldi. Aðeins þegar sólargeislarnir falla á flekana undir skörpu horni, þ. e. rétt áður en þeir hverfa af hliðinni á morgnana og rétt eftir að þeir byrja aftur að falla á hliðina að kvöldi, má merkja skugga á flekunum, er gefur til kynna, að þeir séu ekki alveg sléttir. Þessir skuggar hverfa þó um leið og sólargeislarnir taka að falla undir gleiðara horni á hliðina, og eftir það ber ekki á ójöfnum á flekunum. Ójöfnur þessar eru því það smávægilegar, að rétturinn getur ekki fallist á það, að stefnandi eigi af þeim sökum bótarétt á hendur stefnda, enda er ekki í ljós leitt, að stefndi hafi ábyrgst stefnanda, að flekarnir yrðu algerlega sléttir, og enn fremur ber að hafa það í huga, að einangrunargildi flekanna er fullnægjandi samkvæmt framangreindri matsgerð.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi á að vera sýkn af bótakröfum stefnanda í máli þessu.

Með tilliti til þess, að veruleg vafaatriði eru í máli þessu, þykir rétt með heimild í 178. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði að skipta málskostnaði þannig, að stefndi greiði stefnanda helming matskostnaðar, þ. e. kr. 25.816, en að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt

meðdómendunum Bjarna Steingrímssyni efnafræðingi og Braga Árnasyni efnafræðingi.

Sá dráttur, sem orðið hefur á uppsögu dóms þessa, stafar af því, að sólskinið lét bíða eftir sér, en dómendur vildu skoða flekana sem best og við hinar breytilegustu aðstæður, áður en þeir lykju dómi á málið.

Dómsorð:

Stefndi, Börkur h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Trésmiðju Þorkels Skúlasonar, í máli þess að öðru leyti en því, að stefndi skal greiða stefnanda kr. 25.816 upp í matskostnað.

Málskostnað á að öðru leyti að fella niður í máli þessu. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. október 1975.

Nr. 134/1973. **Ólafur H. Pálsson, eigandi Hamrakots,**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Þormóði Sigurgeirssyni, eiganda Orrastaða
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Landamerkjamál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. september 1973. Krefst hann þess, að norðvesturlandamerkjum Hamrakots, þar sem þau liggja að landi Orrastaða, ráði sjónhending frá punkti B á uppdrætti Ragnars Árnasonar mælingaverkfræðings frá 13. maí 1975 í Skörpubrún í Hurðabakslandi, þar til sú lína sker Deildarlæk í

punkti C á sama uppdrætti. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð mörg ný gögn. Ragnar Árnason mælingaverkfræðingur hefur gert uppdrátt af þrætulandinu og m. a. dregið á hann línu frá hól þeim með þúfu á við Vatnslág (punktur A á uppdrættinum), sem um getur í landamerkjabréfi Orrastaða 25. apríl 1884, að „vestasta smáhól, sem einkenndur er með grjótvörðu, og er fyrir sunnan og vestan Hamrakot" samkvæmt sömu landamerkjaskrá (punktur B á uppdrættinum). Enn fremur er á uppdrættinum dregin línan frá punkti B sjónhending í Skörpubrún í Hurðarbakslandi um punktinn C við Deildarlæk. Umræddur uppdráttur er gerður eftir loftmynd, sem lögð hefur verið fyrir Hæstarétt, en á loftmynd þessa hafði Guðbjartur Guðmundsson héraðsráðunautur markað framangreinda punkta og línur eftir fyrirsögn aðilja. Meðal annarra nýrra gagna eru gögn um veiði og veiðirétt einstakra jarða í Laxá á Ásum og loks ýmsir kaupsamningar og afsöl fyrir Hamrakoti og Orrastöðum, sem að er vikið í hinum áfrýjaða dómi, þótt þau gögn lægju ekki fyrir landamerkjadóminum.

Aðiljar eru sammála um, að punktur B á uppdrætti Ragnars Árnasonar sé á merkjum milli jarða þeirra, Hamrakots og Orrastaða, en þá greinir á um merkin þaðan til norðvesturs. Telur áfrýjandi rétt merki vera úr punkti B í hornmark í punkti C við Deildarlæk, en þaðan ráði lækurinn merkjum milli Hamrakots og Hurðarbaks til Laxár. Stefndi heldur því hins vegar fram, að merkin séu úr áðurnefndum punkti B í einkennilegan hól með þúfu á við Vatnslág (punktur A), og af málsreifun hans má ráða, að hann telur merkjalínuna liggja þaðan í Laxárvatn. Kröfur hans fyrir landamerkjadómi svo og fyrir Hæstarétti eru þó aðeins um ákvörðun landamerkja frá punkti B að punkti A, og hefur hann engar skýrar kröfur gert um merkjalínuna þaðan í Laxárvatn. Hefur landamerkjadómurinn því eigi skorið úr um þau landamerki í dómi sínum. Það leiðir hins vegar af

meginreglum II. kafla laga nr. 41/1919, að greiða bar til hlítar úr landamerkjaágreiningi aðilja í máli þessu. Vegna greinds annmarka og þar sem gagnaöflun í málinu þykir enn fremur hafa verið áfátt, einkum að því er varðar gerð, aldur og viðhald girðingar þeirrar við Deildarlæk, sem í málinu greinir, þá ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að loftljósmynd sú í dómsgerðum málsins, sem þingmerkt er með áritun dómsformanns sem héraðsdómsskjal nr. 3, virðist ekki vera sú loftljósmynd, sem upphaflega var þannig þingmerkt. Hefur landamerkjadómurinn enga grein gert fyrir þessu ósamræmi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Húnavatnssýslu 13. júlí 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 27. júní 1973, var höfðað með kröfu eiganda Orrastaða til sýslumanns Húnavatnssýslu, dags. 8. september 1971, um að ákvarða landamerki jarðanna Orrastaða og Hamrakots. Málið var þingfest fyrir landamerkjadómi Húnavatnssýslu 5. október 1971. Kröfur sóknaraðilja í þessu máli, eiganda Orrastaða, eru, að landamerki milli Hamrakots og Orrastaða verði ákveðin í samræmi við landamerkjabréf frá 25. apríl 1884 — „úr einkennilegum hól við Vatnslág“ við Laxárvatn í hól merktan B á dómsskj. nr. 3. Þessi punktur, B, er á hól, sem er suðvestur hornmerki Hamrakots og aðiljar hafa orðið sammála um. Þá gerir sóknaraðili kröfu til hæfilegs málskostnaðar. Varakrafa hans er, að málskostnaður falli niður. Kröfur varnaraðilja, eiganda Hamrakots, eru, að frá samkomulagspunkti B á dómsskj. 3 ráði sjónhending í Skörpubrún í Hurðarbakslandi, þar til sú lína sker Deildarlæk, sem ræður merkjum milli Hamrakots og Hurðarbaks. Til vara, að merkjum ráði lína, dregin úr áðurnefndum punkti B í stað í Deildarlæk, mörkuðum þar sem

200 metra girðingarspotta til suðurs frá Laxá lýkur. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Landamerki jarðarinnar Hamrakots eru Fremri-Laxá og Laxárvatn að austan, en að öðru leyti liggur land Hamrakots að landi Orrastaða. Samkvæmt landamerkjabréfi frá 25. apríl 1884 fyrir jörðinni Orrastöðum er landamerkjum þannig lýst: „. . . . Frá henni (Deildartjörn) að norðan ræður Deildarlækur, er skilur lönd Orrastaða og Hurðarbaks til Laxár neðri, ræður þá áin og vatnið suður til Vatnslágar. Norðan við Vatnslág þessa er einkennilegur hóll með þúfu á. Frá Vatnslág eður hólnum gengur merkjalínan milli Hamrakots og Orrastaða beint suður í vestasta smáhól, sem einkenndur er með grjótvörðu og er fyrir sunnan og vestan Hamrakot . . .“.

Undir þetta bréf rita B.(enedikt) Blöndal, umboðsmaður Þingeyrarklaustursjarða, Jónas Erlendsson, samþykkur milli Orrastaða og Tinda (Laxá fremri), og J.(ósafat) Jónatansson er „ósamþykkur“.

Á þessum tíma voru Orrastaðir og Hurðarbak þjóðjarðir, er lágu undir Þingeyraklaustursumboði, en Hamrakot tilheyrði Holtastaðaeign, og eigandi Holtastaða var þá Jósafat Jónatansson.

Samkvæmt veðmálabókum Húnavatnssýslu afsalar landshöfðinginn yfir Íslandi Guðrúnu Erlendsdóttur jörðinni Orrastaði 6. febrúar 1886 samkvæmt heimild í lögum nr. 26/1883. Þar er ekkert tekið fram um landamerki.

Sonur hennar, Björn Eysteinsson, eignaðist Orrastaði með afsali 13. nóvember 1906. Með afsali 23. nóvember 1913 afsalar Jónatan Jósafatsson Líndal, Holtastöðum, Birni Eysteinssyni jörðinni Hamrakoti án nokkurra athugasemda um landamerki (makaskipti á jörðum). Eru þá báðar jarðirnar komnar í eign sama manns. Hvergi á þessum eignarafsölum er minnst á landamerki, og eru því líkur fyrir því, að landamerki hafi legið ljós fyrir og verið ágreiningslaus. Hafi ágreiningur verið um landamerki milli Hamrakots og Orrastaða, verður að telja, að hann sé úr sögunni, þegar Björn Eysteinsson eignast Hamrakot. Gamla landamerkjabréfið hefur sennilega verið talið gilt og eftir því farið, þótt ekki hafi það verið þinglesið, sbr. það sem móðir sóknaraðilja segir á dómsskj. nr. 18. „Landamerkjabréfið frá 1884 . . . , er það eina, sem ég hef séð, og hefur það fylgt með við eigendaskipti á Orrastöðum“. En maður hennar, faðir sóknaraðilja, kaupir af föður

sínum, Birni Eysteinssyni, bæði Orrastaði, með afsali 24. maí 1924, og Hamrakot, með afsali sama dag (skv. veðmálabókum Húnavatnssýslu).

Þess ber þó að gæta við þessi eignaafsöl, að í raun reynir ekkert á landamerkjabréfið, þar sem báðar jarðirnar eru seldar samtímis og glögg merki að austan og sunnan (Laxárvatn, Fremri-Laxá og Svínavatn), og Björn Eysteinsson hafði girt jörð eða jarðir sínar af að vestan og norðan, og liggur girðingin um Deildarlæk í stefnu á Laxá, nú með horni við Laxá og í stífluna í Laxárvatni.

Jarðirnar báðar eru svo í eigu Sigurgeirs Björnssonar til 7. apríl 1931, er hann selur systursyni sínum, Birni Pálssyni, nú bónda og alþingismanni á Ytri-Löngumýri. Í þeim kaupsamningi, dómsskj. nr. 4, er ekkert getið um landamerki. Björn Pálsson selur svo Hamrakotið 14. maí 1941 Jóni Sigfússyni, og í þeim kaupsamningi segir: „Landamerki jarðarinnar eru bókfærð í landamerkjabók sýslunnar og vísast til þeirra", dómsskj. nr. 6.

Jón L. Sigfússon selur svo Valdimar Sigurgeirssyni Hamrakotið með kaupsamningi 23. desember 1943. Þar segir: „... Þá skal það tekið fram, að landamerki jarðarinnar eru máske ekki nógu glögg, og tekur kaupandi á sig alla þá ábyrgð og kostnað, sem af því kann að leiða að fá rétt landamerki gjörð af jörðinni ...". Dómsskj. nr. 7 og 8.

Samkvæmt veðmálabókum sýslunnar selur svo Valdimar þeim bræðrum Jóni, Páli og Ólafi Pálssonum jörðina 9. ágúst 1961, og Jón og Páll afsala Ólafi, varnaraðilja þessa máls, sínum hluta jarðarinnar 27. september 1966. Ekki er getið landamerkja í þeim afsölum. (Veðmálabækur Húnavatnssýslu).

Sigurgeir Björnsson lést árið 1936. Búi hans er skipt opinberum skiptum 4. maí 1939, og er ekkjunni útlögð jörðin. Síðari maður hennar afsalar svo stjúpsyni sínum, sóknaraðilja, jörðinni með afsali 18. desember 1939. „... sel ... Orrastaði ... með öllu. ... Og landamerkjum eins og þau eru skráð í landamerkjabréfi jarðarinnar". (Skiptaréttarbók og veðmálabækur Húnavatnssýslu).

Á dómsskj. nr. 17 er aðiljaskýrsla sóknaraðilja. Þar segir hann, að hann hafi keypt jörðina 17 ára gamall og fjárhaldsmaður séð um kaupin, enda verið fjarverandi og verið það næstu 20 ár. Svo þegar girða átti á merkjum milli Hamrakots og Orrastaða, hafi hann leitað eftir landamerkjabréfum og móðir hans afhent honum bréfið frá 1884. Þá hafi ágreiningur orðið og því hafi mál verið höfðað.

Landamerkjadómur fór þrívegis á vettvang, síðast er lögmenn höfðu flutt fyrri ræður sínar við munnlegan málflutning.

Skulu nú vottorð rakin og þau könnuð með hliðsjón af vettvangi.

Í vottorði Björns Sigurfinnssonar á dómsskj. 12 segir, að hann þekki engin önnur merki milli Hamrakots og Hurðarbaks en Deildarlæk (í raun merkjagirðing) og styðst þar við umsögn föður síns og Valdimars Sigurgeirssonar, sem nytjaði landið út að merkjagirðingu og vann að viðhaldi hennar af hálfu Hamrakots, frá Laxá og upp að jarðföllum efst. Sigurfinnur Jakobsson segir í sínu vottorði á dómsskj. nr. 13, að hann hafi litið svo á, að Deildarlækur skipti merkjum Hurðarbaks og Hamrakots. Enn fremur heyrði hann oft talað um, að merkin milli Orrastaða og Hamrakots væru úr Kotkeldu sjónhending í Skörpubrún í Hurðarbakslandi. Sigurfinnur var bóndi á Hurðarbaki frá 1933 til 1965. Þegar hann byrjar búskap á Hurðarbaki, bjó Páll Jónsson í Hamrakoti og heyjaði við Deildarlækinn, og töldust það engjar frá Hamrakoti. Helgi Jónsson, sem heima átti í Sauðanesi frá 1906 til 1937, að undanteknum árunum 1930—1933, er hann bjó á Hurðarbaki, segir á dómsskj. nr. 16: „Ég staðfesti, að alla tíð var svo álitið og heyrðist ekki annað á þessum tíma, að því er mér er kunnugt um, en að Laxá lægi á merkjum Sauðaness og Hamrakots, frá Laxárvatni að Deildarlæk, en þá tóku við landamerki Hurðarbaks og Sauðaness um Laxá. Mér er ókunnugt um merkin milli Orrastaða og Hamrakots". Sigurjón E. Björnsson hefur það eftir Fanný Jónsdóttur, fyrrum húsfreyju í Holti í Svínadal, á dómsskj. nr. 21, en Fanný ólst upp á Orrastöðum hjá Pétri Tómassyni, er keypti um aldamót af Guðrúnu Erlendsdóttur og seldi Birni Eysteinssyni, að hún þekki ekki önnur merki milli Hamrakots og Orrastaða en þau, sem landamerkjabréfið tilgreinir. Sigurjón hefur það einnig eftir Valdimar Sigurgeirssyni, að Jón Sigfússon hafi sagt, er hann seldi Valdimar, að hann gæti ekki skaffað nein merki, því hann hefði keypt án ákveðinna merkja. Guðmundur Magnússon, sem lengi átti heima á Hurðarbaki, segir á dómsskj. nr. 22: „Merkin milli Orrastaða og Hurðarbaks, þar sem lækurinn kemur niður úr gilinu við Kotásinn, bein lína í jarðfallið, þar sem lækurinn dregst saman aftur, og þaðan lækurinn til Laxár", og einnig, að Björn Eysteinsson hafi slegið Partinn, bæði þegar hann bjó á Orrastöðum og eftir að hann flutti að Hamrakoti og að Sigurgeir hafi slegið Partinn (sem mun vera hluti af hinu umdeilda landi) öðru hverju, þegar hann bjó á Orrastöðum. Og Páll bóndi

Kristjánsson á Reykjum, næsta bæ við Orrastaði, segir í dómsskj. nr. 20, að hann hafi vitað til þess, að Sigurgeir Björnsson á Orrastöðum hafi stundum heyjað á svonefndum Parti niður undir Laxá.

Þegar þessi vottorð eru athuguð, kemur aðeins það í ljós, að ekki hefur legið alveg ljóst fyrir, hver landamerki eru milli Orrastaða og Hamrakots. Vætti Helga Jónssonar og Guðmundar Magnússonar, sem nú er látinn, stangast á, þó eru það þeir, sem helst ættu að vita þetta. Það, sem haft er eftir Fanný Jónsdóttur, er eðlilega í samræmi við landamerkjabréfið, enda á hún heima á Orrastöðum, meðan Hamrakot er enn í eigu Holtastaðamanna, svo hennar vætti sker ekki úr hér. Björn Sigurfinnsson byggir sína þekkingu á frásögn föður síns og Valdimars Sigurgeirssonar, en eins og fram kemur hjá Sigurjóni Björnssyni og raunar er tekið fram í kaupsamningi milli Jóns L. Sigfússonar og Valdimars, þá eru merki ekki ótvíræð, og Valdimar veit þess vegna lítið um þau.

Það, að Valdimar hélt við girðingu milli Hurðarbaks og hins umdeilda lands, sannar raunar ekkert. Þessi girðing var að vissu marki jafnmikil nauðsyn Hamrakotsbóndanum og Orrastaðabóndanum, þar sem lönd þeirra voru ógirt, svo viðhald girðingarinnar gæti hafa verið kvöð á Hamrakoti. Þá virðist þetta umdeilda land hafa verið nytjað bæði frá Hamrakoti og Orrastöðum.

Björn Pálsson mun ekki hafa búið í Hamrakoti og ekki hirt um að kanna landamerki, sbr. það, að hann segir í afsali sínu til Jóns L. Sigfússonar á dómsskj. nr. 6, að þau séu „... bókfærð í landamerkjabók sýslunnar ...“, þótt ekkert landamerkjabréf hafi verið til eða sé til fyrir Hamrakot, eftir því sem best er vitað. Áður er getið um þekkingu eða þekkingarleysi Jóns L. Sigfússonar og Valdimars Sigurgeirssonar, og þá eru aðeins eftir Sauðanesmenn eða Helgi Jónsson, sem var í fyrirsvari fyrir ekkjuna í Sauðanesi frá 1933 fram til 1937. Vottorð Sigurfinns leysir ekki úr neinu. Gerir óvissuna aðeins ívið meiri en áður.

Sigrún Pálsdóttir frá Sauðanesi gefur vottorð á dómsskj. nr. 14. Sigurgeir á Orrastöðum hefði fylgt henni áleiðis heim, eftir að hún hafði unnið fyrir hann um tíma. Þau fara um Hamrakotsland og henni finnst leiðin löng og spyr, hvort þau komi ekki senn í Hurðarbaksland, og Sigurgeir segir henni, að þau fari eingöngu um land Hamrakots að ánni og land Hamrakots og Hurðarbaks liggi saman. Það, sem gerir, að hún man þetta tilvik, er það, að hún varð svo undrandi yfir því, að Hurðarbak átti ekki land að Sauðanesi, eða réttara sagt að Laxá, sem skipti

löndum. Undrun hennar er slík, að hún man þetta enn, sem ef til vill bendir til þess, að heima fyrir hafi hún aðeins heyrt, að Hurðarbak ætti landið hinum megin Laxár, en það veikir vottorð Helga Jónssonar á dómsskj. nr. 16. Sigurgeir segir henni, að Hamrakot eigi land að Hurðarbaki. Þá var nýbúið að ganga frá sölu Hamrakots til Björns Pálssonar, og vel getur verið, að ætlunin hafi verið sú að breyta landamerkjunum, sbr. hér á eftir um vottorð Björns Pálssonar, en þessi breyting var aldrei gerð, a. m. k. hefur það skjal ekki komið fram.

Þegar Sigurgeir segir, að þau fari um Hamrakotsland, ber að hafa í huga, að á þessum tíma var Laxárvatn óstíflað. Við munnlegan málflutning lagði lögmaður varnaraðilja fram til athugunar fyrir dóminn fundargerðabók Veiðifélags Laxár á Ásum. Þar kemur fram, að fjarlægð frá stíflu að ós Deildarlæks er um 160 m. Samkvæmt loftmynd á dómsskj. nr. 3 ætti þá vegalengdin frá Vatnslág að ós Laxárvatns, eins og hann var fyrir stíflunа, að vera um 500—700 m, eða steinsnar frá óumdeildu Hamrakostlandi í Sauðanesland handan Laxár. Vottorð á dómsskj. nr. 14 gefur því ekki lausn vandamálsins.

Björn Pálsson gefur vottorð á dómsskj. nr. 15 og staðfestir það fyrir landamerkjadóminum 10. júlí 1972 með þeirri breytingu, að eftir að hafa skoðað vettvang, hafi línan frá Laxá, stíflu, verið 200 m, en ekki 200 faðmar. Björn treystir Sigurgeir frænda sínum í einu og öllu að því er snertir landamerki jarðanna, og þar sem þeir standa á ás vestan Hamrakots, bendir Sigurgeir á merkin út flóann. Vegalengdin milli ássins og girðingarinnar er hátt í 2 km (sjá dómsskj. nr. 3 miðað við vegalengdina frá ós Deildarlækjar að stíflu sé um 160 m). Vel má hugsa sér, að gamla krafa Hamrakots hafi verið lína um Kotkeldu (nú frá punkti B) í Skörpubrún, en krafa Orrastaða úr punkti (nú) B í Vatnslág og Sigurgeir hafi hugsað sér að fara bil beggja og leysa gamalt deilumál, nú þegar sinn hvor eigandinn væri aftur orðinn að jörðunum, og setja línuna, landamerkin, mitt í milli hinna umdeildu merkja. Úr þessu fæst ekki skorið, þar sem engir samningar voru um þetta gerðir og ekkert um þetta ritað né heldur vitað um vilja eða skoðun Sigurgeirs. Það, sem mælir á móti þessari tilgátu, er það, að Björn man ekkert um, að þetta hafi verið breyting. En hann telur sig hafa keypt um 200 m af landamerkjagirðingu, sem þó er ekki fram tekið í kaupsamningi og raunar hnekkt eða a. m. k. veikt með endurriti úr úttektarbók Torfalækjarhrepps á dómsskj. nr. 19. Björn virðist ekki hafa

haft mikinn áhuga á landamerkjum Hamrakots, því hann kannar ekki, hvort þau eru innfærð í landamerkjaskrá, en segir, er hann selur Hamrakot, að þau séu þar skráð eða í landamerkjabók, eins og hann orðar það.

Á dómsskj. nr. 19 er endurrit úr úttektarbók Torfalækjarhrepps. „Samkvæmt úttektarbók fyrir Torfalækjarhrepp, sem er löggilt 12. febr. 1929 af sýslumanni Húnavatnssýslu, eru innfærðar í hana úttektir á Hamrakoti frá árunum 1926, 1929 og 1935.

Samkvæmt þessum úttektargjörðum á Hamrakoti er í engri þeirra getið um landamerkjagirðingar.

Í úttektargjörð á Orrastöðum, gerðri 4. júní 1938, stendur orðrétt: „Önnur mannvirki.

1. Girðing á merkjum að norðan og vestan, úr Laxárvatni um Deildartjörn í Svínavatn. Girðingin var gerð upp í fyrra, bætt í staurum fyrir bilaða staura og settir millistaurar. Milli staura eru 5 m og 5 gaddavírsþættir í girðingunni.
2. Túngirðing".

Undir þessa úttektargjörð á Orrastöðum skrifa hreppstjóri Torfalækjarhrepps, Þórarinn Jónsson, úttektarmaður Torfalækjarhrepps, Jón Stefánsson, viðtakandi jarðarinnar, Stefán Ágústsson, og af hálfu umráðamanns jarðareiganda Sigurður Erlendsson (með fyrirvara)".

Samkvæmt þessari úttekt er öll girðingin talin eign Orrastaða. Hún var þá nýuppgerð, og þess vegna hefði að öllum líkindum þess verið getið, ef Björn Pálsson sem eigandi að hluta hennar, að vísu litlum, hefði tekið þátt í kostnaði og ætti þann hluta hennar. Í úttektargerð fyrir Hamrakot frá 1935 er hins vegar ekki getið um landamerkjagirðingu. Þess vegna verður að líta svo á, að hefði Sigurgeir ætlað að láta girðinguna af hendi og setja ný merki milli Hamrakots og Orrastaða, þá hafi það verið aðeins fróm ósk, sem aldrei var sett á pappír.

Af framanrituðu sést, að framlögð vottorð gefa ekki ákveðið svar við spurningum um eignarrétt á hinu umdeilda landsvæði.

Látið var að því liggja í munnlegum málflutningi lögmanns varnaraðilja, að Hamrakot eða eigendur þess hafi unnið þetta land á hefð. Þessu ber að hafna þegar af þeirri ástæðu, að þetta land er innan sameiginlegrar girðingar, beitiland og var slægjuland og nytjað af báðum jörðunum til beitar og af þeim á víxl, að því er virðist til slægna, meðan það tíðkaðist. Hefð kemur því ekki til álita, að því er landið snertir.

Varnaraðili leggur mikið upp úr því, að Hamrakoti, en ekki Orrastöðum, var boðin þátttaka í veiðifélagi um Laxá. Lagði hann fram til athugunar fyrir dóminn fundargerðabók veiðifélagsins. Fundargerðir eru bersýnilega ekki innfærðar á fundum, heldur síðar. Fyrsti fundur er haldinn 12. september 1935. Þar eru allir sagðir mættir, en ekki er skrifað undir fyrir Hamrakot og Hnjúka (Blönduóshr.). Þegar svo arðskrá er samin sumarið 1936, er Hamrakoti ætlað ¼%, svo eftir miklu hefur ekki verið að slægjast. Auk þess var það álit Sauðanesmanna, sbr. vottorð Helga Jónssonar á dómsskj. nr. 16, að Hamrakot ætti land að Laxá. Á fundi 23. mars 1936 var lagt fram frumvarp til samþykktar fyrir veiðifélagið. Þá er Hamrakot talið eiga land að ánni. Þessi afstaða gagnvart Hamrakoti segir aðeins álit manna á eignaraðild landsins, en sker ekki úr um hin eiginlegu merki.

Landið upp af ánni og vatninu, hið umdeilda svæði, var nytjað af báðum jörðunum, Orrastöðum og Hamrakoti. Sennilega hefur veiði í Laxárvatni aðeins verið stunduð frá Hamrakoti, en Orrastaðamenn veitt í Svínavatni. Þótt þessari tilgátu væri ekki til að dreifa, þá lítur dómurinn svo á, að notkun veiðiréttar og afstaða veiðifélagsins geti ekki skapað ný landamerki milli Hamrakots og Orrastaða. M. ö. o. nýting veiðiréttinda frá landi geti ekki skapað ein sér eignarrétt á landinu. Aðgerðarleysi eiganda Orrastaða getur ekki svipt hann landinu, heldur aðeins veiðiréttindum, en það er ekki til úrlausnar hér og verður því látið liggja á milli hluta.

Dómurinn telur því, að líta verði þannig á, að landamerkjabréfið frá 1884 sé í fullu gildi og ekki hafi komið fram frambærileg rök, sem hníga í þá átt að draga úr gildi þess. Þess vegna verði landamerki Hamrakots og Orrastaða í samræmi við landamerkjabréfið frá 1884 með því fráviki, að suðvesturhornpunktur Hamrakots hefur verið færður lítillega, og verða merkin því: Úr Vatnslág eða einkennilegum hól með þúfu á í punkti B merktum inn á dómsskj. nr. 3.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin umdeildu landamerki milli Orrastaða og Hamrakots verði úr punktinum B, suðvesturshornsmerki Hamrakots, í „einkennilegan hól með þúfu á við Vatnslág".

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 28. október 1975.

Nr. 62/1974. **Rafveita Hafnarfjarðar**
(Hrafnkell Áskelsson hrl.)
gegn
Raftækjaverksmiðjunni h/f (Einar Viðar hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Raforkugjald. Endurheimta. Gjaldskrá samkvæmt orkulögum.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. mars 1974. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, heimilaði iðnaðarráðuneyti áfrýjanda hinn 17. febrúar 1972 að hækka frá og með 10. s. m. um 10% smásöluverð raforku samkvæmt þágildandi gjaldskrá áfrýjanda nr. 192/1971, enda yrði breytingin auglýst með venjulegum hætti. Gjaldskrárbreyting samkvæmt þessari heimild var þó eigi birt og verðhækkun auglýst, fyrr en gjaldskrá nr. 139 7. júní 1972 var birt í B deild Stjórnartíðinda, sem út komu 10. júlí 1972. Var í niðurlagsákvæði þeirrar gjaldskrár kveðið svo á, að hún tæki gildi þegar í stað.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58/1967 skal ákveða gjald fyrir raforku frá héraðsrafmagnsveitu í gjaldskrá, sem stjórn veitunnar semur, en ráðherra staðfestir. Eigi er unnt að líta svo á, að raforkuverði samkvæmt gjaldskrá nr. 192/1971 hafi verið löglega breytt fyrir gildistöku gjaldskrár nr. 139/1972, enda verður ekki á það fallist með áfrýjanda, að 2. mgr. IV. kafla hinnar fyrrnefndu gjaldskrár ásamt greindu samþykki iðnaðarráðuneytis hafi geymt næga heimild honum til handa til að krefja stefnda um hækkað raforkugjald frá því, sem ákveðið var í staðfestri gjaldskrá, þar sem það ákvæði samrýmdist ekki fyrirmælum 25. gr. orkulaga.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en ekki er ágreiningur um fjárhæð dómkröfu stefnda eða um vexti.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Rafveita Hafnarfjarðar, greiði stefnda, Raftækjaverksmiðjunni h/f, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 28. janúar 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 23. þ. m., hefur Raftækjaverksmiðjan h/f, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum á hendur Rafveitu Hafnarfjarðar, Hafnarfirði, með kröfugerð fyrir dómi og framlagningu skjala í dóm hinn 23. janúar 1973.

Stefnandi krefst þess, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 49.565.80 ásamt 8% ársvöxtum frá 16. nóvember 1972 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi hans.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu:

„Rafveita Hafnarfjarðar selur Raftækjasmiðjunni h.f. rafmagn til reksturs síns. Með bréfi frá iðnaðarmálaráðuneytinu, dags. 17. 2. 1972 til Rafveitu Hafnarfjarðar, var rafveitunni heimiluð hækkun á gjaldskrá sinni um 10% frá og með 10. 2. 1972, enda yrði sú breyting, ef af yrði, auglýst með venjulegum hætti.

Hafði þetta í för með sér hækkun á eftirgreindum reikningum, sem hér segir:

Reikningur pr. 31. 3. 1972	kr. 27.738.80
Reikningur pr. 31. 5. 1972	— 33.029.00
Reikningur pr. 31. 7. 1972	— 9.725.00
	Kr. 70.492.80

Eins og fyrr segir, var skilyrði fyrir hækkun þessari, að hún yrði auglýst með venjulegum hætti, enda slíkt boðið í l. nr. 54/1960, 6. gr. Þessu skilyrði telur stefnandi ekki hafa verið fullnægt og hækkunina því ólöglega.

Í bréfi, dags. 16. 11. 1972, krafði stefnandi stefnda um endurgreiðslu á fjárhæð þessari, að frádregnum kr. 20.927.00, sem vanreiknaðar voru á reikningi, eða á kr. 49.565.80, en stefnda neitaði endurgreiðslu í bréfi, dags. 21. 11. 1972, og er málshöfðun því óhjákvæmileg".

Í greinargerð stefnda segir m. a.:

„Stefndi byggir sýknukröfur sínar á heimild ráðuneytisins til hækkunar á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar um 10% frá og með 10. febrúar 1972, sbr. dskj. nr. 3. Hækkun þessi var auglýst sérstaklega til hvers einstaks gjaldanda með reikningum, sem bornir voru til þeirra, en þar kemur fram hækkun á smásöluverði rafmagns. Er þessi háttur auglýsingar miklu áhrifameiri en auglýsingar í dagblöðum eða öðrum opinberum stöðum, og er einmitt sá venjulegi.

Þar að auki er gjaldskráin sérstaklega birt í B deild Stjórnartíðinda, sbr. bls. 334—337.

Misskilningur er hjá stefnanda, að 6. gr. laga nr. 54/1960 um verðlagsmál gildi um hækkun þessa. Orkulög nr. 58/1967 fjalla um gjald fyrir rafmagnsnotkun, nánar tiltekið 24. og 25. gr. Skv. þeim semur stjórn rafveitu gjaldskrá, en ráðherra staðfestir hana. Ráðherra hefur staðfest reglugerðina og leyft hækkun hennar á þeim tíma, sem mál þetta snertir, sbr. einnig dskj. nr. 3, eins og hér að ofan er gert grein fyrir".

Skal nú málsatvikum nánar lýst.

Með bréfi, dags. 22. desember 1971, fór Rafveita Hafnarfjarðar þess á leit, að iðnaðarráðuneytið heimilaði hækkun á þágildandi gjaldskrá rafveitunnar, sem var nr. 192 frá 1. september 1972.

Í 25. gr. laga nr. 58/1967 er svofellt ákvæði:

„Gjald fyrir raforku frá héraðsrafmagnsveitu, sem fellur undir ákvæði 24. gr., skal ákveða í gjaldskrá, sem stjórn veitunnar semur og ráðherra staðfestir. Í gjaldskrá má ákveða sérstakt heimtaugargjald, sem greiðist, þegar heimtaug er lögð. Gjaldskrá skal endurskoða eigi sjaldnar en fimmta hvert ár".

Ráðuneytið svaraði hækkunarbeiðni rafveitunnar með bréfi, dags. 17. febrúar 1972, sem lagt hefur verið fram sem dskj. nr. 3 og hljóðar svo:

„Ráðuneytið vísar til bréfs Rafveitu Hafnarfjarðar, dags. 22. desember f. á., varðandi hækkun á gjaldskrá. Var Framkvæmdastofnun ríkisins falin athugun máls þessa, og barst ráðuneytinu álitsgerð hennar hinn 15. þ. m., og hefir ráðuneytið ákveðið, með hliðsjón af henni, sbr. og 2. gr. laga nr. 94 24. desember 1971, að

heimila Rafveitu Hafnarfjarðar að hækka smásöluverð raforku skv. núgildandi gjaldskrá um 10% — tíu af hundraði — frá og með 10. febrúar 1972, enda verði sú breyting, ef af verður, auglýst með venjulegum hætti. Tekið skal fram, að hækkunarheimild þessi tekur til heimtaugargjalda og taxta fyrir stórnotkun, en þessi tvö atriði eru í framhaldandi athugun í ráðuneytinu og svo fremi að hún kynni að leiða til frekari breytinga, verður sú niðurstaða jafnskjótt tilkynnt".

Hinn 25. maí 1972 hafði ráðuneytið lokið athugun sinni á því, hvort rétt væri að heimila hækkun heimtaugargjalda og taxta fyrir stórnotkun umfram hina almennu 10% hækkun, og þann dag ritaði ráðuneytið rafveitunni svofellt bréf:

„Ráðuneytið vísar til fyrri bréfa um hækkun gjaldskrár Rafveitu Hafnarfjarðar og staðfestir heimild til að hækka gjöld skv. gjaldskrá nr. 192 1. september 1972 um 10% — tíu af hundraði — þó svo, að gjöld fyrir stórnotkun, sbr. staflið E, má hækka um 15%, en eftir atvikum þykir rétt, að sú hækkun taki gildi í fyrsta lagi frá og með 15. júní nk.

Með vísan til ofanritaðs óskast uppkast að nýrri gjaldskrá sent ráðuneytinu hið fyrsta".

Rafveitan samdi uppkast að gjaldskrá, sem hún sendi ráðuneytinu, sem staðfesti hana með nokkrum breytingum, m. a. felldi ráðuneytið niður úr uppkastinu svohljóðandi niðurlagsákvæði:

„Gjaldskrá þessi gildir frá og með 10. febrúar 1972, nema stafliður E, en full hækkun hans tekur gildi frá og með 15. júní 1972".

Stafliður E í gjaldskránni fjallar um taxta fyrir stórnotkun.

Niðurlagsákvæði gjaldskrárinnar, eins og hún er birt í Stjórnartíðindum hinn 7. júní 1972 sem nr. 139/1972, hljóðar svo:

„Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 192 1. september 1971.

Iðnaðarráðuneytið, 7. júní 1972.

Magnús Kjartansson.
Jóhannes Guðfinnsson".

Hækkunarheimildir, sbr. bréf ráðuneytisins frá 17. febrúar og 25. maí, höfðu ekki verið birtar í Stjórnartíðindum, fyrr en gjaldskráin í heild var birt hinn 7. júní 1972.

Í bréfi, sem lögmaður stefnda ritaði iðnaðarráðuneytinu hinn 5. mars 1973, segir svo:

„Með bréfi, dags. 17. febrúar 1972, heimiluðuð þér Rafveitu Hafnarfjarðar að hækka smásöluverð á rafmagni um 10% frá þá gildandi gjaldskrá frá og með 10. febrúar 1972. Þá var tekið fram í bréfi yðar, að breytingin skyldi auglýst með venjulegum hætti. Rafveitan hækkaði strax rafmagnsverðið, og kom hækkunin til framkvæmda frá og með 10. febrúar 1972, og var hverjum einstökum kaupanda í Hafnarfirði tilkynnt hækkun þessi með venjulegum hætti, það er að segja, með því að þeim voru sendir reikningar með hinu nýja verði. Er það auðvitað hin áhrifamesta auglýsing, þar sem á reikningunum er gerð grein fyrir einingarverði.

Þá er gjaldskráin birt í B-deild Stjórnartíðinda, bls. 334—337. Í lok prentunar gjaldskrárinnar í Stjórnartíðindum stendur, að gjaldskráin öðlist þegar gildi. Undirskriftardagur hennar í ráðuneytinu er 7. júní 1972. Í gjaldskránni, sem stjórn rafveitunnar samdi og yður var send, var ákvæði um það, að hún tæki gildi frá og með 10. febrúar 1972, og var það byggt á leyfi yðar frá 17. 2. 1972.

Í gjaldskrá fyrir Rafveitu Reykjavíkur, sem tók gildi um líkt leyti og staðfest var af yður, var gildistíminn ákveðinn aftur í tímann, eins og hugsunin var hjá Rafveitu Hafnarfjarðar.

Skv. 25. gr. laga nr. 58/1967 semur stjórn rafveitu gjaldskrá, en ráðherra staðfestir. Ekki er gert ráð fyrir, að ráðherra breyti gjaldskránni.

Raftækjaverksmiðjan h.f. í Hafnarfirði hefur stefnt Rafveitu Hafnarfjarðar fyrir bæjarþing Hafnarfjarðar og krafist endurgreiðslu á þeirri hækkun, sem varð 10. febrúar 1972, þar sem þeir telja hækkunina ekki vera löglega, þar sem hún að þeirra mati hafi ekki verið löglega auglýst.

Rafveitan telur aftur á móti hækkunina hafa verið löglega, sbr. það, sem hér að ofan er greint, og hefur því tekið til varna í málinu.

Því er hérmeð óskað, að hið virðulega ráðuneyti staðfesti, að hækkun Rafveitu Hafnarfjarðar á raforku um 10% frá og með 10. febrúar 1972, sbr. hér að framan, hafi verið heimil og auglýsing á hækkuninni hafi verið fullnægjandi.

Svar óskast sent skrifstofu undirritaðs".

Svarbréf ráðuneytisins, dags. 3. apríl 1973, hljóðar svo:

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, hr. hæstaréttarlögmaður, dags.

5. þ. m., varðandi deilumál Raftækjaverksmiðjunnar í Hafnarfirði annars vegar og Rafveitu Hafnarfjarðar hins vegar vegna ágreinings um gildistöku heimildar í bréfi ráðuneytisins frá 17. febrúar 1972 um hækkun raforkuverðs.

Af þessu tilefni vill ráðuneytið taka fram, að telja verði tilvitnaða heimild í umræddu bréfi ótvíræða. Hins vegar er á sama hátt augljóst, að heimildin var skilyrt. Þar sem nú að mál þetta er komið til meðferðar dómstóla, ber þeim að sjálfsögðu úrskurðarvald, um hvort birting þessarar heimildar ráðuneytisins teljist fullnægjandi eða henni hafi verið ábótavant. Sér því ráðuneytið ekki ástæðu til að tjá sig frekar um málið að svo stöddu".

Eins og áður er að vikið, er meginmálsástæða stefnanda sú, að gjaldskrárhækkunin hafi að lögum ekki öðlast gildi fyrr en með birtingu hennar í Stjórnartíðindum hinn 7. júní 1972. Gjaldskrár fyrir héraðsrafveitur verði ráðherra að staðfesta. Þær eigi stoð í 25. gr. laga nr. 58/1967. Það sé almenn regla íslensks réttar, að slík stjórnvaldsfyrirmæli öðlist eigi gildi, fyrr en þau hafa verið birt, sbr. 7. gr. laga nr. 64/1943.

Margnefnd gjaldskrárhækkun fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar hafi því ekki að lögum öðlast gildi fyrr en með birtingu gjaldskrárinnar hinn 7. júní 1972.

Auk þeirra málsástæðna stefnda, sem að framan eru raktar, rökstyður hann sýknukröfu sína með því, að iðnaðarráðuneytið hafi með bréfum sínum hinn 17. febrúar og 25. maí 1972, sem áður er til vitnað, ákveðið hækkun á þágildandi gjaldskrá. Slíka almenna hækkun um ákveðna prósentutölu sé ráðuneytinu heimilt að ákveða án þess að staðfesta nýja gjaldskrá. Gjaldskrá nr. 192 frá 1971 hafi því verið í gildi, að viðbættri 10% hækkun, fyrir það tímabil og fyrir þá orkunotkun, sem mál þetta snýst um.

Enn fremur byggir stefndi á því, að stefnandi hafi með tómlæti glatað öllum hugsanlegum rétti til endurkröfu. Hann hafi fyrirvaralaust greitt þær fjárhæðir, sem hann nú vill endurkrefja. Þessu til stuðnings hefur stefndi lagt fram afrit kvittana fyrir umræddum greiðslum, og á þær er ekki skráð, að greitt sé með fyrirvara.

Áður en stefnandi innti umræddar greiðslur af hendi, hafði framkvæmdastjóri stefnanda ritað stefnda svofellt bréf, dags. 18. apríl 1972:

„Hér með endursendist reikningur nr.: 183-030-011.

Oss hefur verið tjáð af iðnaðarmálaráðuneytinu, að hækkanir

á stórnotkunartaxta hafi ekki verið heimilaðar, enda engin tilkynning eða auglýsingar um verðhækkun sendar, eins og skylt er. Gjörið svo vel og sendið oss nýjan réttan reikning".

Við aðiljayfirheyrslu kvað framkvæmdastjóri stefnanda bréf þetta vera fyrstu skriflegu mótmælin af stefnanda hálfu, en kvaðst þó telja sig hafa verið búinn að ræða málið áður munnlega við rafveitustjórann. Bréf þetta ítrekaði framkvæmdastjóri stefnanda með bréfi, dags. 26. október 1972, sem hljóðar svo:

„Samkvæmt upplýsingum iðnaðarmálaráðuneytisins, fékk Rafveita Hafnarfjarðar leyfi til hækkunar rafmagnsgjalda 7. júní s.l. Var leyfð hækkun á stórnotkunartaxta í kr. 4.674.00 pr. árskílówatt og kr. 0.52 pr. kwst. Áður var þessi taxti frá 1. september 1971 kr. 4.064.00 pr. árskílówatt og kr. 0.45 pr. kwst. Á reikningi Rafveitu Hafnarfjarðar, dags. 31. marz 1972, er kwst. gjald talið kr. 0.45 og fastagjald kr. 220.285.00 auk ótilgreinds gjaldaliðs, kr. 27.738.80.

Upplýsingar óskast um, með hvaða álagi er reiknað í þessu tilfelli, einnig fyrir hvað liðurinn kr. 27.738.80 er.

Á reikningum, dags. 31. maí og 31. júlí 1972, er reiknað með fastagjaldi kr. 242.314.00 og kr. 0.50 pr. kwst.

Óskað er eftir upplýsingum um, með hvaða álagi er reiknað í fastagjaldi, og ennnfremur óskast leiðrétting á kwst. gjaldi, sem samkvæmt upplýsingum iðnaðarmálaráðuneytis á að vera kr. 0.45 pr. kwst. til 7. júní 1972 í stað kr. 0.52, sem reiknað er með á þessum reikningi. Að lokum óskum vér eftir að fá send 3 eintök af gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar".

Fyrsta bréflega svarið við umkvörtunum og endurkröfum stefnanda er að finna í bréfi stefnda til stefnanda, dagsettu 27. október 1972, sem hljóðar svo:

„Vegna bréfs yðar, dags. 26. 10. 1972, viljum við gjarna verða við óskum yðar og veita þær upplýsingar, er að neðan greinir:

Samkvæmt álestri á aflmæli er áætluð aflnotkun Raftækjaverksmiðjunnar h.f. árið 1972 325 kw og aflgjald reiknað samkvæmt því, þ. e. 325 kw 4064.00 = kr. 1.320.800.00 pr. ár, eða 220.133.00 + 152.00 kr. mælaleiga = kr. 220.285.00 pr. reikning.

10% almenn hækkun gjaldskrár á alla taxta tók gildi 10. 2. 1972. Vegna þess að gildistaka hækkunar kom að hluta á tvö reiknitímabil, voru reikningar pr. 29. febrúar skrifaðir út með 2% álagi og reikningar pr. 31. marz með 8% álagi. Við reikningsútskrift pr. 30. apríl hafði 10% hækkunin að fullu tekið gildi, og var einingarverðum þá breytt í samræmi við það.

Varðandi taxta E var hækkun hans að sjálfsögðu reiknuð á sama hátt og hin almenna 10% hækkun, unz iðnaðarráðuneytið veitti, hinn 7. júní s.l., heimild til enn frekari hækkunar á honum, þannig að fullnaðarhækkun hans næmi 15% frá tilgreindu verði í gjaldskrá pr. 20. september 1970 og skyldi sú hækkun taka gildi frá og með 15. júní s.l.

Reikningur pr. 31. marz er samkvæmt ofanrituðu skrifaður út með 8% álagi, og skýrir það „ótilgreinda gjaldliðinn" kr. 27.738.00, en við reikningsúrskrift pr. 31. maí hafði 10% hækkunin verið felld inn í einingarverðin, og skýrir það fastagjaldið kr. 242.314.00 og kr. 0.50 pr. kwh.

Vegna hækkunar pr. 15. júní var lesið á mælinn þann dag. Hefði þurft að reikna með tvennskonar verði á reikningi pr. 31. júlí, þótt sundurliðunin félli því miður niður vegna tæknigalla við reikningsútskrift í Skýrsluvélum. Einnig reyndist aflgjald vanreiknað við reikningsútskrift pr. 30. september af sömu ástæðu. Verður þetta leiðrétt, um leið og ársuppgjör aflgjalds fer fram um næstu áramót.

Vanreiknuð gjöld skv. framansögðu skiptast þannig:

Vanreiknað orkugjald 15/6—17/7 81.300 kwh 0/02	=	1.626.00
Vanreiknað aflgjald 15/6—31/7 253.175		
÷ 242.146		
11.029 · 0.75	=	8.272.00
Vanreiknað aflgjald 31/7—30/9		11.029.00
		Kr. 20.927.00".

Stefnandi ber loks fram ákveðna sundurliðaða endurgreiðslukröfu í bréfi til stefnda, dagsettu 16. nóvember 1972, svohljóðandi:

„Í framhaldi af bréfaskiptum varðandi rafmagnsgjöld H.f. Raftækjaverksmiðjunnar viljum vér taka fram:

Samkvæmt bréfi iðnaðarráðuneytisins, dags. 17. febrúar 1972, var Rafveitu Hafnarfjarðar heimiluð 10% hækkun á smásöluverði raforku frá 10. febrúar 1972, „enda verði sú breyting, ef af verður, auglýst með venjulegum hætti".

Þessu skilyrði um auglýsingu hækkunar hefur ekki verið fullnægt svo vitað sé, og er því umrædd hækkun ólögleg.

Rafveitu Hafnarfjarðar ber samkvæmt framansögðu að endurgreiða Rafha ofreiknuð rafmagnsgjöld sem hér segir:

Reikn. marz 31. '72	kr. 27.738.80
Reikn. maí 31. '72	— 33.029.00
Reikn. júlí 31. '72	— 9.725.00
Samtals	kr. 70.492.80
÷ Vanreiknað á reikn. 31. júlí '72. (Samkvæmt fenginni reynslu er ekki öruggt, að þessi tala sé rétt)	— 20.927.00
	Kr. 49.565.80

Ofreiknað rafmagnsverð óskast endurgreitt strax".

Með bréfi, dags. 21. nóvember 1972, synjaði stefndi um endurgreiðslu, og eins og áður greinir, er mál þetta höfðað hinn 23. janúar 1973.

Álit réttarins.

Áður en stefnandi greiddi hina umdeildu rafmagnsreikninga, hafði hann bréflega mótmælt réttmæti þeirra. Þegar honum höfðu borist tæmandi skýringar stefnda á hinum umdeildu reikningum með bréfi stefnda, dags. 16. nóvember 1972, þá bar stefnandi án óeðlilegs dráttar fram endurgreiðslukröfu. Með tilliti til þessa verður ekki á það fallist, að stefnandi hafi sakir tómlætis firrt sig rétti til þess að hafa uppi kröfu um endurgreiðslu.

Fyrsta mgr. 2. gr. laga nr. 64 frá 1943 hljóðar svo:

„Í B-deild Stjórnartíðinda skal birta reglugerðir, erindisbréf, samþykktir og auglýsingar, sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðherra, umburðarbréf, ákvarðanir og úrlausnir ráðuneyta, sem almenna þýðingu hafa, veitingar opinberra starfa og lausn frá þeim, er handhafi æðsta framkvæmdarvalds eða ráðherra fer með, reikninga sjóða, ef svo er mælt í staðfestum skipulagsákvæðum þeirra, úrslit alþingiskosninga, skrá yfir félög, firmu og vörumerki, sem tilkynnt hafa verið á árinu, heiðursmerki, nafnbætur og heiðursverðlaun, sem ríkisstjórnin veitir".

Í 1. mgr. 7. gr. sömu laga segir svo:

„Fyrirmælum, er felast í lögum, auglýsingum, tilskipunum, reglugerðum, opnum bréfum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis, má eigi beita, fyrr en birting samkvæmt 1. og 2. gr. laga þessara hefur farið fram, nema þau geymi ákvæði algerlega einkamálaeðlis, og aðilar hafi komið sér saman um það, að skipti þeirra skuli fara eftir óbirtum fyrirmælum".

Með vísan til hinna tilvitnuðu lagaákvæða ber að taka kröfu stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 22.500.00.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Rafveita Hafnarfjarðar, Hafnarfirði, greiði stefnanda, Raftækjaverksmiðjunni h/f, Hafnarfirði, kr. 49.565.80 ásamt 8% ársvöxtum frá 16. nóvember 1973 til greiðsludags og kr. 22.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. nóvember 1975.

Nr. 99/1974. **Anna Magnúsdóttir og Einar Magnússon f. h. dánarbús Magnúsar Sigurðssonar**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Jóhönnu Jónsdóttur
Ármanni Magnússyni
Sigurði H. Magnússyni
Svavari Magnússyni
Jónu G. Magnúsdóttur
Jóni H. Magnússyni
Kristínu Þórarinsdóttur
Birni Magnússyni
Magnúsi J. Magnússyni
Kristófer Magnússyni og
Bjarna Vilmundarsyni
(Jóhannes L. L. Helgason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Thoroddsen borgardómari.

Búskipti. Sala jarðar.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Rúnar Guðjónsson, settur sýslumaður í Rangárvallasýslu.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 20. maí 1974 og krafist þess: „Að viðurkennt verði með dómi, að ½

jörðin Leirubakkahóll í Landmannahreppi ásamt gögnum og gæðum, sem jarðarhlutanum fylgja og fylgja ber, sé eign dánarbús Magnúsar Sigurðssonar, sem nú er undir opinberum skiptum, og jafnframt að viðurkennt verði, að taka beri til greina kröfu stefnenda fyrir skiptarétti Rangárvallasýslu um, að jarðarhlutinn verði skrifaður upp og virtur sem eign dánarbúsins, og loks að stefndu verði „in solidum" dæmd til að greiða áfrýjendum málskostnað að skaðlausu í héraði og fyrir Hæstarétti".

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði óskipt dæmdir til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þ. á m. bréf sýslumannsins í Rangárvallasýslu til lögmanns stefndu, dags. 28. október 1975, og veðbókarvottorð sama sýslumanns, dags. 30. s. m., um eignarheimild að jörðinni Hóli í Landmannahreppi. Í nefndu bréfi segir, „að í fasteignaregistri fyrir Landmannahrepp finnst ekkert blað með nafninu Leirubakkahóll.

Hins vegar er að finna í áðurnefndu registri jörðina Hól í Landmannahreppi, og virðist mega líta svo á, meðan ekkert annað liggur fyrir, að um eina og sömu jörð sé að ræða".

Samkvæmt greindu vottorði er jarðeignin Hóll í Landmannahreppi „þiglesin eign Magnúsar Sigurðssonar og að hálfu þeirra Ófeigs, Þóru Guðrúnar og Óskars Jónsbarna samkvæmt afsali dags. 16/10 1935 og dómi frá 3/8 1973", en dómur þessi er um eignarrétt þeirra þriggja síðasttöldu að hálfri jörðinni Leirubakkahóli í Landmannahreppi.

Hinn 6. október 1935 afsalaði Sigurður Magnússon syni sínum Magnúsi Sigurðssyni jörðunum „Leirubakka og Hól liggjandi í Landmannahreppi í Rangárvallasýslu". Magnús heitinn Sigurðsson, er andaðist 28. desember 1969, bjó síðan á Leirubakka og hálfri jörðinni Hóli (Leirubakkahóli) sem um eina bújörð væri að ræða, bæði að því er varðaði land og húsakost, reif niður girðingar milli jarða þessara og jarðarhús á Hóli.

Með söluumboði 14. maí 1970 veittu allir samerfingjar

stefndu Jóhönnu Jónsdóttur að dánarbúi Magnúsar heitins Sigurðssonar henni heimild til að selja stefnda Bjarna Valdimarssyni jörðina Leirubakka ásamt húsum, rafstöð o. fl. Hinn 15. maí 1970 gerðu þau stefndu Jóhanna Jónsdóttir og Bjarni svo með sér kaupsamning um jörðina, og undirritaði hún hann sem seljandi samkvæmt nefndu umboði. Segir í samningnum, að seljandi lofi og skuldbindi sig til að selja kaupanda jarðeignina Leirubakka í Landmannahreppi með öllum húsum, gögnum og gæðum, svo og bústofni og vélum samkvæmt meðfylgjandi tveim skrám. Er samningur þessi vélritaður, en milli lína á eftir orðunum „jarðeignina Leirubakka“ og þar fyrir ofan er handskrifað „og Hól“. Ber stefndi Jón Hermann Magnússon, að stefndi Ármann Magnússon hafi ritað þessi handskrifuðu orð á kaupsamninginn, áður en hann var undirritaður, en hér sé um leiðréttingu að ræða, er gerð hafi verið í samráði við móður hans, stefndu Jóhönnu Jósdóttur. Segir stefndi Bjarni Valdimarsson þessi handskrifuðu orð hafa staðið í samningnum, er hann undirritaði hann. Ber hann og, að áður en kaupin fóru fram, hafi stefndi Ármann Magnússon sýnt sér ljósrit af afsalinu frá 6. október 1935 og sagt sér, „að það, sem afsalað væri þar, mundi hann kaupa“. Telur stefndi Bjarni mjög líklegt, að hann hefði gengið frá kaupunum, ef hann hefði ekki litið svo á, að Leirubakkahóll fylgdi með í þeim, einkum vegna ærhúsa, sem staðsett séu rétt við stað þann, þar sem gamli bærinn á Hóli stóð, en í ærhúsum þessum séu allar lambær hans hýstar.

Hinn 25. nóvember 1970 afsalaði svo stefnda Jóhanna Jónsdóttir f. h. erfingja að dánarbúinu stefnda Bjarna Valdimarssyni jörðinni Leirubakka „ásamt með öllum húsum og mannvirkjum, gögnum og gæðum og öllu því sem eigninni fylgir og fylgja ber“. Ekki er sérstaklega minnst á Hól eða Leirubakkahól.

Erfingjar að dánarbúi Magnúsar Sigurðssonar utan Anna Magnúsdóttir og Einar Magnússon hafa lýst því yfir, að í söluumboðinu frá 14. maí 1970 hafi samkvæmt þeirra skilningi falist heimild til handa stefndu Jóhönnu Jónsdóttur til

að selja f. h. dánarbúsins bæði Leirubakka og eignarhluta dánarbúsins í Leirubakkahóli. Í kaupsamningnum frá 15. maí 1970 hafi og falist loforð um sölu þessa hvoru tveggja. Með afsalinu frá 20. nóvember 1970 hafi bæði Leirubakka og eignarhluta dánarbúsins í Leirubakkahóli verið afsalað stefnda Bjarna Valdimarssyni.

Þeim Önnu Magnúsdóttur og Einari Magnússyni var kunnugt um, að Leirubakki og eignarhluti dánarbúsins í Leirubakkahóli hafði um áratugaskeið verið nytjuð sem um eina og sömu jörð væri að ræða, og í aðiljaskýrslu þeirra segir, að ekkja Magnúsar Sigurðssonar, stefnda Jóhanna Jónsdóttir, hafi óskað eftir því að selja „jörð og bú". Mátti þeim vera ljóst eins og hinum erfingjunum, að Jóhanna hafði ekki í huga að halda eftir neinu af jarðeign dánarbúsins. Stefndi Bjarni Valdimarsson gat treyst því, að eignarhluti dánarbúsins í Leirubakkahóli fylgdi með í kaupunum.

Að svo vöxnu máli ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 50.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Anna Magnúsdóttir og Einar Magnússon f. h. dánarbús Magnúsar Sigurðsson, greiði stefndu, Jóhönnu Jónsdóttur, Ármanni Magnússyni, Sigurði H. Magnússyni, Svavari Magnússyni, Jónu G. Magnúsdóttur, Jóni H. Magnússyni, Kristínu Þórarinsdóttur, Birni Magnússyni, Magnúsi J. Magnússyni, Kristófer Magnússyni og Bjarna Valdimarssyni, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 9. apríl 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 20. mars 1974, er höfðað fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu með stefnu, útgefinni 4.

janúar 1973, birtri 5. janúar s. á. Stefnendur eru Anna Magnúsdóttir, Stangarholti 8, Reykjavík, og Einar Magnússon, Háaleitisbraut 51, Reykjavík, f. h. dánarbús Magnúsar Sigurðssonar. Stefndu eru Jóhanna Jónsdóttir, Fellsmúla 20, Ármann Magnússon, Fellsmúla 14, Sigurður H. Magnússon, Kóngsbakka 12, Svavar Magnússon, Fellsmúla 20, Jóna Guðrún Magnúsdóttir, Hjarðarhaga 28, Jón Hermann Magnússon, Fellsmúla 20, Kristín Þórarinsdóttir, öll í Reykjavík, Björn Magnússon, Hnausum, Austur-Húnavatnssýslu, Magnús Jóhann Magnússon, Auðunarstöðum, Vestur-Húnavatnssýslu, Kristófer Magnússon, Hnausum, Austur-Húnavatnssýslu, og Bjarni Valdimarsson, Leirubakka, Landmannahreppi, Rangárvallasýslu.

Kröfur stefnenda eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að ½ jörðin Leirubakkahóll í Landmannahreppi ásamt gögnum og gæðum, sem jarðarhlutanum fylgja og fylgja ber, sé eign dánarbús Magnúsar Sigurðssonar, sem nú er undir opinberum skiptum, að viðurkennt verði með dómi, að taka beri til greina kröfu stefnenda fyrir skiptarétti Rangárvallasýslu um, að jarðarhlutinn verði skrifaður upp og virtur sem eign dánarbúsins, og loks, að stefndu verði „in solidum" dæmd til að greiða stefnendum málskostnað að skaðlausu.

Kröfur stefndu eru þær, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnenda í máli þessu og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnenda samkvæmt mati dómsins.

Málavextir.

Með úrskurði skiptaréttar Rangárvallasýslu, uppkveðnum 18. janúar 1972, var ákveðið, að opinber skipti skyldu fara fram á dánarbúi Magnúsar Sigurðssonar, Leirubakka, sem andaðist 28. desember 1969. Krafa um opinber skipti á dánarbúinu hafði verið borin fram af stefnendum í máli þessu, en þau eru erfingjar í umræddu dánarbúi. Áður höfðu erfingjar reynt með sér einkaskipti á búinu. Þegar skiptaráðandi skrifaði upp eignir dánarbúsins, varð ágreiningur með erfingjum varðandi jörðina Leirubakkahól í Landmannahreppi. Stefnendur máls þessa töldu dánarbúið eiganda að hálfri tilgreindri jörð, en aðrir erfingjar dánarbúsins, sem eru allir stefndu í máli þessu utan Bjarni Valdimarsson, töldu dánarbúið hafa þegar selt stefnda Bjarna Valdimarssyni framangreinda jörð ásamt öðrum eignum dánarbúsins, sem nánar voru tilgreindar. Fengu stefnendur þá leyfi skiptaráðanda hinn 8. desember 1972 til málshöfðunar þessarar, enda yrði málareksturinn búinu að kostnaðarlausu.

Hinn 2. maí 1970 hafði hreppstjórinn í Landmannahreppi ásamt tveimur virðingarmönnum skrifað upp og virt dánarbú Magnúsar Sigurðssonar.

Með umboði, dags. 14. maí 1970, undirrituðu af öllum erfingjum dánarbúsins, var ekkju hins látna, stefndu Jóhönnu Jónsdóttur, falið að selja Bjarna Valdimarssyni, Víðivöllum 15, Selfossi, jörðina Leirubakka ásamt húsum, rafstöð og öðrum hlutum, sem tilgreindir voru á sérstöku skjali, en þar er um að ræða áhöfn, vélar og ýmislegt, svo sem girðingarstaura, vír, timbur, áburðardreifara, mjaltafötur og fleiri smærri muni og verkfæri.

Í kaupsamningi, dags. 15. maí 1970, undirrituðum af stefndu Jóhönnu Jónsdóttur f. h. seljenda og Bjarna Valdimarssyni kaupanda, segir svo varðandi hið selda: „Seljandi lofar og skuldbindur sig til að selja kaupanda jarðeignina Leirubakka „og Hól" (handskrifað milli vélritaðra lína) í Landmannahreppi með öllum húsum, gögnum og gæðum, svo og bústofni og vélum samkvæmt meðfylgjandi tveim skrám. Erfingjar áskilja sér þó rétt til, ef Bjarni hyggst síðar selja þessar eignir, að hafa að þeim forkaupsrétt á matsverði. Söluverð allra þessara eigna er kr. 1.813.000.00 — ein milljón átta hundruð og þrettán þúsund krónur — og greiðast þannig:

... Hinn fyrsta dag desembermánaðar gefa seljendur út afsal og verða þá vextir gerðir upp til þess dags, en síðar samkvæmt skuldabréfi árlega ...". Hinn 25. nóvember 1970 fékk stefndi Bjarni Valdimarsson afsal fyrir hinni seldu eign, útgefið af Jóhönnu Jónsdóttur samkvæmt sérstöku umboði erfingja. Þar segir svo: „Ég undirrituð, Jóhanna Jónsdóttir, Leirubakka, Landmannahreppi, sel hér með og afsala skv. sérstöku umboði erfingja í dánarbúi Magnúsar Sigurðssonar frá Leirubakka, Bjarna Valdimarssyni, s. st., jörðinni Leirubakka í Landmannahreppi, Rangárvallasýslu, ásamt með öllum húsum og mannvirkjum, gögnum og gæðum og öllu því, sem eigninni fylgir og fylgja ber. Kaupandi hefur greitt hið umsamda kaupverð jarðarinnar að fullu. Kaupandi hefur kynnt sér ástand hins selda, enda tók hann við umráðum eignarinnar hinn 1. júní 1970, en frá þeim degi nýtur hann arðs af henni og greiðir af henni skatta og skyldur. Seljendur áskilja sér forkaupsrétt að hinni seldu eign á fasteignamatsverði, ef kaupandi ákveður að selja hana. Með afsali þessu er úr gildi fallinn kaupsamningur, dags. 15. 5 1970 ... ".

Í skýrslu stefnenda á dskj. nr. 8, dags. 15. febrúar 1971, segir m. a. svo: „ ... Skömmu eftir að faðir okkar lézt hafði ekkja hans,

Jóhanna Jónsdóttir, orð á því við undirritaðan, E. M., að hún óskaði að selja jörð og bú. Síðar sama vetur bauð hún E. M. jörðina til kaups með því skilyrði, að hann byggi þar sjálfur. Hafnaði E. M. þesssu tilboði, þrátt fyrir mikinn áhuga fyrir að jörðin færi ekki úr ættinni, þar sem faðir okkar hafði búið allan sinn búskap og einnig faðir hans á undan honum. Aftur á móti var undirritaðri, Ö. M., aldrei gefinn kostur á að kaupa jörðina. Nú fól ekkjan J. J. albróður okkar, Ármanni Magnússyni, að sjá um sölu á jörðinni og vera í forsvari fyrir framkvæmdum þar að lútandi. Við teljum, að þar sem um tólf erfingja dánarbúsins var að ræða, hefði verið bæði eðlilegt og samkvæmt venju í slíkum málum að auglýsa jörðina og óska eftir tilboðum, sem síðar væru opnuð og fjallað um af öllum erfingjum. En án þess að hafa um það samráð við okkur, auglýsti Á. M. jörð og bú og vísaði á sjálfan sig einan til upplýsinga. Þess má geta, að umrædd auglýsing mun aðeins hafa birzt einu sinni. Ekki er okkur fullljóst, hver kauptilboð bárust Á. M. og heldur ekki upphæð þeirra, utan eins manns, Bjarna Valdimarssonar, en ekkjan óskaði eindregið eftir honum sem kaupanda að jörð og búi. Annar maður mun þó hafa boðið eitt hundrað þús. kr. hærra verð fyrir jörðina en hann. E. M. mótmælti þegar framangreindri tilhögun við sölu jarðarinnar, bæði við Á. M. og hálfbróður okkar, Svavar Magnússon, en hann lét þá lítt skiljanlega skoðun sína mjög ákveðið í ljós, að þetta væri mál, sem aðeins kæmi við móður sinni og yngsta syni hennar, Jóni Magnússyni, en hann hefur séð um búverk á Leirubakka undanfarin ár. Á þeirri forsendu voru mótmæli E. M. ekki tekin til greina. Einnig mótmælti E. M. því, að ætlunin var að auglýsa jörðina án vitundar fjögurra barna systur okkar, sem er látin. Þrjú þeirra voru heimilisföst norður í Húnavatnssýslu, en ein systir þeirra búsett hér í borg. Var henni nú falið að láta bræður sína vita, að jörðin væri til sölu. Nokkru eftir að jörðin var auglýst til sölu, boðaði ekkjan erfingja dánarbúsins á fund að heimili dóttur sinnar, Jónu Magnúsdóttur, Hjarðarhaga 28, og var það sá eini fundur, sem hún kvaddi okkur til vegna viðræðna um framkvæmd á skiptingu dánarbúsins. Þar kom fram, að einn af erfingum, systursonur okkar, Björn Magnússon, bóndi á Hnausum í Húnavatnssýslu, hefði hug á að kaupa jörðina. Var beðið eftir endanlegri ákvörðun hans. Hafði honum verið boðin jörðin á kr. 600.000.00, og hafði enginn hinna erfingjanna neitt við það að athuga. Á þessum fundi fór E. M. fram á, að hann fengi kauprétt á hundrað ha. af landi Leirubakka, ef þannig færi, að

jörðin yrði seld einhverjum utan fjölskyldunnar. Óskaði E. M., að tiltekin landspilda yrði mæld út, þegar skipti færu fram á landi þeirra jarða, sem þarna eiga sameiginlegt óskipt land. Nánar tiltekið hafði E. M. í huga land næst Réttarneslandi austur við Rangá. Er það lítt gróið hraun, og yrði af því minnstur afnotamissir fyrir væntanlegan ábúanda Leirubakka. Þess vegna valdi E. M. þetta landsvæði. E. M. tók fram, að hann mundi greiða þetta land í hlutfalli við það, sem jörðin yrði seld fyrir, án tillits til þess að um lítið gróðurland væri að ræða. Var þessi ósk samþykkt af öllum viðstöddum erfingjum dánarbúsins. Tveim dögum síðar tilkynnir ekkjan E. M., að hún og einhverjir af erfingjunum hafi ákveðið, að ekki sé mögulegt að standa við þá samþykkt, sem gerð var undantekningarlaust á fyrrnefndum fundi, að E. M. fengi keypt tilgreint land. Björn á Hnausum, systursonur okkar, var orðinn afhuga kaupum á jörðinni, og þá var eindregin ósk ekkjunnar, að jörðin yrði seld áðurnefndum Bjarna Valdimarssyni. Var því haldið fram af ekkjunni og börnum hennar, að hann vildi ekki kaupa jörðina með svo stóru landi undanskildu, sem E. M. hafði óskað eftir. Aftur á móti hefði Svavar hálfbróðir okkar komið með tillögu um, að undanskilinn yrði 1 ha. annarsstaðar í landinu til afnota fyrir alla tólf erfingjana. Var það talið framkvæmanlegt. E. M. fór þá fram á, að landið, sem tekið væri undan, yrði aukið í tvo hektara, þar sem um svo marga aðila væri að ræða, en það var ekki talið mögulegt. E. M. hafði ekki í huga að standa í vegi fyrir sölu á jörðinni og lét þetta mál niður falla. E. M. var boðin öll jörðin til kaups og ábúðar á sama verði og Birni á Hnausum hafði verið gefinn kostur á að kaupa hana. En eins og áður er fram komið, treystist E. M. ekki til þess af ýmsum ástæðum, sem óþarft er að nefna, en flestum fjölskyldumeðlimum mun kunnugt um. Farið var fram á, að við undirrituðum umboð handa ekkjunni til að selja Leirubakka og bústofn Bjarna Valdimarssyni. Urðu allir við þeirri beiðni. ... Nokkru síðar boðar Jón Magnússon okkur til fundar að Fellsmúla 20. Daginn áður hafði móðir hans farið til dvalar að Heilsuhælinu í Hveragerði. Tilkynnir Jón okkur þá, að búið sé að selja jörð og bú Bjarna Valdimarssyni, og leggur Jón fram kaupsamning, sem gerður hafði verið. Okkur varð strax ljóst, að farið hafði verið út fyrir þau takmörk, sem söluumboð það leyfði, er við höfum undirritað. Við höfum samþykkt sölu á Leirubakka, og þegar við skrifuðum undir það, var hvergi minnzt á Leirubakka Hól, sem er sérstök jörð, að hálfu

eign Leirubakka og hálfu Vatnagarðs. Sáum við, að inn á vélritaðan kaupsamning fyrir Leirubakka hafði verið bætt með handskrift „ásamt Hól", án þess að sá, sem það gerði, léti nafns síns getið eða gerði grein fyrir á annan hátt. Síðar mun það hafa verið strokað út, og má greinilega sjá þess merki, jafnvel á ljósriti af kaupsamningnum. E. M. mótmælti þá þegar sölu á Leirubakka Hól. Í fyrsta lagi vegna þess að faðir hans hafði sagt honum, að sú jörð væri í eigu Vatnagarðs að hálfu, og var flestum Landsveitungum kunnugt um það. Í öðru lagi mótmælti E. M. því, að þegar við undirrituðum söluumboð fyrir Leirubakka, hafði það ekki tekið til Leirubakka Hóls. E. M. beindi þeirri spurningu til Ármanns Magnússon, í viðurvist allra á þessum fundi, hvort hann sem fyrirsvarsmaður um sölu Leirubakkans hygðist með þessum kaupsamningi einnig selja Leirubakka Hól hálfan eða allan. Svar Ármanns var afdráttarlaust, að hann teldi allan Leirubakka Hól felast í sölunni. ... E. M. tók það fram, að vel gæti svo farið, að hann krefðist riftunar á sölu eigna dánarbúsins vegna ágalla á framkvæmd hennar".

Stefnandinn Anna Magnúsdóttir skýrði hér fyrir dóminum svo frá varðandi nokkur atriði í skýrslu stefnda Bjarna Valdimarssonar, sem rakin verður hér á eftir, að það væri rétt, að hálfur Leirubakkahólinn væri enn óseldur. Hún kvað ekki hafa komið til tals milli þeirra Bjarna í umrætt skipti, að hún mundi geta sætt sig við það, að Hóllinn fylgdi með í kaupunum, ef hún fengi sumarbústaðaland, eins og hún hefði talið, að sér hefði verið lofað, en hin systkinin farið á bak við sig með. Hún kvaðst aðeins hafa komið að Leirubakka í umrætt skipti til að kanna ástand dánarbúsins, en ekki til að gera samninga. Hins vegar kvaðst stefnandi hafa sagt við Bjarna í umrætt skipti, að Einar hefði óskað eftir því við erfingjana að fá land úr Leirubakkanum, og kvað hún Bjarna þá ekki hafa heyrt það fyrr. Það hefði komið fram hjá Bjarna, að hann hefði keypt Leirubakkann engu að síður, þótt Einar hefði fengið þetta land. Hún kvað Svavar hafa sagt sér, að Bjarni vildi ekki kaupa Leirubakkann, ef Einar fengi þetta land. Varðandi það atriði úr skýrslu stefnda Bjarna, að stefnandi hafi einnig talað um, að Einar hefði einnig hug á sumarbústaðalandi eða lóð, þótt það væri e. t. v. á öðrum stað, þá kvað hún það rétt, þ. e. a. s. að hún kvaðst hafa talað um það við Bjarna, að Einar hefði hug á þessu landi úr Leirubakkanum, sem honum var lofað. Þá var borin undir stefnanda annar kafli úr skýrslu stefnda Bjarna, þar sem hann segir þau stefnendur hafa komið saman að Leiru-

bakka. Kvað hún ekki hafa borist í tal milli þeirra Bjarna, að hún sætti sig við eitt eða annað varðandi lóð eða land í Stekkjartúninu. Hún kvaðst aðeins hafa farið austur með Einari og hefði hann rætt við Bjarna um það land, sem honum hefði áður verið lofað af erfingjunum. Hún kvaðst ekki hafa minnst á það við Bjarna, þegar hún kom að Leirubakka í fyrra skiptið, að hann væri ekki eigandi að hluta af túninu og fjárhúsinu, sem væri á Hólnum, hins vegar hafi hún sagt Bjarna, að hálfur Leirubakkahóllinn væri enn óseldur.

Stefndi Bjarni Valdimarsson skýrði svo frá, að þegar svo var komið, að hann fór verulega að hugsa um að kaupa jörðina Leirubakka eftir að hafa farið tvær til þrjár skoðunarferðir hafi seljendur gert uppkast að söluskilmálum, sem þeir sýndu stefnda. Kvað hann sér hafa verið sagt, að þarna væri um að ræða jarðatorfu, fjórar jarðir, og tvær þeirra ætti að selja. Kvað hann Ármann hafa sýnt sér afsal frá 1935 og sagt, að það, sem afsalað væri þar, mundi hann kaupa. Kvaðst stefndi hafa álitið, að hann væri að kaupa tvær jarðir, sem hefðu verið bújarðir, en væru í reynd orðnar ein jörð. Kvað hann málinu hafa verið haldið þannig að sér, að það væru jarðirnar hans Magnúsar heitins, sem hann væri að kaupa, og kvaðst hann hafa verið búinn að vera á annan mánuð fullgildur bóndi á Leirubakka, þegar hann heyrði, að Ófeigur ætti eitthvað í jörðinni. Stefndi kvað, aðspurður, mjög líklegt, að hann hefði gengið frá kaupum, ef hann hefði ekki álitið Leirubakkahól vera með í kaupunum, sérstaklega vegna húsanna, en ærhúsin, sem hýstu allar lembdar ær hans, kvað hann vera rétt þar hjá sem gamli bærinn stóð á Hóli. Stefndi sagði, að ef hann hefði vitað, að þessi ágreiningur, sem nú væri upp kominn, hefði orðið, hefði hann eflaust hætt við kaupin, þar sem hann kvaðst hafa hætt í fastri atvinnu og selt hús sitt á Selfossi, þegar hann keypti jörðina. Stefndi kvaðst hafa fengið í hendur, þá er kaupin voru gerð, umboðið á dskj. nr. 5 til Jóhönnu Jónsdóttur, og kvaðst hann hafa álitið, að í því fælist heimild til sölu á Hólnum, eða m. ö. o. að í umboðinu fælust heimildir til sölu á því, sem um getur í afsalinu frá 1935. Aðspurður kvað stefndi Önnu Magnúsdóttur hafa komið til sín að Leirubakka í lok júlímánaðar 1973 og tjáð sér, að hálfur Leirubakkahóllinn væri enn óseldur. Hefði sér skilist á Önnu, að hún mundi geta sætt sig við það, að Hóllinn fylgdi með í kaupunum, ef hún fengi sumarbústaðland eins og hún hefði talið, að sér hefði verið lofað, en hin systkynin hefðu farið á bak við sig

með. Taldi stefndi Önnu hafa haft mestan augastað á landsvæði því, sem nefnt er Stekkjartún, undir sumarbústað. Kvað stefndi Önnu einnig hafa talað um, að Einar hefði einnig hug á sumarbústaðalandi eða lóð, þótt það væri e. t. v. á öðrum stað. Kvaðst stefndi hafa tekið Önnu vel, en taldi sér ekki fært að láta af hendi úr torfunni óskiptri, nema hafa tal af sameigendum. Kvaðst hann hafa fært þetta í tal við Ófeig og hefði hann tekið þessu vel. Skömmu síðar kvað hann þau hafa komið saman að Leirubakka, stefnendur Önnu og Einar. Þá hefði legið ljóst fyrir, hvað þau vildu. Anna hefði sætt sig við það, sem áður var um talað, lóð eða land í Stekkjartúninu, en Einar hefði viljað fá 45 ha lands í ferningi austur við Rangá við landamæri Réttarness, þegar þar að kæmi eða þegar landinu yrði skipt. Stefndi kvaðst engu hafa svarað þessu, eins og á stóð, en hann kvað Önnu hafa sagt við sig, um leið og þau fóru, hún og Einar, að ef stefndi gengi ekki að þessu hvoru tveggja, þá fengi hann að komast í kynni við málaferlin út af Hólnum. Kvað stefndi Einar hafa boðið kr. 24.000 fyrir landsvæði þetta, sem hann kvað hafa verið þannig útreiknað, að þetta hefði átt að vera það, sem komið hefði í hlut Einars við skipti á öllu landi jarða dánarbúsins. Stefndi staðfesti undirskrift sína undir dskj. nr. 9. Hann kvað skjalið efnislega rétt, en gerði þá athugasemd, að það, sem um getur í tl. 3, hafi Ármann sagt sér, að væri sett þarna einungis vegna þess, ef svo ólíklega vildi til, að Vatnagarðinum yrði dæmdur hálfur Hóllinn, þá þyrftu erfingjarnir ekki að greiða sér út þann hluta. Aðspurður um það, hvort bætt hefði verið inn í 1. gr. kaupsamningsins orðunum „og Hól", áður en stefndi skrifaði undir kaupsamninginn, kvað hann svo vera.

Rétt þykir að skýra hér frá framburði nokkurra málsaðilja fyrir skiptarétti, sbr. dskj. nr. 19.

Stefndi Ármann Magnússon skýrði svo frá, að fundur hefði verið haldinn með erfingjum dánarbúsins hinn 7. apríl 1970, en þá hefði komið fram munnlegt tilboð frá Bjarna Valdimarssyni um að kaupa jörðina Leirubakka. Einnig hafði komið fram, að sögn stefnda, munnlegt kauptilboð frá öðrum aðilja, en sá hafi ekki verið talinn svo fjársterkur, að tilboð hans kæmi til greina. Á fundi þessum kvað stefndi stefnendur hafa samþykkt að selja Bjarna Valdimarssyni jörðina. Stefndi kvað Einar hafa látið í ljós á þessum fundi, að hann vildi fá 100 ha úr óskiptu landi jarðarinnar Leirubakka. Einnig hefði Einar látið í ljós, að hann vildi helst fá alla jörðina, en sæi sér ekki fært að taka við henni við

því verði, sem tilboð Bjarna nam. Stefndi kvað tilboð Einars um kaup á 100 ha hafa verið rætt, en sumir erfingjanna hefðu ekki talið fært að verða við því, þar sem 7 aðrir aðiljar auk dánarbúsins áttu landið. Stefndi kvað þau hafa hist þennan sama dag, stefndu Sigurð, Jónu, Jóhönnu, Kristínu og Svavar auk sín, og tóku þau ákvörðun um að bjóða Einari jörðina til kaups fyrir kr. 600.000, og var ekkjunni Jóhönnu falið að gera þetta. Kvað hann þessu tilboði ekki hafa fylgt neitt skilyrði um það, að hann byggi sjálfur á jörðinni. Stefndi kvað Jóhönnu hafa tjáð sér, að hún hefði boðið Einari jörðina afborgunarlaust fyrstu tvö árin, en það, sem yrði lánað, ætlaði hún að taka í sinn erfðahlut, en öllum erfingjunum ætlaði hún að greiða erfðahlutana út í peningum. Einnig kvað stefndi Jóhönnu hafa tekið fram, að ef einhver erfingja yrði óánægður með þessa sölu til Einars vegna tilboðs Bjarna, þá mundi hún greiða þeim sama erfingja mismuninn úr eigin vasa. Stefndi kvað kaupsamninginn hafa legið frammi á fundi, sem haldinn var með erfingjum í júlí 1970, en enginn erfingjanna hafi haft neitt að athuga við það, sem gert hafði verið, en tók þó fram, að Einar hafi minnst á, að dánarbúið hefði ekki átt nema hálfan Hólinn, en um það kvað stefndi hina erfingjana ekki hafa vitað, enda hefði dánarbúið haft þinglýsta eignarheimild í höndunum fyrir öllum Hólnum.

Stefnda Jóhanna Jónsdóttir skýrði svo frá, að það hefði verið samþykkt á fundi erfingjanna, sem haldinn var hinn 7. apríl 1970, að selja jörðina Leirubakka. Einar hafi þá óskað eftir því að fá keypta landspildu úr jörðinni, og kvaðst stefnda þá, sennilega vegna vanþekkingar, hafa játað því fyrir sitt leyti, en svo hefði komið í ljós, að svo margir voru sameigendur að þessu óskipta landi, að ekki var hægt að verða við þessari ósk Einars. Hún kvaðst síðar þennan sama dag hafa kallað Einar til sín og boðið honum jörðina til kaups fyrir kr. 600.000, og skyldi engin útborgun eiga sér stað fyrr en eftir tvö ár. Hún kvaðst ekki hafa minnst á það sem skilyrði fyrir þessum kaupum, að Einar byggi sjálfur á jörðinni. Stefnda kvað Einar strax hafa hafnað þessu. Þá kvaðst stefnda hafa boðið honum spildu úr skiptu landi undir sumarbústað og hefði hann svarað: „ekki eina þúfu“. Stefnda kvaðst þá hafa sagt honum að hugsa sig vandlega um, enda hefði hann ekki þurft að svara þessu samstundis. Stefnda kvaðst alltaf hafa álitið, að jörðinni Leirubakka fylgdi Hóllinn sjálfkrafa. Þannig kvaðst hún hafa skilið umboðið á dskj. nr. 5, og þannig kveðst hún túlka afsalið á dskj. nr. 6.

Með dómi aukadómþings Rangárvallasýslu, uppkveðnum 3. ágúst 1973, var viðurkenndur eignarréttur Ófeigs Jónssonar, Þóru Guðrúnar Jónsdóttur og Óskars Jónssonar að hálfri jörðinni Leirubakkahóli í Landmannahreppi, en framangreindir aðiljar eru jafnframt eigendur jarðarinnar Vatnagarðs í sama hreppi.

Í bréfi lögmanns stefnenda til stefndu Jóhönnu Jónsdóttur, dags. 14. nóvember 1970, er því mótmælt, að í umboðinu, sem stefnda fékk frá samerfingjum til að selja Bjarna Valdimarssyni jörðina Leirubakka ásamt bústofni o. fl., hafi falist heimild til sölu á Leirubakkahólnum.

Í yfirlýsingu, ódags. 1970, dskj. nr. 9, undirritaðri af öllum erfingjum dánarbús Magnúsar Sigurðssonar utan stefnendum segir m. a. svo: „Af gefnu tilefni viljum við undirritaðir erfingjar Magnúsar Sigurðssonar, Leirubakka, Landsveit, sem andaðist 28. 12. 1969, taka fram eftirfarandi atriði: 1. að í heimildarbréfi því, sem við undirrituðum handa Jóhönnu Jónsdóttur, dags. 14/5 1970, til þess að hún mætti afsala og selja Bjarna Valdimarssyni, Víðivöllum 15, Selfossi, jörðina Leirubakka í Landsveit, fólst einnig heimild til handa henni að selja jörðina Leirubakkahól, enda löngu litið svo á, að nefndar jarðeignir væru orðnar ein jörð, þar sem þær voru sameinaðar fyrir tugum ára, ef svo hefði ekki verið, hefðum við tekið það fram í heimildarbréfi, að sala á þessum hluta jarðarinnar færi ekki fram. ... 4. Við lítum svo á, að Bjarni Valdimarsson hafi með kaupsamningi, dags. 15. maí 1970, einnig keypt eign okkar í Leirubakkahól. 5. Að síðustu skal það tekið fram, að forkaupsréttur til erfingja fylgir eignunum óskertum, þótt sá réttur væri ekki tekinn fram í söluheimild eignanna. 6. En reynist hinsvegar síðar nauðsynlegt að gefa út sér afsal fyrir Leirubakkahóli, Bjarna Valdimarssyni til handa, skal það gjört í samræmi við yfirlýsingu þessa, og skal Jóhanna Jónsdóttir undirrita það fyrir hönd erfingja eða undirritaðir erfingjar sjálfir". Stefndi Bjarni Valdimarsson samþykkti yfirlýsingu þessa með undirskrift sinni.

Í fasteignamatsbók frá 1861 eru jarðirnar Leirubakki og Leirubakkahóll tilgreindar hvor í sínu lagi í mati. Þar er Leirubakkahóll tilgreindur sem hjáleiga Leirubakka. Í fasteignamatsbók frá 1957 er jörðin Leirubakkahóll ekki tilgreindur sérstaklega í fasteignamati, en aftur á móti er jörðin Leirubakki tilgreind þannig: „Leirubakki m/Hóli". Í fasteignamatsbók frá 1971 eru jarðirnar Leirubakki og Leirubakkahóll tilgreindar hvor í sínu lagi í fasteignamati.

Í afsalsbréfi, útgefnu 7. júlí 1897 af Ragnheiði Thorarensen, þinglesnu 20. maí 1898, segir svo: „Jeg undirskrifuð Ragnheiður Thorarensen, sem eigandi að hálfum Leirubakka (austurparti) með hálfum Leirubakkahól, liggjandi í Landmannahreppi innan Rangárvallasýslu, gjöri hér með kunnugt: að jeg með þessu mínu afsalsbréfi (hér með) sel og afhendi frá nefndri og hingað til verandi eiganda Leirubakka hálfan, og hálfan Leirubakkahól til handa herra Sigurði Magnússyni, Leirubakka, og nú þar búandi, hvorttveggja til samans eftir hinni nýju jarðabók af 1861 með tilheyrandi jarðarhúsum og einu kúgildi ...".

Í afsalsbréfi, útgefnu 6. október 1935 af Sigurði Magnússyni, innrituðu í afsals- og veðmálabækur Rangárvallasýslu hinn 6. nóvember 1935 til þinglesturs á næsta manntalsþingi, segir svo: „Ég undirritaður Sigurður Magnússon, bóndi að Hóli í Landmannahreppi, gjöri kunnugt: að ég með bréfi þessu sel og afsala syni mínum, Magnúsi Sigurðssyni, bónda á Leirubakka, eignarjarðir mínar Leirubakka og Hól liggjandi í Landmannahreppi í Rangárvallasýslu ...".

Á skattframtali dánarbús Magnúsar Sigurðssonar árið 1970 eru fasteignir hinn 31. desember 1969 m. a. taldar fram þannig: „Leirubakki m. Hól kr. 19.400.00".

Á árinu 1935 hætti Sigurður Magnússon búskap á Hóli, og fór jörðin í eyði. Frá þessum tíma hefur jörðin verið nytjuð að hálfu frá Leirubakka og að hálfu frá Vatnagarði, en girðingar, sem aðskildu tún jarðanna Leirubakka og Leirubakkahóls, voru rifnar niður, og hefur við það setið síðan.

Málsástæður og lagarök.

Stefnendur halda því fram, að í umboðinu, sem erfingjar búsins gáfu stefndu Jóhönnu Jónsdóttur hinn 14. maí 1970 til þess að selja jörðina Leirubakka í Landmannahreppi ásamt bústofni stefnda Bjarna Valdimarssyni, hafi ekki falist heimild til sölu á hlutdeild erfingjanna í jörðinni Leirubakkahóli, enda sé ekki minnst á þá jörð í umboðinu. Samkvæmt umboði þessu hafi verið gefið út afsal til handa Bjarna Valdimarssyni fyrir jörðinni Leirubakka, en í því hafi ekki verið minnst á jörðina Leirubakkahól og samkvæmt veðmálabókum Rangárvallasýslu sé sú jörð eign Magnúsar Sigurðssonar, þ. e. nú dánarbúsins að hálfu, en að hálfu eign Jóns Ófeigssonar. Kveða stefnendur sig ekki hafa gefið samþykki sitt til sölu á öðru en því, sem áðurnefnt umboð beri með sér skírum stöfum. Leirubakki og Leirubakkahóll séu tvær aðskildar jarðir. Ósannað sé, að þær hafi nokkru sinni verið löglega

sameinaðar, og því mótmælt, að svo hafi verið gert. Hins vegar hafi þær verið nytjaðar sameiginlega. Samkvæmt jarðabók frá 1861 séu jarðirnar Vatnagarður og Leirubakkahóll taldar hjáleigur frá Leirubakka. Sé Leirubakkahóll metinn á 1.99 jarðarhundruð. Hafi jörð þessi ávallt verið í sérfasteignamati síðan og sé enn. Sé land nú metið á kr. 52.000, sbr. dskj. nr. 17, og hafi verið hækkað um helming að kröfu Bjarna Valdimarssonar, sem kært hafi án nokkurrar heimildar. Þinglesin afsöl beri með sér, að Leirubakkahóll sé ávallt tilgreindur sem sérstök jörð við sölu. Verði ekki séð, hvaðan sú heimild sé fengin að fella þá jörð þegjandi og hljóðalaust undir umboð, sem gefið var til sölu á jörðinni Leirubakka. Þá sé á það að líta, að samkvæmt 2. mgr. 18. gr. erfðalaga sé erfingja óheimilt að afhenda hlut sinn úr óskiptu búi né skuldfesta hann. Sala eigna dánarbúsins hafi því verið óheimil nema með samþykki allra erfingja. Slíkt samþykki liggi ekki fyrir. Sé því ekkert mark takandi á yfirlýsingu meiri hluta erfingja, dskj. nr. 9, sem gefin hafi verið út eftir „söluna“ og þegar stefnendur höfðu gert athugasemdir við kaupsamning með bréfi, dags. 14. nóvember 1970, dskj. nr. 6. Einnig hafa stefnendur bent á, að samkvæmt umboðinu hafi fyrst verið útbúinn kaupsamningur, sem síðar hafi verið bætt inn í, þar sem talað er um hið selda, orðunum „og Hól“ með handskrift, sbr. dskj. nr. 18. Stefndi Ármann Magnússon hafi viðurkennt fyrir dómi að hafa bætt þessum orðum inn á kaupsamninginn, en á afsalinu, sem síðar var útgefið og áður er áminnst, hafi ekki verið minnst á jörðina Leirubakkahól og sé með því úr gildi fallinn kaupsamningur á dskj. nr. 18.

Stefndu halda því fram, að jörðin Hóll hafi með afsali, dags. 6. október 1935, verið afhent Magnúsi Sigurðssyni af föður hans, Sigurði Magnússyni, ásamt Leirubakka og jafnframt hafi Sigurður hætt búskap sínum á Hóli. Þá hafi Magnús Sigurðsson lagt niður jörðina Hól, rifið jarðarhúsin og rifið niður allar girðingar, sem aðskildu tún jarðanna, og sameinað allt landið undir nafninu Leirubakki. Eftir 1935 hafði Magnús Sigurðsson aldrei notað nafnið Hóll. Þegar erfingjar Magnúsar Sigurðssonar ákváðu að selja Bjarna Valdimarssyni jörðina Leirubakka og veittu Jóhönnu Jónsdóttur umboð til að selja jörðina, hafi að sjálfsögðu aldrei verið minnst á býlið Hól, af þeirri einföldu ástæðu, að það var þá löngu niður lagt, hús rifin og teknar niður girðingar, sem skildu að túnin. Kaupandanum hafi aldrei verið tjáð, að í túninu væri spilda, sem ekki ætti að fylgja með í jarðakaupunum. Allir erf-

ingjar Magnúsar Sigurðssonar, aðrir en stefnendur, vilji nú standa við það, sem um var samið við Bjarna Valdimarsson, og telji sig hafa selt land býlisins Hóls með og telji, að það hafi stefnendur einnig gert. Stefnendur hafi ritað undir umboð til Jóhönnu Jónsdóttur til að selja Bjarna Valdimarssyni jörðina Leirubakka og þau hafi vitað, að árið 1935 hafði Hóll verið lagður undir og sameinaður Leirubakka og nafn hans lagt niður. Auk þess hafi stefnendur engan fyrirvara gert um að undanþiggja nokkurn hlut undan sölu til Bjarna Valdimarssonar af jörðinni, sem þó hefði verið óhjákvæmilegt, einkum ef átt hefði að undanskilja sölu eitthvað af túninu. Við hinn munnlega málflutning hélt lögmaður stefndu því fram, að hin stefndu systkin hefðu ekki hagsmuna að gæta í málinu, heldur hefðu þau átt að vera vitni í því. Þau hefðu heldur ekki numið til þessara málaferla, þar eð þau hafi allt gert í góðri trú. Kjarni málsins sé, að Bjarni Valdimarsson var í góðri trú, þá er hann keypti jörðina. Engin sérmerkjaskrá sé til fyrir Leirubakka.

Niðurstaða.

Um áratugaskeið hefur jörðin Leirubakkahóll í Landmannahreppi verið í eigu eigenda jarðarinnar Leirubakka að hálfu og eigenda Vatnagarðs að hálfu. Landi framangreindra jarða er óskipt. Síðan 1935 hefur jörðin verið í eyði, en þá hætti Sigurður Magnússon, föðurfaðir stefnenda og stefndu utan stefnda Bjarna Valdimarssonar, búskap sínum á býlinu Hóli, sem svo er nefnt í gögnum málsins og virðist hafa verið reist á hálflendu Leirubakkahóls í eigu Leirubakkaeiganda. Samkvæmt berum orðum umboðs, dags. 14. maí 1970, á dskj. nr. 5, til stefndu Jóhönnu Jónsdóttur verður ekki talin felast ótvíræð heimild til sölu á hálflendu Leirubakkahóls, en þegar litið er til þess, sem að framan greinir, tilurðar málsins að öðru leyti svo og með tilliti til þess, hvernig forsvarsmenn seljenda túlkuðu framangreint tilboð fyrir stefnda Bjarna Valdimarssyni svo og kaupsamning, dags. 15. maí 1970, og afsal, útgefið 25. nóvember 1970, en fram hefur komið í málinu, að stefndi Bjarni Valdimarsson hefur haft á grundvelli þeirrar túlkunar, sem a. m. k. virðist geta átt stoð í 1. gr. ábúðarlaga nr. 36/1961, réttmæta ástæðu til að ætla, að hálflenda jarðarinnar Leirubakkahóls fylgdi með í kaupunum, enda lá hið selda fyrir sem ein bújörð, þá er selt var, þá telur dómarinn að stefndi Bjarni Valdimarsson hafi með bindandi samningum við seljendur orðið löglegur eigandi að hálflendu Leirubakkahóls í Landmannahreppi.

Af þessum framantöldum ástæðum ber að sýkna stefndu af kröfum stefnenda f. h. dánarbús Magnúsar Sigurðssonar í máli þessu.

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Jóhanna Jónsdóttir, Ármann Magnússon, Sigurður H. Magnússon, Svavar Magnússon, Jóna G. Magnúsdóttir, Jón H. Magnússon, Kristín Þórarinsdóttir, Björn Magnússon, Magnús J. Magnússon, Kristófer Magnússon og Bjarni Valdimarsson, skulu vera sýkn af kröfum stefnenda, Önnu Magnúsdóttur og Einars Magnússonar f. h. dánarbús Magnúsar Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 5. nóvember 1975.

Nr. 156/1975. **Alfreð Haraldsson**
gegn
Herði Sigurvinssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Kærumál. Frávísunardómi hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. október 1975, sem barst Hæstarétti 29. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir sjó- og verslunardóm Reykjavíkur að kveða upp efnisdóm í málinu. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Samkvæmt 3. mgr. 204. gr. laga nr. 85/1936 var heimilt að höfða mál þetta fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur. Verður því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdóm að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðilja 5.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Varnaraðili, Hörður Sigurvinsson, greiði sóknaraðilja, Alfreð Haraldssyni, 5.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 26. september 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. september sl., hefur Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, Hafnarfirði, höfðað fyrir hönd Alfreðs Haraldssonar matsveins, Háteigi 3, Keflavík, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 23. ágúst sl., gegn Herði Sigurvinssyni útgerðarmanni, Grundarbraut 30, Ólafsvík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 37.905 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. mars 1975 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Jafnframt krefst stefnandi þess, að sjóveðréttur verði viðurkenndur í v/b Sæhrímni, SH 40, til tryggingar öllum dæmdum fjárhæðum og að löghaldsgerð, sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 14. ágúst 1975, verði staðfest til tryggingar öllum dæmdum fjárhæðum.

Stefnandi kveður tildrög málsins þau, að hann hafi starfað við m/b Sæhrímni, SH 40, eign stefnda, fyrst í landi við að undirbúa að koma bátnum á vertíð frá 7. janúar til 23. janúar 1975 og síðan sem matsveinn á bátnum í 14 daga. Samkvæmt uppgjöri stefnda hafi tekjur stefnanda alls verið kr. 91.537 og hafi stefndi gert upp við stefnanda að öðru leyti en því, að hann hafi haldið eftir kr. 37.905, sem hann neitaði að greiða, þar sem hann telji, að stefnandi hafi horfið úr starfi án þess að segja upp með lögmætum fyrir-

vara. Þessu neiti stefnandi, þar sem hann hafi neyðst til að fara af bátnum vegna vanskila stefnda.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Stefnandi er búsettur í Keflavík, en stefndi í Ólafsvík. Stefnukröfur eru vegna vinnu stefnanda við og á m/b Sæhrímni, SH 40, eign stefnda. Af skjölum málsins verður ekki séð, að stefnandi hafi leyst vinnu sína af hendi í Reykjavík, sbr. 85. gr. laga nr. 85 frá 1936. Heimili m/b Sæhrímnis, SH 40, er ekki í Reykjavík, sbr. 85. gr. laga nr. 85 frá 1936. Mál til staðfestingar löghalds skal höfðað á því varnarþingi, er sækja má til greiðslu kröfunnar samkvæmt 20. gr. laga nr. 18 frá 1949. Samkvæmt framanrituðu er mál þetta höfðað á röngu varnarþingi, og ber því að vísa því frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir, Guðmundur Hjaltason og Ægir Ólafsson.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Föstudaginn 7. nóvember 1975.

Nr. 156/1974. **Trygging h/f**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Ágúst Halldórssyni og Samvinnutryggingum g/t
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. september 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmt að greiða óskipt 237.535 krónur með 9½% ársvöxtum frá 16. apríl 1973 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Trygging h/f, greiði stefndu, Ágúst Halldórssyni og Samvinnutryggingum g/t, málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 16. apríl sl., hefur Trygging h/f, Laugavegi 178, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 26. júní 1973, á hendur Ágúst Halldórs-

syni, Kaplaskjóli 5, Reykjavík, og Samvinnutryggingum g/t, Ármúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða honum in solidum kr. 237.535 með 9½% ársvöxtum frá 16. apríl 1973 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi eftir mati dómara.

Sátt hefur verið reynd í málinu, en án árangurs.

Málavextir.

Tilefni máls þessa er það, að klukkan níu að kvöldi laugardagsins 27. janúar 1973 varð árekstur á Suðurlandsvegi skammt vestan við vegamót Biskupstungnabrautar milli bifreiðanna Y 3142 og R 11785. Atvik að árekstri þessum voru þau, að R 11785, Land-Rover jeppa. var ekið austur Suðurlandsveg. Bifreiðinni ók eigandi hennar, Ágúst Halldórsson. Á þeim stað, er áreksturinn varð síðar, hafði bifreiðin X 1656 lent út af veginum norðan megin (vinstra megin við akstursstefnu Land-Rover jeppans). Ágúst Halldórsson stöðvaði þess vegna bifreið sína hægra megin á veginum. Meðan bifreið hans stóð þar, bar að Moscwitch bifreið, X 2615, sem einnig var á austurleið. Bifreið sú var stöðvuð vinstra megin við bifreið Ágústs. Þá bar einnig að bifreiðina X 2547, Volkswagen, úr sömu átt. Ökumanni hennar tókst ekki að stöðva bifreið sína í tæka tíð, og skall framendi hennar aftan á X 2615, þar sem hún stóð á veginum. Ágúst Halldórsson ók nú bifreið sinni aftur á bak og sveigði til vinstri yfir veginn. Hugðist hann koma bifreiðinni, sem þar var utan vegar, til aðstoðar. Meðan á þessu stóð, bar að bifreiðina Y 3142, sem var á vesturleið. Tókst bifreiðarstjóra hennar ekki að stöðva bifreið sína í tæka tíð og ók utan í vinstri hlið bifreiðar Ágústs Halldórssonar framanverða. Deilt er um, hvort bifreið Ágústs var þá stöðvuð á norðurbrún vegarins eða var á ferð þangað. Bifreiðin Y 3142 var vátryggð hjá stefnanda. Stefnandi hefur höfðað mál þetta til endurheimtu viðgerðarkostnaðar þeirrar bifreiðar. Við munnlegan flutning málsins kom í ljós, að aðiljar deila ekki tölulega um upphæð höfuðstóls dómkröfu stefnanda. Byggist hún á bréfi, sem lagt hefur verið fram í málinu sem dómsskjal nr. 8.

Í skýrslu lögreglunnar á Selfossi kemur fram, að þegar árekstururinn varð, hafi verið myrkur, stormur og rigning. Þá er og þess getið, að snjór hafi verið á veginum og hálka.

Samkvæmt framlögðu vottorði Vegagerðar ríkisins er breidd akbrautar á árekstursstað 7.30 m. Breidd milli vegbrúna er 10.60

m (1.65 + 7.30 + 1.65). Þá er Vegagerðinni ekki kunnugt um, að breytingar hafi verið gerðar á þessum stað frá slysdegi að öðru leyti en því, að flái var lagfærður og í hann sáð á síðastliðnu sumri.

Samkvæmt framlögðu vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins er bifreiðin R 11785 að lengd 3.62 m (milli höggvara).

Bifreiðin Y 3142 var búin nýlegum negldum snjóhjólbörðum á öllum hjólum.

Umfangsmiklar yfirheyrslur hafa farið fram, bæði hjá lögreglunni á Selfossi, rannsóknarlögreglunni í Reykjavík og einnig hér fyrir dóminum. Lögregluþjónn sá, er skýrslur tók á staðnum, hefur það eftir ökumanni bifreiðarinnar Y 3142, að hann hafi séð bifreiðina X 2615 kyrrstæða á miðjum veginum, en ekki séð Land-Rover bifreiðina R 11785 fyrr en nokkuð seint. Hann hafi þá dregið úr hraða bifreiðarinnar og hemlað, en þar sem hann hafi verið kominn svo nærri, hafi það ekki tekist og hafi vinstra framhorn Y 3142 lent á vinstra framhorni R 11785. Sú bifreið hafi verið skáhallt á veginum og ljós hennar því ekki sést vel. Bifreiðin R 11785 hafi verið á ferð áfram að draga upp bifreiðina, sem var utan vegar. Ökumaðurinn, Jón Pétur Andrésson, mætti á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar hér í Reykjavík og skýrði þá svo frá, að hann hefði ekið fremur varlega, þar sem myrkur var og slydduhríð. Hraði sinn hafi verið 40—50 km á klukkustund, áður en hann varð var við hinar bifreiðarnar. Hann hafi blikkað ljósum og dregið úr hraða, þegar hann varð var við X 2615 á miðjum vegi. Hann hafi svo verið kominn nærri þeirri bifreið, er hann hafi tekið eftir Volkswagen bifreiðinni fyrir aftan hana. Hann hafi ekki séð þá til Land-Rover bifreiðarinnar. Síðan hafi farþegi, sem með honum var, kallað til hans aðvörun og hafi hann þá hemlað, en bifreið sín lent með vinstra framhorn á vinstra framhorni Land-Rover bifreiðarinnar, sem hafi þá verið á ferð aftur á bak, að því er hann telur. Taldi hann Land-Rover bifreiðinni hafa verið ekið á ská yfir veginn aftan við hinar bifreiðarnar báðar og hafi verið á leið í veg fyrir sig, rétt áður en áreksturinn varð. Engin aðvörunarmerki hefðu verið sjáanleg og menn þeir, sem á staðnum voru, hefðu ekkert gert til þess að vara vegfarendur við hættunni, fyrr en eftir að allt þetta var um garð gengið. Þá skýrði hann svo frá, að Land-Rover bifreiðin hefði verið færð úr stað eftir áreksturinn þrátt fyrir mótmæli sín.

Þá hefur Jón Pétur Andrésson komið hér fyrir dóminn. Hann kvaðst þá telja R 11785 hafa verið á ferð aftur á bak. Henni hafi

verið ekið þvert í veg fyrir sig, ljóslausri. Allir, sem á vettvangi voru, hafi setið inni í bílum sínum. Hann hafi sjálfur verið á háum ljósum mjög sterkum, en hafi blikkað þeim, er hann varð var við beifreiðarnar, og hafi verið á lágum ljósum, er árekstur inn varð. Bæði X 2615 og X 2547 hafi verið með parkljós, skyggni hafi verið slæmt og erfitt að sjá þá. Engin ljós hafi verið á bifreiðinni, sem var utan vegar, enda hafi hann ekki séð þá bifreið fyrr en eftir áreksturinn. Hann hafi dregið úr hraða, er hann varð var X 2615, niður í 15 til 20 km miðað við klukkustund og hafi haldið þeim hraða, allt þar til áreksturinn varð.

Magnús Sigurðsson Hjaltested, tengdasonur Jóns Péturs Andréssonar, sem með honum var í bifreiðinni Y 3142, hefur komið fyrir dóminn. Kvað hann uppdrátt lögreglu, eins og hann liggur fyrir í málinu, vera nærri lagi. R 11785 hafi birst skyndilega, hún hafi verið í hvarfi við bifreiðina X 2615 og verið ekið beint í veg fyrir þá, aftur á bak. Það geti þó verið, að ökumaður R bifreiðarinnar hafi náð að stöðva hana broti úr sekúndu, áður en Y bifreiðin lenti á henni. Hann kvaðst álíta, að 10—15 metrar hafi verið á milli bifreiðanna, er hann varð R 11785 var. Hann kvað einhverja úr hinum bifreiðunum hafa staðið þarna úti, er áreksturinn varð. Hann hafi ekki séð þá, fyrr en um leið og áreksturinn varð. Hann hafi kallað upp, um leið og hann varð var við R bifreiðina. Y bifreiðinni hafi verið ekið fremur hægt, að því er hann áleit um 60 km miðað við klukkustund. Þegar þeir urðu bifreiðanna varir, hafi ökumaður Y 3142 dregið úr hraðanum, svona um 20 km. Hann var ekki viss um, hvort bifreiðin X 2615 var með stöðuljósum eða keyrsluljósum, er hann varð hennar fyrst var. Þá sagði hann, að Y bifreiðin hefði aldrei komist fram hjá R bifreiðinni, að minnsta kosti ekki á keyrslu.

Ágúst Halldórsson, ökumaður R 11785, hefur komið og gefið skýrslu, bæði fyrir lögreglunni á Selfossi, rannsóknarlögreglunni hér í Reykjavík, og svo hefur hann komið fyrir dóminn. Hann heldur því fram, að hann hafi staðnæmst við vegkantinn og menn irnir hafi verið að tengja dráttartóg milli bifreiðanna, þegar Y 3142 kom austan veginn, bifreið hans hafi því verið kyrrstæð, þegar áreksturinn varð. Y 3142 hefði verið á allmiklum hraða. Hann kvaðst hafa haft stöðuljós á sinni bifreið, er þetta gerðist, og tók fram, að ljós hefðu verið á vinstri hlið bifreiðar sinnar, bæði á fram- og afturbretti. Þegar hann bakkaði yfir veginn, hafi engin bifreið verið á ferð í nánd, en hann hafi þó vitað af bifreið á leið frá Selfossi, en hún hafi verið mjög langt í burtu.

Fyrir dóminum sagði hann, að afturhjólin á bifreið sinni hefðu verið alveg við kantbrúnina. Hann átti þá við malarkantinn. Framhjólin hafi staðið aðeins innan við brún þess hluta vegarins, sem er olíumalborinn. Ofurlítil stund hafi verið frá því, er hann stöðvaði, og þar til árekstur inn varð. Áður en hann bakkaði, hafi hann beðið þá, sem hann ætlaði að aðstoða, að gá að umferð og kvaðst hafa ætlast til, að þeir stöðvuðu þá umferð. Hann kvað Y bifreiðina tvímælalaust hafa getað komist á milli bifreiðar sinnar og bifreiða þeirra, sem stóðu á veginum.

Ómar Halldórsson, ökumaður X 2615, hefur gefið skýrslu bæði hjá lögreglunni á Selfossi og eins hér fyrir dóminum. Hann skýrði svo frá, að Y 3142 hefði verið ekið mjög hratt, líkt því hún kæmi svífandi, og hafi honum sýnst bifreiðin ekki minnka hraðann að marki, fyrr en hún lenti á Land-Rover bifreiðinni. Hún hafi aðeins strokist við bifreið hans, þegar hún fór fram hjá henni, og hafi komið smádæld og rispur á vinstra afturbretti. Hann gat ekki sagt með vissu, hvort R 11785 var kyrrstæð, er Y 3142 lenti á henni. Hann skýrði svo frá hér fyrir dóminum, að mjög mjótt bil hafi verið á milli Land-Rover bifreiðarinnar og sinnar bifreiðar. Það hafi þó mátt aka það í björtu veðri og góðri færð, en alls ekki eins og á stóð og allra síst á miklum hraða. Hins vegar sagði hann, að örugglega hafi mátt sjá úr fjarska, að eitthvað væri þarna að gerast, bæði hefði birt af élinu og svo hefði verið þarna mikil ljósadýrð. Hann kvað lágu ljósin hafa verið á sinni bifreið, einnig hafi stefnuljós verið síblikkandi á hliðinni og að aftan, en bifreið hans hafi verið ögn á ská, þannig að stefnuljósið á hliðinni hefði átt að sjást frá bifreið, sem kom á móti. Stefnuljósin að framan hafi verið óvirk. Hann hafi sett stefnuljósin á til að gefa til kynna, að þarna væri eitthvað að. Hann kvað fleiri bifreiðar hafa verið á vettvangi en teiknaðar eru á uppdrætti lögreglunnar og sagði, að einhver ljós hafi verið á þeim. Hann mundi ekki eftir því, hvort reynt var að gera umferð, sem kom frá Selfossi, frekar aðvart, fyrr en eftir að síðari árekstur inn varð.

Kjartan Már Benediktsson, ökumaður X 2547, hefur gefið skýrslu fyrir lögreglunni á Selfossi. Hann skýrði svo frá, að Land-Rover bifreiðin R 11785 hefði verið kyrrstæð, þegar Y 3142 lenti á henni.

Bræðurnir Kristján Þröstur Bjarnason, Sigvaldi Bjarnason og Hreinn Viðar Bjarnason hafa allir komið fyrir dóminn, en þeir

voru allir í bifreiðinni, sem þarna hafði lent út af veginum og ökumaður R 11785 hugðist aðstoða.

Kristján Bjarnason, sem átti bifreiðina, kvaðst hafa verið utan vegar og hafa verið að binda í sína bifreið, meðan Land-Rover bifreiðinni var ekið aftur á bak, en bræður hans hefðu verið uppi á veginum að gæta að umferðinni. R 11785 hafi verið kyrr nokkra stund, áður en áreksturinn varð. Hann hafi orðið Y bifreiðarinnar var, þegar hún átti eftir nokkra metra að þeim. Bifreið Ágústs hafi staðið alveg út í malarkantinn. Mögulegt hafi verið fyrir Y bifreiðina, breiddarinnar vegna, að komast á milli bifreiðar Ágústs og hinna bifreiðanna, en erfitt vegna hálkunnar og hraðans á Y bifreiðinni. Hann áleit, að Y bifreiðin hefði verið á allt að 80 km hraða, þegar hana bar að, en hafi aðeins hægt á sér, þegar hún nálgaðist þá. Hann kvað sína bifreið hafa verið með ljósum og hafi þau lýst yfir veginn, eitthvað að minnsta kosti. Bifreið Ágústs hafi verið með lágum ljósum.

Sigvaldi Bjarnason skýrði svo frá, að Ágúst hafi verið kominn alveg út í malarkantinn, þegar hann stöðvaði. Bifreið hans hafi verið kyrrstæð hátt í mínútu, áður en áreksturinn varð. Ágúst hafi beðið þá bræður að athuga um umferð, áður en hann bakkaði yfir veginn. Áður en Ágúst bakkaði yfir veginn, hafi þeir ekki orðið varir við aðvífandi umferð. Hann áleit Y bifreiðina hafa geta komist á milli bifreiðar Ágústs og hinna bifreiðanna, sem voru á veginum. Hann kvað ljós hafa verið á bifreið þeirra bræðra og full á bifreið Ágústs. Meðan bifreið Ágústs bakkaði yfir veginn, hafi þeir staðið uppi á veginum og gáð að umferð, en allir verið komnir aftur fyrir bifreið Ágústs, þegar áreksturinn varð.

Viðar Bjarnason skýrði svo frá, að á meðan Land-Rover bifreiðinni var bakkað, hafi hann og annar hvor bifreiðarstjóranna úr X 2615 og X 2547 staðið vörð um umferðina. Þegar áreksturinn varð, hafi hann verið kominn aftur fyrir bifreiðina og hafi ekki orðið var við Y bifreiðina, fyrr en rétt áður en áreksturinn varð. Veðrið hafi verið vont og skyggni einnig. Y bifreiðinni hefði verið ekið á miklum hraða. Bifreið Ágústs hefði verið stöðvuð í eina eða tvær mínútur, ef til vill ekki það, áður en áreksturinn varð. Ágúst hefði ekið bifreið sinni alveg út í malarkantinn. Hann kvað það alveg tvímælalaust, að Y bifreiðin hefði getað komist á milli bifreiðar Ágústs og hinna bifreiðanna, þar á milli hefðu að minnsta kosti getað tvær bifreiðar komist. Hann áleit

allar bifreiðarnar hafa verið með ljósum, þegar áreksturinn varð, þó muni Land-Rover bifreiðin aðeins hafa verið með stöðuljósum, að minnsta kosti eftir að hann stöðvaði. Hann hafi verið með ljós á fram- og afturbretti.

Af hálfu stefnanda er vitnað til framburðar þeirra Jóns Andréssonar og Magnúsar Hjaltesteds og því haldið fram, að ökumaður R 11785 hafi gerst brotlegur við mörg ákvæði umferðarlaga með því að aka bifreið sinni aftur á bak úr kyrrstöðu við hægri vegarbrún, þvert yfir hraðbraut í myrkri og slæmu skyggni, fram hjá kyrrstæðri bifreið, sem byrgði útsýn fyrir umferð frá austri, án þess að gera ráðstafanir til aðvörunar fyrir umferð. Af þessum sökum beri eiganda og eða vátryggjanda þessarar bifreiðar að greiða stefnanda tjónið. Stefnandi vitnar í þessu sambandi til eftirtalinna greina umferðarlaganna: 45. gr., 4. mgr., 46. gr., síðustu mgr., 48. gr., 5. mgr., 51. gr. og 1. mgr. 52. gr. og 1. mgr. 53. gr.

Af hálfu stefndu er sýknukrafa á því reist, að bifreiðarstjóri Y 3142 hafi einn átt sök á tjóni þeirrar bifreiðar. Vitna þeir til lögregluskýrslu og framburða hér fyrir dóminum og halda því fram, að Y 3142 hafi verið ekið allt of hratt miðað við aðstæður. Við mat á ökuhraðanum beri að hafa í huga aksturslagsskilyrði. Leitt sé í ljós, að þau hafi verið afar slæm, myrkur, stormur, rigning, akbraut hál af snjó og veglýsing engin. Ökumaður brjóti þá grundvallarreglu, að ökuhraðinn skuli aldrei vera meiri en svo, að stöðva megi ökutæki á ⅓ hluta þess vegar, sem hindrunarlaus er framundan. Fram sé komið, að bifreiðarstjóri Y 3142 hafi virt að vettugi auðsæja hættu, þar sem hann hafi séð tvær kyrrstæðar bifreiðar framundan. Þetta hefði átt að gefa honum tilefni til ýtrustu varúðar.

Hins vegar sé ekki við ökumann R 11785 að sakast. Eðlilegt hafi verið, að hann stöðvaði bifreið sína og hugaði að, hvort ökumaður og farþegar X 1656 væru hjálparþurfi. Raunar hafi honum verið það skylt. Hann hefði ekki getað að því gert, að bifreið nam staðar við hlið hans bifreiðar. Það sé rangt, að hann hafi ekið aftur á bak í veg fyrir Y 3142. Sú bifreið hafi þá verið fjarri vettvangi. Þá hafi hann gert ráðstafanir til þess að vara aðvífandi umferð við.

Álit dómsins.

Af framburðum vitnanna Kristjáns Bjarnasonar, Sigvalda Bjarnasonar og Viðars Bjarnasonar svo og ökumannsins Ágústs Halldórssonar þykir fullsannað, að bifreið Ágústs var stöðvuð, þá

er árekstur inn varð, og hafði verið það í að minnsta kosti tvær til þrjár mínútur. Þá er með framburðum þessara sömu manna talið sannað, að Ágúst hafi beðið menn að vera á varðbergi fyrir aðvífandi umferð, meðan hann bakkaði yfir veginn. Þá var X 2615 á miðjum vegi með stöðuljósum. Þá er fram komið, að fleiri bifreiðar voru á vettvangi með einhverjum ljósum. Stefnandi þykir því ekki hafa sýnt fram á, að Ágúst Halldórsson hafi hagað akstri sínum yfir veginn á þann hátt, að honum verði gefin sök á árekstrinum. Af lögregluskýrslu og framburði ökumanna verður ráðið, að aksturs skilyrði voru slæm, er árekstur inn varð. Í ljós þykir leitt með framburðum vitnanna Kristjáns Bjarnasonar, Viðars Bjarnasonar og Ómars Þórs Halldórssonar, að miðað við aðstæður hafi hraði Y 3142 verið of mikill. Þá er á það að líta, að þegar ökumaður Y 3142 verður var bifreiðarinnar X 2615 á miðjum vegi með stöðuljósum, mátti honum vera ljóst, að sérstakrar aðgæslu var þörf. Hann þykir því með akstur slagi sínu hafa sýnt sérstaklega litla aðgæslu og hafa brotið í bága við fyrirmæli 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Þegar á mál þetta er litið í heild sinni og framangreindar ástæður sérstaklega hafðar í huga, þykir rétt að sýkna stefndu í máli þessu af öllum kröfum stefnanda. Með tilliti til þessarar niðurstöðu þykir rétt, að stefnandi greiði stefndu kr. 35.000 í málskostnað.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ágúst Halldórsson og Samvinnutryggingar g/t, skulu sýkn af kröfum stefnanda, Tryggingar h/f, í máli þessu.

Stefndi, Trygging h/f, skal greiða stefndu, Ágúst Halldórssyni og Samvinnutryggingum g/t, kr. 35.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. nóvember 1975.

Nr. 127/1974. **Jón Loftsson h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Alfreð Óskarssyni og gagnsök
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Gallar á seldri fasteign. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1974. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að þær verði lækkaðar. Enn fremur krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 5. júlí 1974. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 441.965 krónur með 7% ársvöxtum frá 19. júní 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talinn hluta gagnáfrýjanda í kostnaði við matsgerð þá, sem í málinu greinir.

Aðaláfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt vottorð Hagstofu Íslands, dags. 28. október 1975, um byggingarvísitölur, sem giltu fyrir tímabilin júlí—október 1971 og mars—júní 1972.

I.

Gagnáfrýjandi, sem krefur aðaláfrýjanda í máli þessu um skaðabætur vegna vanefnda á kaupsamningi um húsið Skógarlund 2 í Garðahreppi, svo sem greinir í héraðsdómi, sundurliðar dómkröfur sínar þannig fyrir Hæstarétti:

A. Kostnaður við lagfæringu á húsum samkvæmt matsgerð:

1.	Múrhúðun innanhúss	kr.	68.200
2.	Frágangur á húsþaki	—	28.400
3.	Frágangur á bílskúrsþaki	—	6.700
4.	Pappalögn á bílskúr	—	22.000
5.	Lagnir í jörð utanhúss	—	41.500
6.	Múrviðgerð og minni háttar lagfæringar hússins að utan	—	13.800
7.	Þéttingar umhverfis glugga	—	9.600
8.	Tenging bitaenda með togbandi	—	5.200
9.	Þéttingar milli þakskeggs og súlu og við bita í gaflveggjum	—	3.700
10.	Karmar í bílskúr	—	19.000
		Alls kr.	218.100
B.	Hluti gagnáfrýjanda af kostnaði við jöfnun lóðar, sem ólokið er	—	1.500
C.	Kostnaður við sérstaka vatnsvörn á húsi gagnáfrýjanda	—	30.000
D.	Verðrýrnun hússins vegna byggingargalla	—	200.000
		Alls kr.	449.600
	Frá þessu dregur gagnáfrýjandi eftirstöðvar umsamins kaupverðs, sem ágreiningslaust er, að ógoldnar eru	—	7.635
	Kemur þá út fjárhæð dómkröfunnar	kr.	441.965

Aðaláfrýjandi hefur andmælt því, að hann sé skaðabótaskyldur gagnvart gagnáfrýjanda. Enn fremur telur hann sig eiga fjárkröfu á gagnáfrýjanda vegna viðskipta þeirra, svo sem nánar verður greint í III hér á eftir. Krefst aðaláfrýjandi þess, að sú krafa hans komi til skuldajafnaðar við kröfur aðaláfrýjanda eftir því sem með þarf, ef þær verði að einhverju leyti til greina teknar.

II.

Um skaðabótakröfur gagnáfrýjanda.

Um A. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir

mega staðfesta úrlausn hans um rétt gagnáfrýjanda til skaðabóta samkvæmt þessum kröfulið. Verða kröfur gagnáfrýjanda samkvæmt þessum kröfulið því teknar til greina að öðru leyti en því, að gagnáfrýjanda verða aðeins dæmdar 3.200 krónur samkvæmt 7. tl. og aðaláfrýjandi sýknaður af kröfu þeirri, er greinir í 10. tl. Verður þessi kröfuliður því tekinn til greina með 192.700 krónum (218.100 ÷ 6.400 ÷ 19.000 krónur).

Um B. Samkvæmt 4. gr., D lið, í kaupsamningi aðilja átti aðaláfrýjandi að skila gagnáfrýjanda lóð hússins jafnaðri út með ýtu. Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu manna var jöfnun lóða að mestu lokið, en þó ekki að fullu, þegar mat fór fram. Fjárhæð samkvæmt þessum kröfulið er 1/7 hluti metins heildarkostnaðar við jöfnun þeirra 7 lóða, sem matið tók til. Enda þótt kröfuliður þessi sé þannig ekki reistur á nákvæmu eða sundurliðuðu mati á kostnaði við jöfnun á lóð gagnáfrýjanda, þykir honum þó svo í hóf stillt, að taka megi hann til greina.

Um C. Gagnáfrýjandi heldur því fram, að vegna gallaðrar hleðslu hússins hafi verið nauðsynlegt að vatnsverja húsið utan og hafi hann gert það. Gagnáfrýjandi hefur þó hvorki sýnt nægilega fram á nauðsyn þeirrar aðgerðar, kostnað sinn við hana né að aðaláfrýjanda sé skylt að standa straum af þeim kostnaði. Verður því að staðfesta úrlausn héraðsdóms um þennan lið dómkröfunnar.

Um D. Samkvæmt því, sem segir í matsgerð hinna dómkvöddu manna, hafa þeir „miðað lagfæringar á húsunum við, að þau nái þeim gæðum, sem þeir telja, að vænta hefði mátt". Samkvæmt þessu og þar sem gagnáfrýjandi hefur ekki að öðru leyti rökstutt þennan kröfulið nægilega, verður að staðfesta úrlausn héraðsdóms um sýknu aðaláfrýjanda af honum.

III.

Svo sem áður var greint, styður aðaláfrýjandi sýknukröfu sína öðrum þræði þeim rökum, að hann eigi gagnkröfu á gagnáfrýjanda, sem honum sé heimilt að skuldajafna við skaðabótakröfur hans. Fyrir Hæstarétti hefur aðaláfrýjandi

hins vegar fallið frá öllum gagnkröfum, er hann hafði uppi fyrir héraðsdómi, öðrum en kröfu um hækkun á söluverði hússins, frá því sem það var tilgreint í kaupsamningi. Reisir aðaláfrýjandi þessa kröfu sína á 5. gr. kaupsamnings aðilja, og nemur sú hækkun kaupverðs, er hann krefst, 174.127 krónum með 9% ársvöxtum frá 7. febrúar 1972 til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Er fjárhæð þessi þannig fundin, að aðaláfrýjandi miðar við hækkun byggingarvísitölu úr 535 stigum fyrir tímabilið júlí—október 1971 í 603 stig fyrir tímabilið mars—júní 1972, eða um 12.71%, og hækkar hann söluverð hússins um sömu hlutfallstölu, eða úr 1.370.000 krónum í 1.544.127 krónur. Vaxta krefst hann af nefndri hækkun frá þeim tíma, er gagnáfrýjandi fékk afsal fyrir húsinu, en þá telur aðaláfrýjandi hafa verið lokið þeim verkum, sem hann vann við húsið.

Gagnáfrýjandi hefur andmælt framangreindri kröfu um hækkun söluverðs með þeim rökstuðningi, sem í héraðsdómi er rakinn, auk þess sem hann mótmælir því, að 5. gr. kaupsamningsins, þó gild yrði metin, heimili aðaláfrýjanda að miða hækkun söluverðsins við hækkun á byggingarvísitölu.

Í 5. gr. kaupsamnings aðilja segir svo:

„Verði um breytingu á verðlagi að ræða, meðan á byggingarframkvæmdum stendur, áskilur seljandi sér rétt til endurskoðunar söluverðsins við afhendingu, og samþykkir kaupandi, að sannaðar hækkanir á vinnu og vörum bætist við söluverðið miðað við það verðlag, sem gildir við undirskrift".

Af framangreindu ákvæði er ljóst, að í málinu reiknar aðaláfrýjandi hækkun söluverðsins með allt öðrum hætti en í kaupsamningnum segir. Er með öllu ósannað, hverju hækkun á söluverði hússins næmi, ef fylgt væri fyrirmælum nefndrar 5. greinar. Verður því skuldajafnaðarkröfu aðaláfrýjanda ekki sinnt, án þess að til úrlausnar komi, hvort þetta ákvæði samningsins fari í bága við ákvæði 1. gr. laga nr. 71/1966.

IV.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 194.200 krónur

(192.700 + 1.500 krónur) að frádregnum 7.635 krónum, sem aðiljar eru sammála um, að ógoldnar séu af kaupverði, eða alls 186.565 krónur með vöxtum eins og krafist er, en vaxtakröfunni er ekki andmælt af aðaláfrýjanda.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 110.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þar sem héraðsdómari neytti heimildar 3. tl. 200. gr. laga nr. 85/1936 til að kveðja til sérfróða menn til að dæma málið með sér, hefði verið rétt, að þeir sætu einnig báðir í dómi, þegar matsmenn, vitni og aðiljar gáfu skýrslur fyrir dómi.

Dráttur á uppsögu héraðsdóms hefur ekki verið nægilega réttlættur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Jón Loftsson h/f, greiði gagnáfrýjanda, Alfreð Óskarssyni, 186.565 krónur með 7% ársvöxtum frá 19. júní 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 110.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 24. apríl 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 1. f. m., hefur Alfreð Óskarsson, Lóranstöðinni, Snæfellsnesi, höfðað fyrir dóminum með kröfugerð fyrir dómi og framlagningu skjala í dóm hinn 31. október 1972 á hendur Jóni Loftssyni h/f, Reykjavík, til heimtu kröfu að fjárhæð kr. 468.914 auk 1% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 19. júní 1972 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau, að með kaupsamningi, dagsettum 28. júlí 1971, keypti stefnandi af stefnda einbýlishús á lóðinni nr. 2 við Skógarlund í Garðahreppi. Hús þetta er í hverfi sams konar húsa, sem stefndi stóð fyrir að byggja á lóðunum nr. 2–12 við Skógarlund. Þegar kaupsamningur var gerður, var bygging hússins ekki hafin. Í kaupsamningi segir, að húsið seljist fokhelt, og í 4. gr. kaupsamningsins er hinu selda nánar lýst svo:

„Húsið er byggt skv. teikningu Birgis Breiðdals, arkitekts, og verður ástand hússins við afhendingu í stórum dráttum þetta skv. byggingarlýsingu hans:

A. Hlaðnir útveggir með tvöfaldri hleðslu (berandi mátsteini og vatnsverjandi máthellu) og 2″ plasteinangrun á milli, fúgaðir, en ómálaðir. Bílskúrsveggir úr mátsteini fúgaðir, en ómálaðir.

B. Þak frágengið að utan, með 2 þakgluggum 120×120 cm að stærð (annar yfir baði, hinn yfir eldhúsi), bárujárni ómáluðu og fúavörðum panil á köntum. Þakið verður einangrað með 4″ glerull á kostnað kaupanda. Bílskúrsþak með 3 pappalögum og frágengnum köntum, óeinangrað.

C. Glugga-karmar íkomnir og fúavarðir, án glers. Splitthellur, óeinangraðar að innan, að neðan, þar sem við á, sbr. teikningu.

D. Lóð útjöfnuð með ýtu fyrir afhendingu“.

Stefnandi kveður forsöguna að umræddum kaupum útboð frá stefnda, dagsett 28. apríl 1971, en þar segir m. a.:

„Allar upplýsingar um MÁTHELLUHÚSIN almennt er að finna í bæklingi okkar „Leiðbeiningar um hleðslu húsa“. Ekki er reiknað með, að ytra veggþil verði múrhúðað, enda er þar regnkápa hússins og verður húsunum skilað „útfúguðum“, utan sem innan ásamt útfúguðum burðarveggjum. Kaupendum er síðan að sjálfsögðu frjálst að klæða veggi að innan eftir eigin óskum svo og að breyta herbergjaskipun að einhverju leyti, en þá í samráði við teiknara“.

Hinn 7. júlí sama ár sendi stefndi frá sér framhald nefndrar útboðslýsingar, en þar segir m. a.:

„Afhendingarástand er miðað við fyrrgreinda frumlýsingu, þ. e. útveggir útfúgaðir, einangrun milli veggþilja, og innveggir útfúgaðir og/eða sléttir fyrir klæðningu, eftir óskum. Þak frágengið, gluggar ísettir með plasti og/eða tvöföldu einangrunargleri skv. tilboði, sem kaupandi getur gengið að, en bætist þá auðvitað við söluverð skv. nánara samkomulagi varðandi greiðslu. Sama gildir um bílskúr, nema einföld mátsteinshleðsla, án einangrunar“.

Stefnandi veitti húsinu viðtöku snemma á árinu 1972, og er afsal útgefið hinn 7. febrúar.

Stefnandi telur stefnda á ýmsan hátt hafa vanefnt skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi, m. a. hafi komið fram margvíslegir gallar á umræddu húsi.

Með bréfi, dagsettu 26. apríl 1972, fór stefnandi þess á leit

ásamt eigendum húsanna nr. 3, 4, 7, 9, 11 og 12 við Skógarlund, að dómkvaddir yrðu óvilhallir kunnáttumenn til þess að meta byggingargalla á húsunum, sem nánar eru tilgreindir í matsbeiðni.

Hinn 5. maí 1972 voru dómkvaddir þeir dr. Ragnar Ingimarsson verkfræðingur, Gunnar H. Pálsson verkfræðingur og Ólafur Pálsson byggingameistari, og skiluðu þeir ítarlegri matsgerð, dagsettri 19. júní 1972.

Í matsgerðinni er fyrst fjallað um hvert einstakt hús, en síðan fjallað um þau atriði, sem matsmenn telja sameiginleg fyrir fleiri en eitt húsanna eða þau öll.

Í matsgerð segir m. a.:

„Skógarlundur nr. 2. Eigandi Alfreð Óskarsson.

Magnús skýrði frá því, að eigandi hefði ekkert unnið við húsið, frá því að seljandi hefði skilið við það.

Í matsbeiðni er hleðslu í bílskúr talið ólokið. Hleðslunni hafði við skoðun verið lokið. Þá er þess getið, að sökklafrágangur sé ófullnægjandi. Skoðun leiddi í ljós, að sökklar hafa verið lagfærðir á húsinu sjálfu, en þarfnast lagfæringar á bílskúr.

Dyraop vantar í barnaherbergi í norð-vestur horni. Viðbótar dyragat er aftur á móti frá gangi í austurenda hússins. Súlur í langvegg hallast um 2–3 cm (sjá meðfylgjandi mynd nr. 25).

Fúgun og hleðslufrágangur er almennt lélegur innanhúss. Frostskemmdir eru í hluta af fúgum. Meðfylgjandi myndir nr. 26, 27 og 28 sýna útlit múrverks.

Í matsbeiðni var niðurfall talið vanta í þvottahús í austurhluta húss. Niðurfall í samræmi við teikningar. Upplýst var, að á byggingarstigi hefði komið fram ósk um flutning á niðurfalli, en sú ósk hefði borist pípulagningamönnum of seint.

Í norðurhlið hússins er ólokið að sjóða þakfestingu fasta. Vatnsinntak er rangt staðsett og lendir 60 cm frá lagnarauf. Miðgluggi í stofu hallar um 1.5 cm. Í matsbeiðni er talið, að fúavörn sé ábótavant á þakbrúnum. Átt mun við mislitun á timbrinu, en upplýst var, að fúavörn hefði verið framkvæmd með glæru fúavarnarefni, en litun gerð síðar.

Frágangi múrverks er töluvert ábótavant. Meðfylgjandi mynd nr. 29 sýnir frágang við norð-vestur horn húss.

Sameiginlega verður fjallað um þau atriði hér að aftan, sem snerta þetta hús, en eru annaðhvort eins fyrir fleiri hús eða tilheyra sameign.

Að skoðun lokinni var fundi slitið.

Eins og fram kemur í kaupsamningi, er hlaðið með splitthellum undir glugga. Þessi hleðsla er vel gerð nema í húsi nr. 4. Til að koma fyrir þakfestingarjárnum hefur rauf verið söguð í þessar splitthellur, sbr. meðfylgjandi mynd nr. 13, en þynning á hellunum hefur valdið sprungumyndun, sbr. meðfylgjandi mynd nr. 30. Láréttrar sprungumyndunar í splitthelluhleðslu hefur líka orðið vart, sbr. meðfylgjandi mynd nr. 31.

Lóðréttar sprungur hafa víða komið í ytri kápu á gaflveggjum, sbr. meðfylgjandi mynd nr. 32.

Frágangur meðfram gluggum að utan er þannig, að fyllt hefur verið með múr milli hliðarstykkja og hleðslusteins. Aðeins grunn fúga myndast framan við múrinn. Bil milli glugga og hleðslusteins er mjög mismunandi breitt, frá 2–3 cm niður í nánast ekki neitt. Eins og fram er komið, eru gluggar í húsi nr. 12 enn lausir.

Frágangi við gaflveggi húsa er áfátt upp við þakskegg, þar sem burðarbitar ganga út í gegnum hleðsluna. Frágangi er einnig áfátt við súlur á langhliðum, þar sem þakskegg og gluggar koma að þeim.

Húsin, sem hér um ræðir, eru sjálf öll pappalögð og með bárujárni, nema hús nr. 12, þar sem aðeins timburklæðningu er lokið. Rennur eru komnar á öll húsin. Kant- og kjöljárn er komið á hús nr. 9 og 11. Hvergi hefur verið gengið frá járni í kringum þakglugga. Skýrt var frá því, að seljandi teldi sig aðeins eiga að skila og kosta þakið með bárujárni (ekki með rennum, kant- og kjöljárni).

Einn þakgluggi 100×100 cm er á hverju húsi, nema húsi nr. 12, þar hefur enn ekki verið settur á gluggi.

Pappalög vantar á flesta bílskúrana, enda upplýst, að seljandi ætli ekki að skaffa þau. Þar sem pappaklæðning hefur verið sett á, mun um verk eigenda að ræða. Kantar bílskúra eru ekki frágengnir að framan og aftan. Karma vantar í bílskúra, bæði að framan og aftan. Ekkert þak er á bílskúr við húsið nr. 12.

Þakvatnslögn (jarðlögn) er ólokið við flest húsin. Henni er þó lokið við húsin nr. 9 og 11.

Tengingu frárennslis út í götu mun hafa verið ólokið við afhendingu. Vinna hafin við lagnir á vegum eigenda. Vestan við götuna (hús nr. 2, 4 og 12) er hægt að tengja beint út í götubrunna, og eru lagnir allar álíka langar. Austan við götu þarf að setja brunn í hverja lóð. Lagnir eru jafnlangar fyrir hús nr. 3, 7 og 11, en lengri fyrir hús nr. 9.

Skoðun leiddi í ljós, að jöfnun lóða er vel á veg komin. Með-

fylgjandi myndir nr. 33, 34, 35 og 36 sýna lóðir. Nokkurri sléttun er ólokið austan við húsin nr. 7, 9 og 11. Á milli húsa er nokkur lagfæring eftir svo og frammi við götu, en þar er jöfnun mjög bundin við skólplögn.

Niðurstöður matsmanna.

Samkvæmt matsbeiðni er matsmönnum falið að meta það, sem áfátt kann að reynast í hverju húsi, bæði metið á almennan mælikvarða og þó sérstaklega með samanburði við byggingarlýsingu í kynningarbæklingi og lýsingu í kaupsamningi.

Í formála kynningarbæklings segir m. a.: „Tilgangur þessa bæklings er að benda á, hvernig lækka megi verulega byggingarkostnað án gæðarýrnunar á húsakosti með því að minnka bilið á milli fokhelds og fullgerðs húss". Í kaupsamningi kemur m. a. fram í 4. gr.: „Hlaðnir útveggir með tvöfaldri hleðslu (berandi mátsteini og vatnsverjandi máthellu) og 2" plasteinangrun á milli, fúgaðir, en ómálaðir. Hlaðnir berandi innveggir úr mátsteini, fúgaðir, en ómálaðir. Bílskúrsveggir úr mátsteini fúgaðir, en ómálaðir".

Með hliðsjón af ofangreindu svo og teikningum virðist ljóst, að miða ber við, að hleðsla sé tilbúin undir málningu. Að mati okkar eru gallar á frágangi múrverks innanhúss það miklir í öllum húsunum nema nr. 7, að hagkvæmast verður að grófhúða alla hlaðna veggi (nema splitthellu) til að viðunandi frágangur fáist. Höfum við metið þennan kostnað fyrir hús nr. 2, 4, 12, 3, 9 og 11, og er hann sýndur í töflu hér á eftir. Við höfum jafnframt metið kostnað við lagfæringar á hleðslu innanhúss í húsi nr. 7, og er sá kostnaður sýndur í sömu töflu. Við höfum miðað við, að grófhúðun komi í stað útfúgaðra veggja, án þess að eigendum sé reiknaðar miskabætur vegna þessarar breytingar.

Í kaupsamningi, 4. gr., segir: „Þak frágengið að utan, með 2 þakgluggum 120×120 cm að stærð (annar yfir baði, hinn yfir eldhúsi), bárujárni ómáluðu og fúavörðum panil á köntum. ... Bílskúrsþak með 3 pappalögum og frágengnum köntum, óeinangrað".

Skilningur matsmanna á fullfrágengnu í samræmi við þetta er, að þak húss sé með rennu (renna fer undir bárujárn í stað rennubanda, sem er algengara), kjöljárni og kantjárni. Þá skulu tveir gluggar með fullfrágengnum ramma (en án glers) vera á þakinu. Höfum við metið kostnað vegna viðbótar við bárujárnsklæðninguna (með einum glugga ófrágengnum), og er matsupphæð sýnd í meðfylgjandi töflu. Viðbótarkostnaður við húsið nr.

12, vegna þess að það hús er skemmra komið, er með reiknaður. Matsmenn fá ekki séð, að bárujárn sé í lægra gæðaflokki en algengt er að nota.

Við höfum metið kostnað við að ganga frá bílskúrsköntum og leggja þrjú pappalög á þökin. Frágangur á köntum er nauðsynlegur til að unnt sé að leggja pappalögin. Útlit kants yrði í samræmi við útlitsteikningar. Þá er þess óskað í matsbeiðni, að metinn sé kostnaður við karma í bílskúr. Við höfum metið kostnað við furukarma, fúavarða og íkomna. Matsupphæðir vegna bílskúra eru sýndar í töflu. Upphæðir vegna húss nr. 12 eru hærri en aðrar, þar eð ljúka þarf smíði þaksins að auki.

Í samræmi við matsbeiðni höfum við metið kostnað við að leggja lagnir í jörð fyrir þakvatn svo og að ganga frá öðru varðandi lagnir utanhúss í samræmi við teikningar. Matsupphæðir eru sýndar í meðfylgjandi töflu. Eins og fram er komið, hefur þegar verið gengið frá lögnum við húsin nr. 9 og 11, en matsupphæðir fyrir þessar framkvæmdir eru engu að síður sýndar í töflu.

Í matsbeiðni er farið fram á mat vegna þess, að hurðir eru ekki settar í útihurðarkarma samkvæmt ákvæðum um fokheld hús. Með því að engin viðurkennd ákvæði eru til hérlendis um þetta atriði, en venjulegra að endanlegar útihurðir fylgi ekki fokheldum húsum, er þessi liður ekki metinn.

Eins og fram hefur komið hér á undan, er lóðajöfnun að mestu lokið. Við höfum metið kostnað við að ljúka jöfnun lóða. Matsupphæðin er sýnd í meðfylgjandi töflu.

Kostnað við frágang á sökklum, hreinsun húsa svo og raufa og kanala, er tekið með upphæðum vegna einstakra húsa.

Við skoðun hefur komið fram, að ytra byrði á gaflveggjum margra húsanna hafa sprungið (lóðréttar sprungur). Matsmenn eru þeirrar skoðunar, að langbitar, sem standa út í ytra byrði veggjanna, reyni of mikið á þetta byrði vegna þrýstings frá þaki (spyrnu út). Telja matsmenn nauðsynlegt að tengja bitaendana eða sperrutærnar saman með togbandi. Telja matsmenn, að ef þetta er gert, megi koma í veg fyrir, að sprungur í ytra byrðinu stækki. Matsupphæð vegna þessarar aðgerðar er sýnd í töflu.

Ekki hafa matsmenn lagt til neinar sérstakar aðgerðir vegna sprungna í splitthellu undir gluggum. Rétt þykir þó að benda á, að mjög vandaðs frágangs verður að krefjast innan á splitthellu, þar eð hún heldur vart vatni.

Fram hefur komið, að fyllt er að gluggakörmum með múr, en

litlir möguleikar skildir eftir til frekari þéttingar. Matsmenn eru þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að gera fúgur á ný meðfram gluggum og þétta með þan-kítti eða öðru sambærilegu kítti. Matsupphæðir vegna þessarar framkvæmdar eru sýndar í töflu.

Kostnað við að endurbæta frágang við súlur og gaflveggi hafa matsmenn metið, og eru upphæðir sýndar í töflu. Þessar endurbætur eru taldar nauðsynlegar til að koma í veg fyrir vatnsleka.

Í lýsingum á ástandi einstakra húsa kom fram, að utanhússfrágangi er mjög áótavant í flestum þeim húsum, sem fjallað er um í þessu mati. Undanskilið er hús nr. 7. Matsmenn hafa metið kostnað við að lagfæra þessi hús að utan, og er kostnaður sýndur í meðfylgjandi töflu. Nokkur smærri atriði vegna einstakra húsa eru einnig talin upp í þessari sömu töflu.

Í matsbeiðni er álits matsmanna óskað á því, hvort húsin séu í þeim „klassa", er kaupendur máttu ætla skv. fyrirliggjandi upplýsingum í upphafi, sbr. kynningarbækling 1. fl.

Matsmenn hafa miðað lagfæringar á húsunum við, að þau nái þeim gæðum, sem þeir telja, að vænta hefði mátt".

Í töflu, sem fylgir matsgerðinni, eru matsfjárhæðir sundurliðaðar, og er sú sundurliðun á þessa leið varðandi hús stefnanda:

1. Múrhúðun inni, efni kr. 14.000, vinna kr. 54.200.
2. Frágangur á húsþökum, efni kr. 21.300, vinna kr. 7.100.
3. Frágangur á bílskúrsþökum, efni kr. 3.300, vinna kr. 3.400.
4. Pappalögn á bílskúr, efni kr. 13.000, vinna kr. 9.000.
5. Lagnir í jörð utanhúss, efni kr. 18.100, vinna kr. 23.400.
6. Múrviðgerðir og minni lagfæringar, efni kr. 500, vinna kr. 13.300.
7. Þéttingar umhverfis glugga, efni kr. 3.400, vinna kr. 6.200.
8. Frágangur á togbandi, efni kr. 2.600, vinna kr. 2.600.
9. Þéttingar milli þakskeggs og súlu og við bita í gaflveggjum, efni kr. 500, vinna kr. 3.200.
10. Karmar í bílskúra, efni kr. 13.600, vinna kr. 5.400.

Samtals efni kr. 90.300, vinna kr. 127.800, eða samtals kr. 218.100.

Stefndi hefur alfarið mótmælt matsgerðinni og niðurstöðum hennar, bæði í heild og hverjum einstökum matslið.

Fyrsta liðnum, múrhúðun inni, mótmælir stefndi á þeim grundvelli, að honum hafi ekki borið að skila húsinu múrhúðuðu að innan, ávallt hafi verið gert ráð fyrir því, að veggir yrðu klæddir að innan á kostnað kaupanda. Stefnda hafi aðeins borið að skila veggjum „útfúguðum". Í því sambandi geti verið um tvenns

konar fúgun að ræða, annars vegar „gróffúgað“, og hins vegar „fínfúgað“, en við „fínfúgun“ sé annar taxti og hærri.

Stefndi hafi aðeins látið „gróffúga“, enda hafi stefnanda borið að láta hann vita, ef hann ætlaði ekki að klæða veggi að innan, en þá hefði stefndi látið „fínfúga“ veggina. Svonefnd „fínfúgun“ mundi aðeins vera lítið brot þess kostnaðar, sem metinn er af matsmönnum samkvæmt þessum matslið.

Stefndi heldur því einnig fram, að annar liðurinn í matsgerðinni, þ. e. fráganur á húsþökum, sé sér óviðkomandi. Húsið hafi átt að afhendast fokhelt, en hús teljist fokhelt, ef skrokkur sé uppsteyptur eða hlaðinn, þak með klæðningu á komið og plast í gluggum ásamt bráðabirgða útihurðum.

Stefndi telur, að samkvæmt 4. gr. kaupsamnings, sem áður er til vitnað, hafi alls ekki verið um það samið að skila þakinu fullfrágengnu, enda sé þar ekki minnst á þakrennur eða kjöljárn. Ástæðan fyrir því, að húsin hafi verið seld með þakjárni, hafi verið sú, að stefndi versli með þakjárn og hafi átt nægilegar birgðir af þakjárni, þegar umræddur kaupsamningur var gerður.

Þriðja og fjórða lið matsgerðarinnar, frágangur á bílskúrsþökum og pappalögn á bílskúr, er enn fremur alfarið mótmælt af stefnda. Þar sem viðkomandi kaupendur hafi verið komnir í vanskil og málaferlahugleiðingar, um það bil sem ganga átti frá bílskúrsþökum, hafi hann ákveðið að leggja ekki pappa á þökin, en í stað þess fært kr. 23.000 viðkomandi aðiljum til tekna á reikningsuppgjöri, en það sé kostnaðarverð við pappalögn á umræddra bílskúra.

Fimmta liðnum, lagnir í jörð utanhúss, mótmælir stefndi með vísan til 3. gr. kaupsamnings, en þar segir, að öll heimtaugargjöld greiðist af kaupanda.

Sjötta lið matsgerðar, múrviðgerðir og minni lagfæringar, mótmælir stefndi á þeirri forsendu, að þar sé um að ræða vinnu og efni, sem falli undir áframhaldandi framkvæmdir við gerð húsanna, enda hafi þau aðeins átt að vera fokheld við söluna.

Varðandi sjöunda lið matsgerðar, þéttingu umhverfis glugga, þá heldur stefndi því fram, að þar sem húsin hafi verið seld fokheld, þá hafi þau þar með verið seld án glers og án endanlegs frágangs við glugga, enda taki 4. gr. kaupsamnings ekki til gluggaþéttinga, aðeins ísetningar.

Áttunda lið matsgerðar, frágangi á togbandi, mótmælir stefndi, þar sem ekki hafi verið reiknað með slíku af hálfu arkitekts.

Níunda lið matsgerðar, þéttingu milli þakskeggs og súlu og

við bita í gaflveggjum, mótmælir stefndi á þeim grundvelli, að þar sem húsin hafi verið seld fokheld, hafi kaupendur sjálfir átt að sjá um þakeinangrun og utanhússfrágang.

Tíunda lið matsgerðar, karmar í bílskúra, mótmælir stefndi á þeim grundvelli, að 4. gr. kaupsamnings taki aðeins til gluggakarma, og aldrei hafi staðið til, að hurðarkarmar í bílskúra fylgdu.

Í greinargerð sinni sundurliðar stefnandi stefnukröfur þannig:

1. Sértjón samkvæmt matsgerð, kr. 218.100.
2. Hluti í sameiginlegum kostnaði, kr. 1.500.
3. Kostnaður við vatnsvörn, kr. 30.000.
4. Verðrýrnun, kr. 200.000.
5. Hluttaka í matskostnaði, kr. 19.314.

Samtals kr. 468.914.

Fyrsta liðinn í hinni sundurliðuðu kröfugerð byggir stefnandi alfarið á matsgerðinni. Hann heldur því fram, að matsfjárhæðum sé mjög í hóf stillt, og auk þess hafi matsmenn látið ómetið tjón stefnanda af ýmsum vanefndum stefnda á kaupsamningi, sem þó hafi verið beðið um mat á. Stefnandi hafi til dæmis, án samráðs við húseigendur, aðeins sett á húsin einn þakglugga í stað tveggja. Þessi breyting horfi mjög til hins verra og sé bersýnilega þáttur í tjóni stefnanda, þótt ómetinn sé. Þá hafi í matsbeiðni verið óskað mats á því, að hurðir voru ekki settar í útihurðarkarma. Þetta atriði láti matsmenn ómetið á þeim grundvelli, að engin viðurkennd ákvæði séu hérlendis um þetta atriði, en venjulegra sé, að endanlegar útihurðir fylgi ekki fokheldum húsum. Hér sé því til að svara af hálfu stefnanda, að umrædd hús hafi verið seld í því ástandi, að þau hafi átt að vera tilbúin undir málningu. Það hafi ekki átt að múrhúða húsin. Hér sé því um byggingarstig að ræða, sem sé mun lengra á veg komið en fokhelt.

Telur stefnandi því, að rök, sem réttlæst gætu af venju um fokheld hús, eigi alls ekki við um nefnd hús. Hann heldur því fram, að nauðsynlegt hefði verið fyrir seljanda að taka fram í kaupsamningi, ef hurðir í útikarma hefðu ekki átt að fylgja. Úr því að það var ekki gert, beri að skilja það svo, að slíkar hurðir hafi átt að fylgja í kaupunum. Stefnandi krefst þess, að tekið verði tillit til þessara annmarka, sem hann telur vera á matsgerðinni, undir lið 4 í kröfugerð hans, sem fjallar um verðrýrnun.

Annan liðinn í sundurliðun kröfugerðar sinnar byggir stefnandi einnig á mati hinna dómkvöddu matsmanna, en þeir mátu til verðs kostnað við lóðajöfnun sameiginlega fyrir öll húsin á kr. 10.500, ósundurliðað.

Stefnda hafi borið samkvæmt d lið 4. gr. kaupsamnings að greiða kostnað við lóðajöfnun, en það hafi hann ekki gert. Beri honum því að greiða stefnanda 1/7 hluta heildarkostnaðar við lóðajöfnun samkvæmt mati, þ. e. 1/7 hluta af kr. 10.500, eða kr. 1.500.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem ósönnuðum og ósundurliðuðum, þar sem engin skýring sé gefin á því, hversu mikill kostnaður við lóðajöfnun tilheyri hverju einstöku húsi.

Þriðja liðinn í sundurliðun kröfugerðar, kostnað við vatnsvörn, rökstyður stefnandi með því, að eins og háttað var hleðslu og frágangi húss stefnanda, hafi verið nauðsynlegt að kaupa sérstök efni til þess að bera utan á húsið, til þess að nokkurn veginn yrði tryggt, að það héldi vatni. Til þess kostnaðar hefði ekki þurft að koma, ef húsið hefði verið afhent gallalaust að þessu leyti.

Stefndi mótmælir þessum kröfulið með vísan til þess, að í kaupsamningi sé ekki gert ráð fyrir sérstakri vatnsvörn. Vilji stefnandi þétta húsið eitthvað meira en ráð hafi verið gert fyrir í kaupsamningi, svo sem með því að bera sérstök efni utan á húsið, beri honum að greiða kostnað af því sjálfur. Enn fremur telur stefndi, að í fyrsta lið matsgerðar hafi matsmenn fjallað um, hvað athugavert sé við húsið að utan, og metið kostnað við lagfæringar í því sambandi. Stefnandi sé því að krefja tvisvar um bætur fyrir sömu atriði.

Fjórða liðinn í sundurliðun kröfugerðar sinnar styður stefnandi þeim rökum, að þar sem hús hans hafi reynst mjög gallað í byggingu og orðið fyrir þá sök verulega frábrugðið útlits því, sem til stóð, þá rýrni það að mun í verði og sú verðrýrnun verði tvímælalaust varanleg. Húsið missi að verulegu leyti „karakter sinn", eins og stefnandi orðar það. Höfuðeinkenni og meginprýði á þessu húsi hafi átt að vera hleðslan. Með því að hylja hana múrhúðun missi húsið stórlega svip. Húsin hafi öll átt að vera nákvæmlega eins. Búast megi við, að heildarsvipur þeirra raskist mjög, þegar í ljós kemur, að sum húsin verða múrhúðuð, en önnur ef til vill ekki.

Alkunna sé, að hús, sem komast í fréttir vegna framkominna byggingargalla, verði oft verr seljanleg og verðminni til frambúðar.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem röngum og ósönnuðum. Heldur hann því fram, að umrædd hús hafi stórhækkað í verði, frá því þau voru byggð, og eitt af þessum húsum hafi

verið selt nýlega fyrir margfalt verð. Reynslan sýni því, að ekki sé um verðrýrnun að ræða á umræddum húsum, heldur seljist þau á hæsta gangverði miðað við hús af sambærilegri stærð og gerð.

Fimmta liðinn í kröfugerð sinni byggir stefnandi á framlögðum reikningi hinna dómkvöddu matsmanna fyrir matsþóknun. Fjárhæð reikningsins er kr. 135.200, og krefst stefnandi greiðslu á einum sjöunda hluta þeirrar fjárhæðar úr hendi stefnda.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem sér óviðkomandi. Matsgerðin hafi verið óþörf og matið hafi verið framkvæmt, áður en sá tími var liðinn, sem stefnandi hafði til að ljúka verkinu.

Svo sem að framan er rakið, er sýknukrafa stefnda aðallega byggð á því, að bótakröfur stefnanda eigi enga lagastoð. Jafnframt vitnar stefndi sérstaklega til ákvæða 42.–54. gr. laga nr. 39 frá 1922 sýknukröfu sinni til stuðnings.

Til vara byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að hann eigi gagnkröfur á stefnanda, sem nemi hærri fjárhæðum en stefnukröfunni. Eru þær gagnkröfur hafðar uppi til skuldajafnaðar, komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, að stefnda beri að greiða stefnanda fébætur vegna vanefnda á kaupsamningi.

Gagnkröfur sínar byggir stefndi á yfirlitsreikningi, sem hann hefur lagt fram í málinu, svohljóðandi:

„Dags.	Texti	Skuld/Úttekt	Inneign
1971.			
25–06	Innborgun		300.000.00
28–07	Skógarlundur 2	1.370.000.00	
28–07	Gr. með víxlum		250.000.00
09–11	Innheimtukostn. af víxlum + vextir	2.523.00	
1972.			
07–02	Innborgun		260.000.00
07–02	Gr. með skuldabréfi		260.000.00
22–02	Vinna við glugga	3.790.00	
25–05	Húsnæðisstjórnarlán		292.365.00
25–05	Vextir af eftirst. kaupv. frá 7/2	9.000.00	
26–06	Vísitöluh. skv. ákv. í kaups.	137.000.00	
26–06	Kostnaður v/innköllun húsnstl.	3.000.00	
26–06	Leiðr. v/pappalagnar		23.000.00

Dags.	Texti	Skuld/Úttekt	Inneign
12–07	Viðb. 7% hækkun samkv. kaups. .	95.900.00	
12–07	Lántökugj. af skuldabréfi	2.600.00	
31–12	Vextir af skuld frá 25/5–31/12 '72	15.107.00	

31–12–'72. Skuld 253.555.00".

Stefnandi hefur mótmælt gagnkröfum stefnda meðal annars sem röngum og vanreifuðum. Sérstaklega mótmælir hann þeim liðum í reikningsyfirliti stefnda, þar sem krafið er um vísitöluhækkanir samkvæmt ákvæðum kaupsamnings.

Þau mótmæli eru í höfuðdráttum rökstudd sem hér segir:

1. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 71 frá 1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga sé óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga með ákvæðum þess efnis, að greiðslur skuli breytast í hlutfalli við breytingar á vísitölu. Ákvæði 5. gr. kaupsamnings aðiljanna sé því ólögmætt og ógilt, en í 5. gr. kaupsamnings segir:

„Verði um breytingu á verðlagi að ræða, meðan á byggingarframkvæmdum stendur, áskilur seljandi sér rétt til endurskoðunar söluverðsins við afhendingu, og samþykkir kaupandi, að sannaðar hækkanir á vinnu og vörum bætist við söluverðið miðað við það verðlag, sem gildir við undirskrift".

2. Stefndi hafi ráðið byggingarhraða húsanna og haft það algerlega á sínu valdi, hversu langan tíma bygging þeirra tæki. Í útboði hafi verið gert ráð fyrir afhendingu í september til nóvember 1971, eða um hálfu ári áður en raun var á. Húsin hafi þannig orðið lengur í byggingu en til stóð og lofað hafði verið, og til þess hafi ekki legið gildar ástæður. Að þessu leyti hafi stefndi vanefnt samningsskyldur sínar. Á því gæti stefnandi byggt fjárkröfur á hendur stefnda, en ekki hið gagnstæða.

3. Stefndi hafi engin gögn lagt fram um það, hver hækkun hafi orðið á vísitölu á umræddu tímabili, og sé því þessi krafa hans vanreifuð. Því er mótmælt, að vísitöluhækkanir hafi numið 17%, eins og stefndi virðist gera ráð fyrir í reikningsyfirliti.

4. Loks heldur stefnandi því fram, að sú aðferð stefnda að reikna vísitöluhækkanir á allt kaupverð hússins, kr. 1.370.000, fái með engu móti staðist. Bendir hann á, að kaupandi hafi greitt kr. 300.000 upp í kaupverðið, áður en bygging hófst, og auk þess verulegar fjárhæðir á byggingartímanum. Heldur stefnandi því fram, að byggingaráfangar og greiðslur kaupverðs hafi fylgst að, þannig að stefnandi hafi á hverjum tíma verið búinn að greiða að fullu þau verðmæti, sem stefndi hafði lagt í bygginguna.

Stefnandi mótmælir öðrum skuldfærsluliðum á margnefndu reikningsyfirliti, að kaupverði frátöldu, ýmist sem röngum eða órökstuddum.

Álit réttarins.

Dómendur hafa gengið á vettvang, skoðað umrætt hús rækilega, einkum þau atriði, sem bótafjárhæðir matsgerðar byggjast á.

Í fyrsta lið matsgerðar eru metnar bætur að fjárhæð kr. 68.200 vegna múrviðgerða innanhúss.

Í kynningarbæklingi þeim, sem stefndi lét viðsemjendum sínum í té, er frágangi á hleðslu rækilega lýst og áferð á fúgun sýnd á skýringarmyndum. Á teikningum arkitekts af húsinu kemur hleðslumynstur einnig glöggt fram. Með hliðsjón af umræddum kynningarbæklingi, teikningum, sem frammi lágu við söluna, svo og útboðslýsingum stefnda þá mátti stefnandi treysta því, að hleðsla og frágangur veggja yrði svo vandaður, að frekari múrhúðun eða klæðning veggja yrði ónauðsynleg.

Það er skoðun dómenda, að verulega skorti á, að hleðslufrágangur uppfylli umsamdar gæðakröfur, og jafnframt að umræddum frágangi sé mjög ábótavant, að þær úrbætur, sem matsmenn lýsa, verði að teljast óhjákvæmilegar. Af þeim sökum og þar sem matsfjárhæð telst í hóf stillt verður þessi kröfuliður tekinn að fullu til greina.

Í öðrum lið matsgerðar eru metnar bætur að fjárhæð kr. 28.400 vegna frágangs á húsþaki.

Það er skoðun dómenda, að túlka verði kaupsamning þannig með hliðsjón af gerð umræddrs þaks svo og því ákvæði kaupsamnings, að þak skyldi afhendast frágengið, að stefndi hafi átt að skila þakinu með rennu, kjöljárni og kantjárni og að öðru leyti svo sem greinir í matsgerð. Samkvæmt því ber að taka þennan matslið til greina.

Í þriðja lið matsgerðar er metinn á kr. 6.700 kostnaður við frágang á bílskúrsþökum, þ. e. nauðsynlegur frágangur á köntum, til þess að unnt væri að leggja pappa á þakið. Í B lið 4. gr. kaupsamnings segir, að bílskúrsþak skuli afhendast „með 3 pappalögum og frágengnum köntum, óeinangrað".

Með vísan til þess ákvæðis kaupsamnings, að kantar skyldu vera frágengnir, svo og þess, að teikningar bera með sér, að nauðsynlegt var að ganga frá köntum, áður en pappi væri lagður á þakið, sbr. næsta lið hér á eftirr, þá verður þessi matsliður tekinn til greina.

Í fjórða lið matsgerðar er metinn kostnaður við pappalögn á bílskúr að fjárhæð kr. 22.000.

Skylda stefnda til þess að skila bílskúrsþökum pappalögðum byggist á skýrum ákvæðum kaupsamnings. Stefndi hefur viðurkennt þá skyldu, m. a. með því að færa stefnanda til tekna kr. 23.000 vegna pappalagnar, á reikningsuppgjöri því, sem hann lagði fram. Þessi liður verður því tekinn til greina í samræmi við matsgerð.

Í fimmta lið matsgerðar er metinn kostnaður við lagnir í jörð utanhúss að fjárhæð kr. 41.500. Þar er um að ræða lagnir í jörð fyrir þakvatn svo og frágang á öðru varðandi lögn í samræmi við teikningar. Með hliðsjón af því, að stefnandi átti að skila lóð hússins útjafnaðri, sbr. D lið 4. gr. kaupsamnings, þá verður að líta svo á, að stefnda hafi borið að leggja leiðslur fyrir þakvatn frá húsinu, enda verður ekki á það fallist með stefnda, að það ákvæði kaupsamnings, að öll heimtaugargjöld greiðist af kaupanda svo og önnur opinber gjöld frá undirskrift samningsins, leysi stefnda frá þessari skyldu, þar sem um annars konar gjöld er að ræða en kostnað við lagnirnar.

Í sjötta lið matsgerðar er metinn kostnaður við ýmsar minni háttar lagfæringar og múrviðgerðir að fjárhæð kr. 13.800. Eftir ítarlega skoðun á húsinu og samanburð við matsgerð telja dómendur, að þessi liður sé réttmætur, og verður hann því að fullu tekinn til greina.

Í sjöunda lið matsgerðar er fjallað um þéttingar umhverfis glugga og kostnaður við útbætur metinn til verðs á kr. 9.600. Það er álit dómenda, að eins og á stóð, hafi stefnandi ekki getað krafist þess, að stefndi skilaði húsinu með umræddri þéttingu umhverfis glugga. Á hinn bóginn var frágangi á múr við glugga þannig háttað, að þétting hlaut að verða óeðlilega kostnaðarsöm, m. a. nauðsynlegt að brjóta raufar í múrinn meðfram gluggum. Þykir því rétt að taka þennan matslið til greina að ⅓ hluta, eða með kr. 3.200.

Í áttunda lið matsgerðar er metinn kostnaður við að tengja sperruenda saman með togbandi, að fjárhæð kr. 5.200. Dómendur telja þessa framkvæmd nauðsynlega, til þess að frágangur þaks sé forsvaranlegur, m. a. með tilliti til hættu á, að húsið gliðni og sprungur myndist á gaflveggjum.

Rekja verður þennan annmarka á gerð þaksins til sérfræðinga, sem störfuðu í þágu stefnda. Stefnda bar að skila þaki hússins þannig, að burðarþol þess væri fullnægjandi. Stefndi er því bóta-

ábyrgur gagnvart stefnanda vegna þessa byggingargalla, og ber að taka þennan kröfulið til greina að fullu.

Í níunda lið matsgerðar er kostnaður við þéttingu milli þakskeggs og súlu og við bita í gaflveggjum metinn til verðs á kr. 3.700.

Með tilliti til lekahættu teljast þessar úrbætur nauðsynlegar, og verður þessi matsliður tekinn til greina.

Í tíunda lið matsgerðar er metinn kostnaður við karma í bílskúra.

Þegar kaupsamningur er athugaður og borinn saman við teikningar, verður ekki talið, að stefnandi hafi mátt gera ráð fyrir því, að umræddir karmar fylgdu hinu selda. Samkvæmt því verður ekki á þennan matslið fallist.

Eftir þessu verður fyrsti liðurinn í sundurliðun kröfugerðar stefnanda, sértjón samkvæmt matsgerð, tekinn til greina með samtals kr. 189.300.

Undir öðrum lið í sundurliðun kröfugerðar sinnar krefst stefnandi kr. 1.500 sem hluta í sameiginlegum kostnaði, og er sá liður byggður á ellefta lið matsgerðar, en þar er metinn í einu lagi kostnaður við jöfnun lóða við öll húsin sjö á kr. 10.500, og krefst stefnandi $\frac{1}{7}$ hluta þeirrar fjárhæðar.

Í matsgerð segir, að lóðajöfnun hafi verið að mestu lokið. Um þennan matslið var við yfirheyrslu eftirfarandi bókað eftir matsmanninum dr. Ragnari Ingimarssyni:

„Matsmaðurinn er spurður um liðinn „lóðajöfnun", sem er metinn kr. 10.500 fyrir öll húsin. Matsmaðurinn bendir á, að í niðurlagi matsbeiðni sé beðið um sameiginlegt mat á þessu fyrir öll húsin. Því hafi þeir ekki skipt þessu niður á hvert hús, heldur metið sameiginlega fyrir öll húsin. Þetta atriði hefði verið ákaflega erfitt að sundurliða. Sumstaðar hafi verið um að ræða að flytja lítilsháttar af mold af einni lóð á aðra eða jafnvel fleiri lóðir, enda upphæðin tiltölulega lág og matsmenn beðnir að meta þetta í einu lagi".

Þessi matsliður þykir ekki vera nægilega glöggt sundurliðaður, til þess að á hann verði fallist.

Undir þriðja lið í sundurliðun kröfugerðar sinnar krefst stefnandi kr. 30.000 vegna kostnaðar við vatnsvörn.

Rökstuðningur aðilja varðandi þennan lið er áður rakinn.

Örn Kristjánsson, sem keypti húsið nr. 9 við Skógarlund og höfðaði mál á hendur Jóni Loftssyni h/f hliðstætt máli þessu,

skýrði við aðiljayfirheyrslu kröfu sína um greiðslu kostnaðar við vatnsvörn, einnig að fjárhæð kr. 30.000, þannig:

„Samkvæmt hinni prentuðu verklýsingu frá Jóni Loftssyni h.f. hafi útveggir átt að vera með tvöfaldri hleðslu, berandi mátsteini og vatnsverjandi máthellu. Teikning sýni hins vegar, að verulega skorti á, að svo sé, einkum þar sem framhald innveggja nær út á ytra byrði hússins, og ennfremur á hornum. Þar sem mátsteinninn drekki í sig raka allt að 50 cm inn, þá kveðst stefnandi telja, að sérstök vatnsvörn sé nauðsynleg. Hann kveðst hafa borið vandex vatnsvarnarefni utan á alla veggina".

Í máli þessu hafa engin frekari gögn verið færð fram til sönnunar þessum kröfulið. Í matsbeiðni er ekki óskað mats á honum, og matsmenn fjölluðu ekki um hann. Ekki hefur stefnandi lagt fram reikninga, sem sýni raunverulegan kostnað hans vegna vatnsvarnar. Af þessum sökum þykir stefnandi ekki hafa sýnt nægilega fram á réttmæti þessa kröfuliðar, og verður hann því ekki tekinn til greina við úrlausn þessa máls.

Undir fjórða lið í sundurliðun kröfugerðar krefst stefnandi bóta að fjárhæð kr. 200.000 vegna verðrýrnunar á húsi sínu.

Í matsbeiðni segir, áður en talin eru upp einstök atriði, sem mats er óskað á:

„Þá sé jafnframt gerð grein fyrir því, hvort og þá að hve miklu leyti eigi sé unnt að bæta úr göllum, t. d. á hlöðnum veggjum, sem ekki á að múrhúða, og sérstaklega með tilliti til þess sé metin verðrýrnun húsanna".

Svör matsmanna við þessum þætti matsbeiðni eru áður rakin, en ályktun þeirra var þessi:

„Matsmenn hafa miðað lagfæringar sínar á húsunum við, að þau nái þeim gæðum, sem þeir telja, að vænta hefði mátt".

Með tilliti til þess, að þessi skaðabótakrafa stefnanda styðst ekki við mat dómkvaddra manna eða önnur traust sönnunargögn — sé litið svo á, að hún sé höfð uppi sem afsláttarkrafa, þá einnig með tilliti til hlutfallsins milli kaupverðs hússins og markaðsverðs sambærilegra húsa á kaupdegi — þá þykir þessi kröfuliður ekki verða tekinn til greina.

Fimmti liðurinn í sundurliðun kröfugerðar stefnanda er vegna útlagðs matskostnaðar. Rétt þykir að fjalla um þennan lið við ákvörðun málskostnaðar.

Verður þá næst fjallað um þá aðra aðalmálsástæðu, er stefndi byggir sýknukröfu sína á, að framangreindar bótafjárhæðir skuli falla niður með skuldajöfnuði við gagnkröfur hans.

Stefndi hefur tilkynnt, að stefnandi hafi greitt honum kr. 1.362.365 upp í hið umsamda kaupverð, sem var kr. 1.370.000. Sú fjárhæð, kr. 7.635, sem þá vantar á, að innborgun nái kr. 1.370.000, eins og stefndi heldur fram, er lántökukostnaður vegna fyrri hluta húsnæðismálastjórnarláns. Stefndi veitti umræddu láni viðtöku í Veðdeild Landsbankans og hefur lagt fram ljósrit kvittunar veðdeildarinnar, þar sem fram kemur, að umrædd fjárhæð var dregin frá sem kostnaður vegna lántökunnar.

Sé vikið að skuldfærsluliðum á yfirlitsreikningi stefnda, þá eru stærstu liðirnir krafa um vísitöluhækkun að fjárhæð samtals kr. 232.900.

Þegar af þeirri ástæðu, að fallast verður á þau mótmæli stefnanda gegn þessum liðum, sem lúta að útreikningsgrundvelli á þeim (upplýsingar ekki lagðar fram um vísitölubreytingar, hækkun reiknuð á allt kaupverðið), þá verður ekki talið, að nægilegar sönnur hafi verið færðar á þessa kröfuliði, til þess að þeir komist að til skuldajafnaðar í máli þessu.

Aðrir skuldafærsluliðir á yfirlitsreikningi stefnda nema samtals kr. 36.020, þar af nema vaxtaliðir, innheimtukostnaður og lántökugjald samtals kr. 29.230. Síðasttöldu liðirnir eru:

1. „Dags. 9. 11. 1971. Innheimtukostnaður af víxli + vextir kr. 2.523.00“.

Til rökstuðnings þessum lið hefur stefndi lagt fram sérstaka yfirlýsingu, svohljóðandi:

„Skuldafærsla dagsett 9. 11. 1971 er innheimtukostnaður af víxli kr. 125.000.00 pr. 1. 10. 1971 + vextir af víxlum, sem voru lengri heldur en kaupsamningur gerir ráð fyrir.

Vextir af skuldum eru reiknaðir samkv. dags. skuldfærslu“.

Önnur grein kaupsamnings fjallar um greiðslu kaupverðs, og hljóðar B liður hennar svo:

„Við undirskrift samnings kr. 250.000.00 með fimm víxlum pr. 30. hvers mánaðar, í fyrsta skipti pr. 30. ágúst 1971. Hver víxill er kr. 50.000.00 án vaxta, en innheimtu- og stimpilkostnaði banka er bætt við. Dráttarvextir reiknast við greiðsludrátt á venjulegan hátt“.

Stefndi hefur hvorki lagt fram kvittanir fyrir þeim kostnaði og vöxtum, sem honum var heimilt samkvæmt kaupsamningi að krefja stefnanda um, né önnur gögn, sem nægi til þess, að þessi kröfuliður teljist sannaður gegn mótmælum stefnda.

2. „Dags. 25. 5. 1972. Vextir af eftirstöðvum kaupverðs frá 7. 2. kr. 9.000.00“.

Af hálfu stefnda er þessi liður algerlega óskýrður, en helst er svo að sjá, að þarna sé krafist vaxta af kr. 300.000 frá afsalsdegi, 2. júlí 1972, til þess dags, er greiðsla húsnæðismálastjórnarláns var innfærð í bókhald stefnda hinn 25. maí 1972. Ljósrit kvittunar, sem stefndi hefur sjálfur lagt fram, ber með sér, að stefndi veitti húsnæðismálastjórnarláninu viðtöku hinn 4. maí 1972.

C liður 2. gr. kaupsamnings hljóðar svo:

„Við afhendingu, af hálfu seljanda, til úttektar á fyrri hluta láni Húsnæðismálastjórnar, kr. 300.00.00, og um leið með peningum a. m. k. helming eftirstöðva kaupverðsins".

Nærtækast virðist að skýra þetta ákvæði á þann veg, að stefnandi hafi átt að veita stefnda umboð til þess að veita viðtöku fyrri hluta húsnæðismálastjórnarláns, að fjárhæð kr. 300.000, við afhendingu hússins. Þetta gerði stefnandi. Með tilliti til þessa ákvæðis í kaupsamningi svo og þeirrar málflutningsyfirlýsingar stefnanda, sem hefur ekki verið hrakin, að ástæðan fyrir því, hversu seint umrætt lán var veitt, hafi verið sú, að dráttur varð hjá stefnda á byggingu hússins, þá verður þessi liður ekki tekinn til greina.

3. „Dags. 12. 7. 1972. Lántökugjald af skuldabréfi kr. 2.600.00".

Um þennan lið vísar stefndi til framlagðs reiknings síns til stefnanda, dagsetts 12. júlí 1972, en á þeim reikningi hljóðar einn liðurinn svo:

„1% lántökugjald af láni okkar kr. 2.600.00".

Mun þarna átt við handhafaskuldabréf, útgefið af stefnanda hinn 7. febrúar 1972, sem hann notaði til greiðslu á hluta kaupverðs í samræmi við ákvæði kaupsamnings. Ósannað er, að aðiljar hafi samið um, að stefnandi greiddi stefnda sérstakt lántökugjald af skuldabréfinu. Stefndi getur því ekki krafið um slíkt lántökugjald eftir á.

4. „Dags. 31. 12. 1972. Vextir af skuld frá 25. 5.—31. 12. '72, kr. 15.107.00".

Stefndi hefur enga frekari skýringu gefið á þessum kröfulið, en ætla má, að þarna sé um að ræða vexti af skuld stefnanda, eins og hún var færð í bókhaldi stefnda, þ. á m. vexti af bókfærðum hækkunum vegna vísitölubreytinga.

Þar sem það eru úrslit dóms þessa, að þær fjárhæðir, sem þarna er krafist vaxta af, hljóta ekki dómsviðurkenningu, þá fer á sömu leið með kröfu til vaxta af þeim.

Auk þeirra liða, sem að framan er um fjallað, skuldfærir stefndi á reikningsyfirliti sínu stefnanda fyrir kr. 3.000 vegna kostnaðar

vegna innköllunar húsnæðismálastjórnarláns. Á framlögðum reikningi stefnda, dags. 26. júní 1972, er textinn:

„Skuldfært á reikning Alfreðs Óskarssonar, snúningar v/innborgunar Húsnæðisstjórnarláns (útvegun gagna) kr. þrjúþúsund $^{00}/_{100}$".

Eins og viðskiptum aðilja var háttað, verður ekki á það fallist, að þessi kröfuliður geti talist réttmætur.

Á margnefndu reikningsyfirliti er stefnandi loks skuldfærður hinn 22. febrúar fyrir kr. 3.790 vegna vinnu við glugga.

Samkvæmt C lið 4. gr. kaupsamnings bar stefnda að skila húsinu með gluggakörmum í komnum og fúavörðum, án glers. Verður því þessi liður ekki tekinn til greina.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verða gagnkröfur stefnda því teknar til greina með kr. 7.635, en stefnukröfur með kr. 189.300.

Ber stefnda að greiða stefnanda mismun þessara fjárhæða, kr. 181.665, ásamt 7% ársvöxtum frá 19. júní 1972 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 60.000, og er þá tekið tillit til matskostnaðar.

Uppsaga dóms þessa hefur dregist mjög, og er ástæðan sú, að hinir sérfróðu meðdómsmenn töldu sig ekki geta tjáð sig um ákveðna liði matsgerðar, einkum liðina frágangur á bílskúrsþökum og frágangur á húsþökum, fyrr en sérteikningar lægju fyrir varðandi þessi atriði, en þær höfðu ekki verið lagðar fram fyrir dómtöku, og aðiljum gekk treglega að hafa upp á þeim, þegar eftir var leitað.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Júlíusi Sólnes prófessor og Sigurði Oddssyni byggingatæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Loftsson h/f, greiði stefnanda, Alfreð Óskarssyni, kr. 181.665 ásamt 7% ársvöxtum frá 19. júní 1972 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 60.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. nóvember 1975.

Nr. 133/1974. **Jón Bergsteinsson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Ríkissaksóknara og
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Jón Þorsteinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Handtaka. Leit. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 11. júlí 1974. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum 50.000 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1972 til 21. júlí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. ágúst 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en gjafsókn í máli þessu er lögmælt, sbr. 154. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 74/1974.

Stefndi krefst staðfestingar hérðasdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er lýst aðdraganda að því, að lögreglumenn stöðvuðu bifreiðina Y 741, er áfrýjandi var farþegi í hinn 21. júlí 1972, svo og því, með hvaða hætti lögreglumen fluttu hann á lögreglustöð ásamt sjö öðrum ungmennum, sem í bifreiðinni voru. Þar er og lýst vistun hans í fangaklefa og leit á honum. Svo sem greinir í héraðsdómi, höfðu lögreglumenn spurnir af fyrirhuguðu ferðalagi ungmenna í bifreið þessari það kvöld, er atburðir þeir gerðust, sem eru undirrót málssóknarinnar. Samkvæmt heimild lögreglumanna var ætlandi, að meðal farþega væru tveir menn, sem gruðir höfðu verið um misferli með fíkniefni. Var sú vitneskja lögreglumanna kveikja að því, að bifreiðin var stöðvuð í því skyni að leita að fíkniefnum.

Málssókn áfrýjanda er reist á 151., sbr. 150., 154. og 155. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 74/1974. Er kröfugerð á því byggð, að handtaka áfrýjanda, flutningur á honum að óvilja hans á lögreglustöðina í Reykjavík og leit á honum þar svo og leit í bifreiðinni Y 741 við lögreglustöðina hafi verið ólögmæt, svo að baki stefnda bótaskyldu samkvæmt greindum lagaákvæðum. Er ólögmæti aðgerða talið stafa af því einum þræði, að tilefni hafi eigi verið til þeirra, en öðrum þræði hafi skort úrskurð dómara. Þá er því einnig haldið fram, að aðgerðir lögreglu hafi verið framkvæmdar með óþarflega hættulegum, særandi og móðgandi hætti.

Í máli þessu er krafist miskabóta, en eigi bóta fyrir fjártjón.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, veittu ökumaður og nokkrir farþegar í bifreiðinni Y 741 lögreglumönnum mikla mótspyrnu á vettvangi, er þeir hugðust flytja þá með sér til lögreglustöðvar, en þetta átti þó eigi við um áfrýjanda. Leitt er í ljós, að mikil umferð var um vegarsvæði það, sem bifreiðin var stöðvuð á. Þegar af þessum ástæðum var lögreglumönnum rétt að færa alla þá, sem í bifreiðinni voru, á lögreglustöð. Handtakan var heimil samkvæmt 61. gr., 4. tölulið, laga nr. 82/1961, eins og aðstæðum var farið.

Svo sem mál þetta horfði við lögreglumönnum, höfðu þeir fullnægjandi ástæðu til að framkvæma leit á áfrýjanda og öðrum þeim, sem voru í bifreiðinni Y 741, en þar reyndust vera ýmsir þeir, sem sætt höfðu rannsókn vegna misferlis með fíkniefni, skömmu áður en atburðir þessir gerðust. Bar lögreglumönnum að hafa vakandi auga með atferli þeirra, sbr. 34. og 35. gr. laga nr. 82/1961. Það er viðurkennt í málinu, að áfrýjandi þekkti vel til flestra farþeganna. Þá er þess að geta, að við lögregluransókn nokkrum mánuðum áður höfðu tveir af þeim, sem voru farþegar í bifreiðinni Y 741, bendlað áfrýjanda við ólögmætt atferli í sambandi við fíkniefni. Efnum þeim, sem leit beindist að, er auðleynt, og verður að ætla, að nauðsyn hafi borið til skjótrar leitar, eins og hér hagaði til. Þegar þessa er gætt og þess enn fremur, að áfrýjandi kveður eigi afdráttarlaust í aðiljaskýrslu sinni upp úr

um, að hann hafi andmælt leit, þykir eigi verða talið, að það valdi ólögmæti leitar, að lögreglumenn öfluðu eigi dómsúrskurðar, sbr. 54. og 56. gr. laga nr. 82/1961. Áfrýjandi kveðst eigi hafa átt neinar eignir í bifreiðinni Y 741, nema hlut í áfengi því, sem þar var geymt. Hann var hvorki eigandi né umráðamaður bifreiðarinnar. Þegar þessa er gætt, þykir bótakrafa eigi verða byggð á málsástæðu, sem varðar leit í bifreiðinni.

Eigi verður talið, að handtaka áfrýjanda hafi verið framkvæmd með óþarflega hættulegum, særandi eða móðgandi hætti, sbr. 2. tölulið 151. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 74/1974. Áfrýjandi var í hópi fólks, sem lögregluaðgerðir beindust heildstætt gegn. Varð engin ónauðsynleg töf á framkvæmd lögregluaðgerða, sem áfrýjandi sætti.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið greint, verður eigi talið, að lagagrundvöllur sé fyrir bótakröfum áfrýjanda í máli þessu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til, en málinu er eigi áfrýjað, að því er varðar málskostnað og gjafsóknarkostnað. Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Málflutningsþóknun til talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Í máli þessu hafa vitnaskýrslur og aðiljaskýrsla verið tekin á segulbönd, en eigi skráð í þingbók. Lögmenn aðilja samþykktu, að þessi aðferð yrði við höfð, og vefengja þeir eigi efni skýrslnanna. Eru þær lagðar til grundvallar við úrlausn málsins. Um dómskýrslur, sem teknar eru á segulbönd, vísast til athugasemda í dómi Hæstaréttar 8. nóvember 1974.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningsþóknun til talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. maí sl., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 3. desember 1972, af Jóni Bergsteinssyni, Njálsgötu 84, Reykjavík, gegn saksóknara ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta og miskabóta að fjárhæð kr. 50.000 með 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1972 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, þó eigi lægri en samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ og aukatekjulögum, eins og ekki væri um gjafsóknarmál að ræða, en mál þetta er lögbundið gjafsóknarmál samkvæmt 154. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 73/1973.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er gerð krafa um stórfellda lækkun stefnufjárhæðarinnar að mati réttarins og að málskostnaður verði felldur niður.

Sáttir voru árangurslaust reyndar.

Málavextir eru þessir:

Að kveldi föstudagsins 21. júlí 1972 stöðvaði lögreglan bifreiðina Y 741, sem ekið var af Benóný Ægissyni, Borgarholtsbraut 3, Kópavogi, út úr borginni eftir Vesturlandsvegi. Stöðvunin var framkvæmd af lögregluþjónum úr lögreglubifreiðinni R 20012, sem stödd var við Korpu, samkvæmt beiðni frá Þorsteini Jóhannesi Jónssyni, lögregluþjóni nr. 31, sem starfar við ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar, sem sjálfur var staddur í bifreið Þorsteins Steingrímssonar lögregluþjóns, Y 133, við Esso bensínstöð á Vesturlandsvegi. Auk þessa var lögreglubifreiðin R 20010 staðsett við Höfðabakka. Þorsteinn J. Jónsson lögregluþjónn var þarna kominn í þeim beina tilgangi að stöðva bifreiðina Y 741 og athuga, hvort þar væru fíkniefni meðferðis, og verða ástæður hans til þess raktar hér síðar. Stöðvunin fór þannig fram, að um klukkan 2145 var bifreiðinni Y 741, sem er Volkswagen sendiferðabifreið, ekið fram hjá bensínstöðinni og Höfðabakka, og hóf lögreglubifreiðin R 20010 þá eftirför að beiðni Þorsteins, sem einnig hélt af stað á eftir. Talsverð umferð var út úr borginni um þetta leyti, og dró ekki saman með bifreiðunum. Hafði Þorsteinn því talstöðvarsamband við lögreglubifreiðina, sem stödd var við Korpu, og bað um, að Y 741 yrði stöðvuð. Einn lögregluþjónanna gekk út á veginn og gaf merki um stöðvun, en Y 741 var ekið fram hjá, og varð það til þess, að R 20012 var einnig ekið á eftir

Y 741, sem stöðvaði skömmu síðar. Þetta varð til þess, að þegar Benóný Ægisson stöðvaði bifreiðina Y 741 við Korpu vegna stöðvunarmerkja frá R 20012, sem renndi upp að hlið bifreiðarinnar og stöðvaði einnig, kom þar fljótt að hin lögreglubifreiðin, R 20010, og jeppabifreið Þorsteins Steingrímssonar, Y 133, en henni ók Þorsteinn Steingrímsson, og var Þorsteinn Jónsson með honum, og var hasshundurinn Prins einnig með í förum. Má nærri geta, að þetta hafi vakið athygli þeirra, sem leið áttu um veginn, enda er upplýst, að margir urðu til að hægja ferð sína og forvitnast um, hvað á seyði væri. Ökumanni og farþegum bifreiðarinnar Y 741 var skipað að fara út úr bifreiðinni. Tveir farþegar sátu í framsæti við hlið ökumanns, þau Edda Sverrisdóttir, Borgarholtsbraut 3, Kópavogi, og Ágústa Hrönn Axelsdóttir, Sólheimum 23, Reykjavík, en aftur í í bifreiðinni, sem er lokuð sendiferðabifreið, sátu fimm farþegar, þ. e. stefnandi, Þórunn Björnsdóttir, Kleppsvegi 42, Reykjavík, Karl Júlíusson, Vesturgötu 24, Reykjavík, Ólafur Mogensen, Borgarholtsbraut 9, og Leifur Hauksson, Borgarholtsbraut 3, Kópavogi. Fljótlega eftir að fólkið kom út úr bifreiðinni, hófst lögreglan undir stjórn Þorsteins Jónssonar handa um að flytja fólkið á lögreglustöðina við Hverfisgötu, og var því skipað inn í lögreglubílinn. Sumir, þ. á m. stefnandi, hlýddu og settust, þar sem þeim var skipað, en aðrir höfðu uppi andmæli og streittust á móti. Þrjú voru handjárnuð, þ. e. Benóný Ægisson og hjónin Edda Sverrisdóttir og Leifur Hauksson. Flutningurinn fór þannig fram, að Edda Sverrisdóttir, sem mesta mótspyrnu veitti, var sett aftur í í bifreið Benónýs, Y 741, og gætti hennar einn lögregluþjónn, en Þorsteinn J. Jónsson ók. Þórunn Björnsdóttir og Ágústa Hrönn Axelsdóttir voru hafðar aftur í í annarri lögreglubifreiðinni, og gætti þeirra einn lögregluþjónn, en annar ók. Leifur Hauksson, Karl Júlíusson og stefnandi voru keyrðir í hinum lögreglubílnum, og Benóný Ægisson og Ólafur Mogensen voru keyrðir í enn öðrum bíl. Á lögreglustöðinni var framkvæmd leit á fólkinu, og að henni lokinni var fólkið geymt aðskilið í fangaklefum, meðan leit fór fram í bifreiðinni Y 741, nema Þórunn Björnsdóttir, sem geymd var í herbergi inn af afgreiðslu í kvennadeild lögreglustöðvarinnar. Engin fíkniefni fundust, hvorki á fólkinu né í bifreiðinni, en svokölluð hasspípa fannst á Karli Júlíussyni, og var hún tekin í vörslu lögreglunnar. Um miðnættið var öllum hleypt út og þeim tilkynnt, að þau mættu fara. Engar yfirheyrslur fóru fram, og engar skýrslur voru teknar af fólkinu utan það, að skráð voru nöfn þeirra og heimilisföng.

Að þessu loknu fór hópurinn út í bifreið Benónýs og hélt á ný af stað í upphaflega ferð, en það var í sumarbústað á Kjalarnesi, þar sem ætlunin var að eyða helginni. Vínbirgðir voru meðferðis, 5—6 flöskur af léttu víni, en þær voru af hálfu lögreglunnar látnar óáreittar. Öll ungmennin, sem þarna höfðu verið handtekin, komu saman mánudaginn 27. júlí og rituðu bréf með lýsingu á atburðinum og fóru fram á aðstoð lögfróðs manns til að leita réttar síns, þar sem þau töldu sig hafa verið beitt freklegu ranglæti og að þau hafi sætt ómannlegri meðferð. Lögmaður þeirra skrifaði bréf til yfirsakadómarans í Reykjavík, dags. 3. ágúst 1972, og gerði kröfu til, að fram færi „opinber rannsókn á aðdraganda, framkvæmd og ástæðum þessarar handtöku". Rannsókn fór fram í sakadómi Reykjavíkur 25. október s. á., og komu þá til yfirheyrslu Þorsteinn J. Jónsson lögreglumaður, sem stjórnaði aðgerðunum, og auk hans lögreglumennirnir Kristbjörn Guðlaugsson, Magnús Pálsson, Sævar Gunnarsson, Þórður Kristjánsson, Þorsteinn Svanur Steingrímsson, Jón Þór Þorbergsson. Tveir lögreglumenn, sem tekið höfðu þátt í aðgerðunum, voru forfallaðir, þeir Bjarni H. Bjarnason og Jóhann Löve, og voru þeir ekki yfirheyrðir. Málið var sent saksóknara ríkisins til ákvörðunar, og með bréfi, dags. 11. desember s. á., var því lýst, að af ákæruvaldsins hálfu væri eigi efni til frekari aðgerða í máli þessu, þar sem „af ákæruvaldsins hálfu er litið svo á, að greindum lögreglumönnum hafi verið rétt, eins og á stóð, að grípa til þeirrar rannsóknaraðgerða, sem um ræðir í málinu". Áður hafði lögmaður ungmennanna skrifað kröfubréf til fjármálaráðuneytisins, dags. 1. nóvember s. á., og gert bótakröfu vegna ólögmætrar handtöku, leitar á persónu og leitar í bifreið án heimildar, að fjárhæð kr. 50.000, ásamt vöxtum, fyrir hvert hinna átta ungmenna. Kröfunum var synjað af fjárrmálaráðuneytinu, að höfðu samráði við dómsmálaráðuneytið, með bréfi til lögmannsins, dags. 28. nóvember s. á. Lögmaðurinn höfðaði þá mál hér fyrir bæjarþinginu f. h. hvers hinna greindu ungmenna, og voru öll málin samhljóða að kröfugerð og voru þingfest hér 7. desember s. á. Stefndi tók til varna í þeim öllum og gerði samhljóða kröfur, nema í máli Þórunnar Björnsdóttur, þar sem krafist var frávísunar á þeim forsendum, að hún hefði ekki aldurs vegna forræði á sakarefni. Eðli síns vegna var mál hennar fyrst tekið fyrir af undirrituðum dómara, og með dómi, uppkveðnum hér í bæjarþinginu 22. júní 1973, var málinu vísað frá dómi. Síðan voru teknar skýrslur af stefnendum hinna málanna og vitnum, og

hafa skýrslurnar verið lagðar fram í þessu máli, þar sem ákveðið var að taka það fyrst til flutnings, en láta hin bíða á meðan.

Þorsteinn J. Jónsson lögreglumaður gaf skýrslu um atburð þennan til lögreglustjóra, og er skýrsla hans ódagsett, en merkt „kæruskrá nr. 12851/1972". Í skýrslunni kveðst hann hafa farið ásamt Þorsteini Steingrímssyni lögreglumanni í bifreið Þorsteins, Y 133, áleiðis á Vesturlandsveg, þar sem vitneskja hafði borist um það, að á þessum tíma mundu leggja af stað frá Reykjavík í bifreiðinni Y 741 nafngreindir aðiljar, svo sem Benóný Ægisson og Karl Kristinn Júlíusson, auk einhverra fleiri, sem ekki var þá vitað, hverjir væru. Vegna máls, sem ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar hafði unnið að undanfarna daga, hafi för þessi þótt mjög grunsamleg, en öruggar heimildir hafi hermt, að ferðinni væri heitið í sumarbústað á Kjalarnesi, og þar sem nöfn alþekktra fíkniefnaneytenda og dreifenda hafi verið nefnd, auk áðurnefndrar rannsóknar fíkniefnamáls, hafi honum þótt ástæða til að athuga, hverjir væru í bifreiðinni og hvort þau mundu vera með fíkniefni meðferðis. Eftir að bifreiðin hafði verið stöðvuð, hafi komið í ljós, að auk Benónýs ökumanns hafi þarna verið 7 manns, sem hafi haft mikinn farangur meðferðis, og flest fólk, sem hafi komið við sögu vegna fíkniefnamisferla. Því hafi þótt rétt að kanna, hvort það hefði meðferðis fíkniefni, en mikil umferð bifreiða hafi verið um veginn og hafi því ekki þótt rétt að vekja meiri athygli en orðið var, þar sem forvitnir vegfarendur hafi þegar stöðvað bifreiðar sínar, svo að til vandræða hafi horft. Fólkinu hafi verið kynnt ástæðan fyrir aðgerðum lögreglunnar og tilkynnt, að það yrði flutt á lögreglustöðina við Hverfisgötu til frekari athugunar, enda muni það sjálft hafa grunað, hver ástæða hafi verið til slíkra aðgerða. Fólk og bifreið hafi því verið flutt á lögreglustöðina. Þar hafi fólkið verið aðskilið og gerð á því skyndileit og þá hafi fundist í vasa Karls Júlíussonar pípa, slík sem notuð sé við reykingar á hassi. Þetta hafi enn styrkt grun þeirra um, að ef til vill væri fólkið með fíkniefni með sér, en frekari leit, einnig í bifreiðinni, hafi ekki borið árangur og að leit lokinni hafi fólkinu verið leyft að fara. Í lok skýrslu sinnar tók Þorsteinn fram, að sumt af fólkinu hafi ekki viljað fara, hlíta boðum lögreglunnar, þegar bifreiðin var stöðvuð, og hafi orðið að beita það valdi og flytja það þannig á lögreglustöðina.

Við yfirheyrslurnar í sakadómi 25. október 1972 bar Þorsteinn J. Jónsson, að fáum dögum fyrir greindan atburð hafi fíkniefna-

deildinni borist vitneskja um, að ákveðnir aðiljar ættu von á bréfasendingum með fíkniefnum. Deildin hafi þegar haft í höndum nokkur slík bréf og hafi eitt þeirra verið stílað á Karl Júlíusson. Þetta bréf hafi verið opnað og í því hafi verið hass. Deildinni hafi ekki þótt ólíklegt, að Karl hafi fengið meira af hassi, og nokkrum dögum áður hafi Karl fengið keyptar meskalíntöflur. Nafn Benónýs Ægissonar hafi komið fram í yfirheyrslum í fíkniefnadeildinni sem eins þeirra mörgu aðilja, sem taldir hafi verið viðriðnir meðferð fíkniefna. Lögreglunni hafi borist vitneskja um, að Benóný Ægisson og Karl Júlíusson ætluðu að fara úr borginni klukkan 2000 greindan dag og væri förinni heitið í sumarbústað skammt frá Reykjavík. Upplýsingar þessar hafi lögreglan fengið sem trúnaðarmál og hafi Þorsteinn því ekki viljað gefa upplýsingar um heimildarmanninn. Fylgt hafi með, að fíkniefni mundu vera með í ferðinni. Þorsteinn kvaðst hafa verið æðstur þeirra aðilja, er til hafi náðst hjá lögreglunni, þegar upplýsingarnar hafi borist, og hafi því tekið ákvörðun um að sitja fyrir bifreiðinni, þar sem hann hafi ekki náð til yfirmanna lögreglunnar til að ráðgast við þá. Hann hafi þó náð sambandi við Hallvarð Einvarðsson, aðalfulltrúa saksóknara, og hafi skýrt honum frá málavöxtum og hafi Hallvarður ekki latt hann fararinnar. Eftir stöðvunina hafi fólkið verið flutt á nýju lögreglustöðina í lögreglubifreiðum, nema Edda Sverrisdóttir, sem flutt hafi verið í bifreið fólksins, sem hann hafi ekið, og hafi hún verið handjárnuð vegna mótþróa og m. a. hafi hún bitið hann í fingur, svo að hann hafi hlotið sex opin sár eftir hana. Tveir til þrír aðrir hafi einnig veitt mótþróa og hafi þeir og verið handjárnaðir. Þorsteinn hafi lagt ríka áherslu á það við starfsfélaga sína að gæta vel að höndum hinna handteknu, svo að þeir kæmu engu frá sér. Á lögreglustöðinni hafi enginn mótmælt leit eða veitt mótþróa við leitina. Hann hafi sjálfur verið við leitina á karlmönnunum, en kvenfangavörður hafi leitað á stúlkunum. Þá hafi verið leitað í bifreiðinni og hafi hasshundurinn verið við þá leit. Viðbrögð hundsins hafi verið slík, að full ástæða hafi verið til að ætla, að hass væri í bifreiðinni, en ekkert slíkt hafi fundist. Á meðan hafi öll, nema ein stúlkan, verið geymd í fangaklefa, svo að þau hefðu ekkert samband hvert við annað. Ekki hafi verið farið fram á að fá heimild dómara til leitar, enda hafi engin mótmæli við leit verið höfð uppi. Flest af þessu fólki hafi oftsinnis verið til yfirheyrslu hjá lögreglunni vegna gruns um misferli í sambandi við fíkniefni og þrír aðiljanna hafi, áður en þetta skeði,

játað á sig stórfellt misferli í sambandi við meðferð fíkniefna.

Kristbjörn Guðlaugsson, lögregluþjónnnr. 90, bar fyrir sakadómi, að hann myndi ekki, hvort hann hafi heyrt sagt við fólkið, hvers vegna það væri handtekið. Hann bar, að hann hafi verið staddur á lögreglustöðinni, þegar leitað var á fólkinu, en hafi ekki verið við það sjálfur. Hann hafi ekki heyrt, að fólkið bæri fram mótmæli við leit, nema ef til vill stúlkan, sem mótþróann hafi veitt. Hann hafi ekki getað heyrt annað á fólkinu en að því væri kunn ástæðan til handtökunnar.

Magnús Pálsson, lögreglumaður nr. 147, bar fyrir sakadómi, að hann ásamt Sævari Gunnarssyni lögreglumanni hafi verið staddur skammt frá Korpu í öðrum erindagerðum en þeim að handtaka ungmennin. Þá hafi komið kall til þeirra um að stöðva bifreið ungmennanna. Hann hafi þá gengið út á veginn og gefið bifreiðinni bendingu um að stöðva, en hún hafi ekki sinnt því og ekki stöðvað fyrr en nokkru síðar eftir stutta eftirför. Á staðnum hafi hann heyrt miklar orðahnippingar milli fólksins og Þorsteins Jónssonar og Þorsteins Steingrímssonar lögreglumanna, sem hafi haft orð fyrir lögreglumönnunum. Ekki hafi hann heyrt við handtökuna, að fólkinu væri sagt berum orðum frá ástæðunum fyrir handtökunni, en niðri á lögreglustöð síðar hafi hann heyrt, að fólkinu hafi verið sagt frá þeim. Hann kveðst hafa verið við að handjárna einn piltinn, en hann hafi sýnt mótþróa og ekki viljað koma með lögreglumönnunum. Pilturinn hafi látið af mótþróanum, þegar hann hafði verið handjárnaður. Hann kveðst ekki hafa verið við að leita á fólkinu og viti hann því ekki, hvort þau hafi mótmælt slíku.

Sævar Gunnarsson, lögreglumaður nr. 95, bar fyrir sakadómi, að hann hafi ekki heyrt öll orðaskipti lögreglumanna við fólkið og geti því ekki um það borið, hvort fólkinu hafi við handtökuna verið sagt frá ástæðunni til hennar. Hann kveðst hafa heyrt fólkið tala um, að það væri alveg hissa á þessum aðgerðum, en í fangageymslunni hafi hann heyrt einhvern lögreglumann segja við einhvern úr hópnum, að hann hlyti að vita, hvers vegna handtakan hefði farið fram. Hann hafi ekki verið við leit á fólkinu.

Þórður Kristjánsson, lögregluþjónn nr. 112, bar fyrir sakadómi, að hann myndi ekki sérstaklega eftir orðaskiptum við fólkið við handtökuna og geti því ekki um það sagt, hvort því hafi sérstaklega verið sagt frá ástæðunni. Hann hafi verið við að handtaka tvo pilta, sem hafi beitt mótþróa og neitað að koma. Hafi þeir verið handjárnaðir. Á leiðinni til borgarinnar hafi hann setið

hjá stúlku, sem hafi verið handjárnuð, og hafi það verið í bifreið fólksins, sem ekið hafi verið af Þorsteini Jónssyni. Hafi stúlkan mælt fúkyrði í garð lögreglunnar alla leiðina til lögreglustöðvarinnar við Snorrabraut. Hann hafi ekki verið við leit á fólkinu.

Þorsteinn Steingrímsson, lögreglumaður nr. 55, bar fyrir sakadómi, að hann hafi komið að Þorsteini Jónssyni, þar sem hann hafi verið í átökum við Eddu Sverrisdóttur, sem hafi verið alveg tryllt. Þá hafi komið að Leifur maður hennar og spurt að því, hvers vegna væri verið að handtaka þau og hvar handtökuheimildin væri. Hann hafi svarað því, að ekki ætti að handtaka þau, aðeins ætti að fá að leita hjá þeim í bifreiðinni og á þeim sjálfum að fíkniefnum. Leifur hafi þá orðið æfur og neitað allri samvinnu, neitað leit og öðru, sem farið hafi verið fram á við hann. Hafi þá ekki verið um annað að gera en að handtaka fólkið og flytja það á brott. Þegar komið hafi verið á lögreglustöðina við Snorrabraut, hafi verið leitað á fólkinu og í bifreiðinni. Edda og einhver einn piltanna hafi neitað leit, en aðrir hafi ekki haft í frammi mótmæli.

Jón Þór Þorbergsson, lögreglumaður nr. 123, bar fyrir sakadómi, að hann hafi við handtökuna verið að færa einn úr hópnum í lögreglubifreið. Sá hafi spurt, hvers vegna hann væri handtekinn, og hafi hann svarað honum, að það væri vegna gruns um, að hópurinn hefði fíkniefni undir höndum. Ekki hafi hann veitt athygli orðaskiptum, sem hafi átt sér stað milli annarra við handtökuna. Hann minnist þess ekki að hafa heyrt einhvern úr hópnum mótmæla leit, hvorki við handtökuna né síðar. Hins vegar hafi einhverjir úr hópnum veitt mótþróa við handtökuna og hafi einhverjir verið settir í járn.

Þórunn Björnsdóttir hefur hér fyrir dóminum borið, að þegar þau hafi komið út úr bílnum, hafi þeim verið skipað út á vegarkantinn og þau hafi byrjað á því að spyrja, hvað væri að ske, út af hverju þau ættu að yfirgefa bifreiðina, en þá hafi þeim verið vísað, henni og annarri stelpu, Ágústu, í stóran lögreglubíl, sem þarna hafi verið, og þær hafi gegnt því strax. Benóný og Leifur hafi neitað að stíga upp í lögreglubifreiðina, nema að fá forsendur fyrir því, af hverju þeir væru handjárnaðir. Mikil umferð hafi verið þarna út úr bænum, svo að þarna hafi orðið svolítið „kaos". Þar til hún hafi farið inn í bílinn, hafi hún staðið við hliðina á Þorsteini Jónssyni, og hún hafi aldrei heyrt hann segja, að verið væri að leita að fíkniefnum. Sjálf hafi hún spurt þá tvo lögregluþjóna, sem ekið hafi henni niður á stöð, út af hverju

þetta væri, og þeir hafi þá sagt, að hún ætti að vita þetta mætavel sjálf. Það hafi verið eina svarið, sem hún hafi fengið. Þegar þeim hafi verið sleppt frá lögreglustöðinni, hafi þau aftur spurt, út af hverju þetta hefði skeð og að þessi töf hefði verið gerð á þeirra ferðalagi, en þau hafi ekkert svar fengið.

Leifur Hauksson hefur borið hér fyrir dóminum, að bifreiðin hafi verið stöðvuð þannig, að ekið hafi verið upp að henni og síðan hafi komið lögregluþjónn, Þorsteinn Jónsson, að hann minni, og skipað öllum út. Þau hafi öll strax farið út úr bifreiðinni og beðið strax um ástæðu fyrir þessu, en þau hafi ekkert svar fengið við því. Þarna hafi orðið dálítið „kaos" á staðnum og síðan hafi Þorsteinn sagt „það er best, að þið komið með mér niður á stöð". Hann hafi þekkt Þorstein í útliti. Þegar Þorsteinn hafi verið spurður um ástæðuna beint, þá hafi hann sagt, „þið fáið að vita það, þegar þið komið niður eftir", en þau hafi þó aldrei fengið að vita ástæðuna. Þegar þau hafi staldrað aðeins við og sagt, að þau vildu fá þeirra ástæðu fyrir þessari handtöku, þá hafi ekkert verið meira með það, að það hafi verið skipað að setja þau í járn þarna nokkur þeirra, t. d. hann. Hann hafi verið í miðri setningu að ítreka það, að hann vildi fá ástæður fyrir þessu, og þá hafi bara verið gefið merki og þeir hafi tekið hann tveir upp á milli sín. Á lögreglustöðinni hafi verið leitað á þeim og eftir leitina hafi þau verið lokuð inni í klefa og ekkert fengið að vita, ekki nokkurn skapaðan hlut, fyrr en um það bil tveimur klukkutímum síðar, að þá hafi þeim verið hleypt út. Engar nánari skýringar hafi þá verið gefnar á þessu. Leitin hafi farið þannig fram, að hann hafi verið tekinn og færður inn fyrir úr biðsalnum og inn fyrir, þar sem fangelsið sé, og hafi ekki verið harkalegar aðfarir við hann, vegna þess að hann hafi lyft höndum og boðið þeim að leita á sér án orða, en hann hafi ekki verið spurður fyrir fram, hvort þeir mættu leita á honum. Leitin hafi ekki verið nákvæm, það hafi verið leitað á honum eins og hann stóð.

Benóný Ægisson hefur hér fyrir dóminum borið, að hann hafi séð það, þegar hann var að aka upp í Mosfellssveit, að það var lögreglubifreið fyrir aftan hann. Hún hafi ekki gefið stöðvunarmerki, en síðar hafi þeir sett upp ljós, en hann hafi ekki búist við, að þeir væru að elta hann, þannig að hann hafi ekið áfram á umferðarhraða. Þeir hafi verið nokkuð langt fyrir aftan hann. Þegar komið hafi verið að Korpu, hafi hann séð aðra lögreglubifreið og þeir hafi veifað út höndum og þá hafi hann hægt ferðina og stoppað dálítið fyrir framan þá. Ökuhraði hans hafi verið

70 til 80 eða ef til vill 90 km á klst. Út úr jeppabifreið hafi Þorsteinn Jónsson stigið og sagt „takið þið þau og leitið á þeim og járnið þau, það er sjálfsagt þörf á því". Þau hafi strax beðið um forsendur fyrir þessum aðgerðum, en eina svarið, sem hafi fengist, hafi verið, að þau vissu sjálfsagt vel, hvað væri að gerast. Sjálfur hafi hann þekkt vel Þorsteinana báða og hundinn, þannig að ekki hafi þurft vel greindan mann til þess að leggja saman tvo og tvo. Hann hafi spurt, hvort þeir hefðu heimild fyrir þessum aðgerðum, hvort þeir hefðu handtökuheimild eða heimild fyrir því, sem þeir voru að sækjast eftir, og hafi hann ekkert svar fengið við því, en honum hafi verið sagt að afhenda bíllyklana, en því hafi hann neitað. Þá hafi hann verið tekinn og hendurnar á honum snúnar fyrir aftan bak og lyklarnir kreistir úr höndum hans og síðan hafi hann verið járnaður og settur inn í lögreglubílinn. Hann kvaðst ekki hafa veitt mótspyrnu við leitinni og eftir hana hafi hann verið í fangaklefa einn til tvo tíma. Honum hafi fundist skrýtið, að engar skýrslur væru teknar af þeim, hann hafi spurt út í þetta, en honum hafi verið sagt, að þau skyldu bara fara. Hann hafi ekki verið beðinn um að gefa leyfi til leitar í bílnum.

Edda Sverrisdóttir hefur borið hér fyrir dóminum, að hún hafi setið í framsæti í bifreið Benónýs og hún hafi séð lögreglubíl við Korpu og fyrir utan hann hafi lögregluþjónn staðið og veifað. Þá hafi hún litið aftur fyrir og þá hafi hún séð lögreglubíl og að hann hafi verið með rautt ljós. Þau hafi keyrt fram hjá þeim lögreglubíl, sem var staðnæmdur, en stoppað eftir svona 50 m. Þá hafi allt í einu allt orðið krökkt af lögregluþjónum. Mikil umferð hafi verið og stöðugur straumur út úr bænum. Hún hafi þekkt Þorstein, þar sem hún hafi verið nýbúin að sitja inni fyrir fíkniefnamisferli, og hann hafði yfirheyrt hana. Þarna hafi verið ringulreið. Þau hafi viljað fá að vita ástæðuna fyrir því, að hann væri að taka þau út úr bílnum og stöðva þau, og þau vildu fá að sjá pappíra upp á það, en hann hafi sagt, að þau ættu að koma með honum niður á stöð og þar fengju þau að sjá pappíra og slíkt. Þá hafi þau neitað að fara með honum. Hann hafi alltaf sagt „þið vitið vel, hvers vegna við erum að taka ykkur". Hún hafi haft grun um það, vegna þess að Þorsteinn Jónsson vinnur fyrir fíkniefnadeildina, en hann hafi aldrei sagt neitt beint út. Hún hafi verið sett í handjárn, vegna þess að hún hafi neitað að fara með þeim. Hún hefði ekki farið, nema hann hefði sýnt henni pappíra upp á það, að hann hefði leyfi til að taka þau þarna.

Þetta hafi hún sagt við Þorstein, þegar þau hafi lent í smáþrefi saman. Þá hafi hann tekið í höndina á henni, en hún hafi varist og svo hafi hún ekki vitað fyrr en það voru komnir tveir aðrir, og þá hafi verið snúið heiftarlega upp á handleggi hennar aftur fyrir bak og hún hafi verið sett í handjárn. Henni hafi verið hent inn í bílinn og lögreglumaður hafi hálflegið ofan á henni allan tímann, sem keyrt var í bæinn. Þegar hún hafi verið handjárnuð, hafi hún veitt mikinn mótþróa, að lokum hafi hún notað munninn, það hafi verið það eina, sem hún hafi getað gert, vegna þess að hún var bundin. Hún hafi bitið Þorstein Jónsson í fingurinn með mikilli ánægju. Oft hafi hún beðið Þorstein Jónsson um skýringu, en hann hafi bara þvælt tóma vitleysu og enga skýringu gefið. Á lögreglustöðinni hafi ekki verið leitað á henni og ekki hafi verið farið fram á það. Mánudaginn á eftir hafi hún farið á lögreglustöðina og reynt að ræða við Þorstein Jónsson, en það hafi verið útilokað, hann hafi ekki svarað neinum spurningum. Aðspurð sagði Edda einnig, að hún hafi orðið mjög æst við þennan atburð, þegar hún var handtekin, þá hafi hún gert allt, sem hún gat, til að losna, „argað, gargað, bitið, sparkað og klórað".

Ágústa Hrönn Axelsdóttir hefur borið hér fyrir dóminum, að hún hafi setið frammi í bifreiðinni við hliðina á Eddu og að þau hafi heyrt í sírenu á lögreglubíl, þegar þau stoppuðu ekki strax við merki lögreglunnar. Lögreglubifreiðin hafi komið fram fyrir þau og stöðvað þau. Þau hafi beðið um skýringu, en lögregluþjónarnir hafi sagt, að þau ættu að vita, hvað það væri. Þó nokkuð hafi verið um, að bifreiðar, sem leið áttu um, hafi hægt á sér til þess að skoða, hvað um væri að vera. Á leiðinni niður á lögreglustöð hafi hún spurt lögregluþjón, út af hverju þetta væri. Hann hafi sagst ekkert vita. Hún kvaðst aldrei hafa heyrt neinn segja upp yfir hópinn, að það væri verið að leita að fíkniefnum. Á lögreglustöðinni hafi kona leitað á henni og hún hafi ekki mótmælt leitinni. Aðspurð kvaðst Ágústa hafa fengið grun um, að hverju væri verið að leita, þegar konan hafi spurt, hvort Edda væri undir áhrifum einhvers. Aðspurð kvaðst Ágústa hafa verið kölluð fyrir út af fíkniefnamáli, en hún hafi ekki hitt Þorstein út af slíku.

Ólafur Mogensen hefur hér fyrir dóminum borið, að hann hafi heyrt sírenuhljóð, áður en bifreiðin var stöðvuð, og þegar út var komið, hafi hann séð lögreglubíl þvert fyrir framan bifreið þeirra. Þorsteinn Jónsson hafi sagt, að það ætti að leita á þeim, en hann

hafi ekki sagt, að hverju ætti að leita. Hann hafi spurt lögregluna, hver væri ástæðan fyrir þessum aðgerðum. Lögreglan hafi svarað, að þau vissu það. Á lögreglustöðinni hafi hann mótmælt leit, en þá hafi þeir tekið hann með valdi og leitað á honum. Hann hafi verið í um það bil klukkutíma í fangaklefa eftir leitina og síðan hafi þeim verið sagt, að þau mættu fara. Hann hafi séð Þorstein Jónsson, þegar þau fóru. Aðspurður kvaðst Ólafur hafa hlotið dóm fyrir fíkniefnamál, og áður en þessi atburður gerðist hafi hann verið kallaður fyrir rétt út af því máli.

Karl Júlíusson hefur borið hér fyrir dóminum, að hann hafi heyrt sírenuvæl lögreglubifreiðarinnar, áður en bifreið þeirra stöðvaðist. Ekkert hafi verið sagt af hálfu lögreglunnar, hvers vegna þau væru stöðvuð. Á lögreglustöðinni hafi verið leitað á honum og hafi hann leyft það. Hann hafi verið með hasspípu í vasanum og hún hafi fundist. Hann hafi þekkt Þorstein Jónsson, og aðspurður kvaðst hann hafa verið í yfirheyrslum út af fíkniefnamisferli, áður en þetta gerðist. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa haft meðferðis hass til að reykja úr pípu sinni og að honum hafi ekki verið kunnugt um, að einhver annar í bifreið Benónýs hafi haft hass eða önnur fíkniefni meðferðis. Aðspurður hvort hann hafi reykt hass úr pípunni á Íslandi, þ. e. eftir að hann kom frá Kaupmannahöfn, eins og hann hafði lýst, þá svaraði hann: „Ég þori ekki að fara með það, en mér þykir það nú líklegt". Aðspurður sagði Karl, að hann hafi þekkt Þorstein og þess vegna hafi hann náttúrlega grunað, hvers vegna lögreglan hafði stoppað þau og að hverju hún væri að leita.

Þorsteinn Jóhannes Jónsson, lögreglumaður nr. 31, hefur tvívegis komið hér fyrir dóminn, þ. e. 14. september sl. og 24. maí sl. Hann fullyrti, að hann hefði sagt upp yfir hópinn, að stöðvun bifreiðarinnar hafi verið vegna leitar að fíkniefnum. Ekki viti hann, hvort allir hafi heyrt það, en hann hafi einnig sagt það persónulega við Eddu Sverrisdóttur, en hann hafi aðallega átt í höggi við hana, þegar stöðvunin fór fram. Þetta hafi allt gerst mjög snögglega. Edda hafi orðið mjög vond og ráðist á hann og bitið og þeir hafi ekki séð sér annað fært en að færa hana í handjárn, vegna þess hvernig hún hagaði sér. Menn hafi farið að fljúgast á, en hann hafi verið búinn að leggja ríka áherslu á það við þá lögreglumenn, sem með honum hafi verið, að passa hendur fólksins, því að það sé það, sem þeir verði að gera í slíkum málum, þ. e. að fólkið komi ekki frá sér þeim efnum, sem þeir séu að leita að. Því hafi orðið að taka suma með valdi, sem ekki vildu

þýðast lögregluna, þegar hún bað þá að koma með sér. Þegar áflog verði, verði lögreglumennirnir að gæta þess, að fólkið hvorki meiði lögreglumennina né þeir fólkið, og eina leiðin til þess að fljúgast ekki á sé að setja fólkið í járn, svo að það sé viðráðanlegt. Þeir lögreglumennirnir hafi ekki vitað þá, að slíkur fjöldi fólks væri í bílnum. Þeir hafi aðeins vitað um tvo menn, þannig að þetta hafi orðið miklu viðameira en þeir höfðu búist við og því hafi þeir orðið að gera svona mikið. Það ástand hafi skapast vegna fjölda fólksins, að þeir hafi ekki treyst sér til að fara í leit bæði á fólkinu og í bílnum, sem þeir ætluðu að gera, þannig að hann hafi orðið að taka þá ákvörðun að færa allt saman niður á lögreglustöð strax. Það hafi einnig verið vegna hinnar miklu bílaumferðar og að fólk var farið að stöðva bifreiðar og hægja ferðina og sjá, hvað var að gerast, að þeir lögreglumennirnir sáu, að þeir mundu lenda þarna í vandræðum og jafnvel skapa vandræðaástand á veginum. Þegar á lögreglustöðina var komið, hafi hverjum verið gert skiljanlegt, að þeir væru að leita að fíkniefnum og að þeir yrðu að fá leyfi til leitar, sem hafi verið veitt, enginn hafi mótmælt því. Edda hafi farið fram á að sjá heimildir til handtöku, pappíra og slíkt, en henni hafi verið tjáð, að það væri ekki fyrir hendi, þeir væru ekki með neinn úrskurð um það að handtaka hana eða þetta fólk eða framkvæma leit. Lögreglumennirnir hafi haft upplýsingar um, að Benóný og Karl mundu vera í bifreiðinni, en þegar til kom, hafi þeir þekkt fólkið allt og það hafi komið meira og minna við sögu fíkniefnamisferla og þá hafi þá strax grunað, að þarna mundi vera um að ræða fleiri, sem gætu hugsanlega verið með efni. Þorsteinn bar, að hann hefði þekkt þarna alla nema Ágústu Hrönn Axelsdóttur, allt þetta fólk hafði verið við yfirheyrslur, komið við sögu hjá lögreglunni í sambandi við fíkniefnamál. Fíkniefni þau, sem Þorsteinn bjóst við að finna, hafi verið cannabisefni, þ. e. marijuhana og hass, svo og meskalíntöflur. Hann hafi vitað, að meskalíntöflurnar höfðu nýverið verið í umferð, og hafi hann grunað sterklega einn þessara aðilja um að vera með slíkar töflur. Fundur hasspípunnar á Karli Júlíussyni hafi styrkt mjög grun þeirra, að slík efni væru meðferðis. Þorsteinn bar og, að bifreið Benónýs hafi verið ekið með miklum hraða á móts við Dragháls, ekki minna en 100 km á klukkustund. Slíkur hraði hlaut að vekja grun og hefði einn getað leitt til þess að stöðva þurfti bifreiðina. Aðspurður um leitina bar Þorsteinn, að ekki hafi verið farið fram á leyfi til leitar á fólkinu, vegna þess að fólkið hafi leyft leit,

þegar þess hafi verið óskað. Aðspurður um tímann, sem þetta tók, bar Þorsteinn, að að hans mati hafi liðið einn og hálfur til tveir tímar, frá því að fólkið var stöðvað og þangað til það fór burt frá lögreglustöðinni. Einu spurningarnar, sem fram hafi komið hjá fólkinu, þegar það fór, hafi verið, hvort eitthvað hefði fundist. Hann hafi verið þarna nálægt, en hann hafi ekki kvatt hvern einstakan.

Anna Ingvarsdóttir kvenfangavörður bar hér fyrir dóminum, að Þorsteinn Jónsson hafi komið með þrjár stúlkur umrætt kvöld inn á kvennadeild lögreglustöðvarinnar, þar sem hún var þá ein á vakt. Hún hafi kannast við eina stúlknanna, Eddu Sverrisdóttur, en hinar hafði hún aldrei séð. Edda hafði verið þarna í gæslu hjá þeim nokkuð lengi. Hún bar, að hún minntist þess að hafa ekki leitað á Eddu, þar sem hún hafi verið mjög æst. Hinum tveimur hafi hún leitað á, enda hafi þær verið mjög stilltar og leyft leit. Hún hafi ekki spurt þær, hvort hún mætti leita, þar sem hún sé ekki vön því, heldur telji hún, að búið sé að spyrja um slíkt, áður en komið sé með stúlkur upp til þeirra. Vakt hennar hafi lokið á miðnætti og þá hafi hún farið, en í því hafi Þorsteinn verið að koma upp til þess að sækja stúlkurnar og sleppa þeim lausum.

Þorsteinn J. Jónsson bar hér fyrir réttinum 24. maí sl., að 18. júlí 1972, þ. e. þrem dögum áður en atburður þessi gerðist, hafi honum borist vitneskja frá tryggum heimildarmanni, að sala á meskalíntöflum hefði nýverið farið fram af hálfu Jóhanns Páls Valdimarssonar og Karls Júlíussonar. Þeir lögreglumennirnir hafi farið á staðinn og reynt að ná til aðilja, en misst af þeim og þá hafi þeir farið fram á það með aðstoð Ásgeirs Friðjónssonar, aðalfulltrúa lögreglustjóra, að fá húsleitarúrskurð hjá sakadómara til að leita á heimilum Ásgeirs Heiðars Ásgeirssonar, Háaleitisbraut 43, Jóhanns Páls Valdimarssonar, Grenimel 21, Karls Júlíussonar að Vesturgötu 24 og Arnar Ingólfssonar að Öldugötu 54 og verkstæði Karls og Arnar að Vesturgötu 24. Grunur hafi fallið við þetta tækifæri á Benóný Ægisson, þar sem hann hafi rekið leðurverkstæði að Vesturgötu 24 ásamt þeim Karli Júlíussyni og Erni Ingólfssyni. Úrskurðurinn hafi þó ekki verið notaður, þar sem ætlun lögreglumannanna var að reyna að ná til aðilja þessara með efnin á sér, en þeir hafi ekki talið tækifæri til þess, þegar til kom. Aðili sá, sem hafi gefið þeim þessar upplýsingar, hafi verið í stöðugu sambandi við Þorstein á þessum tíma og hann hafi tilkynnt honum, að Karl Júlíus-

son hafi farið úr bænum til þess að athuga húsakynni uppi í sveit og síðan hafi þessi sami aðili hringt í Þorstein að kvöldi hins 21. og tilkynnt um för Karls og Benónýs í bifreið Benónýs. Tveim vikum áður, þ. e. 7. júlí 1972, hafi stefnandi máls þessa ásamt Karli Júlíussyni og Erni Ingólfssyni verið boðaðir til yfirheyrslu vegna bréfa, sem tollgæslan hafði tekið í sínar hendur vegna gruns um, að þau innihéldu hass, sbr. dskj. nr. 12 í máli þessu. Stefnandi hafi komið til yfirheyrslunnar, en hann hafi neitað allri vitneskju um bréf merkt honum og að hafa átt nokkra von á slíku. Hafi stefnandi vísað þessu algerlega frá sér og farið að svo búnu. Nánar aðspurður um leitina á lögreglustöðinni bar Þorsteinn, að ekki sé venja að spyrja, hvort leita megi á þeim, sem þurfi að setja í klefa til geymslu. Í þessu tilfelli hafi þurft að setja hvern og einn í klefa, meðan leitað hafi verið í bílnum, til þess að einangra hvert frá öðru, ef fíkniefni kæmu í leitirnar, eins og svo sterkur grunur lék á. Grunurinn hafi enn styrkst frekar, þegar létta vínið fannst við leitina í bílnum, þar sem honum sé kunnugt um af störfum sínum, að algengt sé að neyta cannabisefna með léttum vínum.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að handtaka sú, sem lögreglan hafi framkvæmt á honum, svo og frelsissvipting og leit á honum og í farangri hans í bifreið hafi verið ólögmæt. Krafa hans byggist beinlínis á 151. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 73/1973, um meðferð opinberra mála, sem fjalli um bætur fyrir handtöku, leit á manni og frelsisskerðingu, enda hafi 1) lögmælt skilyrði algerlega brostið til aðgerða þessara og 2) ekki hafi verið, eins og á stóð, nægilegt tilefni til nefndra aðgerða og þær hafi auk þess verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi og móðgandi hátt. Hópurinn hafi verið stöðvaður án nokkurra skýringa af hálfu lögreglunnar. Þau hafi beðið um skýringu, en enga fengið. Þeim hafi aðeins verið sagt, að þau ættu að vita það. Augljóst sé, að aðgerðir lögreglunnar hafi sjálfar skapað þá ringulreið, sem hafi orðið eftir stöðvunina. Stöðvunin sjálf hafi farið fram á mjög áberandi hátt og hafi dregið athygli manna að þessu mjög fljótlega. Hann og hópurinn hafi verið tekinn á lögreglustöðina og leitað á þeim án heimildar og hann og aðrir geymdir í fangaklefum í eina til tvær klukkustundir og síðan sleppt, alveg án þess að nokkrar skýringar væru gefnar og nokkur skýrsla tekin. Allt þetta hafi verið vegna einhverra sögusagna um einhvers konar fíknilyfjamisferli. Slíkt sé

alls ekki nægjanleg ástæða til aðgerða sem þessara og hafi því handtökuna og leitina brostið lögmælt skilyrði. Jafnvel þótt skilyrði hefðu verið fyrir hendi, hafi handtakan, eins og hún var framkvæmd, verið of formlaus til þess að vera lögleg, þar sem þeim voru ekki gefnar upp neinar ástæður. Ekki hafi heldur verið beðið um leyfi til leitar á þeim og síðan hafi hann og þau í hópnum verið geymd í fangaklefa að nauðsynjalausu. Engin skýrsla hafi verið tekin og sýni það enn formleysi í aðgerðum lögreglunnar, sem geri þær löglausar. Heimildir til handtöku séu undantekningar frá mannréttindaákvæðum og slíkar undantekningar verði að fara varlega með og komi þar til strangrar formkröfur. Lögreglan verði að koma fram með stillingu og ekki gerast offari, til þess að allt fari ekki úr böndum, eins og þarna hafi gerst. Lögreglan hafi þarna tekið mikla áhættu, of mikla, og samkvæmt beinum lagaheimildum 18. kafla laga um meðferð opinberra mála beri ríkisvaldið bótaskyldu í slíkum tilfellum. Stefnandi hafi einu sinni verið kallaður til lögreglunnar vegna bréfs, stílaðs á hann, sem hann hafi ekkert kannast við, og hann ætli ekki að þola slíka meðferð, sem þarna hafi átt sér stað, bótalaust, en það sé ekki bætur fyrir fjárhagslegt tjón, sem hann fari fram á, heldur nokkurs konar uppreisn æru í formi þeirrar bótagreiðslu, sem kafli laganna geri ráð fyrir. Slíkar bætur eigi beinlínis samkvæmt lögunum að vera aðhald fyrir lögreglu að fara eftir reglum í störfum sínum. Hér hafi þeim reglum ekki verið fylgt. Bótakrafan byggist á áðurnefndri 151. gr. laga nr. 73/1973, sbr. 150. gr., sbr. 154. gr. Eðli kröfunnar sé skaðabótakrafa og miskabótakrafa, sbr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og byggist ábyrgð stefnda ríkissjóðs á réttarreglum um ábyrgð hins opinbera á skaðaverkum starfsmanna sinna. Réttur manna til bóta fyrir slíka ólögmæta handtöku, leit og frelsissviptingu sé grundvallarregla allra siðmenntaðra þjóða, enda sé hún tekin upp í samning Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. 5. mgr. 5. gr., sem orðið hafi að lögum hér á landi. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skuli hver sá maður, sem tekinn er höndum, án tafar fá vitneskju á máli, sem hann skilur, um ástæðurnar fyrir handtökunni og um sakir þær, sem hann er borinn. Þessa reglu hafi lögreglumennirnir brotið og að öðru leyti hafi engu skilyrði 61. gr. laga nr. 73/1973 verið fullnægt. Leitin, sem gerð hafi verið á stefnanda, hafi og orðið að byggjast á úrskurði dómara, sbr. 51. gr. laga nr. 73/1973 og 56. gr. sömu laga. Handtakan og leitin hafi ekki leitt neitt refsivert í ljós af

hálfu stefnanda og ekkert mál hafi verið höfðað gegn honum í framhaldi af þessum aðgerðum og sé réttmæti kröfu hans því augljóst.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að nægilegt tilefni hafi verið til framangreindra aðgerða af hálfu lögreglunnar, enda hafi aðgerðir þessar ekki verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi og móðgandi hátt. Handtakan hafi verið heimil samkvæmt 4. tl. 61. gr. laga nr. 73/1973 og heimild til leitarinnar felist í VII. kafla sömu laga, sbr. 55. gr. laganna, sbr. 56. gr. Heimild til geymslu stefnanda í fangaklefanum felist í 63. gr. sömu laga. Eins og fram sé komið í málinu, hafi aðdragandi aðgerðanna verið sá, að Þorsteinn J. Jónsson lögreglumaður, sem starfi við ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar, hafi, rétt áður en þetta gerðist, verið að rannsaka stórfelldar bréfasendingar með hassi frá Kaupmannahöfn. Þar hafi verið bréf merkt stefnanda, Karli Júlíussyni og Erni Ingólfssyni. Fáum dögum síðar hafi lögreglumaðurinn fengið öruggar heimildir frá heimildarmanni, sem aðstoðað hafi lögregluna margsinnis við uppljóstrun fíkniefnamisferla, um kaup Karls Júlíussonar og Arnar Ingólfssonar á meskalíntöflum og hafi sakadómari gefið út húsleitarúrskurð á hendur þeim. Sami heimildarmaður hafi tilkynnt Þorsteini um fyrirhugaða ferð Benónýs Ægissonar upp í Kollafjörð á ákveðnum tíma og í ákveðinni bifreið. Nafn Benónýs hafi oft komið fram í yfirheyrslum í fíkniefnamálum og Benóný hafi rekið leðurverkstæði með þeim Karli og Erni Ingólfssyni að Vesturgötu 24. Þannig hafi leikið sterkur grunur á, að fíkniefni mundu vera meðferðis í umræddri ferð, og rétt hafi því verið að sitja fyrir bifreiðinni og rannsaka hana og farþega. Upplýsingarnar um ferðir bifreiðarinnar hafi reynst réttar. Þegar bifreiðin hafi verið komin upp fyrir Dragháls, hafi hraði hennar verið aukinn mikið, allt upp í á að giska 100 km/klst, og hafi Benóný sagt hér fyrir réttinum, að hraðinn hafi getað verið 90 km/klst. Lögreglubifreiðin, sem fylgdi á eftir, hafi ekki náð að stöðva hana og þegar stöðvunarmerki hafi verið gefið uppi við Korpu, hafi hún heldur ekki stöðvast fyrr en við eftirför. Mikil umferð hafi verið úr bænum og ekki hafi verið unnt að stöðva bifreiðina á minna áberandi hátt. Þegar í ljós hafi komið, hve margir voru með bifreiðinni, hafi verið útilokað vegna fjöldans og hinna forvitnu vegfarenda að framkvæma nauðsynlega leit þarna á staðnum og hafi Þorsteinn því haft um tvennt að velja, að gefast upp og láta fólkið fara eða þá fá það niður á lögreglustöð. Þarna hafi verið um vandasamt verk

að ræða, þar sem gæta hafi þurft að því, að enginn spillti hugsanlegum sakargögnum, en fíkniefnin hass og meskalín séu fyrirferðarlítil. Sumir hafi hlýtt boðum um að fara upp í lögreglubifreið, þar á meðal stefnandi, en aðra hafi þurft að handjárna og taka með valdi. Þorsteinn hafi þekkt þarna alla, nema tvær stúlkur, af störfum sínum í fíkniefnamálum. Ljóst hafi verið, að alla hafi þurft að fara með, þar sem hver og einn gat verið með fíkniefni á sér, og leita varð í farangrinum. Á lögreglustöðinni hafi þurft að geyma fólkið einangrað hvert frá öðru, meðan leitað var í bifreiðinni, til þess að þau gætu ekki borið sig saman eða skotið sakargögnum undan. Leit á þeim hafi þurft að gera, bæði vegna þess að fjarlægja verður alla hættulega muni frá þeim, sem geymdur er í fangaklefa, og leita varð að sakargögnum. Hasspípan í fórum Karls hafi styrkt gruninn og fundur létta vínsins i bifreiðinni svo og látbragð hasshundsins Prins við leitina. Ekkert hafi þó fundist og hafi fólkinu þá verið sleppt jafnskjótt. Allt þetta hafi tekið eins skamman tíma og frekast var unnt, stöðvun bifreiðarinnar hafi farið fram um klukkan 2200 og fólkið hafi verið laust um miðnættið og það hafi verið í fangaklefum, eftir að leit var gerð á því og meðan leitin í bifreiðinni stóð yfir. Þorsteinn hafi tilkynnt upp yfir hópinn eftir stöðvunina, hvers vegna hún væri gerð, og á lögreglustöðinni hafi hverjum og einum verið gert ljóst, að leit væri gerð að fíkniefnum.

Af þessu sé ljóst, að í öllu hafi verið farið eftir reglum laga um meðferð opinberra mála við aðgerðir þessar. Eftir að hafa fengið upplýsingarnar um ferðir bifreiðarinnar um kvöldið, hafi Þorsteinn J. Jónsson árangurslaust reynt að ná til yfirmanna sinna í lögreglunni og hafi hann því sjálfur orðið að taka allar ákvarðair um hvert stig aðgerðanna og heimild til þeirra felist berum orðum í fyrrgreindum greinum laganna. Rétt sé og að geta þess, að fíkniefnabrot séu hér ný af nálinni og séu þau mjög sérstæð. Mjög erfitt sé að koma upp um þau, og slíkt sé nánast heppni, þar sem sakargögnin séu yfirleitt mjög auðfalin vegna smæðar, stundum næstum ósýnileg.

Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum, að verði stefnandi talinn eiga rétt á bótum úr hendi stefnda, beri einungis að dæma miskabætur, þar sem stefnandi hafi ekki orðið fyrir fjárhagslegu tjóni.

Niðurstaða.

Þegar litið er á rannsóknir Þorsteins J. Jónssonar, lögreglumanns í fíkniefnamálum, rétt áður en atburður sá gerðist, er mál

þetta fjallar um og lýst hefur verið, verður að telja, að hann hafi mátt hafa rökstuddan grun um, að fíkniefni gætu verið meðferðis í bifreið Benónýs Ægissonar, sem hann fékk upplýsingar um, og honum hafi því verið rétt og skylt að hefja af sjálfsdáðum rannsókn málsins og gera ráðstafanir til að afla sakargagna og gæta þess, að þau spilltust ekki, sbr. 35. gr. laga nr. 73/1973. Honum og lögreglumönnum undir hans stjórn var því rétt að stöðva bifreiðina, og verður ekki talið, að það hafi, eins og á stóð, verið gert á hættulegan, særandi eða móðgandi hátt. Samkvæmt 55. gr., sbr. 56. gr. laganna var lögreglumönnunum rétt að leita á farþegum bifreiðarinnar og í bifreiðinni og farangri, sbr. 48. gr., sbr. 51. gr. laganna. Í ljós kom við stöðvunina, að í bifreiðinni voru átta manns, og þar sem lögreglumennirnir voru níu talsins, verður að telja, að eins og á stóð, hafi leit á staðnum verið óframkvæmanleg og rétt hafi því verið að flytja fólkið á lögreglustöðina. Hér verður og að hafa í huga, að þeir, sem voru í bifreiðinni auk Benónýs og Karls, voru þekktir af Þorsteini J. Jónssyni vegna rannsókna hans í fíkniefnamálum: Edda Sverrisdóttir hafði nýverið setið inni fyrir fíkniefnamisferli, Leifur Hauksson, eiginmaður hennar, hafði játað á sig fíkniefnamisferli, sbr. dskj. nr. 31. Á því skjali svo og dskj. nr. 30 bera Leifur Hauksson og Edda Sverrisdóttir, að stefnandi hafi komið með cannabis og hass til þeirra, og nýlega hafði Þorsteinn kallað stefnanda fyrir vegna bréfs, merkt honum, og grunað var, að innihéldi hass. Ólafur Mogensen hafði nýverið verið í yfirheyrslum í fíkniefnamáli, sem lauk með dómi á hendur honum. Auk þessara voru tvær stúlkur í bifreiðinni, sem ekki voru þekktar. Verður því að telja, að hinn rökstuddi grunur um, að fíkniefni væru meðferðis, hafi þarna ekki nauðsynlega átt að hverfa. Handtakan var því lögleg samkvæmt 4. tl. 61. gr. laganna. Stefnandi mótmælti ekki handtökunni né leit. Samkvæmt 63. gr. laganna var heimilt að geyma stefnanda og félaga hans einangraða hverja frá öðrum, meðan leit á hinum og í bifreiðinni fór fram. Stefnandi sat að hans eigin áliti í fangelsi í hálftíma til klukkutíma. Ekki er upplýst í málinu, að farþegunum hafi við stöðvunina verið kynnt ástæða stöðvunarinnar og að hverju ætti að leita. Ekki verður þó talið, að það hafi skapað ringulreið, heldur er í ljós leitt, að þrjú úr hópnum veittu mótspyrnu, þegar þau fengu ekki að sjá handtöku- eða leitarheimild, sem lögreglunni samkvæmt ofansögðu var ekki nauðsyn á að hafa. Telja verður í ljós leitt, að fólkinu hafi verið kynnt ástæðan fyrir stöðvuninni og

leitinni, þegar á lögreglustöðina var komið, og verður það ekki talið of seint, eins og á stóð. Ekki verður talið, að stefnanda hafi verið haldið föngnum lengur en nauðsyn krafði. Heimilt var að láta stefnanda lausan, án þess að hann væri yfirheyrður um sakargiftir, enda hafði verið skráð nafn hans, fæðingardagur og heimilisfang.

Samkvæmt þessu verður ekki talið, að bótakrafa stefnanda hafi stoð í 151. gr., sbr. 150. gr. laga nr. 81/1962, nú laga nr. 73/1973, og verður aðalkrafa stefnda um sýknu af öllum kröfum stefnanda því tekin til greina.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 73/1973 ber að dæma ríkissjóð til að greiða málssóknarkostnað stefnanda, þar með talin laun lögmanns stefnanda, kr. 25.000.

Garðar Gíslason, aðalfulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, saksóknari ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Bergsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Málssóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun lögmanns stefnanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.

Fimmtudaginn 20. nóvember 1975.

Nr. 141/1974. **Bæjarstjórinn á Ísafirði**
vegna hafnarsjóðs Ísafjarðar
(Árni Guðjónsson hrl.)
gegn
Hraðfrystihúsinu Norðurtanga h/f
(Hjörtur Torfason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Lögtak. Vörugjald. Vítur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Ól. Þórðarson, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. ágúst 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá stefnda til tryggingar 26.643 krónum auk 1½% dráttarvaxta á mánuði frá 1. júlí 1973 til greiðsludags og kostnaðar við lögtaksgerð og uppboð, ef til kemur. Til vara krefst áfrýjandi þess, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá stefnda til tryggingar 14.693 krónum auk 1½% dráttarvaxta á mánuði frá 1. júlí 1973 til greiðsludags og kostnaðar við lögtaksgerð og uppboð. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar. Þá krefst hann þess, að varakröfu áfrýjanda verði vísað frá Hæstarétti svo og að felldar verði niður vítur, sem í héraðsdómi eru lagðar á umboðsmann stefnda í héraði. Loks krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Kröfur sínar hér fyrir dómi hefur áfrýjandi einskorðað við vörugjald af þeim sjávarafla, sem stefndi tók á móti í aprílmánuði 1973. Telur hann, að heildarverðmæti þess afla

hafi numið alls 15.062.584 krónum. Vörugjald af því verðmæti nemi 150.625 krónum. Stefndi hafi staðið skil á 123.982 krónum. Í aðalkröfu áfrýjanda er krafist lögtaks til tryggingar eftirstöðvunum, að fjárhæð 26.643 krónur, og er þá miðað við allan þann afla, er stefndi veitti viðtöku á framangreindu tímabili. Varakrafan lýtur hins vegar að vörugjaldi vegna afla, sem stefndi tók á móti af eigin skipum í apríl 1973.

I.

Í 1. tl. 12. gr. hafnalaga nr. 48/1967 er veitt heimild til að leggja hafnargjöld á sjávarafla, sem lagður er á land á hafnarsvæði. Eru gjöld þessi lögtakskræf samkvæmt 2. málsgr. 12. gr. sömu laga. Með 39. gr. hafnarreglugerðar fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 39/1973 er heimilað að leggja 1% vörugjald á heildarverðmæti sjávarafla, sem lagður er á land til vinnslu eða brottflutnings, en ákvæði þetta sækir lagastoð í 1. málsgr. 12. gr., sbr. 25. gr. hafnalaga. Með 39. gr. reglugerðar nr. 39/1973 er mælt svo fyrir, að kaupandi sjávarafla innheimti „gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess". Eigi verður talið, að 2. málsgr. 12. gr. hafnalaga nr. 48/1967 veiti heimild til lögtaks hjá kaupanda sjávarafla til tryggingar vörugjalds þess, sem stefna ber að innheimta og standa áfrýjanda skil á vegna móttöku afla frá skipum, er stefndi á eigi. Samkvæmt þessu ber að staðfesta þá niðurstöðu fógeta, að synjað sé lögtaks fyrir greindum hluta af vörugjöldum, en aðiljar eru sammála um, að þau nemi 11.950 krónum (26.643 ÷ 14.693 krónur).

II.

Með varakröfu áfrýjanda er krafist lögtaks hjá stefnda til tryggingar hafnargjöldum vegna afla, sem skip hans tvö lögðu upp í Ísafjarðarhöfn í apríl 1973 hjá fiskvinnslustöð stefnda. Þessi hluti kröfu áfrýjanda var að vísu eigi sérgreindur né studdur sérstökum rökum í héraði, en kröfu þessa þykir þó mega hafa uppi í Hæstarétti, eins og á stendur, enda duldist stefnda eigi, að lögtakskrafan um vörugjöld

tók m. a. til þessara skipa. Lögtaksheimild 2. málsgr. 12. gr. hafnalaga tekur til greiðslu þessara vörugjalda.

Stefndi vefengir í máli þessu, að heimilt sé við ákvörðun á „heildarverðmæti sjávarafla“ samkvæmt nefndri 39. gr. reglugerðar nr. 39/1973 að telja með gjald það, er greiða skal af afla til Stofnfjársjóðs fiskiskipa samkvæmt lögum nr. 58/1968, sbr. lög nr. 79/1968.

Í 2. gr. laga nr. 79/1968 segir svo: „Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða gjald til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, er nemi 10% fiskverðs, eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins“. Gjald þetta er lagt á reikning þess fiskiskips, sem aflað hefur hráefnisins, svo sem fyrir er mælt í 4. gr. laga nr. 58/1968, sbr. 5. gr. laga nr. 79/1968. Í lögum nr. 58/1968 er kveðið á um ráðstöfun á fé þessu úr Stofnfjársjóði fiskiskipa til hagsbóta fyrir eiganda þess skips, sem lagði afla á land. Ákvæði 39. gr. reglugerðar nr. 39/1973 bindur framangreinda gjaldskyldu við „heildarverðmæti sjávarafla“. Hefur það ákvæði næga stoð í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 48/1967. Verður að skýra það orðalag svo, að það taki í skiptum aðilja máls þessa m. a. til greiðslna, er fiskkaupandi innir af hendi til Stofnfjársjóðs fiskiskipa við kaup á sjávarafla. Haggar það ekki niðurstöðunni, þótt fé þetta sé að nokkru leyti bundið og sé ráðstafað með sérstökum, lögmæltum hætti. Samkvæmt því ber að fallast á þá kröfu áfrýjanda, að lögtak verði framkvæmt fyrir þeim hluta af lögtakskröfu, er stafar af greiðslu stefnda á framangreindu gjaldi til Stofnfjársjóðs fiskiskipa.

Svo sem greinir í úrskurði fógeta, telur stefndi, að sér beri innheimtuþóknun af vörugjaldi því, sem hér er um að ræða. Telur hann þá þóknun hæfilega ákveðna 10%.

Stefndi verður að hlíta því samkvæmt 1. tl. 12. gr. hafnalaga nr. 48/1967, sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 39/1973, að innheimta vörugjald, sem um er fjallað í málinu, og standa skil á því til áfrýjanda. Felst hvorki í greindum ákvæðum né öðrum réttarreglum heimild til að veita stefnda rétt til inn-

heimtuþóknunar af vörugjaldi, sem hann innheimtir eða geldur sjálfur.

Samkvæmt reikningsgerð, er við nýtur í málinu, hefur stefndi þegar goldið þann hluta vörugjalds, sem stafar af afla eigin skipa, að undanskildu 1) vörugjaldi (1%) af þeim hluta af heildarverðmæti aflans (10%), sem rót á að rekja til greiðsluframlags til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, og 2) fjárhæð vegna frádráttar stefnda á fé (10%), er hann taldi sér bera sem innheimtuþóknun. Eru aðiljar sammála um, að þessar fjárhæðir nemi samtals 14.693 krónum. Stefndi heldur því eigi fram, að fjárskil hans við áfrýjanda feli í sér greiðslu á þessum fjárhæðum.

Með vísan til framanskráðs ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá stefnda til tryggingar 14.693 krónum ásamt 9% ársvöxtum frá 1. júlí 1973 til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til tryggingar kostnaði við lögtaksgerð og uppboð, ef til kemur.

Áfrýjandi var hvarflandi í kröfugerð sinni í héraði og gerði eigi skýra tölulega grein fyrir henni. Með hliðsjón af því og sakarefninu að öðru leyti þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Eigi verður séð, að umboðsmaður stefnda í héraði beri starfsmanni áfrýjanda á brýn valdníðslu í greinargerð sinni. Hins vegar er þar kveðið of sterkt að orði, og er það aðfinnsluvert.

Það athugast, að fógeti bókaði eigi skilríklega kröfur aðilja í þinghaldi, þegar munnlegur málflutningur fór fram.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá stefnda, Hraðfrystihúsinu Norðurtanga h/f, til tryggingar 14.693 krónum auk 9% ársvaxta frá 1. júlí 1973 til 15. júlí 1974 og 13% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og að

auki til tryggingar kostnaði við lögtaksgerð og eftirfarandi uppboð.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og Björns Sveinbjörnssonar.

Aðalkröfu sína hér fyrir dómi hefur áfrýjandi einskorðað við vörugjald af þeim sjávarafla, sem stefndi tók á móti í aprílmánuði 1973. Telur hann, að heildarverðmæti þess afla hafi numið alls 15.062.584 krónum. Vörugjald af því verðmæti nemi 150.625 krónum. Stefndi hafi staðið skil á 123.982 krónum. Í máli þessu er krafið um eftirstöðvarnar, 26.643 krónur. Fjárhæð þessi hefur eigi sætt tölulegum andmælum.

Í 1. tl. 1. mgr. 12. gr. hafnalaga nr. 48/1967 er veitt heimild til að leggja vörugjald á innfluttar og útfluttar vörur, þar á meðal sjávarafla, sem lagður er á land á hafnarsvæði. Gjöld þessi eru lögtakskræf samkvæmt 2. mgr. 12. gr. sömu laga. Samkvæmt ákvæðum 39. gr. hafnarreglugerðar fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 39/1973 er heimilt að leggja 1% vörugjald á heildarverðmæti sjávarafla, sem lagður er á land til vinnslu eða brottflutnings. Þá segir í reglugerðarákvæði þessu: „Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess". Er innheimturegla þessi í samræmi við hina almennu innheimtureglu vörugjalda í upphafsákvæði 1. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt upphafsákvæðum 47. gr. reglugerðarinnar eru öll vörugjöld lögtakskræf. Reglugerðarákvæði þessi hafa lagastoð í ákvæðum 1. og 2. mgr. 12. gr. og 25. gr. laga nr. 48/1967, sbr. og 3. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1885.

Móttakandi vöru, sem greiða á af vörugjald, skal því inna gjaldið af hendi til hafnarsjóðs án tillits til þess, hver er eigandi vörunnar. Þá þykir mega skýra ákvæði 2. mgr. 12. gr. laga nr. 48/1967 og 47. gr. reglugerðar nr. 39/1973 svo, að heimilt sé að gera lögtak hjá móttakanda vöru til tryggingar

vörugjaldi, sem hann hefur eigi gert skil á. Samkvæmt þessu er heimilt að gera lögtak hjá stefnda til heimtu vörugjalda þeirra, sem honum ber réttilega að greiða.

Við erum samþykkir rökum meiri hluta dómenda fyrir því, að telja skuli gjald til Stofnfjársjóðs fiskiskipa með heildarverðmæti afla, þegar vörugjald er ákveðið, og að stefnda beri eigi innheimtuþóknun af vörugjaldinu.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma hið umbeðna lögtak til tryggingar hinum umkröfðu fjárhæðum, þó þannig, að vextir ákveðast 9% frá 1. júlí 1973 til 15. júlí 1974 og 13% frá þeim degi til greiðsludags.

Við erum samþykkir niðurstöðu meiri hluta dómenda um málskostnað og athugasemdir varðandi málið.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma lögtak hjá stefnda, Hraðfrystihúsinu Norðurtanga h/f, til tryggingar 26.643 krónum með 9% ársvöxtum frá 1. júlí 1973 til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og öllum kostnaði við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Ísafjarðar 1. mars 1974.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 18. janúar sl., hófst með lögtaksbeiðni gerðarbeiðanda 11. desember 1973 hjá gerðarþola til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 80.542.

Gerðarþoli mótmælti framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og fór þá fram gagnasöfnun, og var málið tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi.

Gerir gerðarbeiðandi þær kröfur, að úrskurðað verði, að hin umbeðna gerð nái fram að ganga og gerðarþola verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt taxta LMFÍ.

Gerðarþoli gerir þær kröfur, að hin umbeðna gerð nái ekki fram að ganga og gerðarbeiðanda verði úrskurðað að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að með reglugerð fyrir Ísafjarðarhöfn nr. 39/1973 var gjaldskrá fyrir viðlegu í höfninni breytt. Var í reglugerðinni ákveðið vörugjald, sem nemur, að því er varðar sjávarafla, 1% af heildarverðmæti aflans samkvæmt 5. fl. 39. gr. nefndrar reglugerðar.

Gerðarbeiðandi hafði bréflegt samband við gerðarþola 14. maí 1973 og fór þess á leit, að gerðarþoli skilaði skýrslum um keyptan afla. Eftir nokkrar bréfaskriftir af beggja hálfu, og þegar eyðublöð höfðu verið afhent gerðarþola, fyllti hann þau út og sendi gerðarbeiðanda. Með skýrslunum sendi gerðarþoli greiðslu og bréf, rskj. nr. 4 og 5. Í bréfunum kvaðst gerðarþoli hafa dregið frá heildarvörugjöldum 10% í innheimtulaun sér til handa, eins og segir í bréfinu, „eins og greitt er til annarra aðila, sem annast innheimtu vörugjalda fyrir hafnarsjóð Ísafjarðar".

Gerðarbeiðandi svaraði bréfum gerðarþola með bréfi, dags. 10. október 1973, rskj. nr. 6, og sagði, að gerðarþoli hefði engan rétt til innheimtuþóknunar og bæri honum því að standa skil á þeirri fjárhæð, sem hann hefði tekið sem innheimtulaun. Enn fremur tók gerðarbeiðandi fram, að vörugjald ætti einnig að reiknast af 10% framlagi gerðarþola til Stofnfjársjóðs fiskiskipa.

Þessu bréfi svaraði svo gerðarþoli með bréfi, dags. 16. október 1973, rskj. nr. 7, og ítrekar rétt sinn til þóknunar fyrir innheimtuna og kvað álagningu vörugjalds á 10% framlag í Stofnfjársjóð fiskiskipa á misskilningi byggða.

Þessu svaraði gerðarbeiðandi með bréfi, dags. 24. október 1973, og ítrekaði þá fyrri yfirlýsingar sínar.

Landssamband íslenskra útvegsmanna óskaði þá úrskurðar samgönguráðherra um það atriði, hvort reikna skyldi vörugjald af 10% framlaginu til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, og var úrskurður ráðuneytisins kveðinn upp 8. janúar 1974, rskj. nr. 13. Var niðurstaða samgönguráðuneytisins sú, að greiða ætti vörugjald af framangreindu framlagi.

Eins og fram hefur komið, eru kröfur gerðarbeiðanda þannig til komnar, að kröfufjárhæðin, kr. 80.542, er 1% vörugjald af 10% framlagi til Stofnfjársjóðs fiskiskipa og innheimtulaun 10%, sem gerðarþoli hefur reiknað sér af heildarvörugjöldum.

Gerðarbeiðandi styður kröfugerð sína með skýrum ákvæðum 39. gr., 5. fl., reglugerð nr. 39/1973, sem sett er með stoð í lögum nr. 48/1967. Heildarverðmæti aflans sé það verð, sem fyrir hann er greitt án tillits til þess, hvort greiðsla heiti framlag til Stofnfjársjóðs fiskiskipa eða eitthvað annað. Stofnfjársjóður fiskiskipa sé til

þess stofnaður að veita eigendum fiskiskipa aðstoð við að standa straum af stofnkostnaði fiskiskipa, og þá fyrst og fremst með því að greiða afborganir og vexti af lánum þeim, sem þeim hefur verið veitt af Fiskveiðasjóði og tryggð með veði í skipinu, sbr. 2. gr. laga nr. 79 31. desember 1968, sbr. 2. gr. laga nr. 58 1. maí 1968. Það leiki því enginn vafi á því, að umrætt gjald renni til útgerðarinnar og sé því hluti af heildarverðmæti aflans. Varðandi þann hluta kröfufjárhæðarinnar, sem byggist á 10% innheimtuþóknun gerðarþola, heldur gerðarbeiðandi því fram, að engin heimild sé til handa gerðarþola til slíkrar þóknunar. Atvinnurekendum beri samkvæmt lögum að standa skil á hinum ýmsu opinberu gjöldum án þóknunar. Nægi hér að benda á, að innheimta atvinnurekenda á opinberum gjöldum starfsmanna sinna samkvæmt 46. gr. laga nr. 68/1971, sbr. reglugerð nr. 245/1963, 103. gr., er unnin, án þess að nein greiðsla komi fyrir. Innheimtu söluskatts annist og seljendur vöru og þjónustu kauplaust. Þó svo að samningar hafi einhvern tíma verið gerðir við aðra aðilja um 10% innheimtuþóknun, þá hafi um þá þóknun verið samið, þegar útreikningur gjaldanna var miklu flóknari en nú er, auk þess að um miklu lægri fjárhæð var að ræða en nú er. Samningur þessi, sem gerður er við þriðja aðilja, geti heldur ekki haft gildi milli aðilja þessa máls.

Gerðarþola sé skylt að innheimta gjöldin hjá viðskiptamönnum sínum og standa skil á þeim óskertum til gerðarbeiðanda. Séu gjöldin lögtakskræf hjá gerðarþola samkvæmt reglugerð nr. 39/1973, 39. gr., 5. fl., sbr. 47. gr., sbr. lög nr. 48/1967, 12. gr., 2. mgr., og 25. gr. sömu laga.

Gerðarþoli byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að ekki sé heimilt lögum samkvæmt að gera lögtak hjá sér fyrir gjaldi, sem lagt sé á aðra aðilja, þ. e. í þessu tilviki viðskiptamenn gerðarþola. Reglugerðarákvæði 39. gr., 5. fl., sbr. 47. gr. reglugerðar nr. 39/1973, sem kveður á um lögtak hjá fiskkaupendum fyrir vörugjöldum, álögðum á fiskseljendur, eigi sér ekki stoð í lögum.

Gerðarþoli heldur því fram, að 10% gjald það, sem fiskkaupendum sé gert að greiða til Stofnfjársjóðs fiskiskipa og greitt af fiskverði, eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins, geti ekki verið gjaldstofn til vörugjalda til hafnarsjóðs. Hér sé um sérstakt gjald að ræða, sem greitt er af fiskkaupendum til fjármögnunar ákveðins sjóðs, og sé alveg fráleitt, að það geti orðið gjaldstofn til ákvörðunar annarra gjalda. Fiskkaupendum sé gert að greiða ýmis önnur gjöld til fjármögnunar á

öðrum sjóðum. Munurinn sé aðeins sá, að í þeim tilvikum er miðað við verð vörunnar fullunninar, en hér sé miðað við verð óunninar vöru.

Kröfu sína til 10% innheimtuþóknunar styður gerðarþoli þeim rökum, að ekki séu til nein lög, sem skyldi sig til að innheimta gjöldin án þóknunar. Þess vegna sé það samningsatriði milli sín og gerðarbeiðanda, hvort gerðarþoli innheimti gjöldin eða ekki, og þá að sjálfsögðu gegn hæfilegri þóknun. Gerðarþoli bendir á, að með hafnarsjóði og skipaafgreiðslum á Ísafirði sé í gildi samningur um innheimtu gjaldanna gegn 10% þóknun og sé það alls ekki opinberum aðiljum heimilt að mismuna svo borgurunum, að sumir fái greidd innheimtulaun en aðrir ekki.

Niðurstaða.

Gerðarbeiðandi hefur krafist þess, að fram fari hjá gerðarþola lögtak fyrir vörugjöldum, sem lögð hafa verið á viðskiptamenn gerðarþola. Það er upplýst í málinu, að gerðarþoli hefur ekki innheimt gjöld þau, sem gerðarbeiðandi krefst lögtaks fyrir. Mismunurinn á þeim gjöldum, sem gerðarþoli hefur innheimt og staðið skil á, og þeim gjöldum, sem gerðarbeiðandi hefur lagt á viðskiptamenn gerðarþola, kr. 80.542, stafar annars vegar af því, að gerðarbeiðandi leggur gjöldin á hærri stofn en gerðarþoli, og hins vegar af 10% innheimtulaunum, sem gerðarþoli hefur reiknað sér til handa. Í greinargerð lækkaði gerðarbeiðandi lögtakskröfuna niður í kr. 66.546 auk 1½% dráttarvaxta á mánuði af kr. 33.344 frá 1. júlí 1973 til 30. september 1973 og 1½% dráttarvaxta af kr. 66.546 frá 1. október 1973 til greiðsludags.

Eins og fram hefur komið, eru umrædd gjöld lögð á viðskiptamenn gerðarþola, en ekki hann sjálfan. Það verður að telja, að til þess að innheimta megi opinber gjöld hjá öðrum en gjaldanda þeirra, þurfi skýlausa lagaheimild. Samkvæmt 12. gr., 2. mgr., laga nr. 48/1967 má taka hafnargjöld lögtaki. Ekki er unnt að skýra þessa lagagrein rýmra en svo, að hér sé átt við, að taka megi lögtak hjá gjaldandanum sjálfum.

Í reglugerð nr. 39/1973, 39. gr., 5. fl., sbr. 47. gr., 5. mgr., má taka hafnargjöld gjaldanda lögtaki hjá þriðja aðilja. Í 25. gr. laga nr. 48/1967 er talið upp, hvað setja skuli m. a. í reglugerð, og er þar ekki kveðið á um, að setja megi í reglugerð lögtaksheimild hjá þriðja aðilja. Reglugerðarákvæði 39. gr., 5. fl., sbr. 47. gr. reglugerðar nr. 39/1973 hafa því ekki stoð í lögum, að því er varðar lögtaksrétt hjá öðrum en gjaldanda vörugjalda, og verð-

ur þegar af þeirri ástæðu að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Um ágreiningsatriði varðandi álögur á 10% framlag í Stofnfjársjóð fiskiskipa verður ekki úrskurðað í þessu máli þegar af þeirri ástæðu, að gerðarþoli er ekki réttur aðili þessa máls.

Í máli þessu er einungis tekið til meðferðar, hvort gerðin fari fram eða ekki, og þar sem dómarinn hefur komist að þeirri niðurstöðu, að gerðin fari ekki fram, geta aðiljar málsins ekki fengið úrskurð fógetaréttar um önnur ágreiningsmál sín í milli, eins og hvort gerðarþola sé heimilt að taka 10% innheimtuþóknun fyrir störf sín í þágu gerðarbeiðanda.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Það athugast, að umboðsmaður gerðarþola hefur haft í frammi óþinglegt orðbragð í greinargerð sinni. Er þar dróttað að starfsmanni bæjarins valdníðslu og embættishroka. Enn fremur er því dróttað að bæjaryfirvöldum, að þau hafi gert í því að koma útgerð á Ísafirði á kné. Orðbragð af þessu tagi á ekki heima í málflutningi fyrir íslenskum dómstól, og ber að víta þessi ummæli umboðsmanns gerðarþola.

Úrskurðarorð:

Hin umbeðna gerð nær eigi fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 21. nóvember 1975.

Nr. 163/1975. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóhanni Jóhannssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Einar Arnalds.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 17. nóvember 1975, sem barst Hæstarétti 18. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. nóvember 1975.

Ár 1975, mánudaginn 17. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 24. júní sl. var stolið rafmagnsritvél úr Tryggingastofnun ríkisins. Hinn 13. eða 14. október sl. var vél þessi seld Guðmundi Arasyni, forstjóra í þvottahúsinu Fönn, Langholtsvegi 113 hér í borg. Sá, sem seldi Guðmundi vélina, var Jóhann Jóhannsson, Eskihlíð 8 hér í borg. Guðmundur kvað Jóhann hafa selt sér tvær slíkar rafmagnsritvélar. Auk hinnar fyrrnefndu hefði hann keypt af honum rafmagnsritvél í mars sl.

Þá kærði Guðmundur Arason Jóhann fyrir að hafa stolið umslagi með rúmlega kr. 130.000 í af skrifborði sínu, þegar hann var þar staddur þann 13. eða 14. október sl.

Jóhann Jóhannsson neitaði að hafa stolið ritvélinni úr Tryggingastofnun ríkisins og umslaginu með peningunum. Kvaðst hann

hafa keypt báðar ritvélarnar eftir auglýsingu í dagblaði og ekki muna, af hverjum hann keypti.

Jóhann var hinn 29. október sl. úrskurðaður í 20 daga gæsluvarðhald, á meðan rannsókn málsins færi fram, og rennur sá tími út í dag.

Við rannsókn málsins hefur komið í ljós, að vél sú, er Jóhann seldi Guðmundi Arasyni í marsmánuði, hefur verið stolið úr Verslunarskóla Íslands.

Við húsleit heima hjá Jóhanni fannst þriðja ritvélin, ferðaritvél af gerðinni Olivetti, og kvaðst Jóhann hafa keypt hana í fornverslun á Grettisgötu. Í ljós hefur komið, að vél þessari var stolið í innbroti, sem framið var í Gagnfræðaskóla Austurbæjar hinn 17. október 1973.

Að minnsta kosti tveir tékkar úr fyrrgreindu umslagi, sem stolið var í þvottahúsinu Fönn, eru komnir fram með fölsuðu framsali. Er framsal á annan þeirra vélritað með ritvél með sams konar stafagerð og er á Olivetti ritvélinni, sem fannst heima hjá Jóhanni Jóhannssyni.

Rannsókn máls þessa er ekki nærri lokið ennþá.

Virðist nauðsynlegt að kanna allar auglýsingar um ritvélar til sölu í dagblöðum borgarinnar. Þá þykir nauðsynlegt, að rithandarsérfræðingur athugi framsalið á umræddum tékkum og beri saman við rithönd Jóhanns auk þess sem kanna þarf, ef hægt er, framburð hans um ferðaritvélina.

Með vísan til framanritaðs svo og 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir nauðsynlegt að framlengja gæsluvarðhald Jóhanns Jóhannssonar, svo ljúka megi rannsókninni, en 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 þykir ekki vera gæsluvarðhaldi þessu til fyrirstöðu, þar sem brot þau, er Jóhann er grunaður um, varða við XXVI. kafla almennra hegningarlaga og geta varðað hann fangelsisrefsingu.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhaldsvist Jóhanns Jóhannssonar framlengist um 20 daga frá 17. nóvember 1975.

Þriðjudaginn 25. nóvember 1975.

Nr. 105/1974. **Jóhann Marel Jónasson**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Sigurði M. Helgasyni skiptaráðanda f. h. þrotabús Jóhanns Marels Jónassonar
(Benedikt Blöndal hrl.)
Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni vegna sjálfs síns og Cuper A/G
(Jón N. Sigurðsson hrl.)
Sveini Hauki Valdimarssyni hæstaréttarlögmanni og
Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Úrskurður um gjaldþrotaskipti. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. maí 1974. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og stefndu dæmt að greiða sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Sigurður M. Helgason skiptaráðandi f. h. þrotabús Jóhanns Marels Jónassonar krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Jón N. Sigurðsson f. h. Cuper A/G krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar, en krefst sýknu sjálfum sér til handa.

Stefndi Sveinn Haukur Valdimarsson krefst sýknu.

Stefndi Ágúst Fjeldsted krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með bréfi 23. október 1973 fór Ágúst Fjeldsted hæstaréttar-

lögmaður þess á leit við skiptaráðandann í Reykjavík, að bú áfrýjanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta á ábyrgð umbjóðanda hans, Joe Rose & Sons Ltd. Beiðninni fylgdi m. a. endurrit dómssáttar, gerðrar á bæjarþingi Reykjavíkur 11. maí 1973 milli nefnds Joe Rose & Sons Ltd. og áfrýjanda.

Með bréfi 25. október 1973 beiddist Sveinn Haukur Valdimarsson hæstaréttarlögmaður þess, að bú áfrýjanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta vegna nánar greindrar kröfu samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur í máli nr. 1007/1973 milli Björns Pálssonar og áfrýjanda. Þess er þó getanda, að önnur gögn máls benda til þess, að fjárnámsheimildin hafi í raun réttri verið dómssátt í greindu bæjarþingsmáli, en eigi dómur. Gjaldþrotaskiptabeiðninni fylgdi endurrit árangurslausrar fjárnámsgerðar.

Gjaldþrotaskiptabeiðnirnar voru teknar fyrir í skiptarétti Reykjavíkur 9. nóvember 1973, en þá var málinu frestað til 11. janúar 1974. Þann dag var málinu enn frestað til 15. febrúar s. á. og síðan til 15. mars s. á.

Með bréfi 15. febrúar 1974 fór Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður f. h. Cuper A/G þess á leit, að bú áfrýjanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Þeirri beiðni fylgdi endurrit dóms bæjarþings Reykjavíkur 23. janúar 1974 í máli skiptaráðanda á hendur m. a. áfrýjanda og endurrit úr fógetabók um fyrirtöku fjárnámsbeiðni til fullnustu þeim dómi. Var gjaldþrotaskiptabeiðni þessi lögð fram í þinghaldi 15. mars 1974. Þann dag var málinu enn frestað til 22. s. m. Enn var málinu frestað til 5. apríl 1974 og síðan til 9. s. m., en þann dag fór fram munnlegur málflutningur um gjaldþrotaskiptabeiðnirnar.

Kröfu sína fyrir Hæstarétti um, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, byggir áfrýjandi eingöngu á því, að í honum séu gjaldþrotaskiptabeiðendur eigi réttilega nafngreindir. Verði helst af úrskurðinum ráðið, að framangreindir hæstaréttarlögmenn hafi í eigin nafni beiðst gjaldþrotaskipta á búi áfrýjanda. Umbjóðendur þeirra, sem þó séu hinir eiginlegu skiptabeiðendur, séu hins vegar ekki nafngreindir í úrskurðinum. Sé úrskurðurinn gallaður að formi, sbr. 2. mgr.

190. gr. og 193. gr., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936, og beri því að fella hann úr gildi.

Allir framangreindir hæstaréttarlögmenn kröfðust gjaldþrotaskipta á búi áfrýjanda fyrir hönd nafngreindra umbjóðenda sinna, svo sem fyrr var greint. Sést þetta á gjaldþrotaskiptabeiðnunum sjálfum og öðrum gögnum máls. Áfrýjandi gat því eigi gengið þess dulinn, að hæstaréttarlögmennirnir kröfðust eigi gjaldþrotaskiptanna í eigin nafni, heldur vegna áður nefndra umbjóðenda sinna. Hann hefur þó hvorki áfrýjað málinu gagnvart skiptabeiðendunum Joe Rose & Sons Ltd. né Birni Pálssyni. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti, og haggar það ekki þeirri niðurstöðu, að áfrýjandi hefur stefnt hæstaréttarlögmönnunum Ágúst Fjeldsted og Sveini Hauki Valdimarssyni fyrir Hæstarétt.

Rétt er, að áfrýjandi greiði 20.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti til stefnda Sigurðar M. Helgasonar skiptaráðanda f. h. þrotabús Jóhanns Marels Jónassonar og 10.000 krónur til stefnda Ágústs Fjeldsteds hæstaréttarlögmanns, en aðrir stefndu hafa ekki gert málskostnaðarkröfu.

Aðfinnsluvert er, að í hinum áfrýjaða úrskurði eru skiptabeiðendur eigi nafngreindir á þann hátt, sem rétt hefði verið samkvæmt 2. mgr. 190. og 193. gr., sbr. 223. gr., laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Jóhann Marel Jónasson, greiði stefnda Sigurði M. Helgasyni skiptaráðanda f. h. þrotabús Jóhanns Marels Jónassonar 20.000 krónur og stefnda Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni 10.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 19. apríl 1974.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 9. þ. m. að lokinni venjulegri gagnasöfnun og munnlegum málflutningi, er til komið með þeim hætti, er nú skal greina:

Samkvæmt beiðnum frá Sveini Hauki Valdimarssyni hæstaréttarlögmanni, dags. 25. október 1973, og Hákoni Árnasyni hæstaréttarlögmanni f. h. Ágústs Fjeldsteds hæstaréttarlögmanns var gjaldþrotamál á hendur varnaraðilja þingfest 9. nóvember 1973. Mætt var af hálfu allra aðilja, en frestur tekinn í málinu eftir ósk gerðarþola. Með bréfi, dags. 15. febrúar 1974, krafðist Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður þess, að bú varnaraðilja yrði tekið til gjaldþrotaskipta, og var það þingfest og sameinað fyrri málunum, þegar þau komu í dóm 15. mars sl. Með samkomulagi mættra aðilja var málinu enn frestað eftir ósk varnaraðilja til föstudagsins 22. mars sl. Þegar það kom í dóm þann dag, var því frestað vegna forfalla skiptaráðanda, sem haft hafði málið, og nú til 5. apríl. Í réttarhaldinu 5. apríl lagði lögmaður fram greinargerð gerðarþola, sbr. dskj. nr. 8, og verður nánar vikið að efni hennar hér á eftir. Var nú veittur frestur í málinu til munnlegs málflutnings, og fór hann fram þriðjudaginn 9. þ. m. að framfarinni árangurslausri sáttaumleitan.

Í 1. gr. gjaldþrotaskiptalaganna nr. 25/1929 segir: „Bú einstaklings, firma eða félags er skylt að taka til gjaldþrotaskipta. ... Eftir kröfu lánardrottins, ef hann sannar með árangurslausri aðför eða löghaldsgerð, eða með játningu skuldunauts, að bú hans hrökkvi ekki fyrir skuldum". Er úrlausn þessa máls fólgin í því að leysa úr spurningunni um, hvort skilyrði þessa lagaákvæðis sé fullnægt af hálfu skiptabeiðenda, og verður nú í því skyni vikið nánar að málsástæðum og gögnum aðilja.

Eins og sést af því, sem að framan greinir, kom Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður sem skiptabeiðandi inn í málið á eftir tveimur hinna gerðarbeiðendanna, en hann hefur haft frumkvæði um munnlegan flutning málsins sem sóknaraðili og lagt málið í úrskurð. Við réttarhaldið 5. apríl var Hákon Árnason hæstaréttarlögmaður mættur og lýsti þá yfir, að hann vildi samþykkja 3ja vikna frest í málinu sem seinasta frest. Við munnlegan flutning málsins var Hákon einnig mættur, en tók ekki til flutnings málsins. Enginn hinna þriggja gerðarbeiðenda hafa afturkallað skiptabeiðnir sínar.

Sóknaraðili Jón N. Sigurðsson hefur í sínum málflutningi eink-

um skírskotað til gjaldþrotabeiðni sinnar á dskj. nr. 6 og dómsgerða í fjárnámsgerð á dskj. nr. 7. Í beiðninni óskar hann eftir, að bú varnaraðilja verði tekið til gjaldþrotaskipta og að fjárnámskröfur umbjóðanda hans verði honum greiddar af eigum búsins ásamt vöxtum og kostnaði. Jafnframt vísar hann til bæði sinnar fjárnámsgerðar, sbr. dskj. 7 frá 23. janúar sl., og fjárnáms hinna gerðarbeiðendanna, sem raunar er sú sama, frá 4. október 1973, sem allar hafi reynst árangurslausar, þar sem ekki hafi verið bent á eignir, sem hægt væri að taka fjárnámi. Samkvæmt því væri ekki aðeins heimilt, heldur og skylt, að taka bú gerðarþola til gjaldþrotaskipta. Áður en frekar verður fjallað um málsástæður aðilja, skal vikið nokkuð að fjárnámsgerð sóknaraðilja Jóns N. Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Fjárnámskrafan nemur svissneskum frönkum 76.045.00 ásamt vöxtum og kostnaði, sbr. dskj. nr. 7. Við gerðina mætti varnaraðili þessa máls ásamt lögmanni, og kvaðst hann ekki geta greitt, en lagði fram reikning á gerðarbeiðanda, samtals að fjárhæð svissneskir frankar 174.488.25. Sérstaklega var bent á, að gerðarþoli ætti mjólkurísvélar í tollvörugeymslunni á Akureyri, sem kostað hafi samtals svissneska franka 17.060.00. Gerðarþoli hafi greitt vélar þessar með víxlum, sem eru innifaldir í fjárnámskröfunni, en gerðarþoli hafði gert kröfu um riftun á kaupum þessum við gerðarbeiðanda. Aðrar eignir en kröfur þessar á gerðarbeiðanda kvaðst gerðarþoli ekki eiga. Lögmaður gerðarbeiðanda mótmælti kröfu þessari á umbjóðanda hans eða að hún gæti verið andlag fjárnáms. Jafnframt hefur hann mótmælt því, að nokkur riftun þeirra kaupa, sem fjárnámskrafan sé sprottin af, hafi farið fram af hálfu gerðarþola. Í lok bókunar fógeta segir: „Gerðinni, sem var að nokkru árangurslaus, lokið". Ekki verður séð af bókuninni, að fjárnám hafi verið gert í neinu. Við fjárnámsgerðina lagði gerðarbeiðandi, sóknaraðili í máli þessu, fram dóm í bæjarþingsmálinu nr. 5608/1973: Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður f. h. Cuper A/G gegn Jómarco — Jómar & Co. h/f og Jóhanni Marel Jónassyni, þar sem varnaraðiljar eru in solidum dæmdir til að greiða sóknaraðilja svissneska franka 76.045.00 ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði.

Undir rekstri þessa máls hefur lögmaður varnaraðilja lagt fram ljósrit af bréfi til utanríkisráðuneytisins með áritaðri móttökukvittun, þar sem þess er óskað, að ráðuneytið sjái um, að hjálögð stefna á hr. Hans Umiker f. h. Cuper A/G Maschinenfabrik, 4147 Aesch, Kirchgasse, Basel, Switzerland, verði löglega birt. Í stefnu

þessari, sem er til sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 19. apríl 1974, gerir varnaraðili í máli þessu kröfu samtals að fjárhæð svissneskir frankar 174.488.25, eða sömu fjárhæð og framangreindur reikningur nam. Sóknaraðili hefur mótmælt kröfum varnaraðilja í greindri stefnu, eins og áður greinir. Þó lýsti hann því yfir við munnlega málflutninginn, að til greina kæmi, að hann vildi taka til baka 4 vélar í tollvörugeymslunni á Akureyri að fjárhæð svissneskir frankar 17.060.00. Þá kveður sóknaraðili ólíklegt, að varnaraðili eigi háar kröfur á skjólstæðing hans, þar sem hann hafi ekki látið þær koma fram fyrr en raun er á og að hann hafi ekki tilkynnt skjólstæðingi hans um galla á mótteknum vörum í tæka tíð.

Lögmaður varnaraðilja kveður framangreinda stefnu hafa verið birta 15. mars sl. og verði málið þingfest 19. apríl 1974, eins og í stefnu greinir. Í andmælum sínum gegn kröfu sóknaraðilja skírskotar hann til þess, að hann eigi kröfu upp á háar fjárhæðir hjá gerðarþola og sé rétt að ganga út frá því, að krafan sé góð og gild, þar til annað verði dæmt í málinu. Hann kvað hafa verið minnst á kröfu þessa við fjárnámið, en þegar henni hafi verið mótmælt, hafi verið tæplega grundvöllur til að benda á hana sem eign, þar sem ekki hafi verið búið að stefna í málinu. Varnaraðili telur, að fresta beri gjaldþrotamálinu um óákveðinn tíma, eða meðan fjallað sé um framangreinda kröfu fyrir dómstólunum. Loks hefur lögmaður varnaraðilja mótmælt því, að ekki hafi verið tilkynnt um galla á hinum keyptu vörum frá gerðarbeiðanda, það sé fjöldi bréfa til vitnis um hið gagnstæða.

Varnaraðili telur sig eiga vel fyrir skuldum svo fremi sem Cuper A/G Maschinenfabrik eigi fyrir skuldum. Loks bendir varnaraðili á, að óeðlilegt sé, að gjaldþrotabeiðandi, þ. e. sóknaraðili, fái framgengt þeirri kröfu sinni að gera hann gjaldþrota og svifta hann þar með rétti yfir búi sínu, því með því öðlist hann íhlutunarrétt um það, hvort varnaraðili geti náð rétti sínum.

Samkvæmt stefnunni er krafan vegna andvirðis óseljanlegra véla og gallaðra og endursendra til seljanda, flutningskostnaður fyrir slíkar vélar, tapaður hagnaður og umboðslaun, vegna ferðakostnaðar, vegna andvirðis varahluta í vélar, sem skjólstæðingur sóknaraðilja hafi borið ábyrgð á, og svo frv. og loks skaðabætur vegna eyðileggingar á erlendum lánaviðskiptum, og nema kröfurnar alls svissneskum frönkum 174.488.25, eins og áður segir. Er í stefnunni nákvæm sundurliðun á kröfunni og ítarleg greinargerð fyrir henni. Ekki er þó ástæða til í þessu máli að rekja efni

stefnunnar frekar, þar sem það mál heyrir ekki undir þennan dómstól og ekki lagt þannig fyrir.

Verður nú aftur vikið að því, hvort gerðarbeiðendur hafi fullnægt ákvæðum framan tilvitnaðrar greinar gjaldþrotaskiptalaganna til að fá kröfur sínar teknar til greina um gjaldþrotaskipti hjá varnaraðilja.

Samkvæmt endurritum fógetagerða samkvæmt dskj. nr. 2 og 5, sem raunar er sama gerðin, var kona varnaraðilja mætt við gerðina og gat ekki vísað á eignir til fjárnáms, og reyndist gerðin því árangurslaus. Verður þá athugað um þýðingu fjárnámsgerðarinnar, sem sóknaraðili Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður lét fara fram 23. janúar sl. og rakið er að framan. Við gerð þessa bendir varnaraðili á vélar, sem munu vera 4, í tollvörugeymslunni á Akureyri að kostnaðarverði svissneskir frankar 17.060.00, en jafnframt kemur fram, að hann krefjist riftunar á kaupum vélanna vegna galla á þeim, og má því ætla, að þær séu lítils virði, enda ekki vitað til, að fjárnám hafi verið gert í þeim. Ekki verður því annað sagt en að fjárnámsgerð þessi hafi einnig verið árangurslaus. Samkvæmt því verður að fallast á það með sóknaraðilja, að fullnægt sé ákvæðum áðurnefndrar lagagreinar til að skylt sé að taka bú varnaraðilja til gjaldþrotaskipta. Þar sem þessum skilyrðum þykir þannig fullnægt, þykir ekki vera efni til að fresta málinu um óákveðinn tíma eða meðan framangreint sjó- og verslunardómsmál er óútkljáð fyrir dómstólunum. Verður krafa sóknaraðilja því tekin til greina.

Sigurður M. Helgason borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Bú Jóhanns Marels Jónassonar, Hverfisgötu 28, Reykjavík, fædds 30. júní 1926, nafnnr. 4979-3080, er tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar.

Þriðjudaginn 25. nóvember 1975.

Nr. 106/1974. **Jómarco — Jómar og Co h/f**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Sigurði M. Helgasyni skiptaráðanda f. h. þrotabús Jómarco — Jómar og Co h/f Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Benedikt Blöndal hrl.)
Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni vegna sjálfs sín og Cuper A/G
(Jón N. Sigurðsson hrl.)
Sveini Hauki Valdimarssyni hæstaréttarlögmanni og
Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmanni
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Úrskurður um gjaldþrotaskipti. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. maí 1974. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og stefndu dæmt að greiða sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Sigurður M. Helgason skiptaráðandi f. h. þrotabús Jómarco — Jómar og Co h/f og Gjaldheimtan í Reykjavík krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Jón N. Sigurðsson f. h. Cuper A/G krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar, en krefst sýknu sjálfum sér til handa.

Stefndi Sveinn Haukur Valdimarsson krefst sýknu af kröfum áfrýjanda.

Stefndi Benedikt Blöndal krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með bréfi 23. október 1973 fór Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður þess á leit við skiptaráðandann í Reykjavík, að bú áfrýjanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta á ábyrgð umbjóðanda hans, Herberts Marinóssonar. Beiðninni fylgdi m. a. endurrit fjárnámsgerðar, er fram fór hjá áfrýjanda 22. maí 1973 að kröfu Herberts Marinóssonar. Var hún árituð um, að hin fjárnumdu verðmæti hefðu verið seld á nauðungaruppboði 4. júlí 1973, án þess að nokkuð kæmi upp í fjárnámskröfuna.

Með bréfi 25. október 1973 beiddist Sveinn Haukur Valdimarsson hæstaréttarlögmaður þess, að bú áfrýjanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta vegna kröfu samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur í máli Björns Pálssonar gegn áfrýjanda. Þess er þó getanda, að önnur gögn máls benda til þess, að fjárnámsheimildin hafi verið dómssátt í greindu bæjarþingsmáli, en eigi dómur. Gjaldþrotaskiptabeiðninni fylgdi endurrit árangurslausrar fjárnámsgerðar til fullnustu kröfu þessarar.

Gjaldþrotaskiptabeiðnirnar voru teknar fyrir í skiptarétti Reykjavíkur 9. nóvember 1973, en þá var málinu frestað til 11. janúar 1974. Þann dag var málinu enn frestað til 15. febrúar s. á. og síðan til 15. mars s. á.

Með bréfi 15. febrúar 1974 fór Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður f. h. Cuper A/G þess á leit, að bú áfrýjanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Þeirri beiðni fylgdi endurrit dóms bæjarþings Reykjavíkur í máli skiptabeiðanda á hendur m. a. áfrýjanda og endurrit úr fógetabók um fyrirtöku fjárnámsbeiðni til fullnustu þeim dómi. Var gjaldþrotaskiptabeiðni þessi lögð fram í þinghaldi 15. mars 1974. Þann dag var málinu enn frestað til 22. s. m. Enn var málinu frestað til 5. apríl 1974 og síðan til 9. s. m.

Með bréfi 25. mars 1974 fór Gjaldheimtan í Reykjavík þess á leit, að þú áfrýjanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Sú gjaldþrotaskiptabeiðni var lögð fram í málinu 9. apríl 1974, en þann dag fór fram munnlegur málflutningur fyrir skiptarétti um gjaldþrotaskiptabeiðnirnar.

Kröfu sína fyrir Hæstarétti um, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, byggir áfrýjandi eingöngu á því, að í hinum áfrýjaða úrskurði séu eigi réttilega nafngreindir aðrir gjaldþrotaskiptabeiðendur en Gjaldheimtan í Reykjavík. Verði helst af úrskurðinum ráðið, að framangreindir hæstaréttarlögmenn hafi í eigin nafni beiðst gjaldþrotaskipta á búi áfrýjanda. Umbjóðendur þeirra, sem þó séu hinir eiginlegu skiptabeiðendur, séu hins vegar ekki nafngreindir í úrskurðinum. Sé úrskurðurinn gallaður að formi, sbr. 2. mgr. 190. gr. og 193. gr., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936, og beri því að fella hann úr gildi.

Allir framangreindir hæstaréttarlögmenn kröfðust gjaldþrotaskipta á búi áfrýjanda fyrir hönd nafngreindra umbjóðenda sinna, svo sem fyrr var greint. Sést þetta á gjaldþrotaskiptabeiðnunum sjálfum og öðrum gögnum máls. Áfrýjandi gat því eigi gengið þess dulinn, að hæstaréttarlögmennirnir kröfðust eigi gjaldþrotaskiptanna í eigin nafni, heldur vegna áður nefndra umbjóðenda sinna. Hann hefur þó hvorki áfrýjað málinu gagnvart skiptabeiðendunum Herbert Marinóssyni né Birni Pálssyni. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti, og haggar það ekki þeirri niðurstöðu, að áfrýjandi hefur stefnt hæstaréttarlögmönnunum Benedikt Blöndal og Sveini Hauki Valdimarssyni fyrir Hæstarétt.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 20.000 krónur til stefnda Sigurðar M. Helgasonar skiptaráðanda f. h. þrotabús Jómarco — Jómar og Co h/f og 10.000 krónur til hvors hinna stefndu Benedikts Blöndals og Gjaldheimtunnar í Reykjavík.

Aðfinnsluvert er, að í hinum áfrýjaða úrskurði eru skiptabeiðendur eigi nafngreindir á þann hátt, sem rétt var samkvæmt 2. mgr. 190. gr. og 193. gr., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Jómarco — Jómar og Co h/f, greiði máls-

kostnað fyrir Hæstarétti til stefnda Sigurðar M. Helgasonar skiptaráðanda f. h. þrotabús Jómarco — Jómar og Co h/f, 20.000 krónur, og til stefndu Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns og Gjaldheimtunnar í Reykjavík, 10.000 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 19. apríl 1974.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 9. þ. m. að lokinni venjulegri gagnasöfnun og munnlegum málflutningi, er til komið með þeim hætti, er nú skal greina:

Samkvæmt beiðnum frá Hákoni Árnasyni hæstaréttarlögmanni f. h. Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, dags. 23. október 1973, og Sveins Hauks Valdimarssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 25. október s. á., var gjaldþrotamál á hendur varnaraðilja þingfest hér fyrir dómi 9. nóvember 1973. Mætt var í málinu af hálfu allra aðilja, en frestur tekinn í málinu að beiðni forsvarsmanns gerðarþola. Með bréfi, dags. 15. febrúar 1974, krafðist Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður þess, að bú varnaraðilja yrði tekið til gjaldþrotaskipta, og var það þingfest og sameinað fyrri málunum, þegar þau komu í dóm 15. mars sl. Með samkomulagi mættra aðilja var málinu enn frestað eftir ósk varnaraðilja til föstudagsins 22. mars sl. Þegar málið kom í dóm þann dag, var því frestað vegna forfalla skiptaráðanda, sem haft hafði málið, og nú til 5. apríl. Nú var veittur frestur í málinu til þriðjudags 9. apríl sl. Í því réttarhaldi var lögð fram ný gjaldþrotaskiptabeiðni á gerðarþola frá Gjaldheimtunni í Reykjavík ásamt árangurslausri fjárnámsgerð og það mál sameinað hinum fyrri, og fór í því sama réttarhaldi fram munnlegur málflutningur í málinu, eftir að árangurslaus sáttaumleitan hafði farið fram með aðiljum.

Í 1. gr. gjaldþrotaskiptalaganna nr. 25/1929 segir: „Bú einstaklings, firma eða félags er skylt að taka til gjaldþrotaskipta. ... Eftir kröfu lánardrottins, ef hann sannar með árangurslausri aðför eða löghaldsgerð, eða með játningu skuldunauts, að bú hans hrökkvi ekki fyrir skuldum". Er úrlausn þessa máls fólgin í því að leysa úr spurningunni um, hvort skilyrði þessa lagaákvæðis sé fullnægt af hálfu skiptabeiðenda, og verður nú í því skyni vikið nánar að málsástæðum og gögnum aðilja.

Eins og sést af því, sem að framan greinir, kom Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður sem skiptabeiðandi inn í mál þetta á eftir tveimur hinna gerðarbeiðendanna, en hann hefur haft frumkvæði um munnlegan flutning málsins sem sóknaraðili og lagt málið í úrskurð. Við munnlegan flutning málsins var Hákon Árnason hæstaréttarlögmaður mættur, en tók ekki til flutnings málsins. Enginn hinna fjögurra skiptabeiðenda hafa afturkallað beiðnir sínar.

Sóknaraðili Jón N. Sigurðsson hefur í sínum málflutningi einkum skírskotað til gjaldþrotabeiðni sinnar á dskj. nr. 6 og dómsgerða í fjárnámsgerð á dskj. nr. 7. Í beiðninni óskar hann eftir, að bú varnaraðilja verði tekið til gjaldþrotaskipta og að fjárnámskröfur umbjóðanda hans verði honum greiddar af eignum búsins ásamt vöxtum og kostnaði. Jafnframt vísar hann bæði til sinnar fjárnámsgerðar, sbr. dskj. nr. 7 frá 23. janúar sl., og fjárnáma hinna gerðarbeiðendanna, sem allar hafa reynst árangurslausar, þar sem ekki hafi verið bent á eignir, sem hægt væri að taka fjárnámi. Samkvæmt því væri ekki aðeins heimilt, heldur og skylt, að taka bú gerðarþola til gjaldþrotaskipta. Áður en frekar verður fjallað um málsástæður aðilja, skal vikið nokkuð að fjárnámsgerð sóknaraðilja Jóns N. Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Fjárnámskrafan nemur svissneskum frönkum 76.045.00 ásamt vöxtum og kostnaði, sbr. dskj. nr. 7. Við gerðina mætti varnaraðili þessa máls ásamt lögmanni, og kvaðst hann ekki geta greitt, en lagði fram reikning á gerðarbeiðanda, samtals að fjárhæð svissneskir frankar 174.488.25. Sérstaklega var bent á, að gerðarþoli ætti mjólkurísvélar í tollvörugeymslunni á Akureyri, sem kostað hafi samtals svissneska franka 17.060.00. Gerðarþoli hafi greitt vélar þessar með víxlum, sem séu innifaldir í fjárnámskröfunni, en gerðarþoli hafi gert kröfu um riftun á kaupum þessum við gerðarbeiðanda. Aðrar eignir en kröfur þessar á gerðarbeiðanda kvaðst gerðarþoli ekki eiga. Lögmaður gerðarbeiðanda mótmælti kröfu þessari á umbjóðanda hans eða að hún gæti verið andlag fjárnáms. Jafnframt hefur hann mótmælt því, að nokkur riftun þeirra kaupa, sem fjárnámskrafan sé sprottin af, hafi farið fram af hálfu gerðarþola. Í lok bókunar fógeta segir: „Gerðinni, sem var að nokkru árangurslaus, lokið". Ekki verður séð af bókuninni, að fjárnám hafi verið gert í neinu. Við fjárnámsgerðina lagði gerðarbeiðandi, sóknaraðili í máli þessu, fram dóm í bæjarþingsmálinu nr. 5608/1973: Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður f. h. Cuper A/G gegn Jómarco — Jómar & Co h/f og Jó-

hanni Marel Jónassyni, þar sem varnaraðiljar eru in solidum dæmdir til að greiða sóknaraðilja svissneska franka 76.045.00 ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

Undir rekstri þessa máls hefur lögmaður varnaraðilja lagt fram ljósrit af bréfi til utanríkisráðuneytisins með áritaðri móttökukvittun, þar sem þess er óskað, að ráðuneytið sjái um, að hjálögð stefna á hr. Hans Umiker f. h. Cuper A/G Maschinenfabrik, 4147, Kirchgasse, Basel, Switzerland, verði löglega birt. Í stefnu þessari, sem er til sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 19. apríl 1974, gerir varnaraðili í máli þessu kröfu samtals að fjárhæð svissneskir frankar 174.488.25, eða sömu fjárhæð og framangreindur reikningur nam. Sóknaraðili hefur mótmælt kröfum varnaraðilja í greindri stefnu, eins og áður greinir. Þó lýsti hann því yfir við munnlegan flutning málsins, að hann vildi taka til baka fjórar vélar í tollvörugeymslunni á Akureyri að fjárhæð svissneskir frankar 17.060.00. Þá telur sóknaraðili ólíklegt, að varnaraðili eigi háar kröfur á skjólstæðing hans, þar sem hann hafi ekki látið þær koma fram fyrr en raun er á og að hann hafi ekki tilkynnt skjólstæðingi hans galla á mótteknum vörum í tæka tíð.

Lögmaður varnaraðilja kveður framangreinda stefnu hafa verið birta 15. mars sl. og verði málið þingfest 19. apríl 1974, eins og í stefnu greinir. Í andmælum sínum gegn kröfu sóknaraðilja skírskotar hann til þess, að hann eigi kröfu upp á háar fjárhæðir hjá gerðarbeiðanda og sé rétt að ganga út frá því, að krafan sé góð og gild, þar til annað verði dæmt í málinu. Hann kvað hafa verið minnst á kröfu þessa við fjárnámið, en þegar henni hafi verið mótmælt, hafi tæplega verið grundvöllur til að benda á hana sem eign, þar sem ekki hafi verið búið að stefna í málinu. Varnaraðili telur, að fresta beri gjaldþrotamálinu um óákveðinn tíma, eða meðan fjallað sé um framangreinda kröfu fyrir dómstólunum. Loks hefur lögmaður varnaraðilja mótmælt því, að ekki hafi verið tilkynnt um galla á hinum keyptu vörum frá gerðarbeiðanda, það sé fjöldi bréfa til vitnis um hið gagnstæða. Varnaraðili telur sig eiga vel fyrir skuldum svo fremi sem Cuper A/G Maschinenfabrik eigi fyrir skuldum. Loks bendir varnaraðili á, að óeðlilegt sé, að gjaldþrotabeiðandi, þ. e. sóknaraðili, fái framgengt þeirri kröfu sinni að gera hann gjaldþrota og svifta hann þar með rétti yfir búi sínu, því með því öðlist hann íhlutunarrétt um það, hvort varnaraðili geti náð rétti sínum.

Samkvæmt stefnunni er krafan vegna andvirðis óseljanlegra véla og gallaðra og endursendra til seljanda, flutningskostnaður fyrir slíkar vélar, tapaður hagnaður og umboðslaun, vegna ferðakostnaðar og andvirðis varahluta í vélar, sem skjólstæðingur sóknaraðilja hafi borið ábyrgð á, o. s. frv., og loks skaðabætur vegna eyðileggingar á erlendum lánaviðskiptum, og nema kröfurnar alls svissneskum frönkum 176.488.25, eins og áður segir. Er í stefnunni nákvæm sundurliðun á kröfunni og ítarleg greinargerð fyrir henni. Ekki er þó efni til að rekja efni stefnunnar frekar hér, þar sem það mál heyrir ekki undir þennan dómstól og ekki lagt þannig fyrir.

Verður nú aftur vikið að því, hvort gerðarbeiðandi hafi fullnægt ákvæðum framan tilvitnaðrar greinar gjaldþrotaskiptalaganna til að fá kröfur sínar teknar til greina um gjaldþrotaskipti hjá varnaraðilja.

Samkvæmt endurritum fógetagerða samkvæmt dskj. nr. 2 og 5, sem raunar er sama gerðin, var kona forsvarsmanns varnaraðilja mætt við gerðina og gat ekki vísað á eignir til fjárnáms, og reyndist gerðin því árangurslaus. Við fjárnámsgerð Gjaldheimtunnar 14. janúar sl., sbr. dskj. nr. 9, var forsvarsmaður gerðarþola sjálfur mættur og kvaðst ekki geta bent á eignir til uppskriftar, og var bókað, að gerðin væri árangurslaus. Verður þá athugað um þýðingu fjárnámsgerðarinnar, sem sóknaraðili Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður lét fram fara 23. janúar sl. og rakið er að framan. Við gerð þessa benti forsvarsmaður varnaraðilja á vélar, sem munu vera fjórar, í tollvörugeymslunni á Akureyri að kostnaðarverði svissneskir frankar 17.060.00, en jafnframt kemur fram, að hann krefst riftunar á kaupum vélanna vegna galla á þeim, og má því ætla, að þær séu lítils virði, enda ekki vitað til, að fjárnám hafi verið gert í þeim.

Ekki verður því annað sagt en að þessi fjárnámsgerð hafi einnig orðið árangurslaus. Samkvæmt því verður að fallast á það með sóknaraðilja, að fullnægt sé ákvæðum áður greindrar lagagreinar til að skylt sé að taka bú varnaraðilja til gjaldþrotaskipta. Þar sem þessum skilyrðum þykir þannig fullnægt, þykir ekki vera efni til að fresta málinu um óákveðinn tíma, eða meðan framangreint sjó- og verslunardómsmál er óútkljáð fyrir dómstólunum. Verður krafa sóknaraðilja því tekin til greina.

Sigurður M. Helgason borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Bú Jómarco – Jómar & Co h/f, Reykjavík, er tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar.

Þriðjudaginn 25. nóvember 1975.

Nr. 128/1975. **Jóhann Marel Jónasson**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni
f. h. Cuper A/G
(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjun þrotamanns. Frávísun frá Hæstarétti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. júlí 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. júní 1974. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð verði ómerkt, að því er sig varðar, og málinu verði vísað frá héraðsdómi. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er áfrýjanda varðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Stefndi reisir frávísunarkröfu sína á því, að áfrýjandi sé ekki bær um að áfrýja máli þessu. Bú hans sé undir gjaldþrotaskiptum og hann hafi ekki fengið heimild skiptafundar eða skiptaráðanda til að áfrýja málinu.

Hinn áfrýjaði dómur er kveðinn upp 9. nóvember 1973.

Hafði áfrýjandi engar varnir uppi fyrir héraðsdómi, sem komast að í víxilmáli. Stefndi lét gera fjárnám í eignum áfrýjanda til tryggingar dómkröfunum 23. janúar 1974, og var fjárnámið að nokkru árangurslaust. Stefndi krafðist þess með bréfi 15. febrúar 1974, að bú áfrýjanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Þessi krafa stefnda var sameinuð gjaldþrotamáli á hendur áfrýjanda, sem rekið var fyrir skiptarétti að kröfu annarra aðilja. Með úrskurði 19. apríl 1974 var bú áfrýjanda tekið til gjaldþrotaskipta, og var þá hinn almenni áfrýjunarfrestur löngu liðinn. Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út 29. apríl 1974 og birt í Lögbirtingablaði á lögmæltan hátt. Stefndi hefur lýst kröfu sinni í þrotabúið.

Áfrýjandi áfrýjaði héraðsdómi, eftir að hinn almenni áfrýjunarfrestur var löngu liðinn, og bú hans hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Hann kannaði ekki viðhorf þrotabúsins til áfrýjunarmálsins, áður en hún var ráðin. Að svo vöxnu þykir hann eigi hafa verið bær til að áfrýja héraðsdómi. Verður málinu því vísað frá Hæstarétti að kröfu stefnda.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 80.000 krónur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Jóhann Marel Jónasson, greiði stefnda, Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Cuper A/G, málskostnað fyrir Hæstarétti, 80.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Einars Arnalds hæstaréttardómara.

Áfrýjandi skaut í eigin nafni máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júlí 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. júní s. á. Á skiptafundi 9. júlí s. á. skýrði stefndi frá áfrýjuninni. Þrotabú áfrýjanda hafði þá tök á að fá áfrýjunarleyfi og áfrýja mál-

inu af sinni hálfu, ef það hafði hug á því, en af áfrýjun þess varð ekki.

Áfrýjandi hafði lögmætra hagsmuna að gæta og var því bær til að áfrýja málinu í eigin nafni. Aðalkrafa stefnda verður því eigi tekin til greina.

Krafa áfrýjanda um ómerkingu héraðsdóms hefur ekki verið studd neinum haldbærum rökum.

Í málflutningi fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi engar þær varnir haft uppi um efni víxilkröfunnar, sem komast að í víxilmáli.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn, að því er áfrýjanda varðar.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 80.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar áfrýjanda, Jóhann Marel Jónasson.

Áfrýjandi greiði stefnda, Jóni N. Sigurðssyn hæstaréttarlögmanni f. h. Cuper A/G, málskostnað fyrir Hæstarétti, 80.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. nóvember 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 24. október sl., hefur Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, hér í borg, höfðað f. h. svissneska fyrirtækisins Cuper A/G, Aesch-Basel, með stefnu, birtri 29. mars 1973, á hendur firmanu Jómarco — Jómar og Co h/f, Laugavegi 24, Reykjavík, og Jóhanni Marel Jónassyni forstjóra, sama stað, báðum til solidariskrar greiðslu víxilskulda að upphæð svissneskir frankar 76.045.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði af svissneskum frönkum 12.564.00 frá 10. júní 1971 til 10. ágúst s. á., en af svissneskum frönkum 31.410.00 frá þeim degi til 10. september s. á., en af svissneskum frönkum 43.974.00 frá þeim degi til 11. september s. á., en af svissneskum frönkum 51.114.00 frá þeim degi til 11. október s. á., en af svissneskum frönkum 69.960.00 frá þeim degi til 15. nóvember s. á., en af svissneskum frönkum 73.045.00 frá þeim degi til 15. desember s. á., en af svissneskum frönkum 76.045.00 frá þeim degi til greiðsludags, íslenskra kr.

2.600 í afsagnarkostnað auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Stefnandi kveður umstefnda skuld vera samkvæmt 13 víxlum og lýsir þeim svo í stefnu:

„1. Víxill útg. í Aasch-Basel, 26. nóvember 1970, að upphæð S. fr. 6.282.00, útgefnum af Cuper AG., en framseldur af því fyrirtæki til Schweizerischer Bankverein Basel, sem síðan framseldi víxilinn að nýju til Cuper AG., sem nú er eigandi víxilsins. Víxill þessi var stílaður á firmað JÓMARCO og átti að greiðast í Útvegsbanka Íslands á Akureyri, en var samþykktur af Jóhanni Marel Jónassyni vegna JÓMARCO og síðan ritaði sami Jóhann Marel Jónasson persónulega ábyrgð á víxilinn. Víxill þessi átti að greiðast hinn 10. júní 1971.

2. Víxill útg. í Aesch-Basel 26. nóv. 1970 af Cuper AG., Aesch-Basel, og framseldur af því fyrirtæki til Schweizerischer Bankverein, Basel, er að nýju framseldi víxilinn til Cuper AG., er síðan ritaði nafn sitt þar neðan við. Víxillinn var gefinn út til JÓMARCO, Jóhann Marel Jónasson, Reykjavík, og átti að greiðast í Útvegsbanka Íslands á Akureyri, en var samþykktur af Jóhanni Marel Jónassyni vegna JÓMARCO, til greiðslu hinn 10. 6. 1971, en einnig hefur Jóhann Marel Jónasson tekið, með áritun sinni, persónulega ábyrgð á greiðslu víxilsins.

3. Víxill að upphæð S. fr. 6.282.00, útg. í Aesch-Basel hinn 26. nóv. 1970 af Cuper AG. og framseldur af því fyrirtæki til Schweizerischer Bankverein, Basel, er síðan framseldi víxilinn að nýju til Cuper AG., en það fyrirtæki ritaði síðan nafn sitt á víxilinn. Víxill þessi var stílaður á JÓMARCO, Reykjavík, og hefur það fyrirtæki samþykkt víxilinn, upphaflega til greiðslu hinn 10. 6. 1971, en víxillinn var síðan framlengdur til 10. ágúst 1971 með breytingu á greiðsludegi. Víxillinn hefur síðan og upphaflega verið áletraður af Jóhanni Marel Jónassyni sem persónulegum ábyrgðarmanni.

4. Víxill að upphæð S. fr. 6.282.00, útgefinn hinn 26. nóvember 1970 í Aesch-Basel af Cuper AG., en framseldur af því fyrirtæki til Schweizerischer Bankverein í Basel, er síðan eftir afsögn víxilsins framseldi hann að nýju til Cuper AG., er síðan ritaði nafn sitt á víxilinn. Víxill þessi var stílaður á JÓMARCO, Reykjavík, upphaflega til greiðslu hinn 10. 6. 1971, en var framlengdur til 10. ágúst 1971, og hefur verið samþykktur af Jóhanni Marel Jónassyni vegna JÓMARCO, en síðan hefur Jóhann Marel Jónas-

son, persónulega, ábyrgst greiðslu víxilsins með áritun á hann.

5. Víxill að upphæð S. fr. 6.282.00, útg. hinn 26. nóvember 1970 í Aesch af Cuper AG., en framseldur af því fyrirtæki til Schweizerischer Bankverein, Basel, er síðan hefur eftir afsögn framselt víxilinn að nýju til Cuper AG., er síðan hefur ritað nafn sitt á bakhlið víxilsins. Víxillinn var útgefinn á JÓMARCO, Reykjavík, til greiðslu hinn 10. 6. 1971, en var síðan framlengdur til 10. ágúst 1971, en hefur verið samþykktur af Jóhanni Marel Jónassyni vegna JÓMARCO, en síðan hefur Jóhann Marel Jónasson persónulega ritað ábyrgð sína á víxilinn.

6. Víxill að upphæð S. fr. 6.282.00, útg. í Aesch-Basel hinn 21. 12. 1970 af Cuper AG., er síðan framseldi víxilinn til Schweizerischer Bankverein, Basel, en eftir afsögn víxilsins hefur bankinn að nýju framselt víxilinn til Cuper AG., er síðan hefur ritað nafn sitt á víxilinn þar á eftir. Víxillinn var útgefinn til JÓMARCO LTD. & Co., og átti að greiðast í Útvegsbanka Íslands á Akureyri, upphaflega hinn 11. 7. 1971, en var framlengdur til 10. sept. 1971 og samþykktur af JÓMARCO LTD. & Co., en sem ábyrgðarmaður hefur Jóhann Marel Jónasson síðan ritað sem sjálfskuldarábyrgðarmaður og víxilskuldari.

7. Víxill að upphæð S. fr. 6.282.00, útg. í Aesch-Basel hinn 21. 12. 1970 af Cuper AG., en framseldur af því fyrirtæki til Schweizerischer Bankverein, Basel, en eftir afsögn hefur bankinn síðan framselt víxilinn að nýju til Cuper AG., er síðan hefur ritað nafn sitt á bakhlið víxilsins. Víxill þessi var útgefinn til JÓMARCO & Co. Ltd. og hefur verið samþykktur af því fyrirtæki, upphaflega til greiðslu hinn 11. 7. 1971, en var síðan framlengdur til 10. sept. 1971. Sem persónulegur víxilskuldari hefur Jóhann Marel Jónasson ritað nafn sitt á víxilinn.

8. Víxill að upphæð S. fr. 7.140.00, útg. í Aesch-Basel 21. 12. 1970 af Cuper AG., en framseldur af því fyrirtæki til Schweizerischer Bankverein, Basel, er síðan eftir afsögn víxilsins framseldi hann að nýju til Cuper AG., er síðan hefur ritað nafn sitt þar á eftir á bakhlið víxilsins. Víxillinn var útgefinn til JÓMARCO & Co. Ltd., og samþykktur af því firma, upphaflega til greiðslu hinn 11. júní 1971, en síðan framlengdur til 11. sept. 1971. Persónulegur ábyrgðarmaður á víxlinum er Jóhann Marel Jónasson.

9. Víxill að upphæð S. fr. 6.282.00, útg. í Aesch-Basel 26. nóv. 1970 af Cuper AG. Víxillinn var útg. til JÓMARCO, Reykjavík, upphaflega til greiðslu hinn 10. 6. 1971, en síðan framlengdur til

11. okt. 1971. Víxillinn var samþykktur af Jóhanni Marel Jónassyni vegna JÓMARCO, en síðan hefur sami Jóhann Marel Jónasson ritað persónulega víxilábyrgð sína á víxilinn.

10. Víxill að upphæð S. fr. 6.282.00, útg. í Aesch-Basel hinn 26. nóv. 1970 af Cuper AG. og ábektur af sama, en samþykktur af Jóhanni Marel Jónassyni til greiðslu hinn 10. 6. 1971, en víxillinn var síðan framlengdur til 11. okt. 1971. Jóhann Marel Jónasson er persónulega ábyrgðarmaður á víxlinum.

11. Víxill að upphæð S. fr. 6.282.00, útg. í Aesch 26. nóv. 1970 af Cuper AG. og ábektur af sama. Víxillinn var stílaður til JÓMARCO, Reykjavík, til greiðslu upphaflega hinn 10. júní 1971, en síðan framlengdur til 11. okt. 1971. Þannig var víxillinn samþykktur af Jóhanni Marel Jónassyni vegna JÓMARCO, en einnig hefur Jóhann Marel Jónasson áritað víxilinn með persónulegri víxilábyrgð.

12. Víxill að upphæð S. fr. 3.085.00, útg. í Aesch-Basel 15. júlí 1971 af Cuper AG., er síðan framseldi víxilinn til Schweizerischer Bankverein í Basel, sem síðan framseldi víxilinn til Landsbanka Íslands, en Landsbanki Íslands framseldi víxilinn að nýju til Swiss Bank Corporation, Basel, er síðan hefur framselt hann til Cuper AG., og Cuper AG. síðan ritað nafn sitt þar á eftir. Víxillinn var stílaður á JÓMARCO & Co. Ltd. til greiðslu hinn 15. nóvember 1971, en síðan hefur Jóhann Marel Jónasson ritað nafn sitt á víxilinn sem persónulegur víxilskuldari.

13. Víxill að upphæð S. fr. 3.000.00, útg. í Aesch-Basel hinn 15. júlí 1971 af Cuper AG., en framseldur af því fyrirtæki til Schweizerischer Bankverein, Basel, sem síðan sendi víxilinn til innheimtu í Landsbanka Íslands, en víxillinn var þar afsagður. Síðan var innheimtuumboðið annulerað, en um leið framseldi Landsbanki Íslands Sviss Bank Corporation í Basel víxilinn að nýju, sem síðan framseldi víxilinn aftur til Cuper AG. og það fyrirtæki hefur síðan ritað nafn sitt á bakhlið víxilsins. Víxillinn var stílaður á JÓMARCO & Co. Ltd., Reykjavík, og hefur Jóhann Marel Jónasson samþykkt víxilinn til greiðslu hinn 15. nóv. 1971, en síðan var víxillinn framlengdur til 15. des. 1971. Jóhann Marel Jónasson er persónulegur ábyrgðarmaður á víxli þessum.

Víxlar þessir hafa allir verið afsagðir sökum greiðslufalls, en eigi fengist greiddir þrátt fyrir ítrekaðar skriflegar áskoranir, og er því nauðsynlegt að höfða mál þetta til viðurkenningar á víxilábyrgð beggja víxilskuldara og til aðfararhæfs dóms fyrir víxilskuldunum".

Í greinargerð sinni vekur stefnandi athygli á því, að á bakhlið framangreindra víxla séu áletruð ýmis innheimtuframsöl til banka á Íslandi, en þessi framsöl hafi öll verið yfirstrikuð þannig, að þau hafi ekki nein réttaráhrif að lögum samkvæmt 1. mgr. 16. gr. víxillaga nr. 93/1933. Víxlarnir hafi verið allir afsagðir, en afsagnargerðirnar og dagsetning þeirra beri það með sér, að ekki hafi verið gætt ákvæða 3. mgr. 44. gr. víxillaganna, sem þó breyti í engu víxilábyrgð samþykkjanda né heldur meðstefnda sem ábyrgðarmanns samkvæmt IV. kafla laga nr. 93/1933. Þá segir stefnandi enn fremur orðrétt í greinargerð sinni: „Víxlarnir á dskj. 9 og 10 eru útgefnir til JÓMARCO & Co. Ltd., en samþykktir af Jóhanni Marel Jónassyni vegna JÓMARCO Ltd. & Co. Víxlarnir á dskj. 14 og 15 eru útgefnir til JÓMARCO og Co. Ltd. og samþykktir þannig af Jóhanni Marel Jónassyni vegna þess fyrirtækis. Mér þótti rétt að benda dómnum á þennan mismun, sem kemur fram á víxlum þessum, að því er nafnritun hins stefnda hlutafélags snertir. Þessi mismunur skiptir þó ekki máli hér, þar sem ekki muni vefengt, að allir víxlarnir eru í raun stílaðir á hið stefnda hlutafélag „JÓMARCO — JÓMAR & Co h.f.“. Mismunurinn á nafnrituninni kemur væntanlega til aðeins af handleti formanns félagsins, og mun hann ætíð samþykkja víxla fyrirtækisins með greindum nöfnum, eftir því sem honum sýnist í hvert sinn“.

Af hálfu stefndu er krafist algerrar sýknu af kröfum stefnanda og enn fremur að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati réttarins.

Stefndi skýrir svo frá í greinargerð sinni, að tildrög þessa máls séu þau, að stefndi hafi keypt af stefnanda vélar til framleiðslu á rjóma- eða mjólkurís, alls 57 slíkar vélar af nokkrum gerðum. Vélarnar hafi reynst allar mjög gallaðar og hafi leitt til þess, að kaupendur þeirra hafi neitað að greiða þær. Það hafi aftur leitt til þess, að stefndu hafi eigi getað greitt hina erlendu víxla, sem verið sé að innheimta í þessu máli. Lítið hafi stoðað að reyna að gera við vélar þessar, enda sé nú svo komið, að stefnandi sé hættur að framleiða þær og sé sýnilegt, að hann hafi orðið að glíma við sams konar vandamál á örðum mörkuðum eins og hér. Sé það brot á öllu velsæmi, að stefnandi reyni nú að knýja fram greiðslu á víxlum þeim, sem samþykktir hafi verið í góðri trú til greiðslu á vörum, sem reynst hafi ónýtar og ónothæfar. Stefndi áskilur sér síðan rétt til að bera fram gagnkröfu í máli þessu og til bótakröfu á hendur stefnanda síðar.

Stefnandi byggði á því í munnlegum málflutningi, að hér væri um að ræða víxilkröfur. Víxlarnir væru réttir að formi til og samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936 kæmust þær varnir, sem stefndi hefði uppi í máli þessu, ekki að í málinu, og neitaði hann algerlega að leyfa, að slíkar varnir kæmust að.

Af hálfu stefnda var vitnað til greinargerðar þeirrar, sem lögð hefur verið fram af hans hálfu í máli þessu. Stefndi óskaði ekki formlega eftir frekari fresti fyrir málflutninginn til að rökstyðja kröfur sínar með framlagningu gagna.

Eins og fram kemur í greinargerð stefnda og í ljós kom síðar í máli þessu, hefur stefndi ekki lagt formlega fram gagnkröfu í málinu eða haft uppi neinar þær varnir, sem komast að í víxilmáli. Verður því alfarið að byggja dómsniðurstöðu á kröfugerð stefnanda, og verða kröfur hans teknar til greina að öllu öðru leyti en því, að kr. 1.600 dæmast í afsagnarkostnað, þar sem sýnilegt er, að 5 víxlar hafa verið afsagðir, löngu eftir að afsagnarfrestur var útrunninn, og því hefur afsögn þeirra verið sýnilega þýðingarlaus. Afsagnarkostnaður vegna þessara víxla nemur kr. 1.000. Eftir atvikum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 156.000 í málskostnað.

Friðgeir Björnsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndu, JÓMARCO — Jómar & Co h/f og Jóhann Marel Jónasson, greiði in solidum stefnanda Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. firmans Cuper A/G svissneska franka 76.045.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði af svissneskum frönkum 12.564.00 frá 10. júní 1971 til 10. ágúst s. á., en af svissneskum frönkum 31.410.00 frá þeim degi til 10. september s. á., af svissneskum frönkum 43.974.00 frá þeim degi til 11. september s. á., af svissneskum frönkum 51.114.00 frá þeim degi til 11. október s. á., af svissneskum frönkum 69.960.00 frá þeim degi til 15. nóvember s. á., af svissneskum frönkum 73.045.00 frá þeim degi til 15. desember s. á., en af svissneskum frönkum 76.045.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. íslenskar 1.600 í afsagnarkostnað og kr. 156.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 25. nóvember 1975.

Nr. 151/1975. **Oddviti Barðastrandarhrepps f. h. hreppsins**
gegn
Sigurði M. Helgasyni skiptaráðanda í Reykjavík f. h. dánarbús Guðbjargar Guðmundsdóttur og Vigfúsar Vigfússonar.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Kærumál. Dómsvald skiptaréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 3. október 1975, sem Hæstarétti barst 21. s. m., hefur sóknaraðili með heimild í 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar frávísunarúrskurð skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðinn 30. september 1975. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir skiptaráðanda að taka ágreiningsmálið til efnisúrlausnar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Vigfús Vigfússon frá Hrísnesi í Barðastrandarsýslu lést 13. maí 1940, en ekkja hans, Guðbjörg Guðmundsdóttir, er sat í óskiptu búi eftir hann með börnum þeirra, andaðist 23. júní 1974. Átti hún þá lögheimili í Reykjavík. Skiptaréttur Reykjavíkur tók bú þetta, sem er skuldaviðgöngubú, réttilega til skiptameðferðar, sbr. tilskipun 21. júní 1793. Sóknaraðilja var heimilt samkvæmt 33. og 35., sbr. 55. gr. laga nr. 3/1878 að bera kröfu sína um forkaupsrétt upp við skiptaráðanda. Ber skiptaráðanda að taka hana til efnisúrlausnar, svo sem hún er vaxin, enda verður eigi talið, að ákvæði 78. gr. laga nr. 85/1936 standi þessu í vegi. Samkvæmt því ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir skiptaráðandann í Reykjavík að taka ágreiningsefni það, sem um er fjallað í hinum kærða úrskurði, til efnisúrlausnar.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir skiptaráðandann í Reykjavík að taka framangreint ágreiningsefni til efnisúrlausnar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 30. september 1975.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 10. þ. m. hér í skiptaréttinum að aflokinni gagnasöfnun og munnlegum málflutningi, er liður í skiptaréttarmálinu: Oddviti Barðastrandarhrepps f. h. hreppsnefndar gegn erfingjum Guðbjargar Guðmundsdóttur og Vigfúsar Vigfússonar, sem stofnað var til 19. ágúst sl. Í málinu eru kröfur sóknaraðilja sem hér segir: Að viðurkenndur verði forkaupsréttur hans að jörðinni Hrísnesi í Barðastrandarhreppi með úrskurði skiptaréttarins og að honum verði veitt afsal fyrir jörðinni Hrísnesi gegn greiðslu kr. 1.100.000 að frádregnum eftirstöðvum áhvílandi veðskuldar.

Kröfur varnaraðilja í málinu eru: Aðallega, að kröfu sóknaraðilja verði vísað frá skiptaréttinum, og til vara, að kröfum sóknaraðilja verði synjað. Þá er krafist málskostnaðar í báðum tilvikum úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili í málinu kveður málavexti sem hér segir: Í skiptarétti Reykjavíkur sé nú til meðferðar og opinberra skipta dánarbú hjónanna Guðbjargar Guðmundsdóttur og Vigfúsar Vigfússonar frá Hrísnesi í Barðastrandarhreppi eftir lát Guðbjargar á þessu ári, sem setið hafði í óskiptu búi eftir eiginmann sinn, sem lést á árinu 1940. Jörðin Hrísnes sé eign dánarbúsins. Á skiptafundi í dánarbúinu hafði verið ákveðið að selja jörðina og í því sambandi hafi verið ákveðið að auglýsa eftir tilboðum í hana. Í jörðina hafi borist 5—6 tilboð, það hæsta kr. 1.100.000 frá Rögnu Pétursdóttur og Pétri Arasyni, Reykjavík, en eitt tilboðið hafi verið frá hreppsnefnd Barðastrandarhrepps.

Þá kvað sóknaraðili hreppsnefnd Barðastrandarhrepps hafa einróma samþykkt að notfæra sér heimild laga nr. 40/1948 um forkaupsrétt á jörðum og neyta forkaupsréttar á jörðinni, það er óska þess að ganga inn í hæsta boð, og hafi skiptaráðanda verið tilkynnt sú ákvörðun 19. júlí sl. Á skiptafundi 12. ágúst sl. hafi meiri hluti varnaraðilja (6) samþykkt að selja jörðina einum erfingjanna, Halldóri Vigfússyni, Hvassaleiti 35, Reykjavík, á

sama verði og hæsta tilboð hafi hljóðað um, þ. e. kr. 1.100.000 að frádreginni áhvílandi veðskuld. Jafnframt hafi varnaraðiljar (6 erfingjanna) mótmælt framkominni forkaupsréttarkröfu hreppsnefndar. Hafi skiptaráðandi þá ákveðið að taka þetta atriði til meðferðar sérstaklega sem skiptaréttarrmál.

Sóknaraðili kveðst byggja kröfur sínar einkum á ákvæðum 2. gr. laga nr. 40/1948 um kauprétt á jörðum. Kveður hann forkaupsréttinn ná til allra tegunda aðiljaskipta, þ. e. hvort sem jörð sé seld frjálsri sölu, á nauðungaruppboði eða falli til erfingja við arfaskipti, sbr. þó ákvæði 4. gr., 1. mgr., laganna. Hann telur, að undantekningarákvæði þetta eigi samkvæmt orðanna hljóðan eingöngu við sölu, en samkvæmt gagnályktun frá ákvæðum 2. mgr. 4. gr. megi telja, að undantekningarákvæðið ætti einnig við, þegar jörð falli til þar greindra skyld- og venslamanna við erfðir, ef öðrum lagaskilyrðum væri fullnægt og upplýst væri um þann tilgang, sem framangreint undantekningarákvæði sé tvímælalaust byggt á, en hann telur, að því sé ekki til að dreifa í máli þessu og því eigi nefnt undantekningarákvæði ekki við hér, og færir ýmis rök að því, sem ekki þykir ástæða til að rekja hér frekar.

Varnaraðili hefur ekki reifað málið varðandi efnishlið málsins í greinargerð sinni, heldur aðeins aðalkröfuna, frávísunarkröfuna, og verður nú vikið að því.

Hann kveður málavexti vera þá, að við skipti á dánarbúi Vigfúsar Vigfússonar frá Hrísnesi og konu hans, Guðbjargar Guðmundsdóttur, síðast til heimilis á Hverfisgötu 70 B hér í borg, sem látist hafi 23. júní sl., hafi komið fram krafa frá sóknaraðilja máls þessa um, að hann fengi að neyta forkaupsréttar að jörðinni Hrísnesi, Barðastrandarhreppi, Austur-Barðastrandarsýslu. Hann telur kröfu þessa ekki heyra undir skiptarétt, þar sem forkaupsrétturinn hafi ekki verið virkur, þegar krafan hafi komið fram, auk þess sem krafa þessi sé með öllu óviðkomandi skiptameðferð á uppræddu búi. Samkvæmt ákvæðum kaupréttarlaganna um forkaupsrétt á jörðum beri seljanda jarðar að bjóða viðkomandi aðiljum að neyta forkaupsréttar skriflega, eftir að bindandi kaupsamningur hafi verið gerður, en í þessu tilfelli hafi kaupréttarkrafan komið fram, áður en nokkur bindandi samningur hafi verið gerður. Eftir að hafi verið ákveðið á skiptafundi 12. ágúst sl. að selja Halldóri Vigfússyni jörðina, hafi hreppsnefndin áréttað kröfu sína og krafist úrskurðar skiptaréttarins. Loks hefur varnaraðili talið, að vísa ætti málinu frá skiptaréttinum ex officio vegna þess, að það væri höfðað á röngu varnarþingi, þar

sem málefnið heyrði undir ákvæði 78. gr. einkamálalaga og bæri því að reka málið fyrir almennum dómstóli á varnarþingi nefndrar fasteignar.

Lögmaður sóknaraðilja hefur andmælt frávísunarkröfunni og krafist málskostnaðar í þessum þætti málsins. Hann telur deiluefnið heyra undir úrskurð skiptaréttar, enda sé hér um að ræða kröfu á hendur búinu, sbr. 35. gr. skiptalaganna. Þá telur hann fráleitt, að krafan um forkaupsréttinn hafi verið of snemma fram komin, enda hljóti það að vera hagkvæmast fyrir alla aðilja, að slík krafa komi fram fyrr en seinna. Ekki eigi það heldur að hafa þýðingu í þessu sambandi, þótt erfingjarnir hafi ekki verið búnir að bjóða hreppnum formlega að neyta forkaupsréttar, og fjarri lagi sé, að forkaupsréttinn eigi fyrst að bjóða, eftir að bindandi samningur hafi verið gerður. Helst telur lögmaður sóknaraðilja það orka tvímælis, hvort varnarþingsákvæði 78. gr. einkamálalaga komi hér til. Hér sé um að ræða lagalegt túlkunaratriði, en þó sé eðlilegast, að fjallað sé um deiluefnið í skiptaréttinum, eins og á stendur.

Eins og fram kemur að framan, er mál þetta rekið fyrir skiptarétti Reykjavíkur. Samkvæmt 78. gr., sbr. 72. gr. laga nr. 85/1936 hefði átt að flytja málið fyrir aukadómþingi í Barðastrandarhreppi, Austur-Barðastrandarsýslu, sérstaklega þar sem aðiljar hafa ekki komið sér saman um annað. Þegar af þessari ástæðu verður ekki dæmt um efni málsins í þessum rétti, og ber að vísa málinu frá skiptaréttinum. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Sigurður M. Helgason borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Máli þessu er vísað frá skiptaréttinum.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 2. desember 1975.

Nr. 80/1974. **Almennar Tryggingar h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Sigurgeir V. Sigurgeirssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
og Sigurgeir V. Sigurgeirsson
gegn
Almennum Tryggingum h/f og Vegagerð ríkisins
(Kristinn Glnnarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Skaðabætur. Húftrygging. Ábyrgð Vegagerðar ríkisins.

Dómur Hæstaréttar.

Rúnar Guðjónsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, kvað upp héraðsdóm.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 18. apríl 1974. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 23. apríl 1974. Af hans hálfu var ekki sótt þing 3. febrúar 1975, er mál hans skyldi fyrir taka, og féll málssókn hans þá niður. Áfrýjaði hann síðan málinu með stefnu 17. febrúar 1975 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann þess, að stefndi, Vegagerð ríkisins, verði dæmdur til að greiða honum 189.959 krónur ásamt 8% ársvöxtum frá 21. febrúar 1973 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Ef frumkröfur gagnáfrýjanda gegn stefnda, Vegagerð ríkisins, ná ekki að öllu leyti fram að ganga, krefst hann þess, að niðurstaða héraðsdóms um fjárgreiðslur á hendur aðaláfrýjanda, Almennum Tryggingum h/f, til hans verði staðfest.

Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Stefndi, Vegagerð ríkisins, krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Málavöxtum er réttilega lýst í héraðsdómi, en leitt er í ljós, að einungis eitt viðvörunarmerki, A — 9, var að vestanverðu við hvarf það í vegi, sem bifreið gagnáfrýjanda lenti í, er hún skemmdist með þeim hætti, er greinir í héraðsdómi.

I.

Kröfur gagnáfrýjanda á hendur stefnda, Vegagerð ríkisins.

Eigi verður talið, að starfsmenn stefnda, Vegagerðar ríkisins, hafi sýnt af sér slíka óvarkárni, að baki honum bótaskyldu gagnvart gagnáfrýjanda, sbr. 2. málsgr. 65. gr. vegalaga nr. 23/1970, nú vegalaga nr. 66/1975. Ber með þeirri athugasemd að staðfesta héraðsdóm um þennan þátt málsins.

Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði stefnda, Vegagerð ríkisins, málskostnað fyrir Hæstarétti, 35.000 krónur.

II.

Kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda, Almennum Tryggingum h/f.

Fallist er á þá úrlausn héraðsdóms, að aðaláfrýjanda beri að bæta gagnáfrýjanda tjón hans samkvæmt húftryggingarskilmálum þeim, sem raktir eru í héraðsdómi, enda verður eigi talið, að ábyrgðarfyrirvarar í skilmálum þessum firri aðaláfrýjanda þeirri skyldu. Enn fremur má fallast á úrlausn héraðsdóms um fjárhæðir þær, sem felldar eru á aðaláfrýjanda. Samkvæmt því ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um þær svo og um vexti og málskostnað.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 35.000 krónur.

Dómsorð:

Héraðsdómur á að vera óraskaður um kröfur gagnáfrýjanda, Sigurgeirs V. Sigurgeirssonar, á hendur

stefnda, Vegagerð ríkisins. Gagnáfrýjandi greiði stefnda 35.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómur á að vera óraskaður um kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda, Almennum Tryggingum h/f. Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 35.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 2. febrúar 1974.

Mál þetta var dómtekið 11. janúar sl. að loknum munnlegum málflutningi. Það er höfðað með stefnu, útgefinni 19. desember 1973, og var stefnan birt hinn 20. desember sl. Stefnandi er Sigurgeir V. Sigurgeirsson bifreiðarstjóri, Hofsvallagötu 15, Reykjavík. Hann stefnir Vegagerð ríkisins, Borgartúni 5–7, Reykjavík, og Almennum Tryggingum h/f, Pósthússtræti 9, Reykjavík. Kröfugerð stefnanda er þannig: „Aðalkrafa er gerð á hendur Vegagerð ríkisins að fjárhæð kr. 197.900.00 og auk þeirrar fjárhæðar krafizt 8% ársvaxta frá 21. febrúar s.l. til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati réttarins. Ef hinn virðulegi dómur sýknar stefnda af kröfum þessum, gerir stefnandi til vara þá kröfu á hendur Almennum Tryggingum, að þær verði dæmdar til að greiða honum 177.900.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 21. febrúar 1973 til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar". Við munnlegan málflutning breytti stefnandi kröfugerð sinni gagnvart stefnda Almennum Tryggingum, þannig að hann felldi niður kröfuliði sína um dagpeninga, kr. 60.000, og reikning vegna aðgerðar á Borgarspítala, kr. 500, eða alls kr. 60.500. Þannig lækkar krafa stefnanda á hendur stefnda Almennum Tryggingum um ofangreinda fjárhæð.

Stefndi Vegagerð ríkisins krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins, en til vara, að stefnukrafan verði látin niður falla.

Stefndi Almennar Tryggingar h/f krefst sýknu af kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins.

Málavextir.

Að kvöldi þriðjudagsins 24. janúar 1973 ók stefnandi bifreið sinni, R 4211, eftir Suðurlandsvegi austur í Landeyjar í Rangárvallasýslu. Bifreið þessi er af gerðinni Toyota fólksbifreið. Veður

var gott, en myrkur var á og ísing á veginum. Tilgangur ferðarinnar var að sjá sem best úr landi eldgos, sem hófst í Vestmannaeyjum daginn áður. Þegar komið var langleiðina að Voðmúlastöðum í Austur-Landeyjum, á að giska klukkan 2330, veitti stefnandi athygli aðvörunarskilti um vegavinnu, en þá var ferð bifreiðarinnar eftir ágiskun 50—60 km/klst. Hægði hann ferðina, en varð fyrst einskis var, sem bent gæti til vegavinnu á þessum slóðum. Allt í einu sá stefnandi ræsi þvert yfir veginn, sem grafist hafði af völdum vatnsrennslis. Steyptist bifreiðin umsvifalaust, án þess að tækist að stöðva hana, niður í ræsið og rakst á ræsisbakkann hinum megin. Framendi bifreiðarinnar hentist upp úr ræsinu. Við hnjask þetta skemmdist bifreiðin mikið og varð óökufær. Stefnandi fékk högg á andlit, þegar hann lenti á stýrishjóli og framrúðu og fékk opinn áverka á nef, en farþegi í aftursæti fékk áverka á andlit og brjóst. Hinn farþeginn slapp ómeiddur.

Slys þetta var strax tilkynnt lögreglunni á Hvolsvelli, og fór hún þegar á vettvang og rannsakaði aðstæður allar og gerði vettvangsuppdrátt. Gerði lögreglumaðurinn mælingar á umfangi hvarfsins. Eru niðurstöður mælinganna sýndar á uppdrættinum, en hann liggur fyrir í málinu.

Samkvæmt lögregluskýrslu, fyrrnefndum vettvangsuppdrætti og skýrslu lögreglumannsins hér fyrir dóminum hagaði svo til á slysstað, að vatn hafði runnið yfir malarveginn og myndað þrjá skurði, með smáhöftum á milli, þvert yfir veginn. Skurðurinn í miðið var dýpstur, um 50—60 cm á dýpt, en í þeim skurði hafði bifreiðin staðnæmst. Sá skurður var um 2 metra á lengd og þvert yfir veginn. Aðvörunarskilti um vegavinnu (A — 9) stóð við veginn hægra megin, ef miðað er við aksturssteﬁnu bifreiðarinnar, nálægt 50 metrum frá hvarfinu. Skömmu áður en slys þetta varð, hafði runnið úr veginum á sama stað, en við þá vegarskemmd hafði verið gert, og aðvörunarskiltið hafði staðið við veginn, frá því að sú viðgerð fór fram. Lögreglumaðurinn kvaðst telja, að útilokað hafi verið að aka yfir umrætt hvarf á venjulegri fólksbifreið á þeim tíma, sem slysið varð. Slóð hafði myndast eftir bifreiðar utan vegar, fram hjá hvarfinu. Hemlaför bifreiðarinnar voru um 10 metrar.

Verða nú raktir framburðir aðilja og vitna, svo sem efni þykja til.

Stefnandi skýrði svo frá, að vegurinn hafi verið góður að öllu leyti, uns að þessari hindrun kom. Frost hafði verið, en vegurinn auður og engin ísing né hálka á honum, en um það leyti sem

lögreglan kom á staðinn, hafði farið að snjóa. Hann kvaðst hafa ekið þarna með á að giska 50—60 km/klst. hraða, en svo séð umferðarmerkið, sem táknaði vegavinnu. Kvaðst hann þá hafa dregið nokkuð úr ferð og reiknað með, að ósléttur vegur væri framundan, vegna þess að unnið hefði verið við hann. Ekki kvaðst hann þó hafa séð neina missmíð á veginum, þrátt fyrir að hann hefði gætt sérstaklega að því, fyrr en skyndilega að hann hefði séð, að runnið hafði úr veginum. Kvaðst hann þá hafa nauðhemlað strax, en það hafi ekki nægt og bifreiðin lent ofan í úrrennslinu og stöðvast, svo sem áður sagði. Stefnandi kvaðst hafa kastast fram við höggið og lent með höfuðið á stýrishjólinu og framrúðunni, sem við það brotnaði. Hann kvaðst hafa farið á slysavarðstofuna í Reykjavík síðar þessa nótt og hefði þar verið saumaður saman skurður, sem hann hlaut á nefið.

Vitnið Margrét Halldóra Gunnarsdóttir, sem var farþegi í aftursæti bifreiðarinnar R 4211 í umræddri ferð, kvaðst hafa litið fram fyrir bifreiðina í þann mund, að stefnandi hemlaði, og kvaðst hún þá hafa séð hvarfið í veginum rétt fyrir framan bifreiðina. Hefði engum togum skipt, að bifreiðin fór ofan í það og stöðvaðist, en mikið högg kom á bifreiðina. Vitnið kvaðst muna óljóst eftir því, hvernig hvarfið leit út, en þó kvaðst hún telja það hafa verið þvert yfir veginn. Hún kvaðst lítið hafa séð af vettvangi, þar sem hún slasaðist nokkuð.

Vitnið Gunnar Guðmundsson, farþegi í framsæti bifreiðarinnar í umrætt skipti, kvaðst hafa veitt því eftirtekt, að þarna var um að ræða úrrennsli þvert yfir veginn, ca 60—70 cm djúpt. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir vegavinnuskilti utan vegar, ca 50 metrum áður en komið var að hvarfinu. Kvað hann legg þann, sem skiltið stóð á, hafa verið hálfgert í kafi. Vitnið kvað stefnanda hafa dregið úr hraða, þegar hann sá aðvörunarskiltið, og síðan hemlað, um leið og hvarfið kom inn í ljósgeisla bifreiðarinnar, en engum togum hafi skipt, að bifreiðin lenti á bakka hvarfsins og kastaðist upp úr því aftur með framhlutann og stöðvaðist. Vitnið kvaðst ekki hafa veitt athygli vegarslóð fram hjá hvarfinu fyrr en eftir slysið. Vitnið kvaðst telja, að útilokað hefði verið að aka yfir umrætt úrrennsli á litlum fólksbíl, en e. t. v. hefði það verið hægt á jeppa.

Í skýrslu Eysteins Einarssonar vegaverkstjóra í Rangárvallasýslu, sem staðfest hefur verið fyrir dóminum, segir svo: „Landeyjavegur syðri liggur á þeim stað, sem umrætt slys varð, er mál þetta er risið út af, um sléttan sand, en ofurlítill halli er að veg-

inum úr austri. Í rigningartíð rennur vatn af hallanum og um ræsi, sem er skammt norðan við slysstaðinn. Skömmu áður en umrætt slys varð, var mér tilkynnt, að runnið hefði úr veginum, og var þá strax hafist handa um viðgerð, fyllt í skarðið og jafnað með veghefli. Á meðan vegaviðgerð þessi átti sér stað, voru sett upp umferðarskilti A — 9 og A — 10, en þar sem hugsanlegt var, að aftur rynni vatn yfir veginn, þá létum við merkin standa, en veginum er svo háttað á þessum stað, að hann er jafnsléttur landinu og getur því runnið yfir hann, án þess að hann verði hættulegur umferð, ef varlega er farið. Mér hafði ekki borist nein vitneskja um, að vegurinn hefði aftur versnað á þessum stað, fyrr en eftir að slysið átti sér stað. Var vegurinn þá jafnaður með heflum. Tel ég, að vegurinn hafi verið fær öllum bifreiðum á þeim tíma, er slysið varð, ef farið var um með varúð".

Svo sem fram kemur á vettvangsuppdrætti og áður hefur verið að vikið, hafði myndast braut utan vegar, til hliðar við umgetið hvarf, en þessa braut munu flestar bifreiðar, sem leið áttu um veg þennan, hafa farið á þessum tíma vegna hvarfsins.

Stefnandi, sem er atvinnubifreiðarstjóri, var án bifreiðar sinnar frá 24. janúar 1973 til 20. febrúar s. á. samkvæmt greinargerð hans.

Málsástæður og lagarök.

Aðalkröfu sína á hendur stefnda Vegagerð ríkisins reisir stefnandi á því, að stefnda beri að sjá um, að ekki séu opnir skurðir á þjóðvegum. Eins og fram kom í lögregluskýrslu, hafi áður fyrr verið þarna ræsi undir veginum. Það hafi verið tekið, vegna þess að það fylltist gjarnan af sandframburði. Síðan hafi vegurinn skorist sundur af vatni. Telji hann því vera stórkostlegt gáleysi af starfsmönnum stefnda Vegagerðar ríkisins að ganga ekki þannig frá brú á þessum stað, að ekki þurfi að hafa skurð í veginum. Og ef látið var viðgangast, að skurðir væru í veginum um nokkurn tíma, þá bar skýlaust að setja skilti í miðjan veginn til viðvörunar um hættuna, en ekki einungis vegavinnuskilti utan vegar. Eðlilegast hefði verið að hafa viðvörunarvita við skurðinn. Samkvæmt þessu telur stefnandi, að eins og háttað var þarna, hefði stefnandi ekki getað forðast slysið, þótt hann hefði sýnt ýtrustu gát, sbr. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 23/1970.

Varakröfu sína á hendur stefnda Almennum Tryggingum h/f reisir stefnandi á húftryggingarsamningi, en hann hafði húftryggt bifreið sína hjá stefnda. Telur stefnandi slysið ótvírætt flokkast undir árekstur og hrap, sbr. 8. gr. skilmálanna.

Kröfur sínar hefur stefnandi sundurliðað þannig:

1. Varahlutir frá Toyotavarahlutaumboðinu h/f ..	kr.	44.644
2. Rétting í Bílaskálanum h/f	—	54.265
3. Eyðilagður rafgeymir	—	3.550
4. Dráttur á bílnum til Reykjavíkur	—	5.000
5. Vextir af víxlum til að greiða viðgerð	—	7.941
6. Dagpeningar í 24 virka daga, kr. 2.500 á dag ..	—	60.000
7. Áætlaður kostnaður við viðgerð á stefnuljósi og „hoodlista"	—	2.000
8. Reikningur Borgarspítala Reykjavíkur vegna aðgerðar	—	500
	Samtals kr.	177.900

Auk þessa gerir hann miskabótakröfu á hendur stefnda Vegagerð ríkisins að fjárhæð kr. 20.000.

Varakröfu sína á hendur stefnda Almennum Tryggingum h/f að fjárhæð kr. 117.400 er sundurliðuð á sama hátt og að framan greinir að undanskildum kröfuliðum 6 og 8, sem stefnandi felldi niður, svo og að undanskilinni miskabótakröfunni.

Sýknukröfu sína byggir stefndi Vegagerð ríkisins aðallega á 65. gr., 2. mgr., laga nr. 23/1970. Telur hann, að starfsmenn sínir hafi ekki sýnt af sér gáleysi, heldur þvert á móti, sérstaklega með uppsetningu aðvörunarmerkja, beggja vegna lægðarinnar, sýnt alla þá aðgæslu, sem af þeim verður krafist. Þó megi glögglega sjá af málavöxtum, að stefnandi hafi sýnt af sér svo mikla óaðgæslu, að stefndi telur, að sök á slysinu liggi að öllu leyti hjá honum sjálfum. Hann hafi ekið fram hjá aðvörunarmerki án þess að draga verulega úr ferð bifreiðarinnar. Sé ljóst, að stefnandi hefði auðveldlega getað forðast óhappið, ef hann hefði sýnt þá aðgát, sem lögboðin sé í 38. gr., 1. mgr., og 49. gr., 2. og 3. mgr. t og n lið, laga nr. 40/1968, enda hyggur stefndi, að erfitt verði fyrir stefnanda að sanna, að slysi hefði ekki orðið afstýrt, þótt hann hefði sýnt ýtrustu varkárni. Hvort tveggja sé, að með gætni hefði mátt aka yfir dældina, án þess að tjón hlytist af, og einnig hefði verið hindrunarlaus leið fram hjá lægðinni.

Auk þessa mótmælir stefndi Vegagerð ríkisins sérstaklega kröfum stefnanda um bætur vegna atvinnutjóns og miska sem allt of háum, óraunhæfum og órökstuddum.

Stefndi Almennar Tryggingar h/f byggir sýknukröfu sína á

vátryggingarskilmálunum. Samkvæmt 9. gr. vátryggingarskilmálanna, o–p lið, hafi stefndi undanskilið sig ábyrgð á tjóni sem þessu. Samkvæmt o lið hafi félagið undanskilið sig ábyrgð á skemmdum, sem hljótast af því, að ökutæki taki niðri á ójafnri akbraut, svo sem hrygg eftir veghefil, jarðfast og laust grjót við akbraut eða akbrautarbrún. Sé hér átt við skemmdir á undirvagni svo og gírkassa, drifi og rafgeymi. Er því afdráttarlaust haldið fram, að tjón sem þetta beri að heimfæra undir þessa undanþáguliði, einkum með tilliti til þess, að stefnandi hafi sýnt af sér mjög vítavert gáleysi í akstri (sbr. e lið 9. gr.) og ekki sinnt aðvörunarmerki, sem hann viðurkenni þó að hafa orðið var við, enda er á það bent, að hvort tveggja var, að hliðarvegur lá meðfram torfæru þeirri, sem ökumaður ók í, svo og að með gætni mátti vel aka yfir hinn ójafna veg án þess að skemma bifreiðina. Einnig beri að taka tillit til p liðs sömu greinar, þar sem undanskilið er tjón vegna náttúruhamfara, en ójafna sú, sem á veginum var, hafi einmitt orsakast af óvenju miklum rigningum á þeim tíma árs, sem klaki er að fara úr vegum, og hefði því hver góður og samviskusamur bílstjóri mátt reikna með slíkum misjöfnum á veginum. Óaðgæsla ökumanns falli, eins og fyrr segi, undir ákvæði í e lið 9. gr. skilmálanna, þar sem undanskilin er ábyrgð, ef ökumaður hefur sýnt af sér stórkostlega óvarkárni. Ökumaður sinni ekki aðvörunarmerkinu, sem hann þó sjái, en aki með miklum hraða áfram. Hvað hefði skeð, ef menn hefðu verið að vinna við lagfæringu á þessari ójöfnu?

Stefndi gerir ekki tölulega athugasemd við fyrstu 3 kröfuliði stefnanda, enda liggi fyrir reikningar frá viðurkenndu verkstæði um þessi útgjöld. 4. liður, dráttur á bifreið til Reykjavíkur, kr. 5.000, sætir heldur ekki neinum athugasemdum tölulega, þótt ekki liggi fyrir kvittaðir reikningar yfir þann kostnað. 5. liður, sem nefndur er vextir af víxli til að greiða viðgerð, er algerlega mótmælt. Stefnandi krefjist í stefnu 8% ársvaxta frá því hann greiddi tjónið, þ. e. frá 21. febrúar 1973, til greiðsludags, og sé því raunverulega að krefjast vaxta-vaxta, ef þessi liður væri tekinn með í kröfugerðina. Sérstaklega er mótmælt 8% vaxtakröfu, þar sem gildandi dómvenja sé að dæma 7% vexti. Engar athugasemdir gerir stefndi við 7. lið kröfugerðarinnar.

Niðurstaða.

Dómarinn tekur fram, að enda þótt kröfur stefnanda á hendur hinum stefndu séu ekki byggðar á sömu lagaákvæðum og lagasjónarmiðum, þá sé rót krafnanna hin sama, þ. e. a. s. einn og

sami tjónsatburðurinn, þannig að ekki virðast efni til að vísa málinu frá dómi ex officio af þeim sökum, en frávísunarkrafa hefur ekki verið höfð uppi í málinu.

Vegur sá, sem hér um ræðir, er þjóðvegur.

Enginn ágreiningur er um það milli stefnanda og stefnda, að bifreið stefnanda skemmdist við að lenda í hvarfi því á veginum, sem hér er um rætt.

Í ljós þykir leitt þrátt fyrir fremur ónákvæmar mælingar á umfangi umrædds vegarhvarfs, að það hafi verið ófært eða að minnsta kosti illfært fólksbifreiðum sem þeirri, er í máli þessu greinir, og eins víst, að bifreiðar, sem í því lentu, yrðu fyrir skemmdum.

Einnig er í ljós leitt, að vegarslóð var fram hjá umræddu hvarfi, utan vegar, og jafnframt að aðvörunarskilti A — 9 var hægra megin vegar í akstursstefnu bifreiðarinnar, ca 50 metrum frá hvarfinu, þá er slysið varð.

Svo sem fram hefur komið, gerir stefnandi aðallega kröfu um bætur úr hendi stefnda Vegagerðar ríkisins, en að henni sýknaðri er gerð til vara krafa á hendur stefnda Almenntum Tryggingum h/f.

Verður því fyrst fyrir að athuga, hvort vanræksla starfsmanna stefnda Vegagerðar ríkisins hafi verið slík í þessu tilviki, að stefnandi eigi rétt til bóta úr hans hendi.

Í málinu er það fram komið, að viðgerð hafi farið fram á umræddum vegi á þeim stað, sem slys þetta varð, skömmu áður, enda hefði þá runnið úr honum. Viðgerð þessi mun að vísu hafa verið bráðabirgðaviðgerð eða þannig framkvæmd, að fyllt var í skarðið og jafnað með veghefli, enda e. t. v. ekki heppilegur árstími til varanlegrar vegagerðar. Á meðan á umræddri vegaviðgerð stóð, voru sett upp aðvörunarskiltin A — 9 og A — 10 beggja vegna vegarskemmdarinnar og þau síðan látin standa þar áfram, eftir að vegaviðgerð lauk, „þar sem hugsanlegt var, að aftur rynni vatn yfir veginn", svo sem segir í skýrslu Eysteins Einarssonar, vegaverkstjóra í Rangárvallasýslu, á dskj. nr. 15.

Þegar þessara varúðarráðstafana af hálfu vegagerðarmanna er gætt svo og þess, að vitað er, að mikil umferð var um umræddan veg, eftir að Heimaeyjargos hófst þá rétt áður, eða aðfaranótt 23. janúar, án þess að nokkur óhöpp hafi hent bifreiðar, svo vitað sé, svo og þegar það er haft í huga, að engin kvörtun hafði borist vegaverkstjóra um, að vegurinn væri hættulegur umferð, og einnig að vegfarendur gátu búist við spillingu vega vegna undan-

farandi rigningartíðar, þá verður að telja, að starfsmenn stefnda Vegagerðar ríkisins hafi ekki sýnt hér af sér þá óvarkárni, sem fellt gæti skaðabótaábyrgð á slysi þessu á stefnda Vegagerð ríkisins, sbr. og 2. mgr. 65. gr. vegalaga nr. 23/1970.

Ber samkvæmt þessu að sýkna stefnda Vegagerð ríkisins af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður þeirra í milli falli niður.

Eftir er þá að athuga hugsanlega bótaábyrgð stefnda Almennra Trygginga h/f.

Svo sem fram hefur komið, byggir stefnandi kröfu sína á hendur stefnda Almennum Tryggingum h/f á húftryggingarsamningi þeirra vegna bifreiðar stefnanda og telur, að slysið flokkist ótvírætt undir 8. gr. skilmálanna, enda ekki undanskilið því ákvæði með neinu undantekningarákvæði skilmálanna.

Stefnandi hafði gert húftryggingarsamning um bifreið sína, R 4211, við stefnda Almennar Tryggingar h/f með viðauka við kaskótryggingarskírteini, útgefið 27. desember 1972, sbr. dskj. nr. 16.

Um bótaskylduna í 8. gr. vátryggingarskilmálanna á dskj. nr. 5 segir svo: „Félagið bætir skemmdir á ökutækinu sjálfu, af eldingu, eldsvoða og sprengingum, sem stafa af honum, árekstri, áakstri, veltu og hrapi eða af því, að ökutækinu er stolið eða rænt, svo og af flutningsslysi ...“.

Fallast má á það með stefnanda, að tjón hans sé bótaskylt samkvæmt þessu ákvæði, enda geti tilvikið hvort sem er fallið undir hrap eða áakstur.

Í skilmálunum er enga skilgreiningu að finna á framangreindum hugtökum, en út frá almennri málvenju eru orðin víðtækrar merkingar, og verður við það að miða hér.

Þá er að athuga, hvort skemmdir bifreiðarinnar eru undanskildar ábyrgð félagsins samkvæmt 9. gr. skilmálanna, svo sem stefndi Almennar Tryggingar h/f hefur sérstaklega haldið fram og einkum vitnað til ákvæðanna í töluliðunum o, p og e.

Ekki verður talið, að tjón stefnanda verði rakið til ásetnings hans eða svo stórkostlegs gáleysis, að e liður 9. gr. eigi hér við.

Rétt þykir að taka hér upp ákvæði o liðs 9. gr. skilmálanna, þar sem það ákvæði virðist aðallega koma hér til athugunar, enda byggir stefndi mótmæli sín fyrst og fremst á því. Ákvæðið hljóðar svo: „Skemmdir á ökutækinu, er stafa af snöggri beitingu hemlanna, af akstri á ósléttri akbraut, hér með talin bilun á ásnum, fjöðrum, gírkassa, drifi, rafgeymi og öðrum hlutum í

eða á undirvagni ökutækisins, skemmdir vegna þess, að hreyfillinn bráðnar saman, svo og aðrar skemmdir, sem hljótast af því, að ökutækið tekur niðri á ójöfnum akbrautum, svo sem hryggjum eftir veghefla, jarðföstu og lausu grjóti á akbraut eða við akbrautarbrúnir. Einnig skemmdir, er verða, þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutækið í akstri".

Tjón stefnanda þykir hafa orðið með það sérstökum hætti, að ekki verði rakið til þess, sem í ofannefndu ákvæði greinir, enda verður vátryggingarfélagið að bera hallann af óljósu orðalagi ákvæðisins samkvæmt almennum túlkunarreglum slíkra samninga.

Fráleitt þykir, að skemmdir á bifreið stefnanda geti talist stafa af náttúruhamförum, sbr. p lið 9. gr., svo sem stefndi hefur haldið fram.

Samkvæmt þessu ber stefnda Almennum Tryggingum að bæta tjón stefnanda með þeim hætti sem nú verður rakið: Kröfuliðum 1—3 (varahlutirnir, kr. 44.644, rétting, kr. 54.265, og rafgeymir, kr. 3.550) hefur stefndi ekki mótmælt tölulega, og verða þeir því teknir til greina að öllu leyti, enda þykir ekkert athugavert við þá. Kröfuliður 4, dráttur á bifreið til Reykjavíkur, kr. 5.000, sætir heldur ekki þeim athugasemdum af hálfu stefnda, að dómarinn telji ástæðu til umfjöllunar, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur. 5. kröfulið, sem nefndur er vextir af víxli til að greiða viðgerð, er algerlega mótmælt af hálfu stefnda. Fallast verður á það með stefnda, að ekki séu efni til að taka kröfulið þennan til greina, svo sem kröfugerð stefnanda er að öðru leyti háttað. 6. kröfulið, um dagpeninga, felldi stefnandi niður úr kröfugerð sinni gagnvart stefnda Almennum Tryggingum h/f, svo sem áður hefur verið frá greint. Þar eð stefndi gerir ekki athugasemd við 7. kröfulið stefnanda varðandi áætlaðan viðgerðarkostnað á stefnuljósum, verður hann tekinn til greina óbreyttur. Kröfulið 8, reikning frá Borgarspítala vegna læknisaðstoðar, hefur stefnandi fellt niður úr kröfugerð sinni gagnvart stefnda, svo sem fyrr er frá greint.

Í húftryggingarskilmálunum er svofellt ákvæði: „Af sérhverju tjóni, er verða kann á bifreiðinni, ber eigandi sjálfsábyrgð, er nemur kr. 10.000.00". Ber að draga upphæð þessa frá framangreindum fjárhæðum.

Samkvæmt framanskráðu ber stefnda Almennum Tryggingum h/f að greiða stefnanda kr. 99.459 (44.644 + 54.265 + 3.550 + 5.000 + 2.000 + 10.000) ásamt 7% ársvöxtum frá 21. febrúar

1973 til 16. maí s. á. og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum er rétt, að stefndi Almennar Tryggingar h/f greiði stefnanda kr. 33.000 í málskostnað.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna mikilla embættisanna.

Dómsorð:

Stefndi Vegagerð ríkisins skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurgeirs V. Sigurgeirssonar, í máli þessu, en málskostnaður þeirra í milli falli niður.

Stefndi Almennar Tryggingar h/f greiði stefnanda kr. 99.459 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. febrúar 1973 til 16. maí s. á., en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 33.000 í málskostnað.

Dóminum skal fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. desember 1975.

Nr. 164/1975. **Emma Þorsteinsdóttir og Jón Þorsteinsson**
gegn
Þorsteini Aðalsteinssyni
Gunnari Þorsteinssyni og
Þorsteini Þorsteinssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna. Landskipti. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 7. nóvember 1975, sem Hæstarétti barst 20. s. m., hafa sóknaraðiljar kært úrskurð, uppkveðinn á aukadómþingi Þingeyjarsýslu 29. október 1975. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðs-

dómara „aðallega að dómkveðja þrjá óvilhalla og hæfa utanhéraðsmenn til að framkvæma undirlandskipti á jörðinni Geiteyjarströnd II í Skútustaðahreppi, en til vara að dómkveðja fjóra utanhéraðsmenn til að framkvæma yfirlandskipti á jörðinni". Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Þegar mál þetta var tekið fyrir á aukadómþingi Þingeyjarsýslu 9. október 1975, kom fram greinargerð af hendi sóknaraðilja, en ekki var sótt þing af þeirra hálfu. Af hálfu varnaraðilja var ekki sótt þing, og ekki verður séð, að þeim hafi verið gefinn kostur á þingsókn.

Eins og atvikum máls þessa er háttað, bar héraðsdómara samkvæmt 3. mgr. 139. gr. laga nr. 85/1936 að gera varnaraðiljum aðvart um þinghaldið og gefa þeim kost á að lýsa viðhorfi sínu til dómkvaðningarbeiðni sóknaraðilja, áður en úrskurður yrði lagður á málsefnið. Þar sem héraðsdómari gætti þessa ekki, ber að ómerkja hinn kærða úrskurð.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður aukadómþings Þingeyjarsýslu 29. október 1975.

Ár 1975, miðvikudaginn 29. október, var á aukadómþingi Þingeyjarsýslu, sem Sigurður Gizurarson sýslumaður hélt í skrifstofu embættisins í Húsavík, kveðinn upp úrskurður í aukadómþingsmálinu nr. 10/1975: Magnús Thorlacius f. h. Emmu Þorsteinsdóttur og Jóns Þorsteinssonar gegn Þorsteini Aðalsteinssyni, Gunnari og Þorsteini Þorsteinssonum, en mál þetta var tekið til úrskurðar í dag.

Málið er til komið vegna beiðni Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns f. h. Emmu Þorsteinsdóttur og Jóns Þorsteinssonar um, að dómkvaddir verði 3 undirlandskiptamenn til að framkvæma landskipti á Geiteyjarströnd II, og til vara, ef við þeirri beiðni verður ekki orðið, að dómkvaddir verði 4 yfirlandskipta-

menn til að framkvæma yfirlandskipti samkvæmt 6. gr. laga nr. 46/1941. Skal nú víkja að málavöxtum og úrskuður lagður á málið.

Í greinargerð sóknaraðilja í matsmálinu, eins og hann nefnir það, eru þessar dómkröfur gerðar:

Aðallega að dómkvaddir verði þrír óvilhallir og hæfir utanhéraðsmenn til að framkvæma umbeðin landskipti á jörðinni Geiteyjarströnd II í Skútustaðahreppi, en til vara, að dómkvaddir verði fjórir óvilhallir og hæfir yfirmatsmenn til að framkvæma umbeðin skipti. Krafist er málskostnaðar úr hendi varnaraðilja in solidum.

Aðalkrafa. Lög nr. 46/1941 um landskipti geyma ákveðnar reglur um, hverjir séu landskiptamenn til að framkvæma skipti samkvæmt lögunum, sbr. 4. gr. laganna. Samkvæmt þeirri grein skal ekki dómkveðja matsmennina. Úttektarmenn skulu vera matsmenn hver í sínu umdæmi. Þá skipar sýslumaður samkvæmt 46. gr. laga nr. 36 frá 29. mars 1961. Þriðja manninn, oddamann, skal sýslumaður og kveðja til skiptagerðar, sbr. nefnda 4 gr. landskiptalaganna.

Lögmaður sóknaraðilja rökstyður dómkröfu sína um dómkvaðningu 3 hæfra og óvilhallra matsmanna við það, að löglegir matsmenn hafi hafnað að framkvæma skiptin á augljóslega röngum forsendum og því gerst vanhæfir með því að gegna ekki skyldu sinni.

Í landskiptalögum nr. 46/1941 er gert ráð fyrir því, að landskiptamenn kunni að hafna að taka til greina kröfu um landskipti, sbr. 1. gr., 3. gr. og 6. gr. laga nr. 46/1941. Hvergi er í lögunum að finna heimild til þess, að sýslumaður taki að segja matsmönnum fyrir um störf þeirra. Samkvæmt þessu er engin lagaheimild til að dómkveðja matsmenn né heldur er þannig unnt að ganga gegn þeirri skipan, sem lög nr. 46/1941 mæla fyrir um. Ef matsmenn hefðu verið vanhæfir, sbr. meginreglur í 46. gr. laga nr. 85/1936, hefðu varaúttektarmenn átt að taka við matsstörfum og nýr oddamaður að kveðjast til með stjórnsýslugerningi. En þar sem landskiptamennirnir hafa ekki orðið vanhæfir samkvæmt meginreglum 36. gr. laga nr. 85/1936, hafa ekki aðrir landskiptamenn komið í þeirra stað.

Varakrafa. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 46/1941 skal dómkveðja 4 menn óvilhalla til að framkvæma yfirmat. Frestur til að krefjast yfirmats er 6 mánuðir frá þeim degi, er skipti fóru fram við undirmat, sbr. niðurlag 5. gr. laga nr. 46/1941. Að vísu höfnuðu

undirmatsmenn að framkvæma landskiptin og skráðu þá ákvörðun sína í fundargerð, en eðlilegt virðist, að þá gildi einnig 6 mánaða frestur sá, sem 5. gr. laganna mælir fyrir um:

Undirmatsmenn höfnuðu kröfu um landskipti á skiptafundi 9. október 1974. Lögmanni skiptabeiðanda var tilkynnt um skiptafund þennan með símskeyti, og mætti Jón Illugason, oddviti Skútustaðahrepps, af hálfu skiptabeiðenda. Þetta kemur fram í greinargerð lögmanns skiptabeiðenda. Samkvæmt þessu hafði lögmaðurinn full tök á að kynna sér, hvað hafði gerst á fundinum strax eftir fundinn. Hann beiðist hins vegar ekki dómkvaðningar yfirmatsmanna fyrr en í júní 1975. Var því 6 mánaða fresturinn liðinn. Því er ekki unnt að verða við beiðninni um dómkvaðningu yfirmatsmanna.

Málskostnaður fellur niður.

Því úrskurðast:

Krafa Emmu Þorsteinsdóttur og Jóns Þorsteinssonar um dómkvaðningu þriggja hæfra og óvilhallra utanhéraðsmanna til að framkvæma landskipti á jörðinni Geiteyjarströnd II í Skútustaðahreppi er ekki tekin til greina.

Krafa sömu aðilja um dómkvaðningu 4 óvilhallra manna til að framkvæma yfirlandskipti á Geiteyjarströnd II í Skútustaðahreppi er ekki tekin til greina.

Mánudaginn 8. desember 1975.

Nr. 43/1974. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Aðalsteini Hinrikssyni Bergdal
(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, endurrit dómssátta, er ákærði sætti 1967 og 1972 og greinir í héraðsdómi, svo og skjöl um áfengis- og umferðarlagabrot ökumanns þess, er ók bifreiðinni A 1920 eftir Oddagötu á Akureyri aðfaranótt mánudagsins 13. maí 1974, nokkru áður en ákærði var handtekinn vegna brots þess, er honum er gefið að sök í þessu máli. Brot það, er ákærði sætti refsingu fyrir með dómssátt 2. október 1972, hefur ítrekunaráhrif á brot það, sem hann er saksóttur fyrir í máli því, sem hér er til úrlausnar, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda hans fyrir Hæstarétti, 25.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Aðalsteinn Hinriksson Bergdal, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Steinbergssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 19. nóvember 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., endurupptekið og dómtekið að nýju þann 12. þ. m., er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, útgefnu 3. september 1974, „á hendur Aðalsteini Hinrikssyni Bergdal, leikara, Fjólugötu 18, Akureyri, fæddum þar í bæ 1. desember 1949, fyrir að aka aðfaranótt mánudagsins 13. maí 1974 undir áhrifum áfengis bifreiðinni A 1920 smáspöl við lögreglustöðina á Akureyri.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt mánudagsins 13. maí 1974 stöðvuðu lögreglumenn bifreiðina A 1920 í Oddagötu á Akureyri, þar eð ökumaður hennar var grunaður um að vera undir áhrifum áfengis. Ók Páll Þorkelsson lögreglumaður bifreiðinni að lögreglustöðinni á Akureyri. Aðalsteinn Hinriksson Bergdal, ákærði í máli þessu, sem verið hafði farþegi í nefndri bifreið, fór með honum að lögreglustöðinni. Lögreglumaðurinn lagði bifreiðinni vestan við lögreglustöðina og tók straumláslykla úr henni, en ákærði ætlaði að doka við í bifreiðinni. Stuttu síðar heyrði lögreglumaðurinn, þá kominn inn á varðstofuna, að bifreiðin var gangsett, og sá hann, að ákærði var kominn undir stýri hennar. Hljóp lögreglumaðurinn þegar út ásamt Þorsteini Hallfreðssyni lögreglumanni, og hafði ákærði þá ekið bifreiðinni um það bil bíllengd aftur á bak, en þá hafði vél hennar drepið á sér. Var ákærði að gangsetja bifreiðina á ný, þegar lögreglumennirnir komu að og komu í veg fyrir frekari akstur. Þar sem ákærði var talsvert ölvaður, var hann settur í fangaklefa og honum tekið blóð til alkóhólrannsóknar.

Bifreiðin A 1920 er Opelbifreið, og reyndist mögulegt að gangsetja hana án straumláslykils með því að snúa straumlási.

Framanskráð atvikalýsing er byggð á skýrslu Páls Þorkels-

sonar lögregluþjóns, sem hann hefur staðfest fyrir dómi. Sagði hann þá jafnframt, að ákærði hefði verið búinn að setja vél bifreiðarinnar aftur í gang, þegar þeir komu að henni, og Þorsteinn lögregluþjónn drepið á henni.

Þorsteinn Hallfreðsson lögregluþjónn kom einnig fyrir dóm og staðfesti frumskýrslu Páls Þorkelssonar. Kvaðst hann hafa séð bifreiðina síga aftur á bak í gangi, þegar hann kom út af lögregluvarðstofunni.

Ákærði, sem kvaðst hafa verið búinn að drekka mikið áfengismagn um kvöldið og nóttina, sagðist ekkert muna eftir atvikum, en rengdi ekki skýrslu lögreglunnar.

Í blóðsýni ákærða, teknu umrætt sinn, reyndist vera 1.85‰ alkóhóls.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að ósannað sé með öllu, að hann hafi gangsett bifreiðina, hvað þá ekið henni.

Eftir dómtöku málsins þann 5. þ. m. hafa báðir áðurnefndir lögregluþjónar komið fyrir dóminn og gefið eiðfestar vitnaskýrslur.

Þorsteinn Hallfreðsson mundi ekki, hvort hann hefði þurft að drepa á vél bifreiðarinnar, þegar hann kom að henni. Hann sagði, að bifreiðin hefði ekki getað sigið aftur á bak, án þess að vélarafli hennar væri beitt.

Páll Þorkelsson sagði, að vél bifreiðarinnar hefði verið nýkomin í gang, þegar þeir komu að henni, og ítrekaði, að Þorsteinn hefði drepið á vélinni. Hann sagði nær óhugsandi, að bifreiðin hefði sigið aftur á bak, án þess að vélarafli hennar væri beitt. Hann sá ekki, þegar bifreiðin fór aftur á bak.

Samkvæmt eiðfestum vitnisburði tveggja lögregluþjóna er sannað, að ákærði hafi umrætt sinn gangsett bifreiðina A 1920 við lögregluvarðstofuna. Samkvæmt sömu vitnisburðum er nægilega sannað, að ákærði hafi jafnframt ekið bifreiðinni aftur á bak um eina bíllengd. Samkvæmt þessu og með skírskotun til niðurstöðu alkóhólrannsóknar er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og varðar við þar greind lagaákvæði.

Ákærði hefur áður sætt refsingum sem hér segir:

1967 21/12 á Akureyri. Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 29. október 1967.

1972 2/10 á Akureyri. Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga, 1. mgr. 27. gr. og

1. og 3. mgr. 38. gr., 1. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 10 mánuði frá 15. ágúst 1972.

1973 13/1 á Akureyri. Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 21. gr. áfengislaga.

Refsing ákærða, sem ákveðst samkvæmt 80. gr. umferðarlaga með hliðsjón af því, að brot hans er ítrekað, þykir hæfileg varðhald 15 daga.

Eins og krafist er í ákæruskjali með skírskotln til 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, er ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Steinbergssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.

Dómsorð:

Ákærði, Aðalsteinn Hinriksson Bergdal, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Steinbergssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. desember 1975.

Nr. 32/1975. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Birni Blöndal
(Örn Clausen hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Of hraður akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektar telst frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda hans hér fyrir dómi, 20.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar telst frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Björn Blöndal, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, Þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. október 1974.

Ár 1974, miðvikudaginn 9. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 520/1974: Ákæruvaldið gegn Birni Blöndal, sem tekið var til dóms 2. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 25. f. m., gegn Birni

Blöndal íþróttakennara, Bólstaðarhlíð 68, fæddum 14. maí 1946 í Keflavík, „fyrir að aka laugardaginn 1. desember 1973 bifreiðinni P 1119 á allt að 110 km hraða miðað við klst. eftir Reykjanesbraut skammt frá Hvassahrauni, en þar er leyfður hámarkshraði 70 km, og laugardaginn 13. júlí 1974 bifreiðinni R 40196 á allt að 100 km hraða miðað við klst. eftir Reykjanesbraut á kaflanum frá Flugvallarvegi að Steypustöð Suðurnesja í Ytri-Njarðvík, og þar er leyfður hámarkshraði einnig 70 km.

Telst þetta varða við 2. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga nr. 40/1968.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málsatvik.

1) Að kvöldi laugardagsins 1. desember 1973 stöðvuðu lögregluþjónar úr Grindavík ákærða, er hann var að aka bifreiðinni P 1119 eftir Reykjanesbraut skammt frá Hvassahrauni. Samkvæmt skýrslu lögregluþjóns nr. 1, Kristins Valbergs Gamalíelssonar, hafði ákærði ekið fram úr lögreglubifreiðinni og öðrum bifreiðum, er á undan voru, og er lögregluþjónarnir síðan veittu eftirför og mældu með jöfnu millibili hraða milli bifreiðanna, reyndist hraði bifreiðarinnar P 1119 110 km miðað við klukkustund.

Ákærði kannast við, að hann hafi verið stöðvaður af lögregluþjónum í umrætt skipti, en neitar því, að hraði bifreiðar hans hafi verið meiri en 70—80 km miðað við klukkustund.

Ákærða var sent sektarboð, en hann sinnti því ekki, enda kveðst hann ekki hafa talið sig hafa unnið til refsingar.

Vitnið Kristinn Valberg Gamalíelsson, 29 ára að aldri, skýrir svo frá, að hann og starfsbróðir hans hafi verið á leið til Hafnarfjarðar. Á leiðinni hafi P 1119 verið ekið fram úr lögreglubifreiðinni, sem þá hafi verið ekið með 70 km hraða miðað við klukkustund. Henni hafi svo um stund verið ekið milli lögreglubifreiðarinnar og tveggja bifreiða, sem verið hafi á undan. Síðan hafi P 1119 verið ekið fram úr þessum tveimur bifreiðum og hraði hennar aukinn, þannig að ört hafi dregið í sundur. Þá hafi þeir lögregluþjónarnir veitt P 1119 eftirför og náð að mæla hraða bifreiðanna með jöfnu millibili og þá hafi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýnt 110 km hraða. Ákærði hafi numið staðar, er honum voru gefin ljós- og hljóðmerki. Hann hafi stöðugt neitað því, að hann hefði ekið með meira en 80 km hraða miðað við klukkustund.

Vitnið Erling Svanberg Kristinsson lögregluþjónn, 22 ára að aldri, kveðst hafa stýrt lögreglubifreiðinni. Hann hefur komið fyrir sakadóm Grindavíkur og skýrt þar frá atvikum á sama hátt og vitnið Kristinn Valberg Gamalíelsson. Heldur hann því fram, að hraði lögreglubifreiðarinnar hafi samkvæmt mæli verið 110 km miðað við klukkustund, er henni var ekið með jöfnu millibili á eftir P 1119.

2) Að morgni laugardagsins 13. júlí sl. stöðvaði Guðbjörn Ásbjörnsson lögregluþjónn ákærða á Reykjanesbraut, er hann var á leið til Keflavíkur. Samkvæmt skýrslu Guðbjörns Helga og vætti hans fyrir sakadómi Keflavíkur kom Guðbjörn af flugvellinum og beygði inn á aðalveginn á leið til Ytri-Njarðvíkur. Er hann hafði ekið 20—30 m á Reykjanesbrautinni, ók ákærði bifreiðinni R 40196 fram úr lögreglubifreiðinni, og þar sem Guðbirni Helga þótti hraðinn óeðlilega mikill, veitti hann R 40196 eftirför. Kveðst hann hafa ekið á eftir með jöfnu millibili og hafi hraðinn verið 100 km miðað við klukkustund, en leyfilegur hraði þarna sé 70 km. Hann hafi þá stöðvað R 40196 með viðeigandi hljóð- og ljósmerkjum og átt tal við ákærða. Þegar ákærða hafi verið frá því skýrt, að hann hefði ekið hratt, hefði hann einungis spurt, hvernig hann ætlaði sér að sanna það, og þegar brýnt hafi verið fyrir honum að aka á löglegum hraða, hafi hann svarað því til, að hann æki eins og hingað til.

Ákærði minnist þessa atviks, en heldur því fram, að hann hafi alls ekki ekið yfir lögleyfðan hraða. Hann segir, að lögreglubifreiðinni hafi verið ekið ógætilega inn á Reykjanesbraut í veg fyrir hann og hann þurft að víkj og síðan að aka fram fyrir lögreglubifreiðina. Heldur ákærði því fram, að við þetta hafi fokið í lögregluþjóninn og hann því veitt honum eftirför.

Önnur gögn eru ekki fyrir hendi um þennan atburð.

Niðurstöður.

1) Með vætti lögregluþjónanna Kristins Valbergs Gamalíelssonar og Erlings Svanbergs Kristinssonar þykir þrátt fyrir neitun ákærða sannað, að ákærði hafi ekið með óleyfilegum hraða hinn 1. desember 1973 og þannig unnið til refsingar samkvæmt 2. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

2) Gegn neitun ákærða telst vætti Guðbjörns Helga Ásbjörnssonar eigi nægileg sönnun þess, að ákærði hafi ekið bifreið með óleyfilegum hraða hinn 13. júlí sl., og verður ákærði sýknaður af þessu ákæruatriði.

Á árinu 1962 var ákæru á hendur ákærða fyrir þjófnað frestað

skilorðsbundið í 2 ár. Hinn 28. janúar 1966 var hann dæmdur í 3.000 kr. sekt fyrir áfengis- og umferðarlagabrot og sviptur ökuleyfi 6 mánuði. Þá hefur hann 5 sinnum sæst á sektargreiðslu, þar af þrisvar fyrir umferðarbrot.

Refsing ákærða verður ákveðin 5.000 króna sekt til ríkissjóðs og vararefsing 2 daga varðhald.

Þá verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, sbr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 7.500.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Blöndal, greiði 5.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 2 daga fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal másvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 7.500.

Mánudaginn 8. desember 1975.

Nr. 159/1974. **Gunnar Birgir Þorvaldsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Guðrúnu Einarsdóttur og gagnsök
(Hjörtur Torfason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Lögtak. Barnalífeyrir. Framfærslueyrir.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 25. september 1974. Krefst hann þess, að synjað verði um umbeðið lögtak. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 27. september 1974. Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur, þó svo, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði. Enn fremur krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda um lögtak varða annars vegar meðlag með barni málsaðiljanna á tímabilinu 1. febrúar 1973 til maíloka 1974 og hins vegar framfærrslueyri með gagnáfrýjanda 1. febrúar 1973 til 1. maí 1974, hvort tveggja samkvæmt leyfisbréfi dómsmálaráðuneytis 27. nóvember 1973 til skilnaðar að borði og sæng, sem lýst er í úrskurði fógeta.

I.

Fjárgreiðslur þær, sem aðaláfrýjandi telur sig hafa innt af hendi vegna barns málsaðilja á tímabili því, sem lögtakskrafa gagnáfrýjanda tekur til, eru eigi þannig vaxnar, að þær geti komið til skuldajafnaðar við lögtakskröfu um meðlag. Gagnáfrýjandi hefur forræði barnsins og er lögbær til að standa að kröfu um lögtak vegna meðlagsgreiðslna þessara.

II.

Aðaláfrýjandi reisir kröfu sína um sýknu af greiðslu framfærslueyris til gagnáfrýjanda á því, að hann hafi goldið henni eða vegna hennar hærri fjárhæðir en lögtakskröfu nemur. Komi þar bæði til greiðslur á reikningum vegna úttektar gagnáfrýjanda á matvörum í tiltekinni verslun og svo ýmsar aðrar greiðslur til hennar eða vegna hennar, samtals kr. 286.011.80.

Gagnáfrýjandi hefur andmælt því, að þessar fjárgreiðslur komi til skuldajafnaðar við kröfu hans á hendur aðaláfrýjanda vegna framfærslueyris, og telur m. a., „að þessar greiðslur hafi ekki verið lífeyrir, heldur kostnaður við heimilishald". Eigi er sannað, að gagnáfrýjandi hafi samþykkt, að sá greiðsluháttur væri á framfærslueyri, sem felst í greiðslu aðaláfrýjanda á framangreindum reikningum eða í öðrum fjárgreiðslum hans. Koma þær þegar af þeirri ástæðu eigi til

skuldajafnaðar kröfum gagnáfrýjanda á hendur honum í máli þessu, sbr. og undirstöðurök 2. tl. 31. gr. laga nr. 19/1887.

III.

Samkvæmt framanrituðu ber að staðfesta úrskurð fógeta, sbr. 6. tölulið 1. gr. laga nr. 29/1885, að undanskildu málskostnaðarákvæði hans. Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður að undanskildu málskostnaðarákvæði hans.

Aðaláfrýjandi, Gunnar Birgir Þorvaldsson, greiði gagnáfrýjanda, Guðrúnu Einarsdóttur, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 18. september 1974.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 11. þ. m.

Með gerðarbeiðni, dagsettri 11. júní 1974, krafðist gerðarbeiðandi þess, að gerðarþoli yrði dæmdur til að greiða sér kr. 325.252 með 1½% mánaðarvöxtum af kr. 201.161 frá 1. desember 1973 til 1. janúar 1974 og af kr. 221.498 frá þeim degi til 1. febrúar s. á. og af kr. 241.998 frá þeim degi til 1. mars s. á. og af kr. 262.499 frá þeim degi til 1. apríl s. á. og af kr. 282.999 frá þeim degi til 1. maí s. á. og af kr. 304.125 frá þeim degi til 1. júní s. á., en af kr. 325.252 frá þeim degi til greiðsludags.

Auk þess krafðist gerðarbeiðandi innheimtulauna úr hendi gerðarþola að fjárhæð kr. 24.662 og alls kostnaðar við gerð þessa.

Málavextir eru þeir, að hinn 29. janúar 1955 gengu gerðarþoli og gerðarbeiðandi í hjónaband. Hinn 16. febrúar 1971 slitu þau samvistum. En 27. nóvember 1973 gaf dóms- og kirkjumálaráðuneytið út leyfisbréf til handa aðiljum til skilnaðar að borði og sæng. Í þessum ráðuneytisúrskurði er gerðarþola gert að greiða lífeyri með gerðarbeiðanda, kr. 18.000 á mánuði frá 1. febrúar 1973, meðan skilnaður að borði og sæng varir.

Eins og fram kemur í gerðarbeiðni, telur gerðarbeiðandi, að vanefndir hafi átt sér stað á greiðslum þessum.

Einnig var í áðurnefndum úrskurði ákvæði þess efnis, að gerðarþoli greiddi gerðarbeiðanda 1½ meðalmeðlag með barni þeirra hjóna, Guðrúnu að nafni, til fullnaðs 17 ára aldurs hennar, frá 1. febrúar 1973. Einnig í þessum meðlagskröfum telur gerðarbeiðandi hafa orðið vanefndir á af hálfu gerðarþola.

Samkvæmt ofanskráðu telur gerðarbeiðandi, að gerðarþoli skuldi sér lífeyri að fjárhæð kr. 288.000 og meðlag kr. 37.252, eða samtals kr. 325.252. Við munnlegan flutning málsins lækkaði lögmaður gerðarbeiðanda kröfurnar um kr. 18.000, þ. e. í kr. 307.252.

Gerðarþoli heldur því fram, að hann hafi greitt gerðarbeiðanda fullan lífeyri. Hann hefur lagt fram lista yfir greiðslur til gerðarbeiðanda að fjárhæð kr. 927.858.30.

Þá hefur gerðarþoli haldið því fram, að hann hafi greitt vegna Guðrúnar Birgisdóttur kr. 55.958.

Farið hefur verið yfir þessa skuldalista með gerðarbeiðanda. Sumum liðum á listanum hefur gerðarbeiðandi mótmælt sem röngum og öðrum óréttmætum, þar sem gerðarþoli hafi boðið þessar greiðslur fram án skilyrða.

Hvernig sem þessum greiðslum hefur verið háttað, skiptir það eigi máli í þessu sambandi, sbr. hæstaréttardóm frá 18. janúar 1954. En í þessum dómi er tekið fram, að óheimilt sé að lögum að láta koma til frádráttar framfærslueyri aðrar greiðslur, sem skuldari kann að hafa innt af hendi til kröfuhafa.

Samkvæmt framanrituðu getur gerðarþoli ekki komið að kröfum sínum í þessu máli. Verða því allar kröfur gerðarbeiðanda teknar til greina, þ. e. kr. 307.252 með 1½% dráttarvöxtum af kr. 201.161 frá 1. desember 1973 til 1. janúar 1974, en af kr. 221.498 frá þeim degi til 1. febrúar s. á., en af kr. 241.998 frá þeim degi til 1. mars s. á., en af kr. 262.499 frá þeim degi til 1. apríl s. á., en af kr. 282.999 frá þeim degi til 1. maí s. á., en af kr. 304.125 frá þeim degi til 1. júní s. á., en af kr. 307.252 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Lögtak skal fara fram í eignum gerðarþola, Gunnars Birgis Þorvaldssonar, fyrir kr. 307.252 með 1½% dráttarvöxtum

fyrir hvern vanskilamánuð af kr. 201.161 frá 1. desember 1973 til 1. janúar 1974, en af kr. 221.498 frá þeim degi til 1. febrúar s. á., en af kr. 241.998 frá þeim degi til 1. mars s. á., en af kr. 262.499 frá þeim degi til 1. apríl s. á., en af kr. 282.999 frá þeim degi til 1. maí s. á., en af kr. 304.125 frá þeim degi til 1. júní s. á. og af kr. 307.252 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 8. desember 1975.

Nr. 162/1974. **Guðrún Einarsdóttir**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Gunnari Birgi Þorvaldssyni og
Unnsteini Beck, skiptaráðanda í Reykjavík
vegna bús hjónanna Guðrúnar Einarsdóttur
og Gunnars Birgis Þorvaldssonar
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Hjón. Búskipti við skilnað. Séreign.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 26. september 1974. Krefst hann þess aðallega, „að hlutafélagið Runtal — ofnar, Reykjavík, og allar eignir þess félags skuli teljast sameign málsaðilja ... í hlutföllunum 95:90 og tilheyrandi hjúskapareign þeirra hvors um sig". Til vara er þess krafist, að hlutafé stefnda, Gunnars Birgis, í félaginu, að nafnverði 95.000 krónur, teljist hjúskapareign hans í búi málsaðiljanna Guðrúnar og Gunnars Birgis, enda teljist hlutabréf áfrýjanda, að nafnverði 90.000 krónur, hjúskapareign hennar í

búi þessu. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Gunnar Birgir, krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Unnsteini Beck, skiptaráðanda í Reykjavík, var stefnt fyrir Hæstarétt f. h. búsins. Engar kröfur eru gerðar á hendur honum, og hann hefur engar kröfur haft uppi.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Leitt er í ljós, að mál það, sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði og höfðað var fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur 28. desember 1973, var hafið.

I.

Engin haldbær rök hafa komið fram af hálfu áfrýjanda fyrir því, að hlutafélagið Runtal — ofnar skuli talið sameign málsaðilja í skiptum þeirra vegna lögskilnaðar. Ber því að hrinda þeirri kröfu.

II.

Áfrýjandi og stefndi, Gunnar Birgir, giftust á árinu 1955. Fyrir giftingu gerðu þau kaupmála, dagsettan 25. janúar 1955 og skráðan næsta dag. Samkvæmt kaupmála þessum skyldi tiltekin íbúð og innanstokksmunir samkvæmt skrá vera séreign áfrýjanda svo og arfur, sem henni kynni að tæmast eftir foreldra sína. Að öðru leyti skyldi vera „venjulegt helmingabú“ með þeim hjónum.

Á árinu 1958 stofnuðu þau hjónin ásamt þremur öðrum mönnum Vélsmiðjuna Járn h/f. Þau gerðu kaupmála að nýju 20. desember 1962, sem skráður var 22. s. m. Samkvæmt kaupmála þessum skyldi tiltekin íbúð vera séreign áfrýjanda, en íbúð sú, sem getið hafði verið í hinum fyrri kaupmála, var seld árið áður. Þá skyldu allir innanstokksmunir þeirra hjóna vera séreign áfrýjanda og allur arfur, sem hún kynni að fá eftir foreldra sína. Séreign stefnda, Gunnars Birgis, samkvæmt kaupmála þessum skyldi vera öll hlutabréf í Vélsmiðjunni Járni h/f, sem skráð voru á nafn hans, að nafnverði 41.000 krónur, svo og aukningarhlutir í hlutafélagi þessu, sem skráðir yrðu á hans nafn. Enn fremur bifreið svo

og arfur, er hann kynni að fá eftir foreldra sína. Að öðru leyti skyldi vera „venjulegt helmingabú“ með þeim hjónum.

Áfrýjandi var skráður eigandi eins hlutabréfs í Vélsmiðjunni Járni h/f, að nafnverði 1.000 krónur.

Með samningi 28. desember 1965 seldi stefndi, Gunnar Birgir, f. h. allra hluthafa í Vélsmiðjunni Járni h/f nafngreindum aðiljum öll hlutabréf í Vélsmiðjunni Járni h/f, samtals að nafnverði 45.000 krónur. Er í hinum áfrýjaða úrskurði gerð grein fyrir samningi þessum og á hvern hátt skyldi hagað greiðslum á kaupverði hlutabréfanna.

Í desember 1965 var stofnað hlutafélagið Runtal — ofnar. Er stofnsamningur félagsins dagsettur 17. desember 1965 svo og samþykktir þess, en félagið var skráð í hlutafélagaskrá Reykjavíkur 9. mars 1966. Skyldi hlutafé félagsins vera 200.000 krónur. Var stefndi skráður fyrir 95.000 króna hlutafé, áfrýjandi fyrir 90.000 króna hlutafé, en þrír nafngreindir ættingjar stefnda, Gunnars Birgis, voru skráðir fyrir alls 15.000 króna hlutafé. Samkvæmt 3. gr. stofnsamnings var allt hlutafé talið innborgað.

Krafa stefnda, Gunnars Birgis, í máli þessu er á því reist, að hann hafi varið fé því, er fékkst fyrir hlutabréf hans í Vélsmiðjunni Járni h/f, til þess að greiða hlutafé sitt í Runtal — ofnum h/f og verði það hlutafé því séreign hans samkvæmt 3. tölulið 1. málsgr. 23. gr. laga nr. 20/1923. Af hálfu áfrýjanda er þessu andmælt og því haldið fram, að stefndi, Gunnar Birgir, hafi eigi haft fjárhagslegt bolmagn til að greiða hlutafélagið í Runtal — ofnum h/f með andvirði hlutabréfanna í Vélsmiðjunni Járni h/f. Andvirði bréfanna hafi verið notað til að leysa ýmsar skuldbindingar af Vélsmiðjunni Járni h/f og stefnda, Gunnari Birgi, sjálfum.

Í máli þessu skortir reikningsgögn um efnahag Vélsmiðjunnar Járns h/f, þegar horfið var að því ráði að selja hlutabréfin í því félagi. Samningurinn um sölu hlutabréfanna er því ekki einhlítt gagn um hin raunverulegu viðskipti. Þá skortir glögg gögn um fjárhag stefnda, Gunnars Birgis, þegar salan fór fram, og sölu hlutabréfanna er eigi getið í skattframtali þeirra hjóna árið 1966. Sönnunarbyrði hvílir á

stefnda, Gunnari Birgi, fyrir þeirri staðhæfingu, að andvirði hlutabréfa í Vélsmiðjunni Járni h/f hafi nægt til að greiða hlutafjáreign hans í Runtal — ofnum h/f, og að því hafi verið varið í því skyni. Stefnda hefur eigi tekist með skýrum reikningsskilum að færa sönnur að staðhæfingu sinni. Ber því að telja hlutabréf hans, að nafnverði 95.000 krónur, í Runtal — ofnum h/f hjúskapareign hans í búskiptum út af skilnaði málsaðilja, enda var eigi gerður sérstakur kaupmáli eða kaupmálaauki um þau. Því er eigi andmælt í málinu, að hlutabréf áfrýjanda í Runtal — ofnum h/f verði talin hjúskapareign hennar við skipti þessi, og ber að leggja það til grundvallar.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir stefndi, Gunnar Birgir, eiga að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 120.000 krónur.

Lögmenn hafa lagt fram ýmis skjöl í máli þessu, sem engu skipta um málsúrslit. Er það aðfinnsluvert.

Dómsorð:

Hlutafé stefnda, Gunnars Birgis Þorvaldssonar, í Runtal — ofnum h/f, að nafnverði 95.000 krónur, og hlutafé áfrýjanda, Guðrúnar Einarsdóttur, í sama félagi, að nafnverði 90.000 krónur, skal teljast hjúskapareign hvors þeirra um sig við skipti á búi þeirra vegna skilnaðar.

Stefnandi, Gunnar Birgir, greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 120.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 26. júlí 1974.

Aðiljar málsins, Birgir Þorvaldsson, nú til heimilis að Safamýri 42, og Guðrún Einarsdóttir, Hjarðarhaga 29, gengu í hjúskap 29. janúar 1955, en sambúð þeirra lauk vegna missættis í janúar 1971. Krafa konunnar um skilnað að borði og sæng var tekin fyrir hjá borgardómaraembættinu í Reykjavík 28. apríl 1971, en samkomu-

lag um skilnaðarmála náðist ekki, og var málinu vísað til dómsmálaráðuneytisins 4. maí s. á. Eftir það fóru fram ítrekaðar samkomulagsumleitanir með hjónunum að forgöngu lögmanna þeirra, m. a. um skiptingu eigna. Þegar þær tilraunir báru ekki árangur, sneri umboðsmaður sóknaraðilja sér til skiptaráðanda með beiðni, dags. 5. febrúar 1973. um, að búið yrði tekið til opinberrar skiptameðferðar.

Leyfisbréf til skilnaðar hjónanna að borði og sæng var gefið út af dómsmálaráðuneytinu 27. nóvember 1973.

Hjónin höfðu gert með sér tvo kaupmála. Hinn fyrri, dagsettan 25. janúar 1955 og skrásettan næsta dag í kaupmálabók Reykjavíkur, og framhaldskaupmála, dagsettan 20. desember 1962, skrásettan sama dag.

Samkvæmt kaupmálunum urðu séreignir konunnar, varnaraðilja, þessar:

1. 1. hæð hússins nr. 29 við Hjarðarhaga. Kom sú eign í síðari kaupmálanum í stað íbúðar að Tómasarhaga 29 í hinum fyrri.
2. Allir innanstokksmunir, sem hjónin áttu við gerð síðari kaupmálans, svo og þeir innanstokksmunir, borðbúnaður og búslóð, sem þau síðar kynnu að eignast.
3. Allur arfur, sem konan kynni að taka eftir foreldra sína.

Séreignir mannsins, sóknaraðilja, urðu hins vegar:

1. Allur arfur, sem hann kynni að taka eftir foreldra sína.
2. Bifreiðin R 2260, Volvo af árgerð 1961.
3. Hlutabréf í Vélsmiðjunni Járni h/f. Segir svo um þann eignalið í 4. tölul. kaupmálans frá 20. desember 1962: „Öll hlutabréf í Vélsmiðjunni Járn h.f. og sem skráð eru á nafn Birgis, skulu vera séreign hans og skuldbindingum félagsbúsins óviðkomandi. Að nafnverði eru hlutabréf Birgis nú kr. 41.000.00. Verði aukning á hlutafé félagsins, skulu þau bréf, sem skráð verða á nafn Birgis, svo og vera hans séreign".

Þá er ákvæði um, að venjulegt helmingabú haldist með hjónunum að öðru leyti en því, sem í kaupmálanum er talið.

Árið 1965 seldi sóknaraðili alla hlutabréfaeign sína í Vélsmiðjunni Járni h/f og hætti jafnframt störfum við það fyrirtæki. Sala var miðuð við 1. nóvember. Hinn 17. desember s. á. var gerður stofnsamningur um hlutafélagið Runtal — ofna h/f með 200 þúsund króna hlutafé, sem stofnendurnir fimm voru taldir leggja fram þannig:

Sóknaraðili kr. 95.000, varnaraðili kr. 90.000, en faðir sóknaraðilja og tveir bræður kr. 5.000 hver. Þessi skráning hlutafjár-

eignar í félaginu hefur síðan staðið óbreytt. Hlutabréf voru prentuð, en útgáfu þeirra varð ekki að fullu lokið. Þannig munu nöfn eigenda aldrei hafa verið skráð á bréfin. Ágreiningslaust er, að hlutafjárskipting í félaginu er óbreytt frá upphafi.

Í sambandi við búskiptin milli hjónanna hefur risið ágreiningur um eignarhlutdeild þeirra hvors um sig í Runtal — ofnum h/f. Var sá ágreiningur tekinn til úrskurðar 3. þ. m., að loknum munnlegum flutningi, í sérstöku dómsmáli fyrir skiptadómi.

Dómkröfur sóknaraðilja eru, að viðurkennt verði, að þau hlutabréf í Runtal — ofnum h/f að nafnverði kr. 95.000, sem skráð eru á hans nafni, svo og hlutabréf í sama fyrirtæki að nafnverði kr. 90.000, sem skráð eru á nafni varnaraðilja, verði talin séreign sóknaraðilja og utan hjúskapareignar málsaðilja.

Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Kröfur varnaraðilja eru þær: Aðallega, að með úrskurði réttarins verði viðurkennt, að hlutafélagið Runtal — ofnar og allar eignir þess félags skuli teljast sameign málsaðilja í hlutföllunum 95:90 og tilheyrandi hjúskapareign þeirra hvors um sig.

Til vara, að viðurkennt verði, að hlutafé í nefndu hlutafélagi að nafnverði samtals kr. 185.000, þar af kr. 95.000 skráð á nafn sóknaraðilja og kr. 90.000 á nafn varnaraðilja, skuli talið hjúskapareign málsaðilja hvors um sig samkvæmt framanskráðri skiptingu, en að kröfu sóknaraðilja um, að hlutaféð verði talið séreign hans, sé með öllu hafnað.

Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Við munnlegan flutning málsins gerði lögmaður varnaraðilja þann fyrirvara um kröfugerð sína, að ef ekki þætti unnt að úrskurða í þessu máli um efni aðalkröfunnar, bæri að skilja varakröfuna svo, að réttur væri áskilinn til að hafa uppi aðalkröfuna síðar, e. t. v. á öðrum vettvangi.

Mun þessi fyrirvari m. a. lúta að því, að með stefnu til sjó- og verslunardóms Reykjavíkur, dags. 28. desember sl., höfðaði varnaraðili mál á hendur Runtal — ofnum h/f og samhluthöfum sínum í félaginu og hefur þar m. a. uppi kröfur um, að viðurkennt verði, að félagið sé ólögmætt og að stjórn þess og hluthafar skyldaðir til að fá bú þess skiptaráðanda í hendur til opinberra skipta milli aðilja þessa máls.

Atvik málsins eru þessi:

Árið 1958 var stofnað hlutafélagið Vélsmiðjan Járn h/f. Aðalstofnendur voru sóknaraðili máls þessa og tveir aðrir vélstjórar. Mun hlutafjáreign þeirra í félaginu hafa verið jöfn. Starfsemi

félagsins var járnsmíði ýmiss konar, m. a. framleiðsla á miðstöðvarkötlum, hitavatnsdunkum og olíugeymum. Starfsemin fór hægt af stað, en virðist fljótlega hafa dafnað allvel. Hrein eign félagsins í árslok 1959 er talin kr. 11.898 og fór smásaman vaxandi næstu árin. Í júní 1962 kaupir félagið húseign fyrir starfsemi sína, að Síðumúla 15, fyrir kr. 800.000. Er hún færð til eignar í árslok með kr. 825.650, og hélst það óbreytt til ársloka 1964, en þá var hrein eign félagsins samkvæmt efnahagsreikningi talin kr. 85.592. Á árinu 1962 keypti sóknaraðili þessa máls hlutafé í Vélsmiðjunni Járni h/f til viðbótar því, sem hann átti fyrir, og átti að því loknu 41 þúsund af 45 þúsund króna hlutafé félagsins. Varnaraðili átti 1 þúsund króna hlut í félaginu. Upp frá þessu virðist sóknaraðili nánast einn hafa verið ráðamaður í félaginu. Varnaraðili starfaði ekki við þann rekstur og virðist ekki hafa haft afskipti af honum.

Svo sem greinir hér í upphafi, urðu hlutabréf sóknaraðilja í Járni h/f séreign hans með viðbótarkaupmálanum 20. desember 1962.

Árin 1962 og 1963 varð sóknaraðili fyrir verulegum áföllum fjárhagslega, einkum vegna þátttöku sinnar í starfsemi útgerðarfélagsins Borga h/f. Voru eignir Járns h/f veðsettar fyrir skuldum, sem þá stofnuðust.

Með samningi, dagsettum 28. október 1965, selur sóknaraðili f. h. hluthafa í Vélsmiðjunni Járni h/f alla hlutafjáreign í félaginu, kr. 45.000 að nafnverði, fyrir kr. 3.250.000.

Af andvirðinu voru kr. 450.000 staðgreiddar, kr. 538.000 greiddust með víxlum, sem féllu á tímabilinu frá 1. mars 1966 til 1. ágúst 1967, og fyrir afganginum, kr. 2.262.000, tóku kaupendur að sér ýmsar veðskuldir, þar á meðal skuld við Stofnlánadeild sjávarútvegsins að fjárhæð kr. 1.792.000, sem virðist ábyrgðarskuld og er ekki talin með á efnahagsreikningi í árslok 1964, en sá reikningur liggur fyrir í málinu, seinastur af reikningum félagsins.

Ekki voru þó allar skuldir félagsins þar með greiddar. T. d. tók seljandi að sér greiðslu á áföllnum og áfallandi opinberum gjöldum áranna 1964 og 1965. Til tryggingar þeim svo og öðrum ógreiddum skuldum setti seljandi víxil að fjárhæð kr. 250.000, samþykktan af varnaraðilja, en útgefinn af sóknaraðilja þessa máls.

Samkvæmt sölusamningi um hlutabréfin skyldi fylgja honum skrá um eignir félagsins, fasteignir og lausafé. Sú skrá er ekki í gögnum málsins, og ekkert er upplýst um efni hennar, en sóknar-

aðili staðhæfir, að við söluna hafi hann undanskilið veruleg verðmæti úr eigu félagsins. Verður það atriði nánar rakið síðar.

Árið 1963 kynntist sóknaraðili nýrri gerð miðstöðvarofna, svonefndum Runtal-ofnum, sem m. a. voru framleiddir í Danmörku af fyrirtækinu Runtal Radiatorfabrik með leyfi frá fyrirtækinu Runtal Holding Co A/S í Sviss, sem hafði einkaleyfi á þessari ofnagerð. Hófust bréfaskipti milli sóknaraðilja í nafni Vélsmiðjunnar Járns h/f og Runtal Radiatorfabrik í mars 1963 um samvinnu í því skyni að hefja framleiðslu á þessari ofnagerð hér á landi, og kynnti sóknaraðili sér aðferðir við smíði þeirra í verksmiðju Runtal Radiatorfabrik.

Með bréfi, dags. 2. september 1963, sneri sóknaraðili sér í nafni Vélsmiðjunnar Járns h/f beint til Runtal Holding Co A/S í Sviss og óskaði leyfis til framleiðslu Runtal-ofna hér á landi. Hófust bréfaskipti um þetta milli samningsaðilja, sem að lokum leiddu til samnings, dags. 1. ágúst 1965, um einkaleyfi til framleiðslu hér á landi á varningi með vörumerkinu Runtal. Samningurinn hljóðaði á nafn Vélsmiðjunnar Járns h/f, en skömmu áður en hann var undirritaður, óskaði sóknaraðili þess, að hann yrði látinn hljóða á sitt nafn persónulega í stað hlutafélagsins. Var staðfest í bréfi Runtal Holding, dags. 22. júlí, að sú breyting tæki gildi þegar frá upphafi samningstímans.

Síðar urðu breytingar á samningi þessum 22. júlí 1965, 1. júlí 1968 og 15. mars 1971. Ekki er ljóst, hverjir voru taldir sem aðiljar að þessum samningum hérlendis, en svo er að sjá af hinum síðasta, dskj. nr. 67, að þar séu Runtal — ofnar h/f aðili, og eftir að það félag hóf starfsemi sína, munu viðskipti samningsaðilja hafa farið fram í þess nafni.

Jafnframt því sem samningaumleitanir fóru fram við Runtal Holding Co átti sóknaraðili bréfaskipti við Runtal Radiatorfabrik í Danmörkl, enda mun jafnan hafa verið gert ráð fyrir því, að framleiðslan hérlendis byggðist á kaupum á hálfunninni efnivöru frá því fyrirtæki. Skriflegur samningur á nafni sóknaraðilja á við Runtal Radiatorfabrik hinn 6. apríl 1965, en gildistaka hans var háð því skilyrði, að samningar næðust við Runtal Holding Co. Samningur þessi hefur því ekki tekið gildi fyrr en 1. ágúst 1965. Sóknaraðili hefur haldið því fram, að munnlegir samningar hafi áður verið komnir á með honum og Runtal Radiatorfabrik og viðskipti þeirra hafin, en þetta er ósannað, þótt bréf á dskj. 88, dags. 22. október 1964, gefi til kynna, að efnispöntun hafi verið gerð þá nokkru áður.

Samkvæmt stofnsamningi, dagsettum 17. desember 1965, var sem áður greinir gengið frá stofnun hlutafélagsins Runtal — ofna h/f, og samþykktir þess eru dagsettar sama dag. Félagið var skrásett í hlutafélagaskrá Reykjavíkur 9. mars 1966. Áður er frá því greint, hvernig hlutafé félagsins skiptist, en samkvæmt stofnsamningi var það þá þegar greitt. Er það einnig í samræmi við efnahagsreikning félagsins 31. desember 1965. Svo virðist sem félagið hafi ekki starfað eða a. m. k. ekki hafið neina arðbæra framleiðslu á árinu 1965, en árið 1966 er framleiðslan komin í gang.

Rekstursfé félagsins var fyrst í stað að mestu leyti lánsfé, sem m. a. var fengið með veðsetningum á séreignaríbúð varnaraðilja að Hjarðarhaga 29 og öðrum lánum, sem málsaðiljar ábyrgðust sameiginlega. Ekki mun þó varnaraðili hafa orðið fyrir persónulegum fjárútlátum vegna þessara skuldbindinga. Ennþá stendur ábyrgð hennar á nokkrum hluta þeirra, en skuldir þessar hafa að verulegu leyti greiðst á síðari árum.

Þegar Runtal — ofnar h/f hófu starfsemi sína, byrjaði varnaraðili að vinna í þágu fyrirtækisins. Sá hún um margs konar skrifstofustörrf fyrir fyrirtækið, gekk fram í að útvega því lán og tók þátt í samningsgerðum, enda var hún í stjórn félagsins. Meðal annarra samninga, sem hún lagði hönd að, voru tilraunir til endurnýjunar á samningum við Runtal Holding Co, sem beindust að því að fá eftirgjöf á kröfum þess á hendur Runtal — ofnum h/f, en á fyrstu árum félagsins safnaði það skuldum við Runtal Holding Co vegna vanskila á þóknun fyrir notkun einkaleyfis o. fl. Það virðist þó ljóst, að þrátt fyrir þátttöku varnaraðilja í störfum félagsins hafi sóknaraðili verið mestur ráðamaður þess, enda virðast hinir þrír hluthafarnir verið óvirkir þátttakendur, þótt einn þeirra væri skráður í stjórn félagsins.

Varnaraðili hætti störfum hjá Runtal — ofnum h/f í september 1970 fyrir tilstilli sóknaraðilja, og virðist það hafa verið að henni óviljugri. Hún telur sig ekki hafa tekið persónulega laun fyrir störf sín hjá félaginu. Á skattframtölum sóknaraðilja eru henni þó talin laun frá félaginu árið 1969 kr. 120.000, árið 1970 kr. 50.000 og árið 1971 kr. 10.000.

Að máli þessu hefur verið dregin mikil syrpa gagna, sem einkum varða viðskipti málsaðilja í sambandi við þau tvö hlutafélög, sem um ræðir hér á undan, svo og persónuleg fjárrmál sóknaraðilja. En gögnin eru þó ekki svo ítarleg, að þau gefi tæmandi upplýsingar um þessi atriði, og verða þau því ekki rakin nánar

hér í atvikalýsingunni, en í sambandi við rökstuðning málsaðilja fyrir kröfugerðum þeirra verður þeirra að nokkru getið.

Þegar leyst er úr kröfum málsaðilja, er rétt að taka fyrst til meðferðar aðalkröfu varnaraðilja, því á úrlausn hennar getur oltið, hvort aðrar kröfur koma til álita.

Varnaraðili styður þessa kröfu sína þeim rökum, að ekki beri að líta á Runtal — ofna h/f sem hlutafélag við búskipti málsaðilja. Hér sé um að ræða persónulega eign þeirra, sem sé til orðin fyrir sameiginlegt átak og framlag þeirra beggja. Hlutafélagsformið hafi verið nafnið eitt, enda hafi aðrir hluthafar en þau tvö lengst af engin afskipti haft af málefnum félagsins. Þess hafi ekki verið gætt að halda tilskylda félagsfundi, fyrr en eftir að varnaraðilja hafði verið meinaður aðgangur að rekstri félagsins og málsaðiljar höfðu slitið samvistir. Bendir varnaraðili á, að fyrsti hluthafafundur í félaginu hafi ekki verið haldinn fyrr en 11. ágúst 1972, en lögmæti þess fundar vefengir hún svo og þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið á síðari fundum félagsins, sér í lagi það, að synjað var kröfu hennar á félagsfundi 29. september 1973 um, að félaginu yrði slitið og bú þess fengið skiptarétti til meðferðar.

Sóknaraðili mótmælir þessari kröfu varnaraðilja á þeim forsendum, að Runtal — ofnar h/f sé og hafi ávallt verið löglegt hlutafélag og enginn grundvöllur sé fyrir því að fara með það öðru vísi en sem slíkt í búskiptum málsaðilja. Komi það því einungis til álita við búskipti þeirra sem hlutafjáreign.

Ekkert er komið fram í málinu, sem mælir gegn því, að Runtal — ofnar h/f sé löglega stofnað sem hlutafélag. Það hefur jafnan haft sérstakan fjárhag með öllu fráskilinn einkafjármálum hluthafanna, að því er best verður séð. Reksturs- og efnahagsreikningar þess hafa verið gerðir árlega, það telur sjálfstætt fram til skatts og er viðurkennt sem sjálfstæður skattaðili. Hluthafafundur hefur synjað kröfu um, að félaginu verði slitið, sbr. dskj. nr. 113, og verður það því ekki tekið til skipta samkvæmt 39. gr. laga um hlutafélög nr. 77 frá 1921. Varnaraðili hefur með stefnu, dags. 28. desember sl., lagt fyrir sjó- og verslunardóm kröfu sína um viðurkenningu á því, að hlutafélagið sé ólögmætt, og beri að afhenda það skiptarétti til meðferðar.

Að framangreindu athuguðu verður krafa varnaraðilja um, að skiptaréttur fari með bú og eigur hlutafélagsins sem persónulega eign málsaðilja ekki tekin til greina, og ekki er ástæða til að

fresta úrskurði um eignaraðild að hlutabréfum í félaginu, þótt krafa um slit á því sé höfð uppi fyrir öðrum dómstóli.

Verður þá tekin til athugunar aðalkrafa sóknaraðilja, en hún er studd eftirfarandi rökum:

Hlutabréf í Vélsmiðjunni Járni h/f voru séreign sóknaraðilja samkvæmt kaupmála. Þegar hann seldi hlutabréf sín í því félagi, lagði hann jafnframt drög að stofnun Runtal — ofna h/f. Til greiðslu á hlutafé sínu þar notaði hann fé, sem hann fékk fyrir sölu hlutabréfa sinna í hinu fyrrnefnda hlutafélagi. Auk þess telur sóknaraðili sig hafa haldið eftir verulegum verðmætum úr eign Vélsmiðjunnar Járns h/f við söluna og afhent þau Runtal — ofnum h/f, til þess að framleiðsla gæti hafist þar. Er þar átt við ýmis tæki til framleiðslu Runtal-ofna, sem sóknaraðili telur, að búið hafi verið að smíða hjá Vélsmiðjunni Járni h/f, áður en hann seldi hlutabréfaeign sína í því félagi. Einnig telur hann, að fylgt hafi efnisbirgðir og fullsmíðaðir ofnar, sem framleiddir hafi verið á vegum Vélsmiðjunnar Járns h/f. Um verðmæti tækjanna bendir hann á matsgerð trúnaðarmanns frá Öryggiseftirliti ríkisins, dags. 5. janúar 1966, sem metur vélar og tæki Runtal — ofna h/f á kr. 1.720.500, en verulegan hluta þess telur sóknaraðili framleiddan af Vélsmiðjunni Járni. Þá telur sóknaraðili, að hann hafi flutt með sér úr Vélsmiðjunni Járni h/f einkaleyfissamninginn við Runtal Holding Co og samninginn við Runtal Radiatorfabrik, en þeir hafi verið nauðsynleg forsenda þess, að Runtal — ofnar h/f gæti tekið til starfa, og án þess framlags hefði orðið óframkvæmanlegt að hefja starfsemi félagsins. Gildi þetta einnig um það fé, sem lagt var fram í nafni varnaraðilja, og sé þetta því allt séreign sín samkvæmt ákvæðum 3. töluliðs 23. gr. laga nr. 20 frá 1923.

Gegn þessum röksemdum sóknaraðilja færir varnaraðili fram eftirfarandi:

Hún mótmælir því, að Vélsmiðjan Járn h/f hafi átt fyrir skuldum, þegar sóknaraðili seldi hlutabréf sín, enda hafi hann verið neyddur til sölunnar vegna fjárhagsvandræða fyrirtækisins, því hafi ekki verið um neinn arð að ræða af hlutabréfasölunni, sem hann gæti lagt fram sem hlutafé í Runtal — ofnum h/f. Þrátt fyrir sölu hlutabréfanna hafi staðið ógoldnar ýmsar skuldir Vélsmiðjunnar Járns h/f, sem sóknaraðili tók að sér að greiða. Sóknaraðili hafi einnig þurft að greiða aðrar skuldir um þetta leyti, m. a. 300.000 króna lán vegna fasteignar, sem hann keypti nokkru áður, og var það tryggt með veðrétti í íbúð varnaraðilja. Þá hafi

hann á þessu sama ári, þ. e. 1965, eignast hlutabréf í Borgum h/f, Hagtryggingu h/f, lóð við Sæviðarsund og dýrari biðreið en hann áður átti. Til alls þessa hafi þurft peninga og engin leið sé að rekja feril einstakra greiðslna, svo sem andvirðis hlutabréfanna, þannig að unnt sé að benda á sérstakar eignir, sem í stað þeirra komi. Í skattframtali sóknaraðilja fyrir þetta ár sé engin vísbending í þessa átt og þar sé t. d. engin grein gerð fyrir sölu hlutabréfanna í Vélsmiðjunni Járni h/f. Þá telur varnaraðili miklum ofsögum af því sagt, sem sóknaraðili telur sig hafa haldið eftir af vélum, tækjum og efni við sölu hlutabréfanna. Mótmælir hún í því sambandi matsgerð þeirri frá 5. janúar 1966, sem vikið er að hér að framan, sem fjarstæðri, að því er fjárhæð varðar. Í þessu sambandi bendir varnaraðili einnig á, að þótt svo eitthvað hafi runnið til Runtal — ofna h/f af eignum Járns h/f utan hlutabréfasölunnar, þá sé þar um að ræða arðsúthlutun úr félaginu, sem engan veginn geti orðið séreign sóknaraðilja, með því að arður af séreign verði að lögum hjúskapareign, og enginn áskilnaður sé gerður um annað í kaupmála þeirra hjóna. Var því einnig hreyft af hálfu varnaraðilja, að sama gildi raunar, ef einhver verðhækkun hefði orðið á hlutabréfunum. Slík hækkun hljóti þá að stafa af samandregnum arði af starfsemi félagsins, sem samkvæmt nefndri reglu ætti að verða hjúskapareign.

Varnaraðili mótmælir því, að framleiðsluleyfin fyrir Runtal-ofnum hafi nokkurn tíma orðið eign Vélsmiðjunnar Járns h/f né sóknaraðilja, hvað sem nafnskráningu þeirra líði. Leyfin hafi þá fyrst orðið virk, er Runtal — ofnar h/f fóru að hagnýta þau og greiða áskilin gjöld fyrir þau, en það hafi enginn annar gert.

Loks leggur varnaraðili ríka áherslu á það, hvernig fjármagn Runtal — ofna h/f raunverulega myndaðist, en það hafi fyrst og fremst verið fyrir lánsfé, sem aflaðist fyrir hennar atbeina fremur en sóknaraðilja, fyrir lán hennar á veði í séreign sinni og persónulegar ábyrgðir hennar í mörgum tilfellum. Bendir hún í þessu sambandi á, að félagið hafi skuldað umfram eignir fyrstu árin meira en hlutafé nam. Sé því raunverulega fyrst hægt að tala um hlutafjáreign í félaginu á árinu 1968, er eignir þess námu orðið meira en skuldirnar.

Hér að framan er á það bent, að af gögnum málsins sé ekki unnt að ráða raunverulegan hag Vélsmiðjunnar Járns h/f á þeim tíma, sem sala hlutabréfanna fór fram. Af skattframtali félagsins það ár verður helst ráðið, að söluverð hlutabréfanna standist

nokkurn veginn á við skuldir félagsins eins og þær voru þá um næstliðin áramót, ef með er talin óbókfærð ábyrgðarskuld, sem áður getur, er kaupendur hlutabréfanna tóku að sér. Full gögn liggja ekki heldur fyrir um fjárhag sóknaraðilja á þessum tíma.

Hvernig sem þessum atriðum hefur verið varið, er ljóst, að sóknaraðili hefur eignast peninga og víxla samtals að fjárhæð kr. 988.000 sem andvirði hlutabréfanna í Vélsmiðjunni Járni h/f við sölu þeirra. Ekki hafa verið leiddar líkur að því, að skuldir eða skuldbindingar, sem hann tók að sér vegna þess félags við söluna, hafi numið nema nokkrum hluta af þeirri fjárhæð. Bendir því allt til, að sóknaraðili hafi átt nægjanlegt fé af andvirði hlutabréfasölunnar til að greiða með hlutafjárframlag sitt í Runtal — ofnum, en það er þegar talið greitt á stofnfundi félagsins 17. desember 1965. Þetta styðst og við framburð varnaraðilja hér fyrir dómi, sem viðurkennir, að endurgjald hlutabréfanna hafi að nokkru leyti runnið til Runtal — ofna h/f.

Það má einnig telja upplýst í málinu, að eitthvað af tækjum þeim og áhöldum, sem Runtal — ofnar byrjuðu með, hafi verið komið úr eigu Vélsmiðjunnar Járns h/f. Þetta gat að vísu svo sem á stóð ekki talist séreign sóknaraðilja, en sýnir með vissu tengsl milli hlutafélaganna tveggja. Að sama lúta framleiðsluleyfi þau, sem sóknaraðili hafði aflað og upphaflega ætlað að hagnýta í Vélsmiðjunni Járni.

Að þessu athuguðu verður að líta svo á, að sóknaraðilja hafi verið heimilt að helga sér sem séreign þá hlutafjáreign, sem skráð var á hans nafn í Runtal — ofnum h/f, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 20 frá 1923, enda verður ekki fallist á þá röksemd, að séreign hans í Vélsmiðjunni Járni h/f verði einungis að miða við upprunalegt nafnverð hlutabréfanna.

Hins vegar verður að líta svo á, að sóknaraðili geti ekki talið til séreignar sinnar þá hlutafjáreign, sem skráð var á nafn varnaraðilja við stofnun Runtal — ofna h/f. Hann gerði engan fyrirvara um slíkt, er hlutaféð var skráð, og félagið hefði naumast fullnægt lögmætum skilyrðum um hluthafatölu samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77 frá 1921, ef einn stofendanna hefði aðeins verið „leppur" fyrir hlutafjáreign annars hluthafa. Ber því að líta á hlutafjáreign varnaraðilja í félaginu sem hjúskapareign hans. Er varakrafa varnaraðilja að þessu leyti tekin til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Unnsteinn Beck borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hlutafjáreign sóknaraðilja, Birgis Þorvaldssonar, í Runtal — ofnum h/f að nafnverði kr. 95.000 skal teljast séreign hans og óviðkomandi félagsbúi hans og varnaraðilja.

Hlutafjáreign varnaraðilja, Guðrúnar Einarsdóttur, í Runtal — ofnum h/f, kr. 90.000, skal teljast hjúskapareign hennar í félagsbúi hennar og sóknaraðilja.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 8. desember 1975.

Nr. 63/1973. **Landbúnaðarráðherra f. h.**
Jarðeignasjóðs ríkisins
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Kjartani Stefánssyni
Skúlínu Stefánsdóttur
Höskuldi Stefánssyni
Páli A. R. Stefánssyni og
Össuri Stefánssyni
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
og
Kjartan Stefánsson
Skúlína Stefánsdóttir
Höskuldur Stefánsson
Páll A. R. Stefánsson og
Össur Stefánsson
gegn
Landbúnaðarráðherra f. h.
Jarðeignasjóðs ríkisins og
Halldóri Guðbjartssyni (enginn).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Forkaupsréttur að jörð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 18. apríl 1973. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 2. maí 1973. Krefjast þeir staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi aðaláfrýjanda og stefnda Halldórs.

Af hálfu stefnda Halldórs hefur ekki verið sótt þing, og engar kröfur hafa komið fram af hans hendi.

Samkvæmt yfirlýsingu Jarðeignasjóðs ríkisins 28. nóvember 1975, sem lögð var fram í Hæstarétti, nema eftirstöðvar veðskulda, sem hvíla á jörðinni Kirkjubóli, samtals 91.187 krónum. Gagnáfrýjendur hafa lýst því hér fyrir dómi, að þeir séu viðbúnir að gjalda kaupverð jarðarinnar, 552.800 krónur, með því að taka að sér áhvílandi veðskuldir og greiða eftirstöðvar í reiðu fé.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður í Hæstarétti, að því er varðar stefnda Halldór Guðbjartsson, falli niður. Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, 100.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, landbúnaðarráðherra f. h. Jarðeignasjóðs ríkisins, greiði gagnáfrýjendum, Kjartani Stefánssyni, Skúlínu Stefánsdóttur, Höskuldi Stefánssyni, Páli A. R. Stefánssyni og Össuri Stefánssyni, málskostnað í Hæstarétti, 100.000 krónur.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 21. janúar 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hafa Kjartan Stefánsson, Bólstaðarhlíð 54, Reykjavík, Skúlína Stefánsdóttir, Arnarhrauni 48, Hafnarfirði, Höskuldur R. Stefánsson, Nýbýlavegi 24 C, Kópavogi, Páll A. R. Stefánsson, Kleppsvegi 28, Reykjavík, og Össur Stefánsson, Hörðalandi 9, Reykjavík, höfðað fyrir aukadómþingi Ísafjarðarsýslu á hendur Halldóri Guðbjartssyni, er áður bjó að Kirkjubóli í Korpudal, Mosvallahreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu, en síðar í Kristjánssand í Noregi, og Ingólfi Jónssyni, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, fyrir hönd Jarðeignasjóðs ríkisins með stefnu, útgefinni 28. ágúst 1970. Málið var þingfest 22. september 1970.

Málið var munnlega flutt 19. október sl., en síðan endurflutt í dag.

Í stefnu hafa stefnendur gert þær dómkröfur, að rift verði sölu

þeirri, sem fram fór 21. nóvember 1969 á jörðinni Kirkjubóli í Korpudal í Mosvallahreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu, og þeim verði heimilað að kaupa jörðina með sömu kjörum og hún var seld Jarðeignasjóði ríkisins samkvæmt þeim samningi gegn yfirtöku þeirra á veðskuldbindingum þeim, sem á jörðinni hvíla, og gegn peningagreiðslu á eftirstöðvum kaupverðs jarðarinnar.

Kaupverðið verði hins vegar fundið sem hluti af heildarsöluverði jarðanna Kirkjubóls og Efstabóls í Mosvallahreppi, sem seldar voru saman samkvæmt framangreindum samningi, og verði við þá skiptingu miðað við matsverð jarðanna. Þá krefjast stefnendur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða málskostnað að mati dómsins.

Stefndi Halldór Guðbjartsson hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda og að þeir verði dæmdir til þess að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Stefndi Jarðeignasjóður ríkisins hefur krafist sýknu af kröfum stefnenda og að þeir verði dæmdir til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Á síðari stigi málsins, í þinghaldi 26. júní 1972, lögðu aðiljar fram yfirlýsingu, er kveður á um svofellt samkomulag um hluta fyrrnefndrar kröfugerðar stefnenda:

„Komi til þess, að afsalsgerningi frá 21/11 1969 fyrir jörðunum Kirkjubóli og Efstabóli verði riftað með dómi, erum við sammála um, að andvirði Kirkjubóls verði reiknað kr. 552.800.00 af heildarverði beggja jarðanna kr. 650.000.00".

Riftunarmál var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 6. apríl 1970, en var fellt niður, þar sem rétt þótti að höfða mál þetta á varnarþingi fasteignarinnar í Mosvallahreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1964 keypti Halldór Guðbjartsson jörðina Kirkjuból í Korpudal, Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu, af Stefáni Pálssyni, þáverandi bónda á Kirkjubóli, en hann er faðir stefnenda málsins. Þann 17. apríl 1964 gaf Stefán út afsal fyrir jörðinni til Halldórs. Næst síðasta málsgreinin í afsali þessu var svohljóðandi:

„Ef kaupandi síðar selur jörðina, er börnum seljanda áskilinn forkaupsréttur að henni".

Afsal þetta var móttekið til þinglýsingar af sýslumanni Ísafjarðarsýslu með áritun þar um 23. júní 1964.

Á árinu 1969 seldi síðan Halldór Guðbjartsson Jarðeignasjóði

ríkisins umrædda jörð Kirkjuból ásamt jörðinni Efstaból. Afsal var útgefið af Halldóri til Jarðeignasjóðs þann 21. nóvember 1969 og er svohljóðandi:

„Ég undirritaður Halldór Guðbjartsson, Kirkjubóli, Korpudal, Önundarfirði, Vestur-Ísafjarðarsýslu, geri með bréfi þessu kunnugt, að ég sel hér með og afsala Jarðeignasjóði ríkisins eignarjörð mína Kirkjuból ásamt Efstabóli í Korpudal innan Mosvallahrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu með öllum húsum og mannvirkjum, sem á jörðinni eru, ásamt öllum gögnum og gæðum, sem jörðinni fylgja og fylgja ber, fyrir umsamið kaupverð að upphæð kr. 650.000.00 — sexhundruðogfimmtíuþúsund krónur $^{00}/_{100}$ —

Kaupverðið greiðir kaupandinn — Jarðeignasjóður ríkisins — sem hér segir:

1. Með því að taka að sér skuld við Stofnlánadeild Búnaðarbankans ..... kr. 126.239.76
2. Með því að greiða skuld við Samvinnubankann — 87.952.00
3. Með því að greiða skuld við Stefán Pálsson .. — 226.003.00
4. Með því að greiða skuld við Orkusjóð ..... — 22.541.00
5. Með því að greiða í peningum við undirskrift þessa afsalsbréfs ..... — 100.000.00
6. Með því að greiða í janúar 1971 ..... — 87.264.24

Samtals kr. 650.000.00“

Undir þetta afsal skrifa f. h. seljanda Trausti Friðbertsson eftir umboði og f. h. kaupanda Ingólfur Jónsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra.

Afsal þetta var móttekið til þinglýsingar af sýslumanni Ísafjarðarsýslu 4. desember 1969.

Aðdragandi að sölu þessari á umgetnum jörðum var sá að sögn forsvarsmanns Jarðeignasjóðs, að á árinu 1968 fór Halldór Guðbjartsson þess á leit, að Jarðeignasjóður ríkisins keypti af honum nefndar jarðir samkvæmt ákvæðum í lögum nr. 54/1967 um Jarðeignasjóð ríkisins, þar sem hann yrði að hætta búskap vegna heilsubrests. Tilmæli sín um fyrrnefnd kaup ítrekaði Halldór við Jarðeignasjóð síðar. Auk þess mun Halldór hafa þá og síðar auglýst jörðina til sölu.

Þann 9. júní 1969 sendi Halldór Guðbjartsson Jarðeignasjóði svofellt bréf:

„Hér með óska ég undirritaður eftir, að Jarðeignadeild ríkisins

kaupi af mér eignarjörð mína Kirkjuból í Korpudal, Önundarfirði, þar sem mér er nauðugur einn kostur, samkvæmt meðfylgjandi vottorðum þar um, að hætta búskap vegna atvinnusjúkdóms.

Jörðin hefur að undanförnu verið auglýst til sölu án árangurs og meðfylgjandi er yfirlýsing um, að Mosvallahreppur muni ekki nota forkaupsrétt sinn að jörðinni.

Vænti svars yðar við allra fyrstu hentugleika".

Í framhaldi af þessu og að beiðni forráðamanna Jarðeignasjóðs fór fram skoðun og mat á umgetnum jörðum samkvæmt 8. gr. laga nr. 54/1967 um Jarðeignasjóð ríkisins. Matsnefndina skipuðu þeir Gizur Bergsteinsson, þáverandi hæstaréttardómari, Árni Jónsson ráðunautur og Pálmi Einarsson, þáverandi landnámsstjóri.

Samkvæmt matsgerð fyrrgreindrar matsnefndar, sem dagsett er 1. september 1969, voru báðar jarðirnar metnar sem hér segir:

1. Landverð og hlunnindi .. .. .. kr. 425.000
2. Húsaverð .. .. — 225.000

Matsverð alls kr. 650.000

Sveinbjörn Dagfinnsson hæstaréttarlögmaður sagðist hafa aðallega annast kaup jarðanna f. h. Jarðeignasjóðs. Hann sagði, að honum hefði ekki verið kunnugt um fyrrnefnt forkaupsréttarákvæði í afsalinu frá 17. apríl 1964, þegar kaup voru gerð. Hann sagðist hafa aflað veðbókarvottorða frá sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu varðandi nefndar jarðir, en eigi sé getið um neitt forkaupsréttarákvæði á veðbókarvottorði varðandi jörðina Kirkjuból. Veðbókarvottorðin eru dagsett 27. október 1969. Endanleg ákvörðun um kaup jarðanna mun eigi hafa verið tekin fyrr en matsgerð lá fyrir.

Halldór Guðbjartsson mun hafa flust til Noregs sumarið 1969, en áður fól hann Trausta Friðbertssyni, Flateyri, að annast sölu nefndra jarða.

Þann 20. maí 1969 skrifaði Trausti Stefáni Pálssyni, föður stefnenda, svofellt bréf:

„Sendi hér með eftirrit af tilboði um kaup á jörðinni Kirkjuból í Korpudal, Önundarfirði, V.-Ís. Samkvæmt samtölum okkar í síma og ákvæði í afsali þínu fyrir nefndri jörð býð ég þér og

þínum börnum forkaupsrétt að jörðinni með þeim skilmálum, er koma fram í kauptilboðinu.

Vinsamlegast svaraðu sem allra fyrst".

Með nefndu bréfi fylgdi svofelld greinargerð, dagsett sama dag:

„Í framhaldi af símtali okkar í dag varðandi verð og kaup á Kirkjubóli í Korpudal, Önundarfirði, vil ég hér með gefa þér upp lánsupphæðir, sem hvíla á jörðinni og hugsanlegt væri að fá lánaðar áfram.

Skuldareigandi:	Eftirst. í okt. '68	Vanskil m/vöxtum greiðist strax	Afborg. '69	Vextir
Búnaðarb. Íslands v. Stofnlán og veðd. I. og II. . . .	112.863.31	11.500.00	Nóv. 11.500.00	m/vöxtum
Orkusjóður, III. veðr.	14.444.00			
Stefán Pálsson Innheimt í Bún.b., IV. veðr.	120.000.00	Um 70.000.00	1/11 20.000.00	9.000.00
Samvinnubankinn v/Kf. Önfirðinga, V. veðr.	80.000.00		Ág. 10.000.00	7.600.00
	Kr. 327.000.00	81.500.00	41.500.00	16.600.00

Eins og ég gat um, hefi ég umboð til þess að bjóða nefnda jörð til kaupa á kr. 600.000.00, sem greiddust þannig:

Kaupandi fengi hlutaðeigandi skuldareigendur til að lána	kr. 327.000.00
Kaupandi greiði áhvílandi vanskil	— 81.000.00
Greiði til eiganda jarðarinnar í einni eða fleiri greiðslum	— 191.500.00
	Kr. 600.000.00

Vinsamlegast láttu vita fljótlega".

Hinn 3. júní 1969 sendi Stefán Pálsson f. h. barna sinna svofellt símskeyti til Trausta Friðbertssonar:

„Undirritaður óskar eftir að fá sent afrit af kauptilboði í Kirkju-

ból í Korpudal er fram hefur komið, sé það bindandi af hálfu væntanlegs kaupanda og samþykkt af seljanda".

Eftir að fyrrnefnt afsal hafði verið útgefið til Jarðeignasjóðs, þá töldu stefnendur, að þeim hefði ekki verið boðinn forkaupsréttur, er þeir töldu, að þeir ættu samkvæmt fyrrnefndu afsali frá 17. apríl 1964, og áttu um það viðræður við forsvarsmenn Jarðeignasjóðs. Í framhaldi þar af sendi lögmaður stefnenda svofellt bréf til Jarðeignasjóðs, dags. 10. febrúar 1970:

„Umbjóðendur mínir, Kjartan Stefánsson, Höskuldur Stefánsson, Skúlína Stefánsdóttir, Páll Stefánsson og Össur Stefánsson, hafa í framhaldi af viðræðum okkar falið mér að tjá yður, að þau hyggist neyta forkaupsréttar síns að jörðinni Kirkjuból í Korpudal í Mosvallahreppi, V.-Ísafjarðarsýslu, sem ríkissjóður mun nú nýlega hafa gert samning um kaup á af Halldóri Guðbjartssyni. Eins og ég hefi áður tjáð yður, var í afsali fyrir jörðinni til Halldórs Guðbjartssonar, dags. 17. apríl 1964, svofellt ákvæði: „Ef kaupandi síðar selur jörðina, er börnum seljanda áskilinn forkaupsréttur að henni". Forkaupsréttarákvæði þessu var þinglýst í afsalinu árið 1964.

Umbjóðendur mínir hafa nú árangurslaust beðið þess að vera gefinn kostur á að ganga inn í kauptilboð eða kaupsamning um jörðina, en þar sem þér hafið nú tjáð þeim, að ekki verði tekið tillit til þessa réttar þeirra og ríkissjóður keypt jörðina, eru þau nú knúin til að leita réttar síns.

Þar sem seljandinn, Halldór Guðbjartsson, mun nú fluttur af landi brott, óska ég viðræðna við yður á framangreindum grundvelli, svo unnt megi reynast að leysa málið án milligöngu dómstóla".

Þann 20. febrúar 1970 sendi landbúnaðarráðuneytið f. h. Jarðeignasjóðs ríkisins svofellt svarbréf:

„Ráðuneytinu hefur borist bréf yðar, dags. 10. febrúar, varðandi kaup Jarðeignasjóðs ríkisins á jörðunum Kirkjubóli og Efstabóli í Korpudal, Mosvallahreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Á árinu 1968 kom Halldór Guðbjartsson, Kirkjubóli, í Jarðeignadeild ríkisins og fór þess á leit, að Jarðeignasjóður ríkisins keypti af honum jarðirnar Kirkjuból og Efstaból skv. l. nr. 54/1967, þar sem hann yrði að hætta búskap vegna heilsubrests.

Jafnframt munu jarðirnar hafa verið margsinnis auglýstar til sölu.

Tilmæli sín við Jarðeignasjóð ítrekaði Halldór oft, síðast 9. júní s.l., lagði hann þá fram skriflegt tilboð.

Hann lét þess aldrei getið, að umbjóðendur yðar ættu forkaupsrétt að jörðunum.

Landbúnaðarráðuneytið lét um síðir til leiðast að kaupa nefndar jarðir.

Skv. veðbókarvottorðum, dags. 27. okt., frá sýslumanni Ísafjarðarsýslu eru engin þinglýst eignabönd á jörðunum.

Afsal fyrir jörðunum til Jarðeignasjóðs var gefið út 21/11 s.l., og samkvæmt því ber Jarðeignasjóði m. a. að greiða til Stefáns Pálssonar kr. 226.003.00, og var sú fjárhæð gefin upp nokkru áður af yður.

Síðar eftir útgáfu afsals var upphæð þessi hækkuð um kr. 6.574.00 samkvæmt upplýsingum yðar, og létuð þér þess þá jafnframt getið, að börn Stefáns Pálssonar ættu forkaupsrétt.

Ekki er upplýst, hvort þau hefðu verið í aðstöðu til að neyta forkaupsréttar síns, þar sem hreppsnefnd Mosvallahrepps á lögákveðinn forkaupsrétt skv. lögum nr. 40/1948.

Það var sótt fast á Jarðeignasjóð um þessi jarðakaup, og aðdragandi þeirra stóð lengi yfir.

Umbjóðendum yðar hlýtur að hafa verið lengi ljóst, að jarðirnar voru falar til sölu.

Jarðeignasjóður keypti jarðir þessar í góðri trú skv. tilboði eiganda studda veðbókarvottorðum.

Eftir að Jarðeignasjóður hefur þannig gerst eigandi jarðanna, er ekki kleift að lögum að láta umbjóðendur yðar „ganga inn í kauptilboð eða kaupsamning".

Ef umbjóðendur yðar vilja þrátt fyrir undanfarandi aðgerðarleysi vefengja afsalsgerninginn frá 21. nóv. 1969, verður slíkt að gerast fyrir dómstólum.

Dæmist afsal Halldórs ógilt, mundi Jarðeignasjóður gæta þeirra hagsmuna sinna að vera skaðlaus af viðskiptunum, en engir hagsmunir Jarðeignasjóðs eru tengdir því að hafa eignarhald á jörðum þessum".

Eins og fyrr er getið, annaðist Trausti Friðbertsson sölu jarðanna fyrir hönd Halldórs Guðbjartssonar.

Trausti hefur komið fyrir dóm.

Hann kvaðst fyrst hafa haft afskipti af máli þessu vorið 1969 og hafi þá tvennt eða þrennt komið til að skoða jörðina, en ekki orðið af sölu. Hann sagðist hafa fengið skriflegt umboð frá Halldóri til þess að annast sölu umræddra jarða, en umboðið hafi náð til þess að undirrita afsal og annað, er beinlínis laut að sölunni. Hann sagði, að Halldór hefði farið utan til Noregs sumarið 1969,

líklega í júlí. Hann sagðist hafa haft nokkrum sinnum samband við syni Stefáns Pálssonar, þá Kjartan, Pál og Höskuld, í Reykjavík, eftir að hann sendi áðurnefnt bréf, dags. 20. maí 1969, og lét þá á hverjum tíma fylgjast nákvæmlega með, hvað var að gerast í málinu. Einnig sagðist hann hafa látið umboðsmann stefnenda, Jóhann Ragnarsson hæstaréttarlögmann, vita lauslega um gang málanna. Trausti sagðist hafa talið, að fram hefði komið í samtölum við Pál og Kjartan Stefánssyni, að þeir hefðu ekki ætlað að neyta forkaupsréttar, hvorki áður en fyrrnefnt bréf, dags. 20. maí 1969, var sent né eftir. Trausti sagði í þinghaldi 24. apríl 1972, að hann hefði haft samband við Kjartan í síma, rétt eftir að Jarðeignasjóður ákvað að kaupa jörðina, en líklega degi áður en afsal var undirritað. Hann sagðist þá hafa sagt Kjartani um gang málsins. Hann sagði, að Kjartan hefði þá spurt sig, hvað gera þyrfti, og sagðist hann þá hafa svarað því til, að greiða þyrfti það, sem Halldór ætti í jörðinni, og greiða eða semja við aðra skuldareigendur. Hann kvaðst hafa skilið Kjartan þá þannig, að viðhorf hans væri óbreytt, og mundi hann því ekki neyta forkaupsréttar, en hann sagðist hafa sagt Kjartani þá, að afsalið yrði endurritað þann sama dag eða næsta. Hann sagðist hafa hringt í Kjartan af skrifstofu Jóhannesar Þ. Jónssonar, starfsmanns hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga, og muni Jóhannes hafa haft vitnesskju um, að hann hringdi í Kjartan. Hann sagði, að Jóhannes hefði ekki fylgst með samtalinu. Hann sagðist ekki hafa haft samband við systkini Kjartans, þegar málið var komið á þetta stig.

Trausti sagðist ekki minnast þess, að það hefði verið minnst á fyrrnefnt forkaupsréttarákvæði við fulltrúa Jarðeignasjóðs.

Trausti sagðist ekki hafa talað við Skúlínu og Össur varðandi sölu jarðanna.

Trausti sagði, að stefán Pálsson hefði, eftir að jörðin hafði verið seld Jarðeignasjóði, sérstaklega þakkað sér, að þetta væri komið í kring og hann, Stefán, fengi sínar veðkröfur greiddar.

Trausti sagðist hafa haft samband við Stefán Pálsson, eftir að fyrrnefnt skeyti kom frá Stefáni, dags. 3. júní 1969, og sagt honum, að hann, Trausti, hefði ekki upp á annað að bjóða en það, sem fælist í skilmálum, sbr. bréf Trausta, dags. 20. maí 1969, en því hefði Stefán engu svarað.

Trausti sagðist hafa talað við lögfræðing Stefáns síðla sumars 1969 um söluna á jörðinni, þegar að því kom, að hún færi á uppboð, og sagt honum þá, að hann teldi líkur á sölu til Jarðeignasjóðs, og einnig hefði hann látið lögfræðinginn vita dagtíma,

áður en hann undirritaði afsalið. Trausti sagði, að sér hefði verið ljóst, er hann undirritaði fyrrnefnt afsal, að forkaupsréttar væri getið á afsalinu frá 1964, en hefði talið vegna veðbókarvottorða, er lágu frammi við söluna, ekki ástæðu til að geta um það í afsalinu til Jarðeignasjóðs, þar sem ekki væri getið um forkaupsrétt á veðbókarvottorðinu.

Allir stefnendur hafa komið fyrir dóm.

Kjartan Stefánsson sagði, að hann hefði ekki litið á áðurnefnt bréf Trausta Friðbertssonar, dags. 20. maí 1969, til föður síns sem tilboð um kaup á jörðinni, þess vegna hefðu systkinin kallað saman fund ásamt föður sínum og hafi niðurstaða þess fundar orðið sú, að ákveðið var að senda áðurnefnt skeyti til Trausta, dags. 3. júní 1969. Kjartan sagði, að Trausti hefði ekki haft samband við sig eftir þetta og ekki látið sig vita um, að Jarðeignasjóður hygðist kaupa jörðina Kirkjuból. Hann sagðist ekki hafa fengið vitneskju um jarðasöluna, fyrr en hún var um garð gengin, en sagðist ekki muna nákvæmlega, hvenær vitneskjan barst honum. Hann sagði, að Trausti hefði haft samband við sig og beðið sig að kanna hjá systkinum sínum, hvort þau hefðu hug á að neyta forkaupsréttar að jörðinni. Skömmu síðar hafi Trausti borið upp sama erindi, en þá hafi hann bent Trausta á að hafa samband við Skúlínu og Höskuld. Hann kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvenær viðtöl þessi áttu sér stað, en hann minnti þó, að þau hefðu átt sér stað fyrir 20. maí 1969. Kjartan kvaðst hafa haft vitneskju um vanskil Halldórs Guðbjartssonar við föður hans, Stefán Pálsson, vegna kaupa Halldórs á jörðinni 1964 og að Stefán hefði krafist uppboðs á henni þess vegna. Hann kvaðst eigi hafa haft vitneskju um, að Halldór Guðbjartsson skrifaði Jarðeignasjóði.

Samprófun á framburðum Trausta Friðbertssonar og Kjartans Stefánssonar bar eigi árangur.

Páll Ágúst Stefánsson sagði, að Trausti Friðbertsson hefði einu sinni skýrt sér frá því, að jörðin Kirkjuból væri til sölu. Það hafi verið í ágúst 1969, að því er hann taldi, og hafi það samtal átt sér stað í húsnæði Rafiðjunnar h/f að Vesturgötu 11, Reykjavík.

Trausti Friðbertsson hélt því fram í sama þinghaldi, að hann hefði oftar en einu sinni talað við Pál. Við samprófun náðist eigi samræmi í framburðum þeirra varðandi þetta atriði.

Páll sagði, að sér hafi fundist ekki neitt ákveðið koma fram um sölu jarðarinnar í umræddu viðtali við Trausta, hvorki um kaupanda né söluverð.

Páll sagði, að sér hafi borist vitneskja um sölu jarðarinnar um miðjan desember 1969 frá umboðsmanni stefnenda og hafi hann um 20. s. m. ásamt Höskuldi, bróður sínum, rætt við Sveinbjörn Dagfinnsson hæstaréttarlögmann, forstöðumann Jarðeignasjóðs.

Páll sagði, að þau systkinin hafi falið umboðsmanni sínum, strax eftir að þeim var ljóst, að salan hafði farið fram, að gæta hagsmuna sinna. Páll taldi, að hann hafi gert Trausta Friðbertssyni grein fyrir því, að áhugi þeirra fyrir kaupum á jörðinni væri fyrir hendi. Páll sagði til skýringar á því, hvers vegna hann hefði ekki strax hafist handa og látið gera ráðstafanir til að kaupa jörðina, eftir að hann talaði við Trausta í ágúst 1969, að hann hafi viljað hafa fasta viðmiðun við væntanleg kauptilboð, áður en afstaða væri tekin um kaup. Hann taldi, að hann hafi ekki getað sætt sig við kaupverðið, 600 þús. krónur, en sagði jafnframt, að sér hafi ekki fundist vera um raunverulegt verð í skilmálum, sbr. bréf Trausta, dags. 20. maí 1969, og þess vegna hafi hann beðið með að taka afstöðu til þess að neyta forkaupsréttar síns.

Höskuldur Stefánsson sagðist hafa hitt Trausta Friðbertsson í Garðastræti í Reykjavík í aprílmánuði 1969 og frétt þá um væntanlega brottför Halldórs Guðbjartssonar af jörðinni. Síðan kveðst Höskuldur ekki hafa haft fregnir um mál þetta fyrr en bréf Trausta, dags. 20. maí, barst til föður hans, Stefáns. Hafi þau systkinin haldið fund, en niðurstaða fundarins varð sú, að Trausta var sent skeyti, dags. 3. júní 1969, sem fyrr er getið um. Höskuldur sagðist ekki hafa rætt við Trausta um söluna á jörðinni Kirkjubóli, en frétt um miðjan desember, að jörðin væri þá seld Jarðeignasjóði. Höskuldur kvaðst eigi hafa látið Trausta Friðbertsson vita um áhuga sinn á að neyta forkaupsréttar síns utan það, sem kemur fram í nefndu símskeyti. Í réttarhaldi síðar taldi Trausti, að rétt gæti verið hjá Höskuldi um framangreint samtal þeirra.

Skúlína Stefánsdóttir kveðst fyrst hafa vitað um sölu jarðarinnar Kirkjubóls í Korpudal í desember 1969. Hún sagði, að hana rámaði í, að hún hafi verið á fundi með bræðrum sínum, þar sem þessi mál voru rædd, þegar henni var sýnt skeyti það, sem Trausta Friðbertssyni var sent, dags. 3. júní 1969. Hún sagði enn fremur, að Trausti hefði ekki haft samband við sig um jarðasöluna.

Össur Stefánsson sagðist hafa verið á fundi með systkinum sínum, er ákvörðun var tekin um að senda Trausta Friðbertssyni umrætt skeyti, dags. 3. júní 1969. Hann sagði, að Trausti hefði aldrei haft samband við sig. Hann sagðist ekki hafa haft vitneskju

um, að Jarðeignasjóður ætlaði að kaupa, og ekki vitað um kaupin, fyrr en þau voru afgerð, en mundi hins vegar ekki nákvæmlega, hvenær vitneskja um það barst honum.

Vitnið Stefán Pálsson, faðir stefnenda, kvaðst hafa verið á fundi með börnum sínum vorið 1969, eftir að bréf Trausta Friðbertssonar, dags. 20. maí þ. á., barst. Eftir þann fund hafi verið sent símskeyti, áður nefnt, dags. 3. júní 1969, sem innihélt samþykki allra þeirra, er voru á fundinum. Vitnið taldi ástæðuna fyrir samþykktinni hafa verið þá meðal annars, að þeim hefði ekki fundist koma nægilega ákveðið fram í bréfi Trausta og skilmálum, hvort tilboðið væri bindandi. Vitnið vildi ekki fullyrða neitt um það, hvort það hafi vitað um sölu jarðarinnar til Jarðeignasjóðs, áður en hún fór fram. Vitnið sagðist ekki hafa haft frekara samband við Trausta út af jarðasölunni. Trausti sagði hins vegar í sama réttarhaldi, að hann hefði hringt til Stefáns eftir viðtöku nefnds skeytis og sagt honum, að hann, Trausti, hefði engu við að bæta, sem fram hefði komið í bréfi hans frá 20. maí 1969 og meðfylgjandi skilmálum. Um þetta atriði náðist eigi samræmi við samprófun.

Vitnið, sem er 75 ára að aldri, kvaðst vera orðið nokkuð gleymið og ekki geta munað það, sem vitnið Trausti Friðbertsson sagði um þakklæti þess, vitnisins, vegna afskipta Trausta af jarðasölunni.

Vitnið segist ekki hafa verið umboðsmaður barna sinna nema við sendingu umrædds skeytis.

Í réttarhaldi 23. september 1970, eftir að stefnendur Kjartan Stefánsson og Páll Stefánsson höfðu komið fyrir dóm, sagði vitnið Trausti Friðbertsson, að hann hefði rætt þessi mál við Kjartan og Pál saman og hvorn í sínu lagi. Vitnið kvaðst ekki muna greinilega, á hvaða tíma viðræður þessar við Kjartan og Pál fóru fram, en telur, að þær hafi átt sér stað, áður en það fékk skeytið, sem áður er nefnt, en einnig eflaust eftir það.

Trausti sagðist hafa undirritað afsalið til Jarðeignasjóðs í þeirri trú, að forkaupsréttar yrði ekki neytt.

Trausti sagði, að Sigrid, eiginkona Halldórs Guðbjartssonar, hafi sagt sér, að jörðin Efstaból mundi vera seljanleg fyrir kr. 50—60 þúsund, en Halldór hafi sjálfur boðið sér hana til kaups fyrir kr. 25 þús., sem vitnið hafnaði, a. m. k. á meðan hann stóð sjálfur í að reyna að greiða fyrir sölu jarðanna beggja.

Jóhannes Þ. Jónsson hefur komið fyrir dóm sem vitni.

Vitnið kvaðst muna eftir því, að Trausti Friðbertsson hafi

komið á skrifstofu sína síðari hluta nóvember 1969. Vitnið sagði, að Trausti hefði þá rætt um hugsanlega sölu á jörðunum Kirkjubóli og Efstabóli og hafi komið til mála, að Trausti framseldi vitninu umboð til þess að annast sölu jarðanna. Vitnið sagði, að í þetta sinn hafi Trausti hringt í síma og áður haft við orð að hringja í Kjartan Stefánsson, einn af stefnendum málsins. Vitnið segist ekki hafa fylgst með samtalinu, en hafa heyrt ávæning af því, en geta þó ekki skýrt frá efni þess.

Stefnendur styðja kröfur sínar þeim rökum, að samkvæmt ákvæði í fyrrgreindu afsali frá 17. apríl 1964 eigi þeir forkaupsrétt að jörðinni Kirkjubóli. Jörðin hafi hins vegar verið seld Jarðeignasjóði 21. nóvember 1969, án þess að forkaupsréttarákvæðis þessa hafi verið gætt og stefnendum gefinn kostur á því að kaupa jörðina á því verði og með þeim kjörum, sem Jarðeignasjóður ríkisins keypti jörðina á.

Stefnendur telja, að stefnda Halldóri hafi borið að tilkynna þeim skriflega um sölu jarðarinnar, sbr. ákvæði í 5. gr. laga nr. 40/1948 með lögjöfnun, þegar bindandi kauptilboð um kaup á jörðinni lá fyrir. Stefndi Halldór hafi eigi fullnægt þessum skyldum. Bréf umboðsmanns hans, dags. 20. maí 1969, hafi eigi verið þess eðlis, að hægt sé að skoða það sem boð um forkaupsrétt, þar sem ekki var þá ljóst, að nokkur vildi kaupa jörðina. Þessu bréfi hafi stefnendur svarað, þar sem þess var óskað, að lagt yrði fram bindandi kauptilboð, en slíkt kauptilboð hafi hins vegar aldrei komið fram. Stefnendur benda á, að það hafi ekki verið fyrr en eftir þetta, eða 9. júní 1969, sem stefndi Halldór lagði fyrst fram skriflega beiðni um, að Jarðeignasjóður keypti jörðina, en kaup hafi ekki verið samþykkt, fyrr en eftir að matsgerð lá fyrir, og geti því viðræður þær, sem áttu sér stað milli umboðsmanns stefnda Halldórs og stefnenda, þeirra Kjartans, Páls og Höskulds, ekki á neinn hátt skoðast sem boð á fyrrgreindum forkaupsrétti. Við tvo stefnenda hafi hann hins vegar aldrei talað um sölu jarðanna.

Stefnendur halda því fram, að hver og einn þeirra geti hér átt sjálfstæðan forkaupsrétt og geti neytt hans hver fyrir sig sjálfstætt eða við hlið hver annars. Fari svo, sem eindregið er mótmælt, að talið verði, að einhverjum af stefnendum hafi verið boðinn forkaupsréttur, telja stefnendur ljóst, að hinir eigi þann rétt og alla vega þeir, sem aldrei var talað við, þ. e. Skúlína og Össur.

Stefnendur halda því fram, að þeim hafi ekki verið kunnugt

um sölu jarðarinnar fyrr en í desember 1969 og hafi þeir þá þegar gert allt til þess að halda fram rétti sínum, fyrst með viðræðum við forsvarsmenn Jarðeignasjóðs og bréfaskriftum og síðar sem málssókn innan hæfilegs tíma, og sé því eigi um aðgerðarleysi af hálfu stefnenda að kenna.

Stefnendur benda enn fremur á, að verð jarðarinnar Kirkjubóls, sem fram kemur í fylgiskjali með bréfi umboðsmanns stefnda Halldórs, dags. 20. maí 1969, þ. e. 600 þús. kr., sé hærra en verð það, sem jörðin var endanlega seld á, sbr. samkomulag, er aðiljar gerðu undir rekstri málsins, þ. e. 552.800 kr., og sýni það eitt, að skilmálarnir voru óraunverulegir.

Stefndi Halldór styður sýknukröfu sína þeim rökum, að umboðsmaður hans hafi tilkynnt stefnendum nægilega um sölu jarðarinnar og hafi hann því fullnægt skyldum sínum gagnvart forkaupsréttarhöfum, stefnendum málsins. Hann hafi sent bréf, þar sem þeim var gerð grein fyrir söluverði jarðarinnar Kirkjubóls. Auk þess hafi umboðsmaður hans áður og síðar talað við þrjá af stefnendum málsins og látið þá fylgjast nákvæmlega með, hvað var að gerast í málinu. Hann hafi einnig beðið stefnanda Kjartan að hafa samband við aðra forkaupsréttarhafa. Hann hafi haft samband við stefnanda Kjartan, rétt áður en gengið var endanlega frá jarðasölunni og skýrt honum frá væntanlegri undirritun afsals, en hann hafi eigi sýnt neinn áhuga á að neyta forkaupsséttar síns. Hafi hann því undirritað afsalið í þeirri fullvissu, að stefnendur óskuðu ekki eftir að neyta forkaupsréttarins. Vitnisburður Jóhannesar Þ. Jónssonar sé því til sönnunar, að fyrrgreint samtal við Kjartan hafi farið fram.

Stefndi Halldór heldur því fram, að hver og einn stefnenda geti ekki átt sjálfstæðan rétt, heldur sé hér um samaðild að ræða.

Meðstefndi, Jarðeignasjóður ríkisins, styður sýknukröfu sína þeim rökum, að samningur stefnda Halldórs og Stefáns Pálssonar um fyrrgreindan forkaupsrétt, er fram kemur í nefndu afsali frá 1964, hafi verið frá upphafi ógildur að lögum, þar sem hann stangist á við ákvæði laga nr. 40/1948 um kauprétt að jörðum. Einungis geti einn aðili átt forkaupsrétt hverju sinni og fái því forkaupsréttur stefnenda eigi staðist, þar sem sveitarfélög eigi hér lögbundinn forkaupsrétt. Þessari málsástæðu hafa stefnendur mótmælt og telja, að um stofnun slíks réttar ríki samningsfrelsi, en forkaupsréttur, er byggist á samningi, standi að sjálfsögðu að baki lögbundnum forkaupsrétti.

Stefndi Jarðeignasjóður bendir á, að hann hafi keypt umrædda

jörð grandlaus um margnefnt forkaupsréttarákvæði í afsalinu frá 1964, enda hafi legið frammi veðbókarvottorð, þegar Jarðeignasjóður keypti, sem eigi geti um þetta forkaupsréttarákvæði, og eigi stefnendur því eigi rétt á að fá sölunni riftað.

Þessu hafa stefnendur mótmælt og telja, að réttur, sem byggist á röngu veðbókarvottorði, geti eigi á neinn hátt spillt áður þinglýstum rétti.

Ef fyrrgreindur forkaupsréttur stefnenda verði talinn gildur að lögum, þá leiði öll atvik til þess, að stefnendur hafi fyrirgert honum með aðgerðarleysi sínu og afskiptaleysi.

Báðir stefndu hafa mótmælt því, að samkomulag það, sem aðiljar gerðu undir rekstri málsins um mat á jörðinni Kirkjubóli, ef til riftunar kæmi, þ. e. kr. 552.800, feli á nokkurn hátt í sér viðurkenningu á raunverulegu söluverði jarðarinnar. Þeir benda á, að matsnefnd hafi metið jarðirnar Kirkjuból og Efstaból sameiginlega á kr. 650.000. Jörðin Kirkjuból hafi verið boðin stefnendum á kr. 600.000. Umboðsmaður stefnda Halldórs hafi gefið það álit undir rekstri málsins, að eðlileg verðskipting jarðanna væri 600 þús. krónur fyrir Kirkjuból og 50 þús. krónur fyrir Efstaból. Það samkomulag, er aðiljar gerðu undir rekstri málsins, beri því eigi að skoðast sem viðurkenning á raunverulegu söluverði jarðarinnar Kirkjubóls, heldur var þetta samkomulag einungis gert til þess að auðvelda stefnendum kröfugerð sína og lausn málsins, ef til riftunar kæmi á sölunni til Jarðeignasjóðs.

Stefndu benda á, að eftir að afsal til Jarðeignasjóðs hafði verið útgefið, hafi lögmaður stefnenda móttekið frá Jarðeignasjóði greiðslu á skuldabréfi fyrir hönd Stefáns Pálssonar vegna jarðasölunnar athugasemdalaust. Lögmaður stefnenda hefur mótmælt þessu sem málsástæðu, þar sem hann hafi eigi verið á þeim tíma umboðsmaður stefnenda, heldur síðar.

Eigi er hér á landi að finna almenn ákvæði um forkaupsrétt. Í lögum nr. 40/1948 um kauprétt að jörðum eru ákvæði um forkaupsrétt sveitarfélaga. Eigi verður fallist á þá málsástæðu stefnda Jarðeignasjóðs, að þau lög standi því í gegn eða útiloki, að menn geti almennt samið um forkaupsrétt að jörðum. Eigi verður heldur fallist á þá málsástæðu stefnda Jarðeignasjóðs, að sýkna beri af kröfum stefnenda á þeim forsendum, að Jarðeignasjóður hafi eigi um fyrrgreint forkaupsréttarákvæði vitað. Forkaupsréttur stefnenda féll ekki niður, þótt hans væri ekki getið í nefndu veðbókarvottorði.

Til álita kemur því hér, hvort stefnendum hafi verið nægilega

tilkynnt kauptilboð Jarðeignasjóðs. Komið hefur fram hjá forsvarsmanni Jarðeignasjóðs, að endanleg ákvörðun um kaup umræddra jarða hafi eigi verið tekin, fyrr en matsgerð lá fyrir. Bar því stefnda Halldóri að kunngera stefnendum kauptilboðið og skilmála þess og gefa þeim kost á að neyta forkaupsréttar síns. Umboðsmaður stefnda Halldórs heldur því fram, að hann hafi haft samband við Kjartan, einn af stefnendum, í síma, þegar kaup voru ákveðin, skömmu áður en afsal var undirritað, og boðið honum að neyta forkaupsréttar. Gegn mótmælum stefnanda Kjartans verður þetta að teljast ósannað þrátt fyrir framburð vitnisins Jóhannesar Þ. Jónssonar, sbr. 129. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, áttu stefnendur forkaupsrétt að jörðinni Kirkjubóli, þegar henni var afsalað til Jarðeignasjóðs. Þeim forkaupsrétti höfðu þeir ekki fallið frá né fyrirgert síðar sakir tómlætis, enda er málið fyrst höfðað 6. apríl 1970. Ber því að taka kröfu stefnenda um riftun til greina.

Er stefnendum heimilað að kaupa jörðina gegn því að greiða kr. 552.800 með því að yfirtaka áhvílandi veðskuldbindingar, sem á jörðinni hvíla, og gegn peningagreiðslu eftirstöðva kaupverðs.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Með úrskurði 17. nóvember 1970 vék hinn reglulegi dómari, Björgvin Bjarnason sýslumaður, sæti í málinu.

Hinn 24. júní 1971 var Þorleifur Pálsson stjórnarráðsfulltrúi skipaður setudómari í máli þessu. Hefur hann frá þeim tíma farið með mál þetta og kveðið upp dóm þennan.

Dómsorð:

Krafa stefnenda um riftun á sölu þeirri, er fram fór 21. nóvember 1969, á fyrrgreindri jörð, Kirkjubóli, til Jarðeignasjóðs ríkisins er tekin til greina.

Stefnendum er heimilað að kaupa jörðina gegn því að greiða kr. 552.800 með því að yfirtaka áhvílandi veðskuldbindingar, sem á jörðinni hvíla, og gegn peningagreiðslu eftirstöðva kaupverðs.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. desember 1975.

Nr. 4/1975. **Guðbjartur Pálsson**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Hermanni Kristjánssyni
(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Víxilmál. Réttarfarssekt. Veðréttur í bifreið.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 13. janúar 1975. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju. Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn.

Kröfugerð áfrýjanda er eigi studd neinum haldbærum rökum.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann. Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur.

Áfrýjun máls þessa er gersamlega að ófyrirsynju. Þykir rétt að dæma áfrýjanda, Guðbjarti Pálssyni, 5.000 króna sekt í ríkissjóð samkvæmt 2. tölulið 1. málsgr. 188. gr. laga nr. 85/1938, sbr. 18. gr. laga nr. 33/1963 og 58. gr. laga nr. 75/1973, og komi í hennar stað 2 daga varðhald, ef sektin verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðbjartur Pálsson, greiði stefnda, Her-

manni Kristjánssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur.

Áfrýjandi greiði 5.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 2 daga í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. desember 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hefur Hermann Kristjánsson, Hvassaleiti 87, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 28. maí 1974, á hendur Guðbjarti Pálssyni bifreiðarstjóra, Bragagötu 38 A í Reykjavík, til greiðslu á víxilskuld að fjárhæð kr. 950.000 ásamt 1.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 5. apríl 1974 til greiðsludags, kr. 2.280 í stimpilkostnað auk málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Enn fremur krefst stefnandi staðfestingar á veðrétti sínum fyrir víxilskuldinni í bifreiðinni R 1134, sem er Ford, árgerð 1974, en hinn 17. janúar 1974 gaf stefndi út tryggingarbréf með víxlinum, þar sem víxilskuldin er tryggð með 2. veðrétti í áðurnefndri bifreið.

Hin umstefnda skuld er samkvæmt víxli, útgefnum 17. janúar 1974 af stefnanda, en samþykktum til greiðslu af stefnda við sýningu, þar sem enginn gjalddagi er tiltekinn. Stefnandi heldur því fram, að hinn umstefndi víxill hafi verið sýndur til greiðslu í Sparisjóði vélstjóra í Reykjavík hinn 5. apríl 1974. Víxillinn hefur eigi fengist greiddur þrátt fyrir innheimtutilraunir.

Við munnlegan flutning málsins bar stefnandi fram þá varakröfu varðandi vexti, að stefndi yrði alla vega dæmdur til að greiða hina umstefndu vexti frá þingfestingardegi hinn 30. maí 1974, enda hafi honum þá í síðasta lagi verið sýndur víxillinn til greiðslu, ef eigi yrði talið sannað, að honum hafi verið sýndur hann hinn 5. apríl 1974.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en við munnlegan flutning málsins setti stefndi fram þá varakröfu, að hann yrði sýknaður gegn greiðslu á kr. 555.000 auk 1.5% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá 30. maí 1974 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hér hafi verið um sýningarvíxil að ræða og borið hafi að sýna hann innan árs, sbr. 34. gr. víxillaga nr. 93/1933. Afsagnargerð hafi eigi farið fram vegna greiðslufalls hans, sbr. 64. gr. víxillaganna. Vegna þessa hafi stefnandi glatað víxilrétti sínum gegn stefnda vegna vangeymslu í sambandi við greiðslu víxilsins.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að víxillinn hafi verið sýndur í Sparisjóði vélstjóra hinn 5. apríl 1974. Gegn andmælum af hálfu stefnda er þessi staðhæfing stefnanda ósönnuð. Hins vegar var víxillinn lagður fram við þingfestingu máls þessa hinn 30. maí 1974, og um leið verður að telja, að fram hafi farið á honum fullnægjandi sýning. Víxillinn er útgefinn hinn 17. janúar 1974. Samkvæmt 34. gr. víxillaga nr. 93/1933 ber að sýna sýningarvíxla innan eins árs frá útgáfudegi. Víxillinn var í síðasta lagi sýndur til greiðslu við þingfestingu málsins hinn 30. maí 1974. Víxillinn var því sýndur til greiðslu innan þess frests, sem mælt er fyrir um í 34. gr. víxillaga. Þessi sýknuástæða stefnda hefur því eigi við rök að styðjast, enda glatar stefnandi, sem er löglegur handhafi víxilsins, ekki rétti sínum á hendur stefnda, sem er samþykkjandi víxilsins, þótt afsagnargerð vegna greiðslufalls færi ekki fram, sbr. 53. gr. víxillaganna.

Í öðru lagi byggir stefndi varnir sínar á því, að hann hafi verið búinn að greiða kr. 395.000 upp í hinn umstefnda víxil til fyrri eiganda hans, Björgvins Hermannssonar, sonar stefnanda. Hefur stefndi lagt fram kvittanir þessu til áréttingar. Kvittanir þessar eru þrjár, útgefnar 5. febrúar 1974, að fjárhæð kr. 300.000, 7. mars 1974, að fjárhæð kr. 50.000, og 12. mars 1974, að fjárhæð kr. 45.000. Engin þessara kvittana ber það með sér beinlínis, að stefndi hafi greitt nefndar fjárhæðir upp í hina umstefndu víxilskuld. Ekki ber víxillinn það heldur með sér, að nokkuð hafi verið greitt inn á hann.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að aðrar varnir fái að komast að í víxilmáli þessu en um getur í 208. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Þegar af þessari ástæðu er eigi unnt að taka greinda varnarástæðu stefnda til greina, sbr. 208. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði, svo og vegna ákvæða 17. gr. víxillaga nr. 93 frá 19. júní 1933.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi er dæmdur til að greiða stefnanda, sem er löglegur handhafi víxilsins, hina umstefndu fjárhæð auk krafinna vaxta frá 30. maí 1974 til greiðsludags, enda

er ósannað gegn andmælum af hálfu stefnda, að víxillinn hafi verið sýndur til greiðslu fyrr en við þingfestingu málsins, hinn 30. maí 1974.

Þá er staðfestur 2. veðréttur stefnanda fyrir víxilskuldinni í fólksbifreiðinni R 1134, sem er Ford, árgerð 1974, sbr. tryggingarbréf, útgefið af stefnda hinn 17. janúar 1974 og þinglesið athugasemdalaust 21. sama mánaðar, en stefnandi er handhafi bréfs þessa.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 102.000.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðbjartur Pálsson, greiði stefnanda, Hermanni Kristjánssyni, kr. 950.000 ásamt 1.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 30. maí 1974 til greiðsludags, kr. 2.280 í stimpilkostnað og kr. 102.000 í málskostnað.

Staðfestur er 2. veðréttur stefnanda fyrir framangreindri víxilskuld í fólksbifreiðinni R 1134, sem er Ford, árgerð 1974, sbr. tryggingarbréf, útgefið af stefnda hinn 17. janúar 1974.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. desember 1975.

Nr. 27/1974. **Sælgætisgerðin Amor h/f**
(Kristinn Einarsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík og gagnsök
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Skattamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 1. febrúar 1974. Krefst hann þess, að synjað verði um lögtak það, er gagnáfrýjandi krefst, að framkvæmt verði í eignum hans. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 8. febrúar 1974. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar með þeirri breytingu þó, að lögtak verði leyft til tryggingar opinberum gjöldum að fjárhæð 318.847 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir að úrskurður fógeta gekk, galt aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda 84.339 krónur, þ. e. ýmis launatengd gjöld álögð 1972, en um réttmæti þeirra var eigi deilt í málinu.

Samkvæmt skýlausum ákvæðum 2. tl. 2. gr. laga nr. 62/1938 og 1. tl. a liðs 2. gr. laga nr. 51/1968 er aðaláfrýjandi bókhaldsskyldur. Gögn máls bera með sér, að bókhald aðaláfrýjanda fullnægði eigi lagareglum. Voru skattframtöl hans gjaldárin 1966, 1967 og 1968 (skattárin 1965, 1966 og 1967), sem hér koma ein til álita, haldin ýmsum annmörkum, sem aðaláfrýjandi hefur eigi gefið viðhlítandi skýringu á. Var ríkisskattanefnd rétt að taka gjöld aðaláfrýjanda frá þessu árabili til endurákvörðunar að frumkvæði ríkisskattstjóra, sbr. 4. málsgr. 42. gr. laga nr. 68/1971, áður 4. málsgr. 42. gr. laga nr. 90/1965, sbr. enn fremur 4. málsgr. 16. gr. og 2. mgr.

23. gr. laga nr. 7/1972. Gætt var réttra aðferða af hálfu skattayfirvalda við endurákvörðun gjalda aðaláfrýjanda, og eigi er sýnt fram á efnislega ágalla á áætlun ríkisskattanefndar á tekjum aðaláfrýjanda um það árabil, er hér skiptir máli, enda þykir áætlunin eigi úr hófi. Er því eigi unnt að taka til greina andmæli aðaláfrýjanda, sem reist eru á því, að ákvörðun gjaldanna hafi verið ólögmæt, en rétt þykir að taka fram, að kirkjugarðsgjöld eru ákveðin sem hundraðshluti af útsvörum og aðstöðugjöldum, sbr. 3. málsgr. 26. gr. laga nr. 21/1963.

Aðaláfrýjandi hefur vefengt heimild ríkisskattanefndar til endurákvörðunar gjalda, er stafa frá skattárinu 1965 (gjaldárinu 1966), sbr. orðalag 38. gr. laga nr. 68/1971: „... þó skal eigi reikna skatt gjaldanda að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár". Þykir eiga að lögskýra svo ákvæði þetta, að frestur til endurákvörðunar á gjöldum aðaláfrýjanda samkvæmt 38. gr. laga nr. 68/1971 vegna skattársins 1965 hafi verið liðinn, þegar ríkisskattanefnd kvað upp úrskurði sína 14. apríl 1972. Verður því að synja um lögtak vegna þessara gjalda, sem nema alls 80.096 krónum, en fógeta ber að framkvæma lögtak hjá aðaláfrýjanda til tryggingar opinberum gjöldum að fjárhæð 238.751 króna ásamt 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1973 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 70.000 krónur.

Dómsorð:

Lögtak skal framkvæmt hjá aðaláfrýjanda, Sælgætisgerðinni Amor h/f, að kröfu gagnáfrýjanda, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, til tryggingar 238.751 krónu ásamt 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1973 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 70.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég fellst á atkvæði meiri hluta dómenda um, að ríkisskattanefnd hafi verið heimilt að breyta ákvörðunum skattstjóra um tekjuskatt og tekjuútsvar aðaláfrýjanda, svo sem hún gerði með úrskurðum 14. apríl 1972, sbr. 4. mgr. 42. gr. laga nr. 68/1971, áður 4. mgr. 42. gr. laga nr. 90/1965, sbr. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 7/1972, sbr. enn fremur nú 2. mgr. 24. gr. laga nr. 8/1972. Ég er enn fremur samþykkur því, að þær heimildir, sem greind lagaákvæði veittu ríkisskattanefnd til að breyta áður ákvörðuðum tekjuskatti og tekjuútsvari aðaláfrýjanda, hafi takmarkast af ákvæði 2. ml. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1971. Er þá álitaefni, hvort ríkisskattanefnd hafi í úrskurðum sínum farið út fyrir þau mörk, sem ákvæði þetta setti valdi hennar til að gera aðaláfrýjanda tekjuskatt og tekjuútsvar að nýju, með því að breyta gjöldum, sem á hann voru lögð gjaldárið 1966.

Í síðastgreindu ákvæði segir svo um skyldu til að greiða skatt eftir á, að eigi skuli reikna skatt gjaldanda að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár. Sá skilningur samræmist best þessum orðum ákvæðisins, að leyft sé að taka til ákvörðunar að nýju gjöld, sem lögð hafa verið á skattgjaldanda á síðustu 6 gjaldárum, áður en upp er kveðinn úrskurður um skattbreytingu. Er þá við það miðað, að skattskrá hafi eigi verið lögð fram á því gjaldári, þegar úrskurður er upp kveðinn, eða frestur til framlagningar hennar samkvæmt 39. gr. laga nr. 68/1971 hafi þá eigi verið liðinn.

Samkvæmt framanskráðu tel ég, að fallast beri á kröfu gagnáfrýjanda um, að framkvæma skuli lögtak hjá aðaláfrýjanda til tryggingar opinberum gjöldum að fjárhæð 318.847 krónur ásamt 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1973 til greiðsludags.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um málskostnað.

Dómsorð:

Lögtak skal framkvæmt hjá aðaláfrýjanda, Sælgætisgerðinni Amor h/f, að kröfu gagnáfrýjanda, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, fyrir kr. 318.847 ásamt 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1973 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 70.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 7. desember 1973.

Gjaldheimtan í Reykjavík hefur krafist þess í fógetamáli þessu, að fram fari lögtak í eignum Sælgætisgerðarinnar Amor h/f til tryggingar opinberum gjöldum að fjárhæð kr. 403.186 ásamt 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1973. Enn fremur er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarþola vegna lögtaksmáls þessa.

Af hálfu gerðarþola er viðurkennt, að hlutafélaginu beri að greiða kr. 84.339 af lögtakskröfunum, en að öðru leyti er því mótmælt, að umbeðin lögtaksgerð nái fram að ganga. Er málskostnaðar krafist úr hendi gerðarbeiðanda.

Þetta mál var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram þann 29. nóvember þ. á.

Samkvæmt því, sem fyrir liggur í máli þessu, er upphaf þess á þá leið, að þann 10. janúar 1972 ritar rannsóknadeild ríkisskattstjóra gerðarþola bréf, sem lagt er fram í máli þessu sem rskj. 20. Þessu bréfi fylgdi niðurstaða athugunar á bókhaldi og skattframtölum hlutafélagsins fyrir árin 1965, 1966 og 1967, og er það plagg lagt fram sem rskj. 21. Í bréfinu á rskj. 20 segir, að bókhald hlutafélagsins, sem framtöl þessi byggist á, sé miklum annmörkum háð og verði málefnið lagt fyrir ríkisskattanefnd og gæti komið til hækkunar á áður álögðum opinberum gjöldum gjaldárin 1966, 1967 og 1968. Er þess óskað, að félagið kynni sér skýrsluna, rskj. 21, og hafi það frest til 27. janúar til að koma að athugasemdum.

Jafnframt sendi ríkisskattstjóri framtalsnefnd Reykjavíkur bréf varðandi ofannefnt málefni, og nefndinni er þar gefinn kostur á að koma að athugasemdum, áður en ríkisskattanefnd taki málið fyrir. Bréf þetta er einnig dagsett 10. janúar 1972 og frestur settur framtalsnefndinni til 27. janúar. Sjá rskj. nr. 19.

Af gerðarþola hálfu er bréfinu á rskj. 20 svarað þann 22. janúar 1972, rskj. 17, og eru gerðar athugasemdir við staðhæfingar um

bókhaldsgalla og því vísað á bug, að um sé að ræða galla, er gefi tilefni til skattstofns. Framtalsnefnd ritar ríkisskattstjóra þann 9. febrúar og tjáir sig samþykka fyrirhuguðum breytingum á útsvari gerðarþola. Það bréf er lagt fram sem rskj. 18.

Þann 14. apríl 1972 tók ríkisskattanefnd ákvörðun um þá hækkun, sem fram kemur í bréfinu 10. janúar, að gerðarþoli kynni að eiga von á. Þessi úrskurður er lagður fram í málinu sem rskj. 16.

Þar er fyrst rökstutt, að bókhald hlutafélagsins sé miklum annmörkum háð, og þykir ekki ástæða til að rekja það nákvæmlega hér að öðru leyti en því, að fram kemur, að bækur séu ekki færðar, jafnóðum og viðskipti hafi átt sér stað, t. d. engin sjóðbók færð eða annars konar regluleg skráning á fjármagnshreyfingum félagsins. Enn fremur hafi efnahags- og rekstrarreikningar gerðarþola verið skráðir í gegnumdregna og innsiglaða bók, sem hafi verið löggilt 16. janúar 1969 sem efnahagsbók fyrir Efnablönduna h/f hér í borg.

Með tilliti til þessara annmarka á bókhaldi og framtölum gerðarþola fyrir umrædd ár er talið rétt að ákveða félaginu gjaldstofna fyrir gjaldárin samkvæmt mati, þannig:

Hreinar tekjur gjaldárið 1966 þykja hæfilega ákveðnar kr. 250.000, en voru áður kr. 105.575. Tilsvarandi tölur gjaldárið 1967 eru kr. 300.000 í stað kr. 87.572 og gjaldárið 1968 kr. 350.000 í stað kr. 104.491.

Þannig er úrskurðarorð á þessa leið: Tekjuskattur gjaldárið 1966 hækkar um kr. 34.522, eða úr kr. 15.978 í kr. 50.500, en tekjuskattur gjaldárið 1967 hækkar um kr. 47.349, eða úr kr. 13.251 í kr. 60.600, og tekjuskattur gjaldárið 1968 hækkar um kr. 54.884, eða úr kr. 15.816 í kr. 70.700.

Sama dag er kveðinn upp úrskurður í ríkisskattanefnd um endurálagningu tekjuútsvars gerðarþola, og er þar lagt til grundvallar það, sem segir á rskj. 16 um forsendur fyrir hækkun tekjuskatts, og byggt á þar greindum áætlunarfjárhæðum. Er úrskurðað, að tekjuútsvar gjaldárið 1966 hækki um kr. 44.900, þ. e. úr kr. 16.628 í kr. 61.528, tekjuútsvar gjaldárið 1967 um kr. 61.600, eða úr kr. 11.2774 í 72.874, og tekjuútsvar 1968 um kr. 72.900, eða úr kr. 15.563 í kr. 88.463. Er úrskurður þessi lagður fram sem rskj. 9 og 15 í máli þessu.

Í báðum þessum úrskurðum ríkisskattanefndar er tiltekinn kærufrestur: 21 dagur frá póstlagningu úrskurðanna til gerðarþola.

Gerðarþoli hlutaðist til um kæru þessara tekjuskatts- og út-

svarshækkana, sem að framan greinir. Er því haldið fram, að ekkert hafi komið fram, sem gefi tilefni til þeirra, en að öðru leyti muni þar liggja til grundvallar, að sjóðbók hafi ekki verið færð. Er bent á það, að nú á síðari árum, eftir að lög nr. 51/1968 tóku gildi, hafi verið gerðar strangari kröfur til sjóðbókar en gert var, þá er lög nr. 62/1938 voru í gildi. Varðandi vöntun frumbóka, sbr. skýrsluna á rskj. 21 og úrskurðinn á rskj. 16, er þess getið, að nokkrar þeirra hafi glatast við innbrot hjá fyrirtækinu, sem lögregluyfirvöldum sé kunnugt um og sem ríkisskattanefnd hafi verið skýrt frá. Um það atriði, að ársreikningar hafi verið færðir í löggilta bók Efnablöndunnar h/f, þá sé þar um að ræða mistök, sem ekki sé hægt að skýra, nema svo sé að löggildingarmanni hafi verið gefið upp rangt nafn. Þetta kærubréf er dagsett 3. júní og lagt fram sem rskj. 8 og 14 í máli þessu.

Í úrskurðum ríkisskattanefndar, sem eru kveðnir upp 15. september 1972, er kæru gerðarþola á tekjuskatts- og tekjuútsvarsálagningum þessum vísað á bug. Í forsendum er sagt, að áætlun á gjaldanda sé gerð með hliðsjón af því, að bókhald það, sem framtöl hans byggist á, sé ekki nógu traust og að það sé haldið þeim annmörkum, að það verði ekki lagt til grundvallar við álagningu opinbera gjalda. Í kæru komi engin ný atriði fram, er gefi ástæðu til breytingar á fyrri úrskurði. Þessir hér umræddir úrskurðir eru lagðir fram sem rskj. 12 og 13 í máli þessu.

Svo er að sjá við athugun á ljósriti gjaldheimtuspjalds gerðarþola, er gerðarbeiðandi hefur lagt fram sem rskj. 6, að Gjaldheimtan í Reykjavík hafi verið beðin um innheimtu gjalda þeirra, sem umdeild eru í þessu máli, nánast um mánaðamót september—október 1972. Fyrir liggur bréf Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns til gjaldheimtustjóra, dags. 12. desember 1972, þar sem hann skýrir svo frá, að hann hafi verið beðinn að mótmæla margnefndum viðbótarálögum, og kveðst Kristinn þannig munu halda uppi vörnum í fógetarétti, ef til komi. Greinargerð gerðarbeiðanda er rituð þann 22. janúar 1973 og er lögð fram í fógetarétti Reykjavíkur þann 13. apríl 1973, og hefur mál þetta verið sótt og varið fyrir fógetaréttinum síðan.

Í greinargerð gerðarbeiðanda koma fram lögtakskröfurnar, sem, eins og að framan greinir, nema samtals kr. 403.186. Þar er um að ræða hækkanir þær á tekjuskatti og tekjuútsvari, sem getið hefur verið, og að auki er kirkjugarðsgjald fyrir viðeigandi ár, en það reiknast samkvæmt hundraðstölu.

Eru lögtakskröfurnar sundurliðaðar þannig með þeirri athuga-

semd umboðsmanns gerðarbeiðanda, að gjöldin voru á lögð í apríl 1972, en ekki í september s. á.

1966:	Tekjuskattur	kr.	34.522
	Kirkjugarðsgjald	—	674
	Tekjuútsvar	—	44.900
1967:	Tekjuskattur	—	47.349
	Kirkjugarðsgjald	—	924
	Tekjuútsvar	—	61.600
1968:	Tekjuskattur	—	54.884
	Kirkjugarðsgjald	—	1.094
	Tekjuútsvar	—	72.900
1972:	Lífeyristryggingargjald	—	30.135
	Slysatryggingargjald	—	6.027
	Atvinnuleysistryggingargjald	—	9.539
	Almennur launaskattur	—	14.562
	Sérstakur launaskattur	—	21.843
	Iðnaðargjald	—	2.233
		Samtals kr.	403.186

Hér tilfærð gjöld ársins 1972, sbr. rskj. 5 og 25, byggjast á óbreyttu launaframtali gerðarþola ár 1971, sbr. launamiðafylgiskjal, og hafa þau ekki verið vefengd af gerðarþola hálfu.

Af gerðarbeiðanda hálfu er vísað til þeirra raka, sem fram koma í skjölum ríkisskattanefndar. Það fari ekki á milli mála, að gerðarþoli hafi verið bókhaldsskyldur samkvæmt lögum nr. 62/1938 og átti þannig að færa tilteknar bækur í ákveðnu formi. Þeirri skyldu hafi gerðarþoli ekki gegnt, og er sérstaklega vísað til útlistunar þeirrar, er fram kemur í rskj. 21 svo og rskj. 16, sbr. rskj. 9 og 15. Þar eð bókhald hafi verið svo gallað, hafi framtöl eðlilega verið tortryggileg af þeirri ástæðu. Hafi skattayfirvöld verið að gegna skyldu sinni, er þau fóru að eins og að framan er lýst, og hafi ríkisskattstjóri neytt 16. gr. laga nr. 7/1972 um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt. Samkvæmt 37. gr. laga nr. 68/1971 var nánari skýringarheimt réttmæt vegna bókhaldsgallanna og samkvæmt sömu grein hafi ríkisskattstjóra borið að áætla tekjur gerðarþola og ákveða gjöldin, þar eð fullnægjandi skýringar samkvæmt fyrirspurn fengust ekki. Hafi verið stranglega farið eftir öllum hér að lútandi ákvæðum, svo sem um tilkynningar til gerðarþola. Allar ákvarðanir hafi verið

innan valdmarka skattayfirvalda og því verði ekki haldið fram, að áætlun og þar af leiðandi gjaldahækkun hafi verið óhófleg eftir atvikum.

Af gerðarþola hálfu er fyrst og fremst vísað í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1971, þar sem segir, að sá, sem hafi greint frá tekjum og eignum lægri en raunverulega sé, skuli greiða eftir á þá skattupphæð, sem undan hafi verið dregin, þó skuli ekki reikna skatt að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár. Þegar af þeirri ástæðu sé ekki um að ræða, að lögtak geti náð fram að ganga, að því er við komi gjöldum 1966, sem byggist á framtali um tekjur ársins 1965. Einnig sé á það að líta, að notkun nefndrar lagagreinar byggist á því, að sannað sé að fullu, að of lágt hafi verið fram talið, en það liggi alls ekki fyrir. Þá sé rangt að byggja hækkun á ófullkomnu bókhaldi, nema því aðeins að sannað sé, að of lágt hafi verið talið fram, en út af fyrir sig sé því ekki haldið fram af skattayfirvalda hálfu. Að öðru leyti sé þess svo að geta varðandi bókhald gerðarþola, að 8 af frumbókum þeim, sem horfið hafi við óviðráðanleg atvik og að framan er lýst, séu nú fundnar, sbr. og bréf á rskj. 10. En efnahagsbók sé að vísu löggilt fyrir Efnablönduna h/f, sem sé systurfyrirtæki gerðarþola, en slík meðferð ætti ekki að saka svo mjög. Bókin sé löggilt á tíðkanlegan hátt, og þar séu allir reikningar gerðarþola innfærðir.

Í 35. gr. laga nr. 68/1971 segir, að allir þeir, sem samkvæmt lögunum séu skattskyldir, skuli afhenda til skattayfirvalda nánar tilgreindar yfirlýsingar í tilteknu formi um tekjur næstliðins árs og eignir í lok sama árs. Að því er varðar þá, sem bókhaldsskyldir eru, en gerðarþoli er þar í flokki að sjálfsögðu, þá byggir upplýsingaform fyrirtækja beinlínis á því, að það, sem þar er skráð, eigi rætur beint úr bókhaldi. Hér af sýnist leiða, að ef bókhald er gallað eða ekki í samræmi við kröfur laga þar um, þá sé þegar af þeirri ástæðu orsök til tortryggni, að því er viðkemur framtölum aðilja.

Eins og lýst er í skýrslu og gögnum nefndra skattayfirvalda, fullnægir bókhald gerðarþola ekki kröfum þeim, sem löggjöf um þetta efni segir fyrir um

Með bréfi sínu til gerðarþola, rskj. 20, lét ríkisskattstjóri gerðarþola máls þessa vita, að með því að bókhald félagsins, sem sé grundvöllur framtala fyrir árin 1965, 1966 og 1967, sé miklum annmörkum háð, megi búast við því, að ríkiskattanefnd ákveði hækkun á opinberum gjöldum gjaldáranna 1966, 1967 og 1968. Jafnframt var gerðarþola send skýrsla rannsóknadeildar, og var

skorað á gerðarþola að kynna sér hana og síðan að koma athugasemdum á framfæri innan 17 daga. Verður að telja, að hér hafi ríkisskattstjóri gætt ákvæða 37. gr. laga nr. 68/1971, og um leið lét hann framtalsnefnd vita um þessar ráðstafanir.

Þar eð ríkisskattanefnd taldi svör gerðarþola við bréfi ríkisskattstjóra, rskj. 20, ófullnægjandi, voru gerðarþola áætlaðar tekjur, sbr. enn nýnefnda lagagrein, og gerðarþola tilkynnt um þar af leiðandi gjaldahækkanir, rskj. 15 og 16, ásamt rökstuðningi fyrir þeim ákvörðunum.

Verður að telja, að skattayfirvöld hafi gætt réttra aðferða við þessar aðgerðir svo og varðandi meðferð á kæru gerðarþola yfir álagningu gjalda þessara. Þá ber að líta svo á, að sjálf tekjuáætlunin og þar af leiðandi niðurjöfnun hafi verið innan starfsmarka þessara skattayfirvalda að lögum. Þær virðast ekki svo óhóflegar, að fært þyki að synja lögtaks af þeirri ástæðu.

Ekki er vafalaust, hvernig skýra ber ákvæði 38. gr. laga nr. 68/1971: „... þó skal eigi reikna skatt gjaldanda að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár". Þó þykir helst fyrir hendi að reikna 6 ár aftur í tímann, frá því að hin umdeilda álagning fór fram, en það var 14. apríl 1972. Niðurjöfnun gjaldárið 1966 fór fram síðar það ár. Verður að vísa hér að lútandi vörn gerðarþola á bug.

Niðurstaðan verður sú, að hið umbeðna lögtak nær að ganga fram fyrir kr. 403.186 ásamt 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1973 til greiðsludags.

Rétt má telja að láta málskostnað falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Lögtak skal ná fram að ganga til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda, kr. 403.186, ásamt 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1973 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 10. desember 1975.

Nr. 28/1974. **Efnablandan h/f**
(Kristinn Einarsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Skattamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 1. febrúar 1974. Krefst hann þess, að synjað verði um lögtak það, er gagnáfrýjandi krefst, að framkvæmt verði í eignum hans. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 8. febrúar 1974. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar með þeirri breytingu þó, að lögtak verði leyft til tryggingar opinberum gjöldum að fjárhæð 407.658 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir að úrskurður fógeta gekk, galt aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda 130.952 krónur, þ. e. ýmis launatengd gjöld álögð 1972, en um réttmæti þeirra var eigi deilt í málinu.

Eigi er rétt greint í hinum áfrýjaða úrskurði, að frumbækur aðaláfrýjanda hafi glatast við innbrot í húsakynni hans.

Samkvæmt skýlausum ákvæðum 2. tl. 2. gr. laga nr. 62/1938 og 1. tl. a liðs 2. gr. laga nr. 51/1968 er aðaláfrýjandi bókhaldsskyldur. Gögn máls bera með sér, að bókhald aðaláfrýjanda fullnægði eigi lagareglum. Voru skattframtöl hans gjaldárin 1966, 1967 og 1968 (skattárin 1965, 1966 og 1967), sem hér koma ein til álita, haldin ýmsum annmörkum, sem aðaláfrýjandi hefur eigi gefið viðhlítandi skýringu á. Var ríkisskattanefnd rétt að taka gjöld aðaláfrýjanda frá þessu

árabili til endurákvörðunar að frumkvæði ríkisskattstjóra, sbr. 4. málsgr. 42. gr. laga nr. 68/1971, áður 4. málsgr. 42. gr. laga nr. 90/1965, sbr. og 4. málsgr. 16. gr. og 2. málsgr. 23. gr. laga nr. 7/1972. Gætt var réttra aðferða af hálfu skattayfirvalda við endurákvörðun gjalda aðaláfrýjanda, og eigi er sýnt fram á efnislega ágalla á áætlun ríkisskattanefndar á tekjum aðaláfrýjanda um það árabil, er hér skiptir máli, enda þykir áætlun eigi úr hófi. Er því eigi unnt að taka til greina andmæli aðaláfrýjanda, sem reist eru á því, að ákvörðun gjaldanna hafi verið ólögmæt, en rétt þykir að taka fram, að kirkjugarðsgjöld eru ákveðin sem hundraðshluti af útsvörum og aðstöðugjöldum, sbr. 3. málsgr. 26. gr. laga nr. 21/1963.

Aðaláfrýjandi hefur vefengt heimild ríkisskattanefndar til endurákvörðunar gjalda, er stafa frá skattárinu 1965 (gjaldárinu 1966), sbr. orðalag 38. gr. laga nr. 68/1971: „... þó skal eigi reikna skatt gjaldanda að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár". Þykir eiga að lögskýra svo ákvæði þetta, að frestur til endurákvörðunar á gjöldum aðaláfrýjanda samkvæmt 38. gr. laga nr. 68/1971 vegna skattársins 1965 hafi verið liðinn, þegar ríkisskattanefnd kvað upp úrskurði sína 14. apríl 1972. Verður því að synja um lögtak vegna þessara gjalda, sem nema alls 109.711 krónum, en fógeta ber að framkvæma lögtak hjá aðaláfrýjanda til tryggingar opinberum gjöldum að fjárhæð 297.947 krónur ásamt 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1973 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur.

Dómsorð:

Lögtak skal framkvæmt hjá aðaláfrýjanda, Efnablöndunni h/f, að kröfu gagnáfrýjanda, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, til tryggingar 297.947 krónum ásamt 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1973 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í

héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég fellst á atkvæði meiri hluta dómenda um, að ríkisskattanefnd hafi verið heimilt að breyta ákvörðunum skattstjóra um tekjuskatt og tekjuútsvar aðaláfrýjanda, svo sem hún gerði með úrskurðum 14. apríl 1972, sbr. 4. mgr. 42. gr. laga nr. 68/1971, áður 4. mgr. 42. gr. laga nr. 90/1965, sbr. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 7/1972, sbr. enn fremur nú 2. mgr. 24. gr. laga nr. 8/1972. Ég er enn fremur samþykkur því, að þær heimildir, sem greind lagaákvæði veittu ríkisskattanefnd til að breyta áður ákvörðuðum tekjuskatti og tekjuútsvari aðaláfrýjanda, hafi takmarkast af ákvæði 2. ml. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1971. Er þá álitaefni, hvort ríkisskattanefnd hafi í úrskurðum sínum farið út fyrir þau mörk, sem ákvæði þetta setti valdi hennar til að gera aðaláfrýjanda tekjuskatt og tekjuútsvar að nýju, með því að breyta gjöldum, sem á hann voru lögð gjaldárið 1966.

Í síðastgreindu ákvæði segir svo um skyldu til að greiða skatt eftir á, að eigi skuli reikna skatt gjaldanda að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár. Sá skilningur samræmist best þessum orðum ákvæðisins, að leyft sé að taka til ákvörðunar að nýju gjöld, sem lögð hafa verið á skattgjaldanda á síðustu 6 gjaldárum, áður en upp er kveðinn úrskurður um skattbreytingu. Er þá við það miðað, að skattskrá hafi eigi verið lögð fram á því gjaldári, þegar úrskurður er upp kveðinn, eða frestur til framlagningar hennar samkvæmt 39. gr. laga nr. 68/1971 hafi þá eigi verið liðinn.

Samkvæmt framanskráðu tel ég, að fallast beri á kröfu gagnáfrýjanda um, að framkvæma skuli lögtak hjá aðaláfrýjanda til tryggingar opinberum gjöldum að fjárhæð 107.658 krónur ásamt 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1973 til greiðsludags.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um málskostnað.

Dómsorð:

Lögtak skal framkvæmt hjá aðaláfrýjanda, Efnablöndunni h/f, að kröfu gagnáfrýjanda, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, fyrir kr. 407.658 ásamt 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1973 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 12. desember 1973.

Gjaldheimtan í Reykjavík hefur krafist þess í fógetamáli þessu, að fram fari lögtak í eignum Efnablöndunarinnar h/f til tryggingar opinberum gjöldum að fjárhæð kr. 538.610 ásamt 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1973. Enn fremur er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarþola vegna lögtaksmáls þessa.

Af hálfu gerðarþola er viðurkennt, að hlutafélaginu beri að greiða kr. 130.952 af lögtakskröfunum, en að öðru leyti er því mótmælt, að umbeðin lögtaksgerð nái fram að ganga. Er málskostnaðar krafist úr hendi gerðarbeiðanda.

Þetta mál var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, sem fór fram þann 29. nóvember þ. á.

Samkvæmt því, sem fyrir liggur í máli þessu, er upphaf þess á þá leið, að þann 10. janúar 1972 ritar rannsóknadeild ríkisskattstjóra gerðarþola bréf, sem lagt er fram í máli þessu sem rskj. 20. Þessu bréfi fylgdi niðurstaða athugunar á bókhaldi og skattframtölum hlutafélagsins fyrir árin 1965, 1966 og 1967, og er það plagg lagt fram sem rskj. 21. Í bréfinu á rskj. 20 segir, að bókhald hlutafélagsins, sem framtöl þessi byggist á, sé miklum annmörkum háð og verði málefnið lagt fyrir ríkisskattanefnd og gæti komið til hækkunar á áður álögðum opinberum gjöldum gjaldárin 1966, 1967 og 1968. Er þess óskað, að félagið kynni sér skýrsluna, rskj. 21, og hafi það frest til 27. janúar til að koma að athugasemdum.

Jafnframt sendi ríkisskattstjóri framtalsnefnd Reykjavíkur bréf varðandi ofannefnt málefni, og nefndinni er þar gefinn kostur á að koma að athugasemdum, áður en ríkisskattanefnd taki málið

fyrir. Bréf þetta er einnig dagsett 10. janúar 1972 og frestur settur framtalsnefndinni til 27. janúar, sjá rskj. nr. 19.

Af gerðarþola hálfu er bréfinu á rskj. 20 svarað þann 22. janúar 1972, rskj. 17, og eru gerðar athugasemdir við staðhæfingar um bókhaldsgalla og því vísað á bug, að um sé að ræða galla, er gefi tilefni til skattstofns. Framtalsnefnd ritar ríkisskattstjóra þann 9. febrúar og tjáir sig samþykka fyrirhuguðum breytingum á útsvari gerðarþola. Það bréf er lagt fram sem rskj. 18.

Þann 14. apríl 1972 tók ríkisskattanefnd ákvörðun um þá hækkun, sem fram kemur í bréfinu 10. janúar, að gerðarþoli kynni að eiga von á. Þessi úrskurður er lagður fram í málinu sem rskj. 16.

Þar er fyrst rökstutt, að bókhald hlutafélagsins sé miklum annmörkum háð, og þykir ekki ástæða til að rekja það nákvæmlega hér að öðru leyti en því, að fram kemur, að bækur séu ekki færðar, jafnóðum og viðskipti hafi átt sér stað, t. d. engin sjóðbók færð eða annars konar regluleg skráning á fjármagnshreyfingum félagsins.

Með tilliti til þessara annmarka á bókhaldi og framtölum gerðarþola fyrir umrædd ár er talið rétt að ákveða félaginu gjaldstofna fyrir gjaldárin samkvæmt mati, þannig:

Hreinar tekjur gjaldárið 1966 þykja hæfilega ákveðnar kr. 350.000, en voru áður kr. 153.968. Tilsvarandi tölur gjaldárið 1967 eru kr. 400.000 í stað kr. 132.562 og gjaldárið 1968 kr. 450.000 í stað kr. 158.798.

Þannig er úrskurðarorð á þessa leið: Tekjuskattur gjaldárið 1966 hækkar um kr. 47.390, eða úr kr. 23.310 í kr. 70.700, tekjuskattur gjaldárið 1967 hækkar um kr. 60.722, eða úr kr. 20.078 í kr. 80.800, og tekjuskattur gjaldárið 1968 hækkar um kr. 66.862, eða úr kr. 24.038 í kr. 90.900.

Sama dag er kveðinn upp úrskurður í ríkisskattanefnd um endurálagningu tekjuútsvars gerðarþola, og er þar lagt til grundvallar það, sem segir á rskj. 16 um forsendur fyrir hækkun tekjuskatts, og byggt á þar greindum áætlunarfjárhæðum. Er úrskurðað, að tekjuútsvar gjaldárið 1966 hækki um kr. 61.400, þ. e. úr kr. 27.200 í kr. 88.600, tekjuútsvar gjaldárið 1967 um kr. 80.100, eða úr kr. 17.959 í 98.059, og tekjuútsvar 1968 um kr. 87.746, eða úr kr. 27.043 í kr. 114.789. Er úrskurður þessi lagður fram sem rskj. 8 og 15 í máli þessu.

Í báðum þessum úrskurðum ríkisskattanefndar er tiltekinn

kærufrestur: 21 dagur frá póstlagningu úrskurðanna til gerðarþola.

Gerðarþoli hlutaðist til um kæru þessara tekjuskatts- og útsvarshækkana, sem að framan greinir. Er því haldið fram, að ekkert hafi fram komið, sem gefi tilefni til þeirra, en að öðru leyti muni þar liggja til grundvallar, að sjóðbók hafi ekki verið færð. Er bent á það, að nú á síðari árum, eftir að lög nr. 51/1968 tóku gildi, hafi verið gerðar strangari kröfur til sjóðbókar en gert var, þá er lög nr. 82/1938 voru í gildi. Varðandi vöntun frumbóka, sbr. skýrsluna á rskj. 21 og úrskurðinn á rskj. 16, er þess getið, að nokkrar þeirra hafi glatast við innbrot hjá fyrirtækinu, sem lögregluyfirvöldum sé kunnugt um og sem ríkisskattanefnd hafi verið skýrt frá. Þetta kærubréf er dagsett 3. júní og lagt fram sem rskj. 9 og 14 í máli þessu.

Í úrrskurðum ríkisskattanefndar, sem eru kveðnir upp 15. september 1972, er kæru gerðarþola á tekjuskatts- og tekjuútsvarsálagningum þessum vísað á bug. Í forsendum er sagt, að áætlun á gjaldanda sé gerð með hliðsjón af því, að bókhald það, sem framtöl hans byggist á, sé ekki nógu traust og að það sé haldið þeim annmörkum, að það verði ekki lagt til grundvallar við álagningu opinberra gjalda. Í kæru komi engin ný atriði fram, er gefi ástæðu til breytingar á fyrri úrskurði. Þessir hér umræddir úrskurðir eru lagðir fram sem rskj. 12 og 13 í máli þessu.

Svo er að sjá við athugun á ljósriti gjaldheimtuspjalda gerðarþola, er gerðarbeiðandi hefur lagt fram sem rskj. 6, að Gjaldheimtan í Reykjavík hafi verið beðin um innheimtu gjalda þeirra, sem umdeild eru í þessu máli, nánast um mánaðamót september—október 1972. Fyrir liggur bréf Kristins Einarsson hæstaréttarlögmanns til gjaldheimtustjóra, dags. 12. desember 1972, þar sem hann skýrir svo frá, að hann hafi verið beðinn að mótmæla margnefndum viðbótarálögum, og kveðst Kristinn þannig munu halda uppi vörnum í fógetarétti, ef til komi. Greinargerð gerðarbeiðanda er rituð þann 22. janúar 1973 og er lögð fram í fógetarétti Reykjavíkur þann 13. apríl 1973, og hefur mál þetta verið sótt og varið fyrir fógetaréttinum síðan.

Í greinargerð gerðarbeiðanda koma fram lögtakskröfurnar, sem eins og að framan greinir, nema samtals kr. 538.610. Þar er um að ræða hækkanir þær á tekjuskatti og tekjuútsvari, sem getið hefur verið, og að auki er kirkjugarðsgald fyrir viðeigandi ár, en það reiknast samkvæmt hundraðstölu.

Eru lögtakskröfurnar sundurliðaðar þannig með þeirri athugasemd umboðsmanns gerðarbeiðanda, að gjöldin voru á lögð í apríl 1972, en ekki í september s. á.

1966:	Tekjuskattur	kr.	47.390
	Kirkjugarðsgjald	—	921
	Tekjuútsvar	—	61.400
1967:	Tekjuskattur	—	60.722
	Kirkjugarðsgjald	—	1.201
	Tekjuútsvar	—	80.100
1968:	Tekjuskattur	—	66.862
	Kirkjugarðsgjald	—	1.316
	Tekjuútsvar	—	87.746
1972:	Lífeyristryggingargjald	—	44.415
	Slysatryggingargjald	—	8.883
	Atvinnuleysistryggingargjald	—	13.059
	Almennur launaskattur	—	24.555
	Sérstakur launaskattur	—	36.832
	Iðnaðargjald	—	3.208
		Samtals kr.	538.610

Hér tilfærð gjöld ársins 1972, sbr. rskj. 5 og 25, byggjast á óbreyttu launaframtali gerðarþola ár 1971, sbr. launamiðafylgiskjal, og hafa þau ekki verið vefengd af gerðarþola hálfu.

Af gerðarbeiðanda hálfu er vísað til þeirra raka, sem fram koma í skjölum ríkisskattanefndar. Það fari ekki á milli mála, að gerðarþoli hafi verið bókhaldsskyldur samkvæmt lögum nr. 62/1938 og átti þannig að færa tilteknar bækur í ákveðnu formi. Þeirri skyldu hafi gerðarþoli ekki gegnt, og er sérstaklega vísað til útlistunar þeirrar, er fram kemur í rskj. 21 svo og rskj. 16, sbr. rskj. 8 og 15. Þar eð bókhald hafi verið svo gallað, hafi framtöl eðlilega verið tortryggileg af þeirri ástæðu. Hafi skattayfirvöld verið að gegna skyldu sinni, er þau fóru að eins og að framan er lýst, og hafi ríkisskattstjóri neytt 16. gr. laga nr. 7/1972 um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt. Samkvæmt 37. gr. laga nr. 68/1971 var nánari skýringarheimt réttmæt vegna bókhaldsgallanna og samkvæmt sömu grein hafi ríkisskattstjóra borið að áætla tekjur gerðarþola og ákveða gjöldin, þar eð fullnægjandi skýringar samkvæmt fyrirspurn fengust ekki. Hafi verið stranglega farið eftir öllum hér að lútandi ákvæðum, svo sem um til-

kynningar til gerðarþola. Allar ákvarðanir hafi verið innan valdmarka skattayfirvalda og því verði ekki haldið fram, að áætlun og þar af leiðandi gjaldahækkun hafi verið óhófleg eftir atvikum.

Af gerðarþola hálfu er fyrst og fremst vísað í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1971, þar sem segir, að sá, sem hafi greint frá tekjum og eignum lægri en raunverulega sé, skuli greiða eftir á þá skattupphæð, sem undan hafi verið dregin, þó skuli ekki reikna skatt að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár. Þegar af þeirri ástæðu sé ekki um að ræða, og lögtak geti náð fram að ganga, að því er við komi gjöldum 1966, sem byggist á framtali um tekjur ársins 1965. Einnig sé á það að líta, að notkun nefndrar lagagreinar byggist á því, að sannað sé að fullu, að of lágt hafi verið fram talið, en það liggi alls ekki fyrir. Þá sé rangt að byggja hækkun á ófullkomnu bókhaldi, nema því aðeins að sannað sé, að of lágt hafi verið talið fram, en út af fyrir sig sé því ekki haldið fram af skattayfirvalda hálfu. Að öðru leyti sé svo þess að geta varðandi bókhald gerðarþola, að 8 af frumbókum þeim, sem horfið hafi við óviðráðanleg atvik og að framan er lýst, séu nú fundnar, sbr. og bréf á rskj. 10.

Í 35. gr. laga nr. 68/1971 segir, að allir þeir, sem samkvæmt lögunum séu skattskyldir, skuli afhenda til skattayfirvalda nánar tilgreindar yfirlýsingar í tilteknu formi um tekjur næstliðins árs og eignir í lok sama árs. Að því er varðar þá, sem bókhaldsskyldir eru, en gerðarþoli er þar í flokki að sjálfsögðu, þá byggist upplýsingaform fyrirtækja beinlínis á því, að það, sem þar er skráð, eigi rætur beint úr bókhaldi. Hér af sýnist leiða, að ef bókhald er gallað eða ekki í samræmi við kröfur laga þar um, þá sé þegar af þeirri ástæðu orsök til tortryggni, að því er við kemur framtölum aðilja.

Eins og lýst er í skýrslu og gögnum nefndra skattayfirvalda, fullnægir bókhald gerðarþola ekki kröfum þeim, sem löggjöf um þetta efni segir fyrir um.

Með bréfi sínu til gerðarþola, rskj. 20, lét ríkisskattstjóri gerðarþola máls þessa vita, að með því að bókhald félagsins, sem sé grundvöllur framtala fyrir árin 1965, 1966 og 1967, sé miklum annmörkum háð, megi búast við því, að ríkisskattanefnd ákveði hækkun á opinberum gjöldum gjaldáranna 1966, 1967 og 1968. Jafnframt var gerðarþola send skýrsla rannsóknadeildar, og var skorað á gerðarþola að kynna sér hana og síðan að koma athugasemdum á framfæri innan 17 daga. Verður að telja, að hér hafi ríkisskattstjóri gætt ákvæða 37. gr. laga nr. 68/1971, og um leið lét hann framtalsnefnd vita um þessar ráðstafanir.

Þar eð ríkisskattanefnd taldi svör gerðarþola við bréfi ríkisskattstjóra, rskj. 20, ófullnægjandi, voru gerðarþola áætlaðar tekjur, sbr. enn nýnefnda lagagrein, og gerðarþola tilkynnt um þar af leiðandi gjaldahækkanir, rskj. 15 og 16, ásamt rökstuðningi fyrir þeim ákvörðunum.

Verður að telja, að skattayfirvöld hafi gætt réttra aðferða við þessar aðgerðir svo og varðandi meðferð á kæru gerðarþola yfir álagningu gjalda þessara. Þá ber að líta svo á, að sjálf tekjuáætlunin og þar af leiðandi niðurjöfnun hafi verið innan starfsmarka þessara skattayfirvalda að lögum. Þær virðast ekki svo óhóflegar, að fært þyki að synja lögtaks af þeirri ástæðu.

Ekki er vafalaust hvernig skýra ber ákvæði 38. gr. laga nr. 68/1971: „... þó skal eigi reikna skatt gjaldanda að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár". Þó þykir helst fyrir hendi að reikna 6 ár aftur í tímann, frá því að hin umdeilda álagning fór fram, en það var 14. apríl 1972. Niðurjöfnun gjaldárið 1966 fór fram síðar það ár. Verður að vísa hér að lútandi vörn gerðarþola á bug.

Niðurstaðan verður sú, að hið umbeðna lögtak nær að ganga fram fyrir kr. 538.610 ásamt 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1973 til greiðsludags.

Rétt má telja að láta málskostnað falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Lögtak skal ná fram að ganga til tryggingar kröfum gerðar beiðanda, kr. 538.610, ásamt 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1973 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 11. desember 1975.

Nr. 18/1973. **Gylfi Guðmundsson**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
H/f Eimskipafélagi Íslands
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Farmflutningar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1973. Hann hafði gjafsókn í héraði og var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti 13. desember 1973. Krefst hann þess, að viðurkenndur verði réttur hans til bóta úr hendi stefnda vegna tjóns, er hann varð fyrir í bruna í vörugeymsluhúsi stefnda 30.—31. ágúst 1967. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Vörur þær, sem málið fjallar um, voru fluttar frá Gautaborg til Reykjavíkur með m/s Dettifossi, sem fór frá Gautaborg 23. ágúst 1967 og kom til Reykjavíkur um óttuleytið 30. s. m. Var vörunum skipað upp hér í Reykjavík þann dag. Áfrýjandi bauðst til að taka við vörunum við skipshlið sama dag, en af því gat ekki orðið, þar sem tollskoðun þeirra hafði þá eigi farið fram. Þær voru því áfram í umsjá stefnda og eyðilögðust í bruna, sem braust út í vörugeymsluhúsi hans um kvöldið.

Fyrir Hæstarétti hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna, þ. á m. er frumrit farmskírteinis varanna. Samkvæmt 1. gr. (Paramount Clause) þess skulu gilda ákvæði Haagreglnanna, en eftir þeim ber farmflytjandi m. a. ekki ábyrgð á bruna-

tjóni, nema það stafi af yfirsjónum hans sjálfs (Fire, unless caused by the actual fault or privity of the carrier). Í 3. gr. skírteinisins (Period of Responsibility) er svofellt ákvæði: „Goods in the custody of the Carrier ... before loading and after discharge ... whether awaiting shipment landed or stored ..., are in such custody at the sole risk of the Owners of the goods and thus the Carrier has no responsibility whatsoever for the goods prior to the loading on and subsequent to the discharge from the vessel ...“.

Útgáfudagur farmskírteinisins er 23. ágúst 1967, en í málinu er leitt í ljós, að áfrýjandi flaug heim til Íslands hinn 17. ágúst 1967. Kveðst áfrýjandi ekki hafa fengið frá stefnda farmskírteini fyrr en eftir brunann. Hins vegar hafi endurrit þess fylgt bréfi stefnda, dags. 30. ágúst 1967, sem hafi borist sér daginn eftir. Verður að leggja til grundvallar í málinu, að hvorki áfrýjandi sjálfur né nokkur af hans hálfu hafi fengið í hendur skilríki um flutningsskilmála. Ekki verður talið, að áfrýjanda hafi verið eða átt að vera kunn framangreind ákvæði farmskírteinisins. Að svo vöxnu máli getur stefndi ekki borið fyrir sig þau ákvæði farmskírteinisins, sem ganga lengra að leysa hann undan ábyrgð á varningnum en leiða má af meginreglum íslenskra laga.

Samkvæmt 99. gr. siglingalaga nr. 66/1963 ber farmflytjanda að bæta tjón á farmi, sem er í umsjá hans á skipi eða á landi, nema ætla megi, að hvorki hann né neinn maður, sem hann ber ábyrgð á, eigi sök á tjóninu. Opinber rannsókn fór fram vegna brunans í vörugeymsluhúsi stefnda. Liggja þau gögn fyrir í málinu. Þau leiða ekki í ljós, að loku sé fyrir það skotið, að starfsmenn stefnda eigi sök á brunanum.

Stefndi kveðst á hausti hverju hafa birt í dagblöðum tilkynningu þess efnis, að félagið brunatryggi ekki vörur viðskiptamanna í vörugeymslum og liggi vörurnar því þar á ábyrgð vörueigenda. Þessar almennu auglýsingar stefnda geta ekki leyst hann undan ábyrgð á tjóni áfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu ber því að taka til greina kröfu áfrýjanda.

Rétt þykir, að stefndi greiði málskostnað í héraði og fyrir

Hæstarétti, samtals 200.000 krónur, og renni hann í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 125.000 krónur.

Það athugast, að óhæfilegur dráttur hefur orðið á rekstri málsins fyrir héraðsdómi.

Dómsorð:

Viðurkenndur er réttur áfrýjanda, Gylfa Guðmundssonar, til bóta úr hendi stefnda, H/f Eimskipafélags Íslands, vegna tjóns, er áfrýjandi varð fyrir í bruna í vörugeymsluhúsi stefnda 30.—31. ágúst 1967.

Stefndi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 200.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 125.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. janúar 1973.

Mál þetta höfðaði Gylfi Guðmundsson, Háaleitisbraut 151 í Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. júní 1968, á hendur H/f Eimskipafélagi Íslands í Reykjavík til greiðslu tjónbóta að fjárhæð kr. 578.000 með 8% ársvöxtum frá 31. ágúst 1967 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í upphafi málsins voru aðiljar sammála um það, að að svo stöddu yrði málið sótt og varið um bótaskyldu stefnda með áskildum rétti til þess að ræða síðar um kröfuhæð og annað, er hana varðar. Féllst dómurinn á þessa sakarskiptingu. Lauk gagnasöfnun um þennan þátt málsins hinn 5. janúar 1973, og var málið dómtekið um það atriði að lokum munnlegum málflutningi um það hinn sama dag. Gerði stefnandi þá þær dómkröfur, að viðurkenndur verði réttur stefnanda til fullra bóta úr hendi stefnda á tjóni því,

er hann varð fyrir vegna bruna í Borgarskála 31. ágúst 1967, svo og málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 23. nóvember 1972, fékk stefnandi gjafsókn í málinu.

Stefndi hefur krafist algerrar sýknu af þessum dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Málsatvik samkvæmt stefnu eru þau, að stefnandi, sem var að flytjast búferlum hingað til lands frá Svíþjóð, þar sem hann hafði unnið í nokkur ár, fékk alla búslóð sína flutta frá Gautaborg með m/s Dettifossi, sem kom til Reykjavíkur 30. ágúst 1967. Stefnandi var sjálfur kominn til landsins með fjölskyldu sína nokkru áður og beið í auðri íbúð eftir að fá búslóð sína. Sama daginn og m/s Dettifoss kom til Reykjavíkur, leitaði stefnandi eftir því í skrifstofu stefnda og í skrifstofu tollstjórans í Reykjavík að fá að taka búslóð sína heim beint frá skipi og bauð jafnframt fram tryggingu fyrir væntanlegum gjöldum. Þessu var synjað. Næsta dag fékk hann svo reikning fyrir flutningskostnaði og samrit af farmskírteini sent í pósti frá stefnda. Er stefnandi leitaði eftir því að fá vörurnar afhentar, var honum tjáð, að vörusendingin, sem var öll búslóð hans, húsgögn, heimilistæki og allt annað, sem heimilishaldi tilheyrir, auk fatnaðar og persónulegra muna, hefði eyðilagst þá um nóttina í eldsvoða, sem varð í Borgarskála aðfaranótt 31. ágúst 1967. Þetta var svo staðfest með ódagsettu bréfi frá stefnda í september 1967, þar sem stefnanda var boðið brunavottorð frá stefnda í stað varningsins, þó aðeins gegn greiðslu á áföllnum kostnaði.

Framangreinda málavaxtalýsingu staðfesti stefnandi sem rétta hér fyrir dómi. Gat hann þess þá, að áður en hann hafi sent búslóð sína hingað til lands, hafi hann farið í skrifstofu umboðsmanns stefnda í Gautaborg til að spyrjast fyrir um tryggingu varanna. Kvað stefnandi umboðsmanninn eða starfsmann í skrifstofu hans hafa tjáð sér, að óþarfi væri að tryggja vörurnar sérstaklega, þar sem þær væru í sjótryggingu um borð í skipinu. Hins vegar hafi hann tryggt vörurnar í Svíþjóð fyrir sænskar kr. 10.000.00, og kvaðst hann hafa gert það til að tryggja sig fyrir hugsanlegum skemmdum á farangrinum. Tók stefnandi fram, að hann hafi ætlað að tryggja varninginn fyrir sænskar kr. 80.000.00, en þar sem umboðsmaður stefnda, eins og áður getur, hafi talið slíkt óþarfa, hafi hann einungis tryggt varninginn fyrir sænskar kr. 10.000.00. Hafi hann fengið þær bætur greiddar, og hafi þær numið 90—100 þúsund íslenskum krónum. Kvað stefnandi systur

sína, Halldóru, hafa verið með sér í skrifstofu umboðs stefnda, er þetta samtal hafi farið fram. Hafi hann verið ókunnugur þessum hlutum, þar sem hann hafi aldrei áður flutt vörur milli landa. Stefnandi kvaðst hafa komið í Borgarskála klukkan 0800 um morguninn eftir brunann. Við þá vettvangsgöngu sína hafi hann ekki séð eitt né neitt af búslóð sinni, en í rústunum hafi hann fundið gullfesti, sem var eign dóttur hans, tvo koparkertastjaka, eina silfurskeið og eitthvert smádót, sem hann mundi ekki að tilgreina, en þessa muni hafi hann fundið seinna um daginn eða daginn eftir.

Halldóra Signý Guðmundsdóttir, systir stefnanda, kvaðst hafa verið með bróður sínum, er hann hafi átt viðtal við umboðsskrifstofu stefnda í Gautaborg. Kvað hún tilgang þeirrar farar hafa verið að kanna, hvort búslóð stefnanda væri komin til Gautaborgar svo og varðandi tryggingu á henni. Kvaðst hún hafa fylgst með öllu samtali stefnanda og starfsmanns umboðsskrifstofunnar, sem hana minnti, að heiti Otto. Hafi þeir tveir farið að tala um tryggingu á vörunum, en þá hafi Otto þessi sagt stefnanda, að alger óþarfi væri að tryggja vörurnar sérstaklega, þar sem þær væru tryggðar um borð í skipinu. Hafi Otto látið þau orð falla, að engin hætta væri á því, að vörurnar eyðilegðust um borð í skipinu. Einnig haft á orði, að það væri alger peningasóun að vera að tryggja vörurnar sérstaklega. Kvað Halldóra stefnanda hafa ætlað að tryggja vörurnar fyrir 60—70 þúsund sænskar krónur. Ottó hafi bent á að taka svokallaða „risk"-tryggingu, og kvað hún sér hafa skilist, að sú trygging væri, ef vörurnar yrðu fyrir hnjaski. Sagði hún, að hún og stefnandi hafi rætt þetta sín í milli á ýmsan veg, en endirinn orðið sá, að stefnandi keypti þessa „risk"-tryggingu að fjárhæð sænskar krónur 10.000.00 og hafi tryggingin verið tekin í umboðsskrifstofunni. Tók hún fram, að Otto hafi viljað koma því mjög ákveðið fram við stefnanda, að alger óþarfi væri, að hann tryggði vörurnar.

Þessir framburðir voru sendir til umboðsmanns stefnda í Gautaborg til umsagnar. Í svarbréfi umboðsmannsins kemur fram eftir athugun þar um, að óhugsanlegt væri, að umboðið hefði ráðlagt viðskiptavini frá því að flutningatryggja vörur sínar. Og mótmælir stefndi því eindregið, að svo hafi verið í hér umræddu tilviki. Verður þetta og að teljast ósannað af hálfu stefnanda, enda krafa stefnanda heldur ekki sérstaklega byggð á þessu atriði.

Kröfur stefnanda eru í fyrsta lagi byggðar á því, að stefndi hafi tekið að sér flutning varanna frá Gautaborg til Reykjavíkur,

sem hann og gerði, án þess að nokkuð henti vörurnar. Samkvæmt 88. gr. siglingalaga nr. 66/1963 bar stefnda að afhenda vörurnar við skipshlið, enda lauk farmsamningi aðilja, þegar vörunum hafði verið skipað upp úr skipi og stóðu tilbúnar til afhendingar við skipshlið. Frá þessari aðalreglu séu aðeins tvær undantekningar, þ. e. í 95. gr. og 96. gr. laganna, en hvorug þeirra greina taki til hér greinds tilviks. Stefnandi hafi verið reiðubúinn að fullnægja öllum skilmálum, bæði um greiðslu farmgjalds og tolls, ef til þess hefði komið, svo og til að veita vörunum viðtöku. Hafi stefnandi, er vörurnar voru komnar, gert þegar í stað allt, sem í hans valdi stóð, til þess að fá vörurnar afhentar, hafði samband við skrifstofu stefnda og beiddist þess að mega flytja vörurnar beint heim frá skipshlið jafnframt því sem hann bauð fram greiðslu eða tryggingarfé. En bæði þar og í skrifstofu tollstjóra hafi honum verið neitað um alla fyrirgreiðslu í því efni. Í öðru lagi reisir stefnandi kröfur sínar á því, að það, sem síðar hafi gerst, hafi stefndi gert algerlega upp á sitt eindæmi og ábyrgð, ekki aðeins án samráðs og samþykkis stefnanda, heldur í beinni andstöðu við hann. Það hefði verið vandalaust fyrir stefnda að afhenda vörurnar við skipshlið hinn 30. ágúst 1967, ef vilji hefði verið fyrir hendi, enda hafi slíkt átt sér stað síðar, er stefnandi flutti búslóð öðru sinni síðar með sama skipi. Í þriðja lagi reisir stefnandi kröfur sínar á því, að orsakir brunans megi rekja til vangæslu starfsmanna stefnda á vörslu varanna í geymsluhúsinu, en á þeirri vangæslu beri stefndi ábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins um húsbóndaábyrgð. Bendir stefnandi á í því sambandi, að við rannsókn á orsökum brunans komi fram, að starfsmennirnir í vörugeymsluhúsinu allmargir reyki við vinnu sína innan um vörurnar. Einnig komi þar fram, að notaður var dieselyftari í húsinu, m. a. notaður einum til einum og hálfum klukkutíma fyrir lokun hússins. Enn fremur að virk rafleiðsla hafi verið uppi í kverk hússins, sem hætt var að nota, en ekki hafði verið fjarlægð. Þá bendir stefnandi einnig á það, að næturvörður, sem á staðnum var, hafi að eigin sögn orðið var við brunalykt og séð reykjarslæðu í lofti klukkan 2220. Í stað þess að kanna, hvort þetta kynni að vera á umráðasvæði sínu, gefur hann sér það upp, að verið væri að brenna utan af kapli í nágrannaportinu án þess að sannfæra sig um það. Það hafi svo ekki verið fyrr en röskum klukkutíma síðar, eða klukkan 2323, sem hann gerir sér ljóst, að kviknað er í vörugeymslunni, en þá var eldurinn orðinn mjög magnaður. Ályktun rannsóknarlögreglumannsins, sem annaðist

rannsóknina, sé sú, að eldurinn hafi sennilega verið búinn að búa um sig, frá því að hætt var vinnu, eða frá því klukkan 1900. Af öllu þessu sé ljóst, að stefndi beri skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda á því, að vörurnar fórust í brunanum, en því sé nú ekki mótmælt.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að hann hafi ekki bakað sér neina skaðabótaskyldu, hvorki gagnvart stefnanda né öðrum vörueigendum við brunann í Borgarskála hinn 30. ágúst 1967. Það sé að sjálfsögðu meginregla, að réttarsambandi farmflytjanda og farmeiganda ljúki, er vörurnar séu komnar á áfangastað. Meðan vörurnar eru í flutningi, fer um ábyrgð farmflytjanda eftir ákvæðum siglingalaga og þeim ákvæðum, sem í farmskírteini greinir. Samkvæmt svonefndum Haagreglum, sem vísað sé til í 1. gr. farmskírteinisins, gildi sú fortakslausa regla, að farmflytjandi beri ekki ábyrgð á bruna, sem ekki stafi af vanrækslu hans sjálfs. Af því leiði, að jafnvel þótt ákvæði siglingalaga og Haagreglna væru látin gilda um geymslu á varningi stefnanda í Borgarskála, sé ekki um neina bótaábyrgð af hálfu stefnda að ræða. Engin geymsluskylda hvíli á stefnda. Hins vegar þyki eðlilegt, að skipafélag, sem annist flutninga á stykkjavöru, hafi eitthvert geymslurúm eða útvegi geymslurúm fyrir fluttar vörur, en þá aðeins um mjög skamman tíma, eða þann eðlilega tíma, sem það taki viðtakanda að veita vörum viðtöku. Geymsluskylda skipafélaga þekkist ekki í hinum vestræna heimi nema því aðeins, að félag hafi með sérstökum samningi tekið að sér geymslu á vörum fyrir eigendur þeirra. Stefndi hafi aldrei gert neina slíka samninga eða skuldbundið sig til geymslu á aðfluttum vörum. Hins vegar sé skipafélagi beinlínis bannað að afhenda nokkrar vörur, hverju nafni sem nefnast, án þess að leyfi tollstjóra komi til, en slíkt leyfi hafi eigi verið fyrir hendi í hér umræddu tilviki. Þrátt fyrir þessa staðreynd hafi stefndi aldrei tekið á sig ábyrgð á geymslu vara í geymsluhúsum sínum og margítrekað í auglýsingum, að slíkar vörur séu alfarið á ábyrgð eigenda þeirra. Af framangreindum sökum hafi stefndi neyðst til að byggja og taka á leigu vörugeymsluhús, sem vörur séu geymdar í gegn hóflegu gjaldi, þó ekki fyrstu daga eftir komu þeirra, sem þó hvergi nægi til að standa straum af rekstri geymsluhúsnæðisins. Hafi stefndi haft milljóna króna halla á ári hverju af vörugeymslunum, en þó rekið þær til að greiða sem best fyrir viðskiptamönnum sínum, þá nánast sem óbeðinn erindisrekstur. Af framangreindum ástæðum beri stefndi eigi ríkari skyldur sem

geymslumaður en leiði af Jónsbók, þjófabálki 15, sem segi, að geymanda beri að hirða og varðveita geymsluhluti á sama hátt og eigin hluti, þá er hann vill vel varðveita. Fullyrðir stefndi, að geymsla sín á vörum í Borgarskála hafi á allan hátt fullnægt þessu ákvæði Jónsbókar. Umræddar vörugeymslur hafi verið byggðar samkvæmt ströngustu kröfum yfirvalda. Að tilmælum stefnda hafi farið fram rannsókn á því, hvort eldvarnir hjá sér væru fullnægjandi. Hafi sú rannsókn einnig náð til Borgarskála. Hafi rannsóknin verið framkvæmd af færustu hérlendum aðiljum á sviði eldvarna. Að fenginni þeirri rannsókn hafi stefndi gert allt til úrbóta, sem þurfa þótti, og jafnvel gert betur í því efni en óskað var. Einnig hafi stefndi haft sérstakan vaktmann í Borgarskála sem öðrum vörugeymslum sínum, sem hafi farið um allt svæðið á reglulegum fresti til athugunar á, að allt væri í lagi. Þá hafi stefndi sjálfur átt vörur og tæki að verðmæti kr. 1.800.000 í skála þeim, sem brann. Stefndi hafi fullnægt því öllum skyldum geymslumanns og verði á engan hátt sakaður um vanrækslu í því efni, enda hafi rannsókn eigi leitt í ljós upptök elds eða orsakir eldsvoðans.

Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 88. gr. siglingalaga nr. 66/1963 lauk flutningasamningi aðilja, þá er vörum stefnanda hafði verið skipað upp úr skipinu hinn 30. ágúst 1967. Hins vegar segir svo í 32. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 68/1958: „Afgreiðslumenn farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur milli hafna innanlands, skulu hafa til umráða næga geymslustaði fyrir slíkar vörur, þar sem þeim er haldið aðgreindum frá öðrum varningi. Vörur, sem fluttar eru í lokuðum umbúðum eða af öðrum ástæðum þurfa sérstaks eftirlits eða rannsóknar við, skulu fluttar beint úr flutningstækjum í sérstök vörugeymsluhús, sem ráðuneytið hefur viðurkennt til þeirra nota í samráði við viðkomandi tollstjóra . . .“. Eigi er annað fram komið en að Borgarskáli hafi haft þá viðurkenningu, sem lagaákvæðið áskilur. Einnig telur dómurinn, að vörur stefnanda falli undir þær vörur, sem lagaákvæðið tilgreinir. Stefndi var þannig neyddur að lögum að flytja vörur stefnanda í vörugeymslu sína, enda hafði stefnandi eigi í höndum þá heimild frá tollyfirvöldum, sem leyft gat stefnda aðra meðferð á vörunum.

Það er álit dómsins, að lagaákvæði þetta geti ekki lagt ríkari ábyrgð á stefnda í þessu tilviki á geymslu vara en sem felst í ábyrgð hans samkvæmt lagaákvæðum um ábyrgð venjulegs

geymslumanns, enda verður að telja, að lagaákvæðið bindi eiganda vara með sama hætti.

Ákvæði um ábyrgð geymslumanns eru í þjófabálki Jónsbókar, kap. 15, en þar segir, að geymslumaður skuli hirða og varðveita geymsluféð sem sitt eigið, það sem hann vill vel varðveita.

Eins og fyrr segir, kemur eigi annað fram en að Borgarskáli hafi fullnægt þeim kröfum, sem gera verður um vörugeymsluhús.

Allítarleg rannsókn fór fram vegna margnefnds bruna. Í niðurstöðu rannsóknarlögreglumannsins, sem rannsóknina hafði með höndum, segir, að eldurinn hafi sennilega verið búinn að búa um sig, frá því að vinnu hætti, eða gæti hafa verið það, og því meiri hiti og reykur inni því lengur sem þetta hefur staðið yfir, þar sem skemmurnar séu fremur þéttar, en orsök eldsupptaka séu hins vegar ókunn. Í niðurstöðunni kemur þó fram, að starfsmenn í vörugeymslunni reyki margir við vinnu þar. Einnig kemur þar fram, að vaktmaðurinn hafi fyrst farið í eftirlitsferð klukkan 2045 og þá fyrst austur um. Næst fari hann í eftirlitsferð klukkan 2200 og fari þá fyrst vestur með skýlinu við skemmu 2 og vestur fyrir hana, aftur til baka fram hjá norðvesturskýlisenda, norður um svæðið, austur um það og til baka að vaktskúrnum klukkan 2220 og verður þá var við brunalykt og sér reykjarslæðu í lofti, en haldi, að verið væri að brenna utan af kapli í Sindraporti, en („þá hljóti að vera kviknað í skemmunni fyrir nokkru, þar sem hann verði ekki var við snark eða nokkuð óeðlilegt, er hann fari alveg við skýlishornið í tvö skipti"), eins og segir í niðurstöðu rannsóknarlögreglumannsins.

Þrátt fyrir reykingar starfsmanna, notkun diesellyftara og þess, að vaktmaðurinn kannaði ekki sjálfstætt ástæður brunalyktar og reykjarslæðu í lofti, þá að koma úr allsherjar eftirliti um svæðið, þykja eigi vera slík mistök af hendi stefnda, að hann verði dæmdur bótaskyldur á tjóni því, er stefnandi varð fyrir vegna umræddsa eldsvoða. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti talsmaður hans, Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður, kr. 60.000 í málssóknarlaun.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Vilhjálmi Jónssyni forstjóra og Kristjáni Flygenring verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Gylfa Guðmundssonar, í máli þessu, en málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti talsmaður stefnanda, Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður, kr. 60.000.

Föstudaginn 12. desember 1975.

Nr. 70/1974. **Jón Loftsson h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Véltaki h/f
(Jón Finnsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Lausafjárkaup. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. apríl 1974. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn, þar á meðal þýðing á bréfi frá hinum erlenda framleiðanda einangrunarefnisins. Í bréfi þessu telur hann, „að e. t. v. hafi rúllurnar ekki verið „hristar upp" á réttan hátt . . .". Þá sé sá möguleiki fyrir hendi, að ef einangrunarefnið hafi orðið fyrir miklum þrýstingi, annað hvort í geymslu eða flutningi, gætu trefjar þess hafa skemmst og það komið í veg fyrir, að efnið næði fullri þykkt af nýju.

Matsgerð hinna dómkvöddu manna, sem rakin er í héraðsdómi, hefur ekki verið hnekkt. Samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 50.000 krónur.

Mál þetta er dæmt í sjó- og verslunardómi Reykjavíkur. Rétt var, að hinir sérfróðu samdómendur sætu einnig í dómi, þegar dómskýrslur voru teknar af aðiljum, vitnum og matsmönnum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Loftsson h/f, greiði stefnda, Véltaki h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 28. nóvember 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 14. nóvember sl., hefur Véltak h/f, Skúlatúni 4, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 17. október 1972, gegn Jóni Loftssyni h/f, Hringbraut 121, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 247.900 með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1972 til greiðsludags og málskostnaðar, þar með talinn matskostnaður að fjárhæð kr. 32.180, að skaðlausu samkvæmt taxta LMFÍ.

Stefndi hefur krafist algerrar sýknu af kröfum stafnanda og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins.

Við munnlegan málflutning gerði lögmaður stefnda varakröfu um, að stefnda verði einungis dæmt að greiða einhvern afslátt.

Málavextir virðast vera þeir, að stefnandi, sem tekið hafði að sér að einangra tvo asfalttanka fyrir Reykjavíkurborg, hafi pantað 7. desember 1971 eða fyrr 4—5000 fermetra af 4″ þykkri Johns Manville glerull til einangrunar hjá stefnda. Þegar farið var að leggja einangrunina á þök tankanna, taldi eftirlitsmaður með

verkinu, að glerullin stæðist ekki uppgefið mál. Stefnandi mun hafa óskað eftir leiðréttingu hjá stefnda, en án árangurs. Fékk stefnandi dómkvadda matsmenn til þess að skoða einangrunina og meta tjón það, sem stefnandi varð fyrir vegna kaupa á viðbótareinangrunarefni og vinnu við að setja það á.

Hinir dómkvöddu matsmenn komust að þeirri niðurstöðu, að glerullin stæðist ekki uppgefna þykkt, og mátu aukakostnað stefnanda vegna viðbótareinangrunar, sem leggja varð á tankana, sem hér segir:

1. Viðbótarefniskostnaður vegna aukalags á 2 asfalttanka ..... kr. 198.900
2. Vinna við lagningu aukalags ..... — 24.000

Kr. 222.900

Stefnukrafan er byggð á niðurstöðu matsmanna að viðbættum kr. 25.000 fyrir óþægindi og fyrirhöfn stefnanda.

Vegna máls þessa hafa komið fyrir dóm til yfirheyrslu hinir dómkvöddu matsmenn, þeir dr. Ragnar Ingimarsson verkfræðingur og Hákon Ólafsson verkfræðingur, framkvæmdastjóri stefnanda, Guðbjartur Einarsson, forstjóri stefnda, Loftur Jónsson, framkvæmdastjóri stefnda, Kristján Eiríksson, og Stefán Örn Stefánsson verkfræðingur.

Þykir rétt að rekja nokkuð það, sem fram kom við yfirheyrslur þessar.

Matsmennirnir, dr. Ragnar Ingimarsson og Hákon Ólafsson, staðfestu matsgerðina á dskj. nr. 4 sem rétta. Í matsgerðinni segir m. a. svo:

„Upplýst var, að pöntuð hefði verið glerull á tvo tanka við Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar, samtals tæpir 4100 m^2 eða 142 ballar af glerull (hver balli inniheldur 4 rúllur af glerull, sem merktar eru sem 76.6 ft^2). Viðstaddir voru sammála um þessa tölu. Stefán upplýsti, að þak hvers tanks væri um 260 m^2 og belgir um 900 m^2. Tvö glerullarlög hefðu þannig samsvarað um 4400 m^2 af glerull. ...

Í geymslulager matsbeiðanda var töluvert af óupptekinni glerull (kringum 20 ballar). Var ákveðið að taka sýnishorn úr þessum lager. Matsmenn völdu 11 rúllur á víð og dreif í lagernum. Um tveggja feta sýnishorn (23″ breitt) var tekið úr enda hverrar rúllu

og annað jafnstórt í miðju hennar. Sýnishornin voru merkt frá 1 upp í 11 með bókstöfum E (endi) og M (miðja). Að auki voru tvö sýnishorn merkt 12 E og 12 M tekin úr rúllu, sem valin var af matsbeiðanda. Þá voru tvær rúllur (heilar) teknar úr lagernum sem sýnishorn. Ullin er öll með álímdu álhúðuðu pappalagi.

Fundarmenn skoðuðu nú fyrrnefnda tanka. Samkvæmt upplýsingum á staðnum var einangrun á þökum beggja tankanna lokið. Belgur annars tanksins hafði þegar verið einangraður að meiru en hálfu leyti og einangrun þegar hulin með ytri klæðningu (plötum). Hluti af einangrun var þó sjáanlegur.

Af tæknilegum ástæðum hafði álhúðaða pappalagið verið tekið af glerullarmottunum, áður en þeim var komið fyrir utan á tanknum. Matsmenn skoðuðu á staðnum pappa, sem tekinn hafði verið af glerullinni. Pappinn bar með sér, að mjög lítil sem engin ull fer til spillis, þegar pappinn er rifinn af.

Glerullinni er fest á pinna utan á tankinn og bindivír notaður til að halda henni kyrri. Skoðaður var frágangur neðst á tanknum á þeim hluta, sem verið var að leggja glerull á. Þar var á einum stað um þrjú lög af glerull að ræða, og var matsmönnum tjáð, að tvö lögin væru gerð úr 4″ ull og eitt úr 2¾″ ull (4″ + 4″ + 2¾″ = 27 cm). Mæling matsmanna gaf þykkt 22—23 cm. Á öðrum stað skammt frá mældust tvö neðri lögin (4″ + 4″ = 8″ = 20 cm) 17 cm. Virtist matsmönnum, að ullin lægi eins laust (ópressuð) og frekast væri unnt að koma við. ...

Matsmönnum er ekki kunnugt um, að neinir ákveðnir staðlar hafi verið notaðir hérlendis um gerð og gæði glerullar. Engir íslenskir staðlar eru til um þetta efni.

Með því að mál þetta snýst að verulegu marki um þykkt á bandarískri glerull, höfðum við valið þann kost að mæla þykkt glerullarinnar í samræmi við American Standard 98.8–1964, en mælingaraðferðinni er lýst í American Society for Testing and Materials Standards, C 167–64. Ljósrit af staðli þessum fylgir hér með. Örlítil frávik frá staðlinum eru gerð við val sýnishorna (lýst hér að framan), en matsmenn telja ekki, að það hafi nein áhrif á niðurstöður. Hverju hinna 24 sýnishorna var skipt (merkt) í fjóra fleti og þykkt hvers um sig mæld með álpappanum á. Þá var flatarmál hvers hinna 24 sýnishorna mælt og þau þvínæst vegin. Álpappinn var nú rifinn af og mælingarnar endurteknar. Niðurstöður mælinganna eru skráðar í töflu 1.

Þykktarmæligar voru gerðar á glerullarmottum, sem teknar

höfðu verið heilar. Mælingar voru gerðar á um það bil 3 metra millibili (þrjár mælingar þvert yfir rúllubreiddina). Niðurstöður (meðaltöl) þessara mælinga eru sýndar í töflu 2.

Í matsbeiðni er farið fram á mat á aukakostnaði vegna þriggja laga í stað tveggja svo og vegna þess, að greitt hefur verið fyrir þynnri ull en 4 tommur fullu verði. Þá er einnig getið um aukavinnu af þessum sökum. Að lokum er óskað að fá metið, hversu mikið ullin þynnist við, að álpappi er tekinn af henni.

Með því að orðun matsbeiðninnar er ekki alveg ljós í öllum atriðum, en við teljum okkur þó skilja, hvers er óskað, höfum við litið svo á, að matsbeiðni væri fullnægt með því að svara eftirfarandi:

1. Stenst glerullin uppgefið mál, 4″?
2. Ef ekki, hversu mikið þarf að bæta við hana, til að hún standist þetta mál, og hver er kostnaður þess efnis?
3. Hver er kostnaður við aukna vinnu vegna 2?
4. Þynnist glerullin við, að álpappi er tekinn af henni, og þá hve mikið?

Niðurstöður matsmanna.

1. Við teljum, að glerullin standist ekki uppgefið mál. Niðurstöður mælinga okkar eru þær, að meðalþykkt ullarinnar sé sem næst 3½″ (sjá einstakar niðurstöður í töflu 1 og 2).
2. Af lið 1 má ráða, að bæta þarf um 1″ við meðalþykkt tveggja glerullarlaga til að ná þeirri þykkt, sem stefnt var að (2×4″). Við könnun á verði glerullar á markaðnum komust matsmenn að þeirri niðurstöðu, að hagkvæmust kaup á viðbótarþykkt yrðu gerð á glerull, sem kostar um 100 krónur m^2 (2¼—2¾″ þykk samkvæmt uppgefnu máli). Með hliðsjón af fyrrnefndum mælingum er líklegt, að 10—20% af glerullinni standist uppgefna þykkt og tvö lög nægi.
   Miðað við að einangraður flötur eins tanks sé 1170 m^2 (samkvæmt reikningi) og að bæta þurfi aukalagi við 85% af þeim fleti, er viðbótarefniskostnaður við báða tankana kr. 198.900.00. . . .
3. Aukningu kostnaðar vegna vinnu við einangrun að því marki, sem lýst er í 2, metum við vera kr. 24.000.00. . . .
   Matsmenn treysta sér ekki til að meta til verðs þann tíma, sem matsbeiðandi telur sig hafa orðið að leggja fram við „að reyna að fá hjá fyrirtækinu Jóni Loftssyni h.f. glerull af réttri þykkt“.

4. Mælingar matsmanna sýna, að ekki verður þynning á glerullinni við það, að álpappinn er fjarlægður.
Heildarniðurrstöður þessa mats eru því samkvæmt ofanskráðu kr. 222.900.00 . . .".

Fyrir dómi bar dr. Ragnar Ingimarsson, að almennt muni það vera svo við framleiðslu á vöru eins og t. d. glerull, að einhver hluti sé fyrir neðan uppgefið mál. Telur matsmaðurinn ekki óvenjulegt, að svona 5 til 10% sé fyrir neðan uppgefið mál, en meiri hlutinn fyrir ofan uppgefið mál. Matsmaðurinn taldi ólíklegt, að eftir að álpappírinn hafði verið tekinn af glerullinni, að hún hafi þá þynnst við lagningu, og tók fram, að þótt svo að glerullinni væri lyft upp og hún látin hanga, þá þynnist hún ekki vegna tognunar, en þarna hafi glerullin verið fest upp með pinnum og sé þá ennþá minni hætta á þynningu vegna tognunar.

Matsmaðurinn Hákon Ólafsson bar fyrir dómi, að glerullin hafi virst liggja alveg laus og ekki hafi þeir séð tognun í efninu. Minnti hann, að glerullin hafi verið lögð lárétt, en henni hafi verið stungið inn á pinna og með þeirri aðferð eigi að vera minni hætta á tognun, því að við tognun gæti glerullin rifnað á pinnunum. Hákon taldi, að við framleiðslu á efni eins og glerull þá eigi framleiðslan ekki að fara niður fyrir uppgefið mál, þannig að uppgefna málið eigi að vera lágmarksmál. Sé hið uppgefna mál meðaltal, þá sé eðlilegt, að efri og neðri mörk séu einnig uppgefin.

Fyrir dómi bar framkvæmdastjóri stefnanda, Guðbjartur Einarsson, að hann hafi upplýst framkvæmdastjóra stefnda um, til hvers ætti að nota einangrunina og um stærð og rúmmál tankanna og að í þeim ætti að geyma 170 stiga heitt asfalt. Hann sagðist hafa óskað eftir 4" þykkri einangrun og hafi hann ætlað að leggja tvö lög af slíkri einangrun, en í útboðslýsingu hafi verið tilgreind 19 cm þykk einangrun í það minnsta. Þar sem hann hafi ætlað að leggja tvö lög af 4" þykku lagi, þá hafi hann gert ráð fyrir, að það yrði einangrun rúmlega 20 cm þykk. Framkvæmdastjóri stefnanda sagðist hafa talað við framkvæmdastjóra stefnda og sagt honum, að einangrunin yrði að vera 19 cm á þykkt a. m. k. Ekki hafi hann sýnt framkvæmdastjóranum útboðslýsinguna, en talað við hann um, að 20 cm þykk einangrun ætti að fást út úr tveim 4" þykkum lögum, en 8" geri 20.32 cm, þannig að stefnandi hafi þar verið með 6.49% þykkari einangrun en skila átti. Framkvæmdastjóri stefnda hafi ekki andmælt því, að þessi þykkt mundi nást. Í útboðslýsingu hafi ekki verið tiltekin ákveðin tegund af einangrun.

Ekki hafi verið hægt að senda rúllu af einangrunarefni til Johns Manville, þegar óskað hafi verið eftir því, þar sem þá hafi engin einangrun verið til. Búið hafi verið að einangra geymana og enginn afgangur verið.

Fyrir dómi bar Loftur Jónsson, forstjóri stefnda, að hann hafi vitað, áður en kaupin voru gerð, að nota ætti einangrunina til einangrunar á asfaltgeymum, en ekki vitað, að skilyrði væri, að einangrunin væri 19 cm þykk. Þegar hann panti 3⅞" eða 4" þykkt, þá panti hann „full"-þykka einangrun og það merki 3½" til 4" þykkt, en þetta efni sé aðallega notað til einangrunar á húsþökum og sé þykktin í samræmi við bandarískа staðla, en þeir séu viðurkenndir hér á landi. Þegar einangrun þessi sé send hingað til lands, þá sé hún send í rúllum, sem séu þétt vafðar, og fjórar rúllur látnar í pakka, þannig að í rúllunum sé einangrunin nokkuð þunn, en þegar hún hafi verið losuð úr pökkunum, þá lyfti hún sér. Einangrunin nái þessum staðlaða þykktarpunkti, eftir að hún sé komin upp, en þegar hún sé notuð, eins og til sé ætlast, í húsþök, þá leiki loftið um glerullina og hún lyftist. Þykkt þessarar einangrunar sé mismunandi og geti það munað um 10% og fari það eftir því, frá hvaða verksmiðju Johns Manville hver einangrun komi. Þess vegna hafi það verið, að Johns Manville hafi óskað eftir sýnishorni af einangruninni, að þá hafi þeir getað fundið út, frá hvaða verksmiðju einangrunin var.

Tilvik það, sem mál þetta er af risið, sé eina kvörtunin vegna þess, að einangrun standist ekki þykktarmál, og þess vegna hafi hann talið rétt, að framleiðendur bættu stefnanda væntanlegt tjón vegna þess, að einangrunin hafði ekki sömu þykkt og hún var stimpluð um að hafa.

Fyrir dómi bar Kristján Eiríksson, framkvæmdastjóri stefnda, að hann hafi vitað, að nota átti einangrunina á asfaltgeyma, en hann hafi ekki vitað, að einangrunin þyrfti að vera a. m. k. 19 cm á þykkt. Þessi einangrun sé mjög þekkt hér á landi, og taldi framkvæmdastjórinn, að þá er verkfræðingar samþykktu að nota þessa tilteknu einangrun, þá hafi þeir hlotið að vita, hvað þeir væru að samþykkja. Ef hann hefði vitað um mikilvægi þess, að einangrunin væri a. m. k. 19 cm á þykkt, þá hefði hann vakið athygli framkvæmdastjóra stefnanda á því, að einangrunin væri misþykk. Hann muni ekki eftir, að það hafi komið fram í viðræðum í upphafi, að einangrunin þyrfti að vera a. m. k. 19 cm, það hafi alltaf verið talað um tvö lög af 4" þykkri einangrun.

Þeir framkvæmdastjóri stefnanda og framkvæmdastjóri stefnda

voru samprófaðir um það atriði, hvort framkvæmdastjóra stefnda hafi verið gert ljóst, að einangrunin yrði að vera a. m. k. 19 cm, eða ekki. Framkvæmdastjóri stefnanda fullyrti, að svo væri, en framkvæmdastjóri stefnda sagðist ekki muna eftir því, að talað hafi verið um 19 cm þykkt á einangruninni í upphafi, og sagðist halda, að fyrst hafi verið talað um 19 cm, eftir að í ljós kom, að efnið stóðst ekki uppgefið þykktarmál. En á einangruninni, sem stefnandi keypti, hafi verið meira frávik frá uppgefinni þykkt en venjulega.

Af hálfu stefnanda eru kröfur rökstuddar með því, að stefnandi hafi pantað 4″ þykka glerull. Fyrir kaupin hafi stefnandi ekki átt þess kost að rannsaka vöruna, þar sem ekki hafi á þeim tíma verið til nein 4″ einangrun. Því hafi stefnandi orðið að taka upplýsingar stefnda trúanlegar, enda hafi stefnandi mátt treysta því, að glerullin stæðist uppgefið mál, 4″. Á glerullarpökkunum standi 4″.

Stefnandi hafi sagt starfsmanni stefnda, að einangrunin þyrfti að vera 19 cm þykk. Þeir hafi saman reiknað út, hvaða magn þyrfti.

Það hafi komið í ljós, þá er Stefán Örn Stefánsson verkfræðingur, eftirlitsmaður með verki stefnanda, tók verkið út, að glerullin stóðst ekki uppgefið mál, og hafi stefnandi þá strax skýrt stefnda frá þessu og óskað eftir leiðréttingu mála sinna, en það hafi ekki borið árangur.

Stefnandi hafi ekki getað rift kaupunum, það hafði tekið 6 mánuði að fá glerullina til landsins. Samkvæmt verksamningi hafi stefnanda borið að ljúka verkinu fyrir 1. júní 1972, en síðar hafi stefnandi fengið frest, til þess að skila verkinu, til 6. júlí 1972.

Þar sem stefndi hafi ekki orðið við tilmælum stefnanda um úrbætur, hafi stefnanda verið nauðsynlegt að fá dómkvadda matsmenn til þess að skoða einangrunina og meta tjón það, sem hann varð fyrir vegna kaupa á viðbótareinangrunarefni og vinnu við að setja það á. Kröfur stefnanda eru byggðar á niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna að viðbættum kr. 25.000 fyrir óþægindi og fyrirhöfn stefnanda.

Viðskipti þau, sem mál þetta er af risið, voru við stefnda sem seljanda vörunnar, en ekki við framleiðanda vörunnar, Johns-Manville International Corp. Milli stefnanda og þess síðarnefnda sé ekki neitt réttarsamband, þannig að stefndi geti ekki vísað kröfu stefnanda til framleiðanda í annarri heimsálfu.

Að því er varðar þá ósk stefnda, að ein rúlla af viðkomandi glerull yrði send til framleiðanda, er tekið fram, að glerullin hafi öll verið notuð, enda hafi stefndi ekki hreyft þessari ósk fyrr en mánuði eftir matsfund, hinn 19. júní 1972, en þá hafi verki stefnanda verið lokið.

Af hálfu stefnanda er vakin athygli á því, að Loftur Jónsson, forstjóri stefnda, hafi viðurkennt, að framleiðandi ætti að bæta þetta. Fyrir dómi hafi framkvæmdastjóri stefnda, Kristján Eiríksson, viðurkennt, að á glerull þessari væri meira frávik frá uppgefnu máli en venjulegt er.

Um frekari rökstuðning fyrir kröfum sínum vísar stefnandi til 43. gr. laga nr. 39 frá 1922.

Af hálfu stefnda eru kröfur rökstuddar með því, að stefnda hafi ekki verið kunnugt, þegar kaupin gerðust, að stefnandi ætlaði sér að nota einangrunarefni þetta, sem venjulega er notað til einangrunar í þök íbúðarhúsa, til þess að einangra asfalttanka Reykjavíkurborgar. Einangrunarefni þetta sé límt á álpappír og sé það samkvæmt faktúrum af þykktinni 3⅞", sem í daglegu tali sé nefnt 4 tommu þykkt.

Nokkru eftir að kaupin voru gerð, muni forstjóri stefnanda hafa haft samband við forstjóra stefnda og beðið um umsögn framleiðanda um eiginleika þessa einangrunarefnis til notkunar sem kuldaeinangrunarefni utan um asfalttanka Reykjavíkurborgar. Stefndi hafi leitað álits framleiðanda einangrunarefnisins og hafi þá komið fram, að þakeinangrunarefnið, sem stefnandi hafi fest kaup á, var ekki talið heppilegt og miklu frekar kæmi til greina annað einangrunarefni, sem viðurkennt væri í slíkum tilfellum, en einangrunarefni það hafi reynst vera um helmingi dýrara en sú húsaeinangrun, sem áður hafði verið pöntuð af stefnanda. Samt sem áður hafi stefnandi ákveðið að nota umrædda einangrun.

Stefnandi hafi skýrt svo frá í matsbeiðni, að einangrun sú, sem fyrirtækið hafi átt að leggja til verksins, hefði þurft að vera af þykktinni 19 cm og með því að leggja tvö lög teljist stefnanda svo til, að nægileg þykkt muni fást (4" + 4" = 20 cm). Hér sé greinilega telft á tæpasta vað. Í fyrsta lagi hafi stefnanda borið að reikna með vissu fráviki frá uppgefinni þykkt, svo sem hinn ameríski staðall gefi til kynna, enda muni það alls staðar viðurkennt, að í framleiðslu sem þessari getur þykktarmál aldrei orðið hárnákvæmt. Í öðru lagi sé álpappírinn rifinn af einangrunarefninu, áður en það var lagt á tankana, en við það minnki að sjálfsögðu efnisþykktin. Í þriðja lagi fylgi ávallt nokkuð af einangr-

unarefni með, þegar álpappírinn er rifinn af, og loks, þegar einangrunarefnið er lagt á tankana, eftir að alumíniumpappírinn hefur verið rifinn af því, tognar mun meira úr efninu og lagið verði því þynnra, þegar það sé komið á.

Allt þetta valdi því, að einangrunin standist ekki mál, og þegar verkfræðingar Reykjavíkurborgar taki verkið út, krefjist þeir þess, að verktakinn, þ. e. stefnandi, bæti úr göllunum, sem hann og geri með því að leggja eitt lag í viðbót úr sams konar einangrunarefni af þykkt 2¾″.

Nú vilji stefnandi velta ábyrgðinni yfir á stefnda og koma sér þannig undan þeim kostnaðarauka, sem fylgdi því að leggja þriðja einangrunarlagið á margnefnda asfalttanka.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi geti ekki á þennan hátt velt þeirri ábyrgð af sér, sem hann með samningi hefur undirgengist gagnvart verkkaupa. Til þess að það væri hægt, hefði hann orðið að skýra stefnda frá því, að lágmark þykktar einangrunarefnisins yrði að vera 19 cm, og greina honum frá, hverjum viðurlögum það sætti, ef út af yrði brugðið. Þetta hafi hann ekki gert. Stefndi hafi selt stefnanda almenna verslunarvöru, sem hann sé búinn að versla með um langan tíma, og frávik frá uppgefnu máli hugsanleg. Það liggi hvergi fyrir í málinu, að lágmark þykktar einangrunarefnisins þyrfti að vera 19 cm.

Meðferð stefnanda á efninu sé líka þess eðlis, að það eitt út af fyrir sig útiloki alla ábyrgð stefnda. Stefnandi rífi álpappalagið frá einangrunarefninu. Hann hafni boði um öruggt einangrunarefni, vegna þess að það sé dýrara, og taki þá áhættu af því, að illa fari fyrir honum sem verktaka.

Einnig er á það bent, að mæling matsmanna sé ónákvæm og ekki í samræmi við þann ameríska staðal, sem þeir þó segjist fara eftir. Stefnandi hafi vanrækt að gefa framleiðandanum kost á að gera sínar eigin rannsóknir á þeim hluta af vörusendingunni, sem ónotaður var, væntanlega í þeim tilgangi að gera honum erfitt fyrir með rannsókn á vörusendingunni. Honum hafi verið í lófa lagið að láta í té eina eða tvær rúllur af efninu. Matsmenn hafi upplýst, að í vörslu stefnanda hafi verið í kringum 20 ballar af ónotuðu einangrunarefni.

Þá er einnig á það bent, að einangrunarefnið hafi verið búið að liggja samanþjappað í rúllum, ef til vill mánuðum saman, og hafi það að sjálfsögðu í flutningum pressast saman, þannig að þykktarrmæling matsmanna verði af þeim sökum ónákvæm.

Við munnlegan málflutning vísaði lögmaður stefnda um frekari

rökstuðning fyrir sýknukröfu sinni enn fremur til 4., 47., 51. og 52. gr. laga nr. 39 frá 1922.

Við munnlegan málflutning var af hálfu stefnda gerð varakrafa um það, að stefnda verði einungis dæmt að greiða einhvern afslátt, og var um rökstuðning fyrir þeirri kröfu vísað til 42. og 43. gr. laga nr. 39 frá 1922.

Matskostnaði var sérstaklega mótmælt.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að glerullareinangrunin sé samkvæmt faktúrum af þykktinni 3⅞", sem í daglegu tali sé nefnd 4" þykkt. Fyrirsvarsmaður stefnanda segist aldrei hafa séð faktúru yfir vöru þessa. Faktúrur hafa ekki verið lagðar fram í málinu. Í bréfum þeim, sem stefndi skrifaði stefnanda, áður en til málareksturs þessa kom, og lögð hafa verið fram í málinu, er ekki minnst á, að glerullin hafi átt að vera af þykktinni 3½—4" eða 3⅞—4". Samkvæmt skjölum málsins kom talan 3⅞" eða 4" þykkt fyrst fram í bréfi stefnda til lögmanns stefnda, dags. 10. nóvember 1972. Fyrir dómi bar framkvæmdastjóri stefnda, „að alltaf hafi verið talað um tvö lög af 4" þykkri einangrun".

Ekki þykir skipta máli, hvort fyrirsvarsmönnum stefnda var ljóst eða ekki mikilvægi þess, að glerullin stæðist uppgefna þykkt. Það er viðurkennt, að stefnandi hafi pantað 4" þykka glerull. Enn fremur er fram komið, að á glerullarrúllunum hafi staðið 4" þykkt. Á dskj. 14—17, en það eru nótur frá stefnda stílaðar á stefnanda, dags. 9. maí 1972, 21. júní 1972, 27. júní 1972 og 29. júní 1972, er skráð JM glerull 4". Samkvæmt nótum þessum hefur stefnandi keypt af stefnda 5.980.8 m^2 af 4" JM glerull. Verður samkvæmt framansögðu lagt til grundvallar, að stefnandi hafi keypt hjá stefnda 4" þykka glerullareinangrun og hafi stefnandi mátt treysta því, að glerullin stæðist uppgefna þykkt, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að stefnandi hafi mátt gera ráð fyrir því, að glerullin stæðist ekki uppgefið mál.

Fram er komið, að glerullin hafði þegar verið pöntuð hinn 7. desember 1971. Samkvæmt nótunum á dskj. 14—17 var varan afhent á tímabilinu 9. maí 1972—29. júní 1972. Þar af var stærsti hlutinn afhentur 9. maí 1972, eða 3.987.20 m^2. Ekki kemur fram í skjölum málsins, hvenær stefnandi tilkynnti stefnda fyrst um það, að glerullin stæðist ekki uppgefið mál. En í ódagsettri beiðni um dómkvaðningu matsmanna kemur fram, að stefnandi hafi reynt að fá glerull af réttri þykkt hjá stefnda. Dómkvaðning matsmanna er dagsett 14. júní 1972. Fyrsti matsfundur var hald-

inn 19. júní 1972. Þar var matsbeiðni og dómkvaðning lesin, og auglýst var eftir athugasemdum, en engar athugasemdir komu fram við dómkvaðningu og fundarboðun. Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, verður ekki á það fallist, að stefnandi hafi ekki skýrt stefnda nógu snemma frá því, að hann ætlaði að bera fyrir sig, að einangrunin stóðst ekki uppgefna þykkt.

Stefnandi átti viðskipti við stefnda, en ekki við framleiðanda glerullarinnar, og verður að telja, að stefnanda hafi ekki verið skylt að senda glerull til framleiðanda, enda komu tilmæli um slíkt ekki fram fyrr en í bréfi stefnda, dags. 21. júlí 1972, en samkvæmt því, sem fram kom við málflutning lögmanns stefnanda, lauk stefnandi verki sínu 6. júlí 1972. Þá er verkinu lauk, hafi engin glerull verið eftir í vörslu stefnanda.

Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna var meðaltals þykkt sýnishorna, sem tekin voru úr heilum rúllum af lager stefnanda, 3.75″ af annarri rúllunni, en 3.50″ af hinni. Meðaltals þykkt af öðrum sýnishornum var 3.52″ af sýnishornum með álpappalaginu, en 3.57″ af sýnishornum, sem álpappinn hafði verið tekinn af. Matsmenn segja, að mælingar þeirra sýni, að ekki verði þynning á glerullinni við það, að álpappinn er fjarlægður. Af því, sem hér hefur verið rakið, þykir það upplýst, að ekki sé vinnubrögðum eða meðhöndlun stefnanda á glerullinni að kenna, að glerullin stenst ekki uppgefið mál.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að mælingaraðferðir hinna dómkvöddu matsmanna séu ónákvæmar. En þar sem matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna hefur ekki verið hnekkt, þá verður hún lögð til grundvallar við niðurstöðu málsins.

Magni því, sem matsmenn byggja niðurstöður sínar á, hefur ekki verið mótmælt.

Eins og rakið hefur verið, komust matsmenn að þeirri niðurstöðu, að líklegt væri, að 10—20% af glerullinni standist uppgefna þykkt og tvö lög nægi. Miðað við, að einangraður flötur eins tanks sé 1170 m^2 og að bæta þurfi aukalagi við 85% af þeim fleti, sé viðbótarefniskostnaður við báða tankana kr. 198.900. Aukningu kostnaðar vegna vinnu við lagningu aukalags meta þeir á kr. 24.000. Samanlagðar þessar fjárhæðir, eða kr. 222.900, þykja vera sannanlegt tjón stefnanda vegna þess, að glerullin stóðst ekki uppgefna þykkt, og þá fjárhæð ber stefnda að bæta stefnanda samkvæmt 43. gr. laga nr. 39 frá 1922.

Af hálfu stefnanda hefur kröfuliðurinn kr. 25.000 fyrir óþæg-

indi og fyrirhöfn í sambandi við þetta mál hvorki verið studdur rökum né gögnum, og verður hann því gegn andmælum stefnda ekki tekinn til greina.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefnda beri að greiða stefnanda kr. 222.900 með vöxtum eins og krafist er.

Málskostnaður, þar með talinn matskostnaður, kr. 32.180, ákveðst kr. 78.000.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Bragi Þorsteinsson verkfræðingur og Karl Ómar Jónsson verkfræðingur.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Loftsson h/f, greiði stefnanda, Véltaki h/f, kr. 222.900 með 7% ársvöxtum frá 1. júlí 1972 til greiðsludags og kr. 78.000 í málskostnað, þar með talinn matskostnaður, kr. 32.180, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. desember 1975.

Nr. 3/1974. **Olga Mörk Einarsson og**
Valur Mörk Valsson
(Logi Guðbrandsson hrl.)
gegn
Ragnheiði Kr. Björnsdóttur og
Svövu Magnúsdóttur og gagnsök.
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Lausafjárkaup. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 7. janúar 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjenda „gegn greiðslu á kr. 289.961.00 með

8% ársvöxtum frá 18. október 1970 til greiðsludags". Þá krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi gagnáfrýjenda.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 11. janúar 1974. Eru kröfur þeirra þessar:

1. Aðalkrafa: Að aðaláfrýjendur verði dæmdir óskipt til að greiða gagnáfrýjendum 413.602 krónur ásamt 8% ársvöxtum af 513.602 krónum frá 18. október 1970 til 21. september 1971, af 413.602 krónum frá þeim degi til 16. maí 1973, en með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 14% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

2. Fyrsta varakrafa: Að aðaláfrýjendur verði dæmdir óskipt til að greiða gagnáfrýjendum 389.961 krónu með 8% ársvöxtum af 489.961 krónu frá 18. október 1970 til 21. september 1972, af 389.961 krónu frá þeim degi til 16. maí 1973 og með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 14% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

3. Önnur varakrafa: Að aðaláfrýjendur verði dæmdir óskipt til að greiða gagnáfrýjendum 387.032 krónur með 8% ársvöxtum af 487.032 krónum frá 18. október 1970 til 21. september 1972, af 387.032 krónum frá þeim degi til 16. maí 1973 og með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 14% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

4. Þriðja varakrafa: Að aðaláfrýjendur verði dæmdir óskipt til að greiða gagnáfrýjendum 348.602 krónur með 8% ársvöxtum af 448.602 krónum frá 18. október 1970 til 21. september 1972, af 348.602 krónum frá þeim degi til 16. maí 1973 og með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 14% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi aðaláfrýjenda.

I.

Aðaláfrýjendur reisa kröfur sínar í málinu á eftirfarandi reikningsgerð:

Vörubirgðir	kr. 2.100.000		
÷ 35% afsláttur	— 735.000		
	Kr. 1.365.000		
Aðstaða og heiti	— 200.000	kr. 1.565.000	
Vörubirgðir eftir talningu og útreikningi Sigurðar Ármanns Magnússonar	kr. 2.095.495		
Vörubirgðir samkvæmt athugun Símonar Kjærnesteds endurskoðanda	kr. 1.905.278		
	Kr. 190.217		
÷ 35%	— 66.576	kr. 123.641	
		Kaupverð alls	kr. 1.441.359
Reikningsuppgjör:			
Yfirteknar skuldir samkvæmt 1. tl.	kr. 586.398		
Yfirteknar skuldir samkvæmt 2. tl.	— 265.000		
Greitt í peningum fyrir 18. október 1970	— 200.000		
Greitt 21. september 1972	— 100.000	kr. 1.151.398	
		Eftirstöðvar	kr. 289.961

II.

Gagnáfrýjendur gera eftirfarandi reikningslega grein fyrir kröfum sínum:

1. Aðalkrafa um greiðslu á 413.602 krónum er á því byggð, að kaupverð samkvæmt kaupsamningnum hafi verið 1.565.000 krónur. Aðaláfrýjendur hafa greitt samkvæmt 1., 2. og 4. tl. kaupsamningsins samtals 1.051.398 krónur svo og 100.000 krónur hinn 21. september 1972.
2. Fyrsta varakrafa um greiðslu á 389.961 krónu er byggð á eftirfarandi grunni:
   A. Verðmæti vörubirgða við gerð kaupsamnings var talið 2.095.495 kr. ÷ 35% = kr. 1.362.071

B. Vörubirgðir við endurútreikning 1.905.278
kr. ÷ 35% ..... kr. 1.238.430

Lækkun kaupverðs kr. 123.641

Reikningsuppgjör:
Skuld samkvæmt kaupsamningi ..... kr. 413.602
÷ lækkun kaupverðs ..... — 123.641

Kr. 289.961
+ aðstaða og heiti verslunar samkvæmt framburðum aðilja, hækkun um 100.000 kr. .... — 100.000

Alls kr. 389.961

3. Önnur varakrafa um greiðslu á 387.033 krónum horfir reikningslega við sem hér segir:
A. Vörubirgðir samkvæmt útreikningi Símonar Kjærnesteds ..... kr. 1.905.278
÷ 35% afsláttur ..... — 666.847

Kr. 1.238.431
B. Aðstaða og heiti ..... — 300.000

Kr. 1.538.431
÷ greiðslur aðaláfrýjenda ..... — 1.151.398

Kr. 387.033

4. Þriðja varakrafa um greiðslur á kr. 348.602 er sama fjárhæð og héraðsdómurinn dæmdi gagnáfrýjendum, en með breyttri vaxtakröfu.

III.

Samkvæmt samningi málsaðilja 18. október 1970, sem lýst er í héraðsdómi, var kaupverð verslunarinnar Varmár, er gagnáfrýjendur seldu aðaláfrýjendum, 1.565.000 krónur. Aðaláfrýjandinn Valur Mörk og Sveinbjörn, sonur gagnáfrýj-

andans Ragnheiðar, töldu vörubirgðir, sem fylgja áttu með í kaupunum, og skráðu þær. Verðútreikninga á vörum þessum leysti af hendi Sigurður Ármann Magnússon, er gagnáfrýjendur fólu það starf. Nam verð birgðanna samkvæmt útreikningi hans 2.095.495.08 krónum, en aðiljar kveðast hafa miðað við fjárhæðina 2.100.000 krónur, þegar gengið var frá samningnum. Eftir undirritun kaupsamnings varð aðiljum ljóst, að fyrir mistök hafði verð vörubirgða við greindan verðútreikning verið ofreiknað. Í bréfi Símonar Kjærnesteds, löggilts endurskoðanda, dags. 7. júní 1973, sem greint er í héraðsdómi, var rétt verð vörubirgða samkvæmt vörutalningarbók talið 1.905.278 krónur. Hefur sú skýrsla eigi verið vefengd. Samkvæmt framburðum þeirra aðilja, sem helst fjölluðu um samningsgerðina, veittu gagnáfrýjendur aðaláfrýjendum 35% afslátt af verði vörubirgða. Telja verður að aðiljar hafi lagt til grundvallar við ákvörðun kaupverðs framangreindrar verslunar, að verð vörubirgða væri 2.100.000, svo sem áður greinir. Upplýsingar um heildarverðmæti vörubirgðanna voru frá gagnáfrýjendum komnar. Sá ákvörðunargrundvöllur reyndist rangur, og þykir rétt, eins og hér hagar til, að gagnáfrýjendur beri halla af því. Þykja aðaláfrýjendur eiga rétt á lækkun kaupverðs af þessum sökum, og er hún rétt reiknuð 65% af hinu ofreiknaða vöruverði. Hafa báðir aðiljar talið, að sú fjárhæð nemi 123.641 krónu.

Málsaðilja skilur enn á um það, hve hátt verð aðaláfrýjendur skyldu gjalda fyrir „aðstöðu og heiti“ verslunarinnar Varmár.

Í samningnum er þessa eigi getið sérstaklega, heldur er þar tiltekið kaupverð í krónutölu án sundurliðunar. Svo sem fyrr er greint, miðuðu aðiljar gagngert við það í samningsviðræðum sínum, að vörubirgðir væru reiknaðar á 2.100.000 krónur, en gagnáfrýjendur gæfu síðan 35% afslátt af því verði. Fæst þá fjárhæðin 1.365.000 krónur. Samkvæmt þessu ætti sá verðþáttur, sem varðar heiti verslunar og aðstöðu, að hafa verið verðlagður á 200.000 krónur.

Gagnáfrýjandinn Ragnheiður telur, að þessi þáttur kaupverðs hafi átt að nema 300.000 krónum. Aðaláfrýjandinn

Valur Mörk skýrir einnig svo frá, að rætt hafi verið um, að þessi þáttur yrði verðlagður á 300.000 krónur, en gögn máls sýna, að ummæli hans lúta að orðræðum aðilja, áður en kom að lokastigi viðræðna. Samningurinn ber með sér, að kaupverð var ákveðið 1.565.000 krónur. Þegar þessa er gætt og haft er í huga, hversu kaupverð verður brotið til verðþátta samkvæmt framansögðu, þykir rétt að leggja til grundvallar, að þessi þáttur hafi verið talinn 200.000 krónur í samskiptum aðilja, enda þykir varhugavert að virða svo framburð aðaláfrýjandans Vals, að í honum felist viðurkenning á hærra verði.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjendur óskipt til að greiða gagnáfrýjendum 289.961 krónu (1.565.000 ÷ 123.641 ÷ 1.151.398) ásamt 8% ársvöxtum af 389.961 krónu frá 18. október 1970 til 21. september 1972, af 289.961 krónu frá þeim degi til 16. maí 1973, en með 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Aðaláfrýjendur hafa eigi boðið fram greiðslu á framangreindri fjárhæð. Ber að dæma þá til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Olga Mörk Einarsson og Valur Mörk Valsson, greiði óskipt gagnáfrýjendum, Ragnheiði Björnsdóttur og Svövu Magnúsdóttur, 289.961 krónu með 8% ársvöxtum af 389.961 krónu frá 18. október 1970 til 21. september 1972, en af 289.961 krónu frá þeim degi til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974, og 13% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði stefnda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum..

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. september 1973.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. þ. m., er höfðað með stefnu, birtri 30. nóvember 1971.

Stefnendur málsins eru Ragnheiður Kr. Björnsdóttir, Hveragerði, og Svava Magnúsdóttir, Rauðalæk 38, Reykjavík.

Stefndu eru Olga Mörk Einarsson og Valur Mörk Valsson, bæði til heimilis að Heiðmörk 24, Hveragerði.

Samkomulag er með aðiljum að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Dómarinn hefur gert ítrekaðar tilraunir til að sætta aðiljana, en þær sáttatilraunir hafa ekki borið árangur.

Dómkröfur stefnenda eru nú þessar:

„Aðallega, að stefndu greiði in solidum stefnendum kr. 513.602.00 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 430.000.00 frá 18. okt. 1970 til 15. desember s. á., af kr. 513.602.00 frá þeim degi til 1. sept. 1971, en frá þeim degi af sömu fjárhæð með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð til 15. maí 1973, en með 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., allt að frádregnum kr. 100.000.00, sem inntar voru af hendi 21. sept. 1972.

Til vara, að stefndu greiði in solidum stefnendum kr. 489.961.00 með 8% ársvöxtum frá 18. okt. 1970 til 1. sept. 1971, en frá þeim degi af sömu fjárhæð með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð til 15. maí 1973 og með 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., allt að frádregnum kr. 100.000.00.

Til þrautavara, að stefndu greiði in solidum stefnendum kr. 389.961.00 með 8% ársvöxtum frá 18. okt. 1970 til 1. sept. 1971, en frá þeim degi af sömu fjárhæð með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð til 15. maí 1973 og með 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., allt að frádregnum kr. 100.000.00“.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnenda gegn greiðslu á kr. 289.961.05 með 8% ársvöxtum frá 18. október 1970 til

greiðsludags, en að stefnendum verði dæmt að greiða þeim málskostnað.

II.

Í stefnu segir m. a. svo:

„Með kaupsamningi, dags. 18. okt. 1970, keyptu stefndu af stefnendum fyrirtækið Verzlunina Varmá s.f., Hveragerði. Umsamið kaupverð fyrir verzlunina, þ. e. vörulager, aðstöðu og heiti, var kr. 1.565.000.00, sem greiðast skyldi þannig:

1. Stefndu tóku að sér að greiða vöruvíxla samtals að fjárhæð	kr.	586.398.00
2. Stefndu tóku að sér að greiða víxla í Búnaðarbanka Íslands, Hveragerði, samtals	—	265.000.00
3. Stefndu skyldu gefa út skuldabréf til þriggja ára, gjalldd. 1. sept., vextir 8%	—	400.000.00
4. Stefndu greiddu í peningum	—	200.000.00
5. Stefndu skyldu greiða 15. des. 1970 í pen. ..	—	30.000.00
6. Stefndu skyldu greiða 15. jan. 1971 í pen. ..	—	30.000.00
7. Stefndu skyldu greiða 15. febr. 1971 í pen. ..	—	30.000.00
8. Stefndu skyldu greiða 15. marz 1971 í pen. ..	—	23.602.00
	Samtals kr.	1.565.000.00

Vextir af greiðslum skv. tl. 5—8 skyldu vera 8% p. a. frá dags. kaupsamnings.

Stefndu hafa ekki enn innt af hendi greiðslurnar skv. tl. 3 og tl. 5—8, samtals kr. 513.602.00. ...

Stefndu hafa haldið því fram, að vörulager hafi verið ranglega reiknaður út og eigi hann því að lækka um kr. 128.700.00 og heildarverðið um sömu fjárhæð. Á þetta geta stefnendur ekki fallizt, enda sáu stefndu sjálf um vörutalninguna ásamt öðrum stefnanda, Ragnheiði. Stefndu keyptu Verzlunina Varmá s.f. á föstu verði kr. 1.565.000.00 án tillits til þess, hvort vörulager var meiri eða minni. Peningagreiðslurnar skv. tl. 5—8 áttu að miðast við það, að heildarverðið yrði skv. framansögðu. Þó þykir stefnendum rétt að gera varakröfuna, þar sem tekið er tillit til hugsanlegrar lækkunar á vörulager skv. framansögðu, en þó án allrar viðurkenningar á réttmæti þessarar lækkunar".

III.

Í greinargerð hefur lögmaður stefndu skýrt svo frá:

„Þegar kaupsamningurinn á dskj. 3 var gerður, lágu fyrir ákveðnar upplýsingar um hið selda, þ. e. bók um vörutalningu. Var vörutalning þessi gerð í sameiningu af seljanda og kaupanda, en allir verðmætisútreikningar í bókinni voru gerðir á vegum seljanda.

Á gagni þessu var byggt við gerð kaupsamnings. Eftir að samningurinn hafði verið gerður, var farið yfir útreikninga þessa, og kom þá í ljós, að skekkjur voru í þeim ýmist til hækkunar eða lækkunar.

Við kaupin hafði verið gengið út frá tölunni kr. 2.095.495.08, sem var síðan lækkuð um 35% í kr. 1.362.245.08. Við þetta var bætt kr. 200.000.00 fyrir aðstöðu og talan síðan sléttuð af í kr. 1.565.000.00, sem var söluverð skv. kaupsamningi.

Þegar tillit hafði verið tekið til skekkjunnar í verðútreikningi var vörulager á kr. 1.885.884.78 að frádregnum 35%, eða kr. 1.225.825.11, sem gefur þá söluverð kr. 1.425.825.11.

Mismunur nemur því kr. 139.174.89, sem stefndu krefjast þess, að verði dreginn frá fyrstu greiðslu inn á verðið.

Telja stefndu sig því hafa staðið í skilum með kaupverðið að öðru leyti en því sem umdeilt er, og er sýknukrafan á því byggð".

IV.

Stefndi Valur Mörk Valsson gaf skýrslu hér fyrir dómi hinn 28. mars 1973, og var þá m. a. fært til bókar:

„Mætti kveðst hafa undirritað kaupsamninginn á dskj. nr. 3. Nutu stefndu aðstoðar Sveins J. Sveinssonar, lögfræðings, við samningsgerðina. Snorri Árnason, lögfræðingur, gætti hagsmuna stefnenda við söluna. Mætti kynnir sér vörutalningabókina á dskj. nr. 11. Kveðst hann hafa skrifað vöruheitin, magnið og einingarverð, en ekki niðurstöðustölurnar, sem skrifaðar eru með blýanti. Í vörutalningarbókinni eru þrjú laus blöð, sem klemmd hafa verið við öftustu síðu bókarinnar. Mætti kveðst ekki hafa skrifað það, sem á þessi blöð er skráð. Telur mætti, að stefnandi Ragnheiður hafi skráð texta blaðanna og að hún hafi ein og án samráðs við mætta annast vörutalningu á þeim vörum, sem þar eru tilgreindar. Vörutalninguna, sem skráð er í vörutalningarbókina, kveðst mætti sjálfur hafa annast ásamt Sveinbirni Þorkelssyni. Mætti kveðst ekki vefengja það vörumagn og einingarverð, sem hann skráði í bókina. Hins vegar kveðst hann vefengja útreikn-

inginn, sem skráður er með blýanti. Þegar vörutalningunni var lokið, fékk stefnandinn Ragnheiður vörutalningarbókina, og var þá ekki farið að reikna út verðmæti einstakra vörutegunda, sem skráðar höfðu verið í bókina. Sagði Ragnheiður mætta, að hún myndi senda bókina til Reykjavíkur og láta þar reikna út heildarverð þeirra vara, sem skráðar væru í bókina. Vörutalningin fór fram fimmtudaginn 27. ágúst og föstudaginn 28. ágúst 1970. Kaupendur tóku við verzluninni 1. september 1970, og hafði þá ekki verið gerður kaupsamningur, en munnleg loforð voru gefin á þann veg, að kaupverðið skyldi miðast við heildarverðmæti vörulagersins að frádregnum einhverjum afslætti af verðmæti hans, og auk þess skyldu greiðast kr. 300.000.00 fyrir nafn og aðstöðu. Þessi munnlegi kaupsamningur var gerður á heimili Ragnheiðar í Hveragerði. Viðstaddir voru Ragnheiður og maður hennar, Þorkell Guðbjartsson, mætti og faðir hans, Valur Einarsson, og Snorri Árnason. Um greiðsluskilmála var umsamið, að auk kr. 105.000.00, sem síðar verður getið, skyldu kaupendur strax greiða kr. 95.000.00 til viðbótar, og fór sú greiðsla fram í fyrstu viku september 1970. Í þessu sambandi tekur mætti fram, að hann og móðir hans, Olga Mörk, hafi um mánaðamótin júní/júlí 1970 gert húsaleigusamning við Þorkel Guðbjartsson þess efnis, að Þorkell skyldi leigja verzlunarhúsnæði í sama húsi og kaupsamningurinn dskj. nr. 3 tekur til, þ. e. nyrðri helming jarðhæðar Breiðumerkur 23. Átti Þorkell að afhenda húsnæðið tilbúið til leigu 1. september 1970. Um miðjan ágúst 1970 varð ljóst, að Þorkell gat ekki staðið við samninginn af sinni hálfu. Lagði hann þá til, að stefndu keyptu verzlunina af stefnendum, og varð það að samkomulagi með þeim skilmálum, sem að framan greinir. Kaupsamningurinn á dskj. nr. 3 var undirritaður á Selfossi. Var þá rætt um vörulagerinn. Þá var allmikið rætt og ágreiningur var um afsláttarprósentuna á vörulagernum. Ragnheiður gaf upp verðmæti vörulagersins kr. um 2.100.000.00. Var sú tala ekki vefengd. Stefndu vildu miða afsláttinn við 50% af vörutalningarverðinu, en stefnendur vildu ekki samþykkja svo háan afslátt. Samkomulag varð um 35% afslátt. Vörutalningarbókin lá ekki frammi á Selfossfundinum, en mætti hafði áður beðið Ragnheiði um að fá að yfirlíta bókina. Hafði hún lofað því, en af efndum varð ekki. Á Selfossfundinum lofaði Ragnheiður að afhenda mætta vörutalningarbókina. Frá Selfossi fékk mætti og móðir hans, Olga Mörk, að sitja í bíl, sem tilheyrði fjölskyldu Ragnheiðar. Var ekið beint heim til Ragnheiðar í Hveragerði, og af-

henti Ragnheiður mætta þá vörutalningarbókina. Í þessu sambandi er mætta bent á skýrslu Ragnheiðar í síðasta þinghaldi. Mætti staðhæfir, að Ragnheiður hafi afhent honum bókina hinn 18. október 1970, eins og hann greinir frá hér að framan. Mætti kveðst fljótlega hafa farið að yfirlíta útreikningana í vörutalningarbókinni. Rakst mætti víða á skekkjur í útreikningunum. Tilkynnti hann Ragnheiði um þetta. Ragnheiður kvaðst vilja athuga, hvað gera skyldi, þegar svona hlutir kæmu upp. Mætti gerði nú rækilega rannsókn á útreikningunum, dskj. nr. 12. Kveðst hann hafa skráð allt, sem ritað er með rauðu í dskj. nr. 12. Það, sem skráð er með bláu, er skráð af lögmanni hans, Sveini J. Sveinssyni. Eftir að mætti hafði skráð leiðréttingarskýrsluna, dskj. nr. 12, afhenti hann Ragnheiði bókina aftur samkvæmt ósk hennar. Fékk mætti þá skriflega viðurkenningu hjá Ragnheiði um þá afhendingu bókarinnar. Mætti fékk bókina síðan aftur hjá Ragnheiði. Telur mætti, að það kunni að hafa verið 17. nóvember 1970. Afhenti hann Ragnheiði þá kvittun þá, sem hún hafði gefið mætta um afhendingu á bókinni. Mætti kveðst því ekki hafa í höndum kvittunina, sem Ragnheiður gaf, en telur líklegt, að hann eigi stofninn af kvittuninni. Fyrir 17. nóvember 1970 fór mætti, faðir hans, Ragnheiður og Þorkell, maður hennar, á fund lögfræðinganna á Selfossi. Var fundurinn haldinn í skrifstofu Snorra Árnasonar. Mætti lagði fram leiðréttingarskýrsluna á dskj. nr. 12, en vörutalningarbókin sjálf var þá í vörslu Ragnheiðar, en var ekki lögð fram á fundinum. Rætt var um útreikninga á verðmæti vörulagersins. Gekkst Ragnheiður inn á, að útreikningar í vörutalningarbókinni yrðu endurskoðaðir og að endurskoðun lokinni skyldi söluverð verslunarinnar endurskoðað og umreiknað í samræmi við rétta niðurstöðu á útreikningi vörulagersins. Ágreiningur varð um, á hvern hátt greiðslur skyldu breytast, ef verðmæti vörulagersins reyndist ekki rétt útreiknað. Náðist ekki samkomulag um það á þessum fundi. Annar fundur var haldinn á Selfossi. Báðir lögfræðingarnir voru þá mættir svo og mætti, móðir mætta og Ragnheiður. Á þeim fundi endurskoðaði Snorri Árnason vörutalningarbókina lið fyrir lið og fékk að lokum sömu niðurstöðu og Sveinn J. Sveinsson hafði áður fengið við sína endurskoðun. Mætti man ekki, hvaða tölu þeir fengu út, en sú tala var rúmlega kr. 200.000.00 lægri en sú fjárhæð, sem Ragnheiður hafði gefið upp, þegar kaupsamningurinn var undirritaður. Mætti er spurður að því, hvort niðurstöðutala lögfræðinganna hafi verið kr. 1.885.884.78. Kveðst mætti ekki geta svarað

því. Mætti er spurður að því, hver hafi verið niðurstaða seinni fundarins á Selfossi. Mætti segir, að kaupendur hafi gert seljendum tilboð þess efnis, að mismunurinn, sem fram kom á fundinum, skyldi dragast frá kaupverðinu í fjórum áföngum, þannig að helmingurinn af mismuninum skyldi dragast frá 5. lið kaupsamningsins og eftirstöðvarnar frá tölulið 3 í kaupsamningi. Ragnheiður óskaði eftir fresti, þar til hún hefði talað við eiginmann sinn, og var það samþykkt. Tilboð þetta var munnlegt. Mætti kynnir sér dskj. nr. 14. Kveður hann þar fram koma tilboð það, sem kaupendur gerðu á síðari Selfossfundinum. Við nánari athugun telur mætti, að samkomulag lögfræðinganna um leiðréttingartölur á verðmæti vörulagers hafi verið kr. 198.000.00, eins og í réttarskjali nr. 14 greinir, og telur því, að um misminni hafi verið af sinni hálfu, þegar hann greindi frá hér að framan „rúmlega kr. 200.000.00". Um hálfum mánuði eftir Selfossfundinn síðari hringdi Þorkell í verslunina til mætta og tilkynnti, að seljendur hefðu samþykkt tilboðið, sbr. dskj. nr. 14. Varð það til þess, að mætti samþykkti víxla, eins og tilgreindir eru á dskj. nr. 14, en móðir hans gaf víxlana út. Voru víxlar þessir afhentir Þorkeli. Síðar skilaði Þorkell víxlunum aftur með tilmælum um, að nafn föður mætta yrði einnig á víxlunum. Á það vildu kaupendur ekki fallast, og féll Þorkell þá frá því að taka tilboði kaupenda. Mætti kynnir sér dskj. nr. 14 betur. Hann segir, að á síðari Selfossfundinum hafi orðið samkomulag um, að söluverð verslunarinnar skyldi lækka um kr. 144.200.00, sem sundurliðast þannig:

1. Lækkun vörulagers kr. 198.000.00	÷ 35% ..	kr. 128.700.00
2. Vöruvíxlar umfram samning		— 14.500.00
		Samtals kr. 144.200.00"

Stefnandinn Ragnheiður Kr. Björnsdóttir hefur gefið skýrslu hér fyrir dómi 19. og 28. mars 1973. Var þá m. a. fært til bókar: „Mætta segir, að hún hafi ekki í höndum nein gögn um vörutalninguna, og kveðst hún mótmæla lækkunarkröfu stefndu, að því er vörulagerinn varðar. Vörutalningin fór þannig fram, að stefndi Valur og sonur mættu, Sveinbjörn Þorkelsson, önnuðust aðallega talninguna og skráðu hana niður í sérstaka bók, sem mætta afhenti stefnda Vali hinn 17. nóvember 1970 í því skyni, að hann ætlaði að athuga hana. Kveðst mætta ekki hafa gefið neina yfir-

lýsingu í því sambandi, en kveðst ekki hafa talið neina ástæðu til þess að hindra stefndu í að skoða vörutalningarbókina".

„Skýrsla stefnda Vals hefur verið lesin fyrir mættu. Mætta tekur fram, að hún hafi fengið dskj. nr. 14 til athugunar, en hún kveðst ekki hafa samþykkt tilboðið. Hún kveður heldur ekki hafa orðið samkomulag um lækkun vörulagersins um kr. 198.000.00 á Selfossfundinum, en hún segir, að aðeins einn fundur hafi verið haldinn á Selfossi um vörulagerinn. Hún kveðst hafa farið ein á fundinn, þ. e. maður hennar hafi ekki verið með. Mætta segir, að Sigurður Ármann Magnússon og annar maður á hans vegum muni hafa skráð blýantstölurnar í vörutalningarbókina. Mætta kveðst ekki hafa endurskoðað bókina. Sigurður Ármann gerði útreikningana. Útreikningar Sigurðar Ármanns voru lagðir til grundvallar söluverði verslunarinnar að frádregnum 35% að viðbættum kr. 300.000.00. Mætta segir, að munnlegur kaupsamningur hafi verið gerður á heimili mættu að viðstöddum Snorra Árnasyni, en mætta kveðst nú ekki muna, hvers efnis sá samningur var. Mætta segir, að annar fundur hafi verið haldinn á Selfossi með Snorra Árnasyni og hafi Sveinn J. Sveinsson þá verið mættur, í kringum mánaðamót september—október 1970, að því er mættu minnir. Virtist þá verða samkomulag um kaupverð, en mætta man nú ekki, hvaða fjárhæð þá var talað um. Þriðji fundurinn var svo haldinn 18. október 1970, og var kaupsamningur þá undirritaður með 35% afslætti af vörulager. Mætta kveðst aldrei hafa verið með vörutalningarbókina á þessum fundum, en mætta kveðst margsinnis hafa sagt gagnaðilum, að bókin væri heima hjá sér og þeir gætu fengið að kanna hana. Mætta kveðst hafa verið samferða stefnda í bifreið Þorkels frá Selfossi eftir fundinn 18. október 1970. Mætta kannast ekki við að hafa afhent Val bókina, þegar þau komu til Hveragerðis af fundinum. Mætta kveðst aðeins hafa afhent Val bókina í áðurgreint skipti, þegar hún kom af sjúkrahúsi. Mætta kveðst hafa litið svo á, þegar kaupsamningurinn var undirritaður, að endanlegt verð væri komið á söluna. Mætta er spurð að því, til hvers vörutalningin hafi verið gerð og framkvæmd af báðum aðilum. Mætta svarar: „Það var gert til að hafa eitthvað til að miða við".

Mætta er spurð að því, hvað kaupendur hafi haft til að miða við, þegar þau höfðu ekki haft aðstöðu til að kynna sér bókina. Mætta svarar: „Þau höfðu fulla aðstöðu til þess að kynna sér hana. Bókin lá hjá mér, og ég marg sagði þeim, að þau gætu fengið hana, þegar þau vildu, enda var hún afhent af mér strax, þegar

Valur bað um hana". „Kaupendur báðu aldrei um að fá að sjá vörutalningarbókina fyrr en Valur bað um hana í nóvember 1970. Á Selfossi voru stefndu spurð að því af Snorra eða Sveini, hvort þau hefðu kynnt sér vörutalningarbókina. Þau svöruðu já. Þar með álitum við, að þau væru búin að ganga að hinu fasta verði, sem tilgreint er í kaupsamningnum". Mætta er spurð að því, hvort fjárhæðin kr. 2.095.495.08, sem tilgreind er innan á kápu vörutalningarbókarinnar, hafi verið lögð til grundvallar söluverðinu, þegar kaupsamningur var skráður. Mætta svarar: „Ég treysti mér ekki til að svara því". Mætta er spurð að því, hvort hún telji niðurstöðutölur Sigurðar Ármanns, kr. 2.095.495.08, vera rétta niðurstöðutölu vörulagersins. Mætta svarar: „Ég hef ekki reiknað bókina saman".

Þá kom einnig fyrir dóm til samprófunar stefndi Valur Mörk Valsson.

Valur tekur fram, að hinn munnlegi kaupsamningur hafi verið gerður mánudaginn 31. ágúst 1970. Þá voru víxilfjárhæðir skráðar inn í dagbók stefndu úr dagbók Ragnheiðar. Áður en kaupsamningur var undirritaður, voru síðan tveir fundir, báðir á Selfossi. Þeir fundir fjölluðu um það, hvernig greiðslur ættu að innast af hendi og hve há afsláttarprósenta ætti að verða. Endanlegt samkomulag um afsláttarprósentu hafi orðið 18. október 1970. Hann segir, að Ragnheiður hafi jafnan haft góð orð um að afhenda vörutalningarbókina. Kveðst hann oftar en einu sinni hafa farið heim til Ragnheiðar og bankað á dyr, en enginn hafi verið heima, svo hann hafi ekki getað fengið bókina. Kveðst mætti í þau skipti, sem hann fór heim til Ragnheiðar til að sækja bókina, aldrei hafa hitt þar neinn fyrir. Mætta segir: „Ennfremur vil ég neita því, að víxlarnir hafi verið skráðir í dagbókina á heimili mínu 31. ágúst 1970, það var gert af okkur Val í versluninni sjálfri". Mætti segir, að þetta síðasta kunni að vera rétt hjá mættu, en á fundinum 31. ágúst hafi þá verið lögð fram heildarfjárhæð víxlanna. Telur mætti jafnvel mögulegt, að innfærslan í dagbókina hafi farið fram fyrir 1. september 1970. Mætta telur það geta hafa verið".

Vitnið Sigurður Ármann Magnússon stórkaupmaður kveðst hafa reiknað út hluta af þeim vörum, sem skráðar eru í umrædda vörutalningarbók. Gerði hann það á þann hátt, að hann margfaldaði hið tiltekna vörumagn með einingarverðinu. Skráði hann síðan í bókina niðurstöðutölur af margföldununni. Vitnið sagði: „Reiknivélin, sem ég notaði, var gömul gerð af vél með smátökkum og þurfti alltaf að færa fram og aftur skalann til að margfalda, og

mjög var óglöggt að sjá tölurnar". Vélin var handsnúin, og telur vitnið, að mistökin við útreikning sinn hafi orsakast af því, hve vélin var óglögg.

Vitnið Sveinbjörn Þorkelsson kveðst hafa farið á einn fund á Selfossi, en man ekki, hvaða fundur það var. Á fundinum voru móðir hans, stefnandinn Ragnheiður, og stefndu Valur og Olga. Vitnið minnist þess alls ekki, að það hafi afhent stefnda Val vörutalningarbókina, þegar þau komu aftur til Hveragerðis eftir fund þennan.

Vitnið Þorkell Guðbjartsson kveðst hafa verið á Selfossfundinum 17. október. Hann kveður þar hafa verið rætt um afslátt, prósentuafslátt. Þau hafi fallist á, að kaupendur fengju meiri afslátt heldur en um hafi verið samið. Ekki mundi vitnið, hvort vörutalningarbókin lá frammi á fundinum. Vitnið var spurt að því, hvort rætt hefði verið um efni hennar eða niðurstöður. Vitnið svaraði: „Ekki þannig lagað séð, heldur bara upphæðina eins og hún kom fram strax og hún var lækkuð um þennan prósentuafslátt á þessum fundi". Aðspurt, af hverju vörutalningarbókin var ekki höfð með, svaraði vitnið: „Það var nú ekki spurt sérstaklega um hana, og stóð aldrei á því, að þau fengju bókina, hún átti að liggja laus fyrir alltaf, hvenær sem var. Það var sagt í upphafi".

Stefnda Olga Mörk Einarsson kveðst ekki hafa verið á Selfossfundinum 18. október. Hún kveðst ekki muna, hvort rætt var um vörutalningarbókina, og kveðst heldur ekkert geta um það sagt, hvort stefndi Valur fékk vörutalningarbókina í sínar vörslur nefndan dag. Hún var ekki á Selfossfundinum 17. október.

Vitnið Sveinn Júlíus Sveinsson lögfræðingur gaf skýrslu hér fyrir dómi hinn 8. júní 1973, en vitnið var vitundarvottur, er aðiljar undirrituðu kaupsamninginn 18. október 1970. Fært var til bókar: „Vitnið minnist þess ekki, að vörutalningarbókin á dskj. nr. 11 hafi legið frammi, er kaupsamningur var undirritaður. Vitnið kveðst hafa spurt báða aðila, hvort treysta mætti þeirri fjárhæð, sem gefin var upp sem verðmæti vörulagersins. Þá sögðu báðir aðilar, að vörurnar væru örugglega rétt taldar. Á fundinum var upplýst, að Ragnheiður hafði látið reikna út vörutalninguna, og skildist vitninu, að einhver fullorðinn maður í Reykjavík hefði annast þann útreikning. Jafnframt var ljóst, að kaupendur höfðu ekki yfirfarið þá útreikninga. Við gerð kaupsamningsins var á því byggt, að útreikningur á vörulagernum væri rétt útreiknaður. Vitnið minnist þess ekki, að á þessu stigi

hafi verið um það rætt, að fjárhæð kaupsamningsins skyldi endurskoðuð, eða öllu heldur segir vitnið, að ekki hafi verið reiknað með því, að vörulagerinn hafi verið rangt útreiknaður. Vitnið segir, að síðar hafi kaupendur fengið grun um, að vörulagerinn væri ekki rétt útreiknaður, og hafi þau þá fengið vörutalningarbókina, og reiknaði vitnið þá tölurnar allar á ný í vörutalningarbókinni. Varð niðurstaða vitnisins á útreikningunum sú, að vörurnar væru of hátt reiknaðar. Vitnið fór til Hveragerðis og ræddi við kaupendur og skýrði þeim frá niðurstöðu útreikninganna. Leiddi þetta til þess, að haldinn var fundur á ný á skrifstofu Snorra Árnasonar á Selfossi. Þar viðurkenndi Ragnheiður, að þarna væri um mistök að ræða. Hún viðurkenndi, að hún ætti að bera skaðann af þessum mistökum, en talaði jafnframt um, að þetta kæmi sér mjög illa fyrir hana, þar sem hún hefði reiknað með að fá þessa peninga. Eftir því sem vitnið minnir, gerði það eins konar uppkast að samningi til leiðréttingar á kaupsamningnum og hafi þá einkum verið haft í huga, að greiðslur kæmu þannig út, að þær yrðu hagstæðar fyrir seljanda. Minnir vitnið, að Þorkell hafi ekki verið á fundinum og að Ragnheiður hafi viljað bera þetta samkomulag undir hann, og minnir vitnið, að af þeim sökum hafi ekki verið gengið frá þeim samningi, sem vitnið hafði gert uppkast að. Á þessum fundi lá ljóst fyrir, að allir aðilar voru sammála um, að við kaupin á versluninni hafi vörulagerinn verið lagður til grundvallar söluverðinu og þess vegna hlyti verðið að lækka, þegar í ljós kom, að vörulagerinn var í rauninni minna virði heldur en gengið hafði verið út frá. Vitnið kveðst vel muna eftir, þegar rætt var um það við kaupin, hvaða afsláttarprósenta skyldi notuð við kaup og útreikning á vörulagernum. Vitnið kveðst muna, að endanlega var ákveðin afsláttarprósenta af vörulagernum, en vitnið man nú ekki, hve afslátturinn var mikill, en segir, að afsláttarprósentan hafi ekki verið lægri heldur en 35%. Vitnið segir, að vel geti verið, að útreikningur á söluverðinu hafi farið fram eins og í greinargerð stefnda segir, enda þótt vitnið muni nú ekki lengur eftir þeim tölum, sem þar greinir".

Í málinu liggur frammi vottorð Símonar Kjærnesteds löggilts endurskoðanda, dagsett 7. júní 1973. Þar segir svo:

„Að beiðni yðar hefi ég farið yfir útreikning og samlagningu á vörutalningarbók merktri „nr. 11 lagt fram í bæjarþingi Reykjavíkur 28/3 1973". Samkvæmt bókinni eru vörubirgðir kr. 1.905.278,23 — krónur einmilljónníuhundruðogfimmþúsundtvöhundruðsjötíuogátta $^{23}/_{100}$ —.

Aðal skekkjurnar eru á bls. 4 kr. 78.740.00 og bls. 33 kr. 27.216.00. Samtals voru skekkjurnar 100 að tölu".

V.

Aðalkrafa stefnenda er á því byggð, að lagt sé til grundvallar söluverð verslunarinnar, eins og það er tilgreint í kaupsamningi, kr. 1.565.000.00, og krefjast stefnendur þess, að stefndu verði dæmt að greiða kr. 400.000.00 samkvæmt tölulið 3 og kr. 113.602.00 samkvæmt tölulíðum 5—8 í kaupsamningi. Leggja stefnendur á það áherslu, að stefndu hafi keypt hið selda á föstu verði og hafi vörulagerinn ekki skipt öllu máli við kaupin. Stefndu hafi ekki sannað, að söluverðið hafi átt að vera annað en það, sem í kaupsamningi er skráð. Beri því að taka aðalkröfuna til greina.

Varakröfu sína sundurliða stefnendur þannig:

„1. Skuld samkvæmt kaupsamningi .. .. kr. 513.602.00
2. Verðmæti vörulagers skv. dskj. nr. 11, kr. 2.095.498.08, ÷ 35% .. .. .. kr. 1.362.071.00
3. ÷ verðmæti vörulagers skv. dskj. nr. 15, kr. 1.905.278.23, ÷ 35% .. .. .. — 1.238.430.00 kr. 123.641.00
4. ÷ aðstaða og heiti skv. framburðum aðila umfram dskj. nr. 6 — 100.000.00 — 23.641.00

Kr. 489.961.00"

Í varakröfunni er lagt til grundvallar, að veðmæti vörulagersins lækki um kr. 123.641.00, en goodwill (aðstaða og heiti) reiknist þá á kr. 300.000.00, þ. e. 100.000.00 kr. hærra en stefndu geri ráð fyrir.

Stefnendur sundurliða þrautavarakröfu sína þannig:

„1. Skuld samkvæmt kaupsamningi .. .. kr. 513.602.00
2. ÷ mismunur vörulagers skv. dskj. nr. 11 og dskj. nr. 15 .. .. — 123.641.00

Kr. 389.961.00"

Í þrautavarakröfu er gert ráð fyrir lækkun á vörulager og söluverði þar með um kr. 123.641.00, en að goodwill sé þá reiknaður á kr. 200.000.00.

Stefndu byggja kröfur sínar í málinu á því, að þeir hafi treyst því, að stefnandinn Ragnheiður gæfi upp rétt verð á vörulagernum. Síðar hafi komið í ljós, að vörulagerinn að frádregnum 35% hafi verið of hátt reiknaður um kr. 123.640.95, og beri því að lækka kaupverðið um þá fjárhæð, enda sé þá út frá því gengið að reikna goodwill á kr. 200.000.00. Kröfugerð stefndu er þannig því næst sú sama og þrautavarakrafa stefnenda.

VI.

Það er upplýst í málinu, að stefnandinn Ragnheiður hafði með málið algerlega að gera f. h. meðstefnandans Svövu. Í fyrirsvari stefndu var aðallega stefndi Valur Mörk. Báðir aðiljar nutu lögfræðilegrar aðstoðar við gerð kaupsamningsins. Fram er komið í málinu, að stefnendur afhentu stefndu verslunina um mánaðamótin ágúst—september 1970, án þess að nokkur skriflegur kaupsamningur væri þá gerður. Ragnheiður og Valur Mörk virðast vera samsaga um það, að þá hafi verið gengið út frá því, að stefndu greiddu kr. 300.000.00 í goodwill og andvirði vörubirgða að frádreginni einhverri ákveðinni prósentu, sem þá var ekki búið að semja um. Vörutalning fór fram dagana 27. og 28. ágúst s. á. að viðstöddum fulltrúum beggja aðilja, en útreikningur var ekki gerður fyrr en síðar. Sá Ragnheiður um útreikninginn, og höfðu kaupendur ekki endurskoðað hann, þegar kaupsamningur var undirritaður. Samkvæmt útreikningi Ragnheiðar nam verðmæti vörubirgðanna kr. 2.095.495.08, en samkvæmt skýrslu hins löggilta endurskoðanda var verðmætið ekki nema kr. 1.905.278.23. Þrátt fyrir það, að endurskoðun útreikningsins hefði ekki farið fram, undirrituðu stefndu kaupsamninginn án nokkurs fyrirvara um útreikning á vörubirgðum eða öðru, þar sem söluverðið var ákveðið kr. 1.565.000.00 án sundurliðunar. Lækkunarkrafa stefndu, kr. 123.640.95, svarar til 7.9% af hinu skráða söluverði, kr. 1.565.000.00. Sé fjárhæð vörulagersins samkvæmt niðurstöðu endurskoðandans, kr. 1.905.278.23, lækkuð um 35% og kr. 300.000.00 lagðar þar við, kemur út fjárhæðin 1.538.430.85. Hefði hið rétta verð á vörubirgðunum legið fyrir, þegar gengið var frá kaupsamningnum, kynni það að hafa haft áhrif á afsláttarprósentuna. Þegar allt þetta er virt, málsatvik að öðru leyti og hafðar eru í huga þær sönnunarreglur, sem hér eiga við, þykir

rétt að taka lækkunarkröfu stefndu til greina með kr. 65.000.00. Verður krafa stefnenda því tekin til greina þannig, að stefndu verður dæmt að greiða in solidum kr. 413.602.00 að frádregnum kr. 65.000.00, eða kr. 348.602.00 með vöxtum, sem rétt þykir að reikna 8% ársvexti af kr. 365.000.00 frá 18. október 1970 til 15. desember 1970, af kr. 448.602.00 frá þeim degi til 21. september 1972 og af kr. 348.602.00 frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber stefndu að greiða stefnendum málskostnað, sem ákveðst kr. 45.000.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Olga Mörk Einarsson og Valur Mörk Valsson, greiði in solidum stefnendum, Ragnheiði Kr. Björnsdóttur og Svövu Magnúsdóttur, kr. 348.602.00 með 8% ársvöxtum af kr. 365.000.00 frá 18. október 1970 til 15. desember 1970, af kr. 448.602.00 frá þeim degi til 21. september 1972 og af kr. 348.602.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 45.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. desember 1975.

Nr. 148/1974. **Bæjarstjórn Akureyrar f. h. Akureyrarkaupstaðar**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Pálma Geir Jónssyni og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. september 1974. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. október 1974. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum 5.965.839 krónur með 7% ársvöxtum frá 13. júlí 1970 til 15. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Gagnáfrýjanda hefðu ekki átt að dyljast raftaugar þær, sem lágu yfir vinnusvæðið, og hvers eðlis þær voru, og það því fremur sem spennistöðin blasti við í næsta nágrenni. Gagnáfrýjandi hafði á hendi alla stjórn bifreiðarinnar og lyftiarms hennar, og bar honum að athuga gaumgæfilega allar aðstæður á vinnustaðnum og sýna sérstaka aðgæslu við verk sitt. Mjög þykir hafa á það skort. Verður hann því að bera meginhluta tjóns síns sjálfur.

Verkstjórnarmenn aðaláfrýjanda vöktu ekki athygli gagnáfrýjanda á raftaugunum eða vöruðu hann við hættunni, sem var því samfara, ef lyftiarmur bifreiðarinnar snerti þær. Var það vangæsla af hálfu verkstjórnarmanna að ganga ekki

úr skugga um, að gagnáfrýjanda væru ljósar hinar hættulegu aðstæður á vinnustað, og ber aðaláfrýjandi því að nokkru fébótaábyrgð á því tjóni, sem af hlaust.

Þegar öll atvik málsins eru virt, þykir hæfilegt að dæma aðaláfrýjanda til að bæta gagnáfrýjanda tjón hans að einum þriðja hluta.

Í héraðsdómi er lýst meiðslum gagnáfrýjanda og afleiðingum þeirra svo og áætlunum tryggingafræðings á tjóni gagnáfrýjanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku hans af völdum slyssins. Þegar allt þetta er virt og annað það, er hér skiptir máli, þykir hæfilegt að ákveða fjárhagslegt tjón gagnáfrýjanda 3.400.000 krónur, og hefur þá verið dregið frá áætlað verðmæti dagpeninga og örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins.

Tjón gagnáfrýjanda vegna þjáninga, lýta og röskunar á stöðu og högum þykir hæfilega ákveðið 500.000 krónur.

Samkvæmt þessu telst tjón gagnáfrýjanda í heild 3.900.000 krónur. Ber aðaláfrýjanda að bæta honum þriðjung þess, eða 1.300.000 krónur, með vöxtum svo sem krafist er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 330.000 krónur.

Mál þetta var upphaflega flutt og dómtekið á bæjarþingi Akureyrar 28. maí 1974, en héraðsdómari endurupptók það hinn 11. júlí s. á. í því skyni, að meðdómendur yrðu kvaddir til að sitja í dómi. Var málið síðan flutt að nýju og dómtekið samdægurs.

Héraðsdómara var eigi rétt að endurupptaka málið af framangreindri ástæðu.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, bæjarstjórn Akureyrar f. h. Akureyrarkaupstaðar, greiði gagnáfrýjanda, Pálma Geir Jónssyni, 1.300.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 13. júlí 1970 til 15 maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 330.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 2. ágúst 1974.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 28. maí sl., endurupptekið og dómtekið á ný þann 11. f. m., hefur Pálmi Geir Jónsson, Oddeyrargötu 23, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, birtri 27. september 1973, á hendur bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 6.550.664 með 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 13. júlí 1970 til 15. maí 1973 og 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Við munnlegan málflutning lækkaði umboðsmaður stefnanda stefnukröfur um kr. 584.825, en gerði að öðru leyti sömu kröfur og í stefnu.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda í málinu og dæmdur málskostnaður úr hendi hans að skaðlausu eftir mati dómsins.

Sáttaumleitanir í málinu báru ekki árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að mánudaginn 13. júlí 1970 var unnið við það á vegum stefnda að koma fyrir steyptum skólppípum í skurði, sem hafði verið grafinn í sunnanvert Þingvallastræti á Akureyri. Lá skurðurinn eins og gatan, frá austri til vesturs. Byrjað var að leggja pípurnar daginn áður austast í skurðinum, og var haldið vestur hann.

Skólppípurnar voru 16″ í þvermál, einn metri á lengd og 300 kg að þyngd. Til flutnings þeirra að skurðinum var notuð vörubifreiðin A 166, af gerðinni Scania Vabis. Átti stefnandi bifreiðina, og ók hann henni sjálfur. Bifreið þessi er búin lyftikrana, sem komið er fyrir á milli stýrishúss og vörupalls. Stjórntæki kranans eru utan stýrishúss, og er þeim komið fyrir á vinstri hlið bifreiðarinnar við lyftikranann í um 1½ metra hæð frá jörðu. Armur lyftikranans er þannig búinn, að hægt er að lengja hann nokkuð, og var hann í lengstu stöðu, þegar verkið var unnið. Lyftibúnaður þessi var notaður til þess að afferma bifreiðina og

koma pípunum niður í skurðinn. Var það gert í tveimur áföngum. Á vörupallinum var öðrum armi U-laga járns stungið inn í víðari pípuendann, en á enda hins armsinss var festing, sem krækt var í krók á vírtaug, en í lykkju á hinum enda þeirrar taugar var krækt í krók, sem festur var við enda kranaarmsins. Með þessum útbúnaði var pípunni lyft af vörupallinum og hún látin síga niður á skurðbakkann við hlið bifreiðarinnar aftanverða. Vegna þess hve skurðurinn var djúpur, var þá lengt í tauginni, um leið og gúmmíþétting var fest í annan enda pípunnar. Notaður var langur kaðall til þess að lengja taugina, og var lykkju á öðrum enda hans krækt í krókinn á enda kranaarmsins, en krók á hinum enda hans krækt í áðurnefnda lykkju á tauginni, sem U-járnið hékk í.

Stefnandi stjórnaði lyftibúnaðinum sjálfur og stóð þá við vinstri hlið bifreiðarinnar á milli skurðs og bifreiðar, en bifreiðin var norðan við skurðinn og sneri í vestur. Honum til aðstoðar var verkamaður, sem krækti í pípurnar uppi á vörupallinum og kom framlengingartauginni og gúmmíþéttingunni fyrir. Hægt var að leggja þrjár eða fjórar pípur í skurðinn án þess að hreyfa bifreiðina, og var hún því færð úr stað við þriðju eða fjórðu hverja pípu og þá um þrjá metra.

Við Þingvallastræti að sunnan er aðalspennistöð Laxárvirkjunar á Akureyri. Frá spennistöðinni lá háspennulína norðvestur yfir Þingvallastræti til Hjalteyrar og Dalvíkur. Strengir línunnar voru þrír og fluttu samtals 30.000 volta rafstraum. Nokkurt bil var á milli strengjanna, og virðast þeir hafa verið í sömu hæð. Fjarlægð frá jörðu og upp í miðstrenginn mældist 7.05 metrar. Nefnd háspennulína var eign Rafmagnsveitna ríkisins, en spennistöðin og öll tæki tilheyrandi henni eru eign Laxárvirkjunar. Rafveita Akureyrar sér um rekstur stöðvarinnar.

Um klukkan 1700 nefndan dag var unnið þar í skurðinum, sem háspennulínan lá yfir hann. Bifreið stefnanda stóð þá 1.10 metra norðan við skurðbarminn. Trébrú, með handriði báðum megin, lá yfir skurðinn á móts við afturhjól bifreiðarinnar, en vestan brúarinnar, þ. e. þeim megin sem framhluti bifreiðarinnar var, voru járngrindur á báðum skurðbökkum um 80 cm háar.

Hlé hafði orðið á affermingu bifreiðarinnar, og beið stefnandi inni í bifreiðinni. Hjá honum var Óli Berg Kristdórsson. Búið var að festa gúmmíþéttinguna á pípuna, sem færa átti, og lengja taugina, og hékk pípan í henni við hlið bifreiðarinnar rétt ofan við jörðu. Þegar stefnandi fékk bendingu um að halda verkinu

áfram, fór hann út úr bifreiðinni og brá höndum á stjórntæki kranans. Hugðist hann lyfta pípunni yfir járngrindina á skurðbakkanum og láta pípuna síðan síga niður í skurðinn vestan við brúna. Nær samstundis og hann hreyfði stjórntækin, mun kranaarmurinn hafa komið við vestasta háspennustrenginn með þeim afleiðingum, að stefnandi fékk í sig rafstraum og féll til jarðar. Hlaut hann mikil brunasár, einkum á fætur og hendur, eins og nánar verður lýst hér á eftir.

Lögreglulið og sjúkralið var kvatt á vettvang, einnig menn frá Rafveitu Akureyrar og Rafmagnsveitum ríkisins. Að tilhlutan lögreglunnar var ljósmyndari fenginn til þess að taka ljósmyndir af vettvangi. Atvik að slysinu voru síðan rannsökuð fyrir sakadómi Akureyrar. Fulltrúa Öryggiseftirlits ríkisins mun ekki hafa verið tilkynnt um slysið, en skýrsla hans, gerð síðar, hefur verið lögð fram.

Við atvikalýsingu hér að framan hefur verið stuðst við vætti vitna, skýrslu stefnanda og ljósmyndir af vettvangi. Verða vætti vitna fyrir sakadómi nú nánar rakin svo og framburður stefnanda.

Jóhann Ævar Jakobsson lögregluþjónn kom á slysstað ásamt öðrum lögreglumanni, stuttu eftir að slysið gerðist, og voru brunaverðir þá að bera slasaða í sjúkrabifreið. Í skýrslu sinni lýsir lögregluþjónninn vettvangi, eins og rakið er hér að framan. Hann segir, að kranabóman hafi verið í uppréttri stöðu og snert háspennulínu, er liggur frá spennistöð og norður yfir Þingvallastræti, þegar hann kom á slysstað. Þá getur hann þess, að á krana bifreiðarinnar sé fótur, sem notaður sé til þess að halda bifreiðinni í skefjum, þegar kraninn er notaður. Fótur þessi gangi niður úr krananum og þrýstist á jörðina með vökvaþrýstingi. Fóturinn hafi ekki verið niðri, þegar hann kom á vettvang.

Í skýrslu sína skráði lögregluþjónninn eftir Óla Berg Kristdórssyni þannig: „Að sögn Óla sátu þeir tveir, Pálmi og hann, inni í bifreiðinni. Skömmu áður en þeir stigu út, gekk Pálmi frá bifreiðinni, en við það rann hún áfram lítið eitt, og við það snerti bóma kranans háspennuvírinn. Þar sem hér er um að ræða háa bifreið, komu þeir ekki við bifreiðina samtímis jörð, er þeir stukku út. Er Pálmi tók á handföngum kranans til að vinna með honum, fékk hann í sig straum og féll til jarðar". Fyrir sakadómi lýsti nefndur Óli atvikum á annan veg en hér greinir, eins og nánar verður rakið.

Lögregluþjónninn staðfesti skýrslu sína fyrir sakadómi, og voru

honum þá sýndar ljósmyndir, sem teknar voru á slysstað strax eftir slysið, en sömu myndir hafa verið lagðar fram í þessu máli. Gat hann þess þá, að búið hefði verið að slaka bómu kranans niður, áður en ljósmyndirnar voru teknar, en þeir lögregluþjónarnir hefðu með aðstoð verkamanna fært bómuna aftur í þá stöðu, sem hún var í, þegar slysið varð, til þess að unnt væri að taka ljósmyndirnar.

Óli Berg Kristdórsson vélamaður, 24 ára, kvaðst hafa komið að skurðinum laust fyrir klukkan 1700 til þess að moka ofan í hann með skurðgröfu. Hafi þá verið unnið við það að leggja pípur í skurðinn, og átti vitnið að bíða, þar til því verki lyki. Stefnandi hafi verið að koma pípu fyrir í skurðinum með lyftibúnaði bifreiðar sinnar og verkamaður, Gunnar Gunnarsson, hafi sagt stefnanda til um, hvar koma átti pípunni fyrir. Þegar stefnandi hafi lokið við að koma pípunni fyrir, hafi hann kallað á vitnið og þeir farið inn í bifreið hans og rabbað þar saman um stund. Þegar kallað var til stefnanda, hafi hann farið út úr bifreiðinni, en vitnið kvaðst þá hafa fært sig yfir í bifreiðarstjórasætið og horft á stefnanda, þegar hann byrjaði að stjórna krananum. Hafi hann rétt verið búinn að grípa til stjórntækjanna og hreyfa þau, þegar hann fékk rafstraum í sig. Virtist vitninu, að stefnandi „hyrfi í bláum loga". Vitnið kvaðst ekki hafa fundið fyrir rafstraumi og hafi það þegar kastað sér út úr bifreiðinni hægra megin, en hurðin þar muni hafa verið opin. Það kvað stefnanda ekkert hafa hreyft bifreið sína, áður en slysið varð.

Vitnið sagði, að pípan, sem stefnandi ætlaði að lyfta, hafi legið á jörðinni eða hangið í tauginni sem næst jörðu við afturhjól bifreiðarinnar, áður en stefnandi byrjaði að stjórna krananum. Stefnandi hafi orðið að lyfta pípunni yfir járngrindur, sem voru á skurðbakkanum, og muni kranabóman (armurinn) hafa rekist í vírana við það. Vitnið kvaðst halda, að stefnandi hafi ekki þurft að lyfta pípunum yfir járngrindurnar fyrr en í þetta skipti.

Vitnið kvaðst ekki hafa veitt rafstrengjunum athygli fyrir slysið og ekki tekið eftir því, að stefnandi gætti sérstaklega að þeim, þegar hann vann verkið.

Jóhann Aðalsteinsson flokkstjóri, 34 ára, gaf tvívegis skýrslu fyrir sakadómi, fyrst þann 29. júlí 1970. Kvaðst vitnið hafa stjórnað umræddu verki, sem unnið hafi verið á vegum stefnda, og hafi stefnandi unnið undir stjórn þess. Það hafi verið niðri í skurðinum ásamt tveim verkamönnum til þess að undirbúa pípu-

lagninguna og framkvæma síðan verkið. Á skurðbakkanum hafi verið einn verkamaður, Gunnar Gunnarsson, sem leiðbeint hafi stefnanda, er hann lét pípurnar síga niður í skurðinn.

Vitnið lýsti vinnutilhögun á þann veg, sem gert er í málavaxtalýsingu hér að framan, en sagði, að stefnandi hefði ekki haft kranaarminn í lengstu stöðu, þegar hann lyfti pípunum af vörupallinum og lét þau síga niður á skurðbakkann. Hann hafi hins vegar lengt arminn, þegar hann lét pípurnar síga niður í skurðinn, til þess að ná inn yfir hann.

Vitnið kvaðst hafa rætt við stefnanda um hættu af rafstrengjunum, áður en þeir komu að þeim. Hafi stefnandi ekki talið þá verða til trafala, þar eð hann mundi afferma pípurnar báðum megin frá, en ekki fara með kranaarminn upp á milli þeirra. Stefnandi hafi verið að lyfta fyrstu pípunni, eftir að bifreiðin var færð vestur fyrir rafstrengina, þegar slysið varð. Kvaðst það hafa séð, þegar hann byrjaði að lyfta pípunni, en ekki fylgst með því sérstaklega, enda upptekið við sína vinnu. Allt í einu hafi verkamaðurinn, sem var á skurðbakkanum, kallað og hafi þá slysið gerst.

Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að verkamaðurinn, sem aðstoðaði stefnanda, hafi fylgst með því, að kranaarmurinn snerti ekki rafstrengina, og kvaðst ekki hafa sagt honum að gera það.

Vitnið sagði, að hægt hefði verið að lyfta pípunum af vörupallinum og láta þær síga á jörðina við framenda bifreiðarinnar, áður en kranaarmurinn var lengdur. Þá hefði ekki þurft að lyfta kranaarminum eins hátt í námunda við rafstrengina.

Hilmar Henry Gíslason, yfirverkstjóri stefnda, 34 ára, kvaðst hafa haft á hendi yfirverkstjórn á staðnum, en flokkstjórinn, Jóhann Aðalsteinsson, stjórnaði framkvæmd verksins í smáatriðum. Kvaðst það hafa komið oft á vinnustað og litið á verkið. Slysdaginn hafi það komið þangað nokkrum sinnum og síðast um klukkan 1630 og þá staldrað við stutta stund. Hafi bifreið stefnanda þá verið austar en þegar slysið varð. Vitnið kvaðst ekki hafa veitt háspennustrengjunum sérstaka athygli og því ekki varað stefnanda eða flokkstjórann við þeim. Það kvaðst hafa fyrirskipað mönnunum, sem unnu í skurðinum, að nota hjálma við vinnuna af hættu á grjóthruni úr bökkum skurðarins.

Vitnið sagði stefnanda starfandi vörubifreiðarstjóra á Vörubifreiðastöðinni Stefni. Hafi það ávallt reynt að fá hann með bifreið sína til vinnu, þegar unnið hafi verið að verkefnum eins

og því, er um var að ræða. Hafi stefnandi verið orðinn þaulvanur við slík verk. Stefnandi hafi verið ráðinn á venjulegum taxta vörubifreiðarstjóra á eigin bifreiðum.

Gunnar Jóhann Gunnarsson verkamaður, 15 ára, aðstoðaði stefnanda við affermingu bifreiðarinnar. Lýsti vitnið vinnutilhögun og atvikum að slysinu, eins og rakið er í málavaxtalýsingu hér að framan. Vitnið kvaðst hafa staðið á trébrúnni, sem lá yfir skurðinn, og horft á stefnanda við verk sitt. Vitnið tók fram, að í þann mund, sem slysið varð, hafi kona með barnavagn komið að brúnni og spurt, hvort hún kæmist þar yfir. Muni stefnandi hafa litið til konunnar, en um leið hafi slysið orðið.

Vitnið kvaðst áður hafa tekið eftir því, að kranaarmurinn var mjög nærri háspennulínunni, og taldi, að stefnanda hafi einnig verið það ljóst, enda hafi hann verið búinn að vinna með krananum undir eða við austari strenginn. Það tók fram, að járngrindur hafi ekki verið á skurðbakkanum austan brúarinnar og hefði því ekki þurft að lyfta pípunum eins hátt þar.

Vitnið kvaðst ekki hafa fengið fyrirmæli um að leiðbeina stefnanda við verk hans. Það hafi og aldrei sagt honum neitt til, enda hafi hann séð vel til frá þeim stað, þar sem hann stóð við kranann.

Svanbjörn Sigurðsson raftæknifræðingur, starfsmaður Rafveitu Akureyrar, kom á slysstað, skömmu eftir að stefnandi hafði verið fluttur á brott í sjúkrabifreið. Sagði vitnið, að kranaarmurinn hafi þá snert vestasta háspennustrenginn og verið á milli hans og miðstrengsins. Hafi kranaarmurinn ýtt línunni til vesturs um 50 cm.

Karl J. Kristjánsson lögregluþjónn og Ásgrímur Tryggvason, rafmagnseftirlitsmaður Rafmagnsveitna ríkisins, mældu hæð háspennulínunnar frá jörðu. Í skýrslu þeirra segir: „Samanstendur raflína þessi af þremur strengjum, sem virðast vera í sömu hæð frá jörðu. Mældum við hæð undir miðstreng, þar sem bifreiðin A 166 er talin hafa staðið, er umrætt slys varð, og var hæðin þar 7.05 m. Var það um 18 m sunnan við næsta staur".

Ásgrímur Tryggvason gaf skýrslu fyrir sakadómi og sagði, að starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins hafi ekki verið kunnugt um, að unnið væri með kranabifreið í nánd við háspennulínuna.

Stefnandi gaf fyrst skýrslu fyrir sakadómi þann 7. október 1971. Lýsti hann vinnutilhögun, eins og rakið er í málavaxtalýsingu. Hann sagði, að ekkert hafi verið rætt við sig um, að hætta gæti stafað af háspennustrengjunum. Sjálfur hafi hann ekki hugað að

strengjunum. Hann hafi þurft að fylgjast með pípunni, sem hann var að lyfta hverju sinni, og þess vegna muni hann ekki hafa tekið eftir strengjunum. Gunnar Jóhann Gunnarsson hafi stundum sagt sér til, þegar hann lét pípu síga niður í skurðinn og sá ekki til botns vegna fjarlægðar bifreiðarinnar frá skurðinum.

Hann kvaðst hafa ætlað að láta pípu síga niður vestan við áðurnefnda brú samkvæmt ósk flokkstjórans, þegar slysið varð. Hafi það verið fyrsta pípan, sem þar átti að fara. Hann mundi ekki, hvort hann hafði slakað pípu niður austan við brúna, á meðan bifreiðin stóð eins og þegar slysið varð. Hann hafi þurft að lyfta pípunni hærra en venjulega vegna járngrindarinnar á skurðbarminum og brúarinnar yfir skurðinn. Hann mundi ekki í hvaða hæð pípan var komin, þegar hann fékk rafstrauminn í sig, en sagðist hafa verið rétt byrjaður að lyfta henni.

Stefnandi kvaðst hafa verið vanur að vinna áþekk verk og hafa oft unnið þau hjá stefnda.

Stefnandi taldi, að hægt hefði verið að afferma bifreiðina með öðrum hætti en gert var. Hafi verið mögulegt að lyfta pípunum af vörupallinum, láta þær síga niður á jörðina til hliðar við framenda bifreiðarinnar, lengja í tauginni og slaka pípunum síðan niður í skurðinn. Hann sagði, að óþægilegra hefði verið að vinna verkið þannig vegna stöðu stjórntækja kranans og væri sjaldan unnið á þann hátt með lyftitækjunum.

Jóhann Aðalsteinsson flokkstjóri og stefnandi komu aftur fyrir sakadóm þann 18. janúar 1972, og þá m. a. til samprófunar.

Vitnið Jóhann ítrekaði þá, að það hafi sagt Gunnari Jóhanni að aðstoða stefnanda við verkið. Hafi það ætlast til þess, að hann segði stefnanda til, þegar hann léti rörin síga niður, ef stefnandi gat ekki séð niður í skurðinn vegna stöðu sinnar á skurðbakkanum.

Vitninu var kynnt synjun stefnanda fyrir það, að það hafi rætt við hann um hættu, sem stafað gæti af háspennustrengjunum. Sagði vitnið, að vinnuflokkur þess ásamt stefnanda hafi oft unnið við sams konar aðstæður og þarna voru og hafi stefnandi þá verið varaður við hættunni. Hafi yfirverkstjórinn, Hilmar Gíslason, brýnt fyrir þeim þessa hættu í þau skipti. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort hann hafi gert það sérstaklega við þetta verk, og að athuguðu máli var vitnið ekki visst um, að nokkuð hafi verið rætt um hættuna eða eftir henni tekið. Taldi vitnið fyrri framburð sinn um þetta geta stafað af því, að venjulega hafi verið rætt um hættuna við sams konar kringumstæður.

Þá taldi vitnið, að vel gæti verið, að kranaarmurinn hafi alltaf verið í lengstu stöðu, á meðan verkið var unnið, en taugin úr honum hafi hins vegar verið framlengd.

Stefnandi kvaðst muna, að kona hafi komið að göngubrúnni með barnavagn, stuttu áður en slysið varð, og spurt, hvort hún mætti fara yfir. Hafi hann beðið hana að bíða, þar til hann væri búinn að lyfta pípunni yfir brúna. Þetta atvik hafi ekki truflað sig við stjórn kranans.

Stefnandi sagðist ekki minnast þess að hafa unnið undir vírum eða við sams konar kringumstæður í önnur skipti. Hann hafi því aldrei verið varaður við umræddri hættu. Hins vegar hafi hann oft verið varaður við því að fara tæpt á skurðbakkanum vegna hættu, sem stafað gæti af hruni hans.

Við samprófun stefnanda og vitnisins ítrekaði stefnandi, að hann minntist þess ekki að hafa unnið undir línum áður. Það gæti þó verið, en í öllu falli hafi ekki verið um sams konar aðstæður að ræða. Umræddur skurður hafi verið óvenju djúpur og þess vegna hafi þurft að hafa kranaarminn eins langan og hægt var, en þess hafi ekki þurft venjulega.

Vitnið kvaðst oft hafa unnið í skurðum undir línum, að vísu ekki háspennulínum, og þar sem stefnandi hafi oft unnið með sér, hafi það talið víst, að hann hafi einnig unnið við þær aðstæður. Það tók fram, að aðstæðurnar við spennistöðina hafi verið mun hættulegri en annars staðar, bæði vegna háspennulínunnar og dýptar skurðarins, en fyrir þá sök hafi þurft að sveifla bómunni hærra en ella.

Stefnandi hefur gefið aðiljaskýrslu í málinu. Sagði hann, að bifreið sín hafi ekki færst til fyrir slysið og kranaarmurinn rekist í háspennustrenginn við það. Hann hafi verið búinn að lyfta pípunni og snúa krananum, þegar hann fékk rafstrauminn í sig. Kranaarmurinn hafi yfirleitt verið niðri á vörupallinum, þegar bíllinn var færður til.

Hann sagði, að stuðningsfótur á krana bílsins hafi ekki numið við jörðu, þegar slysið varð. Fóturinn sé notaður til þess að styðja við bílinn, þegar þungum hlutum sé lyft. Hann hafi oft notað fótinn við þetta verk, en ekki alltaf.

III.

Stefnandi heldur því fram, að slysið verði rakið til vangæslu þeirra starfsmanna stefnda, sem sjá áttu um framkvæmd skólplagnarinnar, þar eð þeir hafi ekki gætt tilskyldra varúðarreglna

við vinnu undir háspennuraflögn. Samkvæmt reglum um vinnu við háspennuvirki, tilkynning Rafmagnseftirlits ríkisins 5. febrúar 1960, skuli taka spennu af háspennuhafahlutum, ef vinna þurfi hættulega nálægt þeim. Sé það ekki gert, skuli sá, sem ábyrgð ber á verkinu á vinnustað, gefa starfsmönnum nauðsynlegar upplýsingar um þá hættu, sem er samfara vinnunni, áður en vinna hefst. Vinnuna eigi að framkvæma undir stöðugri gæslu einhvers, sem kunnugur er háspennuvirkinu. **Stefnandi hafi lotið stjórn** starfsmanna stefnda um vinnustað og vinnutilhögun og framkvæmt verkið á hans ábyrgð. Beri stefndi því fébótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi verið sjálfstæður atvinnurekandi við verkið. Hann hafi ekið eigin bifreið og haft óskorað forræði yfir henni og tækjabúnaði hennar bæði í akstri og við notkun. Afskipti starfsmanna stefnda af framkvæmd stefnanda á þeim þætti verksins, er hann tók að sér, hafi verið fólgin í því að benda stefnanda á fermingarstað, hvaða farm hann ætti að taka þar, hvar hann ætti að afferma bifreiðina og jafnframt hvar á affermingarstað hann ætti að skila af sér hverri einingu farmsins. Um framkvæmd einstakra þátta í þeirri þjónustu, sem stefnandi átti að láta stefnda í té, hafi stefnandi haft algert forræði svo og veg og vanda, þ. á m. refsi- og skaðabótaábyrgð, ef út af hefði brugðið um akstur bifreiðarinnar og notkun tækjabúnaðar hennar.

Þá er því haldið fram, að stefnanda hafi sem atvinnurekanda og verktaka borið að rækja á eindæmi sitt og án sérstakra afskipta stefnda ákveðnar og brýnar varúðarskyldur, sem á honum hvíldu sérstaklega vegna þess tækjabúnaðar, sem hann réð yfir og stjórnaði sjálfur.

Starfsmenn stefnda hafi ekki haft tilefni til að beina athygli sinni að háspennulínunni, enda hafi framkvæmd verksis af þeirra hálfu á engan hátt snert hana.

Enginn nauður hafi rekið stefnanda til þess að setja sig í þá hættu, sem raun ber vitni. Hann hafi ekki þurft að hafa kranabómuna stöðugt í fullri lengd til þess að koma verkinu fram og hafi hann farið ranglega og óvarlega að í þessu efni miðað við aðstæður. Enn fremur hafi verið alger óþarfi fyrir stefnanda að staðsetja bifreiðina yfirleitt undir háspennulínunni. Þá hafi það verið stefnanda nærtækast að færa til járngrindurnar á skurðbarminum eftir þörfum. Stuðningsfótur kranans, sem eigi að vera mótvægi, hafi verið í lausu lofti. Sé greinilega um vanrækslu

stefnanda að ræða í þessu efni, sem ástæða sé til að ætla, að kunni að hafa átt þátt í slysinu.

Loks er því haldið fram, að tilvitnanir stefnanda í reglugerð um raforkuvirki og tilkynningar frá Rafmagnseftirliti ríkisins eigi hér ekki við. Þar sé greinilega fyrst og fremst um að ræða starfsreglur fyrir þá menn, er vinna á rafstöðvum, raforkuverum og spennistöðvum og áþekkum vettvangi.

IV.

Dómurinn telur upplýst, að slysið hafi gerst með þeim hætti sem rakið er í málavaxtalýsingu og þannig, að kranaarmurinn hafi fyrst snert háspennustrenginn, eftir að stefnandi greip um stjórntæki kranans og byrjaði að lyfta pípunni.

Svo sem lýst er hér að framan, starfaði stefnandi á Vörubifreiðastöðinni Stefni, og átti hann sjálfur kranabifreiðina A 166. Réð yfirverkstjóri stefnda hann til verksins, og fékk hann greiðslu fyrir samkvæmt gjaldskrá vörubifreiðarstjóra.

Af gögnum málsins verður ráðið, að það verk, sem stefnandi annaðist, var einungis lítill hluti þess verks, sem stefndi vann að, og telst hafa verið ósjálfstæður þáttur í því. Þannig naut stefnandi aðstoðar og leiðbeininga starfsmanna stefnda við verk sitt og þykir hafa lotið verkstjórn verkstjóra og flokksstjóra stefnda.

Samkvæmt þessu verður ekki litið svo á, að stefnandi hafi verið sjálfstæður verktaki við umrætt verk, þótt fallast megi á, að hann hafi haft forræði um akstur bifreiðar sinnar og notkun tækjabúnaðar hennar.

Eins og málið liggur fyrir, virðist mega rekja slysið til þess, að hvorki verkstjórar stefnda né stefnandi hafi vitað um háspennustrengina, sem lágu yfir vinnusvæðið, eða að þeir hafi ekki gefið gaum að þeirri hættu, sem af strengjunum stafaði. Ósannað er, að flokksstjóri stefnda hafi varað stefnanda við hættunni, og sýnt er, að engar varúðarráðstafanir voru gerðar af hálfu stefnda til þess að draga úr því hættuástandi, sem skapaðist, þegar unnið var með kranabifreið undir eða í námunda við háspennustrengina. Þótt fallast megi á það með stefnda, að tilkynning Rafmagnseftirlits ríkisins nr. 32 frá 5. febrúar 1960, sbr. nú reglugerð um raforkuvirki nr. 264/1971, kafla 3, 2. gr. 490, eigi ekki beinlínis við hér, verður talið, að verkstjórar stefnda hafi átt að vita um háspennustrengina og þeim borið að gefa stefnanda upplýsingar

um þá hættu, sem af þeim stafaði, og eftir atvikum gera ráðstafanir til þess að draga úr þeirri hættu eða koma í veg fyrir, að hættuástand skapaðist, sbr. meginreglu 5. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Telur dómurinn, að í sjálfu sér hafi verið auðvelt að haga verkinu á hættusvæðinu á annan og hættulausan veg, t. d. með því að láta rörin síga niður í skurðinn með handafli, þótt gera megi ráð fyrir, að verkið hefði unnist hægar með þeim hætti. Loks þykir mega hafa í huga, þótt ekki hafi verið reifað í málinu, að sýnt er, að unnið hafði verið á vegum stefnda undir háspennustrengjunum með tækjum, þegar skurðurinn var grafinn, og verður að gera ráð fyrir, að þá hafi skapast svipað hættuástand og þegar slysið varð.

Svo sem hér hefur verið rakið, telur dómurinn, að verkstjórar stefnda hafi ekki sýnt næga aðgæslu við framkvæmd og stjórn verksins, þannig að slysið og tjón stefnanda megi að nokkru rekja til þess aðgæsluskorts þeirra. Af þessum ástæðum er stefndi skaðabótaskyldur vegna tjóns, sem af slysinu hlaust.

Óumdeilt er, að stefnandi hafði reynslu að baki af notkun oftnefndrar kranabifreiðar, og samkvæmt frásögn yfirverkstjóra stefnda var hann þess vegna ráðinn til starfsins. Mátti stefnanda því vera ljóst, hvað bar að varast til þess að forðast slys á mönnum og skemmdir á munum eða mannvirkjum af notkun kranans. Þótt ósannað sé, að stefnandi hafi vitað um, að háspennustrengir lágu yfir bifreið hans, átti hann að vita um strengina og eftir öllum kringumstæðum mátti honum jafnframt vera ljóst, að um háspennustrengi var að ræða. Jafnframt hefði honum borið að gæta ítrustu varkárni, þegar hann vann í námunda við strengina. Eins og rakið er í málavaxtalýsingu, varð hlé á affermingu bifreiðarinnar fyrir slysið. Sýnist stefnandi þá hafa haft tækifæri til þess að athuga allar aðstæður og gera varúðarráðstafanir, áður en hann hélt verkinu áfram.

Samkvæmt framangreindu þykir stefnandi alls ekki hafa sýnt þá aðgæslu við starf sitt, sem búast mátti við af honum, þótt dómurinn telji, að hann hafi að öðru leyti unnið verk sitt á eðlilegan hátt. Á stefnandi því einnig sök á tjóni sínu, og eftir atvikum þykir rétt að skipta sök þannig, að stefndi bæti tjón hans að hálfu, en sjálfur beri hann það að hálfu.

V.

Kröfur stefnanda sundurliðast þannig:

1. Örorkutjón ..... kr. 5.550.644

÷ dagpeningar Tryggingarstofnunar ríkisins .. .. kr. 75.148
÷ örorkulífeyrir .. .. — 509.677 kr. 584.825

Kr. 4.965.819
2. Bætur fyrir þjáningar, óþægindi og lýti .. .. — 1.000.000

Kr. 5.965.819

Samkvæmt kröfugerð stefnanda er stefnufjárhæð kr. 20 hærri en sundurliðun á kröfum hans sýnir.

Um 1.

Stefán Guðnason læknir hefur metið örorku stefnanda. Í matsgerð hans, dagsettri 17. febrúar 1972, segir m. a.:

„Slasaði varð fyrir háspenntum rafstraumi við vinnu sína og var fluttur tafarlaust í F.S.A., þar sem hann dvaldi til 24/7 1970, er hann var fluttur í Landspítala, þar sem hann dvaldi til 10/12 1970 vegna afleiðinga þessa slyss.

Fyrir liggur vottorð frá F. S. A., Handlæknisdeild, dags. 20/4 1971, svohljóðandi:

„Vegna Pálma Geirs Jónssonar, f. 28/3 1946, Oddeyrargötu 23, Akureyri. Kom á F.S.A. 13/7 1970. Hann flytzt á H.deild Landspítalans skv. viðtali við Árna Björnsson þann 24/7 1970.

15/7 1970: Aðgerð: Sjúklingur fékk í gegnum sig háspennustraum. Á höndum hefur hann nokkrar litlar, en mjög djúpar necrosur, þó virðast allar tauga- og sinafunctionir vera eðlilegar. Ástæða virðist því vera til að ætla, að hann geti fengið full not af höndum sínum í framtíðinni. Fæturnir eru öllu verr farnir. Fjórar laterölu tærnar á hægra fæti virðast vera algjörlega steiktar og einnig stór hluti af ristinni á hægra fæti. Á vinstra fæti er það stóra táin, sem hefur farið verst út úr því. Einnig eru allstórar blöðrur á báðum ristum og einnig á iljum. Augljóst er, að maðurinn kemur til með að missa talsvert af tám og stóra húðsecta á báðum fótum. Það er erfitt að segja í dag, hvað verður lífvænlegt, og hvað ekki, og þess vegna ákveður maður að meðhöndla sjúkling conservativt og bíða eftir því, að demarkations línur komi fram. Seinna verður nauðsynlegt að klippa burt dauða vefi, láta sárin hreinsa sig og síðan transplantera. Augljóst vandamál í dag er þó, að armbandsúrið á vinstri hendi hefur brennt hringlaga necrosu í húðina, sem herpir saman og stasar, og komið

hefur allmikið oedem á vinstri hendi. Því er í dag, þ. 15/7 '70, gerð excision af necrosu á vinstri framhandlegg.

Maður sker burt þessa hringlaga necrosu, sem virðist aðeins vera bundin við húðina. Það virðist þegar í stað sem stasaáhrifum sleppi. Maður leggur vaselingrisju og umbúðir og hengir handlegginn í lyfti fyrsta dægrið.

21/7 1970: Augljóst mun nú vera, að nokkur infection mun vera komin í sárið. Rétt þykir nú að athuga þetta allt saman og þá helzt í svæfingu. Því er í dag, þ. 21/7 1970, gerð skipting umbúða og sérarecisio á v. handlegg og fótum.

Fyrst er skipt á vinstri handlegg. Sárið er hreint og granulerandi. Síðan er litið á fæturna. Augljóst er, að þegar verður að amputera fjórar laterölu tærnar á hægra fæti og stóru tána á vinstra fæti. Sennilega verður að klippa burtu allmikið af húð á báðum ristum. Þó eru demarkationslínurnar ekki nógu greinilegar ennþá til þess að maður vilji leggja í þetta í dag. Maður lætur sér því nægja í dag að klippa burtu allar blöðrur og laust skinn, sem maður sér. Tekið er í næmispróf frá grefti í blöðrunum. Settar umbúðir á fæturna og vaselíngrisjur, sem skipta ber um tvisvar á dag.

Rannsóknir 14/7 1970: Protein 6,9 g%, Cl. 108, K. 48, Na. 145. Sökk 18 mm, Hb. 15.8. Hvít blk. 14.850, H. crit 47 vol. %, þvag pH, 5,0, AS ÷, Microscopia: rauð 0—1, hvít 0—1. 1—2 cyl.

Næmispróf úr sárum: St. coccus aureus næmur fyrir Pencillini, erythromycini, ampicilini, methicilini og kanamycini.

Sjúklingur var settur á inj. pencillini 2 millj.×4".

Slasaði kom til undirritaðs til skoðunar 13/3 1970. Slysa- og sjúkrasaga hans er nánast samhljóða því, sem áður er skráð. Skoðun leiðir eftirfarandi í ljós. Hægri fótlimur: Fótinn vantar neðan miðs leggjar. Var numinn burtu. Hann gengur á bráðabirgðagervifæti. Vinstri fótlimur: Það vantar I., II. og III. tá, sem teknar voru af. Það eru brunaör á rist og il, og er húðin yfir þeim bláleit og þunn, en þetta er nánast gróið, þótt enn þurfi að hafa umbúðir til hlífðar, þar eð húðin þolir ekkert hnjask. Hægri handlimur: Það eru brunaör á þumalfingri og vísifingri, einnig lófamegin á framhandlegg. Slasaði getur svo sem ekkert beygt þumalfingurinn. Baugfingur er dálítið boginn og réttist ekki alveg í fremsta lið. Vinstri handlimur: Það er breitt hringör fyrir ofan úlnlið og einnig langör. Skyntruflun er í I. til III. fingri, hita-, kulda-, snerti- og sársaukaskyn er truflað. Slasaði kom á ný til undirritaðs 3/9 1971. Ástand er nánast óbreytt. Slasaði hefur feng-

ið nýjan gervifót, en ekki er enn fengin reynsla fyrir, hvernig hann reynist. Slasaði vinnur nú með skurðgröfu vaktavinnu á móti öðrum frá því 1/7 1971.

Fyrir liggur vottorð Árna Björnssonar læknis, Rvík, dags 25/10 1971, svohljóðandi:

„Pálmi Geir Jónsson, f. 28/3 1946, til heimilis að Oddeyrargötu 23, Akureyri, var lagður inn á handlæknisdeild Landspítalans hinn 24/7 1970 vegna afleiðinga þess, að hann hafði brennst á háspennustraumi hinn 13. s. m.

Við skoðun er ástandi lýst þannig: Hringlaga brunasár á vinstri úlnlið, og hefur verið hreinsað upp úr því sári. Rétt ofan við þetta sár var alldjúpt gat, ca 3 cm í þvermál, og nær það greinilega inn í vöðva. Á hægri hendi eru brunasár á þumalfingri frá miðjum proximal phalangs og fram á góm, og er þar greinilega um djúpan bruna að ræða. Þá eru djúp brunasár á gómi löngutangar og baugfingurs, en lítið grunnt brunasár radialt á litlafingri. Brunasár eru einnig á framhandleggnum, en þau virðast grunn. Á fótum er ástand þannig, að á hægra fæti er húðin á dorsum pedis og upp fyrir ökla greinilega brunnin og necrotisk, og allar tær nema stóratá eru gangrenusar. Drepið eða sárið nær rétt yfir á tábergið, og auk þess er grunnt sár, ca 2×3 cm í þvermál, á ilinni. Brunasárið nær yfir á öklann og aftur fyrir hann, og þar að auki er djúpt brunasár yfir Achilliessininni. Talsverð infection er í kringum þetta sár og sellolitis, en ekki áberandi oedem í kálfanum sjálfum eða fótleggnum. Vinstra megin er stóra táin gangrenos, auk þess önnur tá og hluti af þeirri þriðju, og nær gangrenið þar upp undir öklann dorsalt, en auk þess er djúpt sár undir táberginu sjálfu, ca 3×4 cm í þvermál. Hinn brenndi vefur virðist, að minnsta kosti hvað húðina snertir, vera allvel afmarkaður. Meðan slasaði var hér á sjúkrahúsinu, voru gerðar á honum eftirfarandi aðgerðir: Hinn 27/7 1970 var gerð revisio ambustione, en þá voru brunasárin hreinsuð og metatarsalbein II.—V. amputeruð ásamt tilheyrandi tám. Stóra táin og II. og III. tá á vinstra fæti voru amputeraðar, en að öðru leyti voru aðallega hreinsaðar upp og skafnar burtu necrosur. Hinn 4/8 var gerð redressatio, og þ. 13/8 var gerð amputatio cruris dx. um það bil 15 cm neðan við hnéliðinn, þar eð sjúklingur hafði greinilega sepsis einkenni frá þeim fæti, og gangren hafði breiðst út. Hinn 29/10 var síðan gerð transplantatio cutis, og hinn 4/11 1970 var gerð krossfingurs flipaplastic og húðtransplantatio, og hinn 23/11 1970 var tekinn sundur krossfingursflipi.

Slasaði útskrifaðist síðan til Akureyrarspítala hinn 10/12 1970. Við brottförina er ástandi lýst þannig: 24 ára gamall karlmaður, sem lagður er inn vegna afleiðinga af miklum rafmagnsbruna. Var um að ræða djúpan rafmagnsbruna á fótum og höndum. Á meðan sjúklingur lá hér, var gerð excisio á brunasárunum. Amputatio á I., II. og III. tá á vinstra fæti og amputatio á hægra crus, en auk þess var gerð aðgerð til þess að laga hægri þumalfingur vegna brunans. Sjúklingur hefur nú fengið gervifót og sérstakan skó til að ganga á, og virðist hann fara vel á stað. Ekki er hægt enn að segja um, að hve miklu leyti sjúklingur verður endurhæfður til síns fyrra starfs".

Ályktun: Það er um að ræða 25 ára gamlan bílstjóra, sem slasaðist við vinnu sína fyrir 1 ári og 3½ mánuði. Hann hlaut mikinn bruna af háspenntum rafstraumi á öllum útlimum.

Hann dvaldi í sjúkrahúsum samfleitt í 5 mánuði af þessum sökum.

Slasaði var talinn óvinnufær í tæpt ár frá slysdegi, og eftir það telst starfsgeta hans mikið skert varanlega.

Varanlegar afleiðingar slyssins eru þær, að slasaði hefur misst hægri fót um 15 cm neðan við hné og I., II. og III. tá vinstri fótar. Auk þess eru 2 fingur á hægri hendi bæklaðir, skyntruflun á I.—III. fingri vinstri handar, og nokkur brunaör hefur hann til baga og óþæginda að ótöldum lýtum.

Ekki er gert ráð fyrir frekari bata en fenginn er á afleiðingum slyssins, og þykir því tímabært að meta nú þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem nú greinir:

Frá slysdegi í 1 ár 100%
Eftir það varanlega . . . . . 60%".

Á grundvelli þessa örorkumats áætlaði Þórir Bergsson tryggingafræðingur örorkutjón stefnanda, fyrst þann 28. febrúar 1972. Í þeirri álitsgerð hans segir m. a.: „Pálmi er sagður fæddur 28. marz 1946 og hefur því verið 24 ára á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Pálma árin 1968—1970 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

Árið 1967 . . . . . kr. 285.275.55
— 1968 . . . . . — 263.776.00
— 1969 . . . . . — 359.965.50

Tekna þessara hefur Pálmi aflað sem vörubílstjóri á eigin bílum.

Ég hef umreiknað þær til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á 6. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar fram til 1. des. 1971 og síðan samkvæmt 4. taxta Dagsbrúnar, en sá taxti gildir fyrir stjórn vörubíla — 7 til 12 tonna. Reiknað er með þeim breytingum, sem þegar er samið um og koma til framkvæmda 1. júní n. k. og 1. marz 1973, svo og hækkun vegna breytinga á vísitölu 1. marz n. k. Ekki er gert ráð fyrir, að stytting dagvinnutímans í 40 stundir á viku valdi hækkun ársvinnutekna, þótt hugsanlegt sé, að sú breyting fjölgi árlegum eftir- og/eða næturvinnustundum.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega vinnutekjutapið sé 60% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi, en tímabundna tapið 40% af þeim í 1 ár frá slysdegi". Áætlaði tryggingafræðingurinn örorkutjón stefnanda vegna tímabundinnar örorku kr. 169.883 og vegna varanlegrar örorku kr. 4.438.868, eða samtals kr. 4.608.751. Síðan segir í álitsgerð hans:

„Frádráttur.

1. Pálmi hefur fengið greidda dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tímabilið frá 21. 7. 1970 til 30. 6. 1971 kr. 77.778.00. Verðmæti þeirra á slysdegi er kr. 75.148.00. Einnig á Pálmi rétt á örorkufé — 70% af fullum örorkulífeyri til 67 ára aldurs. Þessi lífeyrir nemur nú árlega kr. 54.331.00. Verðmæti hans á slysdegi reiknast mér nema kr. 509.677.00.
2. Ekki hefur verið athugað, hver eðlileg lækkun verðmætis vinnutekjutaps er vegna skattfrelsis bóta.

Athugasemd.

Af skattframtölum sést, að árið 1968 hafa Pálma verið áætlaðar tekjur í viðbót við það, er að framan greinir, kr. 60.000.00, og árið 1969 kr. 50.000.00. Ef þessar upphæðir eru reiknaðar með sem vinnutekjur, verða áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap svo og verðmæti vinnutekjutaps 11.7% hærra en að framan greinir.

Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu".

Þann 26. ágúst 1973 áætlaði tryggingafræðingurinn örorkutjón stefnanda að nýju og segir í álitsgerð sinni:

„Í útreikningi, dags. 28. febr. 1972, reiknaði ég út örorkutjón

Pálma Geirs Jónssonar. Síðan hafa orðið mjög miklar hækkanir á kauptöxtum vörubílstjóra, sem annarra stétta, vegna hækkana á kaupgreiðsluvísitölu. Einnig voru vörubílstjórar hækkaðir úr 4. taxta í 5. taxta 8. apríl 1972. Þér æskið því nýs útreiknings á tjóni hans.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps verður nú, þegar tekið er tillit til hækkana, sem verða 1. sept. n. k.:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap. Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 439.710.00	kr. 175.884.00	kr. 263.826.00
2. árið eftir slysið	— 507.966.00		— 304.780.00
3. árið eftir slysið	— 602.143.00		— 361.286.00
4. árið eftir slysið	— 715.005.00		— 429.003.00
Síðan árlega	— 716.796.00		— 430.078.00

Verðmæti þessa vinnutekjutaps reiknast nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 169.883.00
Vegna varanlegrar örorku	— 5.380.761.00
	Samtals kr. 5.550.644.00

Um reiknigrundvöll og aðrar forsendur, sem máli skipta, vísast til fyrri útreiknings".

Tryggingafræðingurinn áætlaði örorkutjón stefnanda enn þann 4. júní sl. og tók þar tillit til kaupgjaldshækkana, breytinga á lífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar og vaxtabreytinga. Áætlaði hann tímabundið örorkutjón stefnanda eins og áður, en varanlegt örorkutjón kr. 5.837.041, eða samtals kr. 6.006.924. Verðmæti lífeyris, sem stefnandi ætti rétt á frá Tryggingastofnun ríkisins, áætlaði hann kr. 1.042.927.

Stefnandi byggir fjárhæð þessa kröfuliðs á líkindareikningi tryggingafræðingsins, sem gerður var 26. ágúst 1973, og bendir á, að ekki eigi að koma til lækkunar á þessum lið vegna þess, hve langt sé liðið, síðan sá útreikningur var gerður, og þegar höfð sé hliðsjón af síðasta útreikningi.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum. Miklar líkur séu til þess, að stefnandi geti gegnt sínu fyrra starfi þrátt fyrir örkuml sín, og alveg hafi verið ótímabært að meta örorku hans, fyrr en það verði séð til hlítar. Þangað til geti örorkumat

alls ekkert sönnunargagn orðið um raunverulega skerðingu á möguleikum stefnanda til tekjuöflunar.

Lagt hefur verið fram vottorð skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra um nettótekjur stefnanda árin 1970 til 1973. Nettótekjur skattárið 1973 voru gefnar upp með fyrirvara um breytingu, þar sem endurskoðun skattframtals stefnanda var ekki lokið að fullu. Samkvæmt vottorðinu hafa nettótekjur stefnanda stöðugt farið vaxandi á nefndum árum, voru kr. 267.100 skattárið 1970, en kr. 2.987.200 skattárið 1973.

Þótt sýnt sé, að stefnandi hafi haft háar tekjur, eftir að hann varð fyrir slysinu, er ljóst, að hann hefur hlotið mjög mikla örorku, eins og í örorkumati er rakið.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fram hafa verið lögð um örorku stefnanda og áætlanir tryggingafræðings um tjón hans af slysinu, þykir rétt að meta tjón hans samkvæmt þessum kröfulið kr. 4.400.000.

Um kröfulið 2.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Sjúkrasaga stefnanda hefur að nokkru verið rakin hér að framan, en að öðru leyti hefur hann lýst henni hér fyrir dómi. Kvaðst hann þá ekki hafa gengist undir læknisaðgerð, eftir að hann útskrifaðist af sjúkrahúsi, en hann biði þess að leggjast inn á Landspítalann, þar sem flytja ætti til skinn á fótum hans vegna opins sárs á vinstra fæti. Einnig þyrfti að framkvæma aðgerð á vinstri handlegg vegna sárs, sem hann hlaut þar eftir armbandsúr.

Þegar litið er til hinna miklu meiðsla, sem stefnandi varð fyrir, og afleiðinga þeirra, þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar kr. 700.000.

Samkvæmt þessu telst heildartjón stefnanda kr. 5.100.000 (4.400.000 + 700.000). Ber stefnda að greiða stefnanda helming þess, eða kr. 2.550.000 ásamt vöxtum eins og krafist er í stefnu.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 200.000.

Bogi Nílsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, kvað upp dóm þennan ásamt Aðalgeir Pálssyni rafmagnsverkfræðingi og Pétri Pálmasyni byggingaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórn Akureyrar f. h. Akureyrarkaupstaðar, greiði stefnanda, Pálma Geir Jónssyni, kr. 2.550.000 ásamt

7% ársvöxtum frá 13. júlí 1970 til og með 15. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 200.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. desember 1975.

Nr. 65/1974. **Sverrir Georgsson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Vinnuvélum s/f og
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Bifreiðar. Vátrygging. Vinnuslys. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 29. mars 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum óskipt 2.000.000 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1968 til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að stefndi Vinnuvélar s/f verði einn dæmdur til að greiða honum 5.127.337 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1968 til greiðsludags. Enn fremur krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi beggja stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði til málssóknar á hendur stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, hefur fengið gjafsókn hér fyrir dómi með bréfum dómsmálaráðuneytis 17. desember 1974 og 11. desember 1975.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Þeir gera ekki kröfur um málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Eins og rakið er í héraðsdómi, slasaðist áfrýjandi, þegar lyftiarmur bifreiðarinnar A 861 féll á hann. Bifreiðin var þá kyrrstæð á vinnusvæðinu og hreyfill hennar ekki í gangi, en áfrýjandi og samstarfsmenn hans unnu að því að stytta arminn. Bifreiðin var því ekki í notkun, er slysið varð. Samkvæmt þessu og með skírskotun til 1. gr. laga nr. 40/1968 getur áfrýjandi ekki reist kröfur sínar til skaðabóta á ákvæðum 67. gr. og 69. gr. þeirra laga. Af sömu ástæðum er ekki hald í kröfum áfrýjanda á hendur stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f sem vátryggjanda bifreiðarinnar samkvæmt 70. gr. sömu laga. Áfrýjandi hefur eigi leitt sönnur að því, að slysið hafi orðið fyrir nein þau atvik, sem annars leiði til skaðabótaábyrgðar fyrir stefnda Vinnuvélar s/f gagnvart honum.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda, 80.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur bæjarþings Akureyrar 26. júní 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. júní sl., hefur Sverrir Georgsson, Þórunnarstræti 125, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnum, útgefnum 7. febrúar 1973, á hendur Vinnuvélum s/f, Akureyri, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, Reykjavík.

Krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða

honum skaðabætur að fjárhæð kr. 7.127.337 með 7% ársvöxtum frá 21. júlí 1968 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins. Þar af er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu á kr. 2.000.000, en stefndi Vinnuvélar s/f einn dæmdur til greiðslu eftirstöðvanna.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hans hendi eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 21. júlí 1968 vann stefnandi ásamt bróður sínum, Guðmundi Georgssyni, og syni sínum Kristni, 17 ára að aldri, að því að stytta bómu kranabifreiðarinnar A 861, þar sem hún stóð á bersvæði nálægt Sandvík í Glerárþorpi á Akureyri, og var aflvél hennar ekki í gangi. Kranabifreiðin var eign stefnda Vinnuvéla s/f, sameignarfélags stefnanda og bróður hans, Guðmundar Georgssonar, að hálfu til hvors.

Krana þeim, er hér um ræðir, var komið fyrir á bifreiðinni aftan við stjórnhús hennar, og var hann knúinn með sérstakri aflvél.

Bóma kranans, sem stytta átti, var samsett úr fjórum hlutum, sem boltaðir voru saman með fjórum boltum á hornunum. Bómunni var slakað niður og hún látin hvíla á járnbúkka, sem komið var fyrir undir næstfremsta hluta bómunnar, rétt framan við miðju hans. Síðan var fremsti hluti bómunnar tekinn af, og var við það verk notuð vörubifreið með lyftikrana. Síðan átti að taka næsta stykki úr bómunni á sama hátt. Slegið var stroffu á stykkið, og átti að hífa í hana með áðurgreindu lyftitæki vörubifreiðarinnar og færa síðan járnbúkkann undir næsta stykki neðan við á bómunni. Er búið var að slá stroffunni á bómuna, fór Guðmundur inn í vörubifreiðina til að hífa í hana, en stefnandi kom sér fyrir undir bómunni við samskeytin. Áður en Guðmundur hafði hift í stroffuna, sló stefnandi tvo neðri boltana úr samskeytunum með þeim afleiðingum, að bóman seig niður um samskeytin, en tveir boltar á efri hluta samskeytanna, sem eftir voru, myndu eins konar hjarir á samskeytin. Þegar bóman seig niður, lenti hún á stefnanda, sem var hálfboginn að vinnu sinni undir henni. Við það skaddaðist hryggur hans og mæna með þeim afleiðingum, að hann er lamaður neðan miðju og hefur átt við mikla vanheilsu að stríða síðan og er af lækni metinn 100% öryrki. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu bóta vegna slyss þessa og sundurliðar tjón sitt þannig:

1. Áætlað vinnutekjutap .. .. kr. 6.021.126
2. Bætur vegna þjáninga, lýta og röskunar á stöðu og högum .. .. — 2.000.000
3. ÷ örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt mati .. .. — 893.789

Alls kr. 7.127.337

Fébótaábyrgð stefndu rökstyður stefnandi þannig:

Samkvæmt 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 sé þeim, sem ber ábyrgð á skráningarskyldu ökutæki, skylt að bæta tjón, sem hlýst á mönnum af ökutækinu. Ábyrgð eiganda ökutækisins sé hlutlæg, sbr. 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga. Eigandi A 861 hafi verið Vinnuvélar s/f, sameign stefnanda og bróður hans Guðmundar. Krani sá, er stefnandi vann við, sé hluti hins vélknúna ökutækis, en af hans völdum hafi tjón stefnanda orðið. Slys það, er stefnandi varð fyrir, sé því af hálfu stefnda Vinnuvéla s/f bótaskylt samkvæmt framangreindri reglu.

Bifreiðin hafi verið ábyrgðartryggð hjá stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f og samkvæmt vátryggingarskírteininu nái ábyrgðartryggingin til notkunar kranabifreiðar.

Sé þar um að ræða rýmkaða vátryggingarskilmála, sem beri að skýra á þann veg, að notkun nái til hverrar athafnar, sem lýtur að krana bifreiðarinnar. Hinir sérstæðu hættueiginleikar kranabifreiðarinnar hljóti að ná til hverrar þeirrar notkunar krana hennar, sem leitt hafi til tjóns, og gildi þá fyrrnefnd regla 67. gr. umferðarlaga óskorað og leiði þetta af hinni hlutlægu meginreglu. Í þessu tilviki hafi verið unnið að styttingu kranans og séu hættueiginleikar tækisins jafnmiklir, þótt vélar þess séu ekki í gangi.

Vátryggingarupphæð bifreiðarinnar hafi verið kr. 2.000.000 og beri stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f sólidariska ábyrgð með stefnda Vinnuvélum s/f að því marki.

Meta beri starfsmönnum Vinnuvéla s/f til stórfellds gáleysis, að eigi voru við hafðar fullkomnari aðferðir við verkið en raun var á, og beri því stefndi Vinnuvélar s/f fébótaábyrgð á eftirstöðvum kröfunnar samkvæmt almennum skaðabótareglum, en eigin sök stefnanda komi ekki til álita í málinu.

Stefndu rökstyðja sýknukröfu sína þannig:

Ljóst sé, að slys stefnanda hafi ekki stafað af notkun bifreiðarinnar, er kraninn var festur við. Bifreiðin hafi staðið kyrr, afl-

vél hennar hafi ekki verið í gangi og slysið ekki staðið í neinu sambandi við hættueiginleika bifreiðarinnar. Eigi því 67. gr. umferðarlaga alls ekki við í þessu máli.

Þá mótmæla stefndu því, að um sé að ræða rýmkaða vátryggingarskilmála fyrir bifreiðina sem kranabifreið, þannig að tryggging bifreiðarinnar taki til ábyrgðar á notkun krana, sem við hana kann að vera festur. Stefndi Vinnuvélar s/f hafi keypt lögboðna ábyrgðartryggingu samkvæmt 70. gr. umferðarlaga fyrir kranabifreið sína hjá meðstefnda. Vátryggingunni hafi verið ætlað nákvæmlega það hlutverk, sem lögin gera ráð fyrir, hvorki meira né minna, og við það verði stefnandi að sætta sig.

Ef samt sem áður yrði á rökstuðning stefnanda fallist, væru stefndu allt að einu ekki bótaskyldir samkvæmt 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga, sem segir, að lækka megi fébætur eða jafnvel láta þær niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, er meðvaldur þess eða meðábyrgur, en stefnandi sé hvort tveggja. Hann hafi valdið slysinu með ógætni sinni og átt tækið, sem hann vann við. Hann hafi vissulega orðið fyrir tjóni, en bótakröfunni beini hann í raun réttri að sjálfum sér og það valdi því, að krafan nær ekki að stefnast samkvæmt grunnreglum kröfuréttar, a. m. k. hvað snerti eignaraðild hans að Vinnuvélum s/f.

Yrði ekki á framangreint fallist, sé samt eftir meginástæðan, hið stórkostlega gáleysi stefnanda, er hann losaði neðri boltana fyrst úr bómunni. Þessi ógætni sé svo mikil, að nægja mundi til að láta bætur alveg falla niður.

Eins og að framan er rakið, var aflvél bifreiðarinnar A 861 ekki í gangi, þegar slysið varð, og bifreiðin var á engan hátt notuð við verk það, er unnið var að, heldur var önnur bifreið til þess notuð. Kraninn, sem unnið var við, var heldur eigi notaður við verkið, heldur var hann beinlínis andlag verksins. Það verður því á engan hátt talið, að tjónið hafi hlotist af notkun kranabifreiðarinnar, sbr. 67. gr. og 68. gr. umferðarlaga.

Ber þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f.

Eins og að framan er rakið, eru stefnandi og stefndi Guðmundur Georgsson sameigendur Vinnuvéla s/f og bera óskipta ábyrgð á skuldbindingum þess. Þeir hafa báðir borið, að stefnandi hafi stjórnað verkinu í greint sinn og að Guðmundur hafi komið þar fram sem aðstoðarmaður hans. Kveðst stefnandi hafa gefið Guðmundi fyrirmæli um, hvernig verkið skyldi unnið. Ekki er annað fram komið en að Guðmundur hafi hagað sér í samræmi við fyrir-

mæli stefnanda við verkið. Ekkert er fram komið, sem bendir til þess, að bilun í tækjum hafi orsakað slysið. Guðmundur Georgsson skýrir svo frá, að þeir bræður hafi verið búnir að vinna svona verk undanfarin 12 ár og aldrei hafi neitt slys hent fyrr. Þeir hafi stytt og lengt bómuna á sama hátt að öðru leyti en því, að efri boltarnir voru alltaf slegnir úr fyrst.

Með því að slá neðri boltana úr samskeytunum án þess að ganga fyrst úr skugga um, að búið væri að hífa í stroffuna til að halda bómunni uppi, þykir stefnandi hafa sýnt af sér mikið gáleysi, en samkvæmt myndum af bómunni, sem teknar voru eftir slysið og frammi liggja í málinu, gat augljóslega ekki hjá því farið, að bóman sigi niður um samskeytin, ef ekki var búið að hífa í stroffuna, áður en boltarnir voru slegnir úr, en stefnanda átti að vera þetta fyllilega ljóst, einkum þar sem hann að eigin sögn hafði unnið á krönum að staðaldri síðan 1956—1967.

Að öllu framangreindu athuguðu þykir stefnandi ekki hafa við neinn annan að sakast um tjón sitt en sjálfan sig og verður því að bera það sjálfur.

Verður því samkvæmt framansögðu einnig að sýkna stefnda Vinnuvélar s/f af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eins og öllum atvikum er háttað að máli þessu, þykir ekki óeðlilegt, að stefnandi leitaði dóms um réttarstöðu sína. Með þessari athugasemd þykir eftir atvikum rétt, að aðiljar málsins beri hver sinn kostnað af því.

Með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 6. desember 1972, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu. Þykir gjafsóknarkostnaður stefnanda hæfilega ákveðinn kr. 80.000 og greiðist úr ríkissjóði. Þar af hljóti skipaður talsmaður hans, Ásmundur S. Jóhannsson héraðsdómslögmaður, kr. 50.000.

Dómsorð:

Stefndu, Vinnuvélar s/f og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Sverris Georgssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 80.000, greiðist úr ríkissjóði. Þar af hljóti skipaður talsmaður hans, Ásmundur S. Jóhannsson héraðsdómslögmaður, kr. 50.000.

Fimmtudaginn 18. desember 1975.

Nr. 168/1975. **Iðnaðarbanki Íslands h/f**
Félag íslenskra iðnrekenda og
Landssamband iðnaðarmanna
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h.
borgarsjóðs Reykjavíkur vegna
Húsatrygginga Reykjavíkur.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.
Réttarverkun dóms.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. nóvember 1975, sem barst Hæstarétti 2. desember s. á. Krefjast þeir þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdóm að dæma málið að efni til. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Málsatvik eru rakin í hinum kærða dómi.

Í máli þessu sækja sóknaraðiljar varnaraðilja um vátryggingabætur vegna brunatjóns, sem varð á húseign sóknaraðilja 10. mars 1967. Kröfur sínar reisa þeir á matsgerð dómkvaddra manna, sem dagsett er 20. apríl 1967. Í hinum fyrri málum, sem lyktaði með frávísun, var eigi byggt á matsgerð þessari, og hafa dómstólar eigi dæmt efnislega um kröfur sóknaraðilja í þessu máli. Eiga sóknaraðiljar rétt á að fá efnisúrlausn um kröfur sínar, byggðar á þeim málsástæðum og gögnum, sem fram koma í málinu. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Það, athugast, að héraðsdómara bar að kveðja til dómstarfa tvo sérkunnáttumenn um húsagerð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. október 1975.

I.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 16. september 1974, og þingfest 17. september s. á. Þá fékk umboðsmaður stefnda frest til skila á greinargerð allt til 17. desember s. á., er greinargerð var lögð fram af hans hálfu. Var þá leitað sátta með aðiljum, sem síðan fengu sameiginlegan frest til öflunar gagna um óákveðinn tíma. Undirritaður dómsformaður fékk málið til meðferðar 21. mars sl. Fyrirtaka málsins dróst vegna veikinda dómsformannsins, mikilla anna hans svo og vegna réttarhlés. Í þinghaldi 24. október sl. leitaði dómurinn sáttar með aðiljum, sem síðan lýstu því yfir, að gagnaöflun væri lokið um frávísunarkröfu stefnda. Munnlegur málflutningur fór fram um þá kröfu í því þinghaldi, og var málið tekið til dóms eða úrskurðar.

Stefnendur málsins eru Iðnaðarbanki Íslands h/f, Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, Reykjavík, en stefndi er borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur vegna Húsatrygginga Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnenda í efnishlið málsins eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 7.958.080.80 auk 8.5% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 5. nóvember 1968 til 30. apríl 1973, 11.5% ársvaxta frá þeim tíma til 15. júlí 1974 og 15% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnenda, og til þrautavara, að kröfur stefnenda verði aðeins að hluta teknar til greina. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnenda, hver sem úrslit málsins verða.

Hér til úrlausnar er einungis krafa stefnda um frávísun málsins. Stefnendur krefjast þess, að frávísunarkröfunni verði hrund-

ið. Hvorugur aðilja gerir málskostnaðarkröfu í þessum þætti málsins.

II.

Mál þetta er nú í þriðja sinn til úrlausnar hér fyrir dómi og hefur í hinum báðum tveim fyrri tilfellum verið vísað frá dóminum.

Í málinu hafa verið lögð fram staðfest endurrit tveggja frávísunardóma í héraði og eins frávísunardóms í Hæstarétti auk fleiri skjala. Byggist málavaxtalýsing að meginstofni til á framlögðum dómsendurritum. Aðiljar hafa lýst því yfir með málflutningsyfirlýsingu fyrir dóminum, að þeir telji allt, sem máli skiptir varðandi formhlið málsins, koma fram í nefndum gögnum.

Málavextir eru þeir, að árið 1954 voru Húsatryggingar Reykjavíkur stofnsettar samkvæmt heimild í lögum nr. 25 frá 13. apríl 1954. Núgildandi vátryggingarskilmálar þeirra voru samþykktir í bæjarstjórn Reykjavíkur 20. október 1955. Samkvæmt þessu hafa öll hús í Reykjavík verið brunatryggð hjá Húsatryggingum Reykjavíkur, frá því þær tóku til starfa.

Hinn 18. júní 1959 sótti Halldór H. Jónsson arkitekt vegna Iðnaðarbanka Íslands h/f um leyfi til smíði skrifstofuhúss á lóðinni nr. 10 B við Lækjargötu í Reykjavík. Var leyfi þetta veitt. Hinn 14. ágúst 1962 var smíði hússins svo langt komið, að þess var óskað, að það yrði metið brunabótamati.

Húsið var í öndverðu metið á kr. 11.468.000, en matsfjárhæðin hækkaði síðan í samræmi við breytingar á verðlagi og vátryggingarskilmálum og nam kr. 27.948.000 á árinu 1967.

Þá er þess næst að geta, að Iðnaðarbanki Íslands h/f eignaðist með afsali, útgefnu 24. janúar 1964, lóðina nr. 12 A við Lækjargötu í Reykjavík ásamt húsum þeim, er á lóðinni stóðu. Var hér um að ræða járnklædd timburhús.

Aðfaranótt 10. mars 1967 kom upp eldur í framhúsinu að Lækjargötu 12 A og magnaðist svo, að ekki varð við ráðið. Breiddist eldurinn út, og brann húsið til grunna svo og sambyggt timburhús, nr. 12 B, en húsið nr. 2 við Vonarstræti eyðilagðist af eldinum. Eldurinn náði enn fremur að breiðast út í hús Iðnaðarbanka Íslands h/f, er rúður brustu á suðurhlið þess, og snýst þetta mál um upphæð brunabóta vegna skemmda á því húsi, en stefnendur eru eigendur þess. Í stefnu er þess getið, að húsið sé sumpart í óskiptri sameign stefnenda, en sumpart skipt eftir hæðum. Segir um þetta svo í stefnu: „... en óskiptri sameign í anddyri, stigum, lyftum og öðru, er telst óskiptileg sameign sam-

kvæmt lögum og venju. Kjallari, 1. hæð, 2. hæð og 3. hæð svo og 5. hæð er eign Iðnaðarbanka Íslands h.f., en eigandi 4. hæðar að austurhluta er Félag íslenzkra iðnrekenda og að vesturhluta Landssamband iðnaðarmanna". Er þetta í samræmi við afsal, dags. 24. ágúst 1964. Ekki kemur fram í málinu, að sameignarsamningur hafi verið gerður um eignina, en í greindu afsali er hið selda talið 15.5% allrar húseignarinnar. Samkvæmt afsalinu hvílir sú kvöð á hinu selda, að Iðnaðarbanki Íslands h/f áskilur sér endurkaupsrétt, hvenær sem hann telur sig þurfa á hinu selda húsnæði að halda til starfsemi sinnar eftir 31. desember 1972.

Við eldsvoðann 10. mars 1967 skemmdist húsið mjög mikið, án þess þó að rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f stöðvaðist.

Hinn 22. mars 1967 óskuðu Húsatryggingar Reykjavíkur þess við yfirborgardómarann í Reykjavík, að hann dómkveddi sérstaklega tvo menn til að meta brunatjón á húseigninni að Lækjargötu 10 B, þar sem báðir hinir reglulegu matsmenn væru eign þessari sérstaklega tengdir. Í beiðni um dómkvaðningu var þess ekki getið sérstaklega, að neinum yrði gert sérstaklega aðvart um matið.

Yfirborgardómari kvaddi þann 22. mars 1967 til matsstarfa þá Gunnar Magnússon húsgagnaarkitekt og Þorstein Hjálmarsson húsgagnasmíðameistara. Í dómkvaðningunni er þess óskað, að matsbeiðanda svo og formanni bankaráðs Iðnaðarbanka Íslands h/f sé gert viðvart, hvenær matið fari fram. Matsgerð hinna dómkvöddu manna er dags. 20. apríl 1967, og er niðurstaða hennar sú, að kostnaður „við það að koma húsinu í sama ástand og það var í fyrir brunann" næmi samtals kr. 18.996.000. Húsatryggingar Reykjavíkur vildu ekki una þessu mati og óskuðu þess við yfirborgardómarann í Reykjavík hinn 26. apríl 1967, að hann kveddi til 3 menn til að framkvæma yfirmat á brunatjóninu samkvæmt 23. gr. hinna almennu vátryggingarskilmála Húsatrygginganna.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvaddi svo hinn 3. maí 1967 þá Magnús Árnason múrarameistara, Magnús K. Jónsson trésmíðameistara og Ríkharð R. Steinbergsson byggingaverkfræðing til að framkvæma yfirmatið. Yfirmatsmennirnir skiluðu matsgerð sinni 26. maí 1967, og varð niðurstaða þeirra sú, að tjónbætur væru hæfilega metnar á kr. 13.100.000.

Við framkvæmd beggja þessara mata voru viðstaddir formaður bankaráðs Iðnaðarbanka Íslands h/f, Sveinn Valfells, og bankastjórinn Bragi Hannesson svo og bankastjórinn Pétur Sæmundsen

við undirmatið. Enginn þessara manna lét þess þá getið, að þeir hefðu ekki umboð allra húseigenda til að mæta við matið.

Með bréfi, dags. 4. júlí 1967, óskar Iðnaðarbanki Íslands h/f þess við yfirmatsmennina, að þeir láti honum „í té sundurliðun á mati" sínu, dags. 26. maí 1967, „varðandi brunatjón á húseign Iðnaðarbankans". Hinar umbeðnu upplýsingar voru veittar 14. ágúst 1967.

Hinn 7. september 1967 ritar Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður í umboði Iðnaðarbanka Íslands h/f bréf til borgarlögmanns og mótmælir því, að yfirmatsgerðin hafi „nokkra þýðingu til ákvörðunar um bótaskylt tjón Iðnaðarbanka Íslands h.f. af völdum nefnds bruna, því þar hljóti að ráða raunverulegur kostnaður samkvæmt reikningum til að koma húsinu aftur í nothæft lag, enda hafi engin greiðsla verið innt af hendi Húsatryggingganna til þess að ljúka greiðsluskyldu tryggginganna, eftir að yfirmatsgjörðin lá fyrir". Í þessu bréfi er því og haldið fram, að engin greiðsla hafi þá verið innt af hendi vegna tjónsins. Af hálfu stefnda er þessari fullyrðingu mótmælt sem rangri. Hið rétta sé, að í samráði við stjórn Iðnaðarbanka Íslands h/f og fyrir eindregin tilmæli hennar hafi kr. 5.000.000 verið lagðar inn á sparisjóðsreikning í bankanum strax 12. júlí 1967. Bætt hafi verið við þetta innlegg tvívegis og einu sinni tekið út af reikningnum, en frá 13. september 1967 hafi staðið á reikningnum kr. 12.950.000.

Stefndi bendir á það, að þessi greiðslumáti hafi verið á hafður vegna þess, að opinberri rannsókn vegna húsbrunans hafi enn ekki verið lokið, er þetta gerðist. Meðan svo var, hafi ekki þótt rétt að inna bótafé fyrirvaralaust af hendi, enda ekki óhugsandi, að niðurstaða hinnar opinberu rannsóknar skerti bótarétt húseigenda að einhverju leyti. Til þess hins vegar að gera húseigendum samt ekki of erfitt fyrir hafi verið brugðið á það ráð að fela sparisjóðsdeild Iðnaðarbanka Íslands h/f varðveislu bótafjárins, þar til úrslit rannsóknarinnar lægju fyrir, og taka þá afstöðu til bótaskyldu. Með þessu væri svo um búið, að húseigendur hefðu vátryggingarfé til afnota og ráðstöfunar við viðgerð brunaskemmdanna, þó að formleg greiðsla hefði ekki átt sér stað.

Hin opinbera rannsókn beindist m. a. að því, að hús stefnenda væri ekki reist í samræmi við reglur um brunavarnir, þar sem í raun hafi ekki verið eldvarnarveggur milli nýja hússins og timburhússins við hliðina á því, en þröngt sund á milli. Hinni opinberu rannsókn málsins lauk með því, að saksóknari ríkisins sótti fjóra

menn til refsingar vegna brunans, en þeir voru allir sýknaðir af ákærunni með dómi sakadóms Reykjavíkur hinn 10. apríl 1968. Kveðst stefndi því hafa talið rétt að bæta tjónið með þeirri fjárhæð, er stóð á sparisjóðsreikningnum í Iðnaðarbanka Íslands h/f, án þess að í því fælist nein viðurkenning á bótaskyldu hans, og af hálfu stefnda er því haldið fram, að skoða beri greiðsluna sem innta af hendi „ex gratia". Með bréfi, dags. 5. nóvember 1968, viðurkennir Iðnaðarbanki Íslands h/f að hafa móttekið framangreinda upphæð, en gerir fyrirvara um, „að þetta er á engan hátt viðurkennt sem lokagreiðsla". Þá er þess enn fremur getið í bréfinu, að gerðar hafi verið ráðstafanir af hendi bankans og annarra eigenda hússins til þess að fá sannreynt, hvert brunatjónið sé.

Hinn 5. nóvember 1968 ritar Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður yfirborgardómaranum í Reykjavík bréf og fer þess á leit fyrir hönd Iðnaðarbanka Íslands h/f, Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands Iðnaðarmanna, að hann dómkveði 3 óvilhalla, sérfróða menn til þess, eins og segir í beiðninni, að:

„1. Kynna sér matsgerð í málinu nr. 53/1967, gerða af Gunnari Magnússyni húsgagnaarkitekt og Þorsteini Hjálmarssyni verkstæðisformanni hinn 20. apríl 1967, varðandi mat á brunatjóni að Lækjargötu 10 B (nú Lækjarrgötu 12) í Reykjavík hinn 10. marz 1967 og á sama hátt:

Að kynna sér svonefnda matsgerð í málinu nr. 67/1967, undirritaða 26. maí 1967 af Magnúsi Árnasyni, Magnúsi K. Jónssyni og Ríkharði Steinbergssyni, og að gefa sérfræðilega umsögn um möt þessi með hliðsjón af ósamræmi þeirra eftir að hafa aflað skýrslna hjá matsmönnum fyrir dómi, ef með þarf, og eftir að hafa kynnt sér kostnaðarreikninga yfir viðgerðir hússins eftir brunann og eftir skoðun á viðgerðum, og þá einkum að rekja sérfræðilega þá galla, sem á síðari matsgerðinni reynast vera.

2. Að meta sjálfstætt að þessu athuguðu og fengnum skýrslum frá fyrirsvarsmönnum aðilja, hve mikið brunatjónið var miðað við ástand hússins eins og ætla má, að það hafi verið fyrir brunann, þannig að brunatjónið sé að fullu metið, en viðaukar eða breytingar til dýrleika séu ekki teknar með".

Þess er farið á leit, að matsbeiðanda svo og Páli Líndal borgarlögmanni vegna matsþola, Húsatrygginga Reykjavíkur, sé tilkynnt um, hvenær mat skuli fram fara. Matsbeiðni þessari fylgdu ýmis skjöl og þar með matsgerðir þær báðar, er vikið er að hér að framan.

Í greinargerð, sem fylgdi beiðni þessari, er tekið fram, að með því að viðgerðir hafi farið fram og húseigendur þykist þess fullvissir, að yfirmatið sé fjarstæða, því að raunverulegir viðgerðarreikningar sýni allt aðrar og hærri fjárhæðir, þá sé óhjákvæmilegt að dómkveðja menn til þess að sýna fram á þá sérfræðilegu galla, sem á yfirmatinu séu, til þess að sannfæra Húsatryggingar Reykjavíkur og dómstóla, ef með þurfi, að niðurstaða þess mats verði eigi lögð til grundvallar, er meta skal brunatjónið.

Fyrri liður matsbeiðnarinnar er á þessu byggður, þar sem að áliti stefnenda kunni þannig að fara, vegna þess að eigi hafi öllum aðiljum verið gefinn kostur á að gæta réttar síns við matið, að það verði ekki á nokkurn hátt notað sem viðmiðun. Er til öryggis farið fram á það, að hinum nýju matsmönnum verði falið að meta sjálfstætt eftir að hafa kynnt sér viðgerðarreikninga og viðgerðir, hvað þeir telji hæfilegt að reikna tjónið að öllu meðtöldu, en engu ofreiknuðu.

Þann 22. nóvember 1968 dómkvaddi Hákon Guðmundsson yfirborgardómari þá Braga Þorsteinsson verkfræðing, Braga Sigurbergsson húsasmíðameistara og Jón Ólafsson húsgagnaarkitekt til þess að framkvæma hið umbeðna mat. Við dómkvaðninguna var mætt af hálfu aðilja máls þessa og þess óskað af hálfu stefnenda, að dómkvaðning færi fram samkvæmt beiðninni. Af hálfu Húsatrygginga Reykjavíkur var því lýst yfir, að því væri ekki út af fyrir sig mótmælt, að útnefning matsmanna færi fram samkvæmt matsbeiðninni, en þessir fyrirvarar voru gerðir:

1. Að Iðnaðarbankinn einn væri vátryggjandi hússins gagnvart Húsatryggingum Reykjavíkur og fulltrúar hans hefðu komið fram sem slíkir við yfirmat eða sem umboðsmenn húseigenda allra, enda hafi svo jafnan verið við vátrygginguna.
2. Húsatryggingar Reykjavíkur áskilji sér allan rétt til þess að lýsa matið, sem hinir dómkvöddu matsmenn framkvæma, marklaust og þýðingarlaust.
3. Húsatryggingar Reykjavíkur taki fram, að allur kostnaður við umbeðið mat sé þeim óviðkomandi og áskilji sér rétt til þess að krefjast málskostnaðar svo og annars kostnaðar matsþola vegna máls þessa og matsgerðar.

Lögmaður matsbeiðenda mótmælti ofangreindum bókunum lögmanns matsþola sem röngum og þýðingarlausum.

Síðastgreindu matsmennirnir skiluðu matsgerð sinni 22. febrúar 1969. Kemur fram í matsgerð þeirra, að þeir hafi fyrst boðað málsaðilja til fundar þann 17. desember 1968 og hafi þá af hálfu mats-

beiðanda verið mættir Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, Bragi Hannesson bankastjóri og Pétur Sæmundsen bankastjóri, en f. h. Húsatrygginga Reykjavíkur hafi verið mættur Ari Guðmundsson fulltrúi.

Ari hafi látið þess í upphafi getið, að hann væri mættur til að vekja athygli á því f. h. Húsatrygginga Reykjavíkur, að þeir teldu sér þetta mat óviðkomandi.

Þar næst hafi þeir Bragi Hannesson og Pétur Sæmundsen í fáum orðum gert grein fyrir viðgerð, endurnýjun og umbótum þeim, sem gerðar hafi verið á húsi Iðnaðarbankans og sýnt því næst matsmönnum húsið. Matsmenn hafi síðan óskað eftir nánari gögnum í málinu og beðið um að fá í sínar hendur:

1. Teikningar, er gæfu til kynna ástand hússins fyrir og eftir brunann.
2. Skrá yfir viðgerðir þær, endurnýjanir og umbætur, sem gerðar hafi verið á húsinu.
3. Skrá yfir þær umbætur, sem leitt hafi til verðmætisaukningar á húsinu.
4. Ljósmyndir, sem teknar hafi verið af húsinu, utan og innan, fyrir og eftir brunann, er gætu gefið til kynna ástand hússins á hvorum tíma.
5. Reikninga yfir kostnað við viðgerð, endurnýjun og umbætur á húsinu.
6. Skrá yfir þá iðnaðarmenn, er staðið hafi fyrir verkum við viðgerð hússins.

Þann 7. janúar 1969 var annar fundur haldinn af matsmönnum í Iðnaðarbankahúsinu. Var þar mætt af hálfu matsbeiðanda, en ekki af hálfu matsþola.

Þar voru lögð fram eftirfarandi gögn:

1. Skrá yfir viðgerðir, endurnýjanir og umbætur.
2. Skrá yfir kostnað vegna liðs 1, að öðru leyti lágu allir reikningar frammi.
3. Skrá yfir umbætur, sem haft hafa í för með sér verðmætisaukningu.
4. Ljósmyndir.
5. Skrá yfir verkfræðinga, arkitekta og meistara, er unnu við húsbygginguna.

Bankastjórar buðu matsnefnd starfsaðstöðu í bankanum til að fara yfir alla reikninga vegna brunans.

Þann 14. janúar 1969 héldu matsmenn enn fund í Iðnaðarbankahúsinu, Lækjargötu 12. Voru þar mættir á fundi mats-

nefndin og Halldór H. Jónsson arkitekt að ósk matsnefndar. Gerði Halldór grein fyrir endurbyggingu hússins. Lagðar voru fram byggingarnefndarteikningar af húsinu eins og það var fyrir brunann. Að lokinni greinargerð Halldórs var farið um húsið, það skoðað og borið saman við teikningar fyrir og eftir brunann. Hafist var handa um að yfirfara reikninga með það fyrir augum að flokka þá.

Í matsbeiðninni er tekin upp greinargerð Halldórs H. Jónssonar arktitekts um endurbyggingu hússins að Lækjargötu 12 eftir brunatjónið.

Matsmenn öfluðu teikninga, sem á vantaði, og báru saman teikningar af húsinu, eins og það var fyrir og eftir brunann.

Eftir að þeir höfðu yfirfarið alla reikninga og fylgiskjöl varðandi endurbyggingu hússins, gerðu matsmenn eftirfarandi yfirlit, þar sem byggingarkostnaður er flokkaður niður:

„Trésmíði	kr.	8.433.644.00
Handrið, Héðinn h/f	—	488.014.00
Loftkerfi	—	1.332.183.00
Akstur	—	78.300.00
Dverghamar h/f	—	953.512.00
Héðinn h/f, hreinsun	—	585.745.00
Raflagnir	—	1.654.310.00
Málning og veggfóður	—	1.751.256.00
Stálumbúðir h/f, lampar	—	581.071.00
Pípulögn	—	2.248.439.00
Teppi	—	570.980.00
Öryggisgler	—	293.896.00
Gler	—	340.582.00
Lyftur	—	1.993.313.00
Ráðgefandi aðilar	—	459.840.00
Múrverk	—	1.772.943.00
Rafha, álveggir	—	423.463.00
Ýmsir reikningar	—	653.094.00
	Alls kr.	24.614.585.00“

Í matsgerðinni segir síðan, að matsmenn hafi verið sammála um að leggja þessa tölu til grundvallar matinu. Við skoðun fylgiskjala hafi komið í ljós ýmsir reikningar, sem matsmenn töldu óviðkomandi brunatjóni á húsinu. Hafi það aðallega verið reikn-

ingar vegna húsgagnakaupa og annars búnaðar, sem ekki komi inn í brunatryggingu hússins. Reikningar þessir hafi samtals numið kr. 836.730, eins og fram kemur í yfirliti hér síðar. Auk þess hafi aðrir reikningar, sem sérstaklega séu tilgreindir í yfirlitinu, brátt verið felldir niður.

Varðandi endurbyggingu hússins segir í matsgerðinni, að ýmsu hafi verið breytt frá því, sem áður hafi verið, innréttingum breytt, lyftu og lyftuhúsi bætt við, loftrásarkerfi mjög aukið o. fl., sem allt bendi í átt til verðmætisaukningar. Þessa verðmætisaukningu mátu matsmenn og draga hana frá upphaflegum endurbyggingarkostnaði samkvæmt fylgiskjölum og reikningum þannig:

Verðmætisaukning:

Lyftur	kr.	1.050.000
Flísar í stigahús	—	160.000
Stækkun lyftuhúss	—	150.000
Loftkerfi	—	1.050.000
Stjórntæki, dælur o. fl. vegna hitalagnar	—	100.000
Viðbót við álveggi	—	250.000
Hringstigi	—	150.000
Öryggisgler á vesturhlið	—	270.000
Palisander þiljur	—	105.000
Hreinlætisherbergi	—	100.000
Grásteinn	—	100.000
Niðurhengd loft	—	450.000
Teppi í stað tile	—	360.000
Eldvarnarhurðir	—	120.000
Eldavél	—	30.000
	Alls kr.	4.445.000

Búnaður, sem ekki sé með í húsatryggingu, o. fl.:

Lampar	kr.	530.000
Afgreiðsluborð	—	168.441
Ýmsir reikningar	—	836.730
Selt efni	—	149.000
	Alls kr.	1.684.171

Þegar báðir þessir liðir séu dregnir frá byggingarkostnaði, segja matsmenn, að út komi matsfjárhæð þeirra, kr. 18.485.414.

Að lokum segir í matsgerðinni: „Varðandi lið 1 í matsbeiðni, þar sem þess er óskað, að matsmenn gefi „sérfræðilega umsögn um möt þessi með hliðsjón af ósamræmi þeirra", og er þá átt við undir- og yfirmat, viljum við taka fram, að við treystum okkur ekki til að svara þessu á annan hátt en matsgerð okkar ber með sér, og vísum við til hennar, hvað þetta atriði snertir".

Þann 15. mars 1969 skrifar Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður Húsatryggingum Reykjavíkur bréf og sendir þeim jafnframt ljósrit af síðastgreindri matsgerð.

Segir í bréfinu, að eigendur Lækjargötu 12 hafi falið honum að tilkynna Húsatryggingum Reykjavíkur, að þeir telji rétt og skylt, að þær greiði fjárhæð matsins í brunatjón ásamt kostnaði við það, kr. 182.000, kostnað við lögfræðilega aðstoð og innheimtu ásamt vöxtum.

Sérstaklega er tekið fram, að þess sé óskað, að Húsatryggingar tjái sig um eftir að hafa kynnt sér matsgerðina, hvort þær hafi eitthvað við hana að athuga og hvort þær mundu óska einhvers konar yfirmats til vefengingar á niðurstöðu hennar. Frestur í þessu skyni er í bréfinu gefinn til 15. mars 1969.

Bréfi þessu er svarað með bréfi Húsatrygginga Reykjavíkur 16. maí 1969. Í því bréfi er til þess vitnað, að undirmat og yfirmat hafi farið fram vegna brunans. Jafnframt að samkvæmt mati yfirmatsmanna hafi tjónið numið kr. 13.100.000, sem Húsatryggingar Reykjavíkur hafi greitt til Iðnaðarbanka Íslands h/f sem endanlegar bætur. Bankinn hafi tekið við greiðslunni með fyrirvara um fjárhæð, en án annarra athugasemda.

Síðan segir í bréfinu, að Húsatryggingar Reykjavíkur álíti, að yfirmat það, sem fram hafi farið á brunatjóni stefnenda, sé endanlegt mat þess og síðara matinu sé því mótmælt sem þýðingarlausu og málinu algerlega óviðkomandi. Ekkert hafi komið fram, er hnekki yfirmatinu í sérstökum greinum og reyndar engin tilraun verið gerð til að gagnrýna það með rökum, heldur sé gripið til þess ráðs að hálfu öðru ári liðnu að láta fara fram nýtt mat, gagnstætt lögum og réttarvenju. Þá er til þess vitnað, að stefnendur virðist álíta, að formsatriða hafi eigi verið gætt við framkvæmd undir- og yfirmats. Þessu sé eindregið mótmælt og bent á, að Iðnaðarbanki Íslands h/f hafi jafnan komið fram sem húseigandi gagnvart Húsatryggingum Reykjavíkur. Talsmönnum bankans hafi borið að benda matsmönnum á, ef þeir teldu sig ekki hafa umboð annarra húseigenda í þessu efni eftir brunann eins og fyrir hann. Það hafi og ekkert komið fram, sem bendi

til þess, að matsmennirnir hafi að einhverju leyti unnið starf sitt miður en ella fyrir þá sök, að Landssamband iðnaðarmanna telji sig ekki hafa átt kost á að gæta hagsmuna sinna við matið, en Félagi íslenskra iðnrekenda muni hafa verið vel kunnugt um framkvæmd þess og matsmennirnir jafnvel leitað til þess um upplýsingar.

Þá er í bréfinu farið nokkrum orðum um hið nýja mat, er stefnendur byggja kröfugerð sína á. Er til þess vitnað, að matsmenn hafi stuðst við frásögn Halldórs H. Jónssonar arkitekts, trúnaðarmanns húseigenda, um ástand hússins fyrir og eftir brunann svo og um allar breytingar, sem gerðar hafi verið á húsinu. Við samanburð lýsingar arkiteksins og niðurstöðu matsmanna komi í ljós, að ekki hafi verið tekið tillit til ýmissa endurbóta og breytinga, er á húsinu hafi verið gerðar, sem síðar í bréfinu eru nánar raktar. Jafnframt er á það bent, að grundvöllur matsins að öðru leyti virðist eingöngu vera reikningar þeirra aðilja, sem unnið hafi að viðgerð, endurbótum og breytingum hússins eftir brunann. Reynt sé að draga út úr reikningum þessum það, sem ekki komi brunatjóninu við, en ekki verði þó séð, að það sé gert á sannfærandi hátt. Síðan eru talin upp í bréfinu nokkur atriði, sem mótmælt er í lýsingu Halldórs H. Jónssonar arkitekts og niðurstöðu matsmannanna. Sagt er, að þarna séu aðeins nefnd nokkur atriði, sem geri matið tortryggilegt, en því fari fjarri, að um tæmandi upptalningu sé að ræða og engin viðurkenning á matinu felist í þessari upptalningu.

Þann 22. júlí 1969 skrifar Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður matsmanninum Braga Þorsteinssyni verkfræðingi bréf, þar sem hann segir, að hann telji óhjákvæmilegt að fara þess á leit við matsmennina, að þeir ljúki fyrri þætti í matsbeiðninni, þannig að fyrir liggi nógu glöggur samanburður á undir- og yfirmati vegna brunatjónsins. Segir í bréfinu, að til þess að hægt sé að bera saman undir- og yfirmat, þurfi yfirmatsmenn að gefa sams konar sundurliðun og gert sé við undirmatið. Færist yfirmatsmenn undan slíkum skýringum, sé sú leið til að fara nú þegar í matsmál og láta þá gefa þær skýringar fyrir dómi.

Jafnframt er með bréfi þessu sent ljósrit af fyrrgreindu bréfi Húsatrygginga Reykjavíkur og þess óskað, að í væntanlegri viðaukaskýrslu við matsgerð séu gefin svör við þeirri gagnrýni, sem komi fram á matinu.

Þann sama dag skrifar Bragi Þorsteinsson fyrir hönd þeirra matsmannanna yfirmatsmönnunum Magnúsi Árnasyni, Magnúsi

K. Jónssyni og Ríkharði Steinbergssyni bréf, þar sem þeim er kynnt, að þeir, er bréfið rita, hafi verið dómkvaddir samkvæmt beiðni stefnenda til þess að bera saman undirmat og yfirmat með hliðsjón af ósamræmi þeirra og enn fremur að meta sjálft brunatjónið. Af ofangreindu tilefni óska bréfritarar eftir því að fá sundurliðun á mati yfirmatsmannanna á sama hátt og undirmatsmenn hafi sundurliðað sitt mat svo og að þeir gefi í stuttu máli skýringar á því, hvers vegna mat þeirra víki svo verulega frá mati undirmatsmanna, þ. e. hvaða liði þeir telji þar ofmetna.

Hinn 2. október 1969 höfðuðu stefnendur mál á hendur stefnda. Var það bæjarþingsmálið nr. 1238/1969. Í því máli byggðu stefnendur dómkröfur sínar á hendur stefnda á matsgerð þeirra Braga Þorsteinssonar verkfræðings, Braga Sigurbergssonar húsasmíðameistara og Jóns Ólafssonar húsgagnaarkitekts. Í því máli fóru fram ítarlegar yfirheyrslur yfir öllum framangreindum matsmönnum.

Hinn 22. október 1971 ritar Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður Braga Þorsteinssyni verkfræðingi bréf, þar sem hann minnir á hið „sérlega“ mat hans o. fl. og getur þess, að alveg sé nauðsynlegt og óhjákvæmilegt, að frá þeim komi greinargerð og viðaukamatsgerð.

Hinn 29. október 1971 er lögð fram greinargerð og viðauki við matsgerð frá framangreindum þrem matsmönnum. Er viðaukamatsgerð þessi dagsett 28. október 1971. Segir í henni svo:

„Eins og mat okkar ber með sér, höfum við lagt til grundvallar framlagða reikninga vegna viðgerðar á húsinu Lækjargötu 12, Reykjavík.

Við höfum síðan leitast við að meta þá verðmætisaukningu, sem orðið hefur á húsinu vegna aukins og að nokkru leyti vandaðri búnaðar. Þar höfum við stuðst við reikninga og fylgiskjöl og að nokkru leyti við kostnaðarútreikninga, sem við höfum gert til hliðsjónar.

Framlagðir reikningar vegna viðgerðarkostnaðar nema alls um kr. 24.000.000.00. Mat okkar á tjóni er kr. 18.485.414.00.

Samkvæmt þessum tölum hefir verðmæti þess hluta hússins, sem endurnýjaður var, vaxið um 30%.

Sé aftur á móti miðað við yfirmat, virðist þessi verðmætisaukning vera 83%.

Húsið var fyrir brunann fullgert og hið vandaðasta að gerð, og erum við sammála um, að 83% verðmætisaukning geti ekki staðist.

Að öðru leyti viljum við vísa til meðfylgjandi yfirlits, þar sem leitast er við að gera samanburð á helstu kostnaðarliðum í hinum ýmsu mötum, og er þá, hvað snertir yfirmat, stuðst við sundurliðun kostnaðar á réttarskjali nr. 22 (þ. e. sundurliðun sú, sem rakin er hér að framan). Þá er einnig sýnt, í hvaða kostnaðarliðum mismunur sá, sem er á yfirmatinu og sérstöku mati, einkum liggur.

Í öllum helstu atriðum virðist vera samræmi milli undirmats og mats okkar".

Greinargerð þessari fylgir svo yfirlit um samanburð á hinum mismunandi mötum svohljóðandi:

„Yfirlit um samanburð á hinum mismunandi mötum.

	Undirmat	Yfirmat	Sérstakt mat
Trésmíði allskonar	9.910.000.00	4.800.000.00	7.215.000.00
Múrvinna	1.826.000.00	1.440.000.00	1.513.000.00
Málning og veggfóður ..	480.000.00	1.000.000.00	1.450.000.00
Lyftur	2.200.000.00	1.400.000.00	943.000.00
Raflagnir	1.760.000.00	900.000.00	1.500.000.00
Hitalagnir	1.880.000.00	1.030.000.00	2.400.000.00
Hreinsun	940.000.00	500.000.00	1.486.000.00
Annað		2.030.000.00	1.978.414.00
Mat samtals kr.	18.996.000.00	13.100.000.00	18.485.414.00

Í þessari upphæð eru álveggir og handrið með reiknuð.

Mismunur á yfirmati og sérstöku mati:

Trésmíði	2.415.000.00	eða	45%	af heildarmismun
Hitalagnir	1.370.000.00	—	25%	— ——
Raflagnir	600.000.00	—	10%	— ——
Hreinsun	986.000.00	—	17%	— ——".

Hinn 26. júní 1972 gekk dómur í bæjarþingsmálinu nr. 1238/1969, og urðu málalyktir á þá lund, að málinu var vísað frá dómi ex officio, en málskostnaður var felldur niður. Í forsendum bæjarþingsdómsins segir svo:

„Í máli þessu er eingöngu deilt um upphæð bóta venga brunatjóns stefnenda, þar sem greiðsluskylda er viðurkennd.

Telja verður, að nægilega sé fram komið, að hinir reglulegu

matsmenn, Tómas Vigfússon og Jón Bergsteinsson, hafi verið stefnendum það háðir, að rétt hafi verið að dómkveðja aðra í þeirra stað, sbr. 139. gr., 1. mgr., laga nr. 85/1936.

Samkvæmt 140. gr., 1. mgr., laga nr. 85/1936 á að tilkynna aðiljum eða umboðsmönnum þeirra, hvar og hvenær matsgerð fari fram. Vátryggingarskilmálar Húsatrygginga Reykjavíkur þykja ekki geta vikið frá þessu lagaákvæði. Stefndi fór í matsbeiðnum sínum ekki fram á það, að stefnendum væri tilkynnt um matið, en í raun var einum þeirra, Iðnaðarbanka Íslands h/f, tilkynnt, hvar og hvenær það skyldi fram fara. Iðnaðarbankinn var í upphafi einn tryggingartaki, enda átti hann þá allt húsið, eigendaskipti voru aldrei tilkynnt stefnda. Iðnaðarbankinn greiddi ætíð iðgjöld af tryggingunni og kom annars fram gagnvart stefnda f. h. allra húseigenda. Af hálfu Iðnaðarbankans var við hvorugt matið þess getið, að þeir kæmu ekki fram vegna allra húseigenda, og samkvæmt framburðum bæði undir- og yfirmatsmanna var þeim sýnt allt húsið, og allt húsið var tekið til mats, og þannig er á málum haldið af hálfu stefnenda sem Iðnaðarbanki Íslands h/f hafi tekið á móti greiðslum þann 5. nóvember 1968 fyrir alla stefnendur. Enginn stefnenda tilkynnti brunann né fór fram á mat, og þannig gættu stefnendur ekki ákvæða 20. gr. vátryggingarskilmálanna, sbr. og 21. gr. laga nr. 20/1954. Af framburðum má ráða, að þeir stefnenda, sem ekki var formlega tilkynnt um mötin, vissu eða hlutu að vita, að verið var að framkvæma þau, og komið hefur í ljós, að framkvæmdastjóri annars þessara aðilja lét í té teikningu af húsnæði því, sem hann hafði til umráða, og formaður stjórnar hins á einnig sæti í stjórn Iðnaðarbankans h/f. Þessi vitneskja varð þeim þó ekki tilefni mótmæla, og er það ekki fyrr en um haustið 1968, er upp úr slitnar samningaviðræðum milli Iðnaðarbankans og Húsatrygginga og beðið er um sérstaka matið, að athugasemd kemur fram um, að þeim hafi ekki verið tilkynnt, hvar og hvenær matið skuli fara fram. Það hefur ekki verið leitt í ljós, að skortur á formlegri tilkynningu um framkvæmd undir- og yfirmats til þessara aðilja hafi breytt einhverju um niðurstöðu matanna, að því er varðar sérstaklega húsrými þessara stefnenda. Af framantöldu þykir leiða, að skortur á tilkynningu til stefnenda eigi ekki ein út af fyrir sig að leiða til þess, að yfirmatinu verði hrundið.

Í beiðnum þeim, sem lágu til grundvallar undir- og yfirmati, var ekki farið fram á, að matsmennirnir gættu ákvæða 24. gr.

vátryggingarskilmálanna, enda þykir á skorta, að matsmenn hafi gert lýsingu á skemmdunum. Samkvæmt framburði eins yfirmatsmannsins, Magnúsar K. Jónssonar, var ein höfuðforsenda mats þeirra lýsing skemmda á dómsskj. nr. 23, og greinargerð yfirmatsmanna á dómsskj. nr. 21 verður heldur ekki skilin á annan veg en svo hafi verið. Samkvæmt framburði Ara Guðmundssonar, fulltrúa Húsatrygginga við mötin, átti hann þátt í samningu þess. Telur hann, að hér sé um minnispunkta að ræða, en ekki neina tæmandi talningu á skemmdunum. Nú eftir á er þannig ekki auðvelt að dæma um gildi hvort heldur er undir- eða yfirmats, hvað fólgið sé í hverri tölu.

Matsgerð yfirmatsmanna var, eins og hún kom fyrst fram, algerlega ósundurliðuð og sundurliðun sú, sem síðar kom fram af þeirra hálfu, ófullkomin og ekki til þess fallin að vera borin saman við undirmatið.

Samkvæmt greinargerð yfirmatsmanna og framburðum þeirra höfðu þeir hliðsjón af brunabótamati hússins við gerð mats síns, enda má segja, að greinargerð sú, sem fylgdi matsbeiðninni, gæfi tilefni til þess. Telja verður, að samkvæmt matsbeiðninni sjálfri svo og með hliðsjón af 40. gr. laga nr. 20/1954, sbr. 22. gr. vátryggingarskilmálanna, að verkefni þeirra hafi átt að vera óháð brunabótamatinu.

Þegar öll þau atriði eru virt, sem hér hafa verið upptalin, þykja á yfirmatsgerðinni vera þeir gallar, að hún verði ekki látin skera úr um hæð bóta stefnda til stefnenda. Þessa niðurstöðu þykja styrkja greinargerð og viðauki matsmanna Braga Þorsteinssonar o. fl. svo og sjálf matsgerð þeirra.

Verður þá litið til matsgerðar Braga Þorsteinssonar o. fl., sem stefnendur byggja á kröfur sínar.

Matsgerð þessi er byggð á reikningum varðandi endurbyggingu hússins, svo sem fram kemur í greinargerð og viðauka við matsgerð þessa (dómsskj. 25). Fram hefur komið í yfirheyrslum, að matsmennirnir hafa ekki athugað reikninga þessa með það í huga, að þar kynni eitthvað að hafa orðið dýrara en vera þyrfti, svo sem vegna eftir- og næturvinnu, tvísmíði o. fl. Komið hefur fram í framburði Halldórs H. Jónssonar arkitekts að hitakerfi hússins var ekki í því lagi, sem það átti að vera fyrir brunann. Þá kom fram hjá honum, að framkvæmdaáætlun var ekki gerð, áður en verkið hófst, og verklýsing og efnisval var unnið svo til jafnhliða framkvæmdum. Af þeirri matsaðferð, sem hér er beitt, kemur ekki fram, hvort þessi atriði horfðu til kostnaðarauka, og

ekki verður séð, að matsmenn hafi tekið þetta atriði til sérstakrar athugunar.

Þrátt fyrir greinargerð og viðauka við matsgerð (dómsskj. 25) verður ekki talið, að matsmenn þessir hafi framkvæmt fyrri hluta matsbeiðnar stefnanda að fullu. Á þykir skorta sérfræðilega umsögn um fyrri möt svo og að sérfræðilega séu raktir gallar yfirmatsins, svo sem farið er fram á í matsbeiðni.

Í matsgerð þessari er ekki tekið tillit til þess, að nýtt kemur fyrir gamalt, og ekki til verðbreytinga frá þeim tíma, er húsið brann, og til þess, er verkið var unnið, en sbr. 37. gr., 1. mgr., laga nr. 20/1954 skal miða við verðlag, er síðast var á vátryggðum hlut, áður en vátryggingaratburðurinn gerðist.

Allt það, er hér hefur verið talið, þykir leiða til þess, að endanlegar tjónbætur verði ekki byggðar á þessu mati frekar en yfirmatinu.

Þar sem hvorugur aðilinn byggir á undirmatinu og að því má finna marga þá sömu hluti, sem að yfirmatinu, verður ekki talið, að taka þurfi það til sérstakrar athugunar. Þar sem dómurinn getur þannig ekki byggt á matsgerðunum, er fyrir liggja, verður, eins og mál þetta liggur hér fyrir, að vísa því frá dómi ex officio".

Eigi var þessum frávísunardómi skotið til Hæstaréttar, heldur höfðuðu stefnendur nýtt bæjarþingsmál á hendur stefnda með stefnu, birtri 15. febrúar 1973, svo sem fyrr getur. Stefnendur byggðu enn dómkröfu sína gegn stefnda á framangreindu mati og viðbótarmati þeirra Braga Þorsteinssonar verkfræðings, Braga Sigurbergssonar húsasmíðameistara og Jóns Ólafssonar húsgagnaarkitekts, þar sem brunatjónið er metið samtals kr. 18.484.414.

Í þessum dómi segir, að hinn 30. apríl 1970 hafi framkvæmdastjóri Félags íslenskra iðnrekenda farið fram á það við lögmann stefnenda, að talið yrði með brunatjóninu verðmæti eldhúsinnréttingar o. fl., kr. 174.200, sem Félag íslenskra iðnrekenda kveðst hafa greitt, og hafi kvittanir því ekki verið með þeim fylgiskjölum, sem matsmennirnir skoðuðu. Þess vegna er kröfufjárhæð stefnenda í máli þessu miðuð við, að upphafleg heildarskuld sé kr. 18.484.414 + 174.200, eða samtals kr. 18.659.614. Frá þessari fjárhæð hafa stefnendur dregið það, sem stefndi hefur þegar greitt þeim, en bætt við vöxtum, er þeir telja, að stefnda beri að greiða. Fá þeir þannig út stefnufjárhæð málsins, kr. 7.364.461.

Eftir að frávísunardómur gekk í bæjarþingsmálinu nr. 1238/1969, ritaði lögmaður stefnenda, Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, Halldóri H. Jónssyni arkitekt bréf hinn 23. október 1972.

Þar vitnar hæstaréttarlögmaðurinn til framangreinds frávísunardóms og bendir á það, að frávísunin virðist byggjast á eftirfarandi atriðum:

„1. Matsmennirnir hafi ekki athugað reikningana með það í huga, að það kynni eitthvað að hafa orðið dýrara en vera þyrfti, svo sem vegna eftirvinnu, næturvinnu, tvísmíði o. fl.
2. Komið hafi fram í framburði Halldórs H. Jónssonar, að hitakerfi hússins hafi ekki verið í því lagi, sem það átti að vera fyrir brunann.
3. Komið hafi fram hjá sama vitni, að framkvæmdaáætlun hafi ekki verið gerð, áður en verkið hófst, og verklýsing og efnisval verið unnið svo til jafnhliða framkvæmdum.
4. Ekki komi fram eftir þessari matsaðferð, sem beitt var, hvort ofantalin atriði horfðu til kostnaðarauka, og ekki verði séð, að matsmenn hafi tekið þetta atriði til sérstakrar athugunar.
5. Á þyki skorta sérfræðilega umsögn matsmanna um fyrri mötin svo og að sérfræðilega séu raktir gallar yfirmatsins.
6. Matsgerð taki ekki tillit til þess, að nýtt komi fyrir gamalt og ekki til verðbreytinga frá þeim tíma, er húsið brann".

Í þessu bréfi bendir hæstaréttarlögmaðurinn á það, að hið sérlega mat framangreindra þremenninga hafi að nokkru leyti verið byggt á umsögn Halldórs H. Jónssonar arkitekts, og því eru það eindregin tilmæli hæstaréttarlögmannsins, að hann láti í ljós fyllri skýringar varðandi viðgerð og mat.

Halldór H. Jónsson arkitekt svarar þessum fyrirspurnum Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns með bréfi, dags. 1. febrúar 1973. Í því bréfi arkitektsins segir m. a. svo:

„Í sambandi við lið 1 í bréfi yðar vil ég taka það fram, að veigamesta atriðið var að hraða endurbyggingunni þannig, að bankinn gæti tekið til starfa á ný, og svo var einnig um skrifstofuhúsnæði landssambandanna. Þess vegna var eftirvinna og næturvinna óhjákvæmileg. Aftur á móti var ekki um neina tvísmíði að ræða.

Í sambandi við lið 2 staðfesti ég, að hitakerfi hússins var ekki í því lagi fyrir brunann, sem það hefði þurft að vera, þannig að upphitun var ekki nógu góð, en hvað var að eða hvort endurbyggingin leiddi til kostnaðarauka, get ég ekki um sagt.

Varðandi lið 3 verð ég að segja, að samkvæmt mínu mati var ekki hægt að vinna verkið öðruvísi en að taka ákvörðun um verktilhögun og efni jafnhliða framkvæmdum. Fyrirfram gerð verklýsing var óraunhæf við þær aðstæður, sem þarna voru fyrir hendi. Brunaskemmdirnar komu í mörgum tilfellum ekki að fullu í ljós,

fyrr en endurbygging kom til framkvæmda og þá jafnóðum. Önnur framkvæmdaáætlun en sú, sem gerð var, að koma húsinu aftur sem allra fyrst í fullt lag, var ekki raunsæ.

Að beiðni yðar hef ég nú litið á dómmskjal nr. 9 og þær athugasemdir, sem þar eru gerðar í bréfi borgarlögmanns frá 16. maí 1969. Um það hefi ég þetta að segja:

1. Talað var um, að þurft hafi að endurnýja glugga. Ég tel réttara að segja endurbyggja. Til þess að fá nákvæmlega tölu þeirra glugga, sem þurfti að endurbyggja, leyfi ég mér að vísa til Jóns Bergsteinssonar, múrarameistara, en í sambandi við múrun á útveggjum vil ég sérstaklega á það benda, að í mörgum tilfellum var múrhúðunin eyðilögð vegna hita, og í öðrum tilvikum skemmdist múrhúðunin, þegar gluggakistur voru rifnar. Viðvíkjandi endurnýjun á þaki hússins þá vil ég á það benda, að það þurfti að endurnýja alla einangrun þaksins. Óhjákvæmilegar aðgerðir varð að gera á sjálfu þakinu vegna brunaskemmda. Viðvíkjandi gluggabúnaðinum tel ég ekki, að nýi gluggabúnaðurinn hafi verið vandaðri eða dýrari en sá fyrri.

2. Þá vil ég benda á, að þrátt fyrir að dýrari spónn hafi verið settur á þiljur og hurðir en áður var, þá voru áður fleiri hurðir, sérstaklega á 3. hæð og einnig á 5. hæð, og fleiri veggir en áður, en allt sést þetta á teikningum, sem matsmenn höfðu fyrir sér.

3. Ég tel, að veggir hlaðnir úr vikurplötum kosti minna en veggir úr tré.

4. Ég bendi enn á, að veggfletir á 3. hæð voru mjög miklu minni enn veggfletirnir áður.

5. Vísa um þetta til skýrslu matsmanna.

6. Ég votta, að hreinsun á brunastað var gífurlega mikil.

7. Ég hefi hér að framan gefið svar um hitakerfið".

Lögmaður stefnenda hefur einnig beint sömu fyrirspurnum til matsmannanna, þeirra Braga Þorsteinssonar verkfræðings, Braga Sigurbergssonar húsasmíðameistara og Jóns Ólafssonar húsgagnaarkitekts. Með bréfi, dagsettu 6. febrúar 1973, svara þeir þessum fyrirspurnum hæstaréttarlögmannsins á eftirfarandi hátt:

„1. Okkur virðist liggja í augum uppi, að hraða hefði þurft endurbyggingu, þar sem verulegur hluti hússins var notaður fyrir bankaþjónustu, og eins og vinnumarkaði var háttað, var eftir- og næturvinna efalaust óhjákvæmileg í nokkuð ríkum mæli. Við höfum því ekki talið ástæðu til að gera frádrátt á matsupphæðinni af þessum ástæðum. Hinsvegar vitum við ekki til, að um tvísmíði hafi verið að ræða.

Svo sem fram hefur komið, gerðum við fulltrúa Húsatrygginga aðvart, þegar fyrsti fundur okkar var haldinn á vettvangi, og mætti hann þar. Hann lýsti því þá yfir, að því er okkur skildist, að hann mundi ekki leggja fram nein gögn frá hendi Húsatrygginga og láta matið afskiptalaust. Slík mótmæli, þ. e. varðandi tvísmíði og næturvinnu, teljum við, að fram hefðu átt að koma við matið frá hendi matsþola.

2. Í minnisgreinum okkar matsmanna, sem við höfum varðveitt, segir, að verðmætaaukning vegna pípulagna og lagna í hreinlætisherbergi sé talin kr. 200.000.00, en um þetta atriði vorum við ekki sérstaklega spurðir, og engin athugasemd lá fyrir um það, að kerfið í heild hafi í endurbyggingunni orðið dýrara en vera þyrfti, vegna þess að það hafi ekki verið í fullkomnu lagi áður, né í hverju það hafi verið fólgið, þar sem ekki lá neitt fyrir um þetta, t. d. í athugasemdum frá matsþola, þá sjáum við ekki, hvernig við hefðum átt að meta þetta á annan hátt en gert var.

3. Hér er um að ræða endurbyggingu á brunastað, og eins og fram kemur í matsgerð okkar, þá teljum við ekki, að neitt óeðlilegt hafi verið við kostnaðarliðina hvern um sig með hliðsjón af því, sem unnið var.

Fyrirfram áætlun, þótt gerð hefði verið, hefði trauðla breytt neinu, enda ekki fyrifram ljóst, fyrr en við niðurrif, hverjar brunaskemmdirnar voru á hverjum stað.

4. Vísast til þess, sem áður er sagt.

5. Varðandi samanburð á hinum ýmsu mötum skal þess getið, að örðugt er að gera hann, svo tæmandi sé. Við höfum þó leitast við að gera þessu nokkur skil eftir því sem unnt er, eins og fram kemur í greinargerð og viðauka við matsgerð, dags. 28. okt. 1971. Samkvæmt þessu teljum við enn sem fyrr niðurstöðu undirmatsmanna í aðalatriðum rétta.

Við teljum, að yfirmatsmenn hafi einkum vanmetið trésmíði allskonar svo og kostnað vegna hita-, hreinlætis- og raflagnar, þótt í minna mæli sé.

6. Að sjálfsögðu er, eins og fram kemur í matsgerð, matið miðað við þann tíma, er verkið var unnið, en okkur virðist hafa komið fram, að því hafi verið hraðað eftir föngum, eftir að bruninn varð. Um það, að nýtt hafi komið fyrir gamalt, kemur greinilega fram í matsgerð okkar, að við metum til frádráttar, þegar um vandaðri smíði var að ræða eftir brunann en áður var.

Húsið var nýlegt, og verður ekki með sanngirni séð, að um slíkt

slit hafi verið að ræða á innviðum hússins, að frádrátt ætti að gera vegna þess eins, að nýtt efni var sett í stað þess eldra.

Í minnisgreinum okkar, sem áður eru nefndar, sést, að við höfum ekki talið neina verðmætaaukningu hafa orðið vegna sólbekkja, verðmætaaukning vegna eikarparketts var talin kr. 45.000.00, vegna eldvarnarhurða kr. 120.000.00, vegna palisanderþilja kr. 105.000.00.

Ennfremur töldum við ekki óeðlilegt skv. minnispunktum, að kostnaður vegna eftirlits og ráðgefandi aðila væri þegar á allt er litið kr. 400—500 þús. Það orkar að sjálfsögðu tvímælis, hvað telja skuli hreinsun og hvað annarskonar vinnu, mörkin geta verið óljós.

Þetta hefur þó ekki áhrif á heildarupphæð matsins.

Að lokum þetta:

Við fáum ekki séð, að hægt sé að vinna mat þetta á annan eða nákvæmari hátt en við gerðum, við sjáum í forsendum frávísunardóms, að yfirmatsgerð var álitin ónothæf vegna galla og þau ummæli m. a. rökstudd með þessum orðum:

„Þessa niðurstöðu þykja styrkja greinargerð og viðauki matsmannanna Braga Þorsteinssonar o. fl. svo og sjálf matsgerð þeirra“.“

Halldór H. Jónsson arkitekt kom fyrir dóminn og staðfesti, að efni framangreinds bréfs hans væri rétt.

Matsmenn þessir komu allir fyrir réttinn hinn 11. desember 1973 og staðfestu þar, að efni framangreinds bréfs væri rétt. Þeir voru allir inntir eftir því, hvort þeir gætu borið um það, hversu mikill tími hefði farið í eftir- og næturvinnu við lagfæringu á brunaskemmdunum, en enginn þeirra treysti sér til þess að bera um það.

Að yfirheyrslu lokinni þennan dag var málinu frestað til næsta dags til munnlegs flutnings. Sama dag hafði lögmaður stefnda samband við formann dómsins og tjáði honum, að hann mundi setja fram frávísunarkröfu í málinu við flutning þess daginn eftir. Tjáði hann lögmanni stefnenda þetta þennan sama dag. Hinn 12. desember 1973 var málið síðan flutt um frávísunarkröfu af hálfu stefnda.

Frávísunarkröfu sína rökstuddi stefndi með því, að með dómi hinn 26. júní 1972 hefði bæjarþingsmálinu nr. 1238/1969 milli sömu aðilja verið vísað frá dómi vegna þess, að matsgerð framangreindra þremenninga hafi verið talin ófullnægjandi, svo sem

getur í forsendum þess dóms. Stefnendur hafi ekki látið fara fram nýtt mat, heldur hafi þeir gripið til þess ráðs að rita fyrirspurnir til matsmannanna þriggja og Halldórs H. Jónssonar arkitekts. Svör þessara manna séu ekki fullnægjandi og hafi ekki bætt úr þeim annmörkum, er dómurinn taldi vera á mati þeirra og leiddi til frávísunar. Eins og málið liggi nú fyrir, sé það ekki dómtækt, þar sem engin fullnægjandi matsgerð hafi verið lögð fram í málinu og fyrirspurnir og yfirheyrslur yfir matsmönnunum hafi ekki bætt úr ágöllum matsgerðarinnar. Þessi dómur sé bundinn af frávísunardómi bæjarþingsins frá 26. júní 1972, þar sem málatilbúnaður af hálfu stefnenda sé enn haldinn sömu ágöllum. Beri af þessum sökum einnig að vísa þessu máli frá dómi, sem krafist sé. Vitnaði lögmaður stefnda sérstaklega til 195. gr. og 196. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 1936 þeirri kröfu til stuðnings. Þá var því einnig haldið fram af hálfu stefnda, að málið væri enn af hálfu stefnenda mjög vanreifað, og raunverulega hafi matsmennirnir aldrei lokið því verki, sem þeir hafi hinn 22. nóvember 1969 verið dómkvaddir til þess að vinna.

Að endingu krafðist stefndi málskostnaðar úr hendi stefnenda í þessum þætti málsins.

Lögmaður stefnenda krafðist þess, að frávísunarkröfu stefnda yrði hrundið, þar sem hún væri of seint fram komin. Stefndi hafi frá upphafi mátt sjá, hvernig stefnendur ætluðu sér að sækja þetta mál í síðara sinnið. Allt að einu hafi eigi verið sett fram frávísunarkrafa af hálfu stefnda í greinargerð hans. Þá héldu stefnendur því fram, að þessi dómur væri ekki bundinn af fyrri frávísunardóminum, enda þótt um hliðstæða dómstóla væri að ræða, þar sem nú væri búið að bæta úr öllum þeim göllum, sem kunni að hafa verið á málinu, er dómurinn gekk í því hinn 26. júní 1972. Þá var því einnig haldið fram af hálfu stefnenda, að þessi dómur væri ekki bundinn af forsendum dómsins frá 26. júní 1972, heldur einungis niðurstöðu hans.

Dómur í málinu var kveðinn upp 8. janúar 1974, og var niðurstaða hans svohljóðandi:

„Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 26. júní 1972, í málinu nr. 1238/1969, er var milli sömu aðilja út af sömu kröfu, byggðri á sömu matsgerð og í þessu máli, var því máli vísað frá dómi ex officio. Þessi dómur er bundinn af fyrri frávísunardóminum, ekki einasta dómsorðinu, heldur einnig þeim röksemdum, er frávísunin var byggð á, og koma þær ekki til endurmats í þessum dómi. Það, sem kemur til álita hér, er einungis það, hvort

tekist hafi að bæta úr þeim ágöllum, er fyrri dómurinn taldi hið „sérstaka mat" (mat Braga Þorsteinssonar, Braga Sigurbergssonar og Jóns Ólafssonar) vera haldið og lét varða frávísun. Þeir ágallar hafa áður verið raktir, þegar vitnað var til forsendna fyrri dómsins hér að framan. Þykir ekki ástæða til að endurtaka það hér. Og þar sem rétturinn getur ekki fallist á það með stefnendum, að bætt hafi verið úr þeim ágöllum, er þar greinir, þá er óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá dómi sem res judicata, svo sem stefndi hefur krafist, enda verður ekki á það fallist með stefnendum, að frávísunarkrafan sé of seint fram komin, enda þótt henni hafi ekki verið hreyft í greinargerð stefnda.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnendur in solidum til að gjalda stefnda málskostnað, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði. Þykir þessi málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 30.000.00".

Dóm þennan kærðu stefnendur til Hæstaréttar og þar var kveðinn upp dómur í kærumálinu 18. mars 1974. Var málinu vísað frá Hæstarétti á þeim forsendum, að kærufrestur samkvæmt 22. gr. laga nr. 75/1973 hafi verið liðinn, þegar kæra var afhent héraðsdómi.

III.

Af hálfu stefnda er fyrst að því vikið, að mál þetta sé nú í þriðja sinn þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur. Málatilbúnaður sé nú allur annar af hálfu stefnenda en í öndverðu, er allar kröfur hafi verið reistar á matsgerð, sem þeir hafi látið fram fara. Nú sé hins vegar vitnað til undirmats, sem þá hafi verið fundið allt til foráttu, en undirmati þessu hafi verið hnekkt með yfirmatsgerð. Í báðum hinum fyrri málum hafi stefnendur átt þess kost að byggja kröfur sínar á undirmatsgerðinni, en þeir hafi látið það ógert. Verði að líta svo á, að þeir geti ekki nú höfðað nýtt mál á hendur stefnda á grundvelli málsástæðu, sem þeir hafi vel mátt koma að í hinum fyrri málum, en hafi ekki gert. Er í þessu sambandi vitnað til dóms Hæstaréttar frá 30. maí 1969, sbr. dóm bæjarþings Reykjavíkur 17. apríl 1969.

Stefnendur halda því fram, að margnefndu yfirmati hafi verið hnekkt. Undirmatið, sem að öllu leyti hafi verið löglega staðið að, að því er stefndi viðurkenni, enda til þess efnt að frumkvæði stefnda, haldi því gildi sínu, uns því hafi verið hnekkt með nýju yfirmati, en til þessa hafi stefndi ekkert aðhaft í því efni. Rétt sé, að í hinum fyrri frávísunardóminum hafi hvorugur aðilja lagt undirmatið til grundvallar kröfum sínum. Hafi þar til borið af

hálfu stefnenda, að þeim hafi ekki þótt löglega verið að farið í sambandi við tilkynningar um fyrirtöku matsins, en frá þeim mótmælum sé nú fallið að fullu. Hér skipti engu máli, þótt í sama frávísunardómi sé höggvið að því, að á undirmati megi finna ýmsa vankanta, þar eð dómurinn viðurkenni að hafa ekki tekið það til sérstakrar athugunar og nefni það sem meginástæðu, að hvorugur aðilinn hafi byggt á undirmati. Þá staðhæfa stefnendur, að undirmatið hljóti að vera í fullu gildi, uns því hafi verið hnekkt með kröfu þar um og sérstakri athugun dómstóls. Í raun og veru geti dómstóll ekki hnekkt mati, ef löglega hafi verið að því farið að öllu leyti, þótt dómarar kunni að hafa aðra skoðun en matsmenn á verðmætisskiptum einstakra matsliða, því samkvæmt vátryggingarskilmálum geti yfirmat eitt hnekkt þeim niðurstöðum. Þar eð yfirmatið og síðan sérlegt mat hafi verið talin ógild og ófullnægjandi í frávísunardóminum (sic), eins og fyrr sé rakið, verði að svo stöddu eigi á öðru byggt en undirmatinu, enda hafi stefndi enga tilburði haft í frammi að hnekkja því mati með nýju yfirmati.

IV.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 8. janúar 1974, er m. a. á því byggður, að stefnendur hafi þá ekki bætt úr þeim annmörkum, sem hin svokallaða sérstaka matsgerð, þ. e. matsgerð Braga Þorsteinssonar o. fl., var talin haldin, sbr. dóm bæjarþings Reykjavíkur frá 26. júní 1972.

Í síðarnefnda dóminum segir m. a. svo orðrétt: „Þar sem hvorugur aðilinn byggir á undirmatinu og að því má finna marga þá sömu hluti sem að yfirmatinu, verður ekki talið, að taka þurfi það til sérstakrar athugunar". Samt verður eigi séð, að stefnendur hafi gefið í fyrrnefnda málinu bindandi málflutningsyfirlýsingar um gagnaöflun varðandi nefnda matsgerð.

Hér fyrir dómi var því lýst yfir af hálfu stefnenda við munnlegan málflutning, að stefnendur hefðu eigi fyrr byggt á nefndri undirmatsgerð. Undirmatsgerðin lá fyrir í báðum hinum fyrri málum, án þess að stefnendur byggðu á henni. Reglur um res judicata, að því er frávísunardóma varðar, verður hér að skilja þannig, að þær standi því í vegi, að stefnendur geti nú rekið mál þetta á hendur stefnda á grundvelli sönnunargagns, sem lá fyrir í fyrri málunum og þeir gátu byggt á, en gerðu ekki. Ber því að vísa máli þessu frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.

Björn Þ. Guðmundsson borgardómari kvað upp dóm þennan

ásamt meðdómsmönnunum Stefáni M. Stefánssyni, settum prófessor, og Vilhjálmi Þorlákssyni byggingaverkfræðingi.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.
Málskostnaður dæmist ekki.

Mánudaginn 22. desember 1975.

Nr. 122/1973. **Ásdís M. Sigurðardóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Jósep Valgeirssyni f. h.
Bílaleigunnar Heiði
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Ómerking. Heimvísun. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 21. ágúst 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hún þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hún sýknu af kröfum stefnda og enn til vara lækkunar á kröfum hans. Þá krefst áfrýjandi, að fellt verði úr gildi fjárnám, sem stefndi lét fram fara til tryggingar dæmdum fjárhæðum 10. júlí 1973. Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða fjárnáms. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Keflavíkur 24. janúar 1973. Sótt var þing af hendi beggja málsaðilja og bókað, að

málinu sé með samkomulagi frestað til 7. febrúar s. á. Málið var tekið fyrir þann dag, og var enn sótt þing af hendi beggja aðilja. Er þá bókað, að málinu sé frestað með samkomulagi til 21. febrúar 1973 til ritunar greinargerðar af hendi áfrýjanda. Er málið kom fyrir á bæjarþingi þann dag, var eigi sótt þing af hendi áfrýjanda og málið dómtekið að kröfu stefnda.

Í héraði byggði stefndi kröfur sínar eingöngu á ákvæði 1. mgr. 9 gr. skilmála, er hann taldi hafa gilt um leigu bifreiðarinnar. Ákvæði þetta er þó ekki skráð á það frumrit leigusamningsins, sem lá fyrir héraðsdómi, undirritað af málsaðiljum. Meðal málsgagna var hins vegar ódtfyllt eyðublað samningsafrits, sem á voru prentaðir almennir samningsskilmálar, þ. á m. umrædd 9. gr. Í bréfi lögmanns áfrýjanda, dags. 22. september 1972, sem einnig var meðal þeirra gagna, er lögð voru fyrir héraðsdóm, var því haldið fram, að áfrýjandi hefði tekið bifreiðina á leigu „fulltryggða og með venjulegum kjörum og án allra skuldbindinga af sinni hálfu að því er varðar venjuleg og óhjákvæmileg umferðaróhöpp".

Eins og hér stóð á, var rétt, sbr. niðurlagsákvæði 114. gr. laga nr. 85/1936, að héraðsdómari leitaði nánari skýringa stefnda (stefnanda í héraði) á því, hverjar skyldur hann teldi áfrýjanda hafa tekist á hendur við gerð leigusamningsins, og innti hann sérstaklega eftir því, hvernig gert hafði verið úr garði það samningseintak, sem honum bar að fá áfrýjanda í hendur, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 127/1960. Samkvæmt þessu þykir rétt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með þinghaldi 21. febrúar 1973 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Samkvæmt framangreindu ber að fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 21. febrúar 1973 eru ómerk, og er málinu vísað

heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er felld úr gildi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 5. apríl 1973.

Mál þetta, sem þingfest var 24. janúar og dómtekið 21. febrúar sl., hefur Garðar Garðarsson héraðsdómslögmaður, Tjarnargötu 3, Keflavík, f. h. Jóseps Valgeirssonar, Holtsgötu 21, Ytri-Njarðvík, vegna Bílaleigunnar Heiði, sama stað, höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur með stefnu, birtri 11. janúar sl., gegn Ásdísi M. Sigurðardóttur, Borgarvegi 3, Ytri-Njarðvík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 57.000 auk 1% vaxta á mánuði og fyrir brot úr mánuði frá 14. september 1972 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi lét mæta við þingfestingu málsins og fékk hálfsmánaðarfrest til greinargerðar. Stefndi mætti ekki við fyrirtöku málsins þann 21. febrúar sl., og var málið þá dómtekið að kröfu stefnanda.

Málavextir eru þeir, að stefnda tók bifreið á leigu hjá einkafyrirtæki stefnanda, Bílaleigunni Heiði í Njarðvík, en það fyrirtæki leigir út bifreiðar án ökumanns. Ók stefnda síðan bifreiðinni (G 6597) norður Reykjanesbraut, að eigin sögn á 90—100 km hraða miðað við klukkustund. Þegar komið var upp á hæðina norðan Krýsuvíkurafleggjarans, kvaðst stefnda hafa litið til hliðar, en þá hefði bifreiðin sennilega farið út af steypta veginum og hefði stefnda misst vald á bifreiðinni, svo hún valt og hafnaði utan brautar. Við veltuna varð tjón á bifreiðinni G 6597 að fjárhæð kr. 103.232, en af þeirri fjárhæð greiddi vátryggingarfélag bifreiðarinnar kr. 60.232, en kr. 43.000 varð stefnandi að greiða, og er það hluti af stefnukröfu hans. Einnig gerir stefnandi kröfu um greiðslu á kr. 1.000 á dag vegna rekstrarstöðvunar í 14 daga, eða kr. 14.000, og þá er fengin stefnufjárhæðin, kr. 57.000.

Stefnandi byggir kröfu sína á 9. gr. leiguskilmálanna um bifreiðina, en þar segir:

„Verði tjón á mönnum eða munum vegna ölvunar eða vítaverðs gáleysis leigutaka við akstur bifreiðarinnar, ber leigutaka að greiða allar bætur, sem af slíku tjóni leiðir. Leigutaki ber alla

ábyrgð á greiðslu bóta vegna tjóns, er hann veldur á hinni leigðu bifreið eða öðru, að umsömdum leigutíma liðnum".

Stefnandi telur engan vafa á, að stefnda hafi sýnt af sér vítavert gáleysi með hröðum og ógætilegum akstri og hafi hún sjálf gefið skýrslu um það atriði.

Samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 verður að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Þar sem engir þeir gallar eru á málatilbúnaði stefnanda, er frávísun varða, framlögð gögn eru í samræmi við dómkröfur stefnanda og kröfurnar þykja réttmætar, verða þær teknar til greina.

Málskostnaður tildæmist kr. 9.000.

Jón Eysteinsson kvað upp dóm þennan, en dómsuppkvaðning hefur dregist vegna veikinda dómarans.

Dómsorð:

Stefnda, Ásdís M. Sigurðardóttir, greiði stefnanda, Jósep Valgeirssyni f. h. Bílaleigunnar Heiði, kr. 57.000 með 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 14. september 1972 til greiðsludags og kr. 9.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 10. júlí 1973.

Ár 1973, þriðjudaginn 10. júlí, er fógetadómur Gullbringu- og Kjósarsýslu settur að Borgarvegi 3, Ytri-Njarðvík, og haldinn með undirrituðum vottum af Ólafi Jónssyni.

Fyrir er tekið fógetamálið: Bílaleigan Heiði gegn Ásdísi M. Sigurðardóttur.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 endurrit dóms.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Leo Löve og krefst fjárnáms fyrir kr. 57.000 með 1% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 14. september 1972 til greiðsludags, kr. 330 í kostnað af endurriti og birtingu dóms, kr. 9.000 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er sjálf viðstödd.

Mætta kveðst aðspurð ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mættu um sannsögli og skorar á hana að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu

lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, sjónvarpstæki, tegund Sony, sambyggðu útvarpstæki og magnara, tegund Bella Music, ásamt hátölurum og borðstofusetti (2 sófum og stól með gráu áklæði ásamt sófaborði).

Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mættu, sem er ólöglærð, og brýnir m. a. fyrir henni, að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Þriðjudaginn 23. desember 1975.

Nr. 146/1974. **Kaupfélag Patreksfjarðar og Samvinnutryggingar g/t**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
D og gagnsök
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1974. Þeir krefjast sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem varð fjárráða eftir uppsögu héraðsdóms og fer sjálfur með mál sitt fyrir Hæstarétti, hefur áfrýjað málinu með stefnu 23. desember 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum óskipt 220.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 13. mars 1961 til 16. maí 1973, en 9%

ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur verði aðaláfrýjandi Kaupfélag Patreksfjarðar einn dæmdur til að greiða honum 6.780.000 krónur, eða til vara aðra lægri fjárhæð, með vöxtum eins og að framan greinir. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi beggja aðaláfrýjenda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál fyrir Hæstarétti, en hann fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 17. desember 1974.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

I.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta úrlausn hans um, að aðaláfrýjandi Kaupfélag Patreksfjarðar beri skaðabótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda samkvæmt hinni hlutlægu bótareglu í 1. mgr. 67. gr., sbr. 69. gr., umferðarlaga nr. 26/1958, nú umferðarlaga nr. 40/1968. Þá ber og að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að aðaláfrýjandi Samvinnutryggingar g/t sé greiðsluskyldur gagnvart gagnáfrýjanda, sbr. 2. málsgr. 74. gr. nefndra laga.

Samkvæmt því, sem greinir í lögregluskýrslu um slysið og stuðning hefur í öðrum gögnum máls, þykir mega við það miða, að gagnáfrýjandi hafi hlaupið undan leikfélaga sínum upp bakkann og út á götuna. Hafi hann þá tekið eftir bifreiðinni B 193, en ekki tekist að stöðva sig og runnið á hálku inn undir bifreiðina milli framhjóla og afturhjóla hennar. Þegar gætt er þessara atvika, aðstæðna á slysstað og ungs aldurs gagnáfrýjanda, þykir eigi rétt að lækka bætur til hans samkvæmt ákvæði 3. mgr. 67. gr. laga nr. 26/1958, sbr. nú lög nr. 40/1968.

II.

Gagnáfrýjandi slasaðist hinn 13. mars 1961. Meiðslum hans og sjúkrasögu er lýst í vottorðum Sigursteins Guðmundssonar héraðslæknis, dags. 16. mars 1961, vottorðum dr. Friðriks Einarssonar yfirlæknis, dags. 8. nóvember 1961, 27. febrúar 1969, 30. apríl 1970, 16. apríl 1973 og 21. nóvember 1975, vottorði Kristbjarnar Tryggvasonar yfirlæknis, dags. 22. maí 1963, vottorði D. Innes Williams læknis, dags. 7. febrúar

1963, og í vottorði Ólafs Arnar Arnarsonar læknis, dags. 3. apríl 1974. Eru vottorð þessi tekin upp í örorkumati, en eigi eru þau lögð fram sjálfstætt í málinu. Faðir gagnáfrýjanda hefur og ritað rækilega skýrslu um sjúkraferil gagnáfrýjanda, og hefur hún verið lögð fyrir Hæstarétt.

Meiðsli gagnáfrýjanda reyndust þessi samkvæmt ofangreindum læknisfræðilegum gögnum:

1. Brot á h. fótlegg.
2. Brot á mjaðmargrind.
3. Rifa á þvagrás.

Gagnáfrýjandi lá á sjúkrahúsum hér á landi 13. mars til 1. maí 1961, 14. júní til 5. júlí og 16. ágúst til 19. nóvember s. á. Þá gekkst hann undir aðgerðir vegna þvagrásarmeiðsla í bresku sjúkrahúsi þrívegis á árabilinu 1961—1963, og virðist hafa dvalist í því sjúkrahúsi samtals um 12 vikur. Hann hefur síðar sætt alloft læknisaðgerðum vegna þeirra, síðast 20. nóvember 1975.

Læknisvottorð benda til, að eigi hafi hlotist varanleg mein af fótbroti gagnáfrýjanda né mjaðmargrindarbroti hans. Voru gipsumbúðir teknar af fæti eftir 6 vikur. Í vottorði dr. Friðriks Einarssonar 8. nóvember 1961 segir, að brot á mjaðmargrind hafi „gróið vel og engin missmíði þar að sjá". Læknisvottorð sýna hins vegar, að gagnáfrýjandi átti lengi í meiðslum þeim á þvagrás, er hlutust af slysinu. Í vottorði D. Innes Williams læknis, dags. 7. febrúar 1963, segir svo í íslenskri þýðingu:

„Þessum dreng er vísað til mín í nóvember 1961. Hafði hann mjaðmargrindarbrotnað í marsmánuði 1961 og þvagrásin slitnað ofan til. Aðgerð á þvagrásinni hafði verið gerð á Íslandi, en enn voru mikil þrengsli, sem ollu þvagteppu og eistnalippubólgu. Hinn 8. desember var gerð fyrsta stigs aðgerð vegna þrengslanna í þvagrásinni, þrengslin víkkuð og húðflipi af koðranum færður upp að þeim. Tók þetta nokkurn tíma að gróa, og þegar drengurinn kom aftur í maí 1962, kom í ljós, að hann var ennþá með þrengsli á litlu svæði við efri enda á áðurnefndum aðgerðarstað, og enn á ný hafði hann fengið eistnalippubólgu. Fyrsta stigs aðgerðin var því endur-

tekin. Drengurinn kom aftur í Great Ormond Street í janúar 1963 til annars stigs aðgerðar, og í þetta skipti reyndist ekki vera um nein þrengsli að ræða. Þvagrásinni hefur verið lokað og þvaglát eru nú eðlileg.

Þessi drengur hefur orðið fyrir alvarlegum áverka á þvagrásinni og hringvöðvum hennar. Hann mun eiga erfitt með að halda þvaginu, en þetta ætti þó að lagast á nokkrum árum. Hann mun þurfa að fara í rannsókn öðru hverju til þess að ganga úr skugga um, að þrengslin myndist ekki á ný. Sem stendur virðast þessi þrengsli vel gróin, en þó kann það að valda frekari óþægindum. Hann hefur haft svæsna eistnalippubólgu nokkrum sinnum, og það er möguleiki, að frjósemi hans hafi beðið hnekki. Einnig er veruleg hætta, jafnvel möguleiki á, að mjaðmargrindarbrotið hafi truflað eðlilega þrútnun getnaðarlimsins (penile erection), þannig að samfarir verði útilokaðar".

Í vottorði dr. Friðriks Einarssonar frá 27. febrúar 1969 segir m. a., að gagnáfrýjandi telji líðan sína nú góða og þvaglát séu alveg í lagi. Hann hafi „um allmörg ár átt vanda til að missa þvag, sérstaklega við áreynslu ...", en þessa hafi ekki gætt sl. 2 ár. Er sérstaklega bent á, að gagnáfrýjandi hafi eigi haft kynferðismök „og ómögulegt er að segja enn, hvort geta hans til þess hafi spillst eða kannski alveg eyðilagst við slysið". Þá þurfi að víkka þvagrás gagnáfrýjanda a. m. k. árlega um nokkur eða jafnvel mörg ár. Þörf á víkkun á þvagrás er áréttuð í vottorðum sama læknis 30. apríl 1970, 16. apríl 1973 og 21. nóvember 1975. Í síðasta vottorðinu segir, að læknisfetirlit á þvagrás sé nauðsynlegt „á eins til tveggja ára fresti, jafn vel þó engin einkenni frá þvagfærum komi fram". Sé eigi hægt að segja um það, hve mörg ár þurfi að fylgjast með gagnáfrýjanda vegna þessa, „en þau geta verið mörg".

Í vottorði dr. Friðriks Einarssonar frá 16. apríl 1973 segir m. a. svo um heilsuhagi gagnáfrýjanda: „Hann kvartar ekki yfir neinu, sem rekja mætti til afleiðinga slyssins, sem hann varð fyrir um árið. Þvaglát eru að sögn í lagi, og einnig segist hann hafa haft kynferðismök og með góðum árangri, en telur

þó, að nokkurs kyndofa gæti hjá sér við og við. ... Ytri kynfæri virðast eðlileg og einnig blöðruhálskyrtill". Síðar í vottorðinu segir svo: „Þótt sjúkl. hafi haft kynferðismök og að því er talið er með góðum árangri, þá er þó ekki hægt að segja nema með frekari rannsókn, hvort allt er í lagi með hans sæði t. d.".

Rannsókn var gerð á sæði gagnáfrýjanda, og segir um hana í vottorði Ólafs Arnar Arnarsonar læknis, dags. 3. apríl 1974. Þykir rétt að taka það upp í heilu lagi, svofellt:

„Ofangreindur sjúklingur leitaði til mín þann 27. febrúar 1974 vegna spurningar um frjósemi. Þegar hann var 6 ára gamall, mun hann hafa orðið fyrir bíl og hlotið allmikil meiðsli, m. a. mun þvagrásin hafa farið í sundur. Sjúklingur var þá skorinn upp bæði hér á landi og síðar í Englandi. Það gengur sæmilega með þvaglát síðan. Hins vegar hefur hann átt í dálitlum erfiðleikum með samfarir, en það hefur þó gengið með sæmilegum árangri. Það var gerð hjá honum semen analysa, og kom í ljós, að hann er með algera aspermiu, þ. e. a. s. það eru engar sæðisfrumur, sem koma fram.

Það verður þannig að álíta, að sjúklingur sé algjörlega ófrjór, og má með talsverðri vissu rekja það til slyssins, sem hann varð fyrir 6 ára gamall".

Í örorkumati Jónasar læknis Hallgrímssonar frá 8. apríl 1974 eru læknisvottorð ítarlega rakin. Kveður læknirinn gagnáfrýjanda hafa í viðtali við sig talið sig þreytast í hægra fæti stöku sinnum, en að öðru leyti hafi hann eigi haft nein óþægindi af fótbroti. Hann kvaðst þá ekki hafa sársauka við þvaglát. Síðan segir: „Hann taldi sig ekki fá nægilega erektion til samfara".

Örorkumatinu lýkur með eftirfarandi kafla:

„Niðurstaða:

Af ofanskráðum vottorðum er ljóst, að D hefur hlotið bæði tímabundna og varanlega örorku af slysinu. Samkvæmt vottorðum dr. Friðriks Einarssonar mun D þurfa áfram að vera í eftirliti vegna útvíkkunar á þvagrás, sem hætta er á, að geti annars þrengst og haft slæmar afleiðingar í för með sér. Einnig hefur komið í ljós, að D er ófrjór, og án efa verður

hann það það, sem eftir er ævinnar. Hann hefur einnig minnkaða erection og þar með hæfni hans til samfara verulega skert. Örorka D miðast við það þrennt, sem hér hefur verið talið, og telst hún sem hér segir:

Frá slysinu í 2 ár 100%
Síðan varanleg örorka ..... 35%“

III.

Gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta í héraði, áður en varanleg örorka hans hafði verið metin. Hann sundurliðaði ekki fjárhæð dómkröfu sinnar fyrir héraðsdómi, en skýrir hana svo fyrir Hæstarétti:

1. Örorkutjón	kr.	2.148.333
2. Miski	—	4.998.476
3. Kostnaður vegna ferða til Bretlands til lækninga	—	161.850
	Alls kr.	7.308.659

Frá dregst:

1. Bætur frá aðaláfrýjanda Samvinnutryggingum g/t	kr.	280.000	
2. Greiðslur frá Sjúkrasamlagi Kópavogs	—	28.659	kr. 308.659
		Alls kr.	7.000.000

Gagnáfrýjandi hefur fengið Guðjón Hansen tryggingastærðfræðing til að reikna örorkutjón sitt að nýju og lagt þann útreikning fyrir Hæstarétt. Er útreikningurinn dags. 9. október 1975. Við útreikninginn er byggt á sömu forsendum og í fyrri útreikningum, en tekið tillit til breytinga á kaupgjaldi, sem orðið hafa síðan í júní 1974, nýrra upplýsinga um meðaltekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík á árunum 1973—1974, auk þess sem miðað er við endurskoðaðar fyrri tölur um meðaltekjur verkamanna árið 1972. Í útreikningn-

um er miðað við 7% ársvexti frá slysdegi til 16. maí 1973, en 9% ársvexti eftir þann tíma. Samkvæmt hinum nýja útreikningi nemur verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi 2.148.333 krónum, en lækkar um sem næst 24.5%, ef reiknað er með 13% ársvöxtum eftir 15. júlí 1975.

Í hinum nýja útreikningi er tap lífeyrisréttinda einnig reiknað til fjár að nýju með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa. Er þar og miðað við 7% og 9% ársvexti, eins og að ofan greinir. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda er talið nema 76.573 krónum, en mundi lækka um 24.8%, ef reiknað er með 13% ársvöxtum frá 13. júlí 1974.

Þáttur í kröfugerð gagnáfrýjanda, sem lýtur að ferðakostnaði, er vegna ferða föður hans með hann til Bretlands á árunum 1961—1963 til að leita honum lækninga vegna afleiðinga slyssins. Sætir sá kostnaður ekki andmælum.

Aðaláfrýjandi Samvinnutryggingar g/t hefur fengið Þóri Bergsson tryggingastærðfræðing til að reikna út, til hverra fjárhæða svari nú þær greiðslur, sem hann hefur þegar innt af hendi til gagnáfrýjanda vegna slyssins, ef þær eru umreiknaðar eftir breytingum, sem orðið hafa á næstlægsta kauptaxta Dagsbrúnar, síðan þær voru goldnar. Útreikningurinn er dags. 19. október 1975, og er niðurstaða hans þessi:

„Greiðsla	19. 1. 1961	kr. 5.000	svarar nú til	kr.	59.214
—	18. 11. 1961	— 50.000	—	—	538.329
—	2. 5. 1962	— 50.000	—	—	538.329
—	21. 1. 1963	— 50.000	—	—	490.152
—	9. 1. 1965	— 50.000	—	—	364.007
—	8. 11. 1965	— 50.000	—	—	315.623
—	21. 12. 1970	— 25.000	—	—	85.763
Greiðslurnar alls		kr. 280.000	svara nú til	kr.	2.391.417“

IV.

Eins og sérstaklega stendur á í máli þessu, verða gagnáfrýjanda ákveðnar bætur í einu lagi fyrir fjártjón og annað tjón, svo sem héraðsdómari hefur gert. Þegar þess er gætt,

hverjar eru hinar varanlegu afleiðingar slyssins, sem við er miðað í örorkumati, líklegra áhrifa þeirra á vinnutekjur gagnáfrýjanda í framtíð, þjáninga hans eftir slysið og annars ófjárhagslegs tjóns, þykir óbætt tjón hans hæfilega metið 1.800.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til greiðslna, sem hann hefur fengið frá Sjúkrasamlagi Kópavogs og frá aðaláfrýjanda Samvinnutryggingum g/t, og haft í huga, hvenær þær greiðslur voru inntar af hendi. Er þess þá jafnframt gætt, að af 280.000 krónum, sem aðaláfrýjandi Samvinnutrygginga g/t hefur greitt, virðast 150.000 krónur, er greiddar voru á árunum 1961—1963, hafa gengið til greiðslu kostnaðar við að leita gagnáfrýjanda lækninga erlendis. Af hinni dæmdu fjárhæð eiga aðaláfrýjendur að greiða óskipt 220.000 krónur, en eftirstöðvarnar, 1.580.000 krónur, á aðaláfrýjandi Kaupfélag Patreksfjarðar að greiða einn.

Aðaláfrýjendur hafa eigi vefengt ákvörðun héraðsdóms um vexti, og verður hún staðfest.

Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði, og er hann ákveðinn 200.000 krónur. Enn fremur greiði þeir málskostnað fyrir Hæstarétti, 265.000 krónur, og renni hann í ríkissjóð. Með tilvísun til 92. gr. laga nr. 20/1954, sbr. 2. mgr. 74. gr. laga nr. 26/1958, þykja eigi efni til skiptingar málskostnaðar milli aðaláfrýjenda samkvæmt niðurlagi 3. mgr. 181. gr. laga nr. 85/1936.

Gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, 250.000 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Kaupfélag Patreksfjarðar og Samvinnutryggingar g/t, greiði gagnáfrýjanda, D, óskipt 220.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 10. mars 1967 til 16. maí 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi Kaupfélag Patreksfjarðar greiði gagnáfrýjanda 1.580.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 10.

mars 1967 til 16. maí 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði, 200.000 krónur. Enn fremur greiði þeir gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 265.000 krónur, og renni hann í ríkissjóð.

Gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, 250.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júlí 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 28. f. m., hefur E, ..., Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu f. h. ófjárráða sonar síns, D, með stefnu, birtri 12. mars 1973, gegn Kaupfélagi Patreksfjarðar, Patreksfirði, og Samvinnutryggingum g/t, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda við munnlegan málflutning voru þessar: Að stefndi Kaupfélag Patreksfjarðar yrði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 7.000.000 með 7% ársvöxtum frá 13. mars 1961 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefnanda á hendur stefnda Samvinnutryggingum g/t voru við munnlegan málflutning þær, að þessi stefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 220.000 með 7% ársvöxtum frá 13. mars 1961 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Varakrafa stefnanda við munnlegan málflutning var sú, að honum yrði dæmd önnur lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt vöxtum og málskostnaði.

Krafa stefnanda gegn Samvinnutryggingum g/t takmarkast við fjárhæð ábyrgðartryggingar Kaupfélags Patreksfjarðar hjá félaginu eftir ákvæðum umferðarlaga, sem var kr. 500.000.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og honum gert að greiða þeim málskostnað að mati dómsins.

Reynt hefur verið að koma sáttum á í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 13. mars 1961, um klukkan 1205, varð sonur stefnanda, D, fæddur 27. október 1954, fyrir bifreiðinni B 193 á Aðalstræti á Patreksfirði. Hljóp D frá hlið á vinstri hlið bifreiðarinnar aftanverða, um leið og bifreiðinni var ekið fram hjá. Hlaut hann mikil meiðsli, sem auk smærri áverka voru þessi:

Brot á hægri fótlegg, brot á mjaðmargrind og þvagrásarrifa. Honum var veitt bráðabirgðalæknishjálp á sjúkrahúsi Patreksfjarðar og sendur með flugvél á Landspítalann í Reykjavík að morgni hins 14. mars 1961.

Fyrir liggur skýrsla um slysið, undirrituð samdægurs af Ara Kristinssyni sýslumanni. Varð slysið við hús sýslumanns, og kom hann fljótlega á vettvang. Í skýrslu þessari segir, að bifreiðin B 193 hafi verið á leið niður Aðalstræti (hér er um að ræða olíubifreið Esso, eign Kaupfélags Patreksfjarðar, en bifreiðin var tryggð hjá stefnda Samvinnutryggingum g/t). Bifreið þessi var með olíugeymi og í honum um 1200 lítrar af olíu.

Vörubifreiðinni B 335 var um þetta leyti ekið upp Aðalstræti og var framundan húsi nr. 55, þegar umrætt slys varð. Tekið er fram í skýrslunni, að bakki sé við götuna. Honum er ekki lýst frekar, en þess getið, að bakkinn sé nokkuð hár með þverstígum og bílabrautum barna. Börn eru sögð þar oft að leik. Samkvæmt ljósmyndum, sem lagðar hafa verið fram af vettvangi, sést, að á þessum kafla er gatan með hlöðnum steinkanti. Svæðið fyrir neðan götuna, þar sem börnin voru að leik, er talsvert lægra en yfirborð götunnar, og svæði þetta hallast frá götunni. Nokkrir drengir voru að leik fyrir neðan götuna í umrætt sinn. Einn þeirra var að elta D. Hljóp D upp á bakkann, og mun hann hafa ætlað heim. Var bifreiðinni B 193 ekið þarna fram hjá í sama mund og D kom upp á götuna. Tekið er fram, að D hafi ekki séð bifreiðina fyrr en of seint. Hafi hann ætlað að stöðva sig, er hann hafi séð til ferða bifreiðarinnar, en þá runnið til á snjónum (krapa) á götunni með þeim afleiðingum, að fætur hans hafi lent undir vinstra afturhjóli bifreiðarinnar og bifreiðin farið yfir báða fætur drengsins upp að nára.

Tveir 9 ára drengir, er þarna voru nærstaddir, báru það samkvæmt skýrslu sýslumanns, að bifreiðinni B 193 hafi verið ekið mjög hægt. Haft er eftir bílstjóranum, að hann hafi ekið á um það bil 15—20 km hraða. Hafi hann séð drengina á bakkanum,

en eigi séð merki þess, að þeir mundu hlaupa upp á götuna. Kveðst hann ekki hafa vitað, að D var kominn upp á götu, fyrr en hann fann, að hjólið fór yfir fætur drengsins. Kveðst bifreiðarstjórinn hafa verið við götubrún vegna bifreiðarinnar B 335, er kom á móti. Hafi hann hemlað þegar, er bifreiðin hafi farið yfir drenginn, og bifreiðin þá samstundis stöðvast.

Bifreiðarstjóri B 193, Kristinn S. Jósepsson, var yfirheyrður í sakadómi Barðastrandarsýslu á öðrum degi eftir slysið. Skýrði hann svo frá, að hann hafi verið að koma frá kaupfélaginu um 100 m frá slysstað. Hafi hann tekið bifreiðina af stað í öðrum gír og skipt í þriðja gír eftir að hafa ekið stutta vegarlengd. Færðin hafi verið nokkuð þung vegna krapa. Bifreiðin hafi verið með tvöföld afturhjól og tvöfalda snjókeðju á báðum afturhjólum. Hann kveðst hafa séð drengina að leik í bakkanum og haft auga með þeim „aftur fyrir hliðarglugga". Engin merki hafi verið sjáanleg um það, að drengirnir hefðu í hyggju að hlaupa upp á götuna. Vegna bifreiðarinnar B 335 kveðst Kristinn hafa þurft að aka nokkuð út á vinstri vegarbrún. Hann hafi svo eigi vitað fyrr en hann fann, að vinstra afturhjólið fór yfir eitthvað. Kristinn kvaðst hafa fært bifreið sína lítillega af slysstaðnum, til þess að bifreið sú kæmist leiðar sinnar, er sækja átti lækni. Kristinn ítrekar, að hann hafi ekið gætilega fram hjá drengjunum.

Þorsteinn Guðbergsson, 22 ára gamall, farþegi í bifreiðinni B 335, skýrði svo frá fyrir sakadómi 16. mars 1961, að bifreiðin B 335 hafi verið á móts við húsið Aðalstræti 55, þegar bifreiðin B 193 hafi komið á móti og verið ekið löturhægt. B 335 hafi einnig verið ekið hægt, þar eð í vændum var að mæta B 193. Vitnið kveðst hafa séð nokkra drengi að leik í bakkanum fyrir neðan götuna, en ekki séð þess nein merki, að þeir væru að koma upp á götuna. Þegar B 193 var komin á móts við drengina, hafi einn þeirra, D, tekið sig út úr hópnum og hlaupið upp á götuna. Hafi drengurinn hlaupið skáhallt upp bakkann í átt að bifreiðinni, er vitnið var í. Um leið og drengurinn kom upp á veginn, hafi hann lent á B 193 fyrir aftan hurð, en bifreiðinni hafi verið ekið fram hjá í sömu svifum og drengurinn kom upp á götuna. Um leið og drengurinn lenti á bifreiðinni, hafi hann fallið í götuna. Bifreiðin hafi stöðvast, um leið og hún hafi farið yfir fætur drengsins.

Vitnið Ólafur B. Þórarinsson, ökumaður B 335, kveðst hafa verið staddur með bifreið sína framan við húsið nr. 55 við Aðalstræti um klukkan 1205 framangreindan dag. Bifreiðin B 193 hafi

verið að koma á móti og báðir bifreiðarstjórarnir verið að búa sig undir að mætast. Kveðst hann hafa verið með bifreið sína svo til stöðvaða og verið að víkja fyrir B 193. Hann kveðst hafa verið búinn að sjá barnahóp í bakkanum fyrir neðan veginn rétt við vegarbrúnina. Bifreiðinni B 193 hafi verið ekið mjög hægt fram hjá börnunum. Hafi bifreiðin verið „við hlið" barnanna, er eitt þeirra tók sig út úr hópnum og hljóp þvert inn á veginn og lenti á milli hjóla bifreiðarinnar. Vitnið taldi, að drengurinn hafi skynjað hættuna, í því er hann kom inn á götuna, en þá ætlað að snúa við, en fallið í götuna. Nokkurt krap hafi verið og hálka. Vitnið sagði, að ökumaður B 193 hafi verið kominn með bifreið sína svo langt fram hjá barnahópnum, að hann muni ekki hafa séð til barnanna um hliðarrúðu. Vitninu virtist börnin vita, að bifreið var að fara fram hjá, en allt í einu hafi umræddur drengur tekið sig út úr hópnum og hlaupið inn á veginn. Vitninu virtist, að bifreiðinni B 193 væri sveigt aðeins frá barnahópnum, er henni var ekið þarna fram hjá. Vitnið sagði, að B 193 hafi verið ekið mjög gætilega í umrætt sinn.

Stefnandi telur, að stefndu beri óskipta fébótaábyrgð á tjóni D samkvæmt 67. og 69. gr., sbr. 74. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og svo almennum skaðabótareglum. Stefndu hafi hins vegar ekki viljað viðurkenna óskerta ábyrgð sína og því sé óhjákvæmilegt að höfða mál þetta. Stefnandi telur, að D verði ekki metin sök í máli þessu, heldur hljóti hin hlutlæga ábyrgðarregla 67. gr. nefndra umferðarlaga að leggja óskerta bótaábyrgð á Kaupfélag Patreksfjarðar, þar sem D hafi aðeins verið rúmlega 6 ára gamall, þegar slysið vildi til.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að eftir atvikum öllum þá sé ljóst, að D hafi hegðað sér mjög ógætilega, enda þótt fullt tillit sé tekið til hins unga aldurs hans. Hér sé það ljóst, að D hafi elt bifreiðina uppi með þeim hörmulegu afleiðingum að verða fyrir vinstra afturhjóli hennar. Áður en slysið varð, hafi hann ekki aðeins verið staddur utan vegarins, heldur og talsvert neðan við veginn. Bifreiðin B 193 hafi því blasað við drengjunum, sem voru við leik utan vegarins. Ekki sé unnt að sakast um slysið við ökumann bifreiðarinnar B 193. Það sé leitt í ljós, að hann hafi ekið mjög hægt og af fyllstu varúð og að öðru leyti verið kominn fram hjá barnahópnum neðan akbrautarinnar, þegar D hafi tekið sig út úr hópnum á þann hátt, sem greint er frá fyrr í dóminum. Þess vegna hafi engin von verið, að bifreiðarstjóri í aðstöðu ökumanns B 193 gæti átt von á svo óvæntum atburði, hvað þá að

hann gæti varast hann. Hér reyni sem sé alfarið á hina hlutlægu ábyrgð, en á móti henni vegi stórkostleg eigin sök tjónþolans. Stefndu telja, að mjög komi til álita, að D eigi að bera allt tjón sitt sjálfur, sbr. 3. mgr. 67. gr. umferðarlaganna. En meðal annars með tilliti til þess, að Samvinnutryggingar g/t hafi greitt upp í tjón D, sé ekki krafist fullrar sýknu af fébótaábyrgðinni. Hins vegar telja stefndu, að sá hluti tjóns D, sem hugsanlega gæti talist bótaskyldur, sé þegar fullbættur. Hin mjög takmarkaða bótaábyrgð, sem hér geti reynt á, og það bótafé, sem þegar hafi verið greitt, liggi til grundvallar sýknukröfunni.

Niðurstaða dómsins.

Samkvæmt 67. gr., 1. mgr., umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958 ber stefndi Kaupfélag Patreksfjarðar sem eigandi bifreiðarinnar B 193 hlutlæga fébótaábyrgð á slysi þessu gagnvart D. Í 3. mgr. sömu greinar segir, að lækka megi fébætur og jafnvel láta þær alveg falla niður, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, er meðvaldur þess eða meðábyrgur. Samkvæmt þessu ákvæði þykir rétt að lækka nokkuð fébætur til D. Þegar hafður er í huga hinn ungi aldur hans svo og aðstæður á slysstað, sem benda til þess, að D hafi ekki séð bifreiðina vegna hæðarmismunar á þeim stað, þar sem hann var að leika sér, og yfirborði vegarins, fyrr en í óefni var komið, þá þykir rétt að lækka fébætur til hans þannig, að hann beri ¼ hluta tjóns síns sjálfur, en fái tjónið bætt að ¾ hlutum úr hendi stefnda Kaupfélags Patreksfjarðar, en stefndi Samvinnutryggingar greiði honum kr. 220.000 af tildæmdum bótum, enda var ábyrgðartrygging félagsins takmörkuð við kr. 500.000, er slysið vildi til, og Samvinnutryggingar hafa þegar greitt kr. 280.000 í bætur til stefnanda.

Svo sem fyrr er getið í dóminum, meiddist D mjög alvarlega í slysinu. M. a. fór þvagrás hans í sundur, og þurfti hann að ganga undir marga uppskurði vegna þessa, þar sem þvagrásin vildi þrengjast.

Jónas Hallgrímsson læknir hefur metið örorku D vegna slyssins. Örorkumat læknisins er dags. 8. apríl 1974 og er mjög ítarlegt. Ekki er ástæða til þess að taka vottorð þetta upp nákvæmlega í dóminum, en í niðurstöðu þess segir m. a. svo:

„Af ofanskráðum vottorðum er ljóst, að D hefur hlotið bæði tímabundna og varanlega örorku af slysinu. Samkvæmt vottorðum dr. Friðriks Einarssonar mun D þurfa áfram að vera í eftirliti vegna útvíkkunar á þvagrás, sem hætta er á, að geti annars þrengst og haft slæmar afleiðingar í för með sér ...“. Og í niður-

lagi örorkumatsins kemst læknirinn að þeirri niðurstöðu, að örorka D sé eftirfarandi:

„Frá slysinu í 2 ár 100%
Síðan varanleg örorka ..... 35%“

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað út örorkutjón D. Eru útreikningar tryggingafræðingsins gerðir 22. júní 1974. Þeir eru byggðir á úrtaksrannsókn Framkvæmdastofnunar ríkisins á vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík samkvæmt skattframtölum og tekjurnar umreiknaðar með tilliti til kaupbreytinga. Tryggingafræðingurinn byggir á því, að D byrji að fá tekjur á 14. ári, 5% af meðalkaupi kvæntra verkamanna. Síðan hækki kaupið hlutfallslega ár frá ári og þegar D sé orðinn 21 árs hafi hann náð fullu kaupi. Síðan reiknar hann út árlegt tap vinnutekna í samræmi við framangreint örorkumat, og reiknast verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

a. Reiknað með 7% ársvöxtum ..... kr. 1.908.571
b. Reiknað með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum eftir það ..... — 1.565.427

Þá hefur tryggingafræðingurinn reiknað sérstaklega út tap lífeyrisréttinda. Sé reiknað með 7% ársvöxtum, nemur tap kr. 67.942, en ef reiknað er með 9% ársvöxtum frá 16. maí 1973, nemur tapið kr. 55.588.

Stefnandi gerir ekki sérstaka fjárkröfu vegna atvinnutjóns, heldur hefur hann krafist bóta í einu lagi bæði vegna atvinnutjóns og ófjárhagslegs tjóns. Bendir stefnandi sérstaklega á það, að miskabætur í þessu máli hljóti að verða afar háar vegna þess, hversu miski í málinu sé mikill. Stefnandi hafi þurft að undirgangast margar læknisaðgerðir vegna meiðsla sinna og hann hafi þurft að dveljast langdvölum á sjúkrahúsum. Auk þess hafi hann hlotið annars konar sársauka og ávallt geti þvagfærasjúkdómur hans tekið sig upp síðar á ævinni.

Stefndu mótmæla fjárkröfu stefnanda sem allt of hárri. Benda þeir sérstaklega á það, að örorkumat stefnanda og þar af leiðandi útreikningur á örorkutjóni hans sé ekki raunhæfur, þar sem ljóst megi vera, að þótt stefnandi sé metinn 35% öryrki, séu möguleikar hans til að afla sér tekna ekki skertir sem því nemi. Hins

vegar sé ljóst, að ef um eitthvert tjón sé að ræða, þá sé það fyrst og fremst miski, en ekki atvinnutjón.

Rétturinn fellst á það með stefnanda, að eðlilegt sé, eins og mál þetta er vaxið, að dæma stefnanda bætur í einu lagi bæði fyrir fjártjón og miska. Þá getur rétturinn einnig fallist á það með stefndu, að ekki beri að leggja örorkumat og örorkutjónsútreikning alfarið til grundvallar við ákvörðun þessara bóta, en hins vegar ber að hafa nokkra hliðsjón af þessum gögnum. Hitt er ljóst samkvæmt örorkumatinu, að tjón stefnanda er fyrst og fremst ófjárhagslegt tjón, þ. e. miski, sársauki og skertir möguleikar til að njóta lífsins eins og aðrir heilbrigðir menn. Þegar þetta er haft í huga, þykir tjón stefnanda, D, af völdum framangreinds slyss hæfilega metið í einu lagi kr. 3.000.000. Frá þeirri fjárhæð ber að draga kr. 280.000, sem lögmenn aðilja voru sammála um við munnlegan flutning málsins, að Samvinnutryggingar g/t væru þegar búnar að greiða upp í tjón stefnanda. Eftir standa þá kr. 2.720.000. Af þeirri fjárhæð á stefnandi sjálfur að bera ¼ hluta, þ. e. kr. 680.000. Eftir standa þá kr. 2.040.000. Af þeirri fjárhæð eiga stefndu, Kaupfélag Patreksfjarðar og Samvinnutryggingar g/t, að greiða stefnanda kr. 220.000 auk 7% ársvaxta frá 10. mars 1967 til 16. maí 1973 og 9% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags, enda eru eigi eldri vextir en frá 10. mars 1967 fyrndir.

Stefndi Kaupfélag Patreksfjarðar greiði einn stefnanda kr. 1.820.000 með 7% ársvöxtum frá 10. mars 1967 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verða stefndu dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað. Málskostnaður stefnanda ákveðst kr. 247.000, en af þeirri fjárhæð nemur útlagður kostnaður kr. 24.430. Málskostnað þennan skulu stefndu greiða þannig, sbr. 3. mgr. 181. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði, Kaupfélag Patreksfjarðar kr. 172.000, en Samvinnutryggingar g/t kr. 75.000.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Kaupfélag Patreksfjarðar og Samvinnutryggingar g/t, greiði stefnanda, E f. h. ófjárráða sonar síns, D, kr. 220.000 með 7% ársvöxtum frá 10. mars 1967 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi Kaupfélag Patreksfjarðar greiði stefnanda kr.

1.820.000 með 7% ársvöxtum frá 10. mars 1967 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi Kaupfélag Patreksfjarðar greiði stefnanda kr. 172.000 í málskostnað, en stefndi Samvinnutryggingar g/t greiði stefnanda kr. 75.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.